B

Umræður

um

samþykkt lagafrumvörp

REYKJAVÍK
ÍSAFOLDARPRENTSMIÐJA
1968

Alþingi 1965

Þingsetning.

A.

Í sameinuðu þingi.

Árið 1965, föstudaginn 8. október, var átttugasta og sjötta löggefandi Alþingi sett í Reykjavík. Er það sextugasta og áttunda aðalþing í röðinni, en hundraðasta og fyrsta samkoma frá því, er Alþingi var endurreist.

Þingmenn söfnuðust saman í alþingishúsinu kl. 1.15 miðdegis og gengu þaðan til guðsþjónustu í dómkirkjunni, er hófst kl. 1.30 miðdegis. Séra Arngrímur Jónsson steig í stólinn og lagði út af Jesaja 55. kap. 6.

Að lokinni guðsþjónustu gengu þingmenn aftur til alþingishússins, fundarsals neðri deildar.

Þessir menn skipuðu þingið:

1. Alfreð Gíslason, 9. þm. Reykv.
2. Auður Auðuns, 2. þm. Reykv.
3. Axel Jónsson, 3. þm. Reykn.
4. Ágúst Þorvaldsson, 2. þm. Sunnl.
5. Ásgeir Bjarnason, 1. þm. Vesturl.
6. Benedikt Gröndal, 5. þm. Vesturl.
7. Birgir Finnsson, 2. landsk. þm.
8. Bjarni Benediktsson, 1. þm. Reykv.
9. Bjartmar Guðmundsson, 8. landsk. þm.
10. Björn Fr. Björnsson, 4. þm. Sunnl.
11. Björn Jónsson, 4. þm. Norðurl. e.
12. Björn Pálsson, 5. þm. Norðurl. v.
13. Davíð Ólafsson, 6. landsk. þm.
14. Eðvarð Sigurðsson, 3. landsk. þm.
15. Eggert G. Þorsteinsson, 12. þm. Reykv.
16. Einar Ágústsson, 11. þm. Reykv.
17. Einar Ingimundarson, 4. þm. Norðurl. v.
18. Einar Olgeirsson, 3. þm. Reykv.
19. Emil Jónsson, 2. þm. Reykn.
20. Eysteinn Jónsson, 1. þm. Austf.
21. Friðjón Skarphéðinsson, 9. landsk. þm.
22. Geir Gunnarsson, 10. landsk. þm.
23. Gils Guðmundsson, 5. þm. Reykn.
24. Gísli Guðmundsson, 3. þm. Norðurl. e.
25. Guðlaugur Gíslason, 3. þm. Sunnl.
26. Gunnar Gíslason, 2. þm. Norðurl. v.
27. Gylfi Þ. Gíslason, 6. þm. Reykv.
28. Halldór Ásgrímsson, 2. þm. Austf.
29. Halldór E. Sigurðsson, 3. þm. Vesturl.
30. Hannibal Valdimarsson, 5. þm. Vestf.
31. Helgi Bergs, 6. þm. Sunnl.
32. Hermann Jónasson, 1. þm. Vestf.
33. Ingólfur Jónsson, 1. þm. Sunnl.
34. Ingvar Gíslason, 5. þm. Norðurl. e.
35. Jóhann Hafstein, 4. þm. Reykv.
36. Jón Árnason, 4. þm. Vesturl.
37. Jón Skaftason, 4. þm. Reykn.
38. Jón Þorsteinsson, 4. landsk. þm.
39. Jónas Pétursson, 3. þm. Austf.
40. Jónas G. Rafnar, 2. þm. Norðurl. e.
41. Karl Kristjánsson, 1. þm. Norðurl. e.
42. Lúðvík Jósefsson, 5. þm. Austf.
43. Magnús Jónsson, 6. þm. Norðurl. e.
44. Matthías Bjarnason, 11. landsk. þm.
45. Matthías Á. Mathiesen, 1. þm. Reykn.
46. Ólafur Björnsson, 8. þm. Reykv.
47. Ólafur Jóhannesson, 3. þm. Norðurl. v.
48. Páll Þorsteinsson, 4. þm. Austf.
49. Pétur Sigurðsson, 7. þm. Reykv.
50. Ragnar Arnalds, 5. landsk. þm.
51. Sigurður Ágústsson, 2. þm. Vesturl.
52. Sigurður Bjarnason, 2. þm. Vestf.
53. Sigurður Ingimundarson, 1. landsk. þm.
54. Sigurður Ó. Ólafsson, 5. þm. Sunnl.
55. Sigurvin Einarsson, 3. þm. Vestf.
56. Skúli Guðmundsson, 1. þm. Norðurl. v.
57. Sveinn Guðmundsson, 10. þm. Reykv.
58. Sverrir Júlíusson, 7. landsk. þm.
59. Þorvaldur G. Kristjánsson, 4. þm. Vestf.
60. Þórarinn Þórarinsson, 5. þm. Reykv.

Ókomnir til þings voru:

1. Ásgeir Bjarnason, 1. þm. Vesturl.
2. Benedikt Gröndal, 5. þm. Vesturl.
3. Björn Pálsson, 5. þm. Norðurl. v.
4. Davíð Ólafsson, 6. landsk. þm.
5. Eðvarð Sigurðsson, 3. landsk. þm.
6. Guðlaugur Gíslason, 3. þm. Sunnl.
7. Jónas Pétursson, 3. þm. Austf.

8. Jónas G. Rafnar, 2. þm. Norðurl. e.
9. Karl Kristjánsson, 1. þm. Norðurl. e.
10. Matthías Bjarnason, 11. landsk. þm.
11. Matthías Á. Mathiesen, 1. þm. Reykn.
12. Páll Þorsteinsson, 4. þm. Austf.
13. Pétur Sigurðsson, 7. þm. Reykv.

Forseti hæstaréttar setur þingið.

Þá er þingmenn höfðu skipað sér til sætis, gekk forseti hæstaréttar, Þórður Eyjólfsson, til ræðustóls.

Forseti hæstaréttar (Þórður Eyjólfsson): Hinn 10. sept. 1965 gáfu handhafar forsetavalds í fjarveru forseta Íslands út svofellt bréf:

„Handhafar valds forseta Íslands samkv. 8. gr. stjórnarskrárinnar, forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar, gera kunnugt:

Vér höfum ákveðið, samkvæmt tillögu forsætisráðherra, að reglulegt Alþingi skuli koma saman til fundar föstudaginn 8. október 1965.

Um leið og vér birtum þetta, er öllum, sem setu eiga á Alþingi, boðið að koma nefndan dag til Reykjavíkur, og verður þá Alþingi sett að lokinni guðsþjónustu í dómkirkjunni, er hefst kl. 13.30.

Gert í Reykjavík, 10. september 1965.
Bjarni Benediktsson, Birgir Finnsson,
Þórður Eyjólfsson.

Bjarni Benediktsson.

Bréf handhafa valds forseta Íslands um, að reglulegt Alþingi 1965 skuli koma saman til fundar föstudaginn 8. október 1965."

Í fjarveru forseta Íslands lýsi ég yfir því, samkv. ákvörðun handhafa valds forseta Íslands, að Alþingi Íslendinga er sett.

Ég árna Alþingi heilla í störfum og vona, að þau megi verða landi og þjóð til gæfu og gengis. Bið ég hv. alþm. að minnast ættjarðarinnar og forseta Íslands með því að rísa úr sætum.

[Þingmenn risu úr sætum, og **forsætisráðherra, Bjarni Benediktsson,** mælti: „Heill forseta vorum og fósturjörð." Tóku þm. undir þau orð með ferföldu húrrahrópi.]

Samkv. 1. gr. þingskapa ber nú aldursforseta að stjórna þingfundi, þar til kosning forseta sameinaðs Alþingis hefur farið fram, og bið ég aldursforseta viðstaddra þm., Halldór Ásgrímsson, 2. þm. Austf., að ganga til forsetastóls.

Aldursforseti, Halldór Ásgrímsson, 2. þm. Austf., gekk til forsetastóls og tók við fundarstjórn.

Aldursforseti (Halldór Ásgrímsson): Samkv. ósk hæstv. ríkisstj. verður fundi nú frestað til n. k. mánudags kl. 1½. Fundinum er frestað.

Fundi frestað.

Mánudaginn 11. okt., kl. 1.30 miðdegis, var fundinum fram haldið.

Til þings voru nú komnir eftirtaldir þingmenn:

1. Ásgeir Bjarnason, 1. þm. Vesturl.
2. Björn Pálsson, 5. þm. Norðurl. v.
3. Guðlaugur Gíslason, 3. þm. Sunnl.
4. Jónas Pétursson, 3. þm. Austf.
5. Jónas G. Rafnar, 2. þm. Norðurl. e.
6. Matthías Bjarnason, 11. landsk. þm.
7. Matthías Á. Mathiesen, 1. þm. Reykn.
8. Páll Þorsteinsson, 4. þm. Austf.

Enn fremur voru á fundinum Ingi R. Helgason, 3. landsk. (vara)þm., og Ragnar Jónsson, 6. landsk. (vara)þm.

Varamenn taka þingsæti. — Þingmennskuafsal.

Aldursforseti (Halldór Ásgrímsson): Eftirfarandi bréf hafa borizt. Fyrst vegna varamanns Guðmundar Í. Guðmundssonar, en bréf frá Guðmundi Í. Guðmundssyni er svo hljóðandi:

„Ég undirritaður segi hér með af mér þingmennsku.

Virðingarfyllst.
Guðmundur Í. Guðmundsson."

Samkv. þessu hefur Guðmundur Í. Guðmundsson afsalað sér þingmennsku, en Friðjón Skarphéðinsson bæjarfógeti var hans varamaður. Hann hefur nú tekið sæti á Alþingi, hefur setið á Alþingi áður og þegar verið rannsakað kjörbréf hans. Tekur hann því sæti sem aðalmaður, og verður það gilt tekið, ef enginn mælir því gegn.

Á síðasta þingi var lesið bréf frá Gunnari Thoroddsen, þar sem hann afsalaði sér þingmennsku frá lokum þess þings. Sveinn Guðmundsson vélfræðingur er mættur hér á Alþingi í hans stað. Hann hefur átt sæti á Alþ. og kjörbréf hans hefur áður verið rannsakað. Tekur hann nú sæti á Alþingi sem aðalmaður, ef enginn mælir því gegn.

Þá hefur borizt bréf frá Davíð Ólafssyni, svo hljóðandi:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og verð fjarverandi næstu vikur, leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi og með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að fara fram á, að 1. varamaður landsk. þm. Sjálfstfl., Ragnar Jónsson skrifstofustjóri, taki sæti mitt á Alþingi í fjarveru minni.

Davíð Ólafsson,
6. landsk. þm.

Til forseta sameinaðs Alþingis."

Ragnar Jónsson skrifstofustjóri hefur áður tekið sæti á Alþingi og kjörbréf hans verið rannsakað og samþ. Tekur hann nú sæti á Alþ., ef enginn mælir því í gegn.

Þá hefur borizt svo hljóðandi bréf frá Eðvarð Sigurðssyni:

„Þar sem ég get ekki sinnt þingstörfum næstu vikur vegna sjúkleika, leyfi ég mér, með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis, að fara fram á, að 1. varamaður landsk. þm. Alþb., Ingi R. Helgason lögfræðingur, taki sæti á Alþ. í veikindaforföllum mínum.

Eðvarð Sigurðsson,
3. landsk. þm.

Til forseta sameinaðs Alþingis."

Þessu bréfi fylgir svo kjörbréf Inga R. Helgasonar lögfræðings, sem hefur ekki áður verið

rannsakað. Ber því að skipa þm. í kjördeildir, og ef enginn mælir því gegn, mun ég hafa þann hátt á að lesa upp nöfn þm. í stafrófsröð og biðja skrifstofustjóra að draga miða fyrir hönd þm., um leið og nöfn þeirra eru nefnd.

Rannsókn kjörbréfs.

Forseti kvaddi sér til aðstoðar sem fundarskrifara þá Ólaf Björnsson, 8. þm. Reykv., og Skúla Guðmundsson, 1. þm. Norðurl. e.

Þessu næst skiptust þingmenn í kjördeildir, og urðu í

1. kjördeild:

AuA, ÁÞ, BBen, BFB, IRH, EI, FS, GíslG, GunnG, HÁ, IngJ, JóhH, JP, JR, MÁM, ÓlJ, SÁ, SB, SkG, ÞK.

2. kjördeild:

AG, BGr, BGuðm, BP, RJ, EÁ, EystJ, GeirG, GÞG HS, HermJ, IG, JSk, LJós, MB, ÓB, RA, SÓÓ, SE, ÞÞ.

3. kjördeild:

AJ, ÁB, BF, BJ, EggÞ, EOl, EmJ, GilsG, GuðlG, HV, HB, JÁ, JÞ, KK, MJ, PÞ, PS, SI, SvG, SvJ.

Aldursforseti (Halldór Ásgrímsson): Þá liggur fyrir að rannsaka kjörbréf Inga R. Helgasonar. Það er 2. kjördeild sem fær það verkefni, og ég vildi mælast til þess, að Alfreð Gíslason kallaði nefndina saman í efrideildarsalnum. Meðan kjörbréfið verður athugað, verður hlé á fundi. Fundinum er frestað í bili. — [Fundarhlé.]

Frsm. 2. kjördeildar (Alfreð Gíslason): Herra forseti. 2. kjördeild hefur athugað kjörbréf Inga R. Helgasonar lögfræðings og ekki fundið neitt athugavert við það. Mælir kjördeildin einróma með því, að kosning Inga R. Helgasonar verði tekin gild og kjörbréfið samþ.

ATKVGR.

Till. kjördeildarinnar samþ. með 35 shlj. atkv.

Kosning forseta.

Aldursforseti lét nú fara fram kosningu forseta sameinaðs Alþingis. Kosningu hlaut

Birgir Finnsson, 2. landsk. þm.,

með 30 atkv. — Karl Kristjánsson, 1. þm. Norðurl. e., hlaut 17 atkv., Hannibal Valdimarsson, 5. þm. Vestf., 9 atkv., Halldór E. Sigurðsson, 3. þm. Vesturl., 1. atkv.

Hinn kjörni forseti gekk nú til forsetastóls og tók við fundarstjórn. Lét hann fyrst fara fram kosningu fyrri varaforseta. Kosningu hlaut

Sigurður Ágústsson, 2. þm. Vesturl.,

með 30 atkv., en 27 seðlar voru auðir.

Þá fór fram kosning annars varaforseta, og hlaut kosningu

Sigurður Ingimundarson, 1. landsk. þm.,

með 29 atkv. — Þorvaldur G. Kristjánsson, 4. þm. Vestf., hlaut 1 atkv., en 25 seðlar voru auðir.

Kosning skrifara.

Þessu næst voru kosnir skrifarar sameinaðs Alþingis. Fram komu tveir listar. Á A-lista var ÓB, en á B-lista SkG. — Þar sem ekki voru fleiri tilnefndir en kjósa skyldi, lýsti forseti yfir, að rétt væru kjörnir án atkvgr.:

Ólafur Björnsson, 8. þm. Reykv., og
Skúli Guðmundsson, 1. þm. Norðurl. v.

Kjörbréfanefnd.

Loks fór fram kosning kjörbréfanefndar. Fram komu þrír listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Einar Ingimundarson (A),
Ólafur Jóhannesson (B),
Matthías Á. Mathiesen (A),
Friðjón Skarphéðinsson (A),
Björn Fr. Björnsson (B),
Alfreð Gíslason (C),
Auður Auðuns (A).

Kosning fastanefnda.

Á 2. fundi í Sþ., 12. okt., var tekin til meðferðar kosning í fastanefndir samkv. 16. gr. þingskapa.

Við kosningu nefndanna komu fram þrír listar með jafnmörgum nöfnum samtals hverju sinni og menn skyldi kjósa. Kosningar fóru því fram án atkvgr., og urðu nefndirnar svo skipaðar:

1. Fjárveitinganefnd.

Jón Árnason (A),
Halldór Ásgrímsson (B),
Einar Ingimundarson (A),
Jónas Pétursson (A),
Halldór E. Sigurðsson (B),
Geir Gunnarsson (C),
Matthías Bjarnason (A),
Birgir Finnsson (A),
Ingvar Gíslason (B).

2. Utanríkismálanefnd.

Aðalmenn:

Sigurður Bjarnason (A),
Hermann Jónasson (B),
Davíð Ólafsson (A),
Matthías Á. Mathiesen (A),
Þórarinn Þórarinsson (B),
Einar Olgeirsson (C),
Gylfi Þ. Gíslason (A).

Varamenn:

Þorvaldur G. Kristjánsson (A),
Ólafur Jóhannesson (B),
Gunnar Gíslason (A),
Guðlaugur Gíslason (A),
Helgi Bergs (B),
Gils Guðmundsson (C),
Benedikt Gröndal (A).

3. Allsherjarnefnd.

Pétur Sigurðsson (A),
Einar Ágústsson (B),
Matthías Bjarnason (A),
Axel Jónsson (A),
Gísli Guðmundsson (B),
Ragnar Arnalds (C),
Sigurður Ingimundarson (A).

Þingfararkaupsnefnd.

Á sama fundi fór fram kosning þingfararkaupsnefndar.

Fram komu þrír listar, sem á voru samtals jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Kosningu hlutu því án atkvgr.:

Einar Ingimundarson (A),
Halldór Ásgrímsson (B),
Jónas Pétursson (A),
Jónas G. Rafnar (A),
Halldór E. Sigurðsson (B),
Björn Jónsson (C),
Friðjón Skarphéðinsson (A).

B.

Í efri deild.

Að loknum fyrsta fundi í sameinuðu þingi var fyrsti fundur efri deildar settur af aldursforseta viðstaddra deildarmanna, Sigurði Ó. Ólafssyni, 5. þm. Sunnl.

Deildina skipuðu þessir þm.:

1. Alfreð Gíslason, 9. þm. Reykv.
2. Auður Auðuns, 2. þm. Reykv.
3. Ásgeir Bjarnason, 1. þm. Vesturl.
4. Bjartmar Guðmundsson, 8. landsk. þm.
5. Björn Jónsson, 4. þm. Norðurl. e.
6. Eggert G. Þorsteinsson, 12. þm. Reykv.
7. Friðjón Skarphéðinsson, 9. landsk. þm.
8. Gils Guðmundsson, 5. þm. Reykn.
9. Helgi Bergs, 6. þm. Sunnl.
10. Hermann Jónasson, 1. þm. Vestf.
11. Jón Árnason, 4. þm. Vesturl.
12. Jón Þorsteinsson, 4. landsk. þm.
13. Karl Kristjánsson, 1. þm. Norðurl. e.
14. Magnús Jónsson, 6. þm. Norðurl. e.
15. Ólafur Björnsson, 8. þm. Reykv.
16. Ólafur Jóhannesson, 3. þm. Norðurl. v.
17. Páll Þorsteinsson, 4. þm. Austf.
18. Sigurður Ó. Ólafsson, 5. þm. Sunnl.
19. Sveinn Guðmundsson, 10. þm. Reykv.
20. Þorvaldur G. Kristjánsson, 4. þm. Vestf.

Allir framantaldir þingmenn voru til þings komnir og sátu fundinn, nema Karl Kristjánsson, 1. þm. Norðurl. e.

Aldursforseti kvaddi sér til aðstoðar sem fundarskrifara þá Bjartmar Guðmundsson, 8. landsk. þm., og Pál Þorsteinsson, 4. þm. Austf.

Kosning forseta og skrifara.

Þá var gengið til forsetakosningar. Kosningu hlaut

Sigurður Ó. Ólafsson, 5. þm. Sunnl.,

með 11 atkv. — Karl Kristjánsson, 1. þm. Norðurl. e., hlaut 5 atkv., Björn Jónsson, 4. þm. Norðurl. e., 3 atkv.

Hinn kjörni forseti lét nú fara fram kosningu fyrri varaforseta deildarinnar. Kosningu hlaut

Jón Þorsteinsson, 4. landsk. þm.,

með 11 atkv., en 8 seðlar voru auðir.

Annar varaforseti var kosinn

Þorvaldur G. Kristjánsson, 4. þm. Vestf.,

með 11 atkv., en 8 seðlar voru auðir.

Þessu næst voru kosnir skrifarar deildarinnar, að viðhafðri hlutfallskosningu. Fram komu tveir listar. Á A-lista var BGuðm, á B-lista KK. — Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Bjartmar Guðmundsson, 8. landsk. þm., og
Karl Kristjánsson, 1. þm. Norðurl. e.

Sætaskipun.

Loks var hlutað um sæti deildarmanna, og fór sætahlutunin á þessa leið:

6. sæti hlaut Helgi Bergs.
7. — — Ólafur Jóhannesson.
8. — — Alfreð Gíslason.
9. — — Jón Árnason.
10. — — Ólafur Björnsson.
11. — — Gils Guðmundsson.
12. — — Hermann Jónasson.
13. — — Jón Þorsteinsson.
14. — — Björn Jónsson.
15. — — Sveinn Guðmundsson.
16. — — Friðjón Skarphéðinsson.
17. — — Ásgeir Bjarnason.
18. — — Auður Auðuns.
19. — — Páll Þorsteinsson.
20. — — Þorvaldur G. Kristjánsson.

Kosning fastanefnda.

Á 2. fundi deildarinnar, 12. okt., var tekin til meðferðar kosning í fastanefndir samkv. 16. gr. þingskapa.

Við kosningu nefndanna komu fram þrír listar með jafnmörgum nöfnum samtals hverju sinni og menn skyldi kjósa. Kosningar fóru því fram án atkvgr., og urðu nefndir svo skipaðar:

1. Fjárhagsnefnd.

Ólafur Björnsson (A),
Karl Kristjánsson (B),
Þorvaldur G. Kristjánsson (A),
Sveinn Guðmundsson (A),
Helgi Bergs (B),
Björn Jónsson (C),
Jón Þorsteinsson (A).

2. Samgöngumálanefnd.

Bjartmar Guðmundsson (A),
Páll Þorsteinsson (B),
Jón Árnason (A),
Sigurður Ó. Ólafsson (A),
Ásgeir Bjarnason (B),
Björn Jónsson (C),
Jón Þorsteinsson (A).

3. Landbúnaðarnefnd.

Bjartmar Guðmundsson (A),
Ásgeir Bjarnason (B),
Sigurður Ó. Ólafsson (A),
Jón Árnason (A),
Páll Þorsteinsson (B),

Björn Jónsson (C),
Jón Þorsteinsson (A).

4. Sjávarútvegsnefnd.
Jón Árnason (A),
Helgi Bergs (B),
Þorvaldur G. Kristjánsson (A),
Sveinn Guðmundsson (A),
Ólafur Jóhannesson (B),
Gils Guðmundsson (C),
Friðjón Skarphéðinsson (A).

5. Iðnaðarnefnd.
Þorvaldur G. Kristjánsson (A),
Hermann Jónasson (B),
Auður Auðuns (A),
Sveinn Guðmundsson (A),
Helgi Bergs (B),
Gils Guðmundsson (C),
Friðjón Skarphéðinsson (A).

6. Heilbrigðis- og félagsmálanefnd.
Auður Auðuns (A),
Karl Kristjánsson (B),
Þorvaldur G. Kristjánsson (A),
Bjartmar Guðmundsson (A),
Ásgeir Bjarnason (B),
Alfreð Gíslason (C),
Friðjón Skarphéðinsson (A).

7. Menntamálanefnd.
Auður Auðuns (A),
Páll Þorsteinsson (B),
Ólafur Björnsson (A),
Bjartmar Guðmundsson (A),
Karl Kristjánsson (B),
Gils Guðmundsson (C),
Jón Þorsteinsson (A).

8. Allsherjarnefnd.
Ólafur Björnsson (A),
Ólafur Jóhannesson (B),
Sigurður Ó. Ólafsson (A),
Sveinn Guðmundsson (A),
Hermann Jónasson (B),
Alfreð Gíslason (C),
Friðjón Skarphéðinsson (A).

C.

Í neðri deild.

Fyrsti fundur neðri deildar var settur af aldursforseta, Halldóri Ásgrímssyni, 2. þm. Austf., að loknum fyrsta fundi í sameinuðu þingi.

Deildina skipuðu þessir menn:

1. Axel Jónsson, 3. þm. Reykn.
2. Ágúst Þorvaldsson, 2. þm. Sunnl.
3. Benedikt Gröndal, 5. þm. Vesturl.
4. Birgir Finnsson, 2. landsk. þm.
5. Bjarni Benediktsson, 1. þm. Reykv.
6. Björn Fr. Björnsson, 4. þm. Sunnl.
7. Björn Pálsson, 5. þm. Norðurl. v.
8. Davíð Ólafsson, 6. landsk. þm.
9. Eðvarð Sigurðsson, 3. landsk. þm.
10. Einar Ágústsson, 11. þm. Reykv.
11. Einar Ingimundarson, 4. þm. Norðurl. v.
12. Einar Olgeirsson, 3. þm. Reykv.
13. Emil Jónsson, 2. þm. Reykn.
14. Eysteinn Jónsson, 1. þm. Austf.
15. Geir Gunnarsson, 10. landsk. þm.
16. Gísli Guðmundsson, 3. þm. Norðurl. e.
17. Guðlaugur Gíslason, 3. þm. Sunnl.
18. Gunnar Gíslason, 2. þm. Norðurl. v.
19. Gylfi Þ. Gíslason, 6. þm. Reykv.
20. Halldór Ásgrímsson, 2. þm. Austf.
21. Halldór E. Sigurðsson, 3. þm. Vesturl.
22. Hannibal Valdimarsson, 5. þm. Vestf.
23. Ingólfur Jónsson, 1. þm. Sunnl.
24. Ingvar Gíslason, 5. þm. Norðurl. e.
25. Jóhann Hafstein, 4. þm. Reykv.
26. Jón Skaftason, 4. þm. Reykn.
27. Jónas Pétursson, 3. þm. Austf.
28. Jónas G. Rafnar, 2. þm. Norðurl. e.
29. Lúðvík Jósefsson, 5. þm. Austf.
30. Matthías Bjarnason, 11. landsk. þm.
31. Matthías Á. Mathiesen, 1. þm. Reykn.
32. Pétur Sigurðsson 7. þm. Reykv.
33. Ragnar Arnalds, 5. landsk. þm.
34. Sigurður Ágústsson, 2. þm. Vesturl.
35. Sigurður Bjarnason, 2. þm. Vestf.
36. Sigurður Ingimundarson, 1. landsk. þm.
37. Sigurvin Einarsson, 3. þm. Vestf.
38. Skúli Guðmundsson, 1. þm. Norðurl. v.
39. Sverrir Júlíusson, 7. landsk. þm.
40. Þórarinn Þórarinsson, 5. þm. Reykv.

Voru framangreindir þingmenn allir á fundi nema Davíð Ólafsson, 6. landsk. þm., Eðvarð Sigurðsson, 3. landsk. þm., Benedikt Gröndal, 5. þm. Vesturl., og Pétur Sigurðsson, 7. þm. Reykv. Í stað tveggja hinna fyrst nefndu voru á fundinum:

Ingi R. Helgason, 3. landsk. (vara)þm.

Ragnar Jónsson, 6. landsk. (vara)þm.

Aldursforseti kvaddi sér til aðstoðar sem fundarskrifara þá Matthías Bjarnason, 11. landsk. þm., og Sigurvin Einarsson, 3. þm. Vestf.

Kosning forseta og skrifara.

Var nú gengið til forsetakosningar. Kosningu hlaut

Sigurður Bjarnason, 2. þm. Vestf.,

með 19 atkv. — Halldór Ásgrímsson, 2. þm. Austf., hlaut 13 atkv., Einar Olgeirsson, 3. þm. Reykv., 5 atkv., en 1 seðill var auður.

Hinn kjörni forseti tók nú við fundarstjórn og lét fyrst fara fram kosningu fyrri varaforseta. Kosningu hlaut

Benedikt Gröndal, 5. þm. Vesturl.,

með 19 atkv., en 19 seðlar voru auðir.

Annar varaforseti var kosinn

Jónas G. Rafnar, 2. þm. Norðurl. e.,

með 17 atkv., en 19 seðlar voru auðir.

Þessu næst voru kosnir skrifarar deildarinnar, að viðhafðri hlutfallskosningu. Fram komu tveir listar. Á A-lista var MB, á B-lista SE. — Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Matthías Bjarnason, 11. landsk. þm., og
Sigurvin Einarsson, 3. þm. Vestf.

Sætaskipun.

Loks var hlutað um sæti deildarmanna samkv. þingsköpum, og fór sætahlutunin á þessa leið:

9. sæti hlaut Björn Fr. Björnsson.
10. — — Jónas G. Rafnar.
11. — — Lúðvík Jósefsson.
12. — — Sverrir Júlíusson.
13. — — Einar Ágústsson.
14. — — Sigurður Ágústsson.
15. — — Benedikt Gröndal.
16. — — Davíð Ólafsson.
17. — — Guðlaugur Gíslason.
18. — — Halldór Ásgrímsson.
19. — — Einar Ingimundarson.
20. — — Birgir Finnsson.
21. — — Ágúst Þorvaldsson.
22. — — Ragnar Arnalds.
23. — — Halldór E. Sigurðsson.
24. — — Þórarinn Þórarinsson.
25. — — Einar Olgeirsson.
26. — — Ingvar Gíslason.

27. sæti hlaut Eysteinn Jónsson.
28. — — Gísli Guðmundsson.
29. — — Eðvarð Sigurðsson.
30. — — Björn Pálsson.
31. — — Pétur Sigurðsson.
32. — — Jónas Pétursson.
33. — — Gunnar Gíslason.
34. — — Geir Gunnarsson.
35. — — Jón Skaftason.
36. — — Matthías Á. Mathiesen.
37. — — Axel Jónsson.
38. — — Sigurður Ingimundarson.
39. — — Hannibal Valdimarsson.
40. — — Skúli Guðmundsson.

Kosning fastanefnda.

Á 2. fundi deildarinnar, 12. okt., var tekin til meðferðar kosning í fastanefndir samkv. 16. gr. þingskapa.

Við kosningu allra nefndanna komu fram hverju sinni þrír listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Kosningar fóru því fram án atkvgr., og urðu nefndir svo skipaðar:

1. Fjárhagsnefnd.
Davíð Ólafsson (A),
Skúli Guðmundsson (B),
Matthías Á. Mathiesen (A),
Jónas G. Rafnar (A),
Einar Ágústsson (B),
Lúðvík Jósefsson (C),
Sigurður Ingimundarson (A).

2. Samgöngumálanefnd.
Sigurður Bjarnason (A),
Björn Pálsson (B),
Guðlaugur Gíslason (A),
Sigurður Ágústsson (A),
Sigurvin Einarsson (B),
Ragnar Arnalds (C),
Benedikt Gröndal (A).

3. Landbúnaðarnefnd.
Gunnar Gíslason (A),
Ágúst Þorvaldsson (B),
Jónas Pétursson (A),
Sverrir Júlíusson (A),
Björn Pálsson (B),
Hannibal Valdimarsson (C),
Benedikt Gröndal (A).

4. Sjávarútvegsnefnd.
Sverrir Júlíusson (A),
Gísli Guðmundsson (B),
Pétur Sigurðsson (A),
Guðlaugur Gíslason (A),
Jón Skaftason (B),
Lúðvík Jósefsson (C),
Birgir Finnsson (A).

5. Iðnaðarnefnd.
Jónas G. Rafnar (A),
Þórarinn Þórarinsson (B),
Sigurður Ágústsson (A),
Matthías Á. Mathiesen (A),
Gísli Guðmundsson (B),
Eðvarð Sigurðsson (C),
Sigurður Ingimundarson (A).

6. Heilbrigðis- og félagsmálanefnd.
Matthías Bjarnason (A),
Jón Skaftason (B),
Guðlaugur Gíslason (A),
Axel Jónsson (A),
Ágúst Þorvaldsson (B),
Hannibal Valdimarsson (C),
Birgir Finnsson (A).

7. Menntamálanefnd.
Gunnar Gíslason (A),
Sigurvin Einarsson (B),
Guðlaugur Gíslason (A),
Axel Jónsson (A),
Björn Fr. Björnsson (B),
Einar Olgeirsson (C),
Benedikt Gröndal (A).

8. Allsherjarnefnd.
Einar Ingimundarson (A),
Björn Fr. Björnsson (B),
Matthías Bjarnason (A),
Pétur Sigurðsson (A),
Skúli Guðmundsson (B),
Ragnar Arnalds (C),
Birgir Finnsson (A).

Lagafrumvörp samþykkt.

1. Brunatryggingar utan Reykjavíkur.

Á 1. fundi í Sþ., 11. okt., var útbýtt frá Ed.:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 50 24. apríl 1954, um brunatryggingar utan Reykjavíkur [5. mál] (stjfrv., A. 5).

Á 3. fundi í Ed., 14. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Á síðari hluta þings s. l. vetur var samþ. frv., sem efnislega er samhljóða því frv., sem hér er til umr., en það var um brunatryggingar í Reykjavík. Við umr. um fyrrgreint frv. var m. a. talið nauðsynlegt að undirbúa samþykkt frv. um sama efni varðandi brunatryggingar utan Reykjavíkur, og þess vegna er þetta frv. nú flutt að ósk Sambands ísl. sveitarfélaga eða fulltrúaráðs þess.

Efni þessa frv. sem og hins fyrra er í sem fæstum orðum það að tryggja rétt sveitarfélaga til að leysa hús til sín, ef brunatjón verður meira en helmingur brunabótaverðs og ef nauðsynlegt er talið vegna eldhættu eða af skipulagsástæðum, að eignin verði fjarlægð. Þessi heimild til yfirtöku eignarinnar skal fara eftir reglum, sem greinilega eru fram settar í 1. gr. frv. og óþarft er að fjölyrða um hér.

Það er till. mín, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. heilbr.- og félmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 17 shlj. atkv.

Á 8. fundi í Ed., 28. okt., var frv. tekið til 2. umr. (A. 5, n. 44).

Frsm. (Bjartmar Guðmundsson): Herra forseti. Á síðasta þingi var gerð breyt. á lögum um brunatryggingar í Reykjavík, en sá lagabálkur er frá 1954. Þessi breyt. var sú, að heimilt skuli vera fyrir borgarstjórn að leysa út húseignir, þar sem brunatjón hefur orðið, með nánari fyrirmælum þar um, þar sem brunahætta geti stafað af því, að húsið sé þar, sem það er statt, eða af skipulagsástæðum. Um þessa breyt. var enginn ágreiningur á síðasta þingi, þegar hún var samþ. En vert er að geta, að önnur lög gilda um brunatryggingar utan Reykjavíkur, og eftir bendingu frá Sambandi íslenzkra sveitarfélaga hefur félmrh. flutt frv. um, að sams konar ákvæði skuli tekin inn í lög um brunatryggingar utan Reykjavíkur. Hæstv. félmrh. mælti fyrir þessu frv. við 1. umr., og tel ég enga ástæðu til að gera frv. að umræðuefni, en heilbr.- og félmn. hefur athugað það og orðið sammála um að mæla með, að það verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Á 9. fundi í Ed., 1. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 9. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 10. fundi í Nd., 2. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér um ræðir, er komið frá hv. Ed. og hefur hlotið þar einróma samþykki.

Á síðari hluta þings s. l. vetur var samþ. frv., sem efnislega er samhljóða þessu frv., um brunatryggingar í Reykjavík. Við umr. um fyrrgreint frv. var m. a. talið nauðsynlegt að undirbúa samþykkt frv. um sama efni varðandi brunatryggingar utan Reykjavíkur, og þess vegna er frv. þetta nú flutt að ósk Sambands ísl. sveitarfélaga eða fulltrúaráðs þess.

Efni þessa frv. sem og hins fyrra er í sem fæstum orðum það að tryggja rétt sveitarfélaga til að leysa hús til sín, ef brunatjón verður meira en helmingur brunabótaverðs og ef nauðsynlegt er talið vegna eldhættu eða af skipulagsástæðum, að eignin verði fjarlægð. Þessi heimild til yfirtöku eignarinnar skal fara fram eftir reglum, sem greinilega eru fram settar í 1. gr. frv. og óþarft er að fjölyrða um hér.

Herra forseti. Ég legg til, að frv. þessu verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. heilbr.- og félmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 28 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 28 shlj. atkv.

Á 24. fundi í Nd., 30. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 5, n. 105).

Frsm. (Guðlaugur Gíslason): Herra forseti. Frv. það til l., sem hér liggur fyrir, um breyt. á l. nr. 50 frá 24. apríl 1954, um brunatryggingar utan Reykjavíkur, er, eins og fram kemur í grg. þess, flutt að tilmælum fulltrúaráðs Sambands ísl. sveitarfélaga. Frv. er komið hingað frá hv. Ed., og var það afgreitt þar ágreiningslaust. Efni þess er í aðalatriðum heimild til handa sveitarstjórnum að leysa til sín eignir eftir ákveðnum reglum, ef brunatjón verður meira en helmingur brunabótamatsverðs og ef sveitarstjórn telur slíkt nauðsynlegt vegna eldhættu eða að hlutaðeigandi húseign verði fjarlægð af skipulagsástæðum.

Ég sé ekki ástæðu til að ræða efni frv. frekar, en heilbr.- og félmn. leggur einróma til, að það verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Á 25. fundi í Nd., 6. des., var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 26 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 146).

---

2. Fjárlög 1966.

Á 1. fundi í Sþ., 11. okt., var útbýtt:
Frv. til fjárlaga fyrir árið 1966 [1. mál] (stjfrv., A. 1).

Á 4. fundi í Sþ., 18. okt., var frv. tekið til 1. umr. (útvarpsumr.).

Forseti (BF): Umr. er hagað þannig, að fyrstur talar fjmrh., Magnús Jónsson. Síðan hafa ræðumenn annarra þingflokka en Sjálfstfl. 30 mínútur til umráða hver í þessari röð: Alþb., Alþfl., Framsfl. Að lokum hefur fjmrh. stundarfjórðung til andsvara. Ræðumenn auk fjmrh. verða þessir: Lúðvík Jósefsson, 5. þm. Austf., af hálfu Alþb., Birgir Finnsson, 2. landsk. þm., af hálfu Alþfl., og Eysteinn Jónsson, 1. þm. Austf., af hálfu Framsfl.

Nú hefst umr., og tekur Magnús Jónsson fjmrh. til máls.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Góðir áheyrendur. Áður en ég geri grein fyrir fjárlagafrv. fyrir árið 1966, sem nú er til 1. umr., mun ég að venju í stórum dráttum skýra frá afkomu ríkissjóðs árið 1964 og jafnframt vikja nokkuð að horfum á yfirstandandi ári.

Á árinu 1964 varð mikil breyting til hins verra á afkomu ríkissjóðs. Um alllangt árabil hafði greiðslujöfnuður verið hagstæður, og var afkoma ríkissjóðs einkum mjög góð á árunum 1962 og 1963, en fyrra árið var 161.6 millj. kr. greiðsluafgangur og síðara árið 138.9 millj. kr. greiðsluafgangur. Gerði sú hagstæða afkoma ríkissjóði kleift í senn að leggja allverulegt fé fram til þess að grynna á ógreiddum ríkisframlögum, m. a. til hafnargerða og sjúkrahúsa, og jafnframt í fyrsta sinn að leggja fé í jöfnunarsjóð ríkisins til þess að mæta halla á erfiðleikaárum. Voru í því skyni lagðar til hliðar 100 millj. kr. Leiðir afkoma ríkissjóðs árið 1964 glöggt í ljós, hversu hyggileg sú ráðstöfun var. Hinn hagstæði ríkisbúskapur síðustu ára hefur verið einn jákvæðasti þáttur efnahagskerfisins, enda skiptir greiðsluhallalaus ríkisbúskapur mjög miklu máli í þeim efnum.

Fjárlög hafa af margvíslegum ástæðum hækkað mjög mikið ár frá ári, og hefur fjmrh. hvað eftir annað varað við óheillavænlegum afleiðingum óhóflegrar kröfugerðar á hendur ríkissjóði. Hins vegar er því ekki að leyna, að hinn hagstæði greiðslujöfnuður ríkissjóðs síðustu árin hefur gert fjmrh. erfiðara um vik að spyrna gegn ýmiss konar nýjum kröfum á hendur ríkissjóði, þar eð menn hafa talið, að hér væri um óþarfar úrtölur að ræða. Sú aðferð að miða tekjur ríkissjóðs alltaf við hið mesta góðæri og áætla ekkert fyrir vanhöldum hlaut að hefna sín, enda reyndist árið 1964 alvarleg og dýrkeypt áminning. Greiðsluhalli ríkissjóðs á árinu 1964 var samtals 220.7 millj. kr. Þar að auki varð á árinu lækkun á geymdu innheimtufé um rúmar 32 millj. kr., þannig að sé notuð aðferð Seðlabankans við ákvörðun greiðslujafnaðar, var greiðsluhalli á árinu samtals 253.2 millj. kr. Heildartekjur ríkissjóðs árið 1964 voru í fjárl. áætlaðar 2696 millj., en urðu 3009 millj. og fóru þannig 313 millj. kr. fram úr áætlun eða 16.1%. Árið 1963 fóru þær 17.3% fram úr áætlun. Munar þar mestu um 2½% viðbótarsöluskatt, sem á var lagður, eftir að fjárlög voru afgreidd, til þess að mæta sérstökum þörfum, sem síðar verður vikið að. Tekjur af rekstri ríkisstofnana urðu 47 millj. kr. undir áætlun, m. a. vegna þess, að nokkuð dró úr vindlingasölu áfengis- og tóbaksverzlunarinnar, og vegna hins, að tekjuáætlun fyrir stofnunina var óeðlilega há. Aðrar tekjur fóru yfirleitt fram úr áætlun, en þó ekki að sama skapi og undanfarin ár. Innflutningsverðmæti án skipa og flugvéla óx um 8.3% árið 1964, en um 19.1% árið áður. Hér gætir bæði áhrifa tollalækkunarinnar og mettunar markaðarins á sumum sviðum. Aðflutningsgjöld í heild fóru því aðeins 7% fram úr áætlun 1964 eða um 113 millj., en árið 1963 rúml. 200 millj. kr. Þar af fór gjald af innfluttum bifreiðum og bifhjólum 29½ millj. fram úr áætlun 1964, en 58½ millj. árið 1963. Stimpilgjöld fóru 15 millj. kr. fram úr áætlun, tekju- og eignarskattur rúml. 4 millj. og aukatekjur tæplega 4 millj. kr. fram úr áætlun. Af vegalögum leiddi, að tekjur til ríkissjóðs af bifreiðaskatti og innflutningsgjaldi af benzíni féllu niður, þó að þær væru ráðgerðar í fjárl., en

gjöld til vega á 13. gr. A féllu einnig að miklu leyti niður.

Heildargjöld voru í fjárl. áætluð 2677 millj., en urðu 3268 millj. og fóru því 591 millj. kr. fram úr áætlun eða 22%. Árið 1963 fóru þau 12.2% fram úr áætlun. Munar þar einnig mestu um þau útgjöld, er lögð voru á ríkissjóð, eftir að fjárlög voru afgreidd, og hinn sérstaki söluskattur átti að mæta, svo sem nú skal nánar að vikið.

Með lögum nr. 1 frá 1964 var gert ráð fyrir veigamikilli nýrri aðstoð við sjávarútveginn. Samkv. þeim l. varð ríkissjóður fyrir nýjum útgjöldum á árinu 1964 sem hér segir: Greiddur var hagræðingarstyrkur til frystihúsa að upphæð 43 millj. kr. Veittir voru nýir styrkir til togaraflotans, sem námu 51 millj. Greiddar voru til fiskileitar 4 millj. og uppbætur á fiskverð 59.5 millj. og loks mótframlag gegn framlagi sjávarútvegsins til fiskveiðasjóðs rúmar 34 millj. Þá var með l. nr. 2 frá 1964 ákveðin hækkun á bótum almannatrygginga, sem kostaði ríkissjóð á árinu 26.8 millj. Samtals var hér um útgjaldaauka að ræða, sem nam 218.4 millj. kr. Til þess að mæta þessum nýju útgjöldum var söluskattur hækkaður um 2½%, og gaf sá tekjuauki ríkissjóði 248.8 millj. Þótt hér hafi verið umframtekjur 30.4 millj., bætti það ekki hag ríkissjóðs umfram áætlun fjárl., því að í ljós kom, að niðurgreiðslur höfðu verið vanáætlaðar um 55 millj. kr. Þeir útgjaldaliðir fjárl., sem langmest fóru fram úr áætlun á árinu, voru framlög til niðurgreiðslna á vöruverði og útflutningsuppbóta á landbúnaðarafurðir. Urðu umframgreiðslur á þessum liðum samtals um 188 millj. Niðurgreiðslur á vöruverði voru auknar mjög verulega á árinu 1964 í því skyni að halda niðri verðlagi. Svo sem kunnugt er, var vísitölutrygging á laun aftur upp tekin með júnísamkomulaginu við verkalýðsfélögin. Námu viðbótarútgjöld ríkissjóðs vegna hækkaðra niðurgreiðslna síðari hluta árs 1964 um 68 millj. kr. Var gerð till. um að afla fjár til þess að standa straum af þessum mikla útgjaldaauka í sambandi við hækkun söluskatts á síðasta þingi, en þar sem verkalýðsfélögin töldu þá fjáröflun brjóta í bága við júnísamkomulagið, var fallið frá þeirri till. En afleiðingarnar birtast að sjálfsögðu í auknum greiðsluhalla, svo sem fjmrh. varaði við. Samtals kostuðu niðurgreiðslur á vöruverði ríkissjóð á árinu 1964 363.8 millj. kr. Voru rúmar 206 millj. af þeirri fjárhæð niðurgreiðsla á mjólkurafurðum. Útflutningsuppbætur á landbúnaðarafurðir hækkuðu mjög á árinu og urðu 217.3 millj. Stafar hækkunin bæði af verðhækkun þessara vara á innanlandsmarkaði og auknum útflutningi, einkum mjólkurafurða, en söluverð þeirra á erlendum markaði er mjög óhagstætt. Útflutningsuppbætur og kjötafurðir urðu 77.3 millj. kr., en 139.9 millj. kr. á mjólkurafurðir.

Helztu umframgreiðslur á eignahreyfingum voru þessar: Til þess að gera ríkisábyrgðasjóði kleift að standa undir greiðslu vanskila á ábyrgðarlánum var sjóðnum veitt lán að upphæð 41.7 millj. kr. Nam þá framlag ríkissjóðs til ríkisábyrgðasjóðs á árinu alls 87.7 millj. Vegna sérstakra örðugleika og óhappa á atvinnusviðinu, sem ýmis byggðarlög urðu fyrir á árinu, veitti ríkissjóður atvinnubótasjóði 10.5 millj. kr. aukaframlag, og var heildarframlag ríkissjóðs til atvinnubótasjóðs á þessu ári þannig 20.5 millj. kr., sem er hæsta framlag til sjóðsins á einu ári. Til umbóta á húseigninni Borgartúni 7, þar sem margar ríkisstofnanir hafa nú aðsetur sitt, var varið 8.3 millj. kr., og auka varð rekstrarfé ríkisstofnana á árinu um 25.7 millj. Þá voru veitt lán um 12 millj. kr., aðallega rafmagnsveitum ríkisins.

Af greiðsluafgangi ársins 1963 var þriðjungi ráðstafað á árinu 1964 eða tæplega 45 millj., þar af 19.9 millj. til sjúkrahúsa, 20 millj. kr. til hafnargerða og 4.9 millj. kr. til atvinnubótasjóðs. Greiðsluhalli ríkissjóðs árið 1964 og ráðstöfun hluta af greiðsluhagnaði ársins 1963 olli því, að aðalviðskiptareikningur ríkissjóðs í Seðlabankanum var yfirdreginn um 221 millj. um síðustu áramót, en 64 millj. kr. innstæða var á honum í ársbyrjun.

Hér skal í stuttu máli gerð grein fyrir öðrum umframgreiðslum á árinu og orsökum þeirra.

Alþingiskostnaður fór 8.2 millj. kr. fram úr áætlun. Er meginástæðan sú, að eftir að fjárlagaáætlun var samin, voru sett ný lög um þingfararkaup alþm. Var jafnframt ákveðið, að þau lög skyldu gilda varðandi síðari helming ársins 1963, og færðust þau útgjöld á árið 1964. Reyndist þingfararkaup því vanáætlað um 4 millj. kr. Laun annarra starfsmanna voru einnig of lágt áætluð og enn fremur útgáfukostnaður Alþingistíðinda og viðhaldskostnaður og eftirlaunagreiðslur.

Útgjöld vegna stjórnarráðsins urðu 9.4 millj. umfram áætlun. Stafa 2.5 millj. kr. af þessari fjárhæð af launahækkunum, 1.3 millj. vegna kostnaðar við kjarasamninga, 1 millj. vegna kostnaðar við ráðherrabústað á Þingvöllum og 3.5 millj. kr. vegna vanáætlunar. Er reyndin sú, að um margra ára skeið hefur kostnaður við stjórnarráðið ætíð verið áætlaður of lágt og því árlega farið verulega fram úr áætlun fjárl. Eru þau vinnubrögð að sjálfsögðu á engan hátt til góðs, því að afleiðingarnar hljóta að koma óheillavænlega í ljós eftir á með umframgreiðslum, sem gefa almenningi ástæðu til að draga þær ályktanir, að minna hóf sé á útgjöldum til stjórnarráðsins en til annarra ríkisþarfa, en því fer fjarri.

Utanríkismál fóru 1.8 millj. kr. fram úr áætlun vegna ýmissa útgjaldahækkana, sem urðu eftir samþykkt fjárl.

Umframgreiðslur á 11. gr. A til dómsmála urðu 10.8 millj. Stafar svo að segja öll þessi upphæð af auknum tilkostnaði við landhelgisgæzluna, eða um 9.6 millj. kr. Hagnaður bifreiðaeftirlitsins var 2 millj. umfram áætlun, en rekstrarkostnaður sýslumannaembætta 2 millj. umfram áætlun.

Kostnaður við innheimtu tolla og skatta reyndist 10.4 millj. kr. umfram áætlun. Kostnaður við tollgæzlu var 2 millj. umfram áætlun, en aðalumframgreiðslan, 7.7 millj. kr., var vegna vanáætlunar á kostnaði við skattstofur. Það er ótvírætt, að sú skipulagsbreyting að leggja niður allar skattanefndir, en setja í þess stað stór skattumdæmi með sérstökum skattstofum, hefur verið til

mikilla bóta varðandi alla starfshætti í sambandi við skattálagningu og skatteftirlit. Það hefur hins vegar komið í ljós, að upphaflegar áætlanir um mjög verulegan, beinan útgjaldasparnað af þessum sökum hafa ekki verið raunhæfar. Eru reyndar sífellt að falla til ný verkefni, sem lögð eru á skattstofurnar. Skattstofurnar verða að hafa þeim mannafla á að skipa, að þær geti með eðlilegum hraða unnið úr skattframtölum, m. a. til þess að útsvarsálagning þurfi ekki að tefjast, og enn fremur þurfa þær að geta unnið að viðhlítandi eftirliti með framtölum og rannsókn skattamála. Það hlaut að taka nokkurn tíma að fastmóta þetta nýja skipulag, enda er það naumast enn farið að verka eins og til er ætlazt. Mun ég síðar víkja að skattamálunum í einstökum atriðum og skatteftirlitinu, en það þýðir ekki að blekkja sig með óraunhæfum tölum í því sambandi.

Útgjöld vegna heilbrigðismála stóðust áætlun.

Vegna skipulagsbreytinga á vegamálaframlögum verður samanburður á þeirri grein óraunhæfur. Þar er ekki um umframgreiðslur að ræða, og verður nánar gerð grein fyrir þeim samanburðartölum við meðferð ríkisreiknings.

Samgöngur á sjó hafa farið óhugnanlega fram úr áætlun, eða 20.6 millj. kr. Er þar um að ræða rekstrarhalla á Skipaútgerð ríkisins. Er skipan þeirra mála algerlega óviðunandi, og mun ég síðar víkja nánar að framtíðarhorfum í því efni.

Vita- og hafnarmál stóðust áætlun, en útgjöld til flugmála sýna 8.1 millj. kr. umframgreiðslu. Raunveruleg umframútgjöld eru þó ekki nema 3 millj. kr., því að um 5 millj. kr. eru fyrningar, sem ekki koma til útgjalda og eru aðeins bókhaldsatriði. Hafa verið bókfærðar fyrningar þessar hjá flugmálastjórninni um allmargra ára skeið, sem gefur villandi mynd, þar sem ekki er um neinar fyrningargreiðslur að ræða. Mun þessu verða breytt, því að ekki er um hliðstæðar bókhaldsfyrningar að ræða hjá öðrum framkvæmdastofnunum ríkisins. Veðurþjónustan fór lítið eitt fram úr áætlun og enn fremur Skipaskoðun ríkisins, sem fyrst og fremst stafar af því, að skipaskoðunargjöld urðu 900 þús. kr. lægri en áætlað var í fjárl.

Útgjöld til kennslumála urðu 5.5 millj. kr. undir áætlun, en útgjöld á 14. gr. B, til safna og listastarfsemi, urðu 1.8 millj. kr. umfram áætlun, sem fyrst og fremst stafar af auknum kostnaði á ýmsum rekstrarliðum.

Útgjöld til kirkjumála reyndust 1.1 millj. kr. undir áætlun.

Útgjöld vegna landbúnaðarmála urðu 9.4 millj. kr. umfram áætlun. Er meginorsökin sú, að jarðræktarframlög fóru 6.3 millj. kr. fram úr áætlun vegna meiri jarðræktarframkvæmda en gert hafði verið ráð fyrir. Enn fremur varð að greiða styrki til framræslu, 1.9 millj. kr. umfram áætlun. Kostnaður við sauðfjárveikivarnir varð 500 þús. kr. umfram áætlun og ýmsir aðrir útgjaldaliðir á 16. gr. A 700 þús. kr. umfram áætlun.

Framlög til sjávarútvegsmála á 16. gr. B urðu 14 millj. kr. umfram áætlun. Kostnaður við fiskileit var 6.6 millj. kr. hærri en gert hafði verið ráð fyrir, og framlög til aflatryggingasjóðs voru vanáætluð um 6.4 millj. kr. Enn fremur fór kostnaður við fisk- og síldarmat 1 millj. kr. fram úr áætlun.

Framlög til iðnaðarmála urðu 400 þús. kr. undir áætlun.

Framlög til raforkumála stóðust áætlun og framlög til rannsókna í þágu atvinnuveganna urðu 1.5 millj. kr. undir áætlun.

Þá skal ég í stuttu máli víkja að horfunum um afkomu ríkissjóðs á árinu 1965. Er útlitið því miður engan veginn gott og allar líkur til, að mjög verulegur greiðsluhalli verði einnig hjá ríkissjóði á þessu ári. Undanfarin ár hafa tekjur ríkissjóðs yfirleitt farið mjög verulega fram úr áætlun fjárl., og reyndist einnig svo á árinu 1964, enda þótt engu að síður hafi verið þá sá mikli greiðsluhalli, sem ég hef nú gert grein fyrir. Horfurnar um tekjuöflun ríkissjóðs á yfirstandandi ári eru hins vegar þær, að tekjur ríkissjóðs á árinu munu ekki einu sinni ná áætlun fjárl. Tekjur á rekstraryfirliti fjárl. í ár eru áætlaðar 3523 millj. kr. Samkv. endurskoðaðri áætlun Efnahagsstofnunarinnar, sem gerð var nú í lok ágústmánaðar, er ekki gert ráð fyrir, að tekjurnar muni verða nema 3444 millj., eða um 79 millj. kr. undir áætlun fjárl.

Tekju- og eignarskattur er í fjárl. áætlaður 375 millj. kr., en þar að auki var í l. frá síðasta Alþ. um fjáröflun til íbúðabygginga gert ráð fyrir því, að þreföldun á fasteignamati til eignarskatts nægði til þess að standa undir 40 millj. kr. í framlagi ríkissjóðs til húsnæðismála. Voru því áætlaðar tekjur á þessum lið raunverulega 415 millj. kr. Það kemur hins vegar í ljós, að því fer víðs fjarri, að þessi áætlun standist. Bæði er það, að þessi margföldun fasteignamats gefur ekki nema helming þess, sem áætlað var, og enn fremur hitt, að lög um tekju- og eignarskatt frá síðasta þingi rýra þann tekjustofn ríkissjóðs mun meira en gert hafði verið ráð fyrir við undirbúning fjárl., enda þótt meðalhækkun álagningar muni vera um 33%. Er áætlað, að heildartekjur ríkissjóðs af tekju- og eignarskatti á þessu ári verði aðeins um 335 millj. kr. eða um 80 millj. kr. undir áætlun.

Þá er í endurskoðaðri innflutningsáætlun Seðlabankans gert ráð fyrir því, að innflutningur á yfirstandandi ári verði nokkru minni en fjárlagaáætlunin var miðuð við. Standi sú áætlun Seðlabankans, rýrna tekjur ríkissjóðs af þessum sökum um 20 millj. kr. Þá eru allar horfur á, að bifreiðainnflutningur á þessu ári verði það minni en á s. l. ári, að tekjur ríkissjóðs af leyfisgjöldum verði um 25 millj. kr. undir áætlun. Loks hafa tekjur af ríkisstofnunum verið í fjárl. áætlaðar svo hátt, að horfur eru á, að þar hallist um a. m. k. 25 millj. kr.

Eini tekjuliðurinn, sem talið er að geti orkað til nokkurs mótvægis við þennan mikla tekjumissi, er söluskatturinn, sem gert er ráð fyrir að geti farið um 30 millj. kr. fram úr áætlun.

Jafnhliða þessum slæmu horfum um tekjuöflun er þegar vitað, að margir útgjaldaliðir ríkissjóðs muni fara mjög verulega fram úr áætlun. Má í því sambandi nefna 4% launahækkun ríkisstarfsmanna frá 15. júlí að telja, sem hvergi er gert ráð fyrir í fjárl., en verður að sjálfsögðu að inna af hendi. Jafnframt verður hliðstæð

hækkun á tryggingabótum. Og loks er þegar komin fram 1% hækkun á verðlagsuppbótum. Til þess að gera sér nokkra grein fyrir því, hverju slíkar upphæðir geti numið, skal þess getið, að gera má ráð fyrir, að launagreiðslur ríkisins nemi nú um 900 millj. kr. og launahækkanir hafi bein áhrif á útgjaldaliði ríkisins, er nemi samtals um 1500 millj. kr. Veldur þannig 1% launahækkun ríkissjóði 15 millj. kr. aukaútgjöldum á ári.

Eftir að fjárlög þessa árs voru afgreidd, samþykkti Alþ. með sérstökum lögum að veita útgerðinni ýmiss konar aðstoð á þessu ári, sem áætlað er að valdi ríkissjóði 55 millj. kr. nýjum útgjöldum. Þá voru einnig eftir afgreiðslu fjárl. ákveðnar launabætur til opinberra starfsmanna, sem taldar voru óumflýjanlegar vegna launahækkana annarra stétta. Var áætlað, að þær launabætur mundu kosta ríkissjóð á þessu ári 65 millj. kr. Samtals var því hér um að ræða ný ríkisútgjöld umfram fjárlagaáætlun að upphæð 120 millj. kr.

Þar sem ekki var talið fært að leggja á nýja skatta til þess að mæta þessum auknu útgjöldum, taldi ríkisstj. óumflýjanlegt að grípa til þeirrar fjárlagaheimildar að lækka framlög til opinberra framkvæmda á yfirstandandi ári. Var ákveðið að lækka þessi framlög um 20%, og var talið eftir lauslegri athugun, að sú lækkun mundi spara ríkissjóði um 120 millj. kr. Þegar til framkvæmda kom reyndist þetta mjög á annan veg, því að inn í niðurskurðaráætlunina höfðu verði teknir margir útgjaldaliðir fjárl., sem eru beinlínis lögbundnir eða hreinir áætlunarliðir, svo sem jarðræktarframlög. Var reyndin sú, að ríkissjóði spöruðust við þennan niðurskurð aðeins um 85 millj. kr. Afleiðingin verður því beinn útgjaldaauki ríkissjóðs um 35 millj. af þessum sökum. Þá má geta þess, að jarðræktarframkvæmdir hafa orðið svo geysimiklar á s. l. ári, að umframútgjöld ríkissjóðs á þessu ári vegna jarðræktarframlaga munu nema um 20 millj. kr. Þá eru horfur á áframhaldandi geigvænlegum hallarekstri Skipaútgerðar ríkisins einnig á þessu ári, þannig að aukaútgjöld til Skipaútgerðarinnar munu verða a. m. k. 15 millj. kr. Þótt reynt verði með öllu móti að spyrna gegn öllum umframgreiðslum, sýna þessi dæmi og ýmis önnur hliðstæð, að við sum aukaútgjöld verður ekki ráðið.

Þetta var sú mynd, sem við blasti, er við settumst við að reyna að koma saman fjárlfrv. fyrir árið 1966. Sú draumsýn, sem því miður hefur oft undanfarin ár markað afstöðu manna hér á hinu háa Alþ., að allan vanda mætti leysa með nýjum og nýjum framlögum ótæmandi ríkissjóðs, er óvefengjanlega að engu orðin. Við stöndum nú öll andspænis þeirri nöpru staðreynd að verða að endurskoða afstöðuna til ríkisútgjalda. Við þessar aðstæður geri ég ráð fyrir, að allir hv. þm. geti verið mér sammála um það, að engra góðra kosta hafi verið völ, enda þótt menn vafalaust muni svo greina á um þær leiðir, sem valdar hafa verið. E. t. v. munu einhverjir segja: Vandinn er ekki annar en sá að draga úr ónauðsynlegum útgjöldum ríkissjóðs. Þetta hljómar fallega, og ég er fullkomlega þeirrar skoðunar, að einbeita beri kröftum sínum að því að draga úr öllum ónauðsynlegum útgjöldum. En því miður hrökkva þeir möguleikar skammt til að mæta þeim vanda, sem við er að fást. Æskilegast væri auðvitað fyrir fjmrh. að geta sagt: Nú er mælirinn fullur, og nú fellst ég ekki á neinar útgjaldahækkanir. — En því miður er málið ekki svona einfalt. Meginhlutinn af öllum útgjöldum ríkisins eru annaðhvort lögbundnar greiðslur eða óumflýjanleg framlög til þess að stöðva ekki þá þjónustustarfsemi við borgarana, sem löggjöfin gerir ráð fyrir. Laun ríkisstarfsmanna hljóta að hækka til samræmis við laun annarra stétta í landinu, enda beinlínis lögboðið, og aðrir þeir liðir, sem langmestum hækkunum valda árlega, félagsmál og menntamál, eru jafnframt lögbundnir. Sama er um útflutningsuppbætur á landbúnaðarvöru. Hin geysiháu framlög ríkisins til niðurgreiðslna á vöruverði eru að vísu ólögbundin, en mjög mikil lækkun þeirra mundi valda verulegri hækkun ýmissa nauðsynjavara og með núverandi skipan mála valda hækkun kaupgreiðsluvísitölu, er í senn yki útgjöld ríkissjóðs og orsakaði aukin vandræði framleiðsluatvinnuveganna, sem þegar eru ærin. Jafnhliða þessum miklu erfiðleikum við að skera í stórum stíl niður útgjaldaliði fjárl. var svo hin brýna nauðsyn þess að grípa ekki til nýrrar tekjuöflunar, er óhjákvæmilega hlyti að leiða til allsherjarhækkunar vöruverðs í landinu eða taka samstundis aftur af borgurunum þau mikilvægu skatthlunnindi, er veitt voru með skattal. þeim, sem samþ. voru á síðasta þingi. Tel ég höfuðnauðsyn að haga nú afgreiðslu fjárl. á þann veg, að hvorki þurfi að skerða þessi hlunnindi né heldur valda allsherjarverðhækkun í landinu með almennri hækkun innflutningsgjalda eða hækkun söluskatts. En til þess að svo megi verða, þarf að koma til raunsær skilningur hv. þm. á allri fjárhagsaðstöðu ríkissjóðs og mikil hófsemi um alla kröfugerð. Greiðsluhallalaus fjárlög verður að afgreiða, og treysti ég á góða samvinnu við hv. fjvn. og hv. þm. yfirleitt, svo að því takmarki verði náð á þeim grundvelli, sem lagður er með fjárlagafrv. eða öðrum raunhæfum úrræðum, sem ég er að sjálfsögðu til viðtals um.

Ég mun þá í meginatriðum gera grein fyrir fjárlagafrv., breytingum frá fjárl. yfirstandandi árs og loks þeim úrræðum, sem till. eru gerðar um í því skyni að geta afgreitt greiðsluhallalaus fjárlög.

Í inngangi aths. með fjárlagafrv. er gerð grein fyrir þeim reglum, sem fylgt var við ákvörðun einstakra útgjaldaliða frv. Meginorsök útgjaldaaukningar ríkissjóðs eru launahækkanirnar. Samanburður á einstökum fjárlagagr. við fjárlög þessa árs verður torveldur, vegna þess að þær 43 millj. kr. til launauppbóta, sem veittar voru í einu lagi á 19. gr. fjárl. ársins 1965, dreifast nú á hina einstöku fjárlagaliði. Við bætist svo sú 6.6% hækkun, sem mæta átti með niðurskurði fjárfestingarliða á yfirstandandi ári, en að öðru leyti eru launaáætlanir miðaðar við 3.66% vísitöluhækkun, sem í gildi var í sumar, þegar frá fjárlagaáætlun stofnananna var gengið. Það er því ljóst, að við hina einstöku rekstrarútgjaldaliði fjárlagafrv. munu enn bætast hækkanir vegna nýrra launauppbóta, sem síðan

hafa komið til. Er þegar vitað um 4% almenna launauppbót ríkisstarfsmanna í samræmi við kjarasamning á sl. sumri, sem fellur á ríkissjóð frá 15. júlí s. l. að telja og engin fjárveiting er fyrir í þessa árs fjárl. Að auki er til komin 1% hækkun á verðlagsuppbótum. Og loks hefur enn ekki verið endanlega gengið frá kjaramálum ríkisstarfsmanna. Gerðu ríkisstarfsmenn kröfur um svo stórfelldar launahækkanir umfram þau 4%, sem ríkisstj. samþykkti, að útilokað er með öllu að fallast á slíkar kröfur án beins úrskurðar kjaradóms. Teygði ríkisstj. sig þó eins langt til samkomulags og frekast var auðið, en umboðsmenn ríkisstarfsmanna töldu sig verða að krefjast enn meiri hækkana. Vildu báðir aðilar reyna að leysa málið með frjálsum samningum. En því miður reyndist það ekki auðið, og varð því að velja dómsúrskurðarleiðina. Engu verður um það spáð nú, hver verður úrskurður kjaradóms, en óvarlegt er að gera ekki ráð fyrir einhverjum hækkunum og með hliðsjón af þeim 5%, sem þegar eru áfallin, hugsanlegum hækkunum á úrskurði kjaradóms og jafnframt til að mæta að einhverju leyti hækkunum, sem svo að segja öruggt má telja að verði á næsta ári, eru í 19. gr. áætlaðar 100 millj. kr. til þess að mæta þessum væntanlegu og þegar vituðu útgjöldum. Má telja öruggt, að sú áætlun sé ekki of há.

Samkv. fjárlagafrv. ársins 1966 er rekstrarafgangur á rekstraryfirliti 208.8 millj. kr., en á sjóðsyfirliti eru tekjur samtals 3790 millj. og gjöld samtals 3765 millj. Verður þá hagstæður greiðslujöfnuður 25.4 millj. kr. Efnahagsstofnunin hefur áætlað tekjur ríkissjóðs á næsta ári af núgildandi tekjustofnum. Er í þeirri áætlun reiknað að fullu með aukningu innflutnings og launatekna, miðað við reynslu síðustu ára, og er ekki nema að litlu leyti tekin til greina lækkun tekjuskatts, sem umreikningur samkv. skattvísitölu hlýtur að valda. Þar sem enn er ekki hægt að ákvarða þá vísitölu, verður ekki nákvæmlega sagt um áhrif hennar. Þessi tekjuáætlun hefur verið tekin affallalaus í frv. og því ekki gert ráð fyrir neinum varasjóði til að mæta áföllum. Þar sem tekjuáætlun er þannig í toppi og miðuð við góðærisástand og gera má að sjálfsögðu ráð fyrir að auki, að einhverjar hækkanir verði á frv. í meðförum Alþingis, er vægast sagt teflt á tæpasta vað með ekki meiri greiðsluafgangi í frv. Jafnframt er svo þess að gæta, að samningar hafa ekki verið gerðir við Seðlabankann um úrræði til að jafna þá miklu skuld, sem myndazt hefur vegna greiðsluhalla 1964 og fyrirsjáanlegs greiðsluhalla á yfirstandandi ári. Samanburður við fjárl. yfirstandandi árs er erfiður að því leyti, að hluti ríkisútgjaldanna er ekki í fjárl. ársins 1965, heldur mætt eftir á með niðurskurði framkvæmda. Segja má þó, að raunhæfur samanburður fáist með því að bæta við útgjaldahlið fjárl. yfirstandandi árs um 35 millj. kr., sem útgjöldin uxu umfram tekjuauka vegna niðurskurðar verklegra framkvæmda. Verða útgjöld fjárl. 1965 þannig 3547 millj., en útgjöld samkv. fjárlagafrv. 1966 samtals 3765 millj. Er þannig hækkunin frá fjárl. þessa árs samtals um 218 millj. kr., og þó raunar tæpar 200 millj., en framlag ríkissjóðs til húsnæðismála umfram eignarskattsauka í ár er talið með í útgjaldahlið ríkissjóðs. Má segja, að öll þessi hækkun stafi af þegar áföllnum eða fyrirsjáanlegum launahækkunum.

Í aths. með einstökum gr. frv. er að finna nákvæmar skýringar á breytingum einstakra liða frá fjárl. ársins 1965. Mun ég ekki rekja þær breytingar, en mun aðeins drepa á þá liði, sem ég tel að þarfnist frekari skýringar.

Auk óumflýjanlegs aukakostnaðar vegna launahækkana, sem áður er að vikið, er aðalútgjaldaauki stjórnarráðsins 2 millj. kr. hækkun á öðrum kostnaði. Er hér ekki um neina nýja útgjaldaliði að ræða, heldur hefur þessi kostnaður árum saman verið allt of lágt áætlaður í fjárl. Er engin skynsamleg ástæða til að stefna þannig að fyrirsjáanlegum umframgreiðslum.

Lagt er til að veita sérstaka fjárhæð, 1.1 millj. kr., til hagstofunnar vegna tímabundinna verkefna, sem stofnunin vinnur að. Er þar um að ræða endurskoðun á grundvelli framfærsluvísitölunnar, kostnað við útgáfu nafnskírteina og kostnað við vélaúrvinnslu manntalsins 1960. Eru þessi útgjöld öll óumflýjanleg.

Aðalhækkunin á útgjöldum vegna utanríkisþjónustu er á tveimur liðum: Annars vegar vegna stofnunar sérstaks fastafulltrúaembættis Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum, sem ríkisstj. ákvað snemma á þessu ári jafnframt því, að niður var lögð sérstök aðalræðismannsskrifstofa í New York. Er áætlað, að nettó-útgjaldaauki vegna þessarar skipulagsbreytingar nemi 2.5 millj. kr. Hins vegar vegna sérstaks aukaframlags til Sameinuðu þjóðanna til þess að bæta úr fjárhagsörðugleikum þeirra. Nemur þetta viðbótarframlag tvöföldu fastaframlagi eða rúmum 3.4 millj. kr. Taldi ríkisstj. ógerlegt fyrir Ísland að skerast úr leik, þegar öll hin Norðurlöndin samþykktu slíkt aukaframlag, enda ekki sízt mikilvægt fyrir smáþjóðirnar, að friðargæzlustarf Sameinuðu þjóðanna sé ekki brotið niður.

Áætlað er, að kostnaðurinn við Alþ. hækki um rúmar 8.2 millj. Er það bæði vegna sýnilegrar vanáætlunar á yfirstandandi ári, launahækkana og tilkomu nýs húsnæðis, sem Alþingi hefur leigt fyrir starfsemi sína.

Fjárveitingar vegna innheimtu tolla og skatta hækka um rúmar 15 millj. kr. auk eðlilegrar hækkunar vegna launabreytinga. Er orsök hækkunarinnar óhjákvæmileg aukning tollgæzlunnar, fyrst og fremst í Reykjavík og á Keflavíkurflugvelli. Aðeins vegna flutnings á afgreiðslu Loftleiða til Keflavíkurflugvallar verða þar ný útgjöld 1.3 millj. kr. vegna tollgæzlu. Kostnaður við ríkisskattanefnd og skattstofur reynist enn of lágt áætlaður í núgildandi fjárl. Hefur starfsmannakerfi skattstofanna verið tekið til rækilegrar endurskoðunar nú í sumar, og hefur reynzt óumflýjanlegt að heimila allmikla fjölgun starfsmanna til þess að tryggja nægilega aðstöðu til eftirlits með skattaframtölum og viðhlítandi hraða við álagningu skatta, en seinagangur í því efni veldur sveitarfélögunum miklum erfiðleikum í sambandi við álagningu útsvara. Undirbúningur hins nýja fasteignamats hefur gengið allt of hægt. Hefur verið lögð sérstök áherzla á að hraða þeim undirbúningi,

þannig að matinu gæti orðið lokið á árinu 1967. Er hér um geysiumfangsmikið starf að ræða, og til þess að auðið sé að vinna að framkvæmdum með viðunandi hraða, er talið óumflýjanlegt að verja til þess 10 millj. kr. á næsta ári.

Útgjöld vegna dómgæzlu og lögreglustjórnar hækka verulega. Er þar þó ekki um nýja kostnaðarliði að ræða, heldur óhjákvæmilegan kostnaðarauka vegna launahækkana og hækkunar annars kostnaðar. Oft hefur verið kvartað um óviðunandi seinagang á afgreiðslu mála hjá ýmsum hinum stærri embættum, og hefur því þótt óumflýjanlegt að heimila smávægilega aukningu starfskrafta við nokkur þessara embætta. Vegna vanáætlunar á útgjöldum til embætta sýslumanna, bæjarfógeta og lögreglustjóra síðustu árin reynist óumflýjanlegt að hækka þann lið sérstaklega til að vinna upp þann mismun. Vegna laga frá síðasta þingi um laun hreppstjóra hækkar sá útgjaldaliður allverulega. Þá hækkar annar löggæzlukostnaður um 4.3 millj., sem stafar einnig að töluverðu leyti af of lágri áætlun í fjárl. að undanförnu. Kostnaður við landhelgisgæzlu hækkar um 3 millj., og er þó gert ráð fyrir, að landhelgisgæzlan hætti rekstri varðskipsins Sæbjargar. Að því skipi hafa verið mjög lítil not fyrir landhelgisgæzluna, en verulegur kostnaður við útgerð þess.

Hin nýju læknaskipunarlög, sem samþ. voru á síðasta Alþ., leiða af sér verulega hækkun, fyrst og fremst vegna þeirrar sérstöku staðaruppbótar til 20 héraðslækna, sem ákveðin er í lögum til þess að reyna að bæta úr hinum miklu erfiðleikum við að fá viðunandi læknaþjónustu í strjálbýlinu. Vegna hækkunar daggjalda á sjúkrahúsum vex rekstrarhalli ríkisspítalanna aðeins um 3.1 millj. kr. þrátt fyrir miklar launahækkanir. En þar eru þó ekki öll kurl til grafar komin, því að hækkun daggjaldanna leiðir beinlínis af sér mikinn útgjaldaauka fyrir ríkissjóð. Er orsökin sú, að skylduframlag ríkissjóðs til Tryggingastofnunar ríkisins hækkar um nær 8 millj. kr. umfram tekjuauka með hækkun daggjaldanna. Í fljótu bragði virðast því næsta fráleitir búskaparhættir að hækka daggjöld á ríkisspítölum. En hér koma til greina hagsmunir annarra sjúkrahúsa, sem óumflýjanlegt var að sinna. Framlag til byggingar héraðssjúkrahúsa og ríkisspítala er hækkað um samtals 3.2 millj. miðað við raunverulega fjárveitingu á yfirstandandi ári. Mun að auki verða að gera sérstakar ráðstafanir til að afla fjár vegna bygginga landsspítalans, og fyrirsjáanlegt er, að vangoldin framlög ríkissjóðs til sjúkrahúsa muni aukast mjög á næsta ári, einkum vegna borgarsjúkrahússins í Reykjavík, en borgaryfirvöldin gera ráð fyrir að verja til byggingar þess um 100 millj. kr. á yfirstandandi og næsta ári. Þá er og fyrirsjáanlegt á næstunni stórátak vegna bygginga Kleppsspítalans, en vegna fjárhagsörðugleika ríkissjóðs nú verða ekki í fjárl. næsta árs gerð nein ný átök til að leysa þann vanda, en lengi verður því ekki frestað.

Rekstrarhalli Skipaútgerðar ríkisins hefur vaxið svo geigvænlega síðustu árin, að við það verður með engu móti unað lengur. Fjárveiting til að greiða rekstrarhalla Skipaútgerðarinnar var hækkuð um 6 millj. kr. í fjárl. yfirstandandi árs, en því fer víðs fjarri, að sú 24 millj. kr. fjárveiting nægi til greiðslu rekstrarhallans. Var hallinn 1964 tæpar 38 millj., horfur á, að hann verði svipaður í ár, og í fjárhagsáætlun Skipaútgerðarinnar var hallinn á næsta ári áætlaður 35.6 millj. Skipulagsbreytingum á rekstri þessa fyrirtækis verður ekki lengur skotið á frest. Viðtækar athuganir hafa farið fram á rekstri Skipaútgerðarinnar síðustu árin, og hafa hagsýslusérfræðingar talið auðið að draga mjög verulega úr rekstrarhallanum. Forstjóri Skipaútgerðarinnar hefur verið á annarri skoðun í sambandi við þær tillögur, og ekki hefur tekizt að fá fram neinar skipulagsbreytingar. Nú enn einu sinni er sérstök nefnd að athuga úrræði til lausnar þessu mikla vandamáli. Er tillagna þessarar n. að vænta, áður en fjárl. verða endanlega afgreidd, en það er ákveðið mín skoðun, að óviðunandi sé að eyða fjármunum ríkisins á þennan hátt og verði að finna úrræði til þess að gegna hlutverki Skipaútgerðarinnar með miklu minni tilkostnaði. Fjárveiting til Skipaútgerðarinnar er í frv. áætluð hin sama og í fjárl. þessa árs.

Greiðslur á hafnarlánum hækka um tæpar 5 millj. kr., og eru þá útgjöld á þessum lið orðin 16.8 millj. kr. Er hér um að ræða árgjöld af lánum vegna landshafna og Þorlákshafnar, en í Þorlákshöfn hefur verið ráðizt í mjög kostnaðarsama hafnargerð, sem út af fyrir sig er nauðsynleg sem eina viðhlítandi höfnin á Suðurlandsundirlendinu, en því miður hefur verið hafizt handa um að gera, án þess að nokkur fjárhagsgrundvöllur væri til staðar. Hafa því árgjöld af lánum hafnargerðarinnar fallið á ríkissjóð. Er óumflýjanlegt að koma viðhlítandi skipulagi á fjárhagsmálefni þessarar hafnargerðar sem allra fyrst. Þar eð fjáröflun til hafnargerðar hefur verið tekin upp í framkvæmdaáætlun ríkisins nú síðustu árin, hefur að þeim málum verið unnið á miklu auðveldari hátt fjárhagslega fyrir sveitarfélögin en áður, en engu að síður eru þó fjárhagsmálefni margra hafnargerða í landinu stórt og sívaxandi vandamál, sem verður ekki lengur skotið á frest að gera sér grein fyrir. Virðast vaxandi erfiðleikar á því, að sveitarfélög á ýmsum stöðum á landinu getið risið undir hluta sínum af stofnkostnaði við hafnargerðirnar. Leiðir það til vaxandi vanskila á hafnarlánum, sem falla þá á ríkissjóð vegna ríkisábyrgðanna. Hefur ráðh. hafnarmála að tilmælum mínum ákveðið að láta í vetur framkvæma heildarathugun á þessu vandamáli, því að ekki tjóar að halda áfram á þessari braut, heldur verður að gera sér grein fyrir því, hvort óumflýjanlegt sé að auka aðstoð ríkisins við hafnargerðir á vissum stöðum, þar sem óhjákvæmilegt er talið að byggja höfn, en tekjumöguleikar hafnarinnar litlir á næstu árum og geta sveitarfélaganna ekki nægileg.

Talið er auðið að lækka allverulega fjárveitingu til greiðslu viðhaldskostnaðar við Reykjavíkurflugvöll. En ekki þótti sanngjarnt að lækka sem þessu nam fjárveitingu til flugmála, þar eð fjárveiting til flugvallagerðar er mjög óverulega miðað við þau miklu viðfangsefni, sem þar eru fram undan. Er fjárveiting til flugvallagerðar hækkuð um 2.4 millj. kr., miðað við raunverulega fjárveitingu á þessu ári. Vegna Vest-

fjarðaáætlunar hefur verulegt nýtt fé komið til flugvallagerðar í þeim landshluta á þessu ári.

Engin úrræði eru lengur til þess að skjóta sér undan að auka mjög verulega kostnaðarhlutdeild Íslands í greiðslu við rekstur veðurathugunarskipa á Norður-Atlantshafi. Hefur Ísland undnafarinn ár ekki greitt nema lítinn hluta af eðlilegri kostnaðarhlutdeild í þessari þjónustu, sem er fáum þjóðum nauðsynlegri en Íslandi. Þrátt fyrir hækkunina vantar þó enn verulega á, að eðlileg hlutdeild Íslands sé greidd, en ekki er þó talið fært að ganga lengra að sinni.

Gert er ráð fyrir, að óumflýjanlegt reynist að hækka fjárveitingu til landbúnaðarmála um rúmar 18,3 millj. kr. Áætlað er, að kostnað vegna sauðfjárveikivarna megi lækka um rúmar 9 milljónir, í von um, að engin ný óhöpp verði á því sviði á næsta ári. En því miður fer því fjarri, að þessi sparnaður nægi til þess að mæta öðrum óhjákvæmilegum útgjaldaauka á þessari grein. Áður hef ég drepið á hina stórkostlegu aukningu jarðræktarframkvæmda á s. l. ári, sem mun leiða til nærri 20 millj. kr. umframgreiðslu á yfirstandandi ári. Telur Búnaðarfélagið óráðlegt annað en gera ráð fyrir, að þessi þróun haldi áfram í ár, og með hliðsjón af því eru fjárveitingar til jarðræktar og framræslu hækkaðar um nær 20 millj. kr. Þá hefur komið í ljós, að framlag ríkissjóðs til stofnlánadeildar landbúnaðarins sé mjög vanáætlað í fjárlögum þessa árs, og er fjárveiting á þeim lið hækkuð um 6.5 millj. kr., sem þó er vafasamt að nægi. Á síðasta Alþingi voru sett ný lög um gróðurvernd. Er þar gert ráð fyrir nýjum átökum á sviði sandgræðslu, sem tvímælalaust er hið mesta nauðsynjamál. Er því lagt til að hækka fjárveitingu til sandgræðslustöðva og gróðurverndar um 1 millj. kr. Þá hefur því miður reyndin orðið sú, að stofnkostnaður við matsölu þá í London, sem ákveðið hefur verið að setja upp til kynningar á íslenzkum matvælum, fyrst og fremst landbúnaðarafurðum, og ríkisstj. var heimilað að gerast helmingsaðili að með heimild í 22. gr. fjárl. yfirstandandi árs, verður sýnilega mun meiri en áætlað var í upphafi. Aðrir hluthafar í fyrirtæki þessu, sem eru Samband íslenzkra samvinnufélaga, framleiðsluráð landbúnaðarins og Loftleiðir, hafa samþykkt að auka að sínu leyti hlutafé til þess að mæta þessum viðbótarkostnaði, og er þá talið óumflýjanlegt, að ríkið geri það einnig að sínum hluta og hækki hlutafjárframlag sitt í 4 millj. kr.

Framlög til sjávarútvegsmála hækka lítið og gefa ekki tilefni til sérstakra skýringa. Menn munu vafalaust veita því athygli, að ekki er í fjárlfrv. gert ráð fyrir neinni sérstakri aðstoð við sjávarútveginn, hliðstætt því, sem veitt var á yfirstandandi ári. Orsökin er ekki sú, að talið sé líklegt, að sú aðstoð geti með öllu fallið niður á næsta ári, heldur hitt, að athugunum á hag og afkomuhorfum útgerðarinnar er enn ekki lokið og löggjöf sú, sem þessi aðstoð byggist á, gildir aðeins fyrir yfirstandandi ár og fjárveiting til þeirra þarfa er ekki í fjárl. Er á þessu stigi málsins því hvorki auðið né heldur eðlilegt að taka nokkra sérstaka fjárveitingu í fjárlfrv. í þessu skyni. Hins vegar verður að sjálfsögðu að gera sérstakar ráðstafanir um fjáröflun til að mæta þeim útgjöldum.

Í sambandi við raforkumálin er vert að vekja athygli á því, að gert er nú ráð fyrir, að öll fjárveitingin til nýrra raforkuframkvæmda gangi til rafveðingar í sveitum, en áður var þessi fjárveiting að hluta hagnýtt til annarra framkvæmda. Verður því að afla fjár til óhjákvæmilegra framkvæmda rafmagnsveitna ríkisins með lántökum.

Vegna löggjafar frá síðasta Alþingi um rannsóknir í þágu atvinnuveganna verður allveruleg breyting á uppsetningu fjárveitinga til rannsóknarstofnananna, og jafnframt hækka nokkuð fjárveitingar til þeirra.

Á útgjöldum til menntamála verða enn á næsta ári miklar óhjákvæmilegar hækkanir, svo sem verið hefur árlega, eða um 53 millj. kr. Mesta hækkun til einstakrar stofnunar er til Háskóla Íslands, rúmar 4 millj. kr. Hefur verið heimiluð ráðning 7 lektora og 4 prófessora, og er þessi aukning starfsliðs í samræmi við 10 ára áætlun háskólaráðs um nauðsynlega eflingu háskólans. Hefur varðandi flesta útgjaldaliði verið farið eftir tillögum háskólans. Fjárveiting til styrktar íslenzkum námsmönnum hækkar um rúmar 2.5 millj. með hliðsjón af fjölgun námsmanna og hækkuðum námskostnaði. Mest hækkun til annarra æðri skóla er til menntaskólans í Reykjavík 2.5 millj. kr. og kennaraskólans um 2.3 millj. Framlög til barnafræðslu hækka um 18.8 millj. Þar af hækkar fjárveiting til byggingar barnaskóla um 5.6 millj. Er þó gert ráð fyrir, að fjárveitingar verði ákvarðaðar eftir sömu reglu og raunverulega var gert á yfirstandandi ári. Framlög til gagnfræðamenntunar hækka um 13.8 millj., þar af til byggingar gagnfræða- og héraðsskóla um 5.4 millj., einnig miðað við raunverulega fjárveitingu yfirstandandi árs. Óumflýjanlegt er talið að áætla 4 millj. kr. hækkun á fjárveitingu til greiðslu kostnaðar vegna yfirvinnu fastra kennara, eftirvinnu og eyðu í stundaskrám.

Hin stöðugt vaxandi útgjöld vegna skólabygginga eru vandamál, sem að verður vikið á öðrum stað. Hér skal aðeins minnzt á menntaskólana. Eru byggingarmál þeirra sérstakt vandamál, sem nauðsynlegt er að leysa. Efst á blaði hlýtur að vera að skapa viðunandi starfsskilyrði í þeim þrem menntaskólum, sem nú eru starfandi. Er nú nýlokið viðbyggingu við menntaskólann í Reykjavík, hafizt hefur verið handa um byggingu til að nýta betur möguleika menntaskólans á Laugarvatni, og húsnæðismál menntaskólans á Akureyri eru í því öngþveiti, að talið er óumflýjanlegt að hefjast nú sem fyrst handa um byggingu hliðstæðrar viðbótar við þann skóla og við menntaskólann í Reykjavík. Þá er hafin bygging nýs menntaskóla í Reykjavík, þar eð gamli menntaskólinn hefur þegar brotið af sér öll bönd. Á síðasta þingi var samþykkt, að reistir skyldu menntaskólar á Austurlandi og á Vestfjörðum. Að sjálfsögðu kemur ekki til mála að hefja byggingu þeirra skóla, fyrr en viðunandi ástand er fengið í sambandi við starfsemi hinna menntaskólanna. Engu að síður hefur þótt rétt að taka upp í fjárl. næsta árs byrjunarfjárveitingar til þessara væntanlegu skóla auk nokkurr-

ar hækkunar á fjárveitingu til framkvæmda við hina menntaskólana, og er þá gengið út frá, að fyrst um sinn verði þessum fjárveitingum varið til að hraða þeim framkvæmdum, sem í gangi eru, en síðan endurgreiddar, þegar hafizt verður handa um byggingu nýrra menntaskóla.

Fé það til alls konar styrktarstarfsemi, sem veitt hefur verið á 14. gr. B. fjárl., hefur lengi verið hálfgert vandræðamál og bæði í ráðuneytinu og í fjvn. rætt um nauðsyn þess að gera víðtæka skipulagsbreytingu á þeirri grein. Þar er að finna fjölda persónulegra styrkja, sem vægast sagt eru harla handahófskenndir og ekki eiga allir mikinn rétt á sér. En reyndin hefur orðið sú, að erfiðlega hefur reynzt að fella niður styrk, sem einu sinni hefur verið upp tekinn, enda þótt allar aðstæður hafi gerbreytzt. Hér er yfirleitt um fjárhæðir að ræða, sem skipta ekki verulegu máli fyrir fjárhag ríkissjóðs, en þessar nafnbundnu styrkveitingar eru á ýmsan hátt harla ógeðfelldar, og veldur stöðugri gagnrýni, hvers vegna einn fær styrk, en annar ekki, þótt um fullkomlega sambærilega aðstöðu sé að ræða. Lagt er nú til í frv. að sameina alla hina persónulegu styrki í heildarfjárveitingar á tveimur liðum, annars vegar styrk til ritstarfa og útgáfustarfsemi og rannsóknarstarfa, hins vegar styrk til tónlistarstarfsemi, verði fénu síðan ráðstafað skv. ákvörðun menntmrn. eða menntamálaráðs. Fjárveitingar eru hinar sömu og í fjárl. yfirstandandi árs og ekki gengið út frá því fyrir fram, að neinir tilteknir þessara styrkja verði raunverulega niður felldir, en þó reynt að styðja þá styrkari rökum en nú eru fyrir hendi í ýmsum tilfellum og styrkirnir ekki veittir, nema raunverulega sé um einhver styrkhæf menningarframlög að ræða á þessum sviðum. Þessi skipulagsbreyting hefur verið gerð í fullu samráði við menntmrn. Taldi rn. sér skylt að eiga frumkvæðið um þessa breytingu, en að sjálfsögðu verður fjvn. Alþingis að meta, hvort hún getur einnig fyrir sitt leyti á hana fallizt.

Langmesta hækkun á einstökum fjárlagagreinum eru fjárveitingar til félagsmála, sem hækka um 106 millj. kr. Raunveruleg hækkun er þó nokkru minni eða sennilega um 90 millj., því að aukafjárveiting er á 19. gr. fjárl. yfirstandandi árs til að mæta útgjaldaauka vegna 3% launahækkunar. Langmestur hluti þessarar útgjaldaaukningar er hækkun framlaga til almannatrygginga, sem nánar er gerð grein fyrir í grg. frv. Framlag til atvinnubótasjóðs er hækkað um 5 millj. kr., og er það í samræmi við fyrirhugaða löggjöf um eflingu þess sjóðs. Uppbætur á lífeyri hækka um 13.1 millj. kr.

Miðað við óbreyttar niðurgreiðslur á vöruverði á hverja einingu mun sá útgjaldaliður hækka um 16 millj. kr. og verður þá 559 millj. kr. Er hér um geigvænlegan útgjaldalið að ræða og augljós þörf skipulagsbreytingar í þessum efnum. En úrlausn þess vanda er ekki auðveld, eftir að verðtrygging launa hefur verið upp tekin að nýju.

Miðað við 10% verðhækkun landbúnaðarafurða verður að gera ráð fyrir 26 millj. kr. hækkun á fjárveitingu til uppbóta á útfluttar landbúnaðarafurðir, og eru þær uppbætur þá í hámarki, enda má gera ráð fyrir, að útflutningur landbúnaðarafurða verði það, miðað við s. l. ár og horfur á þessu ári.

Hin miklu útgjöld ríkissjóðs vegna vanskila á ríkisábyrgðalánum hafa lengi verið mikið vandamál. Fóru þær greiðslur vaxandi ár frá ári og leiddu til þess, að sett voru lög um ríkisábyrgðasjóð, þar sem reynt var að fastmóta betur reglur um veitingu ríkisábyrgða. Sú veigamikla breyting varð, að ábyrgð ríkissjóðs skyldi þar eftir yfirleitt vera einföld ábyrgð og Seðlabankanum jafnframt falið að kanna tryggingar fyrir ábyrgðarlánum og annast innheimtu. Hefur reynslan af þessari löggjöf verið mjög góð, sem ljósast kemur fram í því, að ríkisábyrgðir, sem veittar hafa verið samkvæmt hinum nýju reglum, hafa ekki leitt til neinna vanskila á síðustu þremur árum, að undantekinni ábyrgð til eins fyrirtækis, sem varð gjaldþrota. Hins vegar hafa haldið áfram stórfelld vanskil á fyrri ríkisábyrgðarlánum, sem flest voru sjálfskuldarábyrgðarlán, og hafa þó öll tækifæri verið notuð til þess að innheimta umrædd vanskil og breyta vanskilaskuldum í samningsbundin ný lán. Þetta hefur skilað þeim árangri, að vanskilin hafa farið minnkandi. Árið 1962 voru útborganir úr ríkisábyrgðasjóði vegna vanskila 140.5 millj., innborgaðar vanskilaskuldir 11.1 millj. og nettóútgjöld ríkissjóðs vegna vanskila þannig 129.3 millj. Árið 1963 voru útborguð vanskil 135.1 millj., innborganir 27.4 millj. og nettóútgjöld vegna vanskila 107.7 millj. Árið 1964 voru útborganir vegna vanskila 147.9 millj., innborganir 45.7 millj. og nettóútgjöld sjóðsins vegna vanskila 101.3 millj. Árið 1962 lagði ríkissjóður ríkisábyrgðasjóði 49 millj. kr. auk 40 millj. kr. lántöku í Seðlabankanum. Árið 1963 var fjárlagaframlag til sjóðsins 38 millj. og greiðsla umfram fjárl. 55.7 millj., eða alls 93.7 millj. kr. Á árinu 1964 var fjárveitingin 46 millj. og umframgreiðsla 41.7 millj., eða alls 87.7 millj. Ekki er enn vitað um útkomuna í ár, en hún ætti þó að verða mun betri, og óhætt þykir að ákveða fjárveitinguna 1966 50 millj. kr. í trausti minni vanskila. Er auðvitað óviðunandi að þurfa að greiða fyrir ótal aðila, ekki sízt einkaaðila, stórar fjárhæðir árlega af opinberu fé á þennan hátt.

Á grundvelli fenginnar reynslu af starfi ríkisábyrgðasjóðs er nú unnið að undirbúningi reglugerðar til að fastmóta starfshætti sjóðsins, en hin stórfelldu vanskil á ríkisábyrgðalánum um langt skeið eru glögg ábending til meiri varfærni með ríkisábyrgðir en oft hefur verið ráðandi.

Unnið er nú að undirbúningi framkvæmdaáætlunar fyrir árið 1966, og er lögð áherzla á að hraða því verki. Þarf m. a. að afla fjár til vissra framkvæmda á sviði skólabygginga, sjúkrahúsa og flugvallagerða, og verður væntanlega leitað eftir lántökuheimildum í þessu skyni, áður en fjárlög verða afgreidd.

Ef auðið átti að vera að afgreiða greiðsluhallalaus fjárlög án almennra skattahækkana, varð óhjákvæmilega að grípa til margvíslegra úrræða, sem auðvitað hlutu að koma við þjóðfélagsborgarana með ýmsum hætti, en þó ekki verka eins óheppilega og almenn hækkun söluskatts, verðtolls eða tekjuskatts. Skal ég nú í stuttu máli gera grein fyrir þessum úrræðum.

Við samningu fjárlfrv. var í byrjun reiknað með óskertum framlögum til fjárfestingar, miðað við fjárl. yfirstandandi árs, og þó raunar með verulegum hækkunum, einkum vegna skólabygginga. Þegar öll kurl voru til grafar komin, var augljóst, að því miður var þessi leið ekki fær, ef forðast átti almennar skattahækkanir, og var því að því ráði horfið að leggja til, að fjárveitingar til fjárfestingar yrðu í flestum greinum hinar sömu og þær raunverulega urðu á yfirstandandi ári, en sumir liðir þó töluvert hærri, eins og ég hef áður að vikið. Miðað við mikla fjárfestingarþenslu og óhóflega eftirspurn eftir vinnuafli, sem sérstaklega kemur illa við framleiðsluatvinnuvegina, er raunar bæði nauðsynlegt og eðlilegt að takmarka eftir föngum opinberar framkvæmdir. Enn fremur ber að hafa í huga, að gert er ráð fyrir margvíslegum fjárfestingarframkvæmdum með lánsfé, og verði að auki ráðizt í stórvirkjun og byggingu alúmíníum- og kísilgúrverksmiðju á næsta ári, koma þar enn til mjög miklar framkvæmdir.

Í öðru lagi er lagt til, að létt verði af ríkissjóði þeim þunga bagga að greiða rekstrarhalla rafmagnsveitna ríkisins, sem áætlað er að mundi nema um 40 millj. kr. á næsta ári. Er auðvitað með öllu óeðlilegt, að slíkur halli sé greiddur úr ríkissjóði, heldur verði raforkuverð við það miðað að standa undir rekstrarkostnaði. Er enda raforkuverð hér á landi lágt miðað við mörg önnur lönd. Mun ríkisstj. flytja frv. um að afla þessa fjár með eðlilegum hætti.

Í þriðja lagi er lagt til að fella niður þær eftirstöðvar af fjárveitingu ríkissjóðs til vegagerðar, sem eru í fjárl. yfirstandandi árs, 47 millj. kr., en urðu í reynd með 20% niðurskurði ekki nema 38 millj. Með hliðsjón af því, að hér er um lítinn hluta heildarfjárveitinga til vegaframkvæmda að ræða og að ríkið hefur afhent til vegagerðar tiltekinn tekjustofn, sýnast ekki nein sérstök rök mæla með því, að þessi fjárveiting standi áfram í fjárl. Af hálfu efnahagsmálasérfræðinga hefur verið talið eðlilegt, að benzínskattur yrði hækkaður verulega frá því, sem hann er nú, og þær auknu tekjur notaðar í þágu ríkissjóðs. Ég tel þá till. ekki eiga rétt á sér. Hins vegar hefur verið sæmilega að vegaframkvæmdum búið með afhendingu þessa tekjustofns miðað við margar aðrar framkvæmdir í þjóðfélaginu. Hefði vegaframlagi ríkissjóðs á næsta ári verið haldið óbreyttu miðað við hið raunverulega framlag á þessu ári, sem hlaut að verða með óbreyttu skipulagi, hefðu þannig tapazt á tveimur árum yfir 17 millj. kr. til vegaframkvæmda. Hefði það hlotið að raska mjög verulega vegáætluninni. Sýnist það því ótvírætt þjóna betur hagsmunum vegagerðarinnar að fella alveg niður þennan fjárlagalið, en gera jafnframt að sjálfsögðu ráðstafanir til þess að afla fjárins með hækkun á benzínskatti. Mun ríkisstj. gera ráðstafanir til, að svo verði gert, og tryggja þannig, að vegagerðin fái fullkomlega það fjármagn, sem henni er ætlað í vegáætlun.

Í fjórða lagi er gert ráð fyrir að hækka enn álag á fasteignamat til eignaskatts, svo að raunverulega verði náð því marki, sem ákveðið var með samþykkt síðasta Alþingis, að aflað skyldi á þennan hátt nægilegs fjár til þess að standa straum af því 40 millj. kr. nýja framlagi til húsnæðismála, sem ákveðið var með breyt. á húsnæðismálalöggjöfinni á síðasta þingi. Sú hækkun, sem þá var gerð, skilaði aðeins helmingi þessarar fjárhæðar, og þarf því að hækka álagið enn til þess að skila þeim 20 millj. kr., sem á vantar.

Í fimmta lagi er gert ráð fyrir að hækka aukatekjur ríkissjóðs, þ. e. ýmis leyfisbréfagjöld, dómsmálagjöld, gjöld fyrir fógetagerðir o. fl., sem yfirleitt eru litlar fjárhæðir og hafa staðið óbreyttar síðan 1960. Miðað við núverandi aðstæður eru mörg þessara gjalda orðin óeðlilega lág. Er reiknað með að afla á þennan hátt 20 millj. kr. nýrra tekna.

Í sjötta lagi er gert ráð fyrir að afla með hækkun á verði áfengis og tóbaks nýrra tekna, er nemi 60 millj. kr. á næsta ári.

Í sjöunda lagi er gert ráð fyrir að leggja á sérstakan farmiðaskatt í sambandi við ferðalög til útlanda, ef ekki er um námsmenn eða sjúklinga að ræða. Ferðalög til útlanda fara mjög vaxandi, og er það góðra gjalda vert, að menn skoði sig um í heiminum. En því miður hefur verðlagsþróunin gert það að verkum, að það er auðið að njóta sumarleyfisins á mun ódýrari hátt erlendis en ferðast um sitt eigið land. Auk þess er auðið að kaupa erlendis margvíslegar nauðsynjavörur mun ódýrar en þær eru seldar hér á landi, enda þótt eingöngu sé miðað við það, sem menn flytja löglega með sér á þann hátt til landsins. Það hlýtur alltaf að vera mikill minni hluti þjóðfélagsborgaranna, sem getur hagnýtt sér þessi hlunnindi. og þar sem í sambandi við þau er notkun á dýrmætum gjaldeyri, sem að sjálfsögðu er sameign þjóðarbúsins, er ekki óeðlilegt, að þeir, sem hlunnindanna njóta, greiði eitthvað sérstaklega til sameiginlegra þarfa þjóðfélagsins, ef aðstaða þeirra og hinna, sem heima sitja, er orðin óeðlilega misjöfn, svo sem nú verður að telja að sé. Á sínum tíma þótti mikill fengur að fá ferðagjaldeyri, þótt menn yrðu að greiða 25% álag, og miðað við þá gjaldeyrisupphæð, sem nú er veitt út á hvern farseðil, verður kostnaður ferðamanna með hinum nýja gjaldeyri mun lægri en meðan ferðagjaldeyrisálagið hélzt. Og hvað sem tekjuöflun í ríkissjóð líður, verður sú þróun að teljast mjög óheillavænleg, ef það reynist mönnum miklum mun hagstæðara fjárhagslega að ferðast til fjarlægra landa en eyða sumarleyfum sínum heima fyrir. Áætlað er, að tekjur af þessu nýja ferðagjaldi geti numið um 25 millj. kr. á næsta ári.

Herra forseti. Ég hef þá lokið við að gera í stórum dráttum grein fyrir afkomu ríkissjóðs árið 1964, afkomuhorfum á yfirstandandi ári og fjárlfrv. fyrir árið 1966 í einstökum atriðum. Mun ég þá víkja að nokkrum málum, sem grundvallarþýðingu hafa fyrir ríkisbúskapinn og að minni hyggju þarf að veita alveg sérstaka athygli.

Því miður fer því mjög fjarri, að viðhorf þjóðfélagsborgaranna til ríkisins og einkum ríkissjóðs sé með æskilegum hætti. Sú skoðun er allt of rík, að ríkissjóður sé einhver ópersónulegur aðili, sem allir geti gengið í að vild sinni, en helzt enginn þurfi að leggja fé til eða þá a. m. k. af mjög skornum skammti. Á sama hátt er sú hugsun allt of útbreidd, að óþarft sé að skera

reikninga og fjárkröfur við nögl sér, ef ríkið á að greiða. Skattsvik hafa verið almennur þjóðarlöstur, og tollsvik eiga sér stað í ríkum mæli, þótt á báðum þessum sviðum sé reynt að efla eftirlit og auka viðurlög. Í þessum efnum er brýn þörf hugarfarsbreytingar. Þjóðfélagsborgararnir verða að gera sér grein fyrir því, að sviksemi í eðlilegum gjaldskilum til ríkisins er raunverulega sama eðlis og fjársvik í viðskiptum manna á milli. Ríki og sveitarfélög verða með einhverjum hætti að fá nauðsynlegt fé til þess að standa undir þeim kröfum, sem borgararnir sjálfir gera til hins opinbera. Niðurstaðan verður því sú, að sviksemi í greiðslu opinberra gjalda bitnar ekki á ríkissjóði eða sveitarsjóðum, heldur á samborgurunum, það, sem einn svíkur undan skatti, verður óhjákvæmilega annar að greiða. Skattsvik og tollsvik eru því beinn fjárdráttur úr hendi annarra þjóðfélagsborgara. En til þess að skapa þetta nauðsynlega hugarfar í sambandi við greiðslur til almannaþarfa hljóta borgararnir að gera þá kröfu til ríkisvalds og sveitarstjórna, að gætt sé fyllstu ráðdeildar og hagsýni í notkun opinbers fjár, og með síauknum opinberum fjárráðum verður þetta aðhald æ brýnna. Forráðamenn opinbers fjár verða að temja sér það hugarfar, að jafnmikilvægt sé að spara hverja krónu, hvort sem þeir hafa til ráðstöfunar eina milljón eða 10 millj. En því miður er hættan sú, að á opinberum sviðum, svo sem í einkalífi okkar, sljóvgist tilfinningin fyrir hverri peningaeiningu, eftir því sem upphæðirnar vaxa. Það er augljóst, hversu hlutfallslega hlýtur að vera miklu kostnaðarmeira fyrir smáþjóð en stórþjóð að halda uppi fullkomnu ríkiskerfi og allri þeirri þjónustu við borgarana, sem nútíma menningarþjóðfélag krefst. Þess vegna verðum við að gæta hófs í þessum efnum. Það er auðvitað ágætt að geta fetað í spor milljónaþjóða um framkvæmdir og uppbyggingu margvíslegra þjóðfélagsstofnana. En ef við ætlum ekki að reisa okkur hurðarás um öxl, verðum við að sníða okkur stakk eftir vexti. Þjóð, sem er ekki fjölmennari en eitt borgarhverfi í stórborg, getur ekki leyft sér það sama og stórþjóðir gera.

Okkur er hollt og nauðsynlegt að læra af öðrum þjóðum, en okkur tjóar ekki um viðmiðun framkvæmda og uppbyggingu stofnana að vitna til þess eins, að svona sé það hjá öðrum þjóðum, svo sem oft er gert, og því verði það að vera eins hjá okkur. Við eigum að sjálfsögðu markvisst að stefna að auknum framkvæmdum og framförum, en við verðum að miða kröfur okkar í þeim efnum við fjárhagsgetu okkar sjálfra, en ekki, hvað aðrar þjóðir gera. Okkur er að sjálfsögðu hin mesta nauðsyn að tryggja okkur menntamenn og vísindamenn á sem flestum sviðum og leitast við að skapa þeim starfsskilyrði, en við verðum um leið að treysta á skilning þessara ágætu manna á því, að hvorki er líklegt, að við getum skapað þeim jafnfullkomin starfsskilyrði og stórþjóðirnar veita sínum vísindamönnum, né heldur greitt þeim þau laun, sem þeir gætu e. t. v. átt kost á hjá miklu stærri þjóðum.

Það er oft talað um ríkisbáknið og þá átt við hið opinbera stjórnsýslukerfi, og það þykir oft hagkvæmt í stjórnmálabaráttunni og líklegt til vinsælda að tala um það, að sívaxandi ríkisútgjöld stafi fyrst og fremst af ofþenslu í ríkisbákninu og lausn allra meinsemda sé að draga úr þeim útgjöldum. Svo sem ég áðan sagði, verður það hlutfallslega mjög kostnaðarsamt fyrir eins litla þjóð og okkur Íslendinga að halda uppi öllum þeim sömu þjóðfélagsstofnunum og stjórnsýslukerfi, sem margfalt stærri þjóðir hafa, þótt í minni mæli sé hjá okkur. Er því hófsemi í öllum útgjöldum á þessu sviði hin mesta nauðsyn. Einmitt af þessum sökum þótti mér ekki ófróðlegt að láta fram fara sérfræðilega athugun á því, hver væri hinn raunverulegi stjórnsýslukostnaður ríkisins og hver hefði verið þróun hans undanfarin ár, en slík athugun hygg ég að hafi ekki áður farið fram. Það er að vísu nokkurt álitamál um ýmsa þætti útgjalda, hvort þeir eigi að teljast til stjórnsýslukostnaðar eða til almennra þjóðfélagsþarfa. En það skiptir ekki höfuðmáli til samanburðar, ef sömu útgjaldaliðir eru hafðir til viðmiðunar öll árin. Leiðir þessi athugun í ljós, að miðað við fast verðlag hefur stjórnsýslukostnaður á árunum 1955—1965 hækkað um 82.2%, eða sem svarar 6.1% árlegs vaxtar að meðaltali. Mest er hækkun stjórnsýslukostnaðarins árið 1956 11.8% og 1960 16.3%, en minnst árið 1964 3.9% og árið 1959 og 1961 var um beina lækkun að ræða, 2% hvort árið. Þegar skoðað er, hversu stjórnsýslukostnaður er mikill hluti af ríkisútgjöldum, kemur í ljós, að það hlutfall hefur farið lækkandi síðustu árin, var á árunum 1955—1958 að meðaltali um 15% á ári, en á árunum 1960—1963 milli 11 og 12%, 1964 10.8% og í fjárl. 1965 áætlað um 10.5% af ríkisútgjöldum. Hlutfall stjórnsýslukostnaðar af þjóðarframleiðslu hefur verið svipað öll þessi ár, eða frá 1.9% til 2.1% og var 1.9% árið 1964. Hvort hér er um eðlilega þróun að ræða, verður ekki fullyrt án nánari athugana. En líklegt er þó, að aukning stjórnsýslukostnaðarins á þessu tímabili hafi ekki verið óhæfileg.

Á síðustu áratugum hafa ýmsar ráðstafanir verið gerðar til þess að reyna að kanna úrræði til aukinnar hagkvæmni og sparnaðar í ríkisrekstri og koma á auknu eftirliti með meðferð ríkisfjár. Sérstakar sparnaðarnefndir hafa verið skipaðar oftar en einu sinni og þær skilað ýtarlegum álitsgerðum. Og í tíð vinstri stjórnarinnar var skipuð þriggja manna nefnd, sem verður að leggja blessun sína yfir allar nýjar mannaráðningar ríkisstofnana. Allt var þetta góðra gjalda vert, svo langt sem það náði, en það var fyrst í fjmrh.-tíð Gunnars Thoroddsens, sem var gerð tilraun til þess að koma á skipulegri hagsýslu og kerfisbundinni athugun á rekstrarfyrirkomulagi ýmissa ríkisstofnana. Var aðalendurskoðanda ríkisins falin yfirstjórn hagsýslumála og honum til ráðuneytis ýmsir embættismenn og formaður fjvn. Alþingis. Er engum efa bundið, að margt jákvætt hefur leitt af þessari starfsemi, þótt ekki hafi af ýmsum ástæðum reynzt auðið að framfylgja öllum till. hagsýslumanna. Skal sú saga ekki rakin hér, en minna má á sameiningu áfengis- og tóbakseinkasölu, sameiginlega gjaldheimtu ríkis og Reykjavíkurborgar, niðurlagningu sérstaks eftirlits með sparisjóðum og opinberum sjóðum, athugun á vinnubrögðum í ýms-

um ríkisstofnunum og aðstoð við hagkvæmari vinnubrögð og nýskipan skattheimtu.

Það er augljóst, að halda þarf áfram á þeirri braut að treysta eftirlit með notkun opinbers fjár og vinna að kerfisbundinni hagsýslu í sem flestum greinum ríkisrekstrarins. Hagsýslustarf síðustu ára hefur veitt mikilvæga reynslu, sem hægt er að byggja á frekari aðgerðir. Þessi reynsla færir okkur heim sanninn um það, að mikið vantar á, að eftirlit með notkun ríkisfjár sé nægilega traust. Felst ekki í þessum orðum neinn áfellisdómur á forstjóra ríkisstofnana eða embættismenn ríkisins, heldur er í ýmsum greinum um hreina skipulagsgalla að ræða. Árlegar launagreiðslur ríkisins nálgast nú 1 milljarð kr. á ári. En samningsgerð við ríkisstarfsmenn, eftirlit með framkvæmd samninga, launaflokkun og eftirlit með yfirvinnu og aukaþóknun til starfsmanna er unnið í hjáverkum af störfum hlöðnum starfsmönnum í fjmrn. Þar sem svo miklu varðar fyrir ríkið og rétta framkvæmd þessara mála, verður að sjálfsögðu ekki hjá því komizt að ráða sérstakan launamálafulltrúa við fjmrn., sem hafi yfirumsjón með framkvæmd kjarasamninga og hafi jafnframt forustu um að vinna að því kerfisbundna starfsmati í samráði við Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, sem brýn nauðsyn er að taka upp sem fyrst, því að núv. flokkun starfsmanna í launaflokka byggist engan veginn á nægilega traustum grundvelli. Þá er það samdóma álit rn. og hagsýslumanna, að ekki sé í hjáverkum unnt að vinna að nægilega traustu eftirliti með rekstri ríkisstofnana, heldur þurfi að koma á fót sérstakri hagsýsludeild í fjmrn., sem hafi víðtækt vald til afskipta af fjárhagsmálefnum ríkisstofnana og geti einbeitt sér að tillögugerð um aukna hagkvæmni í ríkisrekstrinum.

Það er jafnframt ljóst öllum þeim, sem vinna að undirbúningi fjárl., að sá undirbúningur er ekki nægilega rækilegur. Það þarf að vera auðið að kanna miklu betur en nú er gert fjárhagsáætlanir hinna einstöku ríkisstofnana, þannig að rekstraráætlun sé byggð á traustum og raunhæfum grundvelli og niðurskurður útgjalda byggður á það traustum rökum, að ekki þurfi eftir á að koma til umframgreiðslna, eins og oft vill verða. Að undirbúningi fjárl. er hins vegar unnið á erfiðasta tíma ársins og það í hjáverkum embættismanna rn., sem þá er einmitt undirmannað vegna sumarleyfa. Eftir að fjárl. hafa verið afgreidd, skortir svo verulega aðstöðu til þess að fylgjast nægilega örugglega með framkvæmd þeirra, sjá um, að stofnanirnar fylgi nákvæmlega fjárlagaáætlunum og breyti starfsháttum sínum, ef fé hefur ekki fengizt í samræmi við upphaflegar óskir stofnananna, og í stuttu máli að skapa þá tilfinningu hjá öllum þeim aðilum, sem hafa með ráðstöfun opinbers fjár að gera, að þeir verði að standa reikningsskap gerða sinna. Ríkisendurskoðunin vinnur að vísu mikilvægt verk, og hefur verið lögð áherzla á, að endurskoðunin sé eigi aðeins töluleg, heldur sé fylgzt með því, að heimildir hafi verið til fjárráðstafana, og athygli rn. vakin á því, ef um óeðlilega kostnaðarliði er að ræða. Þótt þetta aðhald hafi mikla þýðingu, kemur það þó eftir á og getur ekki í tæka tíð girt fyrir útgjöld, sem kynnu að hafa verið talin miður nauðsynleg eða jafnvel heimildarlaus. Til þess að geta betur fylgzt með útgjöldum ríkisstofnana er unnið að því, að þær sendi mánaðarlegt yfirlit, en því miður skortir mannafla til að vinna úr þeim yfirlitum sem skyldi.

Það er því hin mesta nauðsyn að geta í senn haft lengri tíma til þess að vinna að undirbúningi fjárl. og koma á traustara eftirliti með því, að fylgt sé þeim útgjaldaramma, sem Alþ. hefur markað með fjárl. Ég tel því mikla nauðsyn á að koma traustara skipulagi á undirbúning fjárl. og eftirlit með framkvæmd þeirra. Kemur til athugunar að sameina það verkefni hagsýslunni. Af þessu leiðir að nokkru ný útgjöld, en þau eru mjög smávægileg miðað við það, sem í húfi er, ef ekki er auðið að leggja nægilega traustan grundvöll að fjárhagsáætlunum ríkisins og fylgjast með, að fyllstu hagsýni sé gætt í notkun þess fjár, sem á hverju ári er tekið af þjóðfélagsborgurunum til hinna margvíslegustu opinberra þarfa.

Þá er ljós nauðsyn þess, að gætt sé hinnar fyllstu hagsýni um hagnýtingu þess mikla fjármagns, sem ríkissjóður árlega veitir til margvíslegra framkvæmda, sem annaðhvort eru algerlega á vegum ríkisins eða er greitt sem hluti af kostnaði við framkvæmdir sveitarfélaga. Að undanskildum skólabyggingum sveitarfélaga eru þessar framkvæmdir yfirleitt unnar á vegum hinna ýmsu framkvæmdastofnana ríkisins eða undir eftirliti þeirra. Ég efast ekki um það, að forstöðumenn hinna ýmsu framkvæmdastofnana vilji leggja sig fram um, að framkvæmdafé hagnýtist sem bezt. En það þýðir ekki að loka augunum fyrir því, að í sambandi við margar opinberar framkvæmdir er gagnrýni borgaranna hvað háværust. Ber því ekki heldur að neita, að ýmsir annmarkar eru á framkvæmdum hins opinbera. Undirbúningur framkvæmda er í mörgum greinum fjarri því að vera nægilega traustur, áður en í framkvæmdirnar er ráðizt, og einkum eru kostnaðaráætlanir oft ófullkomnar og opinberar byggingar reynast oft óhæfilega dýrar. Þá hafa framkvæmdastofnanirnar oft ekki getað unnið svo hagkvæmt sem skyldi að ýmsum verkefnum sínum, þar eð þær hefur mjög skort viðhlítandi vélakost. Nefnd, sem sérstaklega hefur til athugunar vélakost ríkisstofnana og bifreiðaeign ríkisins, hefur unnið að till. í þessu efni, sem nauðsynlegt er að taka til rækilegrar athugunar á næstu mánuðum. Margir verktakar eru nú orðnir í landinu, sem hafa miklu fullkomnari vélakost en framkvæmdastofnanir ríkisins í ýmsum greinum. Hefur mikil breyting orðið í þessu efni á síðustu árum, og þarf því að athuga rækilega, hvort ekki sé hagkvæmara að bjóða út mun meira af framkvæmdum en nú er gert og framkvæmdastofnanirnar hafi þá fyrst og fremst það verkefni að undirbúa rækilega útboð og noti síðan sérfræðinga sína til að hafa eftirlit með framkvæmdum. Loks er nauðsynlegt að athuga rækilega, hvort ekki er hægt að ná betri kjörum varðandi innkaup efnivöru til framkvæmda með því að láta innkaup til ríkisstofnana vera í ríkara mæli á einni hendi. Hefur ríkisstj. nú sett á laggirnar nefnd fróðra manna til þess að gera heildarat-

hugun á því, hversu hægt sé að láta framkvæmdafé ríkisins nýtast sem bezt, og skal þá taka til athugunar bæði undirbúning framkvæmda, eftirlit með þeim, hagnýtingu útboða og innkaup efnivöru. Það skal skýrt tekið fram, að í þessari athugun felst ekki neitt vantraust á forráðamenn framkvæmdastofnana ríkisins, en það er ljóst, að hér er um svo mikilvægan þátt ríkisbúskaparins að ræða, sem auk þess er undir stöðugri smásjá almennings, að nauðsynlegt er að kanna öll þessi atriði til hlítar.

Sá þáttur opinberra framkvæmda, sem tilfinnanlegast vex ár frá ári, eru skólabyggingarnar, en að ríkisskólunum fráskildum eru þær byggingar ekki í höndum ríkisins, sem þó greiðir stóran hluta byggingarkostnaðarins, heldur í höndum sveitarfélaganna. Eftir að fjármálaeftirlit skólanna var sett á stofn, urðu mikilvægar umbætur í sambandi við eftirlit með skólabyggingum, en þó fer því mjög fjarri, að þau mál séu komin í viðhlítandi horf. Skólabyggingamálin eru nú í sérstakri athugun á vegum menntmrn., og er að vænta till. í þeim efnum á næstunni. En persónulega er ég þeirrar skoðunar, að taka eigi upp þá reglu að greiða vissa fjárhæð á rúmmetra í skólabyggingum eða hlutdeild ríkissjóðs í byggingarkostnaði verði miðuð við vissa hámarksfjárhæð, er miðist við hóflegan byggingarkostnað á hverjum tíma.

Bifreiðakostnaður ríkisins er töluvert vandamál, sem oft hefur verið til athugunar, en erfiðlega gengið að setja fastar reglur um. Er m. a. nokkuð handahófskennt, hvaða embættismenn ríkisins hafa ríkisbifreiðar til afnota, og í ýmsum tilfellum munu slík bifreiðaumráð hafa verið nokkurs konar launauppbót, meðan laun forstöðumanna ríkisstofnana voru óhæfilega lág. Í sumar setti ríkisstj. ákveðnar reglur um hámarksupphæð, er við skyldi miða endurnýjun þessara bifreiða og greiðslu rekstrarkostnaðar þeirra. Jafnframt hefur fjmrn. falið bifreiða- og vélanefndinni að gera um það till. fyrir næstu áramót, hvaða embættismönnum sé talið rétt og nauðsynlegt að hafa ríkisbifreiðar til umráða, og jafnframt verði bifreiðastyrkjakerfið tekið til endurskoðunar. Mælir margt með því, að heppilegra sé að greiða embættismönnum bifreiðastyrki, þegar bifreiðakostnaður er óumflýjanlegur, heldur en ríkið eigi bifreiðarnar.

Verulegu fjármagni er árlega varið til byggingar embættisbústaða víðs vegar um landið. Í löggjöf um ýmis embætti er gert ráð fyrir embættisbústöðum, en naumast er þó hægt að segja, að fullt samræmi sé í þeim reglum. Víða um landið, þar sem erfitt er um húsnæði eða torvelt að selja húseignir á fullu verði, verður ekki hjá því komizt að hafa embættisbústaði. Hins vegar sýnist mér fráleitt að byggja embættisbústaði í höfuðborginni og öðrum þéttbýlissvæðum, þar sem verðgildi húsa er stöðugt. Er það hvorki til góðs ríkinu né viðkomandi embættismanni, og virðist eðlilegra á þeim stöðum að reyna að greiða fyrir því með lánsfé, að embættismennirnir geti sjálfir eignazt sitt húsnæði, enda er reyndin sú, að embættisbústaðir eru yfirleitt mjög dýrir í byggingu og það, sem einum hentar, hentar alls ekki þeim næsta. Fulltrúar úr þeim ráðuneytum, sem hinir ýmsu embættisbústaðir heyra undir, vinna nú að heildarathugun þessa máls.

Aðild Íslands að margvíslegri, alþjóðlegri samvinnu hefur farið vaxandi með ári hverju. Sem frjáls og fullvalda þjóð verður Ísland að eiga aðild að mörgum alþjóðasamtökum, og ýmis þessi samtök færa landinu beinan fjárhagslegan hagnað, svo sem t. d. alþjóðaflugmálastofnunin, sem greiðir nú um 60 millj. kr. ársframlag til ýmissa greina flugþjónustu hér á landi. Hins er ekki að dyljast, að þessi alþjóðasamvinna er í mörgum greinum mjög kostnaðarsöm fyrir okkur, eigi aðeins vegna árstillaga, heldur eigi síður vegna sífelldra ferðalaga íslenzkra embættismanna á margvíslegar ráðstefnur. Er því ekki að leyna, að ásókn í slíkar ráðstefnuferðir fer vaxandi, og er það ekki aðeins íslenzkt vandamál, heldur vandamál, sem flestar aðrar þjóðir munu einnig þurfa við að glíma. Hér sem víðar er meðalhófið vandratað. Við verðum á viðhlítandi hátt að gæta hagsmuna íslenzku þjóðarinnar á alþjóðavettvangi, en jafnframt gæta alls hófs um ráðstefnuferðir, bæði um tölu fulltrúa og hvenær brýn nauðsyn sé að senda fulltrúa. Yfirleitt hafa íslenzkar stjórnarstofnanir mjög takmörkuðu starfsliði á að skipa, og sífelldar utanfarir embættismanna valda ekki aðeins kostnaði, heldur geta torveldað ýmis nauðsynleg störf viðkomandi stofnana. Hef ég talið rétt að reyna að fá heildarmynd af þessu vandamáli og því falið ríkisendurskoðuninni að afla upplýsinga um utanferðir og ferðakostnað embættismanna og stofnana á s. l. ári í því skyni að gera sér grein fyrir, hvort auðið er að setja fastar reglur um þetta efni. Margvíslegar ráðstefnur, einkum norrænar, eru í vaxandi mæli haldnar hér á landi, og opinberar gestakomur aukast einnig. Hvort tveggja hefur þetta þýðingu fyrir landið, sem ekki má vanmeta, og ekki er hægt að komast hjá ýmiss konar risnu og veizluhaldi ríkisstj. og jafnvel annarra opinberra aðila í þessu sambandi. Rétt er að geta þess, að ríkisstj. hefur lagt áherzlu á að hafa það hóf, sem auðið er, á í þessu efni, án þess þó að verða íslenzkri gestrisni til skammar, og hefur m. a. verið reynt eftir föngum að hafa móttökur og veizlur í ráðherrabústaðnum, sem dregur mjög úr þessum kostnaði.

Till. hafa á ýmsum tímum komið fram um sameiningu ríkisstofnana, bæði frá sparnaðarnefndum og fjvn. Því miður hefur reyndin orðið sú, að erfitt er að koma við þeirri sameiningu, og eru ýmis ljón á vegi. Lengi hefur t. d. verið talað um að sameina skógrækt og sandgræðslu, sem eru mjög skyldar stofnanir, sameina öryggiseftirlit og skipaskoðun ríkisins og fela iðnaðardeild atvinnudeildar háskólans matvæla- og mjólkureftirlit. Ekkert af þessu hefur tekizt að framkvæma. Kann að vera, að sparnaður sé ekki umtalsverður við slíka skipulagsbreytingu, en nauðsynlegt er þó að halda áfram athugun á þessum möguleikum, og er það eitt þeirra viðfangsefna, sem hagsýslustarfsemin þarf að beinast að. Þarf að finna hagkvæmt tækifæri til slíkrar sameiningar stofnana, svo sem var í sambandi við tóbaks- og áfengiseinkasöluna, en það mál hafði árum saman verið til umr., áður en tókst að fá samstöðu um framkvæmdir.

Flestar framkvæmdastofnanir ríkisins hafa eigin véla- og viðgerðarverkstæði. Er nú í sérstakri athugun, hvort eigi sé hagkvæmt að sameina þessa þjónustu að einhverju eða öllu leyti.

Prestakallaskipunin er nú í endurskoðun að tilhlutan kirkjumrh. Skal ég ekki ræða það mál á þessu stigi, en þess er að vænta, að menn líti það mál raunsærri augum en gert hefur verið með hliðsjón af gerbreyttum þjóðfélagsháttum. Vegna mjög bættra samgangna sýnist fækkun prestakalla á ýmsum stöðum á landinu sjálfsögð og eðlileg ráðstöfun, og jafnframt ætti að létta af prestum búskaparbasli, sem er þeim nú margfalt erfiðara en áður fyrr, og virðist eðlilegt, að aðsetur presta sé í þéttbýlisstöðum eða við menningarmiðstöðvar í sveitum, þar sem þeir jafnframt gætu sinnt kennslu í kristnum fræðum. Hef ég ekki talið rétt að fallast á óskir biskups um fjárveitingu til nýrra prestsembætta í Reykjavík, fyrr en þessari endurskoðun prestakallaskipunarlaga er lokið.

Prestssetursjarðir og aðrar ríkisjarðir eru vaxandi kostnaðarliður fyrir ríkið, en tekjur af þessum eignum hverfandi litlar. Tel ég tvímælalaust rétt að stefna að því að selja sem flestar ríkisjarðir, þar sem ekki er um að ræða jarðhita eða önnur sérstök verðmæti, enda eru ábúðarl. þannig úr garði gerð, að naumast er gerandi að eiga jarðir í ábúð. Er ríkið sem landeigandi lögum samkv. skyldugt til að leysa til sín byggingar á ríkisjörðum frá fráfarandi ábúanda. Hefur alvara þessa skipulags bezt komið í ljós á þessu ári, þar sem ríkið hefur orðið að greiða einum ábúanda 1 millj. kr. fyrir byggingar, sem hann hefur reist á ríkisjörð.

Vegna verðrýrnunar er orðið miklu kostnaðarsamara að slá ýmsar mynteiningar en svarar verðgildi þeirra. Er nú í athugun, hvort eigi sé rétt að afnema hinar minni mynteiningar og jafnframt fela Seðlabankanum myntsláttuna. Í framhaldi af því kemur til athugunar að fela Seðlabankanum sem viðskiptabanka ríkissjóðs að einhverju eða jafnvel öllu leyti þau störf, sem skrifstofa ríkisféhirðis nú annast.

Ég hefði haft löngun til að ræða mörg önnur atriði, þar sem endurskoðunar er þörf í ríkisbúskapnum, en tímans vegna er það ekki fært, og læt ég því hér staðar numið. Vert er að hafa í huga í þessu sambandi, að breytingar eru örar á mörgum sviðum í þjóðfélaginu og það, sem kann að hafa verið gott og eðlilegt á einum tíma, getur verið úrelt nú. Það þarf því ekki að taka það sem gagnrýni á einn né neinn, þótt rætt sé um nauðsyn víðtækra breytinga á ýmsum sviðum, og það varðar miklu fyrir þjóðina, að hún geri sér grein fyrir hinum breyttu aðstæðum og forráðamenn hennar þori jafnframt að beita sér fyrir nauðsynlegum breytingum, þótt þær kunni að raska gömlu skipulagi. Það er þannig ekki aðeins prestakallaskipunin, sem eðlilegt er að endurskoða og samrýma nýjum aðstæðum, heldur hlýtur einnig hin gamla hreppa- og sýsluskipun að koma til rækilegrar endurskoðunar og breytinga á næstu árum. En út í það skal ég ekki fara nánar hér.

Ég geri ráð fyrir því, að bæði hv. þm. og ýmsir aðrir áhugamenn um þjóðfélagsmál eigi ýmsar hugmyndir, er horft geti til bóta í skipan ríkiskerfisins. Allar slíkar hugmyndir er mér sérstaklega ljúft að taka til athugunar, og ekki hvað sízt teldi ég æskilegt, ef embættismennirnir sjálfir, forstöðumenn ríkisstofnana og aðrir þeir, er gerst þekkja til mála, vildu koma á framfæri hugmyndum í þessum efnum.

Fyrir forgöngu fyrrv. fjmrh., Gunnars Thoroddsens, hafa á síðustu árum verið gerðar mikilvægar lagfæringar á tekjuskattslögum og lögum um tekjustofna sveitarfélaga. Mun óhætt að fullyrða, að álögur í beinum sköttum til ríkis og sveitarfélaga séu nú orðnar hér hófsamlegar og síður en svo hærri en í öðrum sambærilegum löndum. Hvort að frekari skipulagsbreytingu þessara mála skuli stefnt, t. d. með algeru afnámi beinna skatta til ríkisins og afhendingu þess tekjustofns til sveitarfélaganna, skal ég ekki ræða á þessu stigi málsins, enda hef ég ekki myndað mér ákveðna skoðun um það efni. En að sinni tel ég ekki rétt að gera frekari breytingar á hvorki lögum um tekju- og eignarskatt né tekjustofna sveitarfélaga, enda ófært að breyta slíkri löggjöf á hverju ári, heldur þarf að fá nokkurn tíma til þess að reyna löggjöfina í framkvæmd. Er ekki þörf sérstakra breyt. nú vegna lögfestingar þeirra reglna á síðasta þingi, að álagningarstigar skuli breytast samkv. skattvísitölu, þannig að skattþunginn á ekki að vaxa með vaxandi tekjum manna að krónutölu.

Skattsvik hafa verið hér landlæg meinsemd og fjöldi manna ekki séð neitt athugavert við að undirrita rangar drengskaparyfirlýsingar í sambandi við skattaframtöl. Því miður hefur þessum vanda stundum verið mætt með opinberum ráðstöfunum, sem beinlínis hafa ýtt undir vöxt meinsemdarinnar, svo sem með veltuútsvörum á sínum tíma, sem beinlínis voru rökstudd sem skattsvikaútsvör, og öðrum óhæfilegum álögum, er jafnvel neyddu menn til að svíkja undan skatti til að bjarga sjálfum sér og atvinnurekstri sínum. Með skattamálaendurbótum síðustu ára hefur verið horfið inn á þær heillavænlegu brautir í þessum efnum að gera skattaálögur svo bærilegar, að hægt væri með fullri sanngirni að krefjast þess, að menn teldu rétt fram til skatts, og var þá jafnframt eðlilegt að herða viðurlög við skattsvikum og gera skipulegar ráðstafanir til að uppræta meinsemdina. Tilkoma skattrannsóknardeildarinnar hefur verið tvímælalaust jákvætt spor í þessa átt. Þótt erfitt sé að sannreyna til hlítar áhrif þessarar nýju skipunar, þendir þó margt í þá átt, að skattaframtöl fari batnandi. Mun verða lögð áherzla á að tryggja skattrannsóknardeildinni viðhlítandi starfsskilyrði, og hefur jafnframt verið lögð áherzla á, að skattstofur um land allt vinni að nákvæmri rannsókn skattaframtala, svo sem tími þeirra frekast leyfir. Fjmrn. hefur nýlega gert á opinberum vettvangi grein fyrir störfum rannsóknardeildarinnar til þessa og geri ég þau því ekki frekar að umræðuefni nú. Sumir hafa reynt að gera lítið úr því starfi, sem unnið hefur verið á einu ári, og haft í frammi hinar furðulegustu reikningskúnstir í því sambandi. Tel ég þetta með öllu ómaklegt. Framtíðarárangur veltur mjög á skipulagi rannsóknaraðferða í upphafi, og þegar auk þessa mikilvæga undirbúningsstarfs hefur þegar á fyrsta starfs-

ári verið hafin rannsókn 120 mála, er síður en svo hægt að segja, að deildin hafi verið aðgerðalítil.

Jafnframt því, að með l. frá síðasta Alþ. er á ýmsan hátt bætt rannsóknaraðstaða skattrannsóknardeildarinnar við embætti ríkisskattstjóra, beitti ég mér fyrir því, að mönnum var gefið tækifæri til þess í vissan tíma að koma skattaframtölum sínum í rétt horf og greiða eðlilegan skatt, ef um undandrátt hefði verið að ræða. Hvort menn hagnýttu sér þetta tækifæri eða ekki, skipti ekki öllu máli, heldur hitt, að með þessu vildi ég gera mönnum ljóst, að ætlunin með tilkomu rannsóknardeildarinnar væri sú að taka skatteftirlitið nýjum tökum, beita hér eftir ströngum viðurlögum við skattsvikum og menn gætu því ekki neinn um sakað nema sjálfa sig, ef þeir notuðu ekki þetta tækifæri til þess að koma málum sínum í lag. Án slíks tækifæris til leiðréttinga gátu menn með nokkrum rétti fundið að því að verða nú allt í einu beittir þungum viðurlögum, eftir að áratugum saman hafði refsiákvæðum skattalaga lítt eða ekki verið beitt. Ríkisskattstjóri og skattrannsóknarstjóri velja að sjálfsögðu leiðirnar til þess að ná sem beztum árangri í skatteftirlitinu, en ég vil, að það sé öllum mönnum ljóst, að rn. mun styðja það á allan tiltækan hátt í sínu mikilvæga starfi, og vona, að sú stund sé ekki langt undan, að skattsvik verði fordæmd af almenningi sem hver önnur fjársvik og menn virði drengskaparyfirlýsingar sínar á skattaframtölum eigi minna en í öðrum viðskiptum.

Refsingar fyrir skattsvik eru auðvitað ekki neitt takmark í sjálfu sér, heldur úrræði til aðvörunar. En takmarkið er að fyrirbyggja skattsvikin, og því verður lögð áherzla á að skipuleggja sem bezt upplýsingaöflun um tekjur einstaklinga og fyrirtækja, og hafa sérfræðingar ýmis atriði í því sambandi til athugunar, m. a. eru lög um bókhald í endurskoðun, en þau eru á margan hátt orðin úrelt. Lögð verður áherzla á að hraða eftir föngum undirbúningi þess að innleiða hér á landi það skipulag, að beinir skattar verði innheimtir af tekjum manna, jafnóðum og þær falla til, og að því stefnt, að svo geti orðið á árinu 1967. Skattasérfræðingar telja mál þetta erfiðara í framkvæmd hér en víða annars staðar einmitt vegna hinna mjög breytilegu tekna, og hefur þó annars staðar tekið mörg ár að undirbúa slík greiðslukerfi. Þá hefur rn. leitazt við að fylgjast með undirbúningi og umr. um nýtt skattform, svokallaðan verðaukaskatt, sem er nú til umr. í ýmsum löndum og til stendur að lögfesta í Danmörku á næstunni. Hvort slíkt skattheimtukerfi er til bóta, skal ósagt látið á þessu stigi málsins. En nauðsynlegt er að fylgjast með því máli, ekki sízt ef óumflýjanlegt reynist að breyta í grundvallaratriðum tekjuöflunarkerfi ríkisins. Ef til kæmi aðild Íslands að Fríverzlunarbandalagi Evrópu eða svipuðum viðskiptasamtökum, er gert óumflýjanlegt að hverfa að meira eða minna leyti frá verndartollum og tekjuöflunartollum í sambandi við innflutning vara. Loks er nauðsynlegt að kanna úrræði til þess að gera skattakerfið einfaldara í framkvæmd, því að það er á ýmsan hátt allt of flókið.

Tollakerfið er í mikilli deiglu um þessar mundir. Hafa margvíslegar lagfæringar verið gerðar á tollum á síðustu árum, og er tvímælalaust góð reynsla af þeim breytingum í meginefnum. Hátollar hafa verið lækkaðir, sem dregið hefur verulega úr ólöglegum innflutningi ýmissa vara. Mikilvægar tollabreytingar hafa verið gerðar til hagsbóta framleiðsluatvinnuvegunum, einkum útflutningsframleiðslunni. Unnið hefur verið að frekari till. um tollabreytingar til lækkunar, en endanleg ákvörðun ekki tekin um það, að hve miklu leyti eða hvenær verði í þær breytingar ráðizt. Er nauðsynlegt að fylgjast með áhrifum síðustu tollabreytinga á afkomu iðnaðarins. Sérstök athugun hefur farið fram á því efni. Jafnframt er æskilegt, að áður liggi fyrir niðurstöður eða ákvarðanir varðandi hugsanlega aðild að EFTA, því að þá mun reynast óumflýjanlegt að taka allt tollakerfið til skipulegrar endurskoðunar.

Á þessu stigi málsins eru tollsvikin alvarlegasta vandamálið, og ber hina brýnustu nauðsyn til þess að uppræta þau eigi síður en skattsvikin. Lögð hefur verið áherzla á að efla eftir föngum tolleftirlitið og gerðar ráðstafanir til að fjölga mönnum við tollgæzlustörf. Hefur tollgæzlunni nú í sumar tekizt að koma í veg fyrir mjög alvarlegar smygltilraunir og raunar oft áður upplýst alvarleg smyglmál, þótt eigi hafi verið eins stórkostlegt smygl um að ræða og nú. Verður að taka þessi mál hinum föstustu tökum. Hefur tollamálanefndin nú að undanförnu haft til sérstakrar athugunar ýmsa þætti í framkvæmd tollgæzlu og tolleftirlits. Hefur að mestu verið gengið frá frv. að nýrri löggjöf um tollgæzlu og tolleftirlit, og í sérstakri athugun er, hvort ekki sé óumflýjanlegt að herða mjög refsingar við smygli. Þá hafa verið undirbúnar fastar reglur í sambandi við heimiladan tollfrjálsan innflutning ferðamanna og áhafna skipa og flugvéla, en fastar reglur hafa ekki verið til um þau efni og framkvæmd tollgæzlunnar því að þessu leyti mjög torveld. Er engum efa bundið, að árlega er fluttur til landsins varningur án tollgreiðslu, sem nemur ótrúlega háum fjárhæðum. Er hvort tveggja, að með vaxandi ferðalögum Íslendinga til útlanda vaxa kaup erlendis á ýmsum vörum til eigin nota, sem ekki er greiddur tollur af, en hitt er þó alvarlegra, að ástæða er til að halda, að í stórum stíl sé smyglað inn söluvarningi, sem jafnvel er hafður til sölu í verzlunum. Er hér um ótrúlegt blygðunarleysi að ræða, sem leggja verður allt kapp á að uppræta, og hafa farið fram athuganir á ýmsum úrræðum í því efni.

Sú grundvallarstefna, sem heilbrigður ríkisbúskapur hlýtur að byggjast á, er að halda uppi því ríkiskerfi, þjónustu við þjóðfélagsborgarana og stuðningi við alhliða þjóðfélagsframfarir, sem nútíma menningarþjóðfélag hvílir á, en þó innan þeirra marka, að fjáröflun til hinna sameiginlegu þarfa lami ekki heilbrigt framtak þjóðfélagsborgaranna og getu þeirra og vilja til að bjarga sér sjálfir. Vandinn er því sá að finna eðlilega hlutdeild ríkisins í þjóðartekjum og halda sig síðan innan þess ramma. Það er vafalaust mjög vandasamt að komast að nákvæmlega réttri niðurstöðu um þetta atriði, en það er

þó mjög nauðsynlegt að reyna að finna slíka viðmiðun til þess að forðast það, að ríkið valdi sjálft jafnvægisleysi í þjóðarbúskapnum. Það hefur komið í ljós, að þrátt fyrir kvartanir um háa skatta tekur íslenzka ríkið í sinn hlut minna af þjóðartekjum en mörg önnur lönd. Við verðbólguþróun síðustu áratuga hefur raunar aldrei verið skoðað niður í kjölinn, hversu langt væri hæfilegt að ganga í þessum efnum, heldur hefur hverju sinni verið reynt að afla þeirra tekna, sem nauðsynlegar hafa verið til að standa undir sívaxandi útgjöldum og nýrri og nýrri löggjöf, sem lagt hefur auknar kvaðir á ríkissjóðinn og sveitarfélögin. Það er líka fyrst á síðustu árum, að skýrslugerð hér á landi má teljast komin í það horf, að hægt sé með viðhlítandi undirstöðu að gera áætlanir fram í tímann.

Framkvæmdaáætlanir ríkisstj. nú allra síðustu árin eru spor í þá átt að skipuleggja opinberar framkvæmdir og fjáröflun til þeirra. Nauðsynlegt er, að framkvæmdamál sveitarfélaga séu tekin svipuðum tökum, og er nú einmitt fyrirhuguð ráðstefna þeirra í haust til þess að ræða ýmsa þætti í framkvæmdum þeirra og fjáröflun í því sambandi. Á síðustu árum hefur aðstaða sveitarfélaganna til fjáröflunar verið bætt á ýmsan hátt, langmest með þeirri hlutdeild í söluskatti og aðflutningsgjöldum, sem fyrrv. fjmrh., Gunnar Thoroddsen, hafði forgöngu um. Þá má einnig nefna framlög til kaupstaða og kauptúna af fé til vegagerða og loks frv. um lánasjóð sveitarfélaga, sem gera má ráð fyrir að verði lögfestur í einhverju formi, en þarfnast áður nánari athugunar með hliðsjón af eflingu stofnlánasjóða almennt og endurskipulagningu þeirra, sem ríkisstj. mun beita sér fyrir á þessu þingi.

En það er ekki nóg að afla fjár til framkvæmda ríkis og sveitarfélaga, heldur verður jafnframt að skipuleggja framkvæmdirnar á þann hátt, að þær hafi ekki verðbólguáhrif í þjóðfélaginu og séu innan þeirra marka, sem ég áðan greindi. Lántökur til framkvæmda eiga fullan rétt á sér, þegar um arðbærar framkvæmdir er að ræða, sem auka tekjumöguleika og greiðslugetu, en að öðru leyti verður að fara mjög varlega í lántökur og halda þeim innan þess ramma, að skuldabaggi verði ekki beinlínis til þess að draga úr æskilegum framkvæmdum á næstu áratugum.

Jafnframt því að skipuleggja þannig sem bezt framkvæmda- og fjárfestingaráætlanir ríkis og sveitarfélaga er nauðsynlegt að gera sér grein fyrir tekjumöguleikum þeirra. Fyrir því hef ég beðið Efnahagsstofnunina að reyna að kanna það, hversu langt ríkið megi ganga í tekjuöflun á næstu árum til þess að raska ekki eðlilegu jafnvægi í þjóðfélaginu, og innan þess ramma verður svo að sjálfsögðu að halda útgjöldum ríkisins næstu árin. Verður í því sambandi að reyna að gera sér grein fyrir því, hver séu helztu viðfangsefni ríkisins á næstu árum, hvaða útgjöldum margvísleg núverandi löggjöf sé líkleg til að valda ríkissjóði á þessu árabili, og hefja þá í tæka tíð endurskoðun þeirrar löggjafar, ef sýnilegt er, að af henni muni leiða of þunga byrði.

Herra forseti. Þótt ríkisbúskapurinn hafi færzt úr réttum skorðum á s. l. ári, er heildarmynd efnahagsþróunarinnar uppörvandi. Aukning þjóðarframleiðslunnar síðustu árin hefur verið óvenjumikil, verðlag framleiðsluvara þjóðarinnar hagstætt og eignamyndun meiri en áður hefur þekkzt. Gjaldeyrisvarasjóðurinn hefur haldið áfram að aukast og nam í ágúst rúmum 1800 millj. kr. Innlán í lánastofnunum fara stöðugt vaxandi, hafa hækkað 8 fyrstu mánuði þessa árs um 864 millj., en 749 millj. á sama tíma í fyrra, sem þó sýndi meiri aukningu en áður. Þessi þróun efnahagsmálanna hefur tryggt okkur það lánstraust á alþjóðlegum lánamarkaði, að við getum aflað okkur þar fjár til stórframkvæmda, sem ella hefðu verið óviðráðanlegar. Alhliða framfarir og framkvæmdir hafa verið örar og eftirspurnin eftir vinnuafli meiri en framboð. Það er því ástæðulaust annað en líta björtum augum til framtíðarinnar, ef rétt er á málum haldið. Forsenda jákvæðrar sóknar til meiri framfara og bættra lífskjara er, að þjóðin almennt geri sér grein fyrir undirstöðuatriðum efnahagslífsins og snúizt sé að vandamálum hvers tíma með djörfung og raunsæi. Réttmæt gagnrýni á það, sem miður fer, er nauðsynleg. En þeir, sem reyna að villa mönnum sýn, vinna illt verk.

Enn sem fyrr er meginvandamálið það, að við gerum kröfu til hraðari kjarabóta en aukning þjóðarframleiðslu leyfir, og því hefur ekki tekizt að hafa hemil á verðbólgunni. Með kjarasamningunum á s. l. ári sáust fyrstu merki almenns skilnings á því, að óhófleg kröfugerð á hendur atvinnuvegunum leiddi til ills fyrir alla. Það er hin brýnasta þjóðarnauðsyn að halda áfram að glæða þann skilning, og það er áreiðanlegt, að gagnkvæmur skilningur og heiðarleg samvinna ríkisvalds, launþega og vinnuveitenda er eina úrræðið til haldgóðrar lausnar verðbólguvandamálsins. Í þessu sambandi verður að leggja áherzlu á að komast út úr vítahring vixlhækkana kaupgjalds og verðlags. Fyrir ríkisbúskapinn hefur verðbólgan hin óheillavænlegustu áhrif og knýr stöðugt á um nýja tekjuöflun.

Þótt verðbólguvandamálið verði ekki leyst að fullu nema með réttum skilningi allra þeirra, sem úrslitaáhrif hafa á verðmyndun í landinu, er auðið að gera ýmsar ráðstafanir, sem stuðla að lausn vandans. Það þarf eftir megni að tryggja það, að menn geti ekki hagnazt óeðlilega á verðbólgunni. Þegar hefur verið hafizt handa í þá átt með takmarkaðri verðtryggingu. En það þarf að stefna að sem almennastri verðtryggingu sparifjár og lána til langs tíma. Þá er því ekki að neita, að vaxtafrádráttarheimild í skattalögum beinlínis stuðlar að skuldasöfnun á verðbólgutímum hjá þeim, sem hafa háar tekjur, en breyting á þeirri skipan er því miður ekki auðveld af ýmsum ástæðum.

Að lokum þetta: Látum ekki skilningsleysi á eðli vandamálanna verða okkur að fótakefli. Aðstaða okkar er góð og tækifærin mörg, og þótt leið okkar til aukinna framfara og velmegunar sé grýtt á stöku stað, er undirstaðan þegar orðin það traust, að með samstilltu átaki verður létt að ryðja hindrununum úr vegi.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Góðir hlustendur. Fjárlagafrv. fyrir árið 1966 hefur nýlega

verið lagt fyrir Alþ. Og nú hefur hæstv. fjmrh., Magnús Jónsson, gert grein fyrir þessu fyrsta fjárlagafrv. sínu. Það fer ekki á milli mála, að höfuðeinkenni þessa frv. eru hin sömu og á fyrri fjárlagafrv. viðreisnarstjórnarinnar. Enn er fyrirhugað að auka við margvíslega óþarfa eyðslu, en skera hins vegar niður fjárframlög til aðkallandi verklegra framkvæmda, og enn koma með hinu nýja fjárlagafrv. tilkynningar um hækkun skatta og margvíslegra álaga á almenning í landinu. Það leyndi sér ekki í ræðu hæstv. fjmrh., að hann telur, að fjárhagur ríkissjóðs standi mjög höllum fæti, eins og nú er komið. Tekjur virðast bregðast og útgjöld fara fram úr áætlun, eftir því sem hæstv. ráðh. sagði.

Hæstv. ráðh. birti grg. um afkomu s. l. árs, nokkru eftir að hann tók við fjmrh.-störfum á s. l. vori. Í þeirri grg. sagði ráðh. orðrétt á þessa leið:

„Svo sem framangreindar tölur leiða glögglega í ljós, hefur afkoma ríkissjóðs á s. l. ári, 1964, orðið mjög slæm og breyting mjög orðið til hins verra frá árinu 1963."

Það var augljóst, að hæstv. ráðh. leizt ekki meira en svo á blikuna, þegar hann kom í rn. og hafði kynnt sér ástandið þar eftir rúmlega 4 ára fjármálaviðreisn. Þegar ritstjórar Morgunblaðsins höfðu heyrt grg. hins nýja fjmrh. um fjárhagsafkomuna 1964, skrifuðu þeir í blað sitt orðrétt á þessa leið:

„Afkoma ríkissjóðs árið 1964 sýnir glögglega, að brýna nauðsyn ber til, að fjármál ríkisins verði tekin fastari tökum en undanfarið."

Og enn sögðu þeir:

„Nú þarf að taka upp stranga sparnaðarstefnu í fjármálum ríkisins og skera niður útgjaldaliði, sem umdeildir hafa verið."

Þannig var þá staðan í ríkisfjármálunum eftir margra ára viðreisn og einstaklega hagstætt atvinnuárferði í nokkur ár í röð. En þrátt fyrir þennan dóm um fjármálastjórnina er enn ætlunin að halda áfram á sömu braut, á braut hinnar gömlu og úreltu viðreisnarstefnu. Sparnaður sá, sem ritstjórar Morgunblaðsins töluðu um að nú þyrfti að framkvæma, slíkur sparnaður á nú að koma fram í því að lækka útgjöld ríkisins til byggingar sjúkrahúsa um 2.4 millj. kr., til hafnarmannvirkja um 3.9 millj. kr., á að koma fram í lækkun til barnaskólabygginga um 8.8 millj., í lækkun til gagnfræða- og héraðsskólabygginga um 2.3 millj. og lækkun til vegagerðar um 47 millj. kr. Á þessum framkvæmdaliðum á að spara ríkisútgjöldin. Hins vegar á óþarfaeyðslan að hækka frá því, sem verið hefur. Nú er ráðgert að eyða 6.8 millj. kr. í lögregluhald innan girðingarinnar á Keflavíkurflugvelli. Áfram á að halda uppi þremur sendiráðum á Norðurlöndum og kosta til þess 6.3 millj. kr. Til NATO-skrifstofu í París á að verja 5.5 millj., og auk þess á svo að greiða fast árlegt framlag til NATO, sem nemur 1.6 millj. kr. Peningar eru til í nýtt prestsembætti í Kaupmannahöfn, á fjórða hundrað þús., og ráðgert er að greiða í sérstakan fyrningarsjóð ríkisbifreiða 4 millj. kr. Ferðakostnaður á vegum rn. er áætlaður 4.1 millj. kr. Og ekki stóð á peningum, þegar samið var um kaupin á húsi Guðmundar Í. Guðmundssonar fyrrv. utanrrh.

Útgjaldaliðir ríkissjóðs af þessu tagi eru til svo tugum skiptir. Og til þess svo að fylgja sem bezt áfram gömlu viðreisnarstefnunni eru nú boðaðar nýjar álögur, sem nema 200—300 millj. kr. á ári. Rafmagnsverð frá rafmagnsveitum ríkisins á að hækka um allt land, enn á að hækka benzínskattinn, eftir því sem bezt er vitað um 1 kr. á lítra, og mundi þá verðið á benzínlítra fara yfir 7 kr. Lagður verður sérstakur farmiðaskattur á utanlandsferðir, hækka á aukatekjur ríkissjóðs, hækka á fasteignaskatt, og fleiri hækkanir munu vera á döfinni. Þannig er viðreisnarstefnan enn í fullum gangi.

Eins og kunnugt er, varð afkoma ríkissjóðs mjög góð árin 1962 og 1963. Tekjur ríkisins urðu mjög miklar bæði þessi ár, enda hafði ríkisstj. þá búið vel í haginn með gengislækkununum 1960 og 1961 og stórhækkuðum söluskatti. En svo skipti gersamlega um árið 1964. Það ár nam greiðsluhalli ríkissjóðs um 220 millj. kr., eins og kom fram í ræðu hæstv. fjmrh. Hvað var það, sem orsakaði þessi miklu umskipti? Fyrir liggur, að árið 1964 var mjög hagstætt framleiðsluár, og á því ári hækkuðu útflutningsvörur þjóðarinnar meir í verði en nokkru sinni fyrr. Óhagstæðu árferði var því ekki um að kenna. En hver var ástæðan þá? Í því skyni að glöggva sig á þeim vandamálum, sem nú er við að glíma í fjármálum ríkisins og efnahagsmálum þjóðarinnar, er nauðsynlegt að átta sig á ástæðunum fyrir þessum umskiptum í afkomu ríkissjóðs.

Árið 1963 var kosningaár. Það ár þurfti viðreisnarstjórnin mikið að gera til þess að tryggja sér völdin í landinu áfram. Á því ári var tekið framkvæmdalán í Bretlandi og lánsloforð voru gefin, eftir því sem talið var þurfa á hinum ýmsu stöðum á landinu. Á þessu kosningaári jukust útlán bankanna meir en nokkru sinni áður, sérstaklega fyrri hluta ársins. Stefna ríkisstj. gagnvart launþegum virtist jafnvel breytt á þessu ári. Þá var samið um nokkrar launabætur til verkafólks án verkfallsátaka, og þá var opinberum starfsmönnum og verzlunarmönnum lofað, að þeir skyldu fá umtalsverðar launabætur. Allir vissu, að það var kosningaótti viðreisnarstjórnarinnar, sem úrslitum réð um þessi mál. Þegar kosningarnar voru vel að baki, eða nánar til tekið í árslok 1963, var glögglega komið annað hljóð í viðreisnarstrokkinn. Þá var talið óhjákvæmilegt að ná til baka aftur nokkrum hluta af launahækkununum. Þá tóku að dynja yfir verðhækkanir á öllum sviðum, og ríkisstj. gekk á undan með hækkun söluskatts úr 3% í 5½% og fleiri skattahækkunum. Ný dýrtíðaralda hafði verið reist gagngert í þeim tilgangi að draga úr of miklum kaupmætti almennings.

Á miðju ári 1964 sömdu verkalýðsfélögin um verðtryggingu á kaupi, en það leiddi til þess, að verulegur hluti af dýrtíðaröldu þeirri, sem ríkisstj. hafði komið af stað, hlaut að lenda á ríkissjóði og verða vandamál ríkisstj. sjálfrar. Söluskattshækkunin í ársbyrjun 1964 fór auðvitað að fullu út í verðlagið, en skatturinn skilaði sér verr en áður í ríkiskassann. Hallarekstur ríkissjóðs árið 1964 orsakaðist því að langmestu leyti af dýrtíðarstefnu ríkisstj. sjálfrar. Í byrjun þessa árs, 1965, var söluskatturinn enn hækkaður úr 5½% í 7½%, og fleiri skattar hækkuðu

þá líka. Í ár hefur því verðhækkunaraldan enn haldið áfram að rísa, og nú þessa dagana dynja verðhækkanirnar yfir ein af annarri. Það er engu líkara en allir þeir, sem með verðlagningu á vörum og þjónustu hafa að gera, séu í hörkukapphlaupi um að hækka allt sem allra mest í verði.

Kapphlaupið á þessu ári hóf borgarstjórnarmeirihl. íhaldsins í Reykjavík með hækkun á ýmsum borgargjöldum eins og strætisvagnagjöldum, hitaveitugjöldum og fleiri gjöldum. Síðan hafa farmgjöld hækkað, áfengi hækkað, tóbak hækkað, landbúnaðarvörur hækkað stórlega, og flestar almennar nauðsynjavörur hafa hækkað mikið. Og nú boðar ríkisstj. almenna rafmagnshækkun, benzínhækkun, og af henni mun leiða hækkun á flutningsgjöldum almennt, og ekki langt undan mun vera hækkun á símagjöldum og ýmsum fleiri gjöldum. Íbúð, sem fyrir stuttu kostaði 800 þús. kr., kostar nú 900 þús., og húsaleiga, sem var 5 þús. kr. á mánuði, er nú orðin 6 þús. Þannig heldur skrúfan áfram, enda ríkir hér hin frjálsa verðmyndunarstefna viðreisnarinnar.

Sá vandi, sem nú er við að etja í fjármálum ríkisins og í efnahagsmálum þjóðarinnar, stendur í beinu sambandi við þá verðhækkunarskriðu, sem ríkisstj. sjálf setti af stað vitandi vits í ársbyrjun 1964 í því skyni að ná til baka nokkrum hluta af þeim launahækkunum, sem hún fyrir hræðslu sakir lét af höndum á kosningaárinu 1963. Dyggustu stuðningsmenn ríkisstj. í verzlun og viðskiptum hafa notfært sér þessa verðhækkunarstefnu stjórnarinnar. Þeir hafa hækkað álagningu, þeir hafa hækkað verðlag, þeir hafa brotizt um í verðbólgufjárfestingu, og þeir hafa gengið svo langt að stinga í eigin vasa drjúgum hluta af tekjum þeim, sem í ríkissjóðinn áttu að renna.

Samningarnir um vísitöluuppbætur á kaup hafa komið í veg fyrir, að hægt væri á jafnauðveldan hátt og áður að velta afleiðingum dýrtíðarstefnunnar yfir á herðar launafólks í landinu. Nú kemst ríkissjóður ekki hjá að taka einnig á sig nokkurn hluta af afleiðingum dýrtíðarstefnunnar. Með þessar staðreyndir í huga má telja það furðulegt, að ríkisstj. skuli enn leggja fram fjárlagafrv., sem boðar nýjar álögur, sem boðar nýjar verðhækkanir. Reynt hefur verið að skýra fjárhagserfiðleika ríkissjóðs með því að kenna stefnunni í landbúnaðarmálum um vandann. Skýring þessi er í grundvallaratriðum röng. Það er að vísu rétt, að greiðslur ríkissjóðs með útfluttum landbúnaðarvörum eru miklu hærri nú en áður og niðurgreiðslur á verði búvara innanlands eru meiri en áður. Þessar greiðslur hafa aukizt, án þess að breytt hafi verið um stefnu í landbúnaðarmálum. Útflutningsuppbætur á landbúnaðarvörur urðu t. d. fyrir framleiðsluárið 1960—1961 24.9 millj. kr. og fyrir framleiðsluárið 1961—1962 40.5 millj. kr. En nú er ráðgert, að sams konar útflutningsuppbætur, greiddar eftir sama kerfi, nemi yfir 200 millj. kr. á ári. Á þessum árum hefur kindakjötsframleiðslan fremur minnkað en aukizt, svo að þar er ekki meira magni um að kenna. Mjólkurframleiðslan hefur aftur á móti aukizt nokkuð, og útflutningur á unnum mjólkurvörum er því meiri nú en áður. En aðalástæðan fyrir auknum útgjöldum ríkissjóðs vegna landbúnaðarvara er fyrst og fremst vegna dýrtíðarþróunarinnar innanlands. Þar koma einnig fram afleiðingar verðbólgustefnu ríkisstj. sjálfrar. Það gefur auga leið, að dýrtíðarflóð síðustu ára hefur skollið á íslenzkum landbúnaði eins og annarri framleiðslu. Söluskattshækkanir ríkisstj. og almennar verðhækkanir hafa auðvitað hækkað verðlag á búvörum eins og öðrum vörum, og engan þarf að undra, þótt bændur hafi krafizt hækkaðra launa eins og aðrir til þess að mæta aukinni dýrtíð. Allt hefur þetta hækkað framleiðslukostnaðinn, en verðið erlendis hefur hins vegar ekki hækkað, svo að teljandi sé. Þessi þróun hefur því óhjákvæmilega kallað á hækkandi útflutningsuppbætur.

Hitt er svo annað mál, sem ekki á að blanda saman við afleiðingarnar af stefnu ríkisstj. í verðlagsmálum, að stefnan í landbúnaðarmálum er í mörgum atriðum röng og óæskileg. Það hefur lengi verið brýn ástæða til að taka stefnuna í landbúnaðarmálum til gaumgæfilegrar endurskoðunar. Sú staðreynd, að yfir þriðjungur allra bænda í landinu býr enn á búum, sem eru langt undir stærð verðlagsgrundvallarbúsins, og hafa tekjur af landbúnaði milli 30 og 60 þús. kr. á ári, kallar á aðrar og róttækari ráðstafanir en þær, sem nú eru í gildi. Við Alþb.-menn höfum á síðustu þingum flutt till. um, að verulegum fjárhæðum yrði varið til stækkunar smábúanna. Við höfum einnig í nokkur ár flutt frv. um sérstakan stuðning við samvinnu í búrekstri í því skyni að vinna að hagkvæmari búrekstri og stækkun búanna. Till. okkar hafa ekki náð fram að ganga.

Hin hættulega dýrtíðarstefna ríkisstj. hefur leitt af sér margvísleg vandamál. Eitt af þeim vandamálum kemur fram í síhækkandi verði landbúnaðarvara. Annað slíkt vandamál kemur fram í fjárhagsafkomu ríkissjóðs. Þriðja vandamálið af sömu rótum runnið er aðstaða ýmiss konar innlendrar iðnaðarframleiðslu í samkeppni við innfluttar erlendar vörur. Og sannleikurinn er sá, að hin mikla hækkun á verðlagi í landinu og um leið á framleiðslukostnaði hefði stöðvað útflutningsframleiðslu sjávarútvegsins, ef ekki hefðu komið til óvenjulegar hækkanir á sjávarafurðum á erlendum mörkuðum og uppgripaafli.

Samkv. opinberum skýrslum er talið, að þjóðartekjur Íslendinga hafi vaxið sem hér segir á undanförnum árum: Árið 1962 um 8.5%, árið 1963 um 7.5%, árið 1964 um 7.5%, og enginn vafi er á, að á yfirstandandi ári munu þær enn aukast um 7—8%. Þessi aukning þjóðarteknanna er miklu meiri en þekkist í nálægum löndum. Þessi hagstæða afkoma er fyrst og fremst að þakka sívaxandi sjávarafla og mjög hækkandi verði á helztu útflutningsvörum þjóðarinnar. Stefna ríkisstj. í efnahagsmálum hefur hins vegar verið þessari þróun mjög andstæð á ýmsan hátt. Það er þessi hagstæða þróun, sem skapað hefur gjaldeyrissjóði landsins, en ekki sú stefna ríkisstj. að heimila öllum kaupsýslumönnum að valsa með gjaldeyrinn svo að segja að vild. Það er þessi hagstæða þróun sjávarútvegsins og fiskvinnslunnar, sem bjargað hefur ríkissjóði, en ekki eyðslustefna stjórnarinnar. Það er þessi

þróun, sem bjargað hefur afkomu þjóðarinnar í heild þrátt fyrir alranga efnahagsstefnu stjórnarinnar.

Efnahagsráðunautar ríkisstj. höfðu reiknað það út fyrir nokkrum árum, að nauðsynlegt væri, að upp yrði komið í landinu traustari atvinnugreinum en sjávarútvegi og landbúnaði, ef þjóðin ætti að geta fylgzt með öðrum þjóðum í framförum og bættum lífskjörum. Í framhaldi af þeim útreikningum hóf ríkisstj. áróður sinn fyrir erlendri stóriðju í landinu. Ekkert hefur verið til sparað af hálfu stjórnarinnar til að magna þann áróður sem mest. Reynt hefur jafnvel verið að halda fram þeirri skoðun, að ekki mundi hægt að leysa á viðunandi hátt raforkumál Íslendinga án þess að heimila erlendum stórrekstri atvinnurekstraraðstöðu í landinu. Fulltrúar ríkisstj. hafa þeytzt land úr landi til samninga um stóriðju, og nú mun svo komið samkv. nýjustu tilkynningum frá stjórninni, að komið sé að lokastigi samninga við svissneskt auðfyrirtæki um byggingu og rekstur 60 þús. tonna alúmíníumverksmiðju í Straumsvík sunnan Hafnarfjarðar. Samkv. áætlunum, sem gerðar hafa verið um stofnkostnað slíkrar alúmíníumverksmiðju og stofnkostnað raforkuvers, sem að mestu leyti yrði fyrir verksmiðjuna, mundi heildarstofnkostnaður nema um 4½ milljarði ísl. kr. Til samanburðar við þessa fjárhæð má geta þess, að áætlað er, að allar fjárfestingarframkvæmdir Íslendinga í ár, þ. e. a. s. öll fjárfesting í fiskiskipum og öðrum skipum og í fiskiðnaði, í landbúnaði, í iðnaði og öll fjárfesting í húsbyggingum, hafnargerðum o. s. frv., fjárfesting landsmanna af öllu tagi muni nema um 5 milljörðum kr. Þó að aðeins sé litið á þessar stóriðjuframkvæmdir frá efnahagslegu sjónarmiði einu saman, en séð fram hjá hættum, sem þeim munu þó óumdeilanlega fylgja, vekja þær furðu, eins og nú er háttað í okkar efnahagsmálum.

Eins og ég hef áður vikið að, er framleiðsla okkar nú meiri en nokkru sinni og þjóðarframleiðsla og þjóðartekjur vaxa hér hraðar en í flestum löndum öðrum. Við komumst þó engan veginn yfir alla þá framleiðslu, sem liggur við hendur okkar. Tilfinnanlegur skortur er á vinnuafli svo að segja alls staðar. Nú, þegar síldveiðarnar standa sem hæst, vantar sjómenn á mörg síldveiðiskip, og mörg hundruð manns vantar til vinnslu aflans í landi. Í Reykjavík og nágrenni er skortur á vinnuafli árið um kring með tilheyrandi erfiðleikum. Sannleikur málsins er, að framleiðslan í landinu á í vök að verjast um vinnuafl, og í mörgum greinum er ómögulegt að halda uppi fullri nýtingu framleiðslutækja vegna skorts á vinnuafli. En ofan á ástand sem þetta hugsar ríkisstj. sér að koma með framkvæmdir á vegum útlendinga, sem nema 4½ milljarði ísl. kr. og aðallega mundu fara fram á 2—3 árum. Hvaðan á að taka vinnuafl til þessara framkvæmda hins erlenda auðfélags? Er ætlunin, að það vinnuafl komi frá sjávarútveginum, og hverjar yrðu afleiðingar þess, ef svo yrði? Er ætlunin að fá vinnuaflið frá íslenzkum landbúnaði? Eða er ætlunin að leggja niður að miklu leyti innlendan iðnað og taka vinnuaflið þaðan til stóriðjuframkvæmdanna? Þau tvö árin, sem bygging alúmíníumverksmiðjunnar og bygging raforkuversins við Búrfell tækju mest vinnuafl til sín, má reikna með a. m. k. 1500—1600 mönnum í beinni vinnu við þessar stórframkvæmdir. Auk þessa starfsmannafjölda má síðan reikna með nokkrum hundruðum til viðbótar, sem sinna verða þessu starfsliði með ýmsum hætti. Það er því með öllu óhugsandi, að hægt sé að leysa vinnuaflsþörf þessara stórframkvæmda með minni háttar tilfærslum á milli starfsgreina. Stóriðjuframkvæmdir þessar eru ráðgerðar hér á Suðvesturlandi og að mestu á vinnusvæði Reykjavíkur, Kópavogs og Hafnarfjarðar. Hér er ekki um að ræða neitt laust vinnuafl. Er kannske ætlunin að fá vinnuafl til framkvæmdanna með því að smala Norðurland og Vestfirði, þar sem atvinnuástand hefur verið lakast nú um skeið? Hvernig kæmi slíkt heim og saman við yfirlýsingarnar um jafnvægi í byggð landsins og loforð ríkisstj. um framkvæmdasjóð strjálbýlisins? Er ætlunin að eyða byggðinni fyrst og ráðast svo í uppbyggingu hennar á eftir?

Að undanförnu hafa sérfræðingar ríkisstj. í efnahagsmálum mjög talað um ofþenslu í efnahagskerfinu og brýna nauðsyn þess að draga úr þenslunni. Eru þessar miklu framkvæmdir hugsaðar sem ráð til þess að draga úr þenslunni í efnahagskerfinu — eða hvað? Hvað eiga annars efnahagssérfræðingar ríkisstj. við, þegar þeir tala um ofþenslu í efnahagskerfinu? Eiga þeir við það, að hættuleg ofþensla sé aðeins fólgin í kaupum síldveiðiskipa, byggingu síldarverksmiðja, byggingu íbúðarhúsa, byggingu skóla o. s. frv., en bygging alúmíníumverksmiðju og bygging raforkuvers fyrir hana leiði hins vegar ekki til hættulegrar ofþenslu í efnahagskerfinu?

Í skýrslu þeirri um alúmíníummálið, sem ríkisstj. lagði fyrir Alþ., var frá því skýrt, að ætlunin væri að selja alúmíníumauðfyrirtækinu raforku til verksmiðjunnar við 25% lægra verði en Norðmenn selja sama fyrirtæki raforku til sams konar verksmiðju. Þá var einnig frá því skýrt, að ætlunin væri að undanþiggja hið erlenda auðfélag greiðslu á öllum tollum af vélum og tækjum og efnivörum til verksmiðjubyggingarinnar. Þannig eiga allt önnur lög og aðrar reglur að gilda um stóriðjurekstur útlendinga en gilda um atvinnurekstur landsmanna.

Sá mikli áhugi, sem ríkisstj. hefur haft fyrir stóriðju útlendinga í landinu, hefur hins vegar ekki náð til atvinnuvega Íslendinga sjálfra. Ríkisstj. veit vel, að mikill hluti af framleiðsluvörum sjávarútvegs og landbúnaðar, sem seldar eru á erlendum markaði, er aðeins hálfunnar vörur eða óunnar sem hráefni. Gífurlegt verkefni er fyrir höndum að koma upp fullvinnslu þessara vara. Nú eru Íslendingar að byggja tvær nýjar og fullkomnar fiskvinnsluverksmiðjur í Bandaríkjunum. Þær munu kosta yfir 100 millj. kr. Þar í landi er auðvelt að fá allt stofnverð verksmiðjanna að láni. Fiskvinnsluverksmiðjur af þessari gerð, þar sem úr hraðfrystum fiski eru framleiddir eftirsóttir tilbúnir fiskréttir, ættu einnig að byggjast hér á landi. Niðurlagning, niðursuða og reyking á síld er mikið verkefni, sem bíður úrlausnar. Á fyrra helmingi þessa árs fluttu t. d. Norðmenn út slíkar vörur fyrir um 600 millj. kr., en við fluttum út fyrir aðeins 16 millj. af sams konar vörum. Við höf-

um þó öll skilyrði til að vera jafningjar Norðmanna á þessu sviði. En íslenzk stjórnarvöld virðast ekki hafa neinn skilning á því, að þessi mál þurfi að leysa og sé hægt að leysa. Þvert á móti eyðir jafnvel hæstv. forsrh. tíma sínum í að skrifa staðlaust slúður og bein ósannindi um þá, sem vinna að lausn þessara mála. Svo langt er gengið, að veitzt er með óhróðri að viðskiptaþjóð okkar, meðan samningar standa yfir um þessi mál.

Viðreisnarstjórnin hefur óumdeilanlega fyrst og fremst verið ríkisstj. verzlunarvaldsins. Það eru sjónarmið innflutningsverzlunarinnar, sem fyrst og fremst hafa setið í fyrirrúmi í stjórnarstörfum hennar. Samkv. skýrslum Seðlabankans kemur í ljós, að heildarútlánaaukning bankakerfisins í stjórnartíð viðreisnarinnar, þ. e. a. s. frá 1960 til ágústloka á þessu ári, hefur orðið þessi: Útlánaaukningin til sjávarútvegsins nam 370.2 millj. kr. Útlánaaukningin til landbúnaðarins nam 259.4 millj. kr. Útlánaaukningin til iðnaðar nam 528.6 millj. kr. En útlánaaukningin til verzlunarinnar nam 893.9 millj. kr. Hér er um að ræða útlánaaukningu úr bankakerfinu, en ekki úr hinum sérstöku stofnlánasjóðum. Augljóst er af þessum tölum, að verzlunin hefur hlotið meiri lánaaukningu á þessum starfstíma viðreisnarstjórnarinnar en sjávarútvegur og landbúnaður samanlagt. Auk þessara fríðinda um bankalán hefur innflutningsverzlunin svo fengið að taka hin svonefndu stuttu erlendu vörukaupalán, sem nema um 600 millj. kr. Verzlunin hefur fengið gjaldeyri svo að segja að vild. Verzlunin hefur sjálf fengið að mestu að ákveða sína þóknun, þ. e. a. s. álagningu á vörum. Verzlunin hefur fengið að ráðast í fjárfestingarframkvæmdir að eigin vild. Tveir verzlunarbankar hafa verið stofnaðir á tímum viðreisnarinnar, og síðast, en ekki sízt, má svo nefna, að skattheimta ríkisins virðist hafa verið sérstaklega miðuð við hagsmuni verzlunarinnar. Það er því ekki nema í samræmi við annað, að ríkisstj. þykir rétt að ræða sérstaklega hin flóknustu vandamál, eins og landbúnaðarvandamálin og stóriðjumálin, á fundum Verzlunarráðs Íslands.

Við Alþb.-menn teljum, að stefna núv. ríkisstj. sé í grundvallaratriðum röng. Stefna okkar er sú, að eins og nú háttar atvinnumálum þjóðarinnar eigi að leggja höfuðáherzlu á að styðja og efla aðalatvinnuvegi landsmanna: sjávarútveg, landbúnað og iðnað, en hafna beri algerlega till. um að leyfa útlendum auðfyrirtækjum að efna til stóriðju í landinu. Við teljum, að nú eigi að leggja sérstaka áherzlu á fullvinnslu íslenzkra framleiðsluvara og á því sviði séu miklu meiri möguleikar til aukinnar gjaldeyrisöflunar en með því, að íslenzkt vinnuafl ráðist í þjónustu erlendrar stóriðju. Stefna okkar er, að fjárfestingar- og framkvæmdamál þjóðarinnar verði tekin föstum skipulagningartökum, en horfið frá því skipulagsleysi og eyðslufyrirkomulagi, sem nú ríkir. Stefna okkar er, að verðlagsmálunum verði stjórnað með ströngu verðlagseftirliti, að vextir verði lækkaðir og alveg sérstaklega af íbúðarlánum og að söluskatturinn verði lækkaður af nauðsynjavörum og ýmiss konar þjónustu. Stefna okkar er, að fjármagni þjóðarinnar verði sérstaklega beint til eflingar framleiðsluatvinnuvegunum, en ekki til þjónustu við gróðasjónarmið heildsala og braskara. Stefna okkar er, að skera eigi niður margvísleg óþörf eyðsluútgjöld ríkissjóðs, sem nú eiga sér stað, en efla þess í stað framlög til menningar- og félagsmála. Stefna okkar er sú, að leysa eigi raforkumál þjóðarinnar í samræmi við þarfir landsmanna sjálfra, en hafna beri till. um að selja útlendingum ódýrustu raforku, sem hægt er að framleiða í landinu, við knöppu framleiðslukostnaðarverði. Stefna okkar er sú, að þegar í stað eigi að leysa atvinnuvandamál þeirra landshluta, sem nú standa höllum fæti, m. a. með stóraukinni fullvinnslu íslenzkra framleiðsluvara og með skipabyggingariðnaði og veiðarfæragerð í stórum stíl. Stefna okkar Alþb.-manna er grundvölluð á því, að gott samstarf takist á milli stjórnarvalda og launþegasamtakanna í landinu og horfið verði frá þeirri óheillafjandskaparstefnu gegn launþegum, sem fylgt hefur verið nú um skeið. Stefna okkar Alþb.-manna er því í grundvallaratriðum andstæð stefnu ríkisstj., bæði í efnahagsmálum og ekki síður í þeim málum, sem varða sjálfstæði landsins og samskipti þjóðarinnar við þá erlenda aðila, sem sækjast eftir hernaðaraðstöðu eða sérréttindum og mest seilast til áhrifa í okkar landi. Það er skoðun okkar, að efnahagslegu sjálfstæði þjóðarinnar sé stefnt í hættu með þeirri stefnu, sem ríkisstj. nú hefur markað, og stefna hennar hljóti enn að magna dýrtíðarvandamálið og þar með stefna fjárhagsmálum þjóðarinnar í aukinn vanda. Nýja stefnu þarf því að taka upp og það sem fyrst, — stefnu, sem vinnandi alþýða landsins getur borið traust til.

Birgir Finnsson: Herra forseti. Góðir hlustendur. Samkv. frv. til fjárl. fyrir árið 1966, sem hér er til umr., eru tekjur ríkisins alls áætlaðar 3 784 375 000 kr., og af þeirri upphæð fara 3 575 521 611 kr. til rekstrarútgjalda samkv. 7.—19. gr. frv. 189 547 495 kr. eru áætlaðar til afborgana lána og eignaaukningar, og greiðslujöfnuður er áætlaður 25 405 894 kr.

Þetta eru vissulega háar tölur, og mætti segja, að voði væri fyrir dyrum, ef allt þetta fjármagn færi í hreina eyðslu hjá þeim opinberu stofnunum, sem stundum eru kallaðar einu nafni ríkisbáknið. Sem betur fer er þessu ekki þannig farið. Meginhluta hins mikla fjár, sem ríkið innheimtir af þegnunum, er skilað til þeirra aftur, ýmist beint eða með veittri þjónustu á vegum opinberra stofnana. Fimm tölur úr útgjaldagreinum frv. eru til marks um þetta. Þær eru 17. gr., félagsmál, 872 888 100 kr., 19. gr., niðurgreiðslur á vöruverði, 559 millj. kr., á sömu gr. uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir, 214 millj. kr., 14. gr., menntamál, 549 044 336 kr., og 16. gr., landbúnaðar-, sjávarútvegs-, iðnaðar- og raforkumál og rannsóknir í þágu atvinnuveganna, samtals 429 191 283 kr. Samtals eru þessar fimm tölur að upphæð 2 615 122 719 kr. Miðað við útgjaldagreinarnar 7—19 eru þetta um 73% af rekstrarútgjöldum ríkisins, og má með réttu segja, að þessi mikla fúlga sé eins konar millifærsla, sem ríkið annast fyrir þjóðfélagsþegnana.

Samkv. félagsmálagr. er ríkinu einu ætlað að

greiða um 696 millj. kr. til almannatrygginga, en auk þess er á þeirri gr. margvíslegur stuðningur við aldraða og sjúka, og er þannig bættur hagur þeirra, sem minnst mega sín, á kostnað þeirra, sem betur eru settir. Sama má segja um fyrirgreiðslu við húsbyggjendur og niðurgreiðslur á vöruverði. Þar er um það að ræða, að þjóðfélagið réttir ungu fólki hjálparhönd til bústofnunar og barnmörgu fólki til að létta því lífsframfærið í dýrtíðinni. Framlögin til menntamála verða hinir fullorðnu að greiða, til þess að æska landsins geti hlotið góða menntun á nútímavísu og búið sig undir lífsbaráttu fullorðinsáranna. Stuðningur við atvinnuvegina er einnig nokkurs konar millifærsla, ætlaður til þess að styrkja aðstöðu þeirra þátta atvinnulífsins, sem mesta þýðingu hafa fyrir þjóðarbúskapinn á hverjum tíma. Til landbúnaðarins er veitt langsamlega mest á 16. gr. frv. eða 292 413 838 kr., en þar næst kemur sjávarútvegur með 141 499 474 kr.

Að öðru leyti en ég hef nú lauslega rakið, er rekstrarútgjöldunum varið til margvíslegrar sameiginlegrar þjónustu, svo sem til landsstjórnarinnar allrar og utanríkisþjónustunnar, dómgæzlu, heilbrigðismála, samgöngumála, kirkjumála o. s. frv., en að frátöldum þeim fimm tölum, sem ég áðan nefndi, er þetta allt aðeins um 27% af áætluðum rekstrarútgjöldum samkv. 7.—19. gr. frv.

Þegar útgjaldahlið fjárl. er athuguð í því ljósi, sem ég nú hef gert, er vert að minnast þess, hver hafa verið viðbrögð stjórnarandstæðinga undanfarin ár, þegar fjárlög hafa farið hækkandi milli ára. Þeir hafa þá býsnazt mjög yfir hækkununum, en engar raunhæfar till. borið fram um sparnað, heldur þvert á móti gert till. um algerlega óraunhæfa hækkun útgjaldanna. Og við þennan söng bæta svo forkólfar Framsfl. gjarnan því viðlagi, að allt það góða, sem stjórnarliðið geri, sé Framsókn að þakka.

Til er mjög verðugt svar við þessari áróðursiðju stjórnarandstöðunnar. Það svar er samið af fyrrv. fjmrh., Eysteini Jónssyni, og er í fjárlagaræðu, er hann lagði fjárlagafrv. ársins 1958 fyrir þingið. Hann skilgreindi þar útgjöldin svipað því, sem ég nú hef gert, en sagði síðan, með leyfi hæstv. forseta:

„Þessi mynd af ríkisbúskapnum, sem sýnir nokkuð glöggt, hvers vegna ríkisútgjöldin hafa hækkað, gæti e. t. v. einnig orðið nokkurt umhugsunarefni þeim mönnum, sem sífellt tala um ríkisútgjöld og framlög til sameiginlegra þarfa sem þjóðarböl, enda þótt þeir hafi heimtað með manna mestri frekju síaukin útgjöld í flestum greinum. Er hollt að hugleiða tvennt einkum í því sambandi. Í annan stað um manndóminn, sem í því felst — eða hitt þó heldur — að krefjast sífellt aukinna ríkisútgjalda og telja sér þær kröfur til gildis, en vilja svo ekki við neitt kannast, þegar fjárl. hækka. Á hinn bóginn, hvort það hefði orðið sérstakt bjargráð að láta allt það ógert til stuðnings margvíslegum framförum og þeim, sem miður mega sín í þjóðfélaginu, sem hækkað hefur ríkisútgjöldin á undanförnum árum."

Og Eysteinn Jónsson hélt áfram:

„Það hefur lítið gildi að æpa örökstuddar fullyrðingar um efnahagsmálin. Það þarf meira til, ef ræða skal þessi mál svo, að að gagni verði og þjóðin sé einhverju nær, þegar hún þarf að velja eða hafna. Sama er að segja um það, þegar menn standa og hrósa sér og vilja láta þakka sér margvíslegar framfarir, sem orðið hafa á undanförnum árum, en biðja menn jafnframt að kenna öðrum um, að þessar framfarir skuli hafa kostað fé úr sameiginlegum sjóði landsmanna."

Og enn segir Eysteinn:

„Það er enginn vandi að standa fyrir framförunum, ef menn hafa fjármagn til þeirra. Vandinn er að útvega féð. Einmitt þegar þetta er athugað, kemur í ljós, að menn vaxa ekki af slíkum málflutningi."

Þannig fórust Eysteini Jónssyni orð um fjárl. fyrir árið 1958, og eru orð hans frá þeim tíma enn í góðu gildi, og verður fróðlegt að hafa þau til samanburðar, þegar hann stígur hér í ræðustól á eftir og fer að vísa hlustendum á það, sem hann af meðfæddum húmör kallar „hina leiðina".

Þótt auðvelt sé að sýna fram á, eins og ég áðan gerði, að meginþorri þess fjármagns, sem um ríkissjóðinn streymir, fari til almannaþarfa og gagnlegra hluta, er ekki þar með sagt, að ekki þurfi að gæta hagsýni og veita aðhald í hinum umfangsmikla ríkisrekstri. Þar mætti sjálfsagt margt betur fara. En það kostar stöðugt og áframhaldandi starf að fylgjast með hlutunum á svo stóru búi, og er eðlilegt, að það starf fari fram á vegum sérstakrar hagsýsludeildar eins og þeirrar, sem ráðgert er að stofna í fjmrn.

Stuðningsflokkar ríkisstj. settu sér í upphafi það markmið að hafa ríkisreksturinn greiðsluhallalausan. Þetta hefur tekizt þar til á s. l. ári, og sömuleiðis hefur verið talið, að þetta ár muni koma út með halla, eins og hæstv. fjmrh. hefur nú raunar upplýst. Það hefur því engan veginn verið auðvelt verk að ná saman endum á fjárlagafrv. því, sem hér liggur fyrir. Samt hefur þetta tekizt vonum framar, miðað við allar aðstæður. Hefur verið reynt að halda útgjöldunum innan þeirra marka, að greiðslujöfnuður næðist án almennra skattahækkana, og í þessu skyni verið lagt til, að nokkrum útgjöldum yrði létt af ríkissjóði. Till. um niðurskurð útgjalda ganga þó ekki nægilega langt til þess, að það eitt nægi, og er þess vegna gert ráð fyrir hækkuðum álögum á takmörkuðum sviðum, eins og frá er skýrt í grg. með fjárlagafrv. Þær till. munu að sjálfsögðu koma til nánari athugunar við meðferð fjárlagafrv. á þingi, og skal ég víkja nokkuð að þeim hér á eftir, en fyrst vil ég leyfa mér að rifja upp, hvernig fyrrv. fjmrh., Eysteinn Jónsson, talaði fyrir fjárlagafrv., þegar þannig stóð á, að hann lagði sjálfur til, að fjárveitingar til fjárfestingar á vegum ríkisins lækkuðu um 10%. Ég geri sem sagt ráð fyrir, að einn helzti ásteytingarsteinn stjórnarandstöðunnar gagnvart þessu frv. verði sá, að 20% niðurskurður þessa árs á framlögum til fjárfestingar er látinn haldast í frv. Eysteinn Jónsson sagði í framsöguræðu sinni fyrir fjárl. ársins 1958 á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Íslenzka þjóðin hefur um aldaraðir verið innilokuð í örbirgðarinnar húsi, ef svo mætti segja. Mönnum hættir því við að ryðjast nokkuð ört

til dyranna, þegar þær opnast. En menn verða að gæta þess að ryðjast ekki svo ört til dyranna, að óbærileg þröng verði og tjón fyrir framfarirnar. Menn verða að læra þá list að sækja skipulega fram um dyr framfaranna. Með því móti mun mest vinnast. Jafnhliða því, sem draga verður nokkuð úr fjárfestingarhraðanum, — ég segi nokkuð, því að hér á ekki að verða hik á framfarabaráttunni, — einmitt til þess að forðast stöðvun og öngþveiti um mörg nauðsynlegustu verkin, verður þjóðin að finna leiðir til þess, að meira fjármagn safnist innanlands til hinna stærri framkvæmda. Áhrifaríkast í því efni verður vitaskuld, ef samtök væru milli ríkisvaldsins og sterkustu almannasamtakanna í landinu, samtaka hins vinnandi fólks, um þá stefnu, sem tryggt getur jafnvægi í efnahagsmálum og stöðugt verðlag, eftir að jafnvægi hefur verið náð."

Og enn heldur Eysteinn Jónsson áfram:

„Íslendingar eru miklir framfaramenn, og er það mjög ánægjulegt. Á hinn bóginn verðum við alvarlega að gjalda varhuga við þeim kröfuanda, sem orðinn er landlægur hjá okkur. Þótt það sé mikilsvert, að menn séu vel vakandi og hafi áhuga fyrir umbótum, getur skortur á skilningi á því, að ekki er hægt að gera allt í einu, valdið stórtjóni. Óþolinmæði okkar Íslendinga er svo mikil, að okkur hættir stundum við að halda eða telja okkur trú um, að hvergi vanti neitt nema hér, og að ímynda okkur, að við séum á eftir öllum öðrum í öllu. Mér dettur í þessu sambandi í hug," segir Eysteinn Jónsson, „að benda á, að í Bandaríkjunum býr ein auðugasta þjóð heimsins. Framleiðsla er hvergi meiri en í Bandaríkjunum og almenn velmegun hvergi meiri en þar. Bandaríkjamenn hafa á undanförnum árum lagt á sig miklar skattabyrðar til að safna saman fé og gefa það eða lána í önnur lönd, styðja þannig framfarir þar og koma í veg fyrir kreppu og kyrrstöðu. Samt sem áður er það svo, að eitt af vandamálum þeim, sem liggja fyrir þingi Bandaríkjanna, er það, hvernig kosta skuli byggingar nýrra skólahúsa, sem skortur er á þar í landi."

Og Eysteinn heldur áfram:

„Það er sannarlega víðar en á Íslandi, sem ýmislegt vantar af því, sem þörf er fyrir. Hjá okkur hefur það tæpast verið vinsælt að leiða athygli manna að þessum staðreyndum, en ég hika ekki við að gera það samt. Ég hika heldur ekki við að kalla það skort á raunsæi og skort á vilja til þess að horfast í augu við verkefnin eins og þau eru, þegar allt úir og grúir af kröfum um, að lagt verði tafarlaust í enn meiri kostnað og framkvæmdir á öllum sviðum, og einnig um, að komið verði tafarlaust upp nýjum útlánagreinum."

Þar með lýkur þessari tilvitnun. Þá var það skortur á raunsæi að krefjast meiri framkvæmda og aukinna útlána. Við þetta tækifæri var Eysteinn Jónsson að mæla fyrir fjárlagafrv. með greiðsluhalla upp á 71 millj. kr. Í sömu ræðu mælti hann með því, að fundnar yrðu leiðir til þess að lækka tekjuskattinn og örva þannig framtak og sparnað, en auka heldur eyðsluskattana, eins og hann orðaði það, en með því mun hann hafa átt við söluskatt.

Þessi ræða fyrrv. fjmrh., Eysteins Jónssonar, er býsna fróðleg til samanburðar við afstöðu hans og flokks hans til málanna í dag. Hann er sannarlega kominn á aðra braut en hann gekk þá, „hina leiðina". Flokkur hans þykist nú vilja draga úr verðbólgu, en krefst hærra kaupgjalds, lægri vaxta og aukinna útgjalda, en allt eykur þetta verðbólguna. Framsóknarmenn segjast í öðru orðinu vilja lækka fjárlög og skatta, en í hinu orðinu krefjast þeir milljónaútgjalda af ríkinu án þess að bera fram raunhæfar till. um öflun tekna til að mæta útgjaldaaukningunni. Þeir býsnast yfir því, hve neytendur þurfi að greiða hátt vöruverð, en krefjast samt hærra afurðaverðs fyrir hönd bænda og hækkaðrar álagningar fyrir hönd kaupfélaganna. Þeir gagnrýna verzlunarfrelsið, en telja það þó ekki gefa verzluninni nægilegt svigrúm til álagningar. Allt er þetta umsnúið og öfugt við það, sem Eysteinn Jónsson hélt fram, meðan hann var ábyrgur gerða sinna sem ráðh., sbr. þær tilvitnanir í fjárlagaræðu hans, sem hv. hlustendur hafa nú heyrt. En hvar „hin leiðin" endar, verði hún farin samkv. tilvísun Eysteins Jónssonar og Framsóknar, geta menn rétt ímyndað sér, og dettur þá víst flestum fyrst í hug „hinn staðurinn".

Þær millifærslur á vegum ríkisins, sem ég áðan lýsti, geta að sjálfsögðu á ýmsan hátt verið umdeilanlegar. Þeir eru þó fáir nú orðið, sem telja eftir framlög til almannatrygginga. Það ríkir, að fenginni góðri reynslu, allt annar og betri skilningur á gildi almannatrygginga en sá, sem birtist í harðsnúinni andstöðu gagnvart tryggingunum, þegar Alþfl. beitti sér fyrst fyrir þeim.

Niðurgreiðslur lífsnauðsynja eru ekki heldur mikið umdeildar, a. m. k. ekki hér á hv. Alþ. Þó væri vafalaust æskilegt að draga úr þeim í áföngum, en niðurgreiðslurnar eru nú áætlaðar 559 millj. kr. Fyrir nokkru var hætt niðurgreiðslum á kartöflum, og hefur þess ekki orðið vart, að af því hlytust nein vandræði. Niðurgreiðslur á fiski til neyzlu innanlands nema nú um 36 millj. kr. á ári, en á þessum niðurgreiðslum eru svipaðir annmarkar og voru á niðurgreiðslum á kartöflum. Hefur þess vegna komið til orða að afnema þær, eins og gert var varðandi kartöflurnar, og mundi sú ráðstöfun vafalaust ekki hafa meiri eftirköst.

Svo mikill áhugi virðist nú ríkjandi fyrir aukinni menntun, að 540 millj. kr. til þeirra mála verða naumast taldar ofrausn, en skólamálin hækka samkv. frv. um 53 millj. kr. frá fjárlögum þessa árs.

Af framlaginu til atvinnuveganna fær landbúnaðurinn langmest, eða 202.4 millj. kr. á 16. gr. A og 214 millj. kr. á 19. gr., en það síðar nefnda eru uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir. Sú tala hækkar um 26 millj. kr. frá fjárl. þessa árs, og héldu menn þó, að þessi liður hefði náð hámarki. Bændur fengu engar útflutningsuppbætur greiddar, áður en núv. stjórnarsamvinna hófst, og hafa þess vegna að þessu leyti betri aðstöðu en nokkurn tíma fyrr, þakkað veri viðreisninni. Útflutningsuppbæturnar eiga nokkurn rétt á sér, að því leyti sem þeim er varið til þess að vinna upp markaði fyrir framleiðslu, er síðar geti orðið seljanleg án

slíkra uppbóta. En af landbúnaðarframleiðslu okkar eru það tvímælalaust sauðfjárafurðirnar, sem líklegastar eru til þess að seljast fyrir það verð, sem við þurfum að fá, miðað við okkar framleiðslukostnað. Hins vegar hefur það sýnt sig, að útflutningsuppbæturnar hafa örvað bændur um of til mjólkurframleiðslu, en það er ekki sennilegt, að unnt sé að vinna upp erlendan markað, er borgi framleiðslukostnaðarverð fyrir íslenzkar mjólkurafurðir, hvað þá meira. Með hliðsjón af þeim upplýsingum, sem fram hafa komið um þær fjarstæðukenndu uppbótagreiðslur, sem eiga sér stað af þessum sökum, tel ég, að við meðferð fjárl. hljóti að koma til athugunar að setja hámark á útflutningsbætur á landbúnaðarafurðir, t. d. 150 millj. kr., og mundi þó hagur bænda að þessu leyti vera stórum betri en hann var, áður en núv. stjórnarsamvinna hófst, en þá fengu þeir alls engar útflutningsbætur greiddar, eins og ég áðan sagði.

Ég get ekki komið auga á nein veruleg vandkvæði á því að hætta niðurgreiðslum á fiskmeti á innanlandsmarkaði og að miða hámark útflutningsuppbótanna á landbúnaðarvörum við t. d. 150 millj. kr. Með því móti yrði létt af ríkissjóði 100 millj. kr. til viðbótar því, sem frv. gerir ráð fyrir. Mætti þá endurskoða till. um þær takmörkuðu álögur, sem frv. greinir frá, svo sem rafmagnsskattinn og farmiðagjaldið. Einnig gæti ég hugsað mér, að með nokkru meiri afléttingu útgjalda mætti standa við framlagið til vegasjóðs, sem nú er ákveðið samkv. vegal. og verður ekki létt af ríkissjóði nema með breytingu á þeim lögum. Væri þá samt sem áður, að minni hyggju, athugandi að hækka benzínskattinn, til þess að unnt verði að hraða brýnustu verkefnum í vegagerð og auka vegaviðhald.

Farmiðagjaldið álít ég vera spor aftur á bak, þótt mér sé hins vegar ljós hættan á þeirri þróun, að verzlunin færist í stórum stíl út úr landinu. Sú hætta ætti þó jafnframt að vera öllum þeim, sem við innflutning og vörudreifingu fást, þörf áminning. Það er ekki eingöngu vegna þess, að tollar séu háir hér á landi, sem fólk sækist eftir að verzla erlendis. Það er líka vegna þess, að verzlunin er vægast sagt ekki nógu vel rekin og vörudreifingin verður þar af leiðandi óhæfilega dýr. Kaupmenn og kaupfélög hafa enga samkeppni sín á milli, en eru hjartanlega sammála um að krefjast hækkaðrar álagningar, og í þeim kröfum eru kaupfélögin sízt eftirbátar kaupmannanna.

Í þessu sambandi getur það verið fróðlegt fyrir íslenzka kaupfélagsmenn að frétta af því, sem gerðist í Svíþjóð nýlega í kaupfélagaverzlunum. Þann 1. júní s. l. hækkaði söluskattur úr 6.6% í smásölu í 10%. Kaupfélögin í stærstu borgum Svíþjóðar brugðust þannig við þessu, að þau auglýstu óbreytt útsöluverð á sínum vörum, þrátt fyrir þessa miklu hækkun söluskattsins. Og þau gerðu sums staðar meira. Þau lækkuðu vöruverð beinlínis frá því, sem það hafði verið fyrir söluskattshækkunina, og kom sú verðlækkun einkum fram á kjötvörum. Í umr. um málið sögðu kaupmenn að vísu, að þetta væri ekki hægt, en kaupfélagsmenn svöruðu því til, að þeir hefðu dreifingarkerfi sitt rasjónaliserað og á þann hátt væri þeim mögulegt að taka á sig alla söluskattshækkunina og framkvæma viðbótarverðlækkun á sumum vörum. Mér finnst þessi frétt frá Svíþjóð vera harla athyglisverð, sérstaklega fyrir alla kaupfélagsmenn, en einnig fyrir aðra þá, sem fást við verzlun og vörudreifingu. Er ekki allt okkar verzlunarkerfi óþarflega dýrt, og er ekki hægt að koma þar við rasjónaliseringu eins og í öðrum starfsgreinum?

Í þessu sambandi finnst mér eftirtektarvert, hve mikið er um litlar vörupantanir til landsins, en það gerir bæði innkaupin og dreifinguna vitaskuld óhagkvæmari. Ég skal nefna dæmi um ákveðnar vörusendingar, sem skrifstofa verðlagsstjóra hefur fylgzt með. Alls staðar er miðað við cif-verð. Tollur, annar kostnaður í innflutningi og söluskattur hafa verið reiknaðir sér, en álagningin í kr., samanborið við cif-verðið, verður þessi: Það er keyptur inn strásykur á cif-verði 283 944 kr. Álagning verður 125 446 kr. Það er keypt hveiti fyrir 612 438 kr. Álagning verður 314 255 kr. Báðar þessar vörutegundir eru tollfrjálsar. Það eru keyptir inn kvenskór fyrir 87 965 kr. Álagning er 72 928 kr. Það eru keyptir inn karlmannaskór á cif-verði 39 481 kr. Álagning er 31 633 kr. Það er keypt erlent kex í pökkum fyrir 10 051 kr. cif. Álagning er 17 833 kr. Það eru keyptar sveskjur fyrir 13 442 kr. cif. Álagning 10 124 kr. Það eru keyptar kvenkápur fyrir 103 792 kr. Álagning er 89 831 kr. Það eru keyptir ísskápar fyrir 30 420 kr. Álagning verður þar ekki nema 13 814 kr. Það er keypt léreft fyrir 35 255 kr. Álagning á því verður 27 612 kr.

Á þessu þarf að verða breyting til batnaðar. Innkaupin í þessu formi hljóta að vera óhagkvæm. Betur rekin verzlun hér heima mundi þýða það, að minna væri verzlað erlendis og minna færi fram hjá tollinum. Og skal ég þá að lokum í þessu sambandi fúslega viðurkenna, að þrátt fyrir miklar lagfæringar á tollakerfi okkar á síðustu árum er enn þá mikilla lagfæringa þörf.

Ég minntist áðan á rafmagnsskattinn. Ef unnt reyndist að komast hjá því að taka hann upp, yrði væntanlega að þessu sinni að hafa sama hátt á og verið hefur um greiðslu tekjuhalla rafmagnsveitna ríkisins, en það á svo væntanlega ekki langt í land, að framkvæmdasjóður dreifbýlisins verði stofnaður, og þegar að því kemur, mætti athuga, hvort ekki mætti létta ríkissjóði þá byrði, sem hann hefur nú af rafvæðingunni.

Ef að vanda lætur, munu berast til fjvn. margvísleg erindi um aukin útgjöld. Það er afar sjaldgæft, að til okkar komi till. um lækkun ríkisútgjaldanna. Munu þá fjárl. í meðferð þingsins að öllum líkindum hækka enn um nokkra milljónatugi. Á þessu ári var með sérstökum lögum veittur styrkur til hagræðingar í fiskvinnslustöðvum og til uppbóta á fisk veiddan á línu. Enn fremur var gert ráð fyrir stuðningi við skreiðarframleiðendur. Í fjárlagafrv. kemur ekkert fram um það, hvort þessum styrkjum verði haldið áfram, þótt eðlilegast hefði verið að taka þá upp í fjárl., ef sú er ætlunin. En ég vil fyrir mitt leyti fagna þeim upplýsingum hæstv. fjmrh. hér áðan, að þessi mál

verði tekin til vinsamlegrar athugunar, þegar nægilegar upplýsingar liggja fyrir.

Mín skoðun er sú, að einkum sé nauðsynlegt að bæta aðstöðu þeirra, sem fiskveiðar stunda með línu, gagnvart öðrum greinum útgerðarinnar. Á því þurfa sölusamtök framleiðenda sjálf að sýna fullan skilning. En einnig tel ég rétt, að ríkisvaldið komi þarna enn til hjálpar, vegna þess að fiskur veiddur á línu er bezta hráefnið, sem hægt er að fá til hraðfrystingar. Hraðfrystihúsin eru mjög víða aðalvinnustöðvar landverkafólks, og sé þeim ekki útvegað hráefni, má búast við, að af því geti hlotizt atvinnuleysi. Einnig getur svo farið, ef línuveiddur fiskur minnkar stórlega, að þá verði verðfall á þeim fiskmörkuðum, sem nú greiða okkur hæst verð fyrir fiskinn, þ. e. a. s. ef vörugæðunum hrakar.

Af því, sem ég nú hef sagt, verður ljóst, að enn getur komið til þess, að gera þurfi viðbótarráðstafanir til þess að ná saman endum á fjárl. ársins 1966. Sá vandi verður þó engan veginn mikill né óviðráðanlegur, og ég fyrir mitt leyti hallast heldur að því að létta útgjöldum af ríkissjóði, ef þess gerist þörf, fremur en fitja upp á nýjum álögum. Við lestur frv. verður að vísu ljóst, að núv. hæstv. fjmrh. hefur þegar gengið rösklega til verks í því að létta af ríkissjóði ýmsum útgjöldum, en á þeirri braut er hægt að ganga lengra, eins og ég hef bent á hér að framan.

Stjórnarflokkarnir komu sér saman um það að birta í upphafi þessa þings stefnuyfirlýsingu, sem unnið verður eftir út kjörtímabilið. Ætti raunar að taka upp þann sið að birta þjóðinni við þingsetningu hverju sinni grg. ríkisstj. um þau verkefni, sem koma muni til kasta þingsins, og gæti þá þingsetningin orðið annað og meira en það að setja fund og fresta fundi. Helztu atriði stefnuyfirlýsingarinnar eru þessi:

Tryggja verður heilbrigðan grundvöll efnahagslífsins, svo að framleiðsla aukist og atvinna haldist örugg. Sett verða lög um verðtryggingu sparifjár og lána til langs tíma. Lögð verður áherzla á málefnalegt samstarf við almannasamtök í landinu, stéttarfélög verkalýðs og vinnuveitenda. Reynt verður að endurvekja samstarf framleiðenda og neytenda um ákvörðun búvöruverðs. Stuðlað verði að öflun hlutlausra upplýsinga um ágreiningsefni í kjaramálum. Stofnað verður hagráð, skipað fulltrúum stjórnvalda og fulltrúum samtaka sveitarfélaga, atvinnuvega, launtaka og vinnuveitenda. Hagráðið fái til umsagnar þjóðhags- og framkvæmdaáætlanir. Haldið verði áfram framkvæmdum á sviði vinnuhagræðingar. Stuðlað verði að því, að sú stytting vinnutímans, sem fengizt hefur, verði raunhæf, og settar verði reglur um að færa orlof hér til samræmis við orlof á hinum Norðurlöndunum. Ríkisstj. mun beita sér fyrir umbótum á húsnæðislöggjöf. Stefnt verður að því að koma á staðgreiðslukerfi skatta á árinu 1967. Undirbúningi að lífeyrissjóði fyrir alla landsmenn verður haldið ósleitilega áfram. Framkvæmdabankinn verður lagður niður, en stofnlánasjóðir atvinnuveganna efldir. Unnið mun að því að koma upp nýjum atvinnugreinum, kísilgúrvinnslu og alúmíníumverksmiðju í sambandi við virkjun Þjórsár. Sett verða lög um eignar- og afnotarétt fasteigna. Heildarendurskoðun verður gerð á þeim þáttum skólalöggjafarinnar, sem hafa ekki þegar verið endurskoðaðir. Stefnt verður að því að stórauka íslenzka rannsóknarstarfsemi og efla Háskóla Íslands. Sett verður ný löggjöf um iðnfræðslu. Haldið verður áfram að vinna að viðurkenningu á rétti Íslands til alls landgrunnsins. Kannað verði til hlítar, hvort Ísland skuli gerast aðili að EFTA. Í utanríkismálum verði áfram starfað á vettvangi Sameinuðu þjóðanna og Atlantshafsbandalagsins.

Þessi stefnuskrá er í senn mótuð af raunsæi og bjartsýni þeirra flokka, sem að henni standa. Viðreisnin hefur tekizt í meginatriðum, þótt enn þá þurfi að halda áfram glímunni við dýrtíðardrauginn og alltaf komi ný vandamál til sögunnar. Með henni vilja flokkarnir vísa þjóðinni til vegar á þeirri braut, sem leiðir til meiri uppbyggingar og framfara, og þjóðin hefur góða reynslu af því, að þessir flokkar geta unnið saman af fullum heilindum, þótt ólíkir séu í grundvallarskoðunum. Þess vegna setur þjóðin meira traust á þá heldur en stjórnarandstöðuna, sem horfist ekki í augu við verkefnin eins og þau eru, heldur flytur órökstuddar fullyrðingar um efnahagsmálin, og hefur síðan ekki manndóm til þess að viðurkenna villu síns vegar. — Ég þakka þeim, sem hlýddu. Góða nótt.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Út af ummælum síðasta ræðumanns um uppbætur á landbúnaðarvörur vil ég aðeins minna á, að bændur hafa ekki einu sinni haldið í horfinu hvað rauntekjur snertir undanfarið, því að verðbólgudraugurinn hefur tekið til sín meira en hækkun uppbótanna. Hækkun uppbótanna rekur því rætur sínar til verðbólgustefnu ríkisstj.

Varðandi dæmið um kaupfélög í Svíþjóð og söluskatt og verðlag væri gott fyrir hv. ræðumann að athuga, að þar í landi er samvinnuhreyfingin ekki lögð í einelti eins og hér.

Það vakti athygli í vor sem leið, að ríkisstj. hvarf af Alþ. án þess að gera grein fyrir afkomu ríkissjóðs árið 1964. Grunaði menn, að þetta kæmi ekki til af góðu, enda var farið að gefa í skyn þau furðulegu tíðindi, að greiðsluhalli hefði orðið á ríkisbúskapnum í fyrra. Um miðjan júlí í sumar sprakk svo blaðran, og var þá tilkynnt, að 220 millj. kr. greiðsluhalli hefði orðið, og fór þá fyrir borð eitt meginatriðið enn af því, sem ríkisstj. hafði gert að grundvelli stefnu sinnar, sem sé að hafa ríflegan greiðsluafgang hjá ríkissjóði, sem lagður væri inn í bankakerfið til að hressa upp á það, sem þeir kalla jafnvægi í efnahagsmálum. Veit ég, að ekki hafa allir gleymt því, hve roggin ríkisstj. var, þegar hún sagðist hafa lagt 100 millj. á bók.

Til þess að ná greiðsluafgangi hefur verið haugað á stórfelldari nýjum sköttum og álögum en nokkru sinni áður eru dæmi um. En nú kemur í ljós, að eyðslan vex enn meira en álögurnar, þótt ótrúlegt megi telja, og svo kemur það til, sem óðaverðbólgan gleypir af ríkistekjunum í öllum hugsanlegum myndum. Segja má, að þetta sé orðið eins og að ausa sandi í botnlausa tunnu, og enn á þetta að halda áfram og vottar ekki fyrir neinni breytingu til bóta, en gefið helzt í skyn, að enn muni halli á ríkisbúskapnum

á þessu ári, og enn eiga álögur að aukast og ríkisútgjöldin að vaxa með ofsahraða.

Ekki varð halli á ríkisbúskapnum árið 1964 vegna þess, að ríkistekjur brygðust, öðru nær, því að þær fóru 16.1% eða 313 millj. fram úr áætlun, en útgjöldin fóru bara 588 millj. fram úr áætlun, og slagar umframeyðslan ein út af fyrir sig því hátt í fjárl. öll, eins og þau voru, þegar núv. ríkisstj. tók við til þess að auka ráðdeild, sparnað og stöðva verðbólgu og dýrtíð. En því var öllu lofað.

Og nú liggur fyrir fjárlagafrv. fyrir árið 1966 og umr. að hefjast um það. Hafi einhverjir búizt við stefnubreytingu eða nýjum úrræðum til bóta við fjmrh.-skiptin, hafa þeir nú þegar orðið fyrir sárum vonbrigðum, því að í þessu frv. og því, sem með fylgir, vottar ekki fyrir neinu slíku. En stjórnarliðið getur sjálfu sér um kennt, ef þau vonbrigði verða sárari en þau þyrftu að verða, því að það vakti tálvonir með því að dylgja um frammistöðu fyrrv. fjmrh. í sumar og þrástagast á, að nú væri kominn maður, sem mundi taka á öllu með festu og ráðdeild og beita sér fyrir aðkallandi sparnaðarráðstöfunum. Þessar sneiðar gat enginn misskilið, þar sem okkur hefur nú í 6 ár verið sagt frá hinum stórfelldu sparnaðarráðstöfunum, sem verið væri að framkvæma, enda þótt eyðslan færi látlaust vaxandi. Það var á hinn bóginn fróðlegt að heyra það játað nú við mannaskiptin í sumar, að þetta hafi verið skrum og óraunhæft það, sem mest áherzla var á lögð, eins og hæstv. fjmrh. játaði hér áðan, t. d. um fyrirkomulag skattamála.

Hitt er svo í rauninni aðallega skoplegt, að ráðdeildarplatan hefur verið sett á aftur og byrjað á byrjuninni, eins og hún hafi aldrei verið spiluð áður. En eftir á að hyggja er það kannske ekki sama platan, því að röddin er önnur, en þátturinn er nákvæmlega eins fyrir því. Byrjað er upp á nýtt að lofa hagsýslu og sparnaði, eins og það hafi aldrei áður verið gert, og nú á það að vera ný deild eða ný stofnun, en á undanförnum árum hefur verið varið millj. í það, sem kallað hefur verið hagsýsla, en árangurinn sést á ríkisrekstrinum og m. a. þessu fjárlagafrv. og játningum stjórnarliðsins sjálfs á þessu ári.

Áður en ég kem að því að ræða frv. að ráði, vil ég víkja að framkvæmd fjárl. á þessu ári. Á síðasta Alþ. voru álögur auknar um mörg hundruð millj., og var talið um jólaleytið í fyrravetur, að duga mundi, og þá hélt ríkisstj. vafalaust, að greiðsluafgangur væri í vændum. En rétt fyrir þinglokin í vor var skyndilega tilkynnt, að verklegar framkvæmdir yrðu skornar niður um 20% eða um fimmtung, því að draga yrði úr framkvæmdaspennunni, og vafasamt um afkomuhorfur ríkissjóðs þrátt fyrir allar nýju álögurnar og uppgripaframleiðslu. Engar sparnaðarráðstafanir komu á hinn bóginn til mála þá fremur en áður, og allar aðrar framkvæmdir en byggingar skóla, sjúkrahúsa, hafna og vega, svo að dæmi séu nefnd, skyldu halda áfram og ganga fyrir. Sýnir fátt betur en þetta, hvernig allt er á floti í verðbólgudýkinu og hvað það er, sem ríkisstj. lætur sitja á hakanum. Með brbl. var ákveðið að haga svo til, að ekki skyldi byrjað á neinum nýjum skólaframkvæmdum á þessu ári, sem alræmt er orðið. Var fjárl. sjálfum þannig breytt með brbl. í raun og veru, því að á þeim voru fjárveitingar til nýrra skólabygginga, eins og alltaf endranær. Vegáætluninni, sem samþ. hafði verið þá fyrir nokkrum dögum á Alþ., var raskað frá rótum með niðurskurði vegafjárins, og ekki liggur fyrir nein skýrsla um það enn, hvernig í henni var grautað né hvernig því verður við bjargað, sem niður datt af fjárveitingum til veganna á þessu ári.

Samkv. því fjárlagafrv., sem hér liggur nú fyrir, eiga ríkisútgjöldin að fara upp í 3800 millj. eða upp í 4000 millj. og vel það með vegáætluninni og verða þó miklu meiri vafalaust, því að verðbólgan heldur áfram að magnast. Hafa fjárl. nú nálega fimmfaldazt á 7 árum í höndum þeirra, sem hétu því sem fyrsta stefnuatriði að stöðva verðbólgu og dýrtíð og þar næst marglofuðu sparnaði og ráðdeild í ríkisrekstri og lækkuðum ríkisútgjöldum. Jafnframt láta þessir menn dynja yfir landsmenn yfirlýsingar frá sér um það, hve vel hafi tekizt að ná því marki, sem sett var. Eru margir vafalaust löngu saddir orðnir af slíkri óskammfeilni. Jafnhliða því sem verðbólgan hefur hækkað ríkisútgjöldin og bókstaflega étið upp sívaxandi álögur, hefur hvers konar skriffinnska, tildur og sóun í ríkisbúskapnum farið hraðvaxandi og aldrei nálgazt það, sem nú er, þótt oft hafi að sjálfsögðu verið pottur brotinn í þeim efnum. Ekki vottar fyrir stefnubreytingu, eins og ég sagði áðan, þótt ekki vanti yfirlýsingar um hið gagnstæða fremur en fyrri daginn. En þess í stað á enn að fara gömlu leiðina og hækka álögurnar. Nú á að margfalda eignarskattinn, hækka rafmagnsverðið hjá ríkisorkuveitum ríkisins, sem verður sérskattur á rafmagn til þeirra, sem við þær skipta, hækka benzínskattinn, byrja að setja umferðarskatt á þjóðvegina sjálfa og leggja sérstakan skatt á alla farmiða til útlanda, enda þótt manni hafi skilizt það vera talinn einn merkasti árangur viðreisnarinnar, að meira væri farið til útlanda en áður. En auðvitað mátti þá svo sem búast við, að ríkisstj. stillti sig ekki lengi um að gera þessar ferðir að skattstofni, og sannast að segja líkt þeim að missa af sér þessa fjöður líka.

Það var ekki illa viðeigandi, að ríkisstj. valdi yfirlýsingu sinni um daginn að fyrirsögn í Morgunblaðinu: „Fjölþættar nýjungar". Enginn getur borið á móti því, að mikil fjölbreytni er í skattamálunum úr hendi hæstv. ríkisstj., og þá ekki sízt þegar þess er gætt, að áður hafði ríkisstj. beitt sér fyrir fjölþættum nýjungum í þeim málum. Má þar nefna almenna söluskattinn, bændaskattinn, launaskattinn, ríkisábyrgðarskattinn, iðnlánasjóðsgjaldið, aðgönguskattinn á veitingahúsunum, sérskatt á timbur, sérskatt á sement, sérskatt á steypustyrktarjárn og sérstakan skatt á útborguð laun iðnfyrirtækja. Verða þá nýju skattarnir 12, og hef ég þó líklega gleymt einhverjum. Annars var það eitt stefnuskráratriði þessarar ríkisstj. að gera skattakerfið einfaldara og fækka sköttum, og var því yfir lýst mjög hátíðlega. En það hefur orðið sama öfugmælið og margt annað. Ríkisstj. hefur af ótrúlegri elju ungað út nýjum sköttum af furðulegustu gerð. Eru menn nú farnir að hafa sér það til skemmtunar að halda getraunir um það, upp

á hvaða nýjung í skattamálum ríkisstj. muni finna næst.

Það fer eðlilega um marga, þegar þeir hugsa til þess, að ríkisútgjöldin hafa nálega fimmfaldazt á 7 árum, og íhuga, með hversu miklu ofstæki þessu er haldið áfram, talið gott og lýst yfir sömu stefnu enn og boðaðar nýjar álögur. En það er þó verst af öllu, að þessar iskyggilegu staðreyndir eru ekki nema nokkur hluti af vandamálinu.

Steininn tekur alveg úr, þegar þess er gætt, að þrátt fyrir þessar gífurlegu álögur tekst ríkisstj. ekki að koma í framkvæmd þeirri lífsnauðsynlegu þjónustu af ríkisins hendi, sem verður að koma til, ef þjóðin á að geta lifað framvegis þróttmiklu menningarlífi í landinu. Niðurstaðan í þessu efni er svo ömurleg, að þótt við lifum nú við stórfelldari uppgrip en nokkru sinni áður og meiri álögur, þá tekst ekki að halda í horfinu með þjónustuframkvæmdir ríkisins, en safnast upp óleyst verkefni á þann hátt, að fljótlega mun draga þjóðina niður. Og þessi óleystu verkefni magna þann vanda, sem fyrir safnast á vegum ríkisstj. ár frá ári.

Víkjum lítið eitt að þessari hlið. Tökum skólamálin fyrst, en allir telja sig viðurkenna, að menntun sé undirstaða allra sannra framfara og tæknimenntun þar að auki töfralykillinn að efnalegri velgengni manna í sívaxandi mæli. En hér er þannig ástatt í skólamálum eftir 6 ára viðreisnarstjórn, að vísa verður hundruðum unglinga frá gagnfræðanámi, — meira að segja frá gagnfræðanámi, — og sjá þá allir, hvert framhaldið verður hjá því unga fólki, sem fyrir slíku verður.

Skólastjórar gagnfræðaskólanna hafa sumir í áheyrn alþjóðar með átakanlegum lýsingum gert kunnugt um það stríð, sem þeir standi í, til neyddir að neita ungu fólki um skólavist. Það er tví- og jafnvel þrísett í skólana, og ég hef það fyrir satt, að sumir bekkir séu beinlínis á hrakhólum og hafi hvergi fastan samastað. Upp á þetta ástand er svo haldið með því að skera niður framkvæmdir til skólabygginga um 20% á þessu ári og framkvæma það þannig að banna með brbl. að byrja á nýjum skólum. Það er sagt, að tvennt komi til og geri þetta óumflýjanlegt: Peningar séu ekki til og svo verði ofþensla, ef byrjað er á nýjum skólum. Líklega telur ríkisstj. það einhvers konar náttúrulögmál, að það séu einkum skólabyggingar og aðrar hliðstæðar framkvæmdir, sem valdið geti ofþenslu, því verði þær að víkja, en allt annað skuli hafa sinn gang. Þeim vífilengjum er beitt í þessu sambandi stundum, að nýjar skólabyggingar hafi þurft að stöðva til þess að koma þeim lengra áleiðis, sem voru í byggingu. En mundu menn telja það ofrausn, að hægt væri að halda áfram með skólabyggingar og byrja jafnframt á nýjum, eins og ráðgert var í fjárl. og ævinlega hefur verið gert og verður að gera, ef ekki á að skapast eyða í framkvæmdirnar? Ef til vill sýnir ekkert betur en ástandið í skólamálum og niðurskurður skólabygginganna, að skoða verður efnahags- og fjárfestingarmálin frá algerlega nýjum sjónarhól og taka þau nýjum tökum, og kem ég að því síðar. Á þessu fjárlfrv. er svo lægri fjárhæð veitt til barna- og gagnfræðaskólabygginga en var á fjárl. þessa árs. Ekki er betur ástatt með framhaldsskólana, en tíminn leyfir ekki að rekja það hér.

Þá vil ég nefna rannsóknarmálin, en allir vilja játa, að hagnýtar rannsóknir í þágu atvinnuveganna eigi að vera ein traustasta undirstaða atvinnulífsins og þjóðarbúsins. Það vantar ekki yfirlýsingar um þetta úr stjórnarherbúðunum látlaust og si og æ. En framkvæmdin? Ég nefni aðeins tvö dæmi. Bygging rannsóknarstofnunarinnar að Keldum var stöðvuð á þessu ári, líklega til þess að draga úr ofþenslunni. Landið á ekki enn þá rannsóknarskip í þágu sjávarútvegsins, og er þó fyrir æðilöngu búið að safna nægilegu fé til útborgunar í slíkt skip, ef tekið væri lán til kaupanna, eins og venja er, þegar önnur skip eru keypt. Ríkisstj. einnar mestu fiskveiðiþjóðar í heimi hefur ekki getað komið í framkvæmd útvegun á einu skipi, sem raunverulega er hæft til þess að framkvæma rannsóknir í þágu sjávarútvegsins.

Þá kem ég að hafnarmálunum. Á þessu ári voru ætlaðar 19½ millj. kr. til nýrra hafnargerða af 3½ milljarði, sem ríkisstj. innheimtir. Þetta þótti þó of mikið, því að það var lækkað um 20% niður í 15 millj. og 600 þús., og er við það sama látið sitja á fjárlfrv. Þetta þýðir, að hæsta framlag, sem ríkisstj. ætlar í einstakar hafnargerðir, verður í ár 560 þús. kr., — 560 þús. kr., það var ekki misheyrn. Þetta á að leggja fram af ríkisins hálfu, en margar hafnarframkvæmdir eru upp á 10—20 millj. og margar þar yfir. Menn sjá af þessu, hvernig þessum málum er komið. Framkvæmd hafnarlaganna er hreinlega að brotna niður í þessu öngþveiti, enda dregur ríkissjóður á eftir sér hala ógreiddra framlaga til hafnarmála, og framkvæmdir verða annaðhvort að stöðvast eða byggðarlögin að taka á sig óbærilega lausaskuldabagga til að brjótast áfram með hafnargerðirnar. Kominn er á fjárl. nýr póstur til greiðslu á lánum ríkisins vegna hafnarframlaganna af sinni hendi undanfarið, því að gripið hefur verið til þess að láta ríkissjóð taka lán í þessu skyni í stað þess að setja framlögin strax á fjárl. Eru nú þessar skuldagreiðslur byrjaðar að klípa af hafnarframlögunum, því að stjórnin setur þennan póst á hafnarmálakaflann í fjárl. Þannig er vegaféð nú líka étið upp í hraðvaxandi mæli í greiðslur af lánum, sem tekin hafa verið undanfarið til framkvæmda í vegamálum, og eru þessar skuldagreiðslur látnar minnka vegaframlögin.

Afleiðingar stjórnarstefnunnar og þess, hvernig komið er með ríkisbúskapinn, kemur einnig fram í því, að ekki er talið fært að leggja eina krónu umfram venju af 4 milljarða álögum til sérstakra umbóta á Vestfjörðum, heldur hver einasta króna tekin að láni, sem í það fer. Enn eru svo ráðgerðar lántökur til margvíslegra ríkisútgjalda, þrátt fyrir 4 milljarða álögur, sem duga ekki einu sinni til þess að halda í horfinu í skólamálum, heilbrigðismálum og öðrum málum, eins og hafnarmálum, svo að dæmi séu nefnd.

Ég vík þá að vegamálum nokkrum orðum. Eldri vegirnir ganga víða beinlínis úr sér vegna viðhaldsskorts. Sums staðar hefur ekki verið borið í þá árum saman, og eru þeir þá orðnir líkari urð en vegum og nálega ófærir, en um-

ferðarþörfin eykst sífellt. Greiðslur af vegalánum ríkisins frá viðreisnarárunum gleypa bróðurpartinn af nýju benzintekjunum, og verðbólgan tekur einnig sinn skammt, svo að vegamálin eru komin í sjálfheldu fullkomlega. Afskipti ríkisstj. á þessu ári af þessum vanda hafa verið þau að skera vegaframlög ríkissjóðs niður um 20%. Og nú í fjárlfrv. er lagt til að þurrka framlög til þjóðveganna alveg út af fjárl. Fyrir utan annað er þetta beint brot á því loforði, sem gefið var til stjórnarandstöðunnar, þegar fallizt var á benzínskattinn og vegalögin sett. Þá lofaði ríkisstj. því, að framlagið til vega á fjárl. skyldi ekki lækka niður fyrir 47 millj. kr. Stefna framsóknarmanna í þessum málum er á hinn bóginn m. a. í því fólgin, að til veganna skuli ganga allt það fé, sem lagt er á umferðina raunverulega. En nú skortir stórkostlega á, að svo sé. Er nú enn svo komið, að endurskoða þarf vegamálin frá rótum. Svo harkalega hefur fjármálaupplausnin leikið nýju vegalögin nú þegar. Ofan á þennan vanda bætist svo furðulegt ranglæti, sem innleitt hefur verið með því að útiloka ýmsa landshluta nálega alveg frá vegalántökum. En eins og stjórnin hefur haldið á vegamálunum, eiga þeir litilla átaka að vænta í vegamálum, sem ekkert fá af lánsfénu. Þeirra bíður þá helzt það hlutskipti að láta vegafé sitt hröðum skrefum í greiðslur af lánum ríkisins.

Í flugmálum er ástandið í stuttu máli þannig, að flugvellirnir geta brátt alls ekki veitt flugflotanum þá þjónustu, sem hann þarf, og mætti nefna um það átakanleg dæmi, sem of langt er að rekja.

Strandferðamálin horfa þannig og hafa horft undanfarin ár, að Skipaútgerðin hefur ekki fengið það fjármagn, sem þurft hefur til þess að geta annazt vöruflutninga út um land. Hefur þetta m. a. valdið atvinnurekstri víðs vegar um landið ómældu, en stórfelldu tjóni. Strandferðirnar eru reknar á áratugagömlum, úreltum skipum, og ríkisstj. hefur þverskallazt við öllum till. um að kaupa ný skip og hentug til þessarar lífsnauðsynlegu þjónustu. Afleiðingin af þessari stefnu verður því meiri og meiri halli á rekstrinum, eins og menn heyrðu hér áðan fjmrh. kvarta yfir, og verri og verri strandferðaþjónusta.

Hliðstæðar sögur er að segja af öðrum þýðingarmestu þjónustugreinum ríkisins, svo sem heilbrigðismálum og raforkumálum, að ógleymdum félagsheimilasjóðnum. Má nefna, að hin stærri sjúkrahús eru áratug eða meira í smíðum og nálega úrelt orðin að sumu leyti að dómi lækna, þegar þeim er lokið, því að sjúkrahúsin verða að vikja fyrir öðrum framkvæmdum, sem líklega þykja þarfari.

Ekkert meiri háttar raforkuver hefur verið reist á valdatíma þessarar stjórnar og raforkuskortur orðinn til stórtjóns. Ný rafvæðingaráætlun fyrir dreifbýlið fæst ekki gerð, og með niðurskurði er raskað þeim áætlunum, sem búið var að gera.

Framsóknarmenn hafa árum saman barizt harðri baráttu fyrir því að koma upp sterkri stofnun með veruleg fjárráð til að vinna gegn þeim þjóðarvoða, að nálega allir landsmenn flytjist á einn stað á landinu og heil byggðarlög leggist í auðn. Frv. okkar um þetta hefur verið vísað frá ár eftir ár og framan af með þeim rökstuðningi, að þær 10 millj., sem veittar eru á fjárl. til atvinnubóta, væru fullnægjandi ráðstöfun í þessu efni. Nýlega kom þó út úr þessari baráttu Vestfjarðaáætlunin og farið að lofa meiru. En á þessu fjárlfrv., sem gerir ráð fyrir 3800 millj. kr. álögum, vottar ekki fyrir neinum ráðstöfunum í þessa átt, nema ef telja skyldi hækkun á atvinnubótafé, sem svarar andvirði eins lítils mótorbáts, sem næði þó ekki þeirri stærð að geta farið á síld. Á hinn bóginn vinna yfirvöldin markvisst að því að koma upp stórfelldum atvinnurekstri útlendinga og setja hann niður, þar sem atvinnurekstur er öflugastur fyrir, og stækka þannig hið geigvænlega byggðavandamál. Ætlar ríkisstj. að fara í þessu sem í fleiru alveg öfugt að við það, sem nú er gert í öðrum menningarlöndum. Er svo ósleitilega í þetta gengið, að í engu er sinnt tillögum framsóknarmanna um það, að komi stóriðja til greina, þá verði hún staðsett þannig, að hún stuðli að eðlilegu jafnvægi í byggð landsins.

Ég tel mig hafa sýnt fram á, að í þessu fjárlfrv. speglast með ömurlegum hætti sá stórfelldi vandi, sem stjórnarstefnan hefur skapað, sem m. a. kemur fram í því, að ríkinu tekst ekki einu sinni að halda í horfinu með nauðsynlegustu þjónustu og framkvæmdir, þrátt fyrir uppgrip og góðæri og mikla framleiðslu. Og þessar staðreyndir blasa við, þrátt fyrir gegndarlausar álögur í öllum hugsanlegum myndum, sem komast munu á næsta ári upp í 4000 millj., eins og ég hef bent á.

Höfuðeinkenni fjárlagafrv. eru vaxandi álögur og minnkandi framlög til þýðingarmestu framfaramálanna. Sívaxandi eyðsla og tildur í ríkisrekstrinum eru þarna að verki, og verðbólgudraugurinn tekur sitt, en hann lifir góðu lífi, meðan stjórnarstefnunni er haldið. Ráðherrar reyna stundum að draga athygli landsmanna frá þessu hættulega ástandi með því að benda á, að hærri fjárhæðir í krónutölu séu veittar nú en var fyrir 7—10 árum til ýmissa mála. Slíkur málflutningur er ósæmilegur og vífilengjur einar. Það eitt skiptir máli, hvernig nú tekst að leysa þessi verkefni í menntamálum, samgöngumálum, rannsóknarmálum og öðrum efnum, miðað við núverandi ástand. Það stýrir ekki góðri lukku, að ráðherrar snúi andlitum aftur, en samanburður af þessu tagi bendir í þá átt, að svo sé, og er þá ekki von, að vel fari.

Við sjáum, hvernig þessi stefna fer með framkvæmdagetu ríkisins. En hvað er þá um almenning? Það er skemmst af því að segja, að kaupmáttur tímakaups t. d. hefur ekki hækkað, heldur lækkað síðan 1959, og líklega er Ísland eina landið í Evrópu, sem þannig hefur verið stjórnað. Ég minntist áðan á afkomu bændanna.

En einhverjir græða á óðaverðbólgunni og ná til sín ósmáum fúlgum. Það sjáum við m. a. á eyðslunni og fjárfestingunni í landinu, sem auðvitað hefur á sér öll verstu einkenni verðbólgufjárfestingar, en henni fylgir jafnan gífurleg sóun fyrir þjóðarbúin. Það sýnir svo bezt, hvert stefnir með þessu lagi, að þrátt fyrir gífurlega fjárfestingu og þótt ríkisstj. minnki skólabyggingar, vegalagningar, sjúkrahúsabyggingar og

fleiri þess háttar framkvæmdir, þá versnar ástandið í húsnæðismálum. Sjaldan hefur verið verra að fá leiguíbúðir en nú og leigan aldrei gífurlegri, að maður tali nú ekki um byggingarkostnaðinn.

Þessi tröllaslagur í fjárfestingunni og eyðslunni, sem m. a. byggist á beinum ótta við enn vaxandi verðbólgu og hreinlega á vantrausti á ríkisstj. og hennar úrræðum, hefur svo leitt til stórfelldra vandræða fyrir sjálfa framleiðsluna, því að vinnuaflið sogast frá framleiðslunni og yfir til þeirra, sem í verðbólguflóðinu komast yfir peninga og í dauðans ofboði leggja peningana í fast, eins og það er kallað. Svo rammt hefur kveðið að þessu, að ekki hefur einu sinni verið hægt á stundum að landa afla þeim, sem skip og bátar hafa borið að landi, né vinna úr aflanum, og bjóða hefur orðið út börnunum, til þess að unnt væri að framkvæma lífsnauðsynlega vöruflutninga.

Auðvitað verður framleiðslan undir í samkeppninni við verðbólgufjárfestinguna um vinnuaflið og annað, enda stendur ríkisstj. röngu megin, því aðferðir hennar til að ráða bót á þessu eru þær að draga úr almennum bankaútlánum og leggja á nýjar álögur. En þessar ráðstafanir koma einmitt harðast niður á framleiðslu- og iðnaðarfyrirtækjum, og er rekstrarfjárskorturinn, sem af þessum læknisaðferðum leiðir, lengi búinn að vera sívaxandi vandamál hjá fjölda fyrirtækja í landinu. En þeir, sem gera út á verðbólguna, blómgast æ meir við ráðstafanir ríkisstj., og upplausnarkapphlaupið magnast.

Við þessar aðstæður beinist svo aðaláhugi ríkisstj. að því að fá erlendan auðhring til að ráðast í mannfrekar og miklar framkvæmdir og þá einmitt þar í landinu, sem orustan er hörðust í þessari viðureign. Jafnframt heldur ríkisstj. því blákalt fram, að svona verði þetta að vera, þetta sé ágætt og alveg eins og hún ætlaðist til, enda verði haldið svona áfram. Önnur leið, önnur stefna sé ekki til, og allt tal um slíkt sé blekkingar eða sprottið af illvilja eða öðru verra.

Þeir segjast geta haldið áfram, þ. e. a. s. haldið svona áfram, ef þeir fái nýju skattana sína eins og vant er, svo einfalt sé þetta. En ætli þeim fari ekki í sannleika sagt fækkandi, sem vilja láta trúa þessari ríkisstj. fyrir meiri peningum til að halda áfram á þennan hátt? Ég held það. Ég held, að það þýði ekki að segja mönnum, að svona verði þetta að vera, önnur leið sé ekki til, enda sýna viðbrögð stjórnarflokkanna, að þeir eru farnir að skilja þetta og óttast þetta, því að með öðru móti verður ekki skilið það ofboð, sem grípur stjórnarblöðin, þegar bent er á aðrar leiðir.

Úrræði ríkisstj. eru þau að hækka álögurnar látlaust, meðan hægt er að draga úr kaupgetu, láta þjónustuframkvæmdir ríkisins víkja og herða lánsfjárhöftin, sem m. a. kemur fram, eins og ég sagði áðan, í óbærilegum rekstrarfjárskorti fyrirtækja. Það er þessi stefna, sem heldur hringekjunni gangandi, og meðan þessu fer fram, heldur hún áfram að snúast. Þetta má ekki lengur svo til ganga.

Það verður að ræða þessi mál hreinskilnislega frá rótum. Það er öllum skylt að gera, en leggja niður vífilengjur og útúrsnúninga. Ástandið er það alvarlegt, að skætingur á ekki við. Hér verða að koma til ný viðhorf og nýjar leiðir. Það verður að hugsa öðruvísi, tala öðruvísi og vinna öðruvísi en nú er gert við Lækjartorg. Það verður að ganga að kjarna þessara mála og rekja sig út frá honum. Grundvöllurinn verður að vera sá að gera sér grein fyrir því, hvernig þjóðin á að beita framkvæmdaafli sínu, vinnu og vélaafli, hver séu þýðingarmestu verkefnin, sem þarf að leysa á þjóðarbúinu til að efla þróttmikið atvinnu- og menningarlíf í landinu. Þá kröfu verður að gera, að hægt sé að láta sitja fyrir að vinna þau verk á þjóðarbúinu, sem þegar fram í sækir eru undirstaða nálega allra annarra verka. Má í því sambandi minna á skólamál, heilbrigðismál, rannsóknir og tilraunastörf og samgöngur á sjó og landi sem dæmi, en fjöldamargt fleira kemur til.

Ekki má sætta sig við það lengur, að þýðingarmikil framleiðslustarfsemi í landinu sé í mörgum greinum lömuð og á ringulreið vegna skorts á mannafla og rekstrarfé, en verðbólgufram-kvæmdir sogi til sín vinnuaflið. Menn mega ekki halda, að hægt verði að leysa þessi höfuðmálefni með nýjum álögum, meiri lánsfjárhöftum, minnkuðu rekstrarfé og ráðstöfunum til þess að halda kaupmætti kaupgjaldsins óbreyttum, þrátt fyrir hækkun þjóðartekna, eða með því að þjarma að bændum.

Það verður að fara aðrar leiðir og nálgast þessi mál frá nýjum sjónarhól, endurskoða þau frá rótum, og grundvöllurinn verður að vera áætlun um framkvæmdaafl þjóðarinnar og hvernig því skuli beita, til þess að þau verkefni sitji fyrir, sem mesta þýðingu hafa fyrir þjóðarbúið og almannaheill. Með því móti verður að tryggja, að þýðingarmestu þjónustuframkvæmdir verði framkvæmdar og sitji ekki á hakanum og að sjálfri framleiðslunni verði ætlað það svigrúm, sem hún þarf til þess að geta notið sín. Verðbólgan verður ekki læknuð með öðrum aðferðum en þessum, því að ekki eiga aðrar aðferðir að koma til mála en þær, sem leiða til fullrar atvinnu og fyllstu nýtingar vinnuaflsins. Slíka áætlun um skynsamlega niðurröðun verka á þjóðarbúinu verður síðan að framkvæma. Koma í því sambandi ýmsar aðferðir til greina, sem ákvarðaðar yrðu í einstökum atriðum, þegar fram kæmi og fyrir lægi, hvernig verkefnin, sem mest á liggur, koma heim og saman við það vinnu- og vélaafl, sem þjóðin hefur ráð á til rekstrar og nýrra framkvæmda, og hvað hægt er að leggja í, án þess að ofþensla og verðbólga komi til. Þegar þetta lægi fyrir, yrði skýrara en áður, hvað gera þyrfti til að tryggja framkvæmd þessarar stefnu og til að ná þeim markmiðum, sem sett hefðu verið, en hitt yrði að bíða, sem minna lægi á.

Þetta er það, sem næstu nágrannaþjóðir okkar sumar eru að gera núna. Þetta er „hin leiðin", meginkjarni hennar. En fjölmargt annað kemur til, svo sem öflug og jákvæð samvinna ríkisvaldsins, almannasamtaka og einkarekstrarins um val verkefna og um nýjar leiðir í atvinnurekstri og framleiðni og kjaramálum. Einn þáttur yrði endurskoðun á öllu starfrækslukerfi ríkissjóðs frá rótum, afnám tildurs og sóunar

í margs konar myndum. Og þannig mætti rekja lengi einstaka þætti hinnar nýju stefnu, sem verður að taka. En meginkjarni stefnunnar verður að vera áætlun um framkvæmdaafl þjóðarinnar og hvernig því skuli beita og hvernig það megi efla og framkvæmd slíkrar áætlunar.

En við búum við ringulreið, ráðleysi og óðaverðbólgu, og í kjölfarinu þróast vaxandi spilling í öllu fjármála- og viðskiptalífi landsins, sem er að verða þjóðarböl. Valdhafarnir hafa samt engin ný úrræði í huga, hvað þá í framkvæmd, en segja, að ástandið sé ekki aðeins viðunandi, heldur eins og gert hafi verið ráð fyrir, og stefnan skuli vera óbreytt áfram, enda sé „hin leiðin", önnur leið ekki til.

Ég kalla það kjark að lýsa slíku yfir. En betra væri fyrir landsmenn, að hæstv. ríkisstj. hefði kjark til að játa það, sem allir sjá, og kjark til að horfast í augu við þá staðreynd, að hún hefur ekki þá tiltrú né það traust meðal landsmanna, að hún hafi rétt til að halda svona áfram. Og sú leið, sem farin er, leiðir ekki að viðunandi marki. Um það er reynslan ólygnust. Um þetta ætti ekki að þurfa að deila.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Það eru í rauninni ekki mörg atriði, sem ég þarf að svara hér í ræðum hv. stjórnarandstæðinga. Hv. talsmaður Alþb. kom að litlu leyti inn á fjárlögin, heldur ræddi mörg önnur atriði, sem út af fyrir sig voru fróðleg, en ekki varða það mál, sem hér liggur fyrir, einkanlega stóriðju. Það mál út af fyrir sig væri fróðlegt að ræða, en það gefst tækifæri til þess síðar á þessu þingi, og tel ég ekki ástæðu til að lengja þessar umræður hvað það snertir.

Hann var að sjálfsögðu óánægður með fjárlfrv., og er ekkert við því að segja. En það örlaði þó naumast á nokkurri viðleitni til að benda á, hvaða úrræði ætti að velja til þess að leysa þann vanda, sem nú er við að glíma og ég lýsti ákveðið í einstökum atriðum og að ég hélt skýrt og greinilega í minni framsöguræðu. Það var töluvert fróðlegt að heyra hann tala um það, að sá vandi, sem ríkissjóður hefði átt við að glíma á árinu 1964, stafaði af því, hvað útlán bankanna hefðu verið mikil og hvað hefði verið úthlutað miklu framkvæmdafé á árinu 1963. Hingað til hefur það verið aðaldeiluefni hv. Alþb.-manna á hendur ríkisstj., að hún hafi skorið niður verklegar framkvæmdir og það til mikils ills og takmarki útlán bankanna. Nú á ógæfan 1964 og halli ríkissjóðs fyrst og fremst að hafa stafað af þessum ástæðum.

Hann kvað óþarfaeyðslu vera mikla. Þetta höfum við oft áður heyrt. Hann gerði þó tilraun til þess, sem hv. samþingismaður hans af Austurlandi gerði ekki, að benda á nokkur atriði, þar sem spara mætti. Það mætti leggja niður lögreglu á Keflavíkurflugvelli, það mætti leggja niður nokkur sendiráð, ganga úr NATO, leggja niður eitt prestsembætti og hætta að greiða ferðakostnað fyrir ráðuneytin og byggja ekki embættisbústaði eða kaupa embættisbústaði. Ég er sammála honum um það síðasta, að kaup á embættisbústað í sambandi við húsakaup af Guðmundi Í. Guðmundssyni voru ekki sérlega hagstæð fyrir ríkið, en það eftirtektarverða er, að þau kaup skuli hafa verið til komin fyrir tilverknað vinstri stjórnarinnar. Þó að allt þetta væri gert, sem hv. þm. talaði um, þó að við legðum niður öll þau sendiráð, sem hann nefndi, og þetta eina prestsembætti, og afnæmum allan ferðakostnað ráðuneyta, hættum öllum embættisbústöðum, þá sér auðvitað hver heilvita maður, að þessir liðir eru ekki nema svolítið brot af öllum útgjöldum ríkisins og skipta sáralitlu máli. Það breytir ekki því, að það er sjálfsagt að skoða allar till. sem þessar. En að halda því að fólki, að atriði sem þessi, og óljósar fullyrðingar um, að ótalmargt annað komi til greina, sem við höfum nú séð hér á hinu háa Alþingi undanfarin ár, hvernig er í reynd, fullyrðingar sem þessar um, að hér liggi hundurinn grafinn, ef svo má segja, varðandi erfiðleika ríkissjóðs, eru auðvitað gersamlega út í hött, þegar við lítum á fjárl., sem nema 3700—3800 millj. kr.

Það var að sjálfsögðu mjög einkennileg kenning hjá hv. þm. að halda því fram, að það hefði orðið til að lagfæra hag ríkissjóðs, ef ekki hefði verið gripið til söluskattshækkunarinnar í ársbyrjun 1964. Þá hefði nú fyrst keyrt um þverbak.

Hann kom að því, að framleiðslan hefði aukizt meira en hjá öðrum þjóðum. Það er rétt, framleiðsluaukningin síðustu árin hefur verið meiri en hjá flestum öðrum þjóðum og meiri en áður hefur þekkzt hér á Íslandi. Og þó að það sé auðvitað ekki nema að nokkru leyti hægt að segja, að það sé stjórnarvöldunum að þakka, þá getur það þó naumast verið, að það sýni, að hér hafi verið illviljuð ríkisstj., sérstaklega framleiðsluatvinnuvegunum, þegar slíkt hefur gerzt, enda vitum við, að mikill þáttur í þeirri framleiðsluaukningu, sem verið hefur, er einmitt hin miklu skipakaup, sem verið hafa nú á síðustu árum og hafa lagt t. d. grundvöll að hinum mikla síldarafla, sem nú hefur komið á land.

Varðandi það, sem hann síðar sagði um, að þessi ríkisstj. hefði fylgt fjandskaparstefnu gegn launþegum, verð ég að mótmæla því, og ég held, að hv. þm. meini það raunverulega ekki, þó að hann haldi því fram hér. Ég held, að það sé óhætt að fullyrða það án nokkurra öfga, að fáar eða engar ríkisstjórnir hafi lagt sig eins fram um það og núverandi ríkisstj. síðustu árin að skapa skilning á því að bæta kjör þeirra, sem verst eru settir í þjóðfélaginu. Þetta veit ég, að hv. þm. viðurkennir í raun, og þess vegna harma ég það, að hann skuli hafa þær fullyrðingar í frammi, sem hann gerði í þessu efni, þar sem allt annað er hið rétta.

Ég sé svo ekki ástæðu til að verja lengri tíma til að svara ræðu hv. þm. Hún var að mörgu leyti hófsamleg og ekki gerð tilraun til þess að rangfæra efnislega veigamikil atriði. En það var nokkuð á annan veg, þegar við komum að hv. talsmanni hinnar leiðarinnar, hinnar stefnunnar, hinum manninum, sem vildi, að við værum hinsegin, en ekki svona, þ. e. a. s. hugsuðum öðruvísi, töluðum öðruvísi og þar fram eftir götunum. Mér fannst satt að segja, að það væri mikill kjarkur af þessum hv. þm., sem hefur verið lengur fjmrh. en nokkur annar, að leyfa sér að flytja þann boðskap um hina leiðina, sem hann flutti hér í kvöld. Í síðustu kosningum gengu framsóknarmenn til kosninga undir kjör-

orðinu, að þeir vildu fá þriðju leiðina. Reyndin varð sú, að almenningur í landinu vildi ekki mikið hlusta á fullyrðingarnar um þessa leið, vegna þess að gallinn var sá, að það vissi enginn, hver þessi leið var, og því fékkst aldrei svarað. Það er nákvæmlega það sama, sem gerist hér. Hér hafa menn heyrt lýst hinni leiðinni í kvöld. Að svo miklu leyti sem hægt er að átta sig á, hver hin leiðin er, þá er hún þessi: Það á að auka framlög til allra hugsanlegra hluta í þjóðfélaginu. Það á að margfalda þessi framlög. Og það á jafnframt að afnema sem mest af þeim sköttum, sem á hefur verið lagt. Hann tiltók ótal skatta, þessi hv. þm., sem hann taldi vera hina mestu óhæfu. Ég man ekki betur að vísu en að hann og hans flokkur hafi verið með öllum þeim hlutum, sem féð átti að ganga til, sem voru tekjur af þessum sköttum. Nú er hann á móti þeim öllum. Meira að segja reynir hann að ala á óánægju, sem hefur komið upp varðandi umferðargjald á Keflavíkurvegi. Hvað heldur hann, að yrði til örvunar vegaframkvæmdum á Austurlandi eða öðrum landshlutum, sem hann talaði um að skorti vegi, ef yrði fallið frá þessu og lagt á ríkissjóð eða vegasjóð að borga þær 265 millj. kr., sem lagðar hafa verið í Keflavíkurveg? Hitt er rétt, að þessi hv. þm. og flokkur hans vildi á síðasta þingi leggja öll þessi útgjöld á ríkissjóð. Það munu hafa verið um 200 millj. kr., sem átti til viðbótar öllu öðru að leggja á ríkissjóðinn. Og mér er ekki kunnugt um, að þeir hafi greitt atkvæði á móti einni einustu till. um útgjöld, sem lögð voru á ríkissjóðinn á því þingi. En ef það hefði orðið sú niðurstaðan, að orðið hefði við öllum þessum óskum, ef hin stefnan hefði verið ríkjandi að undanförnu og hinn maðurinn hefði fengið að móta stefnuna í fjármálum, þá sjáum við útkomuna á þeim boðskap, sem hann flytur hér þjóðinni í kvöld, — og mig furðar, að jafnreyndur maður og Eysteinn Jónsson skuli reyna að flytja þann boðskap, sem hlýtur að gera ráð fyrir því, að áheyrendur séu miklu grunnhyggnari en nokkur ástæða er til að halda að almenningur í landinu sé. Eftir að það er kominn halli hjá ríkissjóði og þegar verið er að ræða um fjárlög, þar sem það er meginviðfangsefnið að stöðva greiðsluhalla, mjög alvarlegan greiðsluhalla, sem orðið hefur, þá er uppistaðan í ræðu hv. form. Framsfl. sú, boðskapur hinnar stefnunnar sá, að það eigi að stórauka öll útgjöld, það sé óhæfa að hafa lagt á skatta og leiðin sé ekki önnur en sú að taka upp hina stefnuna, hina leiðina, sem enginn veit hver er.

Minni skattar, enn meiri framkvæmdir, þetta hljómar ákaflega vel. En ég held sannast sagna, að þetta hljómi ekki vel nema í eyrum framsóknarmanna sjálfra, og þó held ég, að það hljómi ekki vel í eyrum nema sárfárra þeirra, kannske ekki nema í eyrum mannsins, sem fann upp hina stefnuna, mannsins, sem var að ljúka ræðu sinni hér áðan.

Svo eru það öll umbótamálin, sem Framsfl. hefur knúið fram, m. a. það, að hann hafi nú fengið því framgengt, að það hafi verið fengið fé til Vestfjarðaáætlunarinnar. Hvílíkt hugmyndaflug!

Á meðal margs, sem þessi hv. þm. sagði og var allt álíka rökstutt, var það, að ástand í húsnæðismálum hefði stórkostlega versnað og ekkert væri í þeim efnum gert. Ég hélt, að allir hv. þm. vissu, að það hafa verið gerð stærri átök í þessum málum nú en nokkru sinni fyrr, og í sambandi við þá samninga, sem gerðir voru við stéttarfélögin nú í sumar, er gert ráð fyrir algerlega óþekktum átökum hér á landi í sambandi við lausn húsnæðismála.

Þessi hv. þm., hinn margreyndi fjmrh., veit að sjálfsögðu mætavel, hvað það er þægilegt að koma við sparnaði, því að hann veit það úr öllum sínum fjárlagaræðum, þegar hann var að boða sparnað, og hver niðurstaðan varð, hve auðvelt það var að skera niður hin margþættu útgjöld ríkisins, enda var lausnarorðið hjá honum í kvöld aðeins þetta, að núverandi ríkisstj. hefði komið á alls konar skriffinnsku og tildri og hin stefnan væri sú að afnema þetta tildur. Hvert þetta tildur er, það forðaðist hv. þm. gersamlega að minnast á, ekki einu orði. Hv. samþingismaður hans, Lúðvík Jósefsson, taldi þó upp nokkur atriði sem dæmi um tildrið. Nei, það taldi hv. þm. Eysteinn Jónsson ekki ástæðu til að gera, heldur aðeins tvítaka fullyrðingar um tildur.

Því miður bar öll ræða hans þau einkenni að vera tildur. Í henni var hrúgað upp samsafni af því, sem hann taldi að væri til þess fallið, að það væri eitthvað fyrir alla óánægða. Það er víst byggt á sömu kenningunni og eitt blað hér í borg hefur að mottói: eitthvað fyrir alla eða blað fyrir alla. Og ræða hv. þm. var nokkuð í svipuðum dúr og það blað oft skrifar. M. a. var nú sú perlan hjá hv. þm., að samvinnuhreyfingin væri lögð hér sérstaklega í einelti og þess vegna gæti hún ekki stuðlað að neinum umbótum í verzlun. Ég veit ekki til, að neinn leggi samvinnuhreyfinguna hér í einelti nema Framsfl. Hún getur aldrei undan honum sloppið, og það er böl samvinnuhreyfingarinnar í dag að geta ekki losnað við Framsfl., þannig að ég hygg, að ef hv. þm. vildi beita sér fyrir því, að Framsfl. léti samvinnuhreyfinguna í friði, þá gæti hún unnið margt gott verk, sem henni er meinað að vinna í dag.

Hann vék að verðbólgunni og sagði, að núv. ríkisstj. væri verðbólgustjórn. Þetta höfum við heyrt, held ég, einhvern tíma áður af vörum hv. þm. og flokksbræðra hans, og sannast sagna skil ég ekki, hvað menn endast til að halda fram svona fásinnu. Núv. ríkisstj. hefur alla sína tíð varað við þeim aðgerðum, sem því miður hafa verið gerðar af ýmsum aðilum og hafa leitt til þeirrar verðbólguþróunar, sem er. Ríkisstj. lofaði aldrei að stöðva verðbólguna. Hún lofaði því einu að beita aðgerðum sínum, eftir því sem auðið væri, til þess að vinna gegn verðbólgunni. Það hefur hins vegar komið í ljós, að því miður hefur ekki ríkt sá skilningur í þjóðfélaginu, að hægt væri að fá samstöðu um nægilegar ráðstafanir til að stöðva verðbólguna. Eins og ég vék að í minni framsöguræðu, standa vonir þó til þess, að fyrir þessu sé aukinn skilningur. Sá skilningur kemur ekki frá hv. framsóknarmönnum, vegna þess að við vitum það allir hér á hinu háa Alþingi og þjóðin öll veit það, að í sambandi við þá samninga, sem gerðir hafa verið

við verkalýðsfélögin nú síðustu tvö árin og má telja skaplega samninga og byggjast á allt öðru hugarfari en áður hefur verið, þar gerði Framsfl. og hv. formaður hans, Eysteinn Jónsson, allt, sem í þeirra valdi stóð til að eyðileggja þessa samninga, til þess að skapa meiri verðbólgu, til þess að skapa meiri vandræði.

Nú er óskapazt yfir útgjöldum ríkissjóðs, sem að meginhluta til stafa af stórkostlegum launahækkunum. Hefur Framsfl. verið á móti þessum launahækkunum? Skyldi hann vera á móti því, að ríkisstarfsmenn fengju launakjör sín bætt? Ég held ekki. Það verður a. m. k. fróðlegt að sjá fullyrðingar um það efni.

Ég held, að ég þurfi ekki að fara fleiri orðum um ræðu hv. 1. þm. Austf. Ég held, að hverjum, sem á hana hefur hlýtt, hafi hlotið að renna til rifja, að þessi mæti maður skuli hafa látið tilhneiginguna til innihaldslauss áróðursglamurs ná svo tökum á sér, að hann hefur gersamlega varpað fyrir borð þeirri gætni í málflutningi í sambandi við fjárlög og fjármál ríkisins, sem einkenndi hann, meðan hann fór með þau mál. Við áttum þá oft samvinnu saman, við Eysteinn Jónsson, og áttum hlut að því að setja saman fjárlög, og það var sannarlega ekki sá hugsunarháttur, sem þá réð hjá þessum hv. þm. En það er kannske eins með þetta og með friðinn í heiminum, að það hefur komið í ljós, að friðarhorfur í heiminum fara mjög eftir því, hvort Framsfl. er í stjórn. Ef hann er ekki í stjórn, er mjög friðsamlegt útlit í veröldinni, þannig að það er mjög auðvelt að láta varnarlið fara frá Íslandi. Þegar hann kemur í stjórn, versna stórlega allar friðarhorfur, þannig að það er brýn nauðsyn að halda uppi sem traustustum vörnum. Þetta er eitthvað svipað boðskapnum um fjárl. og í sambandi við fjármál ríkisins. Þegar hv. formaður Framsfl., Eysteinn Jónsson, er fjmrh., þá er sjálfsagt að taka allt föstum tökum, þá er allt í voða, ef á að gera kröfur á hendur rkissjóði, þá er allt í voða, ef ekki má hækka skatta, og sýnir ábyrgðarleysi, ef menn eru á móti nýjum og nýjum sköttum. En ef hv. þm. Eysteinn Jónsson er í stjórnarandstöðu, þá er dæmalaust að stórauka ekki öll útgjöld ríkisins, þá er dæmalaust að lækka ekki alla skatta, þá er það hrein óhæfa að gera ráðstafanir til þess að afgreiða greiðsluhallalaus fjárlög, þá má allt vera á floti og kviksyndi, það gerir ekkert til, það er allt í lagi. Ég held ekki, að svona málflutningur verki til lengdar vel á þjóðina, og ég held, að þetta sé kannske ástæðan til þess fyrst og fremst, að fólkið vill ekki treysta Framsfl. til þess að fara með forustu sinna mála. Og ég held, að ef þeir halda áfram að ganga þessa hina leið sína og hina götu, sem þeir hafa valið sér, eftir að hafa gefizt upp á þriðju leiðinni, þá séu ekki miklar líkur til þess, að þeir verði fyrir því láni, sem allur þeirra hugur þó stefnir að, og það er að fá að taka að sér ráðherrastólana, fá að bera ábyrgð á fjárlögum, fá að deila á menn fyrir það að heimta hærri útgjöld úr ríkissjóði og deila á menn fyrir það að vilja ekki hærri skatta. Við skulum sjá, hvort það yrði ekki fljótt skipt um tón, ef þannig yrði.

Nei, það er alvörumál, sem við stöndum andspænis, og það er ekki leyfilegt fyrir þá menn, sem ábyrgir vilja teljast, að taka því með tilduryrðum og glamri. Það er allt annað, sem þjóðin þarfnast. Það getur vel verið, að það sé eitt og annað skakkt af því, sem við leggjum til í sambandi við þetta fjárlfrv., og eins og ég áðan sagði, finnst mér sjálfsagt að íhuga allar skynsamlegar leiðir, sem af alvöru og einlægni er bent á af áhuga á að leysa vandamálin. En það þýðir ekki að halda því að þjóðinni, að það sé hægt að heimta hærri útgjöld á öllum sviðum, þegar ríkisbúskapurinn er þannig staddur eins og hann er í dag, og það sé hægt að skammast og óskapast yfir öllum úrræðum til þess að jafna þann halla, sem orðinn er á ríkisbúskapnum. Þetta vill þjóðin ekki. Hún skilur vandann allt of vel til þess að vilja hlusta á svona raddir. Hún veit, hvað hún á í húfi, ef ekki tekst að stöðva þá þróun, sem nú er. Hún vill þess vegna fylkja sér að baki þeim mönnum, sem raunverulega vilja stöðva verðbólgu, vilja leggja grundvöll að raunhæfum framförum í landinu, vilja stuðla að því, að hér geti verið hallalaus ríkisbúskapur, vilja stuðla að því með skynsemi að halda sköttum í skefjum og vinna af raunsæi að því að byggja upp framtíðarheill íslenzku þjóðarinnar. Og það tjóar ekki í ofanálag á þetta allt saman, sem hér hefur verið flutt, að óskapast og taka undir kommúnistíska áróður um, að það megi alls ekki ljá því eyra eða megi ekki athuga það, hvort það geti ekki verið hagkvæmt fyrir okkur að fá erlent fjármagn til frekari uppbyggingar í okkar landi, þar sem er stórvaxandi þjóð, sem við verðum að sjá fyrir nægilegum verkefnum í framtíðinni. Sjávarútvegurinn er vissulega haldreipi okkar í dag. En við skulum gera okkur grein fyrir því, að það er atvinnuvegur, sem er þess eðlis, að hann getur brugðizt hvenær sem er. Og það væri fullkomið ábyrgðarleysi af hvaða ríkisstj. sem væri að athuga það ekki af fullri alvöru og kanna öll úrræði til þess að leita eftir að gera atvinnulífið fjölþættara og skapa þjóðinni bjarta framtíð og atvinnulegt öryggi í framtíðinni.

Ég sé ekki, herra forseti, ástæðu til þess að hafa þessi orð mín fleiri, að umr. hafi gefið tilefni til þess, og býð hv. hlustendum að lokum góða nótt.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 5. fundi í Sþ., 19. okt., var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til fjvn. með 43 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 14. fundi í Sþ., 30. nóv., var enn fram haldið 1. umr. um frv.

Jón Árnason: Herra forseti. Fjvn. sér ekki ástæðu til að gera athugasemdir við frv. við þessa umr., en leggur til, að frv. verði vísað til 2. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 38 shlj. atkv.

Á 15. fundi í Sþ., 2. des., var frv. tekið til 2.

umr. (A. 1, n. 112, 113 og 117, 111, 118, 122, 129, 130).

Forseti (BF): Ef ekki koma fram mótmæli gegn því, tel ég, að samþykkt sé að hafa sama hátt og verið hefur varðandi eldhúsdagsumræðurnar, þannig að þær fari fram eftir nánara samkomulagi milli þingflokkanna.

Frsm. meiri hl. (Jón Árnason): Herra forseti. Svo sem fram kemur í nál. meiri hl. fjvn. á þskj. 112, hefur ekki náðst samkomulag innan n. um afstöðu til fjárlagafrv. Það á að heita svo, að öll n. standi sameiginlega að þeim brtt., sem fluttar eru á þskj. 111. Fulltrúar Framsfl. og fulltrúar Alþb. í n. hafa þó þann fyrirvara þar um, að fyrrnefndar till., sem fluttar eru í nafni n., njóti ekki allar stuðnings þeirra. Áskilja þeir sér einnig rétt til þess að flytja eða fylgja brtt., sem fram kunna að koma við einstaka liði frv. eða hinar sameiginlegu till.

N. hóf umr. og athugun á frv. þegar á 2. fundi sínum þann 14. okt. s. l. Má segja, að n. hafi síðan starfað samfellt að athugun málsins og því æðimikið mætt á nm. undanfarnar vikur. Vinnubrögð innan n. hafa verið með sama hætti og áður, þannig að hún hefur skipt með sér verkum og unnið milli funda að athugun sérstakra málaflokka. Hefur það létt nm. störfin og flýtt fyrir afgreiðslu málsins.

Ég verð að segja, að mér kom nokkuð á óvart sú yfirlýsing, sem minni hl. n. lét bóka varðandi afstöðu sína til þeirra till., sem n. flytur sameiginlega. En till. höfðu allar verið samþykktar samhljóða í nefndinni. Hverjar þær till. eru, sem minni hl. styður ekki, er mér því algerlega ókunnugt um.

Ég vil nota þetta tækifæri til þess að þakka meðnm. mínum öllum fyrir ágætt samstarf í n. Ég vona, að enda þótt afgreiðsla málsins af hendi meiri hl. hafi skipazt nokkuð á annan veg að ýmsu leyti heldur en fulltrúar stjórnarandstöðunnar í n. hefðu kosið, telji þeir sig ekki hafa verið órétti beitta í sambandi við vinnubrögð innan nefndarinnar.

Það má svo öllum verða ljóst, eins og bezt verður séð af nál. 1. og 2. minni hl. í n. og þeim brtt. um auknar fjárveitingar, sem þeir hafa flutt á sérstökum þskj., að n. gat ekki átt samleið um margt, sem um var að ræða, og reyndar ekki við því að búast.

Auk fjárlagafrv. hefur n. haft til athugunar um 440 erindi, sem til hennar hafa borizt frá ýmsum aðilum. Hefur n. leitazt við að setja sig inn í mál þessi, eftir því sem kostur hefur verið á. Þótt hér hafi í mörgum tilfellum verið um fjárbeiðnir að ræða, sem ætlaðar voru til þjóðnýtra framkvæmda og til stuðnings við margvísleg góð málefni, hefur n. því miður ekki nema að mjög litlu leyti séð sér fært að verða við þeim óskum, sem hér er um að ræða. Hefði n. vissulega kosið að geta verið ríflegri í till. sínum um auknar fjárveitingar, en hér hefur orðið að sníða stakk eftir vexti og horfast í augu við þær staðreyndir, sem fyrir liggja.

N. tók sérstaklega til athugunar þær breytingar, sem í frv. felast miðað við fjárlög yfirstandandi árs. Þá kynnti n. sér afkomuhorfur ríkissjóðs á yfirstandandi ári, eftir því sem tök eru á. Í því sambandi fékk n. sundurliðað yfirlit hjá ríkisbókhaldinu um tekjur og gjöld ríkissjóðs á yfirstandandi ári allt fram til 1. nóv. s. l. Af þessu yfirliti verður að vísu ekki séð, hver hin raunverulega afkoma ríkissjóðs verður í lok ársins, en margt virðist því miður benda til þess, að um nokkurn greiðsluhalla verði að ræða. Þá átti n. fund með settum forstöðumanni Efnahagsstofnunar ríkisins, herra Torfa Ásgeirssyni. Lét hann n. í té nýja og endurskoðaða áætlun um tekjur og gjöld ríkissjóðs á komandi ári. Þær upplýsingar, sem þar er að finna, benda ekki til þess, að tekjur ríkissjóðs á árinu 1966 muni reynast ríflegri en gert er ráð fyrir í frv. Að vísu telur Efnahagsstofnunin, að nokkrar breytingar kunni að eiga sér stað varðandi einstaka tekjuliði, en heildarmyndin er sú, að tekjur ríkissjóðs verði sem næst því, sem í frv. segir. Þó kann svo að fara, að einhverra minni háttar breytinga sé þörf. Mun n. að sjálfsögðu taka það til nánari athugunar fyrir 3. umr.

Jafnhliða athugun n. á rekstri hinna ýmsu stofnana, sem fé er veitt til á fjárl., ræddi n. við forstöðumenn þeirra, svo sem venja er, og fékk hjá þeim ýmsar upplýsingar varðandi reksturinn. Ég tel, að það hafi yfirleitt verið álit forstöðumanna, að fjárlagafrv. sé í samræmi við óbreyttan rekstur og starfsmannafjölda stofnananna. Hins vegar er því ekki að leyna, að mikil ásókn er um aukið fjármagn til fjölgunar starfsliði og aukins rekstrar á ýmsum sviðum. N. hefur yfirleitt ekki séð sér fært að verða við slíkum óskum. Þó hefur hún í smáum stíl reynt að bæta úr brýnustu þörfum í sumum tilfellum.

Hjá n. eru enn til athugunar nokkrir málaflokkar, sem bíða afgreiðslu til 3. umr., þ. á m. eru nýbygging skólahúsa og skólastjóraíbúðir, till. um fjárveitingar í fyrirhleðslur og svo sem venja er brtt. n. við 18. gr. Þá eru enn til athugunar nokkur erindi frá ýmsum aðilum, sem n. hefur ekki enn sem komið er tekið endanlega til afgreiðslu. Ég mun því ekki ræða þau mál við þessa umr.

Samvinnunefnd samgöngumála mun skila sínum till. varðandi styrki til flóabáta og vöruflutninga á landi, svo sem jafnan áður.

Á 3. gr. A í fjárlagafrv. eru ýmsar ríkisstofnanir, sem hafa sjálfstæðan fjárhag. Þar á meðal er póstur og sími. N. átti samtal við forstöðumann stofnunarinnar og fékk hjá honum ýtarlegar upplýsingar um rekstur stofnunarinnar. Telur póst- og símamálastjóri, að ekki verði hjá því komizt að hækka gjaldskrár pósts og síma, eigi ekki að skerða verulega þá þjónustu við almenning, sem nú á sér stað, og þá uppbyggingu, sem fyrirhuguð er í sambandi við sjálfvirka símakerfið í landinu. Gjaldskrár pósts og síma hafa nú um tveggja ára skeið staðið óbreyttar, en á sama tíma telur póst- og símamálastjóri að allur tilkostnaður við stofnunina, svo sem launagreiðslur og annað, hafi stórhækkað. Fjvn. ber ekki fram neinar brtt. varðandi tekjur eða gjöld pósts og síma. Ríkisstj. mun hins vegar hafa til athugunar, hvort á það verður fallizt, að gerðar verði breytingar til hækkunar á gjaldskránum.

Ég mun þá víkja nokkuð að einstökum brtt.

n. Er þar fyrst till. um 1 millj. kr. hækkun vegna þátttöku Íslands í heimssýningunni í Kanada. Sýning þessi verður haldin árið 1967. Í fjárl. yfirstandandi árs er fjárveiting í þessu skyni að upphæð 500 þús. kr., og nú er fyrir í frv. sama upphæð. Við nánari athugun kom í ljós, að ekki verður hjá því komizt að hækka framlagið sem þessu nemur.

2. till. við 10. gr. er að upphæð 30 þús. kr., sem er nýr liður vegna þátttöku í fundi Alþjóðafuglaverndunarsambandsins og alþjóðaþingi fuglafræðinga. Ísland er aðili að Alþjóðafuglaverndunarsambandinu, og á dr. Finnur Guðmundsson sæti í stjórn þess. Svo sem kunnugt er, fara nú fram hér á landi þýðingarmiklar rannsóknir á rjúpnastofninum, og á mörgum öðrum sviðum er Ísland talið þýðingarmikið fyrir fuglafræðinga. — Alls eru því till. til hækkunar á 10. gr. 1 millj. og 30 þús. kr.

Þá eru næst till. um breyt. á 12. gr. Kemur þar fyrst till. til hækkunar á liðnum: Styrkir til byggingar sjúkrahúsa, sjúkraskýla og læknisbústaða. Nemur sú hækkun, sem þar er um að ræða, 334 606 kr. Er þá miðað við, að fjárveitingar til umræddra framkvæmda séu í samræmi við þá reglu, sem upp var tekin á síðasta þingi, að greiða hluta ríkissjóðs í byggingarkostnaði sjúkrahúsa og sjúkraskýla á 8 árum og læknisbústaða á 5 árum. — Styrkur til lækningaferða sérfræðinga er hækkaður um 30 þús. kr. — Á síðasta þingi voru samþ. ný læknaskipunarlög. Felur þessi löggjöf í sér vissar fjárhagslegar skuldbindingar á hendur ríkissjóði. Eru því teknir upp nýir liðir í samræmi við það, sem þar er ákveðið: Í fyrsta lagi samkv. 16. gr. l. 100 þús. kr. Í öðru lagi stofnframlag til bifreiðalánasjóðs héraðslækna samkv. 14. gr. 500 þús. kr., og er það fyrri greiðsla, en samkv. l. skal stofnframlagið vera alls 1 millj. kr. Loks er till. um 300 þús. kr. til námslána læknastúdenta gegn skuldbindingu um læknaþjónustu í héraði að loknu námi, en það er samkv. 13. gr. læknaskipunarlaganna. Í undirbúningi er reglugerð um námslán þessi. Er þar gert ráð fyrir, að lán til hvers stúdents geti orðið 75 þús. kr. á ári í allt að 3 ár. — Þá er lagt til, að styrkur til ýmissa sjúklinga eftir úthlutun tryggingaráðs gegn tvöföldu framlagi frá Tryggingastofnun ríkisins hækki um 100 þús. kr. og styrkur, sem veittur er samkv. till. landlæknis til sjúklinga, sem leita þurfa læknishjálpar erlendis, hækki einnig um 100 þús. Styrkur þessi er einungis veittur í þeim tilfellum, þegar um læknisaðstoð er að ræða, sem er ekki fyrir hendi hér á landi. Umræddar læknisaðgerðir eru nær undantekningalaust mjög kostnaðarsamar og í flestum tilfellum ofviða þeim, sem í hlut eiga. — Þá er að lokum till. um fjárveitingu að upphæð 110 þús. kr., sem verja skal til þess að hafa eftirlit með notkun deyfilyfja. — Samtals eru till. til hækkunar á 12. gr. 1 574 606 kr.

Í fjárlagafrv. á 13. gr. B er styrkur til rekstrar Skipaútgerðar ríkisins að upphæð 24 millj. kr. Er það sama upphæð og í fjárl. yfirstandandi árs. N. átti fund með forstjóra Skipaútgerðarinnar og ræddi við hann um vandamál stofnunarinnar. Eins og fram kom í fjárlagaræðu hæstv. fjmrh., en hann vék nokkuð að rekstri Skipaútgerðar ríkisins og þeim uggvænlega halla, sem þar hefur skapazt á síðari árum, mun hallinn 1964 hafa numið tæplega 38 millj. kr., og það er talið, að á yfirstandandi ári verði um álíka halla að ræða hjá Skipaútgerðinni. Samkv. áætlun forstjórans um rekstrarafkomu Skipaútgerðarinnar á komandi ári telur hann, að hallinn verði 35 millj. 622 þús., nema því aðeins að fært þyki eftir nánari athugun að gera einhverjar þær ráðstafanir, sem dregið geti úr hallanum, en á því telur forstjórinn að séu margþættir örðugleikar. N. hefur að svo komnu máli ekki borið fram brtt. við þennan lið fjárlagafrv. Henni er þó ljóst, að fjárveiting sú, sem hér um ræðir, nægir hvergi nærri til þess að standa undir óbreyttum halla. Eins og hæstv. fjmrh. gat um í framsöguræðu sinni fyrir frv., verður vart hjá því komizt að gera skipulagsbreytingar á rekstri þessa fyrirtækis. Enn einu sinni hefur nú verið skipuð n. til að athuga úrræði til lausnar þessu vandamáli. Þess er að vænta, að n. takist að finna úrræði, er að gagni megi koma, enda óviðunandi, að haldið verði áfram með slíkan hallarekstur um alla framtíð.

Á 13. gr. C eru fjárveitingar til vitamála og hafnargerða. N. átti tvo fundi með vita- og hafnarmálastjóra. Gerði hann n. ýtarlega grein fyrir viðskiptum hafnanna við ríkissjóð, framkvæmdum á yfirstandandi ári og fyrirhuguðum framkvæmdum á næsta ári. Eins og ég gat um við 2. umr. fjárl. á síðasta ári, taldi ég, að staða ríkissjóðs gagnvart greiðslum til hafnanna hefði ekki um langan tíma staðið jafnvel og þá. Átti ríkissjóður ógreitt í árslok 1964 22 millj. 628 þús. — og þó nokkru minna, þar sem 5 millj. 953 þús. var ýmist geymt fé eða fyrir fram greitt. Var því skuld ríkissjóðs raunverulega 16 millj. 625 þús. kr. í árslok 1964. Á yfirstandandi ári eru heildarframkvæmdir í hafnarmálum utan landshafna og Þorlákshafnar 104 millj. 950 þús. kr. Þar af er hluti ríkissjóðs 42 millj. 123 þús. Á sama hátt er þá ógreitt ríkissjóðsframlag í árslok 1965 41 millj. 251 þús., en þar frá dregst geymt fé og fyrir fram greitt, 8 millj. 476 þús. kr. Nettómismunur verður því í árslok nú 32 millj. 775 þús. kr. Í frv. eru fjárveitingar til þessara hafnarframkvæmda samtals að upphæð 25.2 millj. kr. Þar við bætist samkv. till. n., ef samþ. verða, 1 millj. kr., og til viðbótar má segja að bætist um 7 millj. kr., sem eru hlutur Þorlákshafnar í 16.8 millj. kr. liðnum, sem er greiðslur af hafnarlánum. Nú hefur hafnarmálastjóri lagt fram áætlun um framkvæmdir á næsta ári. Er þar að vísu um óskalista að ræða. Áætlaður heildarkostnaður nemur 215.7 millj., og þar til viðbótar til landshafnanna í Rifi og Keflavík 35 millj., eða samtals 250.7 millj. kr., sem gert er ráð fyrir að unnið verði að í hafnarframkvæmdum á næsta ári. Að sjálfsögðu er hér um óskalista að ræða, sem engin tök væru á að framkvæma sökum vinnuaflsskorts, þó að fé væri fyrir hendi. En þetta talar sínu máli um þörfina á þessum fjárfreku framkvæmdum. Eins og nú er komið, eru mörg sveitarfélög í miklum fjárhagslegum erfiðleikum með að standa að sínum hlut undir byggingu hinna ýmsu hafna. Ég er sammála hæstv. fjmrh., þar sem hann sagði í framsöguræðu sinni varðandi þessi mál,

að hér væri um vaxandi vandamál að ræða, sem ekki verður lengur á frest skotið. Hefur þetta ástand leitt til þess, að hafnarlán með ríkisábyrgð hafa í vaxandi mæli fallið á ríkissjóð, vegna þess að sveitarfélögin hafa ekki reynzt fær um að standa undir sínum hluta af byggingarkostnaði hafnanna. Hafnarlögin, sem nú eru í gildi, hafa um alllangan tíma verið í endurskoðun. Það virðist augljóst mál, að hér verður að gera einhverja breytingu á í þá átt að auka aðstoð ríkisins, a. m. k. á vissum stöðum, þar sem framkvæmdir eru dýrar og óhjákvæmilegar, en tekjumöguleikar hafnanna ekki nægilegir til þess að standa undir kostnaðinum. — Á 13. gr. C er einnig lagt til að hækka laun, sem nemur 145 008 kr. Er það vegna ráðningar á nýjum starfsmanni við stofnunina, aðalbókara. — En samtals hækkar 13. gr. C um 1 195 008 kr.

Þá koma næst brtt. n. við 13. gr. D, sem er um flugmál. Lagt er til, að liðurinn viðhald húsa og flugvallarsvæðis hækki um 500 þús. kr. — Þá eru till. til leiðréttingar varðandi fjárveitingar til alþjóðaflugþjónustunnar. Þegar fjárlagafrv. var samið, lágu ekki fyrir endanlegar upplýsingar um það, hver hlutur Íslands yrði í þessum kostnaði. Hann hefur nú verið ákveðinn 7.83% á komandi ári. Á þskj. 111 er till. um 208 945 kr. hækkun á þessum liðum. Skv. nýjum upplýsingum, sem fjvn. bárust á þriðjudag s. l., hækkar liðurinn til flugþjónustunnar þó enn meira, eða um 28 365 kr., eins og fram kemur á þskj. 129. — Þá hefur komið í ljós, að tekjur Reykjavíkurflugvallar í sambandi við millilandaflug hafa minnkað verulega frá því, sem áætlað var. Leggur n. því til, að tekjur Reykjavíkurflugvallar lækki í frv. um 500 þús. kr. Jafnhliða hefur verið um tekjuaukningu að ræða hjá Keflavíkurflugvelli, að því er flugmálastjóri tjáði n. Er því lagt til, að tekjur Keflavíkurflugvallar hækki í frv. um 1 millj. kr. Hér verður því jöfnuður á, að öðru leyti en því sem nemur hækkun alþjóðaflugþjónustunnar, en hún verður, eins og áður segir, 237 310 kr.

Lagt er til, að nokkrar breyt. verði gerðar á fjárveitingum á 13. gr. E. Er það til veðurþjónustunnar. Aukavinna hjá yfirstjórn og skrifstofu hækkar um 20 þús., annar kostnaður hjá veðurfarsdeild hækkar um 140 þús. kr. og aukavinna hjá áhaldadeild hækkar um 45 þús. — Loks eru nýjar till. á þskj. 129. Er þar um leiðréttingu að ræða vegna hinnar nýju áætlunar alþjóðaflugþjónustunnar, en veðurstofunni bárust ekki upplýsingar um hana, fyrr en eftir að fjvn. hafði gengið frá brtt. sínum. Skv. upplýsingum veðurstofustjóra hækkar endurgreiðsla vegna flugveðurþjónustu um 47 137 kr. Enn fremur verða hækkanir á ýmsum liðum veðurþjónustu vegna millilandaflugs, sem nemur hækkun flugveðurþjónustunnar. — Brtt. n. varðandi 13. gr. E valda samkv. þessu 157 863 kr. til hækkunar.

Á 13. gr. F eru fjárveitingar til ýmissa mála. Lagt er til, að tekinn verði upp nýr liður hjá skipaskoðun ríkisins, til áhaldakaupa, ætlað til kaupa á nýju mælitæki, en í grg. fyrir umsókn sinni segir skipaskoðunarstjóri svo m. a., með leyfi forseta:

„Með tilkomu æ fleiri stálskipa færist í aukana eftirlit með tæringu og sliti á stálbyrðingi þeirra. Til þessa hefur slík skoðun farið fram á þann hátt, að boruð eru göt á bolinn og þykkt platnanna síðan mæld í gegnum þau. Er þetta bæði seinlegt og kostnaðarsamt. Með últrahljóðbylgjutækjum er unnt að mæla plötuþykktir án þess að bora göt á plöturnar. Tel ég nauðsynlegt, að skipaskoðunin eignist slíkt tæki.“

Eins og fyrr segir, telur n. rétt að verða við beiðni skipaskoðunarstjóra og leggur til, að veittar verði 100 þús. kr. í þessu skyni. — Þá er lagt til, að liðurinn til áhaldakaupa hjá Stýrimannaskóla Íslands hækki um 195 þús. kr. og verði samt. 350 þús. Þar eru sérstaklega höfð í huga kaup á asdic-fiskileitartæki til kennslu í skólanum. Nýjasta gerð af slíku tæki kostar nú 700 þús. kr. Er því þetta fyrri greiðsla af tveim. — Þá er nýr liður, vegna námskeiðs í mælingatækni 175 þús. kr. En í Bandaríkjunum er nú maður við nám í mælingatækni. — Að lokum er lagt til, að tekinn verði upp nýr liður, til umferðarmiðstöðvar í Reykjavík 500 þús., eða sama upphæð og er í fjárlögum yfirstandandi árs. — Samtals eru till. til hækkunar á 13. gr. F 970 þús. kr.

Á 14. gr. A eru kennslumál. Lagt er til, að launaliður hjá Háskóla Íslands hækki um 44 340 kr. Er það vegna aukakennara í Íslandssögu fyrir stúdenta í BA-námi fyrsta stigs. Þá er till. um, að liðurinn til námskeiðs fyrir norræna stúdenta hækki um 48 þús. — Reiknistofnun háskólans hefur ekki áður verið í fjárlögum. Forstöðumaður stofnunarinnar telur allmikið skorta á, að stofnunin standi undir nauðsynlegum rekstrarkostnaði. N. leggur því til, að tekinn sé upp nýr liður, 250 þús. kr., í þessu skyni. — Þá er lagt til að hækka eftirtalda liði við fræðslumálastjóraembættið: c-lið, húsaleiga, ljós, hiti og ræsting, um 50 þús. og e-lið, símakostnaður burðargjald og auglýsingar, um 35 þús. kr. — Þá er till. um styrk til tímaritsins „Heimili og skóli“ að upphæð 15 þús. Þetta tímarit hafði áður 10 þús. kr. styrk í fjárlögum, en af vangá mun það hafa fallið niður. — Vegna alþýðuskólans á Eiðum hækkar rekstrarkostnaður samtals um 150 þús. — Viðhaldskostnaður Reykholtsskóla hækkar um 175 þús. — Vegna endurbóta á íþróttahúsi Íþróttakennaraskóla Íslands er lagt til að hækka viðhald um 65 þús. kr. — Á komandi sumri er ákveðið, að fram fari Evrópumeistaramót í frjálsum íþróttum í Búdapest í Ungverjalandi. Slík mót sem þessi eru haldin fjórða hvert ár. Ísland hefur jafnan verið þátttakandi í mótum þessum, eða allt frá 1964. N. leggur til, að fjárveiting verði 120 þús. kr. — Þá er enn fremur nýr liður, til fræðslu- og kynningarmóta skólastjóra 30 þús. kr. — Hækkun á 14. gr. A nemur samkv. brtt. n. 982 340 kr.

Á 14. gr. B er lagt til að tvöfalda fjárveitingu til Árbókar landsbókasafnsins, úr 35 þús. í 70 þús. kr. — Liðurinn til samningar og prentunar íslenzkrar bókaskrár hækkar um 60 þús., en Pétur Sigurðsson fyrrv. háskólaritari hefur unnið að samningu hennar um margra ára skeið. Hefur hann í laun mismun eftirlauna og fastra launa eða 5 þús. kr. á mánuði, og miðast till. n. við það. Handrit bókaskrárinnar er tilbúið og bíður prentunar. — Fjórir liðir hækka hjá þjóð-

minjasafninu: til aðstoðar, tímavinnu o. fl. hækkar um 40 þús., til rannsókna og ferðalaga hækkar um 25 þús., til hljómplötusafns um 10 þús. og til þjóðháttadeildar um 20 þús. — Tekinn er upp nýr liður, til listasafns Ísafjarðar 25 þús. kr. Breytt er orðalagi á 2. lið hjá fræðslumyndasafni ríkisins skv. ósk forstöðumanns þess, og annar kostnaður hækkar um 50 þús. kr. vegna vaxandi viðgerðarkostnaðar á filmum. — Þá er lagt til að taka upp nýjan lið, vegna flutnings náttúrugripasafnsins 50 þús. kr. Er það til að skapa 2 sérfræðingum við stofnunina viðunandi vinnuaðstöðu.

Sú breyt. er nú í fjárlfrv. frá því, sem áður hefur verið, að styrkir til ritstarfa, útgáfustarfsemi og rannsóknarstarfa eru teknir upp í einum lið, en síðan verður upphæðinni ráðstafað skv. ákvörðun menntmrn. Er lagt til, að þessi liður hækki um 150 þús. Er þar gert ráð fyrir, að 100 þús. kr. renni til Sögufélagsins til útgáfu Alþingisbóka frá 1570—1800, en stjórn Sögufélagsins hefur ákveðið að reyna að gera alvarlegt átak til að ljúka útgáfu þeirra, og er stefnt að því, að útgáfunni verði lokið á 1100 ára afmælinu 1974. 50 þús. kr. munu renna til útgáfu á Stöðufræði og þolfræði eftir Ásgeir heitinn Bjarnason, fyrrum rafveitustjóra á Siglufirði, en Samband ísl. rafveitna hefur annazt útgáfuna. Hér er um að ræða útgáfu fyrra bindis í þessari fræðigrein, en Ásgeir hafði einnig lokið hreyfifræði fastra og fljótandi hluta, sem sambandið hyggst einnig gefa út.

Rekstrarstyrkur tónlistarskóla hækkar um 228-606 kr. samkv. nýjum upplýsingum og tilmælum menntmrn. — Styrkur til tónlistarstarfsemi er nú í fyrsta skipti tekinn upp í fjárlfrv. undir einum lið. N. leggur til, að þar verði hækkun, sem nemur 140 þús. kr. Er þá gert ráð fyrir, að 40 þús. kr. renni til tónskóla Sigursveins D. Kristinssonar, en Jón Þórarinsson tónskáld og menntmrn. mæla með því, að styrkur verði veittur til tónskólans utan við sameiginlega fjárveitingu til tónlistarskóla. — 25 þús. kr. styrkur er veittur Sybil Urbancic til þess að ljúka fullnaðarprófi úr orgeldeild tónlistarakademíunnar í Vínarborg. Loks er lagt til að veita Lögreglukór Reykjavíkur 75 þús. kr. til greiðslu kostnaðar við söngmót lögreglukóra frá höfuðborgum Norðurlanda, sem halda á í Reykjavík næsta sumar.

Styrkur til lúðrasveita hækkar um 15 þús. kr., en það er vegna lúðrasveitarinnar „Svanur", og nemur þá heildarstyrkur til hennar 50 þús. kr.

Á undanförnum árum hafa 2 heimildarliðir í 22. gr. fjárlaga verið um greiðslu úr ríkissjóði. Annars vegar er um Sinfóníuhljómsveit Íslands að ræða, en hinn liðurinn er vegna þjóðleikhússins. Þar segir, að heimilt sé að greiða úr ríkissjóði kostnað þjóðleikhússins vegna launahækkana skv. úrskurði kjaradóms, að svo miklu leyti sem aðrir tekjuliðir hússins hrökkvi ekki til. Varðandi Sinfóníuhljómsveit Íslands segir: „Að greiða úr ríkissjóði það, sem á kann að skorta, til að 10% skemmtanaskattsálag og 2/5 hlutar af hagnaði Viðtækjaverzlunar ríkisins, sbr. ákv. til brb. í l. nr. 52/1962, hrökkvi til að greiða hluta ríkissjóðs af rekstrarkostnaði Sinfóníuhljómsveitar Íslands."

Skv. upplýsingum, sem nefndinni hafa borizt frá fjmrn., hefur ekki verið unnt að komast hjá verulegum greiðslum úr ríkissjóði vegna þessara heimilda. Þannig hafa verið greiddar á árunum 1963 og 1964 alls rúmlega 5 millj. kr. vegna þjóðleikhússins. Enn verður ekki séð, hvaða upphæð verður greidd fyrir yfirstandandi ár. Sömu sögu er að segja varðandi sinfóníuhljómsveitina. Þar eru kröfur ríkisútvarpsins, sem hefur með höndum rekstur hljómsveitarinnar, á hendur ríkissjóði fyrir árið 1964 og 1965 ekki undir 5 659-000 kr. Það er því augljóst mál, að notkun þeirra heimilda á 22. gr. fjárlaga, sem hér um ræðir, er þegar orðin árviss og með henni er miklu fé ráðstafað árlega.

Fjmrn. hefur gert áætlanir um rekstur þessara stofnana fyrir árið 1966. Eru till. nefndarinnar byggðar á þeim upplýsingum og lagt til, að teknar verði upp fjárveitingar á 14. gr. B: hluti ríkissjóðs af rekstrarkostnaði Sinfóníuhljómsveitar Íslands 2 millj. 850 þús. og til þjóðleikhússins, rekstrarhalli, 1 millj. 652 þús. kr., enda falla þá heimildargreinarnar að sjálfsögðu niður.

Þá er lagt til að hækka fjárveitingu til Leikfélags Reykjavíkur um 100 þús. Verður sá liður þá í frv. 300 þús. kr.

Lagt er til, að liðurinn til ísl. stúdenta í Kaupmannahöfn hækki um 5 þús. — Til kaupa á íslenzkum bókum og hljómplötum til kennslu við háskólann í Osló er nýr liður, að upphæð 10 þús. kr. — Loks er liður að upphæð 50 þús. til Nonnasafns á Akureyri. — Samtals nema hækkanir nefndarinnar á 14. gr. B 5 515 606 kr.

Á 15. gr. eru fjárveitingar til kirkjumála. Lagt er til, að liðurinn skrifstofukostnaður við biskupsembættið hækki um 35 þús. — Til endurbóta á gömlum íbúðarhúsum á prestssetrum hækkar um 500 þús. — Styrkur til að gefa út ársskýrslu þjóðkirkjunnar er lagt til að hækki um 3 þús. og styrkur til útgáfu Kirkjuritsins um 13 þús. kr. — Annar kostnaður hjá eftirlitsmanni með prestssetrum og umsjónarmanni með kirkjugörðum er lagt til að hækki um 5 þús. kr. hjá hvorum. — Samtals eru till. um hækkun á fjárveitingum á 15. gr. 561 þús. kr.

Við 16. gr. A, landbúnaðarmál, eru ýmsar brtt. Þar er lagt til að hækka fjárveitingu til Búnaðarfélags Íslands um 85 þús., en það svarar til helmings launa garðyrkjuráðunautar, en Samband garðyrkjubænda tjáir sig fúst til að greiða hinn helminginn, enda telur það mjög brýnt, að aukin leiðbeiningastarfsemi verði tekin upp á sviði garðyrkjunnar. — Þá er tekinn upp nýr liður, lífeyrissjóðsframlag til gamalla starfsmanna hjá Búnaðarfélagi Íslands, fyrsta greiðsla af þrem, 158 þús. kr. Er það gert til þess, að umræddir starfsmenn öðlist rétt til lífeyris úr lífeyrissjóði ríkisstarfsmanna, enda greiði þeir þá til sjóðsins það, sem þeim ber. — Svo sem áður hefur n. skipt niður fjárveitingu til sjóvarnargarða. Er það eftir till. hafnarmálastjóra 1 280-000 kr. eða óbreytt fjárupphæð frá því, sem er í fjárlagafrv.

Launaliður landgræðslunnar hækkar um 190-350 kr. vegna ráðningar fulltrúa landgræðslustjóra, en hann annast um gróðurvernd skv. lögum þar um, sem samþykkt voru á síðasta þingi. — Launaliður skógræktarfélaga hækkar

um 20 þús. Er það vegna skógarvarðar í Ásbyrgi, sem fær nú hálf laun skógarvarðar, en hafði áður ⅓ hluta af launum skógarvarðar.

Viðhald og annar kostnaður húsmæðraskólanna að Varmalandi og Laugalandi hækka um 180 þús. kr. hjá hvorum skólanum um sig vegna of lágra kostnaðaráætlana. — Lagt er til að hækka styrk til Heimilisiðnaðarfélags Íslands um 15 þús. kr.

Þá er loks nýr liður, til Efnarannsóknarstofu Norðurlands 150 þús. kr. Verður efnarannsóknarstofan rekin sem sjálfstæð stofnun undir stjórn Ræktunarfélags Norðurlands og hefur þegar tekið til starfa. Aðalverkefni hennar verður að annast jarðvegs-, áburðar- og fóðurefnagreiningar, auk skyldra efna, er til falla og unnt verður að leysa af hendi, eins og segir í greinargerð stjórnar Ræktunarfélags Norðurlands. — Brtt. fjvn. við 16. gr. A fela þá í sér samtals 978 350 kr. hækkun frá því, sem er í frv.

Á 16. gr. C er lagt til að hækka fjárveitingu til Landssambands iðnaðarmanna um 300 þús. kr.

Við 16. gr. D eru þrjár till. Eru það leiðréttingar við gjöld og tekjur rafmagnsveitna ríkisins. Hafa þær ekki áhrif á niðurstöður fjárlaga. Till. eru skv. upplýsingum raforkumálastjóra.

Á 16. gr. E er lagt til að taka upp nýjan lið hjá rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, til rannsókna vegna rotvarnar bræðslusíldar með natrium nitrit 280 þús. kr. Í grg. rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins segir svo m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Natrium nitrit er almennt notað til þess að rotverja bræðslusíld hér á landi, en það er banvænt eiturefni, sem kunnugt er. Hafa rannsóknir þessar hjá rannsóknastofu Fiskifélagsins verið við það miðaðar, að þær leiddu í ljós, hvort efni þetta væri notað í óhófi. Eru framleiðendum sendar árlega fjölritaðar skýrslur um niðurstöður mælinganna, en auk þess gerir rannsóknastofan hlutaðeigandi aðilum aðvart tafarlaust, verði hún vör við misfellur í notkun þeirra á natrium nitrit."

Nú er komið í ljós, að þessar rannsóknir veita ekki fullnægjandi öryggi, og þarf nauðsynlega að herða mjög á eftirliti með notkun þessa rotvarnarefnis. Þá þyrfti að taka upp fóðurtilraunir í samvinnu við tilraunastöðina á Keldum. Hér er um sameiginleg vandamál iðnaðarins að ræða, því að mistök hjá einum aðila bitna óhjákvæmilega á iðnaðinum í heild. Nefndin telur, að hér sé um mikið alvörumál að ræða, og leggur því til, að umrædd till. verði samþ.

Þá er lagt til að lækka launalið rannsóknastofnunar landbúnaðarins um 140 350 kr. Er það vegna þess, að einn af sérfræðingum stofnunarinnar færist yfir til landgræðslustjóra. Hann mun þó taka að sér nokkurt aukastarf fyrir stofnunina í framtíðinni. Hins vegar hækkar annar kostnaður um 60 þús. kr. vegna rannsókna á kalskemmdum á Austurlandi.

Styrkur til Verzlunarskóla Íslands hækkar um 203 500 kr., en það er vegna fjölgunar nemenda skólans.

Samtals hækka fjárveitingar á 16. gr. E, verði till. nefndarinnar samþ., um 403 150 kr.

Á 17. gr. er nýr liður, til vatnsöflunar fyrir vatnsveitu í Melasveit 25 þús. kr. — Lagt er til, að Iðnnemasamband Íslands fái 50 þús. kr., svo sem í fjárlögum yfirstandandi árs, og er hér nánast um leiðréttingu að ræða. — Fjvn. hefur skipt byggingarstyrkjum milli dagheimila og leggur til, að fjárhæðin verði hækkuð um 200 þús. kr. í frv. — Tekinn er upp 100 þús. kr. styrkur til Bandalags ísl. skáta til kaupa á húsnæði. Er það önnur greiðsla af þremur, en sá liður féll niður af vangá úr fjárlagafrv.

Þá er lagt til að veita Æskulýðssambandi Íslands 150 þús. kr. til þess að standa undir kostnaði við framkvæmd söfnunar Herferðar gegn hungri. Að herferðinni standa 11 landssambönd æskufólks hér á landi, og starfar hún á vegum FAO, Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna. Þar sem herferðin hlaut svo góðar undirtektir hjá þjóðinni sem raun ber vitni, þótti ekki óeðlilegt, að nokkur styrkur væri veittur til að standa undir rekstrarkostnaðinum.

Teknir eru upp tveir nýir liðir, til hjálparsveita skáta í Reykjavík og á Ísafirði, 50 þús. kr. til hvorrar sveitar, en það er sama upphæð og hjálparsveit skáta í Hafnarfirði hefur skv. frv. Hjálparsveitir skáta hafa starfað hér á landi um áratuga skeið. Hefur starfsemi þeirra einkum verið fólgin í sjúkraflutningum, slysavörzlu og leit að týndu fólki. Starf sveitanna verður æ umfangsmeira með hverju árinu sem líður. Glöggt dæmi um starf sveitanna er, að um miðjan október s. l. höfðu félagar í hjálparsveit skáta í Reykjavík lagt af mörkum hátt á níunda þúsund vinnustunda án endurgjalds frá síðustu áramótum. Hins vegar hefur það háð starfsemi hjálparsveitanna, að þær hefur skort fjármagn til að koma upp nauðsynlegum útbúnaði, og hefur fjvn. því tekið upp brtt. þær, sem hér um ræðir. Hins vegar er nefndinni ljóst, að hjálparsveitir eru starfandi víðar en á þessum þremur stöðum. Það er því mjög til athugunar fyrir samningu næstu fjárlaga, hvort ekki sé rétt að styrkja þessa þjóðþrifastarfsemi frekar en orðið er og fela þá Bandalagi ísl. skáta að skipta fjárveitingunni, enda hefur bandalagið bezta aðstöðu til þess að þekkja þörf hjálparsveitanna. Þess skal að lokum getið, að fjvn. bárust ekki erindi frá öðrum hjálparsveitum en þessum tveim til viðbótar.

Þá er loks nýr liður, til rekstrar sjómannaheimilis í Neskaupstað 25 þús. Er það sama upphæð og var á s. l. ári. — Samtals nema hækkanir samkv. till. fjvn. á 17. gr. 650 þús. kr.

Á 20. gr. eru tveir nýir liðir. Tekin er upp fyrri greiðsla til byggingar íbúðarhúss fyrir forstöðumann vinnuhælisins á Kvíabryggju 250 þús. kr. og 140 þús. kr. til byggingar jarðskjálftastöðvar á Akureyri. Veðurstofan hefur greitt Akureyrarbæ áður 345 þús. kr. Hins vegar er ágreiningur milli veðurstofustjóra og Akureyrarbæjar um eftirstöðvarnar. Veðurstofan hefur hins vegar óskað þess, að sem fyrst verði greiddur sá hluti skuldarinnar, sem hún getur viðurkennt, eða 140 þús. kr., og hefur fjvn. orðið við þeirri beiðni. Það kann samt að vera rétt, að þessi liður verði tekinn nánar til athugunar milli umr. og verði þá afgreiðslu um hann við þessa umr. frestað til 3. umr. — Hækkun á 20. gr. nemur skv. framansögðu 390 þús. kr.

Við 22. gr. eru fimm breytingar og hef ég þegar gert grein fyrir tveimur þeirra, en þær varða rekstrarhalla þjóðleikhússins og sinfóníuhljómsveitarinnar.

Þá er lagt til að taka þrjár nýjar heimildir inn í frv. Hin fyrsta er að ábyrgjast lán, allt að 18 millj. kr., til byggingar fyrir rannsóknarstofnun landbúnaðarins að Keldnaholti.

Í grg. rannsóknaráðs ríkisins voru gefnar upplýsingar um greiðslugetu byggingarsjóðs rannsóknastarfseminnar, sem mun eiga að standa undir umræddri ríkisábyrgð. Þar segir m. a., með leyfi forseta:

„Í byggingarsjóðinn renna þau 20%, sem Happdrætti háskólans ber að greiða til ríkisins sem einkaleyfisgjald. Þessi upphæð hefur farið stöðugt vaxandi. Gjaldið nam fyrir árið 1963 um 1½ millj., en fyrir árið 1964 nemur gjaldið 2½ millj. kr., enda var happdrættið aukið mjög á því ári.“

Þá segir enn fremur, að óhagstæðara lán muni ekki koma til greina en 15 ára lán með 9% vöxtum, en að öllum líkindum muni lánið verða töluvert hagstæðara. Afborganir og vextir af slíku láni á annuitets-grundvelli nema 2 233 000 kr., og er því sýnilegt, að byggingarsjóður getur vel staðið undir því láni, sem hér um ræðir.

Þá er lagt til, að tekin sé inn heimild til að selja eignarhluta Landssmiðjunnar í húseigninni Hagamel 21 í Reykjavík ásamt tilheyrandi lóðarréttindum.

Að lokum er svo till. um að heimila vita- og hafnarmálastjóra að festa kaup á sanddælingartækjum. Slíkur sanddæluútbúnaður sem vitamálastjóri hefur í huga mundi kosta um 10 millj. kr. Afköstin verða um 400—500 þús. rúmmetrar á ári, en um 100 rúmmetrar við lélegar aðstæður á dag og allt upp í 400 rúmmetra, þegar aðstæður eru ákjósanlegastar. Rekstrarkostnaður verður um 8 millj. kr. á ári með afskriftum eða 18 kr. á rúmmetra, en það er innan við 50% af því verði, sem sanddælingarskip tekur í dag.

Verði brtt. fjvn., sem ég hef nú lýst, samþykktar, leiðir það af sér, að á rekstraryfirliti 21. gr. lækkar rekstrarafgangur um 14 555 233 kr. og á sjóðsyfirliti sömu gr. út hækkar liðurinn afborganir lána og til eignaaukninga um 390 þús. Á rekstraryfirliti verður því rekstrarafgangur 194 298 156 kr., en á sjóðsyfirliti greiðslujöfnuður út 10 460 661 kr.

Herra forseti. Ég hef þá lokið við að ræða þær brtt., sem nefndin hefur leyft sér að flytja við þessa umr. Till. nefndarinnar og sú athugun, sem nefndin hefur gert varðandi afgreiðslu málsins, eru grundvallaðar á því sjónarmiði, að fjárlagafrv. beri að afgreiða greiðsluhallalaust. Ég vænti þess, að þrátt fyrir þann ágreining, sem fyrir hendi virðist vera í einstökum atriðum um afgreiðslu málsins, þá séu allir hv. alþm. sammála um þetta grundvallaratriði og nauðsyn þess fyrir þjóðarbúskapinn.

Ég vil svo, herra forseti, vænta þess, að till. nefndarinnar hljóti samþykki og að frv. að lokinni þessari umr. verði vísað til 3. umr.

Frsm. 1. minni hl. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Fjárlfrv. speglar að jafnaði þá stefnu, sem hæstv. ríkisstj. fylgir í fjármálum ríkisins og efnahagsmálum þjóðarinnar. Þetta fjárlfrv. ber glöggt einkenni þeirrar stefnu, sem núv. hæstv. ríkisstj. fylgir. Það er dýrtíðin og aftur dýrtíðin, sem setur sinn svip á þetta fjárlfrv., eins og ég mun sýna í ræðu minni hér á eftir. En áður en ég vík að því að ræða stefnu núv. hæstv. ríkisstj. svo og fjárlfrv., þá ætla ég að víkja nokkrum orðum að því, hvaða möguleika hæstv. ríkisstj. hefur haft til þess, að stefna hennar í efnahagsmálum þjóðarinnar og fjármálum ríkisins fengi að njóta sín.

Í upphafi valdatímabils síns á árinu 1960 beitti hæstv. ríkisstj. sér fyrir því að breyta lögunum um Seðlabanka Íslands og taka í sínar hendur stjórn á peningamálum þjóðarinnar og bankamálum. Í gegnum þær ráðstafanir, sem hún hefur látið stjórn Seðlabankans síðar gera, hafa verið hækkaðir vextir í landinu, bundinn verulegur hluti af sparifjáraukningunni og styttur lánstími fjárfestingarlána. Þetta hefur verið sú stefna, sem hæstv. ríkisstj. hefur fylgt í peninga- og bankamálum þjóðarinnar, og hún hefur komið henni í framkvæmd.

Árin 1964 og 1965 hefur hæstv. ríkisstj. svo að segja staðið í beinum samningum um kaup og kjör við verkalýðsfélögin í landinu. Hún hefur á þann hátt getað mótað eða komið vilja sínum að í þeim málum. Hæstv. ríkisstj. réð um verðlag á fiski á s. l. vertíð og síldarverðið á s. l. sumri. Ríkisstj. hefur því átt kost á því að koma í framkvæmd stefnu sinni, er þessa málaþætti varðar.

Allt það tímabil, er núverandi stjórnarflokkar hafa setið að völdum, hefur verið einmuna góðæri í landinu, og til þess að sýna fram á, hvaða munur hefur verið á þeim afla, er á land hefur verið dreginn þessi ár og 1958, þá vil ég nefna um það tölur, en árið 1958 var heildarfiskmagn landsmanna 500 038 tonn, en árið 1964 var það 971 514 tonn. Aukningin á þessu tímabili hefur verið 92%. Það sýnir því, að árferðið á þessu tímabili hefur verið eins gott og á verður kosið. Því til viðbótar má svo geta þess, að verðlag á útflutningsafurðum Íslendinga, sjávarafurðunum, sem ráða þar mestu um, hefur verið hagstæðara nú s. l. ár en nokkru sinni fyrr og allt hefur selzt, er á land hefur komið. Í samræmi við þetta hafa tekjur ríkissjóðs farið verulega fram úr áætlun fjárl. þetta tímabil. Á árunum 1960—1964 fóru tekjur ríkissjóðs í heild 1021 millj. kr. fram úr áætlun fjárl. Það hefur því allt lagzt á eitt til þess, að stefna hæstv. núv. ríkisstj. fengi notið sín, það að hún hefur ráðið stefnunni í fjármálum ríkisins, í stjórn banka- og peningamála, verulega ráðið stefnunni í kaupgjalds- og verðlagsmálum og árferðið verið með eindæmum gott. Hæstv. ríkisstj. hefur því ekki við neinn að sakast nema sjálfa sig um það, hvernig komið er í efnahagsmálum þjóðarinnar og fjármálum ríkissjóðs. Þar er það hún og hennar stefna, sem hefur ráðið því, hvernig þau mál standa nú.

Eins og ég sagði í upphafi máls míns, er það dýrtíðarstefnan, sem hæstv. ríkisstj. hefur fylgt á valdaferli sínum, og hún hefur komið þessari stefnu sinni í framkvæmd með því, að hér hefur verið ofsköttun í landinu allt þetta tímabil og farið árvaxandi og það orðið til þess að magna

dýrtíðina mjög. Ríkisstj. hefur hækkað skatta- og tollatekjur til ríkissjóðs um 380% síðan 1958, en auk þess eru svo ýmsir skattar, sem hafa verið verulega hækkaðir, sem eru fyrir utan niðurstöðutölur fjárl., eins og benzínskattur, þungaskattur á bifreiðum, sem hefur verið margfaldaður á þessu tímabili, og það má með sanni segja, að það sé nú svo komið hér á hv. Alþingi, að hæstv. ríkisstj. beri varla fram nokkurt mál, án þess að því fylgi nýr skattur, og það er fullt orðið af sérsköttum, sem eru innheimtir og ekki koma fram í þessu fjárlfrv.

Hæstv. ríkisstj. hefur á þessu tímabili lagt á launaskatt, hún hefur lagt á bændaskatt, hún hefur lagt skatt á þá, sem fara inn á veitingahús eftir kl. 8 á kvöldin hún ætlar sér að leggja á farmiðaskatt, ef fólk fer út úr landinu, hún hefur lagt á vegaskatt, ef borgarar Reykjavíkur og aðrir fara til Keflavíkur, hún ætlar sér að leggja á skatt til þess að breyta um í hægri handar akstur hér frá vinstri handar akstri, hún leggur skatt á steypustyrktarjárn, sement og timbur, hún hefur lagt á sérstakt gjald, sem kallað er iðnlánasjóðsgjald, annað, sem heitir ríkisábyrgðarsjóðsgjald, og hún hefur enn marghækkað eignarskattinn. Þetta er undirstaðan undir þeim þætti í dýrtíðarvextinum, er ég kenni við ofsköttun. Þegar svo er komið, að allir almennir skattar eru margfaldaðir og svo lagðir á ótal sérskattar, þá er orðin ofsköttun í landinu, eins og greinilega er orðin hér á landi.

En annað höfuðatriðið um, hvernig stefna ríkisstj., dýrtíðarstefnan, hefur blómstrað hér, er það, hvernig fjárfestingin hefur verið látin leika hér lausum hala. Það er vitanlegt, að þeir, sem hafa náð til fjármagnsins, bæði eigin fjármagns og með aðgangi að bönkum, þeir hafa verið í kapphlaupi við að koma áfram sínum fjárfestingum, enda hefur þeim verið það ljóst, að slíkt hefur jafnan borgað sig, því að þótt þeir hafi hlaupið hratt, hefur þó dýrtíðin hlaupið hraðar. Þess vegna er það vitanlegt, að hér hafa átt sér stað stórfelldar yfirborganir á vinnumarkaðinum hjá þeim, sem að þessu kapphlaupi standa, og þeir vinnusamningar, sem gerðir hafa verið, hafa venjulega komizt það lengst að staðfesta þær yfirborganir, sem orðnar eru, og kannske tæplega það, og síðan hefur kapphlaupið hafizt á nýjan leik. Hæstv. ríkisstj. hefur svo dregið úr fjárfestingu ríkisins, til þess að þeir, sem fjármagnið eiga og ná til þess, hafi getað notið sín í kapphlaupi við dýrtíðina með þeim verðbólguframkvæmdum, sem átt hafa sér stað hér á landi.

Hver er svo árangurinn af þessari stefnu hæstv. núv. ríkisstj.? Ef við snúum okkur að því að virða hann frá sjónarmiði fjárhags ríkissjóðs, þá er það staðreynd, að á árinu 1964, þrátt fyrir það þótt tekjur ríkissjóðs færu þá 313 millj. kr. fram úr áætlun fjárl., þá var halli hjá ríkissjóði á rekstrar- og eignahreyfingum um 256 millj. kr. Þetta sýnir glögglega, hvernig verðbólgan er búin að leika ríkissjóð og koma afkomu hans út í ófæru. Ríkissjóður, sem hafði haft um 450—460 millj. kr. í greiðsluafgang fjögur ár á undan, var orðinn skuldugur við Seðlabankann um síðustu áramót um 220 millj. kr., og ég hygg, að þessi staða hafi heldur versnað á árinu 1965, þrátt fyrir það einmuna góðæri, sem hér hefur verið.

Hver voru svo viðbrögð hæstv. ríkisstj. við þeim vanda, sem blasti við á árinu 1965, þegar hún gerði sér grein fyrir því, að halli var á ríkissjóði árið 1964? Viðbrögðin eru kunn, en þau voru fólgin í því að skera niður um 20% fjárveitingar ríkissjóðs til verklegra framkvæmda. Það var farið í það að lækka til byggingar sjúkrahúsa, skóla, hafna, rafveitna, vega og fleiri slíkra uppbyggingarmálaflokka til þess að reyna að mæta hallanum á árinu 1965. Ég mun síðar í ræðu minni víkja nokkru nánar að þessu og sýna fram á, hvaða afleiðingar þessi ráðstöfun og stefna ríkisstj. hefur fyrir þessa málaflokka og afkomu þjóðarbúsins, en mun nú þessu næst snúa mér að því að ræða það fjárlfrv., sem hér liggur fyrir til 2. umr., og vil þá fyrst gera grein fyrir því, að við þessa umr. flytjum við ekki, fulltrúar Framsfl. í fjvn., nema eina brtt. við þessa 2. umr. fjárlfrv.

Ég vil taka það fram um þessa afstöðu okkar í fyrsta lagi, að ástæðan er ekki sú, að við teljum, að fjárveitingum til nauðsynlegra málaflokka sé fullnægt með því fjárlfrv., sem hér liggur fyrir til umr. Það er síður en svo, að svo sé gert, eins og ég mun síðar skýra. Ástæðan er ekki heldur sú, að við teljum, að nægjanlega hafi verið sýnd ráðdeild og sparnaður í sambandi við þetta fjárlfrv. Það er öðru nær, eins og ég mun síðar víkja að. En ástæðan fyrir því, að við flytjum ekki nema þessa einu brtt., er fyrst og fremst sú, að óðaverðbólgan, sem ríkisstj. hefur magnað, hefur leikið ríkisbúskapinn svo grátt, að ekki er rúm fyrir nauðsynleg verkefni á fjárlfrv., sem er hartnær 4 milljarðar.

Á þessari staðreynd viljum við vekja athygli þjóðarinnar sérstaklega. Við viljum undirstrika, að ástandið í fjárhagsmálum þjóðarinnar verður ekki lagfært með einstökum brtt., heldur að ráðast verður að orsökinni sjálfri, þ. e. dýrtíðinni. Þar þýða engar blekkingar. Rót dýrtíðarinnar er, eins og ég hef sýnt fram á, ofsköttun og stjórnleysi í fjárfestingarmálum þjóðarinnar. Það sýnir sig bezt, þegar það er haft í huga, að kaupmáttur tímakaupsins er nú minni en hann var 1959. Aðeins stefnubreyting getur átt við til þess að rétta fjárhag ríkisins. Nánari grein fyrir þessum atriðum mun ég gera hér í ræðu minni á eftir, en vil undirstrika það, að á þessum atriðum byggist afstaða okkar til afgreiðslu fjárlfrv. hér við 2. umr., sú afstaða, að við flytjum aðeins eina till., sem ég mun síðar gera grein fyrir.

Það hefði mátt ætla það, að þegar ríkisstj. var ljóst á s. l. vori, að halli var á ríkissjóði 1964, þá hefði hún gert sér grein fyrir því, að stefnubreyting þurfti að verða um afgreiðslu fjárl. og í efnahagsmálum þjóðarinnar. En þetta fjárlfrv. sýnir enga stefnubreytingu, því að það er með öllum þeim einkennum, sem fyrri fjárlfrv. hæstv. núv. valdhafa hafa verið. Fjárlfrv. er hærra en nokkru sinni fyrr. Þar er nýjum sköttum bætt ofan á þá, sem fyrir eru, eins og fylgt hefur verið undanfarin ár. Það er minna varið til uppbyggingar í landinu en áður. Það er engan sparnað að finna í fjárlfrv. Kostnaðurinn er meiri en áður og eyðslan fylgir eftir. Þetta fjárl.-

frv. mun vera um 260 millj. kr. hærra en fjárlfrv. yfirstandandi árs. Það er tínt saman í skatta til þess að ná saman endunum. Eignarskatturinn á að hækka um 40 millj., og til þess að það hafi ekki áhrif á niðurstöðutölur fjárlfrv., þá er fundin upp sú regla að bæta ekki þessum 40 millj. inn á tekjur af tekju- og eignarskatti, heldur eru þær settar inn á 17. gr. fjárlfrv. og þar sem frádráttarliður, svo að þær koma hvergi fram í niðurstöðutölu fjárlfrv. Það er afleiðing af þessu fjárlfrv., að hér hefur verið flutt frv. um að hækka benzínskatt og þungaskatt um 60 millj. kr., til þess að hægt væri að ná saman endunum í fjárlfrv., eins og hefur verið skýrt hér áður á hv. Alþingi. Það á að leggja á 40 millj. kr. skatt á raforkuverðið eða hækka hjá ríkisrafveitunum verð á rafmagni, sem 40 millj. kr. nemur og þó sennilega betur en það. Það á að leggja á nýjan farmiðaskatt upp á 25 millj. kr. Um það afkvæmi hæstv. ríkisstj. er þó það að segja, að það virðist ætla að flokkast undir feimnismál, eins og sum þeirra mála hafa gert, því að nú er fjárlfrv. komið hér til 2. umr. með þessum tekjulið á forsíðu, en það er ekki enn þá farið að sýna hér á hv. Alþingi frv. að lögum um þennan farmiðaskatt, sem þessi tekjustofn á að byggjast á. Það mun nú samt verða í reyndinni, að hæstv. ríkisstj. mannar sig upp í það síðustu dagana fyrir afgreiðsluna að setja fram frv. eða þá að finna annan nýjan skatt til þess að mæta þessari greiðslu. Það á að tína saman hjá aukatekjum ríkissjóðs 22 millj. kr. og ná svo á áfengi og tóbaki um 40 millj. kr. Þannig á að reyna að ná saman endunum á fjárlfrv. því, sem nú er til 2. umr., með því að tína lítið hér og hærra annars staðar, og þannig er þetta nú orðið að einni heild.

Ég gat um það hér áðan, að það væri ekki á þessu fjárlfrv. neinn sparnað að finna. Nú var nokkur ástæða til að ætla, að það mundi samt vera. Hæstv. ríkisstj. hefur verið óspör á að gefa fyrirheit um sparnað, og hæstv. núv. fjmrh. hefur einnig lýst sinni afstöðu til sparnaðarfyrirheita og sparnaðar í framkvæmd. Við 1. umr. fjárl. 1959, á haustdögum 1958, talaði hv. 2. þm. Eyf. f. h. Sjálfstfl. í þeirri umr. Ræða hans er í þingtíðindum frá því ári, á bls. 553 í hefti þingtíðindanna. Þar er m. a. að finna þessa setningu viðvíkjandi sparnaði, — með leyfi hæstv. forseta fórust þá hv. 2. þm. Eyf. svo orð: „Það er áreiðanlega hægt að spara á mörgum sviðum, en það þarf í senn réttsýni og kjark til þess að gera slíkar ráðstafanir á viðunandi hátt. Án einbeittrar forustu fjmrh. á hverjum tíma er ekki að vænta, að andi sparnaðar og hagsýni ráði í ríkisrekstrinum.“ Þetta er að finna í ræðu hv. 2. þm. Eyf. árið 1958, núv. hæstv. fjmrh. Magnúsar Jónssonar. Nú skal ég taka fram, að ég hef alltaf talið, að hann mundi hvorki skorta réttsýni né kjark, en forustuna fyrir sparnaði skortir samt enn þá.

Nú vil ég taka það skýrt fram, að mér er það ljóst, eins og ég lýsti yfir hér áðan, og okkur fulltrúum Framsfl. í fjvn., að fjármálum ríkissjóðs verður ekki breytt með smásparðatíningi eða sparnaði, eins og það venjulega hefur verið orðað í fjárlagaafgreiðslunni, heldur ræður þar stefnubreyting ein. En ég vil benda á það, að hæstv. ríkisstj., sem hefur oft talað um það í sambandi við till. stjórnarandstöðunnar, að sparðatíningurinn mætti sín lítils, að hæstv. ríkisstj. hefur gripið til þessa ráðs að fara í sparðatíning til þess að draga úr útgjöldum fjárlaga.

Eins og ég tók fram áðan, fór hæstv. ríkisstj. í það að lækka greiðslur til fjárfestingar, eins og hún orðaði það, um 20%. Það þýðir, að hún tók 160 þús. af íþróttakennaraskólanum að Laugarvatni, það þýðir, að hún tekur frá 100 og kannske upp í 500 þús. og jafnvel af stærstu fjárveitingunum upp í milljón af hverri skólabyggingu á landinu. Það munar lítil sveitarfélög og þá aðila, sem eru að byggja skóla, hvort þeir fá 100 þúsundunum meira eða minna, og það er ekki undarlegt, þó að það muni þá, fyrst það munar ríkissjóðinn og hæstv. ríkisstj. að tína þetta saman. Hæstv. ríkisstj. tók 400 þús. kr. af vatnsveitunum, en ástandið þar er nú svo, að ríkissjóður skuldar í vangreiddum ríkisstyrk um 8 millj. kr. Samt lét hæstv. ríkisstj. sig hafa það að tína þarna 400 þús. Hún fór meira að segja svo langt niður, að hún tók 40 þús. kr. af stofni þeim, sem á að vera til þess að lána þeim, sem reisa einkarafstöðvar, á 20. gr. Það var talið ómaksins vert að fara í þann sparðatíning að hirða þar 40 þús. kr. Og hún lét sig hafa það, hæstv. ríkisstj., að taka 100 þús. kr. af sjúkraflugvöllunum í landinu. Fjárveitingin var 500 þús., en það munaði ríkisstj. og ríkissjóð hundrað þúsundin. En það var ekki verið að hugsa um, hvað það munaði sjúkraflugvellina, sem höfðu aðeins 500 þús. úr að spila. Að maður nú ekki tali um það, að hún greip til þess ráðs að lækka fjárveitingar tli landsspítalans um 7 millj. kr. á yfirstandandi ári, þó að læknarnir gangi út, vegna þess að þeir telja sig ekki geta unað við þá starfsaðstöðu, sem þeir hafa.

Þegar svo er komið, að hæstv. ríkisstj. er farin að taka þannig á málum sem hér er lýst, að hún er farin að fara í sparðatíning til þess að tína saman fjármuni vegna útgjalda ríkissjóðs, þá hefði verið eðlilegt, að hæstv. ríkisstj. hefði litið sér nær og litið á fleiri útgjaldaliði fjárl. en þá, sem hér hafa verið greindir. Ég vil benda hæstv. ríkisstj. á það, að á sama ári sem hún fór í það að taka 100 þús. kr. af sjúkraflugvöllunum og smátölurnar af þeim, sem ég hef hér greint, þá bætti hún við sig einu nýju sendiráði úti í Washington eða New York. Hæstv. ríkisstj. taldi, að þar væri ekki þörf á að spara. Það er þó liður upp á 31 millj. kr. í núv. fjárlfrv., utanríkismálin, til utanríkisþjónustunnar eru um 31 millj. kr. Hefði nú ekki verið hugsanlegt, að það hefði líka mátt finna 100—500 þús. kr. á þeim liðum þar eins og þeim, sem ég hef verið að benda á?

Ég vil benda á það, að á árinu 1964 var annar kostnaður ráðuneytanna áætlaður 4 millj. kr. Hann varð 8.4 millj. kr. Hann hækkaði meira en 100% í framkvæmdinni. Mér er fullkomlega ljóst, að það er miklu skemmtilegra húsnæði í Arnarhvoli eftir endurbætur, sem þar hafa verið gerðar, og það er í alla staði viðfelldnara, þegar búið er að setja þar inn ný húsgögn og annað því um líkt. En þegar verður að gera ráðstafanir eins og þær að draga úr fjárveitingum til

sjúkrahúsa, til skóla, til sjúkraflugvalla, þá verður hæstv. ríkisstj. líka að velta fyrir sér, hvað hún getur leyft sér að eyða umfram fjárlög á því heimili, þar sem hún er allsráðandi. Ég vil líka benda á það, að á s. l. ári átti að verja 350 þús. kr. í kjarasamninga. Það var varið í það 1.8 millj. kr. Það má vel vera, að það hafi ekki verið hægt að komast hjá þessum kostnaði, en það hefur ekki heldur verið sérstakur sparnaður viðhafður þar, svo að ríkisstj. hefði getað velt þeirri útgjaldahlið fyrir sér eins og þeim atriðum, sem ég nefndi hér áðan.

Í sambandi við útgjöld vil ég benda á það, að í ferðalög, veizlur, ráðstefnur, þátttöku í ráðstefnum, bifreiðakostnað ríkisstj. og fleira af þessu tagi, þá eyðum við á árinu 1964 13½ millj. kr. Hefði ekki verið hugsanlegt, að þarna mætti finna 500 þús. kr. til sparnaðar eins og á þeim liðum, sem ég nefndi áðan? Þátttökugjald okkar í ýmsum alþjóðaráðstefnum og samtökum er um 12 millj. kr. Mér er það fullkomlega ljóst, að margt af því verður að vera. En ég er ekki jafnviss um, að allt sé nauðsynlegra en það, sem fé er skorið niður til hér. Við notuðum 1.6 millj. kr. í að semja lagafrv. á s. l. ári. Hvað haldið þið, að búið sé að eyða miklu í að semja lagafrv. um breyt. á l. um tekju- og eignarskatt og tekjustofna sveitarfélaganna? Það er búið að endurskoða þessa löggjöf þing eftir þing, og nú fyrir nokkrum dögum, þegar sveitarfélögin voru hér á ráðstefnu um fjármál, óskuðu þau eftir því, að lögin um tekjustofna sveitarfélaganna yrðu enn á ný endurskoðuð. Af hverju er þetta? Það er af því, að þessi mál eru það flausturslega unnin, að það verður að fara að endurskoða þau, undireins og þau koma til framkvæmda, og það kostar sitt, endurskoðunin, enda kemur það fram á útgjöldum ríkissjóðs, þar sem það að semja lagafrv. er að verða 2 millj. kr. á hverju ári.

Hagsýslan og Efnahagsstofnunin áttu að verða til þess að bjarga fjárhag ríkissjóðs og koma þar öllum málum í gott lag. Þessar tvær stofnanir kosta á árinu 1964 um 2 millj. kr. Nú vil ég ekki halda því fram, að það hafi ekki eitthvað komið til baka í sambandi við Efnahagsstofnunina. Ég hef hins vegar orðið afar lítið var við það, sem frá hagsýslunni hefur komið, og það má vel vera, að með það hafi allt verið farið sem leyndarmál, en svo virðist, því að það hefur hvergi komið fram, að það hafi verið neitt innlegg frá hennar hendi, sem hefur verið talin ástæða til að hampa á opinberum vettvangi. Hins vegar er það svo um Efnahagsstofnunina, að hæstv. ríkisstj. leitar mikið til hennar, a. m. k. ber hún hana fyrir sig, þegar í ljós kemur, að skýrslur hafa ekki reynzt eins öruggar eða útreikningar eins og þeir vildu vera láta. En kostnaðurinn við þetta er orðinn um 2 millj. kr.

Vistheimili á Kvíabryggju kostaði 1½ millj. kr. og á að kosta um 2 á næsta ári. Ég er ekki viss um það, að þeir, sem til þekkja, telji, að þessi stofnun, með allri virðingu fyrir henni, sé nauðsynlegri en það að þeir þar vestra fengju að byggja bústað yfir skólastjóra sinn, en þeir misstu skólastjóra á s. l. hausti, vegna þess að þeir höfðu ekki skólastjórabústað. Nú sækja þeir á að fá að byggja skólastjórabústað, og vonandi stendur ekki á þeirri fjárveitingu frekar en fjárveitingu til Kvíabryggju. Ég held hins vegar, að það sé ekki ofsögum sagt, að árangurinn af þeirri stofnun hafi verið harla lítill.

Hv. þm. muna eftir því, þegar var verið að kynna hér breytinguna á álagningu skatta. Þá var mikill sparnaður talinn í því fólginn af hálfu hæstv. ríkisstj. að leggja niður 500—600 nefndir í landinu og skattstofurnar mundu verða miklu ódýrari í framkvæmd en allar þessar skattanefndir. En hver er reynslan? Áður en breyting er gerð, kostuðu þessar skattanefndir 7 millj. kr. Nú er gert ráð fyrir, að þær kosti 27 millj. kr., og mér þætti gaman að vita, hver sá hv. þm. væri, sem vildi halda því fram, að árangurinn af þessari breytingu væri svo hagkvæmur, að það borgaði sig að greiða 20 millj. þarna í milli, og við skulum segja, þótt ekki væri nema 15 millj. kr., kostnaðurinn við skattanefndirnar hefði eitthvað hækkað á þessu tímabili. Ég er samt sannfærður um það, að þjóðin almennt vildi ekki greiða þessa fjárhæð, og ég er líka sannfærður um, að það mundi notast þjóðinni betur að verja þessu til hafnarmála eða slíkra framkvæmda heldur en að greiða þetta í skattstofurnar.

Áður en núv. hæstv. ríkisstj. eða núv. valdhafar tóku við völdum hér og á fyrstu árum þeirra var það eitt mál, sem þeir ræddu sérstaklega og átti að sýna fram á, að hæstv. þáv. fjmrh., Eysteinn Jónsson, héldi ekki nógu vel á fjárhag ríkissjóðs. Og það var það, hve miklar greiðslur væru vegna ríkisábyrgða. Og það var sérstaklega boðað hér á hv. Alþ., að það skyldi verða á því breyting og sett sérstök löggjöf til þess að tryggja það, að fé ríkissjóðs yrði ekki varið svo til ríkisábyrgða eins og áður hefur verið. Nú höfum við nýlega hér á hv. Alþ. fengið reikning ríkisábyrgðasjóðsins og skýrslu um þessar ríkisábyrgðagreiðslur ríkissjóðs. Hvað sýnir þessi skýrsla, og hvað á að verja vegna ríkisábyrgða á næsta ári? Það á að verja 50 millj. kr. af ríkisfé þá. Og hvað verður svo um þetta fé, sem varið er til ríkisábyrgðanna? Samkv. þessari skýrslu eða reikningi ríkisábyrgðasjóðsins fyrir árið 1964 eru þær greiðslur, sem hann þurfti að inna af hendi, hartnær 50 millj. kr. eða milli 40 og 50 millj. kr. Vegna hafnarlána var þó ekki greitt á því ári nema 3.4 millj. kr. Það eru, má segja, lán, þar sem um er að ræða, að almenningur standi að, því að það eru hafnirnar, sem þessi greiðsla er innt af höndum fyrir. En samkv. þessum reikningi ríkisábyrgðasjóðs voru á þessu ári greiddar vegna fiskiðnaðarins 16.4 millj. kr., sem voru útistandandi, þegar reikningnum var lokað. Og ég tel mig muna það rétt, að hér áður fyrr var yfirleitt ekki greitt vegna fiskiðnaðarins, án þess að fljótlega þætti of langt gengið. Og það eru greiddar vegna togaranna 13.4 millj. kr., eða um 30 millj. kr. eru greiddar vegna fiskiðnaðarins og togaranna af greiðslum ríkisábyrgðasjóðs á s. l. ári. Og ef maður fer að kynna sér þetta betur, eru orðnir þarna aðilar, sem skulda allmyndarlegar fjárhæðir. Bæjarútgerð Hafnarfjarðar mun skulda þarna um 35 millj. kr. Það mætti nú eitthvað gera fyrir þá fjárhæð annars staðar. Guðmundur Jörundsson skuldar vegna Narfa 18½ millj. kr. og Einar Sigurðsson vegna Sigurðar 19.4

millj. kr. Þetta sýnir þróunina, sem hefur orðið í þessum málum, og ég held, að það sé ekki ofsögum sagt, þó að því sé haldið fram, að batinn hafi komið hægt, ef hann hefur komið, því að þessi ábyrgðarlán, sem hér um ræðir, eins og vegna Sigurðar og Narfa, eru tekin eftir að Framsfl. fór úr ríkisstj., og það eru engar hliðstæðar tölur um þessi lán frá því tímabili. Ég held, að hæstv. ríkisstj. þurfi að gera sér grein fyrir því um þær 50 millj., sem varið er úr ríkissjóði til ríkisábyrgðarlána, að þjóðina varðar einnig um það, hvernig með það fé er farið.

Ég skal ekki um það deila sérstaklega, þótt ég drepi á nauðsyn þess að endurnýja bifreiðar ríkissjóðs eða eignir ríkisins. Það eru 4 millj. kr., sem á að verja til þess á næsta ári. Og það verður a. m. k. að halda vel á þeim málum, ef á að verja réttmæti þess, að sú fjárveiting gangi fyrir þeim öðrum nauðsynjum, sem ríkissjóður synjar um.

Ég vil líka leyfa mér að víkja að því, að á síðari árum hefur farið mjög í vöxt kostnaður ríkissjóðs vegna embættisbústaða. Nú má um það deila, hversu nauðsynlegir embættisbústaðir eru. Í mörgum tilfellum verður ríkið að eiga sína embættisbústaði, til þess að viðkomandi starfsmenn geti starfað. Hins vegar lít ég svo á, að það eigi ekki við í þéttbýlinu, þar sé bæði hægt að fá leigt og enn fremur selja hús aftur. En það verður í þessum málum sem öðrum að gæta hófs, og á s. l. sumri, dagana, sem var verið að skera niður fjárveitingar til skólabygginga, til hafnarframkvæmda, til sjúkrahúsa, stóð ríkisstj. í samningum um að kaupa embættisbústað suður í Hafnarfirði. Það var keyptur embættisbústaður af fyrrv. utanrrh. á 4.7 millj. kr. En hvað haldið þið? Það á að verja til byggingar nýrra gagnfræða- og héraðsskóla á Íslandi á árinu 1966 samkv. fjárlfrv. 4.8 millj. kr. eða svipaðri fjárhæð og embættisbústaðurinn í Hafnarfirði kostar.

Hæstv. ríkisstj. verður að gera sér grein fyrir því, að hún verður að meta þau verkefni, sem hún veitir fé til, og hin, sem hún synjar um. Hæstv. ríkisstj. hefur fundið það fangaráð í sambandi við þetta mál að vitna í bréf, sem hæstv. fyrrv. forsrh., Hermann Jónasson, hafði skrifað 1958. Ég hef nú ekki orðið var við það hér á hv. Alþ., að það, sem Hermann Jónasson, hv. 1. þm. Vestf., ákvað, þegar hann var forsrh., ætti alltaf að gilda. En þessi vörn er lítilfjörleg og lítilmannleg, því að það er aðeins eitt atriði, sem skiptir máli í þessum kaupum hæstv. ríkisstj., og það er það, að hún hafði rétt til þess að láta málið ganga til yfirdóms. Sá dómur er skipaður af hæstarétti og reglur ákveðnar í lögum um framkvæmdina. Þann rétt notaði hún ekki. Öll vörn og öll viðleitni til þess að koma málinu á aðra er ekki nema út í bláinn og lítilmannleg. Svo skuluð þið vera vissir um, að það verður eytt 1—2 millj. kr. í að breyta þessu húsi, áður en bæjarfógetinn í Hafnarfirði flyzt inn í það. Það er regla hæstv. ríkisstj., og ríkisstj. verður að gera sér grein fyrir því, að þegar hlutirnir eru orðnir þannig, að hún stendur fyrir því, að einn embættismaður á að búa í húsi, sem kostar 5—6 millj. kr., munu fleiri kalla á þessi hús, og þá mun þjóðin líka fara að meta, hvað það er, sem hæstv. ríkisstj. synjar um fjárveitingar til.

Enda þótt ég haldi því fram, að fjárhag ríkissjóðs verði ekki komið í lag með brtt. einum, heldur með stefnubreytingu, held ég því líka fram, að þannig megi ekki halda á fjárhag ríkissjóðs, að það sé gengið í að skera það niður, sem nauðsynlegast er, en svona verk nái fram að ganga.

Í framhaldi af þessu vil ég svo víkja að því, hvernig hæstv. ríkisstj. stendur að þeim verkefnum, sem nauðsynlegust eru. Eins og ég hef tekið fram hér, var 20% niðurskurður á fé til verklegra framkvæmda á s. l. ári. Og ef við tökum þann málaflokkinn, sem ég hygg að þjóðin almennt hafi mestan áhuga á, skólana, skulum við gera okkur grein fyrir því, hvernig stjórnarstefnan kemur fram gagnvart þeim og hvernig hún leikur þann málaflokk. Í barnaskólum eru 25 framkvæmdir, sem Alþ. hefur samþ. og veitt fé til, sem ekki er farið að hefja framkvæmd á enn þá, vegna þess að ríkisstj. með reglugerð 1964 og með brbl. sumarið 1965 hefur stöðvað þessar framkvæmdir. Og það eru sex gagnfræðaskólabyggingar, sem einnig bíða eftir því að fá að hefja framkvæmdir. Ef fjárlfrv., sem nú liggur hér fyrir til 2. umr., er tekið og sú upphæð, sem er veitt til þessara málaflokka, er lögð til grundvallar, vantar hvorki meira né minna en 58 millj. kr., til þess að fjárveitingin dugi, til þess að ríkissjóður greiði 1/5 af þessum framkvæmdum, sem búið er að samþykkja, og nauðsynlegar leiðréttingar. Og hvernig haldið þið, að fyrir þessum málaflokkum verði séð í framtíðinni, þegar svona er að þeim búið og fjárhæðin, sem á að vera til nýrra skóla samkv. fjárlagafrv. nú, er til barnaskóla 6½ millj. og gagnfræðaskóla 4.8, sem er, eins og ég gat um áðan, eins og bæjarfógetahúsið í Hafnarfirði? Þetta þýðir það, að það er hægt að samþykkja þrjár nýjar skólabyggingar og eina skólastjóraíbúð í barnaskólum. Ef samþykktar verða fleiri, er það ekki nema til þess að auka enn þá á þann hala, sem er í skólamálunum. Og það er hægt að taka 1—2 gagnfræðaskólabyggingar.

Þegar þetta er haft í huga, skulu hv. þm. vera minnugir þess, þegar hæstv. menntmrh. hélt því fram hér í haust, að það stæði á þröngsýni sveitarstjórnanna úti um landið, að ekki væri hægt að koma því fyrirkomulagi á kennsluna, sem lög geri ráð fyrir. Það er beðið nú um 26 framkvæmdir í barnaskólabyggingum og 10 í gagnfræða- og héraðsskólabyggingum fyrir utan íþróttamannvirki. Og þegar það er haft í huga til viðbótar þeim 30, sem búið er að samþykkja og ekki er farið að hefja, geta hv. þm. séð, hvað það er, sem stendur á, til þess að það sé hægt að koma skólaskyldunni í framkvæmd á Íslandi eins og lög mæla fyrir. Það er ekki hjá sveitarstjórnunum, sem ganga hart eftir því að mega hefja framkvæmdir. Það er hjá hæstv. ríkisstj., sem hefur með reglugerð og lögum stöðvað framkvæmdir og nú með fjárveitingum ætlar að halda því áfram. En halda hv. alþm. og hæstv. ríkisstj., að það sé í raun og veru hægt að þola, að það sé eytt í einn embættisbústað 5—6 millj. kr., á sama tíma og það vantar 60 millj. í þá barnaskóla, sem Alþ. er búið að samþykkja að skuli hefja framkvæmdir á? Þjóðin

mun ekki sætta sig við það, enda er ekki ástæða til þess.

Ef athugaðir eru áfram fleiri málaflokkar, verður það sama í framkvæmdinni. Í sambandi við hafnirnar upplýsti vitamálastjóri á fundi í fjvn., að miðað við þá áætlun, sem hann gerði um framkvæmdir á næsta ári, sem var svipuð og framkvæmd væri á yfirstandandi ári, en langtum minna heldur en sá listi, sem hann lagði fyrir n. og eftir var sótt að fá að framkvæma, gerði ráð fyrir, mundu skuldir ríkissjóðs í hafnirnar vera um 60 millj. kr. í árslok 1966.

Hvað er að segja um flugmálin? Það er á allra vitorði, að flugmálin hafa verið óskamál hjá íslenzku þjóðinni, enda hafa þau leyst mikinn þátt í atvinnulífi og samgöngumálum þjóðarinnar. Í hvert sinn, sem nýr flugvöllur er tekinn í notkun, er mikill fögnuður yfir því og mikill áhugi fyrir, að fleiri fylgi á eftir. Hvernig ætlar hæstv. ríkisstj. að búa að framkvæmdum flugmála og flugöryggismála á næsta ári? Hún ætlar að verja til þess 14 millj. 580 þús. kr. Þá var upplýst, að nú er búið að eyða um 10 millj. kr. af þessari fjárveitingu. Þá eru eftir 4½ millj. kr. En í sambandi við þetta fjárlagafrv., sem hér liggur fyrir, er gerð sú breyting, að niður er felld af 13. gr. frv. fjárveiting, sem var á yfirstandandi fjárl., upp á 3.3 millj. kr., til þess að lengja flugbrautirnar á Reykjavíkurflugvelli og malbika völlinn og endurbæta hann. Þetta taldi hæstv. ríkisstj., að ætti ekki að gera með þessum lið, heldur á 20. gr., því að hér væri um fjárfestingu að ræða. Og þangað er þeim vísað, flugmálamönnum hér, með þessa fyrirgreiðslu. Þá er eftir 1.3 millj. kr. til þess að byggja upp flugvelli og flugöryggistæki á Íslandi á árinu 1966. Hvað haldið þið, að íslenzku þjóðinni hefði sótzt í flugmálum sínum undanfarin ár, ef þannig hefði verið að málunum staðið? Haldið þið, að Íslendingar væru nú orðnir svo virkur þátttakandi í alþjóðaflugi og flugmálin væru orðin virkur þáttur í lífi þjóðarinnar, ef fjárveiting hefði ekki verið rausnarlegri en hér á að verða? Þetta sýnir ástandið, þegar farið er í handahófskenndan niðurskurð og það ónauðsynlega er látið vera í fyrirrúmi um fjárveitingar. Það er hins vegar upplýst, að fjárþörfin hjá flugmálastjórninni vegna flugvalla og flugöryggistækja er 24 millj. kr. — 1.3 millj. á að mæta þessari 24 millj. kr. þörf.

Þá er í sambandi við 20% niðurskurðinn, sem er haldið áfram á þessu ári, eins og áður er fram tekið. Honum á að beita í sambandi við nýjar rafveitur út í sveitir landsins þrátt fyrir fyrirheit um aukinn hraða í lagningu rafveitna út um landsbyggðina. Raforkumálastjóri skýrði fjvn. frá því, að fjárhagur jarðhitasjóðs, eins og hann er samkv. fjárlagafrv. fyrir árið 1966, væri með þeim hætti, að það væri ekki hægt að gera ráð fyrir því, að jarðhitasjóður gæti á árinu 1966 tekið að sér neinar jarðboranir, til þess skorti hann fjármagn, og það litla fjármagn, sem hann hefði yfir að ráða á því ári, yrði að notast í rannsóknir. Jarðhitasjóðurinn er stofnun, sem landsmenn hafa mikinn áhuga á og gæti skapað mikil verðmæti, ef starfsemi hans væri með eðlilegum hætti. En hæstv. ríkisstj. hefur ekki rúm á sínu 4 milljarða fjárlagafrv. fyrir þessa starfsemi.

Þá vil ég geta þess, að austur á Laugarvatni starfar skóli, sem heitir Íþróttakennaraskóli ríkisins. Þessi starfsemi er búin að vera þarna á annan tug ára eða nær tveim tugum, og hefur með henni verið komið á þeim áhuga í íþróttamálum, sem hér hefur verið í sambandi við skóla landsins, og þaðan hafa komið íþróttakennarar, sem hér hafa starfað á seinni árum. Nú er að verða mikill kennaraskortur, og það hefur verið mjög sótt á það frá þessum skóla að mega byggja heimavist fyrir nemendur sína. Ástandið þar eystra er þannig, að piltarnir búa í skúr, sem byggður var fyrir verkamenn, þegar skólastjóraíbúðin var byggð fyrir um það bil 10 árum. Alþ. hefur tekið undir þessa málaleitun með því, að veitt var fé til þessarar framkvæmdar árin 1963 og 1964. Á árinu 1964 hófust framkvæmdir þarna, og var þá byggður kjallari að skólahúsinu, og skólinn undirbjó sig að halda áfram frekari framkvæmdum. Á árinu 1964, þegar var verið að afgreiða fjárlög fyrir árið 1965, sóttu forráðamenn skólans mjög fast á það, að aukin yrði fjárveitingin, svo að þeir gætu á árinu 1965 byggt upp þennan skóla. En þá gerðist það, að það fékkst ekki samþ. í fjvn., og niðurskurðinum var svo beitt á fjárveitinguna og honum svo haldið áfram. Nú er svo komið, að þessari stofnun er stefnt í hættu. Starfsemi hennar er stefnt í hættu, ef ekki verður nú brugðið við, og það mun vanta 1½ millj. kr. til þess að koma þessum málum þannig fyrir, að húsið verði byggt upp eða fokhelt á þessu og næsta ári. Hæstv. ríkisstj. hefur a. m. k. ekki enn þá séð rúm fyrir 1½ millj. kr. til þess að ala upp íþróttaæsku þessa lands. Piltarnir eru látnir búa í timburskúr, sem er enginn mannabústaður, og timbrið látið grotna niður, sem átti að fara að nota til þess að byggja heimavistarhúsið, en ekki til þess að vera í geymslu austur á Laugarvatni.

Þeir málaflokkar, sem ég hef hér lýst, sýna ekki neina reisn af hendi hæstv. ríkisstj. og sýna einnig, í hvaða óefni er að koma með ýmis nauðsynjamál okkar. Mun þó eitt mál á þessu fjárlagafrv. slá allt annað út, og það er afgreiðslan á vegamálunum. Það tekur nú fyrst steininn úr, þegar að því er komið. Þegar greiðslur ríkissjóðs voru árið 1958 um 900 millj. kr., þá var rúm á fjárl. til þess að verja til vegamála 83 millj. kr. En nú, þegar fjárl. eru tæpir 4 milljarðar, er ekki rúm fyrir einn einasta eyri. Svo hefur nú verið breytt um stefnu, og svo er nú komið fjárhag ríkissjóðs í góðærinu, að það er enginn eyrir til þjóðveganna á Íslandi. En þetta mál er miklu viðtækara þó en að vera fjárhagsmál, eins og fram kom hér í umr. um daginn um vegaskattinn. Þá sýndi ég fram á það með því að lesa úr ræðum hæstv. samgmrh., og formaður Framsfl. staðfesti það og sýndi fram á með rökum í sinni ræðu þá, að það var eitt af samkomulagsatriðum í sambandi við lausn vegamálsins 1963, að þessi fjárveiting yrði aldrei minni en þá var á fjárlagafrv., heldur en 47 millj., og hæstv. samgmrh. gaf öruggar og skilmerkilegar yfirlýsingar um það, að fyrir því yrði séð, að þetta yrði aldrei minna, slagurinn í framtíðinni yrði

um það, hvað þetta ætti að hækka mikið, en að það yrði lækkað, það yrði ekki til umr. hér á hv. Alþ. Hver hefði trúað því, að að tveimur árum liðnum yrði þessi fjárveiting algerlega þurrkuð út? Ég tel mig hafa í þeim umr. sýnt svo ljóslega fram á þessi fyrirheit ráðh., að ég þurfi þar engu við að bæta, en get aðeins endurtekið það, sem hæstv. samgmrh. sagði í ræðu sinni 17. des. 1963, með leyfi hæstv. forseta, en þar sagði hann þetta, sem tók af öll tvímæli: „Engin hætta er á því og alveg útilokað, að ríkisframlag til veganna verði lækkað.“ Það er alveg útilokað, sagði hæstv. ráðh. Og það var bent á það í þessum umr. um daginn, að hér væri um hreint fyrirheit að ræða, sem hæstv. ráðh. og hæstv. ríkisstj. gætu ekki brugðizt. Hæstv. fjmrh. tók þátt í þeim umr. og spurði: Hvar á að taka peningana? Viljið þið benda á leiðir til þess, að hægt sé að taka peningana? Á að taka þá með nýjum sköttum, eða hvernig á að mæta þessu? — Þessu vil ég svara með því að benda hæstv. ráðh. á það, að undanfarin ár, sumarið 1964 og sumarið 1965, hefur hæstv. ríkisstj., eins og ég hef áður sagt, staðið í beinum samningum við verkalýðsfélögin til þess að leysa kaupgjaldsmálin. Hún hefur þar gefið ýmis fyrirheit og loforð um lausn á málunum. Og hún hefur ekki sagt við þá, sem hún hefur samið við: Bendið þið okkur á það, hvaðan við eigum að taka tekjurnar til þess að mæta þessum útgjöldum, sem þið krefjizt af okkur, — heldur hefur hún hér á hv. Alþ. lagt fram lagafrv. til þess að afla tekna á móti þessum fyrirheitum og talið sjálfsagt að standa við það. Þess vegna hefur hún lagt á launaskatt, marghækkað eignarskattinn, af því að hún fann ekki aðrar leiðir. Hún taldi sig hafa heimild til þess. En að hún hafi beðið viðsemjendurna um að leggja sér til fjármagnið, sem átti að leysa vandann, það hefur henni aldrei dottið í hug.

Ég vil svo nefna enn þá eitt dæmi, sem sýnir kannske betur, hvort hæstv. ráðh. eiga að virða orð sín og samninga eða ekki, og það er ekki spurt um það, hvað það kosti, heldur bara, hvort menn virða það, sem þeir hafa samið um, eða ekki. Og það var í sambandi við umr. um söluskattinn hér á hv. Alþ. í des. 1964. Það var lagt hér fram frv. til l. um að hækka söluskattinn upp í 8%. Það kemur fram í grg. og umr., að þetta væri gert m. a. til þess að mæta útgjöldum vegna kjarasamninganna í júní 1964. Og ein af þeim útgjöldum, sem ríkið hafði orðið fyrir, voru vegna hækkunar á vísitölu. Það kom fram í umr. í Ed. og var haldið fram af hv. 4. þm. Norðurl. e., Birni Jónssyni, að það hefði verið um það samið, að það yrðu ekki lagðar á nýjar álögur útgjalda vegna hækkunar vísitölu til áramótanna 1964 og 1965. Með leyfi hæstv. forseta, vil ég vitna í ræðu hv. 4. þm. Norðurl. e., Björns Jónssonar, sem hann hélt í hv. Ed. 16. des. 1964. Þar segir hann m. a., að því hafi verið heitið, að engar nýjar álögur yrðu lagðar á vegna niðurgreiðslnanna á árinu 1964. Ég endurtek það og fullyrði, að þetta er rétt munað, segir hv. þm. Hver urðu viðbrögðin við þessu? Var sagt: Komið þið með peningana, ef þið krefjizt þess arna? Og nú vil ég, með leyfi hæstv. forseta, vitna í ræðu, sem hæstv. forsrh. flutti daginn eftir í hv. Ed., en þar segir m. a. þetta, með leyfi hæstv. forseta:

„Nú hef ég,“ segir hæstv. forsrh., „átt frekari viðræður við þá hv. þm., sem voru í þessum samningum af hálfu Alþb. í sumar, þá Björn Jónsson, Eðvarð Sigurðsson og Hannibal Valdimarsson, og ég hef af þeim viðræðum fyllilega sannfærzt um, að þeir eru í góðri trú um sinn skilning, jafnframt því sem ég legg áherzlu á,“ segir ráðh. áfram, „að ríkisstj. telur, að sinn skilningur, sá sem fram kemur í frv., sé réttur frá hennar sjónarmiði.“ Þ. e. a. s.: hún er í góðri trú um sinn skilning. Og enn þá heldur hæstv. forsrh. áfram og segir: „Hér hefur því orðið einhver misskilningur, og þar sem ég tel vera höfuðnauðsyn, að hvorugur aðili hafi nokkra ástæðu til að ætla, að reynt sé að hlunnfara hann í þessu máli eða nota sér misskilning, sem á sér stað í góðri trú, hef ég lagt til við ríkisstj., að hún fallist á, að skattheimtan, sem hér um ræðir, verði lækkuð, þ. e. a. s. í stað 8% verði farið fram á 7½% söluskatt. Það svarar nokkurn veginn til þeirrar fjárhæðar, sem hér er deilt um.“

Þetta var fjárhæð upp á 60—70 millj. kr. Það var ekki verið að spyrja um það hér í hv. Alþ., hvar ætti að taka peningana, ef þessu væri breytt svona. Það var aðeins verið um það að ræða, að það yrði staðið við orð sín og haldið við það samkomulag, sem búið væri að gera.

Það er ekki um neitt annað að ræða núna heldur en það, að það sé haldið það samkomulag, sem gert var, þegar vegal. voru afgreidd hér á hv. Alþ. 1963. Að fella niður af útgjöldum fjárl. 47 millj. kr. er að svíkja það samkomulag. Og ég undirstrika það, sem hv. 1. þm. Austf. sagði hér um daginn, að ráðh., sem ekki stendur við samkomulag, á að segja af sér og hann á ekki að sitja í ráðherrastóli deginum lengur. Og ég trúi því ekki, að hæstv. ríkisstj. fari þannig með hæstv. samgmrh., að hún geri hann ómerkan í sambandi við þessar 47 millj. kr., þegar hún mat æru forsrh. upp á 67 millj. Hér verður að standa við samkomulagið, og það þýðir ekki að fara til stjórnarandstöðunnar og segja: Þið gerðuð samkomulagið og þið skuluð líka sjá um, að við stöndum við það. — Það er ykkar í hæstv. ríkisstj. að standa við samkomulagið, og þið getið ekki komizt hjá því, að það verði gert.

Eins og fram kemur í tillögugerð okkar og nál., er þetta eina brtt., sem við flytjum að þessu sinni, og ég hef þegar gert grein fyrir því, af hverju við flytjum ekki fleiri brtt., og þarf ekki að endurtaka það. En í sambandi við þær till., sem fluttar eru af n. í heild, sem eru um 14—15 millj. kr., sýnir það nú kannske betur en flest annað eða til viðbótar öðru, hvernig komið er um fjárhag ríkissjóðs, þegar Alþ. ráðstafar innan við 20 millj. kr. af fjárl., sem eru upp á 4 milljarða. Þá vil ég taka fram fyrir okkar hönd, að við höfum sem fyrr ekkert undan samstarfsmönnum okkar í n. að kvarta og þökkum þeim samstarfið, og vinnubrögð þar voru með eðlilegum hætti. Við gerðum grein fyrir okkar afstöðu til till., sem eru ekki veigamiklar og flestar meinlausar, en eitthvað mun þó vera í þeim, sem við höfum engan áhuga fyrir að fylgja. Fyrirvari okkar er mjög svipaður og ver-

ið hefur, enda hefur sá háttur verið í n. nú um langt árabil, að það hefur ekki verið sérstök atkvgr. um till., heldur hefur hver nefndarhluti gert grein fyrir afstöðu sinni til þeirra, eins og nú er gert. En í framhaldi af því, sem ég hef sagt um málaflokka, eru ótal þjóðnytjamál, sem er sömu sögu að segja um eins og þá, sem ég hef greint, því að ég hef aðeins drepið á þá stærstu. En t. d. vildi ég nefna rannsóknir í þágu atvinnuveganna, að mér sýnist, að það sé öllu verr að þeim búið nú en áður, a. m. k. ekki betur, og ég vil líka skýra frá því, að háskólarektor kom á fund fjvn. og skýrði n. frá sínum málum og ýmsum og bráðnauðsynlegum útgjöldum, sem ekki yrði komizt hjá, eins og stundakennslu, en verður auðvitað greidd síðar meir. Það var ekkert hlustað á hans mál hjá n. Hann benti á það, að raunvísindastofnunin getur ekki tekið til starfa, vantar aukna fjárveitingu. Það þyrfti ekki að láta sér detta það í hug, að hún mundi taka til starfa á næsta ári, ef fjárveitingin yrði ekki aukin. Hann benti líka á það, rektorinn, að í nálægum löndum væri gerð sérstök rannsókn á því, hvernig félagslegum högum stúdenta væri komið og hvernig að þeim væri búið í sambandi við bæði félagsheimili og fleiri atriði, er félagsmál varða. Hér er ekkert gert og ekkert hlustað á hans till. um að veita fé til þessarar starfsemi.

Og þannig er, eins og ég hef margtekið fram hér í ræðu minni, komið í málefnum íslenzku þjóðarinnar, að dýrtíðin tekur þar svo mikið rúm, að það er ekki að verða rúm fyrir hana á útgjöldum fjárl., enda er það svo, að það, sem við höfum fært undir það að heita verklegar framkvæmdir, það er farið að framkvæma þetta núna að meira eða minna leyti fyrir lánsfé, bæði vegagerð, hafnargerð, skólabyggingar. Áður var þetta að mestu greitt af fjárl., jafnhliða því sem framkvæmdin átti sér stað. Nú er þetta að færast alltaf meira og meira í það horf, að lán er tekið til framkvæmdanna, og ef á svo í framtíðinni að greiða þessi lán og halda framkvæmdunum áfram, verður að vera betur á fjárhag ríkisins haldið en nú er, þegar lánum er hrúgað upp í slíku góðæri sem nú er ár eftir ár. En þannig leikur stefna ríkisstj., dýrtíðarstefnan, mál þjóðarinnar.

Ég vil svo í framhaldi af þessu víkja að öðrum þáttum efnahagsmálanna og hvernig þeim er komið hjá hæstv. ríkisstj.

Eins og ég tók fram hér í upphafi máls míns, hefur góðærið verið slíkt, að engin ríkisstj. hefur búið við aðrar eins tekjur í þjóðarbúskapnum og þessi, þar sem til viðbótar aflabrögðum er gott að selja og hátt verð. Það hefur verið blóm í hnappagati hæstv. ríkisstj., að afkoman út á við væri nú betri en áður hefði verið. En hvað segja nú tölur um þetta? Samkv. því, sem birt er í Fjármálatíðindum, skuldaði þjóðin út á við 1924.6 millj. kr. í árslok 1958, en í árslok 1964 3 691.1 millj. kr. Gjaldeyrisinnstæða þjóðarinnar var á sama tíma, 1958 228.5 og 1964 1592.8 millj. Þegar þetta er gert upp, þetta dæmi, hefur staðan út á við eða skuldir þjóðarinnar út á við versnað í heild um 400 millj. kr. á þessum tímum góðæris og veltu, sem hafa verið síðan 1960. Þetta er nú árangurinn af öllum gjaldeyristekjunum og hinni miklu veltu í þjóðarbúskapnum, sem hæstv. ríkisstj. hefur þó alltaf talið að hún stæði bezt að.

Ef við lítum svo lengra inn í efnahagsmálin og mál, sem eru í beinu sambandi við fjárlagaafgreiðsluna, vil ég benda á það, að þegar póst- og símamálastjóri skýrði fjvn. frá því, hvernig útlit væri með afkomu pósts og síma á næsta ári, skýrði hann frá því, að það vantaði 60—70 millj. kr., til þess að póstur og sími, sú stofnun yrði rekin hallalaus á árinu 1966. Hann benti þó á, að þar við bættist það, að stofnunin yrði að draga verulega úr þeirri uppbyggingu, sem hún hefði haldið uppi síðustu árin, og meira að segja mundi það verða svo, að eðlileg fjölgun símanotenda gæti ekki átt sér stað vegna þess efnisskorts og skorts til að koma áfram framkvæmdum. Fjárveitingar vantaði til þess að koma á framkvæmdum, og sjálfvirkt kerfi, sem búið væri að panta og mundi koma til landsins á næsta ári, yrði ekki hægt að setja upp, af því að tekjur vantaði hjá stofnuninni til þess að mæta þörfinni.

Sama er að segja um ríkisútvarpið. Það verður ekki hægt að reka ríkisútvarpið hallalaust á næsta ári eftir upplýsingum útvarpsstjóra með þeirri tekjuáætlun, sem fjárlagafrv. greinir. Hvað þýðir þetta? Þetta þýðir ekki annað en það, að það verður enn á ný að hækka gjaldskrá þessarar stofnunar. Það flæðir svo út í verðlagið á nýjan leik, og skrúfan heldur áfram með meiri hraða en nokkru sinni fyrr. Landsfundi íslenzkra útvegsmanna er nýlokið. Gerðu þeir ráð fyrir á þeim fundi, að efnahagsmálum þjóðarinnar væri þannig komið, að þeir gætu hafið sína útgerð um næstu áramót án aðgerða? Það var nú eitthvað annað. Þeir gerðu ráð fyrir því, að það yrði að stórauka tekjur útgerðarinnar, til þess að útgerðin gæti hafizt um næstu áramót. Í framhaldi af þessu kemur svo það, að frystihúsin koma hér um næstu áramót, eins og þau hafa gert um tvenn síðustu áramót, og krefjast þess, að þeirra hlutur verði bættur. Og hvar ætlar þá hæstv. ríkisstj. að taka peninga til þess að mæta þeirri greiðsluþörf, sem þar verður, fyrst það þýðir ekki að nefna smátölur til hækkunar og hún stynur þungan, ef á að verja 47 millj. kr. til þess að halda sæmilega uppi heiðri hæstv. samgmrh.?

Það er ekki glæsilegt frekar, þegar litið er á efnahagsmálin í okkar þjóðarbúskap núna, heldur en er um fjármál ríkissjóðs sjálfs, sem hæstv. ráðh. eða hæstv. fjmrh. a. m. k. hefur marglýst að væri ekki glæsilegur. Og í framhaldi af þessum hækkunum, sem ég hef sýnt fram á að eru fram undan, koma auðvitað nýir kjarasamningar næsta vor, og dýrtíðin heldur áfram að magnast.

Herra forseti. Ég hef í ræðu minni hér að framan gert grein fyrir stefnu hæstv. ríkisstj. í efnahags- og fjármálum þjóðarinnar og sýnt fram á það, að ytri aðstæður hafa ekki haft þar áhrif í óhag, heldur er við stjórnina eina að sakast um, hvernig þessum málum er komið. Og í framhaldi af þessu vil ég segja, að afleiðing af stjórnarstefnunni, dýrtíðarstefnunni, eru þessi atriði:

1) Hæstv. ríkisstj. hefur gert það, sem hefur

verið fordæmt í landbúnaði á Íslandi, að éta upp fyrningar í góðæri, en það tókst henni árið 1964, þegar hún át upp allan greiðsluafgang fyrri ára.

2) Hæstv. ríkisstj. hefur líka gert það, sem er fordæmt af hinni aðalatvinnustéttinni á Íslandi, sjómannastéttinni, þ. e. að sigla á grynningar í heiðskíru veðri og blíðalogni. En fjárhagur ríkissjóðs er nú slíkur, að hún tekur niðri í hverri ferð og stynur þungan yfir grynningunum.

3) Tekjur ríkissjóðs hverfa í rekstrarkostnað ríkisins, í dýrtíðina. Það eru greiðslur til niðurgreiðslna og trygginga, sem standa í beinu sambandi við verðhækkunina í landinu, sem eru fyrirferðarmestu útgjaldaliðir ríkisins. Það er árangurinn af dýrtíðarstefnunni.

4) Nauðsynleg verkefni eru óleyst eða þau eru leyst með lánsfé, þar sem framtíðinni er ætlað að borga.

5) Staða þjóðarinnar út á við er verri nú um 400 millj. kr. heldur en hún var 1958, þrátt fyrir góðærið.

6) Kaupgjaldsmál eru öll í óvissu nú eins og fyrr og kannske meira en nokkru sinni fyrr.

7) Höfuðatvinnuvegur þjóðarinnar hefur hótað stöðvun um næstu áramót, ef ekki verður komið til móts við þá til þess að bæta þeim það upp, sem dýrtíðin hefur af þeim tekið.

Allar þessar ráðstafanir og þetta útlit, sem ég hef hér lýst, mun verða til þess að magna dýrtíðina og lama atvinnulífið í þjóðfélaginu meira en nokkru sinni fyrr. Og til viðbótar þessu vil ég segja það um framtíðina, að ef hæstv. ríkisstj. situr áfram, má hún hafa sama vinnulagið og nú. Hún tínir saman skatt hér og skatt þar til þess að reyna að krækja saman tekjur og gjöld fjárl., eins og gert er á þessu fjárlagafrv. Og hún mun í öðru lagi reyna að ryðja út af fjárlagafrv. nauðsynlegum verkefnum, eins og nú er gert með vegamálin. En þessi aðferð hæstv. ríkisstj. mun reynast eins og þær fyrri þýðingarlaus, því að dýrtíðin krefst meira af henni á næsta ári heldur en á þessu. Ólafur Thors sagði í áramótaræðu, það mun hafa verið um áramótin 1962—1963, m. a. það, að ef ríkisstj. tækist ekki að ráða niðurlögum verðbólgunnar, væri allt unnið fyrir gýg og beinn voði fyrir dyrum. Allt þetta bjástur er unnið fyrir gýg, og nú er beinn voði fyrir dyrum. Það er ekkert, sem getur bjargað fjármálum þjóðarinnar, eins og nú er komið, nema alger stefnubreyting, eins og ég tók fram fyrr í minni ræðu. Það verður að endurskoða rekstrarkerfi ríkissjóðs, og það verður að velja verkefnin með hag þjóðarinnar í heild fyrir augum, en ekki láta troðast áfram eins og nú er gert, sem minnir á fé í rétt.

Núv. stjórnarliðar hafa sýnt það með getuleysi sínu, að þeir leysa engin verkefni. Hlutverk hæstv. ríkisstj. verður þann tíma, sem hún á eftir að sitja í valdastólunum, það eitt að hrekjast frá einu skerinu til annars. Þjóðarnauðsyn er, að ríkisstj. fari frá völdum, svo að hægt verði að koma á stefnubreytingu og þjóðin geti aftur tekið upp að vinna að málefnum sínum, heilbrigðum framfaramálum, á nýjan leik. En það verður ekki fyrr en núv. ríkisstj. hefur lagt niður völd sín.

Frsm. 2. minni hl. (Geir Gunnarsson): Herra forseti. Í meðförum fjvn. á frv. til fjárl. fyrir árið 1966 hefur komið fram grundvallarstefnumunur flokkanna, og hefur n. því ekki getað átt samleið um afgreiðslu þess og skilar þremur nál. Þrátt fyrir grundvallarágreining um höfuðstefnuna hefur n. orðið sammála um afgreiðslu fjölmargra brtt. Um þær brtt., sem fluttar eru í nafni n. allrar og gerð er grein fyrir í nál. meiri hl. n., vil ég taka það fram, að ég er sammála þeim flestöllum, en hef óbundna afstöðu um fylgi við einstakar till. og um fylgi við brtt., sem fram kunna að koma við þær eða aðra liði frv.

Brtt. þær, sem ég flyt við fjárlagafrv., eru birtar á þskj. 118, og mun ég á eftir gera nokkra grein fyrir þeim. Fjvn. hefur ekki afgreitt nokkra flokka nú fyrir 2. umr., og flyt ég yfirleitt ekki brtt. við þá, fyrr en fyrir liggur, hverja afgreiðslu þeir hljóta hjá n. Ég vil nota þetta tækifæri til að flytja formanni n., hv. 4. þm. Vesturl., og öðrum meðnm. mínum þakkir fyrir samstarfið, sem hefur verið með miklum ágætum þrátt fyrir ágreining í ýmsum efnum.

Það er ljóst við afgreiðslu fjárl. nú, að hæstv. ríkisstj. er fjær því en nokkru sinni fyrr að uppfylla það heit sitt að leggja höfuðáherzluna á stöðvun verðbólgunnar. Í orði er svo látið líta út, að vilji sé til þess að vinna gegn verðbólgunni, en í verki er stjórnarstefnan sem fyrr ekki annað en bein verðbólgufram leiðsla. Einmuna góðæri til lands og sjávar undanfarin ár, ný tækni við síldveiðar, óhemjuafli og stöðugt hækkandi verð á afurðunum á erlendum mörkuðum hefur haft í för með sér mikla verðmætasköpun, sem ætti, ef allt væri með felldu, að geta orðið undirstaða að stórátökum í þeim framkvæmdum, sem þjóðinni eru nauðsynlegastar. Þessi stóraukna verðmætasköpun ætti að geta valdið því, að þjóðin gæti látið eftir sér í ríkara mæli en fyrr að byggja skóla, sjúkrahús, hafnir og endurbæta samgöngukerfið með nýtízku vegagerð og flugvallagerð. Þó hafa slíkar framkvæmdir fyrir alla þjóðarheildina, fyrir fé, sem til félli á ári hverju, ekki sett mark sitt á undanfarin ár, síður en svo. Hitt hefur sett mark sitt á þessi ár geysilegrar verðmætasköpunar hinnar vinnandi alþýðu, að framkvæmdir ríkisvaldsins, framkvæmdir, sem þjóðinni eru nauðsynlegastar, hafa markvisst verið dregnar saman þrátt fyrir aukna skattheimtu, en fjárfesting einkaaðila er stjórnlaus og skipulagslaus. Það stefnumið viðreisnarstjórnarinnar að gefa einkaaðilum algerlega frjálsar hendur um ráðstöfun þessara verðmæta án nokkurrar skynsamlegrar skipulagningar hefur verið gert að aðalatriði stjórnarstefnunnar ásamt algeru frelsi þeirra aðila til að ráða verðlaginu að eigin geðþótta. Þessi tvö markmið hafa verið gerð að aðalatriði á kostnað þeirra fyrirheita ríkisstjórnarflokkanna að vinna gegn verðbólgunni.

Þessi sjónarmið að gefa einkafjármagninu lausan tauminn í fjárfestingarmálum og verðlagsmálum geta að sjálfsögðu ekki farið saman með viðleitni til að stöðva verðbólguna. Þau sjónarmið eru í eðli sínu andstæð. Þess vegna hefur reyndin orðið sú, að viðreisnarstjórnin hefur lagt alla raunhæfa baráttu gegn verðbólgunni til hliðar í æ ríkara mæli. Því lengur

sem stjórnað er með þau tvö sjónarmið að leiðarljósi, að annars vegar eigi einkaaðilar að hafa hömlulaust frelsi til að fjárfesta án tillits til þjóðarhagsmuna og oft einungis í því skyni að hljóta verðbólgugróða og hins vegar eigi þessir sömu aðilar að búa við algert frelsi í verðlagsmálum, þeim mun vonlausari verða allar tilraunir til að halda dýrtíðinni í skefjum. Og þær ráðstafanir, sem ríkisstj. grípur til við setningu fjárl., enn nýjar skattaálögur, þegar hún þarf að mæta afleiðingunum, sem þessi stefna hefur á hag ríkissjóðs, auka enn á þá þróun að gera dýrtíðina óviðráðanlega. Út úr þessum vítahring verður ekki brotizt nema með stefnubreytingu í fjárfestingar-, verðlags- og skattamálum.

Ástandið í þessum málum hefur verið að versna með ári hverju. Á fyrstu stjórnarárum viðreisnarstjórnarinnar var afleiðingunum af verðbólgustefnu ríkisstj. mætt með hækkunum skatta eingöngu. Áhrifunum af hækkun skatta, sem komu fram sem aukin spenna í öllum verðlagsmálum og óhjákvæmilegum launahækkunum, var síðan mætt með enn nýjum sköttum við afgreiðslu fjárl. Að því leið, að skattahækkanirnar dugðu ekki fram til næstu fjárlagaafgreiðslu, og varð að grípa til hækkunar á söluskatti, eftir að fjárlög höfðu verið sett. Og næsta stig í þróuninni var, að ríkisstj. taldi ekki annað óhætt en afla sér heimildar til að skera niður nauðsynlegar verklegar framkvæmdir um 20% og raska þannig settum fjárl. Var látið svo líta út sem hér væri aðeins um bráðabirgðaráðstafanir að ræða, og e. t. v. hefur hæstv. ríkisstj. vonazt til þess, að svo gæti orðið, þótt afleiðingarnar af stefnu hennar væru ekki orðnar svo geigvænlegar sem nú er komið betur í ljós. En til niðurskurðarins varð ríkisstj. að grípa, og nú er svo komið, að fjárveitingar til allra verklegra framkvæmda eru settar stýfðar inn á fjárlagafrv., og geta þær upphæðir nú orðið grundvöllur að nýjum niðurskurði. Þannig hefur ríkisstj. orðið að grípa til æ meiri örþrifaráða til að koma saman fjárl., þótt í mestu góðærum sé. Fyrst varð að grípa til skattahækkana eingöngu, síðan til skattahækkana og niðurskurðar á verklegum framkvæmdum eftir á sem bráðabirgðaráðstafana og nú til skattahækkana og niðurskurðar þegar við setningu fjárl. Þannig hallar æ meir á ógæfuhliðina.

Þegar sýnt var, að ríkisstj. var að missa alla stjórn á efnahagsmálum og verðlagsmálum, gerðu samtök verkalýðsfélaganna sumarið 1964 tilraun til að stöðva þessa óheillaþróun með því að bjóða stjórnarvöldunum atfylgi sitt til þeirra viðbragða, sem þyrfti til að hamla gegn verðbólgunni. Þá frestuðu verkalýðsfélögin að knýja fram þær kauphækkanir, sem þau sannarlega áttu inni, en eigi að síður fengust síðustu fjárl. ekki afgreidd í anda þess samkomulags, sem gert var milli þeirra aðila, sem mestu eru ráðandi í þjóðlífinu og mestu geta ráðið um þróun mála til góðs eða ills, heldur féllu ríkisstjórnarflokkarnir í þá freistni, illu heilli, að afgreiða núgildandi fjárlög með sama hætti og hin fyrri, án minnstu tilraunar til sparnaðar á rekstrarliðum, en nýjum stórfelldum skattahækkunum, sem þegar höfðu sín óheillaáhrif í efnahagskerfinu.

Þrátt fyrir þetta skilningsleysi og óbilgirni stjórnarvaldanna sættu verkalýðsfélögin sig við mjög lítla og væga kauphækkun s. l. sumar í trausti þess, að það yrði metið á þann veg, að nú yrði komið í veg fyrir verðhækkanir í þjóðfélaginu, og það bar ríkisstj. að tryggja, ef hún vildi láta taka minnsta mark á tali sínu um áhuga á stöðvun verðbólgunnar. Jafnvel hæstv. viðskmrh. lét þau orð falla í Alþýðublaðinu, eftir að kjarasamningarnir voru gerðir í sumar, að grípa yrði til þess að herða á verðlagsákvæðum, ef verðhækkanir skyldu fylgja í kjölfar þeirra, sem voru taldar mjög ólíklegar. Þessi orð hafa þó í reynd reynzt ómerk, því að reynslan hefur orðið sú, að verðlag vöru og þjónustu hefur hækkað jafnt og þétt, án þess að nokkrir tilburðir hafi verið hafðir í frammi til að hafa hemil á því.

Það fjárlfrv., sem nú er lagt fyrir hv. Alþ., ber líka öll merki fyrri verðbólgufjárlaga hæstv. ríkisstjórnar. Afleiðingarnar af stjórnleysi í fjárfestingu einkaaðila og af algeru ábyrgðarleysi ríkisstjórnarinnar í verðlagsmálum, þar sem hver og einn af skjólstæðingum ríkisstj. getur hækkað verð á vörum að vild, eru þær, að endar nást nú ekki saman í áætlunum um tekjur og gjöld ríkissjóðs á næsta ári nema með niðurskurði verklegra framkvæmda og enn nýjum verðbólguráðstöfunum, enn nýjum sköttum, sem síðan auka enn á þann vanda, sem við verður að etja að ári liðnu.

Við afgreiðslu fjárl. að þessu sinni er seilzt víðar til fanga en áður til þess að rétta við hag ríkissjóðs. Hluti af þeim söluskattshækkunum, sem framkvæmdar hafa verið, var ætlaður upphaflega til þess að standa undir greiðslum til útgerðarinnar. Sá hluti er nú hirtur í ríkissjóð, en framlagið til útgerðarinnar fellt niður. Vandamál útgerðarinnar varðandi þorskvertíðina eru þó óleyst, og hafa útgerðarmenn við orð að stöðva flotann, ef ekki verða gerðar sérstakar ráðstafanir til þess að tryggja afkomu hans. Er því ekki séð nema til enn nýrra álagna kunni að verða gripið, þegar að því kemur að leysa það mál.

Ríkissjóður er nú losaður við 40 millj. kr. rekstrarhalla rafveitna ríkisins með þeim hætti að velta þeirri upphæð yfir á almenning með hækkun rafmagnsverðs í einu eða öðru formi. Nýr farmiðaskattur, 25 millj. kr., er tekinn inn á fjárlagafrv., þótt ekkert lagaákvæði sé til, sem heimili hann, eða frv. hafi verið lagt fram, þar sem fram komi, hvernig ætlunin er að haga álögum hans. Aukatekjur ríkissjóðs, þ. e. a. s. gjöld í sambandi við viðskipti, leyfisveitingar og réttarfarsaðgerðir, eru hækkaðar um 22 millj. kr. Samkomulag, sem varð milli þingflokkanna við setningu vegalaga 1963 um fjárveitingar ríkissjóðs til vegamála, er rofið og ríkissjóður þannig losaður við greiðslu, sem nam um 47 millj. kr. á núgildandi fjárl., en þeirri upphæð og meiru þó velt yfir á bifreiðaeigendur.

Í erfiðleikum sínum við að koma saman fjárlögum í góðærinu er því sýnilega krafsað í allar áttir í örvæntingu, þar sem fyrri skattstofnar eru þegar þandir til hins ýtrasta. Þessar ráðstafanir eru í fullu samræmi við afgreiðslu undanfarandi fjárlaga og eðlileg og óhjákvæmileg af-

leiðing af þeim vanda, sem skapaður hefur verið við skattpíningu síðustu ára. Munurinn er aðeins sá, að nú er leitazt við að forða því, að almenningur njóti þess í nokkru að hafa knúið fram vísitöluuppbætur á laun, þannig að hann fengi í raunum sínum að einhverju leyti bætta þá skatta, sem nú á að leggja á. Þess vegna er nú farið inn á þá braut að velja sem mest skatta, sem ekki hafa áhrif á vísitöluna. Baráttan gegn dýrtíðinni á því að liggja niðri áfram, en baráttan við vísitöluna skal nú tekin upp, eftir að launþegar hafa knúið fram rétt til vísitölubóta. Þetta atriði mun ríkisstj. hafa að leiðarljósi við skattaálagningu, sem gripa þyrfti til eftirleiðis, og ætti þá ekki að skaða að hafa nú nýja forustu í skattamálum, forustu, sem ekki ætti að vera þrotin að hugmyndum um nýjar tegundir skatta. Að ári eða jafnvel fyrr kemur sjálfsagt í ljós, hvort hugmyndaauðgin endist til að mæta afleiðingum þessarar nýju skattheimtu með enn nýjum og frumlegum skattaálagningaraðferðum.

Stjórnarstefnan er að koma hag ríkissjóðs í algera sjálfheldu, og hún veldur því, að hin mestu góðæri, sem þjóðin hefur lifað um aflabrögð og viðskiptakjör, líða hjá, án þess að þær framkvæmdir, sem þjóðinni allri eru nauðsynlegastar, njóti góðs af, heldur hið gagnstæða. Það er öllum ljóst, að það þarf sérstaka stjórnarstefnu til þess að geta komið málum þjóðarinnar svo, að hin mestu góðæri samfara mestu verðmætasköpun framleiðslustéttanna, sem um getur, líða hjá samtímis því, að þjóðnauðsynlegustu framkvæmdir ríkisins dragast jafnt og þétt saman. 20% niðurskurður hefur verið framkvæmdur af framlögum, sem þó voru af allt of skornum skammti, og fjárlagafrv. er nú lagt fram með aðeins 80% af fyrri fjárveitingum til verklegra framkvæmda, og er þar að sjálfsögðu um aukinn niðurskurð að ræða, þar sem aukin dýrtíð rýrir raungildi þeirrar krónutölu frá því, sem áður var. Þetta gerist í mestu góðærum, sem þekkzt hafa, og þetta gerist samtímis sívaxandi skattheimtu af þjóðfélagsþegnunum. Það þarf sérstaka stefnu, viðreisnarstefnu, til þess að geta komið málum þjóðarinnar í þetta horf. Á sama tíma ráðstafa einkaaðilar verulegum hluta af verðmætasköpun þjóðarinnar skipulagslaust og án tillits til annarra sjónarmiða en þess, hvað gefur þeim sjálfum mestan gróða, og án annarra sjónarmiða en þess, hvað sé vænlegast að leggja fjármagnið í, sem að mestöllu leyti er þó lánsfé, til þess að það geti gefið sem mestan verðbólgugróða. Og það eru ekki aðeins ónauðsynlegri framkvæmdir einar, skrifstofu- og verzlunarhúsnæði, sem byggt er í stjórnleysi og án nokkurrar heildarskipulagningar. Jafnvel fjárfesting í öðrum greinum, t. d. fiskvinnslustöðvum, er algerlega skipulagslaus. Ég get tekið sem dæmi, að undanfarin ár hefur risið í Hafnarfirði fjöldi af fiskvinnslustöðvum, frystihúsum og öðru í einum hnapp, án þess að samtímis sé tryggt, að þær fái hráefni, og voru þó fyrir í bænum mjög afkastamiklar nýtízku fiskvinnslustöðvar, sem berjast í bökkum vegna hráefnaskorts. Og bönkum hefur fjölgað í bænum síðustu árin um 200%.

En þetta er einkenni í dag: Stórfelld fjárfesting í skrifstofu- og verzlunarhúsnæði, í öðru lagi algerlega skipulagslausar þær fjárfestingar einkaaðila, sem þó eru á nauðsynlegri sviðum, og í þriðja lagi stórfelldur og markvís niðurskurður á verklegum framkvæmdum ríkisins í hinum mestu góðærum, samdráttur á verklegum framkvæmdum, sem eru nauðsynlegri í dag en nokkru sinni fyrr, vegna þess að samdrættinum hefur verið beitt það lengi, að til vandræða horfir í fjölmörgum greinum. En samtímis því, að árlega þyrfti að verja stórauknum fjárhæðum til þessara framkvæmda og það ætti að vera unnt vegna árferðisins og verðmætasköpunarinnar, er viðreisnarstjórnin svo ráðþrota, þegar hún stendur frammi fyrir afleiðingunum af stefnu sinni, að annað þeirra ráða, sem hún sér ein tiltæk, er að skera þessar framkvæmdir niður í vaxandi mæli. Hvað mundi þá, ef að kreppti í framleiðslu eða sölu þeirra afurða, sem þjóðin hefur framfæri sitt af? Sú ríkisstjórn, sem í mestu góðærum getur ekki tryggt framgang þeirra mála, sem eru þjóðinni allri sameiginleg hagsmunamál, en telur það skyldu sína að kynda undir braskframkvæmdum einkaaðila, til þess að þeir geti notið verðbólgunnar til eignasöfnunar, er ekki líklegri til þess að stjórna málum þjóðarinnar á farsælan hátt, ef kjörin þrengdust. Sú stjórn, sem ekki hefur reynzt fær um að nýta hin mestu góðæri í sögu þjóðarinnar til aukinna framkvæmda í þeim málum, sem þjóðina sem heild varðar mestu, hefur þegar farið með völd of lengi.

Samdráttur í hinum nauðsynlegustu framkvæmdum þýðir ekki aðeins, að þjóðin er vegna stefnu stjórnarinnar að missa af gullnum tækifærum til þess að vinna stóra áfanga í þessum efnum fyrir framtíðina, heldur er hann þegar farinn að hamla gegn þeirri þróun, sem nútímaþjóðfélög krefjast í dag. Þó að einungis væri litið á hina efnislegu hlið málsins, er ljóst, að aðalgrundvöllurinn fyrir auknum þjóðartekjum í framtíðinni og nauðsynlegri þróun atvinnuveganna er aukin menntun hvers einstaks þjóðfélagsþegns. Þetta sjónarmið að því er varðar afkomu hvers einstaks hafa einstaklingarnir tileinkað sér. Það kemur fram í síaukinni aðsókn ungmenna í skóla, eftir að skyldunámi lýkur. En til þess að veita þessa menntun þarf aukinn skólakost, ekki sízt til verklegs náms. Til þess þarf aukin framlög til skólabygginga um allt land, en ekki niðurskurð, eins og nú á sér stað. Og hvenær getur þjóðin látið slíkt eftir sér, ef ekki í hinum mestu góðærum?

Ein aðalundirstaðan undir hinni auknu verðmætasköpun undanfarin ár er nýr og fullkominn bátafloti. Meðalstærð báta í síldarflotanum hefur stækkað mjög undanfarin ár, og þeir bátar, sem eru undirstaðan, eru stærri en svo, að aðstaða sé til þess hér á landi að veita þeim nauðsynlega þjónustu. Það vandamál, sem af því hlýzt, er að verða mjög alvarlegt og brýnt, að það verði leyst, en fjárveitingar í þessu skyni fást ekki, þótt ýmsir aðilar hafi hafið undirbúning að framkvæmdum við dráttarbrautir. Framlög til hafnarframkvæmda eru markvisst skorin niður, á sama tíma og sá floti, sem þarfnast dráttarbrauta og bættra hafnarskilyrða, skilar meiri verðmætum á land en dæmi eru til í sögu

þjóðarinnar. Hvergi sést hins vegar örla á minnstu viðleitni til sparnaðar á rekstrarliðum. Þeir liðir eru ekki skornir niður, heldur framlögin til þeirra framkvæmda, sem nauðsynlegastar eru.

Sá sögulegi atburður gerist við afgreiðslu fjárlaga að þessu sinni, að ríkisstj. losar ríkissjóð nú algerlega undan þeirri skyldu að veita fé til vegamála. Við setningu vegalaga 1963 varð samkomulag milli allra þingflokka um að afla aukins fjár til vegagerðar með hækkun á benzínskatti, þungaskatti og gúmmígjaldi. Jafnframt var það ákvæði sett í hin nýju lög, að á fjárlögum skuli árlega veita fé úr ríkissjóði til vegamála, og sú upphæð var fyrir fyrsta árið, sem vegalögin giltu, ákveðin 47 millj. kr. Þá komu fram þau sjónarmið, að hætta væri á, að þetta framlag ríkissjóðs mundi ef til vill verða látið standa í stað og lækka að verðgildi í aukinni dýrtíð. Eins og ég hef rakið hér áður af öðru tilefni, gaf hæstv. vegamálaráðh. mjög skýrar og ótvíræðar yfirlýsingar til þess að eyða þessum ugg og kvað mjög sterkt að orði um, að útilokað væri, að framlag ríkissjóðs yrði lækkað, fremur yrði það hækkað. Það eru þó ekki liðin nema 2 ár, þegar hæstv. ráðh. ómerkir orð sín með öllu og gerir þau að algerum brigðmælum með því, að nú er lagt til í fjárlagafrv. að skera framlag ríkissjóðs algerlega niður, fella það brott með öllu, þótt enn standi það ákvæði 89. gr. vegalaganna, að á fjárl. skuli árlega veita sérstakt framlag til vegasjóðs.

Hv. alþm. þykir stundum ekki talað af nógu mikilli virðingu um þessa virðulegu stofnun og að almenningur sé farinn að halda þeirri skoðun um of á loft, að lítt mark sé á því takandi, sem hér er sagt, og sómatilfinning sé ekki sá eiginleiki, sem hér sé mest rækt lögð við. Mér er til efs, að þessum skoðunum og staðhæfingum hafi í annan tíma verið gefinn meiri byr undir vængi en þegar hæstv. ráðh. fær sig til þess eða lætur hafa sig til þess að ómerkja svo gersamlega jafngreinilegar og ótvíræðar yfirlýsingar sínar um framlag ríkissjóðs til vegamála og hann viðhafði hér í þessum ræðustól fyrir 2 árum. Og ég trúi því ekki, fyrr en ég tek á, ekki fyrr en fjárl. hafa verið afgr. við síðustu umr., að hæstv. vegamálaráðh. og vegamálunum verði gerður sá ógreiði, að þetta framlag ríkissjóðs verði fellt niður.

Þá vil ég víkja aðeins að þeim brtt., sem ég flyt við fjárlfrv.

Við tekjuhlið frv. flyt ég till. um, að 9. liður, farmiðaskattur, falli niður. Það er að mínum dómi alger afturfótafæðing, að nýja skatta beri fyrst að á fjárlögum, og með öllu óeðlilegt, að þar sé gert ráð fyrir tekjum af sköttum, sem ekki er nein heimild fyrir í lögum og ekki hafa verið sýndir í frv.-formi. Þessi skattur er ein af hinum nýju aðferðum til þess að skattleggja landsmenn, án þess að ríkisstj. eigi það á hættu, að skattlagningin verði að nokkru bætt með þeim vísitölubótum, sem verkalýðsfélögin hafa aftur fengið lögteknar. Þó að ekki væri nema vegna þess, hvernig þennan skatt ber að, legg ég til, að þessi liður verði felldur niður.

Næstu 4 till. mínar um breyt. á fjárlfrv. fjalla um að steypa þeim 3 sendiráðum, sem við höfum á Norðurlöndum, saman í eitt. Þessi till. hefur áður verið flutt af hálfu Alþb. Ég býst við því, að sérhver hv. þm. geti viðurkennt það með sjálfum sér, að við ættum að láta verða af því að sameina þessi sendiráð, og þessi hugmynd hefur meira fylgi en fram hefur komið við atkvgr. fjárlaga undanfarin ár. Þegar nýjar skattaálögur dynja nú yfir þjóðina í hinum margvíslegustu myndum, mundi almenningur án efa sætta sig betur við byrðarnar, ef hann sæi þess einhver merki, að valdhafarnir gætu hugsað sér að draga úr óþörfum kostnaði. Ef hins vegar endilega er talið nauðsynlegt að halda uppi þessum ambassadorum öllum, þá hygg ég, að flestum þætti eðlilegra, að þeim væri stiað eitthvað meira í sundur úr þeim hnapp, sem þeir sitja nú í, og einn af þeim væri t. d. sendur til Afríku til þess að auka á samskiptin við nýfrjálsar þjóðir og til þess að vinna að markaðsöflun þar, sem líkur eru á að bæri árangur. Á þeim slóðum væri okkur meiri þörf á þessum fulltrúum en að hrúga þeim saman, þar sem þeir eru nú.

5. brtt. mín fjallar um að fella niður skrifstofuhald fastafulltrúa Íslands hjá NATO og spara með því um 2.5 millj. kr. á ári. Ég held ég taki saman með þessari brtt. 11. till. mína, um að fella niður framlag vegna Þingmannasambands Atlantshafsbandalagsins, sem er 200 þús. kr. Mörg krónan fer nú fyrir lítið á fjárl. ríkisins, en þó hygg ég, að flestum venjulegum mönnum þyki þessar upphæðir með þeim fáránlegri, að verja milljónum króna til þess að sýna Íslendinga á ráðstefnum hernaðarbandalags og til þess að halda uppi fastafulltrúa hjá slíkum samtökum. Hlutur Íslendinga á alþjóðavettvangi á að vera allur annar en sá að vera þátttakendur í bandalagi hernaðarþjóða. Það samrýmist ekki sögulegri erfð okkar. Okkur ber að gegna jákvæðara hlutverki í heiminum.

Með 7.—10. brtt. mínum legg ég til, að 3 liðir, sem varða kostnað utanrrn. af ferðalögum, samningum við erlend ríki og þátttöku í alþjóðaráðstefnum, verði sameinaðir í einn og skornir niður úr 4.1 millj. kr. í 2.5 millj. Þessir 3 liðir eru býsna háir og hafa hækkað um nærri ½ millj. kr. frá núgildandi fjárl., og má þá samkvæmt reynslu búast við því, að í framkvæmd telji viðkomandi aðilar sig ekki um of bundna af því framlagi, sem fjárl. ákveða. T. d. fór ferðakostnaður þessa rn. um 140% fram úr áætlun 1964, eða úr 750 þús. kr., sem fjárl. ákváðu, í 1782 þús. kr., á sama tíma og framlög til nauðsynlegustu framkvæmda í skólamálum, hafnarmálum og sjúkrahúsmálum voru hiklaust skorin niður um 20% frá því, sem þau voru ákveðin á þeim sömu fjárl. Nú kemur sú skerta upphæð inn á fjárlög næsta árs, en liðir eins og ferðakostnaður utanrrn. eru 20% hærri á fjárlfrv. en þeir eru á fjárlögum.

Kostnaðurinn, sem Íslendingar mega greiða fyrir að gæta þessa svokallaða varnarliðs á Keflavíkurflugvelli, vex með hverju ári. Kostnaður í sambandi við embætti lögreglustjóra og ríkislögreglunnar í herstöðinni er áætlaður hvorki meira né minna en 8.5 millj. kr. á næsta ári. Það er kannske engin tilviljun, að það er næstum því sama upphæð og við veitum til

sauðfjárveikivarna. Báðar þessar upphæðir eru þungur baggi á skattgreiðendum og báðar eiga upphaf sitt að rekja til óhappasamþykkta hér á hv. Alþ. Hjá sauðfjárveikivörnunum verður ekki komizt. En ég held, að við ættum að spara kostnaðinn við vörzlu herliðsins, og ég legg til, að fjárveitingin verði lækkuð um 4.8 millj. kr.

Stjórnarflokkarnir leggja til að verja 2 millj. 728 þús. kr. til að verjast þeim hættum, sem herstöðin á Keflavíkurflugvelli kallar yfir þjóðina, ef til stríðs kæmi. Þeirri hættu verður að sjálfsögðu ekki bægt frá með neinum slíkum fjárhæðum. Til þess að bægja hættunni frá þarf að fjarlægja hættuvaldinn og senda herliðið burt. En hætt er við, að almannavarnir yrðu tilgangslausar, ef til þess hildarleiks kæmi, sem herstöðin veldur hættu á, og ég legg til með till. nr. 13, að framlag til almannavarna verði lækkað í 500 þús. kr. og miðist þá eingöngu við það hlutverk, sem sú stofnun hefur í sambandi við hættu á tjóni af völdum náttúruhamfara.

Þær sparnaðartill., sem ég flyt og hef hér rakið, eru engan veginn tæmandi. Miklu víðar mætti spara og skera niður á fjárl. En þær eru fluttar sem tilraun til að kanna, hvort stjórnarflokkarnir fást til þess að gera ekki aðeins kröfur til almennings um síaukinn fjáraustur í ríkisbáknið, heldur telji það samtímis skyldu sína að skera niður þá eyðslu, sem unnt er. Það getur hver sagt sér sjálfur, að svo umfangsmiklum rekstri sem ríkisstofnanirnar allar eru hættir til að hlaða utan á sig meira en þörf er á. Það gerist, hvaða ríkisstj. sem í hlut á. Sú tilhneiging er alltaf fyrir hendi. Þess vegna þarf að gá vel að í sambandi við fjárveitingar til þessara stofnana, og því mun enginn trúa, að engan lið eða undirlið í fjárlfrv. sé neitt hægt að skera niður, ekki eina einustu greiðslu, ekki sé hægt að lækka eina einustu fjárveitingu um eina einustu kr., hvað þá meir.

Því meiri sem ásókn stjórnarvaldanna er í nýja skatta frá hinum fjölmörgu heimilum í landinu, þeim mun ríkari er skylda þeirra til að viðhafa sparnað á þeim útgjaldaliðum, sem hægt er að spara á. En á viðleitni til aðgæzlu í þessu efni örlar hvergi. Í fyrra var þó einn liður lækkaður nokkuð. Almannavarnir voru lækkaðar úr 4 millj. í 2 millj. 700 þús. kr. En á fjárlfrv. nú held ég, að fyrirfinnist engin lækkun á rekstrarliðum.

14. till. mín fjallar um framlag til vegamála samkv. 89. gr. vegal. Geri ég till. um, að það samkomulag, sem gert var við setningu vegal. 1963. og sú lagaskylda, sem í 89. gr. vegal. felst, verði uppfyllt með 60 millj. kr. framlagi í vegasjóð á næsta ári. Ég hef áður rætt um það brot á samkomulagi, sem gert var milli þingflokkanna, sem fram kemur með till. stjórnarflokkanna að fella niður framlag til vegamála úr ríkissjóði, og brigðmæli hæstv. samgmrh. í sambandi við það og skal ekki endurtaka það.

Skuld ríkissjóðs við hinar ýmsu hafnargerðir í landinu nam um 24 millj. kr. um síðustu áramót. Með þeim lágu og stýfðu fjárveitingum, sem nú eru ákveðnar og verið hafa á fjárl. undanfarið, hækkar þessi skuld með hverju ári. Aukinn bátafloti og stærri bátar gera kröfu til þess, að ekki sé dregið úr hafnarframkvæmdum. Það hefur mjög skort á, að eðlilegt hlutfall hafi haldizt milli fjárfestingar í nýjum bátum annars vegar og til hafnarframkvæmda hins vegar, og með 15. till. minni legg ég til, að framlag til greiðslu eftirstöðva af hluta ríkissjóðsframlags til hafnarframkvæmda hækki í 15 millj. kr. úr 6.4 millj.

Fyrri brtt. mín við 14. gr. er þess efnis, að framlag til íþróttasjóðs verði hækkað úr 3.4 millj. í 6 millj kr. Samkv. lögum ber íþróttasjóði að greiða ákveðinn hluta íþróttamannvirkja. Sökum lágra fjárveitinga til sjóðsins á undanförnum árum er hag hans svo komið, að eftir úthlutun ársins 1965 nemur vangreidd þátttaka hans í greiðslu á kostnaði íþróttamannvirkja um 26½ millj. kr. Þessi vangeta íþróttasjóðs að greiða þann kostnað, sem honum ber samkv. l., er íþróttastarfseminni í landinu fjötur um fót og ekki við því að búast, að íþróttafélög hafi bolmagn til þess að taka á sig þann hluta, sem íþróttasjóði ber að greiða.

Síðari brtt. mín við 14. gr. er, að veitt verði 1 millj. kr. til Félags ísl. myndlistarmanna til byggingar sýningarskála. Sú aðstaða, sem íslenzkum myndlistarmönnum er búin til þess að koma verkum sínum á framfæri og gefa almenningi kost á að njóta þeirra á sýningum, er alger þjóðarsmán mitt í peningaflóðinu. Það er heldur leiðinleg auglýsing fyrir fjárveitingavaldið, að við hliðina á alþingishúsinu verði hinir ágætu listamenn að hírast með verk sín í hriplekum og handónýtum skála. Þykir ekki hv. alþm., að skálinn hér við hliðina sé fullhávær auglýsing um tómlæti Alþ. í þessu efni? Myndlistarmenn hafa nú fengið lóð á bezta stað í Reykjavík. Unnið hefur verið að teikningum að húsinu, Reykjavíkurbær mun veita félaginu fjárhagslegan stuðning, og Jóhannes Kjarval listmálari hefur styrkt félagið til framkvæmdanna með hundruðum þús. kr. En ríkisvaldið, sem stendur málið nær, hefur ekki fengizt til þess að anza listamönnunum í neinu. Ég hélt satt að segja, að Jóhannes Kjarval hefði með afmælissýningu sinni, sem hann hélt í hriplekum sýningarskálanum, stuggað nóg við ríkisvaldinu og vakið nóg athygli á aumingjaskap þess, til þess að það tæki nú við sér og veitti listamönnunum raunhæfan stuðning, en léti sér ekki nægja að standa í því einu að dekstra Kjarval sjálfan til þess að bera kross á brjósti. Það misheppnaðist víst þar að auki.

Við 16. gr. flyt ég nokkrar brtt. Hin fyrsta er þess efnis, að framlag til fiskileitar, síldarrannsókna og veiðitilrauna hækki úr 17 645 500 kr. í 27 270 500 og verði með því jafnhátt og sjútvmrn. hefur lagt til í bréfi til fjvn. Ég held, að ég þurfi ekki að fara mörgum orðum um það, svo augljóst sem það er, að fátt er íslenzku þjóðinni eins nauðsynlegt í atvinnumálum og að spara ekki fé til þeirra hluta, sem þessi liður er ætlaður til. Ónógar fjárveitingar í þessu skyni eru ekki sparnaður, heldur veit raunverulega enginn, hversu gríðarlegum upphæðum getur verið á glæ kastað með því. Á það hefur skort, að síldarleit væri sinnt sem skyldi. Ægir var t. d. tekinn úr síldarleit um tíma í sumar vegna ónógrar fjárveitingar, og færustu sérfræðingar okkar voru við önnur störf á meðan. Það er sýnilegt á samþykkt L. Í. Ú. um nýtt síldarleitarskip,

hverja áherzlu útgerðarmenn leggja á þessi mál, og sú till. þeirra, að síldarkaupendur og seljendur tryggi framlag til skipakaupanna með hluta af aflaverðmætum, sýnir bezt, að þeir treysta ríkisvaldinu ekki til þess að leysa þetta mál með hliðsjón af því, hvernig hefur verið haldið á þessum málum á síðustu árum. Útgerðarmenn vilja sýnilega ekki eiga á hættu, að kaup á nýju síldarleitarskipi dragist á langinn árum saman, vegna þess að treyst sé á núverandi valdhafa til þess að leysa það mál, og má segja að það sé ekki að ófyrirsynju. Á því er einnig hin mesta nauðsyn, að aukið fé sé veitt til veiðitilrauna, ekki sízt í sambandi við togarana. Ég minntist á það við afgreiðslu næstsíðustu fjárl., hver þörf væri á að fylgjast með möguleikum togaranna til að ná síld með vörpu og kanna, hvar aðrar þjóðir væru á vegi staddar í þeim efnum. Nú eru að berast fréttir um veiðar þýzkra togara með þessum hætti, og með því þarf vel að fylgjast og gera tilraunir á íslenzku togurunum með slíkum veiðarfærum. Ef þær veiðar tækjust, mundi skapast algerlega nýr grundvöllur undir rekstur togaranna, sem m. a. má marka af því, að ég hef fregnað, að sá þýzki togari, sem getið hefur verið um í fréttum að undanförnu að hafi verið við síldveiðar með botnvörpu hér við Ísland, hafi selt afla sinn, frysta síld, eftir tæplega mánaðar útivist fyrir um 800 þús. mörk eða um 8 millj. kr., á sama tíma og íslenzku togurunum eru flestar bjargir bannaðar og við leggjum alla áherzlu á að moka upp síldinni til bræðslu fyrir lítið verð.

Önnur brtt. mín við 16. gr. er þess efnis, að sami háttur verði á næsta ári hafður um greiðsluhalla á rekstri rafveitna ríkisins og verið hefur. Ég tel ekki stætt á því að fella ríkisframlagið niður, á meðan ekkert liggur fyrir um, á hvern veg ríkisvaldið hugsar sér að láta notendur greiða þennan halla. Ekkert liggur t. d. fyrir um það, hvort hann verður allur lagður á viðskiptamenn rafmagnsveitna ríkisins eða ætlunin er að jafna honum niður á alla landsmenn, hvað þá að fyrir liggi, hvernig þeirri hækkun á raforkuverði yrði deilt niður innbyrðis á milli t. d. heimilisnotkunar og notkunar við atvinnurekstur.

Þá flyt ég till. um, að framlag til jarðhitasjóðs hækki úr 7.2 millj. kr. í 10.7 millj. Þegar hinn nýi, stórvirki jarðbor ríkisins var fluttur til landsins og lög voru sett um jarðhitasjóð, ríkti mikil bjartsýni um framkvæmdir í jarðhitamálum. En allar vonir um auknar framkvæmdir hafa algerlega brugðizt. Eins og aðrar verklegar framkvæmdir á vegum ríkisins hefur þessi starfsemi koðnað niður, og stórvirki jarðborinn hefur t. d. ekki verið hreyfður í þrjú ár. Sérfræðingar jarðhitadeildar höfðu gert áætlun um nauðsynlegar framkvæmdir við jarðboranir á næsta ári, en við samningu fjárlfrv. hefur þessi áætlun verið algerlega skorin niður í ekki neitt, og svo lág fjárveiting er ætluð til jarðhitasjóðs, að fáist hún ekki hækkuð, getur ekki orðið um neinar jarðboranir að ræða á næsta ári. Eitt af þeim verkefnum, sem jarðhitadeildin ætlaði sér að vinna að á næsta ári, eru jarðboranir á Reykjanesskaga í því skyni að finna nýtilegan jarðhita fyrir þéttbýlið á Suðurnesjum, en til þess standa vonir, að jarðhita megi finna ekki fjarri því þéttbýli. Ég tel alveg furðulegt athæfi að ætla með niðurskurði á fjárveitingu til jarðhitasjóðs að koma í veg fyrir þessar framkvæmdir. Það þarf ekki orðum að því að eyða, hvert hagsmunamál þetta er íbúum á Suðurnesjum eða hve það væri þjóðinni hagstætt fjárhagslega og með tilliti til sparnaðar á erlendum gjaldeyri, ef nýtilegur jarðhiti fyndist í námunda við svo þétta byggð. Ég hef því lagt til, að framlag til jarðhitasjóðs verði hækkað og 2 millj. kr. af því fé, sem ætlað er til jarðborana, verði varið til jarðborana á Reykjanesskaga.

Framlag ríkissjóðs til sumardvalarheimila, dagheimila og vistheimila fyrir börn úr bæjum og kauptúnum hefur jafnan verið hraksmánarlega lágt á fjárl. Síaukin þörf þjóðarinnar á meiri þátttöku kvenna í atvinnulífinu gerir m. a. nauðsynlegt, að stóraukin verði starfsemi dagheimila fyrir börn. Þessi upphæð hefur dregizt aftur úr í verðhækkununum og lítið fengizt hækkuð, en þó örlítið með sífelldum tillöguflutningi, en þetta gengur allt of hægt. 2 millj. kr. er algert lágmark til þessa málaflokks. Í ýmsum félagsmálum stöndum við framarlega, en á þessu sviði drögumst við aftur úr öðrum. Alþb. hefur staðið að flutningi frv. um lagasetningu, sem tryggi úrbætur í þessu efni, en á meðan það frv. hefur ekki fengizt afgreitt, er till. okkar sú, að upphæð, sem veitt er á fjárl. til barnaheimila, verði hækkuð. Og sama er að segja um byggingarstyrki til dagheimila. Ég geri till. um, að þeir verði hækkaðir úr 300 þús. kr., en þeir eru víst orðnir 500 þús. núna í meðferð fjvn., í 1 milljón, en þessi hækkun fjvn.. 500 þús., er of lág og varla til skiptanna og þyrfti að vera tvöfalt hærri.

Þá flyt ég tillögur um tvo nýja liði á 17. gr. Sú fyrri er á þá leið, að veittar verði 10 millj. kr. á næsta ári til félagsheimilasjóðs, en hag hans er líkt komið og íþróttasjóðs, hann hefur vegna fjárskorts verið ófær um að gegna skyldum sínum. Núv. stjórnarflokkar hafa nú um skeið fellt algerlega niður framlag til sjóðsins, þótt hann skuldi félagssamtökum og sveitarfélögum víða um land miklar upphæðir. Það er ekki vansalaust, að ríkisvaldið geri ekkert til þess að bæta hér úr, og vegna þess, hversu þessum sjóði hefur verið gert erfitt fyrir undanfarið, er enn meiri þörf á að veita honum allverulegt framlag á næsta ári.

Seinni till. mín um nýjan lið á 17. gr. er þess efnis, að Öryrkjabandalagi Íslands verði veitt 1 millj. kr. til byggingar íbúða fyrir skjólstæðinga sína. Öryrkjabandalagið hefur fengið lóð hjá Reykjavíkurborg til þess að reisa öryrkjaheimili í þeim tilgangi að leysa húsnæðisvandræði þeirra, sem skerta starfsorku hafa, en því fólki reynist að sjálfsögðu erfitt að keppa við fullfrískt fólk á húsnæðismarkaðinum. Ætlun Öryrkjabandalagsins er að byggja á næstu árum 112 íbúðir, eins til tveggja herbergja, og áætlaður heildarkostnaður er 35 millj. kr. Öryrkjabandalagið hefur sótt um 1 millj. kr. fjárveitingu frá ríkissjóði til þessara framkvæmda, og ég legg til, að hv. Alþingi verði við þessari fjárbeiðni.

Við 20. gr. flyt ég fjórar brtt. Sú fyrsta er þess efnis, að einni milljón króna verði á næsta ári varið til að koma upp barnaheimili við landsspítalann. Hjúkrunarkvennaskorturinn er eitt mesta vandamál sjúkrahúsanna, og gott húsnæði og dýr tæki og lærðir læknar koma að litlu haldi, ef hjúkrunarlið skortir á þessum stofnunum. Vandamálið er ekki fólgið í því, að ekki læri nógu margar stúlkur hjúkrun, heldur hitt, að þær hverfa fljótt úr því starfi vegna heimilisanna. Fjölmargar lærðar hjúkrunarkonur búa við þær aðstæður, að þeim er ókleift að stunda hjúkrunarstörf, vegna þess að þær koma ekki börnum sínum fyrir í gæzlu. Mér er t. d. tjáð, að rannsókn hafi farið fram í þessu máli, þannig að öllum lærðum hjúkrunarkonum, sem ekki eru við störf, hafi verið sent bréf og þær beðnar að tilgreina helztu ástæðurnar fyrir því, að þær væru ekki í starfi. Yfirgnæfandi meiri hluti þessara hjúkrunarkvenna mun hafa tilgreint þá ástæðu, að þeim væri það ókleift vegna þess, að þær kæmu ekki börnum sínum fyrir í gæzlu. Það er því auðsætt, að eitt haldbezta ráðið til þess að leysa það vandamál, sem hjúkrunarkvennaskorturinn er og sá skortur, sem er á aðstoðarfólki við sjúkrahúsin, er að tryggja það, að hægt sé að veita starfsfólkinu þá þjónustu, að barnanna sé gætt, á meðan móðirin stundar starf sitt. Forstöðumenn landsspítalans hafa hug á því, að unnið verði að þessari lausn á vandamálinu, og það er till. mín, að veitt verði 1 millj. kr. til að hefja brýnar framkvæmdir til að koma upp barnaheimili við landsspítalann.

Önnur till. mín við 20. gr. er þess efnis, að framlag til flugvallagerðar og flugöryggistækja verði hækkað úr 14 millj. 580 þús. í 25 millj. kr. Svo illa er að þessum nauðsynjamálum búið, að óhjákvæmilegt hefur reynzt hjá forráðamönnum flugmála að nota meginhlutann af fjárveitingu ársins 1966 þegar á þessu ári. Sýnilegt er, að til algers vandræðaástands er að draga í þessum málum og ekkert fé verður fyrir hendi til framkvæmda úti á landi við flugvallagerðir og endurbætur og aukningu öryggistækja, sem svo mikil þörf er á, að flugmenn hafa lýst því yfir, að þeir muni hætta að fljúga til tiltekinna staða, ef ekki verður úr bætt.

Í sambandi við þessi mál flyt ég einnig brtt. við 22. gr., þess efnis, að heimild til lántöku til flugvallagerðar, 15 millj. kr., verði látin standa áfram á fjárl., en hún hefur verið felld niður á fjárlfrv.

Þá geri ég till. um, að framlag á 20. gr. til íþróttakennaraskólans verði hækkað úr 560 þús. í 2 millj., en byggingarsaga heimavistarhúss íþróttakennaraskólans er til algerrar vansæmdar fyrir hv. Alþingi. Kjallari hússins var steyptur upp 1964, fjárveiting 1965 var allt of lág og var þar að auki skorin niður, og ekkert hefur verið hægt að vinna að framkvæmdum á því ári, en það, sem gert hefur verið, liggur nú þegar undir skemmdum. Á fjárlfrv. er aðeins gert ráð fyrir 560 þús. kr. til þessara framkvæmda, en það hefur í för með sér, að ekkert verður hægt að gera heldur á næsta ári, ef ekki verður úr bætt. Auk þess sem kjallari hússins liggur undir skemmdum, er aðbúnaður nemenda og kennara á þann veg og svo slæmur, að allar horfur eru á því, að kennarar hverfi frá skólanum, ef þeir sjá við afgreiðslu fjárl. nú, að það er ekki ætlun ríkisvaldsins að gera nauðsynlegar ráðstafanir í þessu máli. Til þess að bæta hér úr þarf að samþykkja beiðni skólastjórans um 2 millj. kr. framlag á næsta ári. Hér er um hvort tveggja að ræða, að það er hrein ráðleysa og sóun á fjármunum að láta byggingu þessa standa hálfkaraða og ekki einu sinni fokhelda árum saman og drabbast niður, og hins vegar væri ekki úr vegi, að ríkisvaldið sýndi með nauðsynlegri fjárveitingu til íþróttakennaraskólans, að það kunni í einhverju að meta þátt kennara íþróttakennaraskólans í hinu glæsilega landsmóti Ungmennafélags Íslands á Laugarvatni s. l. sumar. Það er óhætt að segja, að það mót og framkoma ungmenna þar vekti landsmönnum nýja bjartsýni um, að æska landsins væri ekki eins illa á vegi stödd og margir hafa viljað vera láta að undanförnu. Þeir, sem til þekkja, vita bezt, að landsmót Ungmennafélags Íslands byggðist ekki sízt og e. t. v. fyrst og fremst á starfi íþróttakennara við Íþróttakennaraskóla Íslands. Það væri ekki nema maklegt, að Alþingi sýndi í verki, að það kynni að meta það starf.

Síðasta brtt. mín við 20. gr. er, að framlag til fyrningasjóðs ríkisbifreiða lækki úr 4 millj. kr. í 2 millj. kr. Þegar þess er krafizt af almenningi í landinu, að hann herði að sér og taki á sig auknar skattgreiðslur til ríkisins, þá er ekki til of mikils mælzt, að gætt sé hófs í bifreiðakostnaði ríkissjóðs og þar sé sparað frá því, sem verið hefur.

Síðasta brtt. mín við fjárlfrv. er á þá leið, að við 22. gr. bætist nýr heimildarliður, þannig að heimilað sé að ábyrgjast allt að 90 millj. kr. lán til bygginga og endurbóta á síldarverksmiðjum, síldarflutningaskipum og síldarumhleðslustöðvum gegn fullgildum tryggingum. Þetta heimildarákvæði er í núgildandi fjárl., og ég tel ástæðu til, að það standi þar áfram, þar sem áhugi mun vera hjá ýmsum aðilum um framkvæmdir í þessum efnum ekki síður en fyrr.

Herra forseti. Ég hef áður vikið að því, að einn harðasti dómurinn, sem **reynslan** hefur fellt um viðreisnarstjórnina, er **sá**, að mestu góðæri í sögu þjóðarinnar í **aflabrögðum** og viðskiptakjörum eru látin líða **hjá**, **samtímis** því að ríkið sinnir í engu **sí**aukinni **þörf** á nauðsynlegum framkvæmdum í **menningar-** og atvinnumálum, heldur **sker beinlínis niður** í vaxandi mæli þær **framkvæmdir**, svo að vandræðaástand blasir **nú við. Samtímis** þessu blasir við sú **staðreynd**, að **kaupmáttur** tímakaups verkafólks **er lægri í dag** eftir öll góðærin en hann **var á hinum erfiðu síldarleysisárum** næst á **undan**.

Alþb. getur að **sjálfsögðu** ekki átt hlut að fjárlagasetningu, er byggir á stefnu, sem hefur haft **þessar óhjákvæmilegu** afleiðingar, stefnu, sem er **andstæð** hagsmunum vinnustéttanna í landinu. Þess fjár, **sem þarf** til þess að koma saman fjárl., eins og viðreisnarstefnan hefur nú leikið hag ríkissjóðs, **er unnt að** afla, m. a. með því að beita því **aðhaldi og festu**, sem dugir til þess að tryggja, **að í ríkissjóð sé** skilað öllum þeim söluskatti, sem **álagður er** og almenningur greiðir nú þegar. **Ef gert er ráð fyrir**, að 80% af þeim

söluskatti, sem á er lagður, komi til skila í ríkissjóð, þá munar þar 255 millj. kr. á ári á álögðum söluskatti, sem almenningur greiðir, og því, sem kemur inn í ríkissjóð. Ég hef að vísu heyrt kaupmenn nefna, að aðeins um 70% muni vera skilað, en ekki 80%, en þótt miðað sé við 80%, þá munar samt 255 millj. kr. á ári. Af því fengi ríkissjóður 235 millj. kr., en sveitarfélögin 20 millj., og þetta eru fjárhæðir, sem almenningur greiðir nú þegar og aðeins þarf að sjá um að sé skilað. Á sama hátt sleppa óhemju upphæðir undan tekjuskatti hjá aðilum, sem aðstöðu hafa til þess að skjóta tekjum sínum undan skattlagningu.

Þegar viðreisnarstjórnin grípur nú rétt einu sinni til sinna einhæfu ráða að leggja á nýja skatta, sem leggjast þyngst á almenning, og ætlar að nota þessa skatta til að kasta í verðbólguhítina, þá er augljóst, að eðlilegasti skattstofninn er sá verðbólgugróði, sem fenginn er af ónauðsynlegustu fjárfestingunni á undanförnum árum, fjárfestingu, sem stofnað er til fyrst og fremst í þeim tilgangi að hafa af verðbólgugróða. Þeim verðbólgugróða á að skila aftur í ríkissjóð, áður en farið er að auka enn álögur á almenning, og það á að afnema þau ákvæði í skattalögum, sem viðreisnarstjórnin hefur sett til þess að hlífa fyrirtækjum við skattlagningu.

Viðreisnarstjórnin mun nú sem endranær ekki vilja sjá önnur úrræði en hún hefur árlega beitt til þessa, að hækka álögur á almenning, en hlífa skjólstæðingum sínum, sem nota verðbólguna til eignasöfnunar. Þessi skattheimta er sem jafnan fyrr réttlætt með því, að aukin verðbólga og dýrtíð geri það óhjákvæmilegt að krefjast aukinna fórna frá almenningi í ríkissjóð. Á sama tíma gerir ríkisstj. ekkert til þess að stöðva þá þróun, sem leikur hag ríkissjóðs svo, að jafnvel í mestu góðærum nást endar ekki saman nema með því að leggja á nýja skatta við setningu hverra fjárl. Þvert á móti kyndir ríkisstj. undir þessari þróun með stefnu sinni, ekki sízt í fjárfestingar- og verðlagsmálum. Sú stefna að gefa þeim aðilum, sem bezta aðstöðu hafa til þess að nota verðbólguna til eignasöfnunar, algert frjálsræði um stjórnlausa og skipulagslausa fjárfestingu og algert frelsi um verðlagningu vöru og þjónustu eftir geðþótta, er í eðli sínu andstæð allri viðleitni til þess að draga úr verðbólgunni og kyndir undir henni og eykur hana. Jákvæðs árangurs er ekki að vænta, meðan ríkisstj. heldur fast við þessa stefnu í fjárfestingarmálum og verðlagsmálum, og hún leysir ekki þann vanda, sem ríkissjóður er kominn í vegna dýrtíðarinnar, með nýjum skattaálögum nú, heldur auka þær skattaálögur enn á þau vandamál, sem við verður að kljást að ári liðnu.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 130, 133 og 134, sem voru of seint fram komnar, leyfð og samþ. með 33 shlj. atkv.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Ég vil leyfa mér að þakka fjvn. fyrir það, hversu rösklega hún hefur unnið að athugun fjárlfrv. Það er óvenjulegt, að n. skili svo snemma áliti eins og hún hefur gert nú, og sýnir það, að hún hefur rösklega gengið til verka, og er það mikill kostur að þurfa ekki að vera að hafa fjárl. til meðferðar síðustu daga þingsins, rétt fyrir jólaleyfi, eins og oft hefur viljað verða.

Ég vil jafnframt leyfa mér að þakka meiri hl. n. fyrir afgreiðslu hans á frv. Þar hefur verið gætt mikils hófs í tillögugerð um hækkun útgjalda og sýnilega verið ríkjandi fullur skilningur á þeirri alvöru, sem við stöndum nú andspænis með ríkisbúskapinn, og nauðsyn þess, að hér sé mjög gætilega í farið um öll útgjöld. Það hefur komið í ljós, sem ég raunar vissi, að n. hefur sannfærzt um það af hlutlausum upplýsingum, að þess væri enginn kostur að hækka þá tekjuáætlun, sem miðað er við í fjárlfrv. Ég gerði grein fyrir því við 1. umr. fjárl., að þar hefði verið farið á yztu nöf með það í huga, að ekki væri verið að biðja um fjármuni umfram þarfir, heldur haldið sér við það að biðja aðeins Alþingi um öflun nýs fjár, til þess að auðið væri að afgreiða fjárl. raunverulega greiðsluhallalaus, en ekki að vinna upp á neinn hátt þann halla, sem orðið hefur á ríkisbúskapnum árið 1964 og sýnilegt er að verða muni á honum 1965. Það vandamál er enn þá jafnóleyst. Því miður verður að segja það, að þrátt fyrir það, þótt samþykktar yrðu þær tekjuöflunarleiðir, sem gerð hefur verið grein fyrir að ríkisstj. hugsaði sér að leita eftir samþykki Alþingis á, þá er hér mjög tæpt farið, og eftir að fyrir liggur um kauphækkanir þær til opinberra starfsmanna, sem nú er komin niðurstaða um frá kjaradómi, þá eru allar horfur á og raunar ekki aðeins horfur, heldur vissa, að sú fjárhæð, sem í frv. er áætluð til þess að mæta þessum aukaútgjöldum, er ekki nægileg.

Um tillögur hv. minni hl. n. skal ég ekkert ræða í einstökum atriðum. Alþýðubandalagsmönnum hefur tekizt það núna, sem er mjög fátítt, að slá framsóknarmenn út í tillögugerð um aukin útgjöld á ríkissjóð, þannig að mér telst svo til, að þeirra talsmaður hafi sett saman tillögur, sem muni auka útgjöld ríkissjóðs um í kringum 165 millj. kr., en hv. framsóknarmenn í fjvn. hafa þó takmarkað sig við 47 millj. Þótt báðar tölurnar séu óraunsæjar, þarf ég ekki að útskýra það, hvor hefur þó slegið metið í þessu efni.

Það mætti auðvitað ákaflega margt tala um þær ræður, sem hv. frsm. minni hlutanna hafa hér flutt, en ég ætla ekki að lengja þessar umr. úr hófi fram og reyni því að fara ekki út í allt of mörg atriði í því efni. En það er sérstaklega eitt, sem er rétt að vekja athygli á og er þess eðlis, að ég tel rétt, að við íhugum það mjög vandlega, og það er sú sameiginlega niðurstaða, sem þessir hv. frsm. hafa komizt að og fellur nákvæmlega saman við það, sem ég lýsti í minni framsöguræðu við 1. umr. fjárl., að það væri verðbólgan og dýrtíðin, sem væri aðalógnvaldurinn fyrir afkomu ríkissjóðs. Það er sannarlega engin ástæða til þess að deila um þetta atriði, því að það er alveg rétt, og ég fagna því mjög, að á þetta skuli vera lögð áherzla, og ekki síður fagna ég því, að formenn beggja stjórnarandstöðuflokka lögðu fyrir nokkru áherzlu á nákvæmlega þetta sama og hversu mikilvægt það væri að reyna að sameina öll öfl til þess að

spyrna við verðbólgunni og vexti hennar. Það er svo mál út af fyrir sig, að því er auðvitað haldið fram, að þessi þróun sé ríkisstj. að kenna. Við getum látið það liggja á milli hluta. Kjarni málsins er, að þessi þróun er til staðar og hún er okkur mjög geigvænleg, og ég get fullkomlega tekið undir það, sem vitnað var hér í Ólaf Thors á sínum tíma, að hann hefði varað mjög við því, sem hann æ ofan í æ gerði og núv. valdhafar hafa einnig æ ofan í æ gert, hversu alvarlegt það væri fyrir okkar afkomu og í rauninni hörmulegt, miðað við þá velmegun, sem við búum við, og margvíslegu tækifæri, að okkur skuli ekki geta auðnazt að halda þessari þróun innan þeirra marka, að hún ógni ekki beinlínis okkar afkomu og efnahagslegri uppbyggingu og framförum í þjóðfélaginu. Þetta er allt saman hárrétt.

En ef við svo skoðum það, hvað er dýrtíð, þá vitum við einnig, hvað það er og hvað er dýrtíðaraukning. Það er samspil hækkunar verðlags og kaupgjalds. Og þetta er ekki nýtt fyrirbrigði hér á Íslandi. Menn hafa haldið því fram og oft og tíðum eftir því, hver talað hefur: Það er verðlagið, sem orsakar dýrtíðina. — Aðrir hafa sagt: Það er kaupgjaldið, sem orsakar dýrtíðina. — Ég skal ekki segja um það, hvað er nákvæmlega rétt í þessu efni, en hér er um samspil að ræða, sem við vitum nákvæmlega, að hefur skapað meginvandann í þessum efnum. Ég býst ekki við, að neinn haldi því t. d. fram, að það hafi verið fjandmenn verkalýðsins, sem lögðu til á sínum tíma, fyrir ekki mörgum árum, að taka 7 vísitölustig af launþegum, það hafi verið gert af fjandskap við verkalýðssamtökin. Ég geri naumast ráð fyrir því. En þessum sömu aðilum var ljóst, að þá var, eins og lýst var af forsrh. þeirrar stjórnar, fram undan, eins og hann orðaði það, óðaverðbólga, ef ekki tækist að stöðva þessar kauphækkanir, sem þar var um að ræða.

Bæði í fyrra og í ár var samið við verkalýðssamtökin, í fyrra mjög hófsamlegir samningar, vil ég segja, í ár ógætilegri samningar, en þó ekki hægt að segja, að þeir væru fráleitir. Það kemur hins vegar á daginn, sem raunar allir vissu, að þessar hækkanir leiddu af sér hækkun landbúnaðarvara um haustið. Og þá byrja aftur nýjar kröfur um það, eins og við heyrum nú, að kaup bóndans verkar ekki til kauphækkunar hjá launþegunum, og það er talin óhæfa. Hvað leiðir þetta af sér? Þetta heldur áfram, þessi spenna. Og það dugir ekki að segja, að það sé ríkisstj. að kenna, hver sem hún er, að þessi þróun sé til staðar, og það sé bara einfalt mál með því að breyta um stefnu að laga þessa þróun, — eitthvert óljóst orðalag um nýja og breytta stefnu, hvað sem menn kalla hana, það sé einföld lausn. Við erum búnir að reyna ótal stefnur, og þetta er vandinn, sem við er að glíma og menn hafa ekki komið sér saman um, hvernig hægt er að leysa, hvar eigi að skera á hnútinn. Og við sjáum það auðvitað í hendi okkar, og það veit ég, að greindir menn eins og talsmenn minni hl. í fjvn. vita, að það er ekki fjárlagaafgreiðsla á neinum tíma, sem hefur skapað þessa þróun eða valdið henni. Fjárlagaafgreiðslan er eingöngu í því fólgin að taka við afleiðingum þessarar þróunar, í langflestum tilfellum. Að vísu má segja, að stundum eru teknar byrðar á ríkið, eins og hefur verið gert oft í sambandi við kjarasamninga, með auknum tryggingum, auknum niðurgreiðslum og slíku, til þess að hjálpa til að ná saman endum. Og það getur vel verið, að það sé ógætilega gert. En það hefur verið gert í því skyni, að ella stæðu menn verr að vígi og þróunin yrði enn þá geigvænlegri, ef ekki væri farið inn á þessar brautir. En ég legg áherzlu á það, sem ég held að við hljótum öll við nánari athugun að gera okkur grein fyrir, að fjárlögin á hverjum tíma eru aðeins afleiðing af því, sem gerzt hefur í þessum efnum. Menn segja t. d., bæði hér og oft áður, að lausnin á þessum vanda sé að hætta við ofsköttunarstefnu. En hvenær er beðið um meiri skatta en þarf til þess, að ríkið geti flotið áfram með sinn búskap? Mér er ekki kunnugt um, að það hafi yfirleitt verið gert í neinni stjórnartíð. Stundum hefur að vísu verið nokkur greiðsluafgangur. Mönnum hefur þótt ákaflega gott og hentugt að geta notað hann til þarfra framkvæmda. En að ímynda sér það, að við t. d. núna getum snúið við blaðinu með því að hætta, þar sem menn tala um ofsköttun, hætta að taka þá skatta, sem ríkissjóður þarf til þess að geta staðið undir sinni starfsemi, það held ég við hljótum öll að sjá, að nær ekki nokkurri átt. Það er ekki hægt að byrja á þeim enda. Hitt er allt annað mál, og það get ég undir tekið og vil leggja áherzlu á, ef við getum stöðvað áframhaldandi öfugþróun, vil ég segja, í sambandi við vöxt dýrtíðar, ef menn gera sér grein fyrir því, að kaupgjaldsmálum verður að haga með öðrum hætti en lengst af hefur verið gert, og það verður að finna einhverja lausn á vandamálunum milli verðlags innlendrar framleiðslu, sem fyrst og fremst er landbúnaðarframleiðslan, og kaupgjaldsins. Þetta er vandinn, sem allar stjórnir undanfarið hafa glímt við og engin getað endanlega leyst. Og ég skal játa fúslega, að þessi vandi er ekki leystur enn í dag. En að segja, að það út af fyrir sig sýni, að það sé slík óstjórn í landi og menn hafi misst tökin á öllu, er auðvitað gersamlega út í hött.

Það hefur margt tekizt vel. Og ég vil segja það, meðan svo er ástatt, að það er vandamál okkar í dag, hvernig við eigum að afla vinnuafls til þess að geta leyst allt það af hendi, sem þjóðin vill framkvæma, þá er ekki hægt að segja, að við séum á neinu nástrái. Það er alvarlegt hjá okkur, ef svo er komið, að framleiðslan stöðvast, og ef við ekki lengur drögum björg í bú, þá er orðið geigvænlegt ástand. Með þessu er ég þó ekki að gera lítið úr þessum vanda, sem menn hafa allir hér talað um, en það væri vissulega mikið gleðiefni, ef væri hægt að fá ríkari skilning á því, að þennan vanda þurfi að leysa og það sé í allra þágu, að hann verði leystur. Og þá er það vissulega rétt, að við getum vænzt þess að standa andspænis því að þurfa ekki stöðugt að leggja á nýja skatta, vegna þess að auðvitað er það óheillavænleg þróun að þurfa sífellt, á hverju ári, að vera að leggja á nýja skatta, sem því miður er saga, sem á sér langa fortíð.

Ég skal alveg láta vera í þessu sambandi að

rekja aðild eins né neins að þessari þróun, eins og hún hefur verið, þó að það væri fullkomlega hægt að svara ekki sízt hv. framsóknarmönnum um það og spyrja þá um, hvað þeir hafi lagt gott þar til mála. En við skulum láta alveg liggja milli hluta að sinni a. m. k. að ræða um það. Aukinn skilningur verkalýðshreyfingarinnar á þessu máli er vissulega góðra gjalda verður. Það er að sjálfsögðu aðili í þjóðfélaginu, sem hefur mjög rík áhrif í þá átt að ráða því, hvernig þessi þróun verður. Mönnum hættir til að segja það, og hefur verið sagt hér á þingi, að það hafi verið brugðizt illa við þeim skilningi verkalýðshreyfingarinnar með því að halda áfram að leggja á skatta, og þar fram eftir götum, og verðlag hafi hækkað. Í fyrsta lagi, eins og ég áðan sagði, ráðum við ekki um verðlag landbúnaðarvara. Það er ákveðið með l. og hefur verið talið sjálfsagt, og ég hef ekki heyrt neinn mann gerast talsmann fyrir því, að bændur ættu ekki að fá sambærileg kjör og aðrar stéttir. Og þetta er sú meginhækkun, sem orðið hefur á verðlagi og tilfinnanlegasta hækkun innanlands. Að öðru leyti hefur ríkisstj. reynt með öllum ráðum að spyrna gegn verðhækkunum. Hitt er annað mál, að ýmissi starfsemi er þannig háttað, að hún getur ekki alltaf tekið á sig hækkanir án þess að mæta þeim með auknum tekjum. Þetta vita allir. Hitt er alveg sjálfsagt og rétt og nauðsynlegt að beita öllum ráðum til þess að spyrna gegn öllum óeðlilegum hækkunum. Það er sjálfsagt, og það er auðvitað eðlilegt, að verkalýðshreyfingin, ef hún ljær lið sitt til þess að reyna að leysa þann vanda, sem við stöndum andspænis, þá geri hún kröfu til þess.

Það má segja, að einn þáttur í þessum vanda nú og ekki minnstur sé fjárfestingin og hvað hún er ör miðað við vinnuaflið. Þó að það stingi nokkuð í stúf við það, sem einu sinni var talað um, að væri keppikefli ríkisstj. að stöðva allar framkvæmdir, þá er það orðið aðalárásarefnið núna, að nú sé framkvæmt of mikið, bjartsýnin sé of mikil, menn vilji gera alla skapaða hluti, nú þurfi að setja á ný fjárfestingarhöft. Ég er alveg sammála um það, að það verður að sjálfsögðu að reyna að takmarka fjárfestinguna innan þeirra marka, að hún ekki beinlínis stuðli að ofþenslu í þjóðfélaginu, og til þess hefur verið reynt að gera fjárfestingaráætlanir, þó að þær séu á byrjunarstigi. Hitt er annað mál, að menn getur greint á um það, en það er ekki skoðun ríkisstj., að ný fjárfestingarhöft, eins og þau voru á sínum tíma, séu lausn á þessum vanda, þau séu allt of hættuleg og sérstaklega hættuleg í þá átt, að þau tryggi alls ekki, nema síður sé, að það sé ráðizt í það, sem hagkvæmast er. Og reynslan mun sýna það og hafa leitt í ljós, að skoðun á fjárfestingu það tímabil, sem fjárfestingareftirlit var hér sterkast, er síður en svo uppörvandi til þess að taka upp þá skipan mála. Og þegar menn tala um það, að á þessum frelsistímum nú ráðizt menn jafnvel í að byggja of mörg fiskverkunarhús á sama stað, þá vill nú svo til, að á ýmsum stöðum á dögum fjárfestingarhaftanna gerðist þetta sama og það með mjög ógiftusamlegum hætti. Og ég held ekki, að það sé æskilegt að fá pólitískar nefndir til þess að hafa eftirlit með þessu. Það má hins vegar gera þetta óbeint á ýmsan hátt og hefur verið reynt að gera með aðhaldi frá bankakerfinu. Það hefur verið fordæmt, að það hafi verið bundið fé, viss hluti af sparifjáraukningu, sem m. a. hefur að sjálfsögðu átt að vera til að veita aðhald í þessum efnum, auk þess sem náin samvinna hefur verið höfð við bankakerfið um það að halda fjárfestingarlánum innan hæfilegra marka. Og ég vil ekki halda því fram, að íslenzkir bankar yfirleitt stuðli að því, nema síður sé, að minni reynslu, að það sé ráðizt í nokkrar framkvæmdir, sem hægt sé að segja að séu fánýtar eða óþarfar.

Það hefur að vonum verið um það rætt, og er eðlilegt, að það komi upp, þegar menn standa í erfiðleikum, ekki sízt með afgreiðslu fjárl., hvort ekki megi leysa vandann með sparnaði í stað þess að leggja á skatta. Um þetta er mikið talað. Og það var af hálfu hv. 3. þm. Vesturl. vitnað hér í ræðu, sem ég hafði flutt um þetta efni, og ég þakka honum mjög vel fyrir að meta orð mín það mikils, og ég gæti ósköp vel endurtekið þau orð mín hér í dag. Ég vonast til, að ég hafi ekki haft mjög mörg ummæli á liðnum tímum, sem ég gæti ekki staðið við. Vitanlega er hægt að spara á mörgum sviðum, það er engum efa bundið. Hitt er annað mál, hvort menn eru alltaf hrifnir af þeim sparnaði. Það er nefnilega miklu auðveldara að tala um sparnaðinn heldur en standa andspænis till. um hann. Hv. 3. þm. Vesturl. vék að vísu að allmörgum atriðum í þessu efni, þar sem mætti spara. Að vísu er ég nú hræddur um, að kröfur hans um útgjöld hafi á móti verið miklu meiri, þótt þau væru ekki nefnd í krónum, heldur en það, sem hann ætlaðist til að væri lækkað, en sleppum því. Hann hagaði orðum sínum með gætni á þann veg, að hann gerði sér fullkomlega grein fyrir því, og það veit ég, að hann gerir, hafandi átt sæti í fjvn. um langa hríð, og þá vitanlega vegna kunnáttu sinnar á öllu ríkiskerfinu, að þetta mál er miklu vandameira en menn vilja oft vera láta. Við verðum auðvitað að halda uppi vissu ríkiskerfi, það er engum efa bundið. Og þegar menn eru að tala um sparnað, er oftast nær veitzt að aumingja ríkisstj. og stjórnarráðinu, að þar megi eiginlega allan vanda leysa. Það getur vel verið, að það megi leysa vandann með því að hætta að borga stjórninni laun og starfsliði stjórnarráðsins. En ég held, að jafnvel þótt því væri hætt, mundi það hrökkva skammt til að leysa þennan vanda, og ég mundi segja fyrir mitt leyti, þó að mönnum finnist það kannske djarft talað, að í mörgum greinum sé starfslið stjórnarráðsins fremur of fátt en of margt og það beinlínis hái því, að það sé hægt að hafa eftirlit með ýmsum þáttum ríkisrekstrarins, nægilega sterkt eftirlit, að það er ekki nægilegt starfslið í ýmsum stjórnardeildum til þess að sinna þessu verkefni, eins og þetta fyrirtæki okkar, ríkið, er orðið stórt og kostnaðarsamt. En ég skal hins vegar ekkert draga úr því, að þó að það geti verið sparðatíningur, sparnaðurinn, er hann engu að síður allra góðra gjalda verður, og það verður að hafa á hverjum tíma opin augun fyrir því, hvað hér megi gera. Ég skal ekki fara út í það hér. Ég ræddi það ýtar-

lega í minni framsöguræðu um fjárl. og skal ekki fara að endurtaka það hér. En þegar menn eru að tala um, að það sé lítið aðhald og það sé fylgt eyðslustefnu, hygg ég, ef menn líta í þau plögg og halda sér eingöngu við þau plögg, sem fjvn. berast um kröfur alls konar stofnana í þjóðfélaginu um meira fé til margvíslegra þarfa, um fleiri starfsmenn, um meira húsnæði, um ótalmargt annað, sem ekki er tekið til greina, munu menn sjá, að það er þó ekki allt látið fljóta. Ég er ekki með þessu að segja, að ég hafi sýnt neitt meira afrek í því en fyrirrennarar mínir. En þetta hefur jafnan verið svo, að það er reynt að spyrna við fótum eins og mögulegt er á þessum sviðum. Hitt er annað mál, og það auðvitað tekur lengri tíma, þótt það geti skilað nokkru meira auknum sparnaði, ef menn þora að leggja í mjög víðtækar skipulagsbreytingar á okkar stjórnsýslukerfi, þá getur hugsazt, að komi fram meiri sparnaður. Ef menn vilja færa saman og skipa málum með öðrum hætti, við skulum segja breyta okkar lögsagnarumdæmum, breyta prestakallaskipan, breyta ýmsu kerfi þannig í grundvallaratriðum, sem lengi hefur þróazt, það getur vel verið, að út úr því sé hægt að fá meiri háttar sparnað. En miðað við það kerfi, sem við höfum í dag, eru úrræðin ekki öllu meiri en þau að reyna að sporna við fótum, svo lengi sem hægt er, að ekki sé bætt við starfsliði, og reyna að sjá til þess, að þessar stofnanir þenjist ekki of mikið út.

Það er rétt, að það hefur verið vegið í þann knérunn aftur að spara á opinberum framkvæmdum. Og það er því miður ekki nýtt mál. Ég býst við, að hinn ágæti formaður Framsfl., sem þekkir þessi mál vel frá gamalli tíð, minnist þess einnig, og m. a. man ég frá þeim tímum, þegar við unnum saman að þeim málum, að við urðum að grípa til þess að skera niður opinberar framkvæmdir, vegna þess að það voru þeir liðir, sem ekki voru bundnir annaðhvort af lögum eða þá þannig, að það voru til stofnanir, sem þurftu að vera til, og varð að standa andspænis því að borga kostnaðinn við þær. Það er sem sagt ekkert nýtt fyrirbrigði, að þetta sé gert. Það er hins vegar engan veginn gott, og ég er ekki að mæla með því, enda þótt hins vegar megi segja, að á þeim tímum, sem við nú lifum á, miðað við það ástand, sem er í þjóðfélaginu, gæti það verið þarft og gott að draga úr opinberum framkvæmdum, og það er ekkert óeðlileg stefna. En það hefði þá þurft að vera með þeim hætti, að það væri hægt að leggja fyrir fé beinlínis til þess að mæta erfiðleikatímum, þegar sköpuðust erfiðleikar hjá atvinnulífinu, þannig að þá hefði ríkið fé til að leggja í meiri framkvæmdir, án þess að þurfa að leggja á nýja skatta.

Ég skal nú ekki fara mjög langt út í einstök atriði, sem hv. 3. þm. Vesturl. ræddi hér í sambandi við sparnað. Hann talaði um kostnað við skattheimtu, hann væri óhæfilega mikill, og það er rétt, hann hefur hækkað mikið. Og þó er mjög sótt á um það, að það þurfi að bæta enn meir aðstöðu til álagningar skatta og það gæti gengið skjótar og hraðar fyrir sig. Og einn af þeim mönnum, sem hafa nýlega borið fram kröfu um það á ráðstefnu, sem ég sat á, var hv. 3. þm. Vesturl., að það þyrfti að leggja ríka áherzlu á að auðvelda, að hraðar gæti gengið álagning skatta. Það er rétt, að kostnaðurinn við þetta hefur hækkað verulega. En það sjá menn auðvitað, að er ekki rétt niðurstaða að taka, hvað þessi kostnaður hefur hækkað, eins og hv. þm. gerði, og segja, að það stafi allt af skipulagsbreytingunni. Auðvitað hefði kostnaðurinn svo og svo mikið hækkað, þótt engin skipulagsbreyting hefði verið gerð. Menn vita auk þess, að það hefur verið sett á laggirnar alveg ný starfsemi í þessu sambandi, sem er skattaeftirlitið, og ég hef séð í blöðum fremur ákúrur en hitt til fjmrh. fyrir það, að hann láti þetta skattaeftirlit ekki hafa nógu marga menn, og ekki mundi starfsmannafjölgun leiða til aukins sparnaðar.

Varðandi það, að það mætti draga úr útgjöldum við stjórnarráðið, er, eins og ég sagði áðan, gamalkunnugt og ósköp vinsælt að tala um það, að stjórnarráðið eyði of miklu fé. Mér finnst alveg sjálfsagt, að stjórnarráðið eigi að spara eins og hægt er. En það þjónar ekki neinu góðu að vera að fela fyrir sér útgjöld stjórnarráðsins með því að taka þau ekki í fjárlög, heldur greiða þau svo utan fjárl., og það er ástæðan til þess, að ég tók inn í fjárlagafrv. vissa útgjaldaliði til hækkunar, af því að það hefur sýnt sig um langan tíma við samanburð, að stjórnarráðið hefur alltaf verið áætlað allt of lágt og það sennilega af þeim praktisku ástæðum, að menn hafa ekki treyst sér til að sýna allan þennan kostnað, af því að það hefur þótt alltaf vinsælt að tala um það, hvað stjórnarráðið hækkaði. Útgjöldum við kjarasamninga getum við náttúrlega ekkert við gert. Það verður auðvitað að borga kostnaðinn við þessa samninga, og að það sé hægt að spara í því efni, það skil ég ekki með góðu móti, hvernig hægt er að gera. Ríkið hefur borgað þarna allverulegan kostnað, og ég býst ekki við, að það þyki sanngjarnara að leggja það á verkalýðsfélögin að borga slíkan kostnað.

Sagt er, að breyt. á l. um tekjustofna sveitarfélaga sýni, hvað það hafi verið illa unnið, að þeim lögum hefur verið breytt á hverju ári. Þetta held ég, að sé alger misskilningur hjá hv. þm. Það sannar ekkert um, að þau hafi verið illa unnin. Þau hafa verið unnin í náinni samvinnu við sveitarstjórnarmennina. Það hefur hins vegar komið í ljós, að það eru alltaf að koma fram ný og ný viðhorf, það hafa verið gerðar víðtækar skipulagsbreytingar, og enn einu sinni óska sveitarstjórnarmenn eftir að gera breytingar. En að það sé vegna þess, að hin frv. hafi verið svo illa unnin, það get ég alls ekki fallizt á að sé rétt, enda hefur ekkert komið fram um það efni.

Um ríkisábyrgðirnar, sem hv. þm. talaði um, fannst mér hann nú nánast vera að kasta grjóti úr glerhúsi. Það er alveg rétt, að það hefur þurft að leggja út fé vegna ríkisábyrgða fyrir ýmsa aðila og það ýmsa einkaaðila, sem ég tel mjög miður farið og ég vék mjög rækilega að í minni fjárlagaræðu. En hitt stendur eftir, sem er staðreynd, að síðan l. um ríkisábyrgðasjóð voru sett, hefur orðið gersamleg breyting í þessu efni, ekki það, að ríkisábyrgðasjóður hafi komizt undan að borga vanskil af eldri ábyrgðum, en

á hann hafa ekki fallið nýjar ábyrgðir nema vegna hafnarlána, sem enn þá eru sjálfskuldarábyrgðarlán, þannig að á þessu hefur orðið meginbreyting. Ég minnist þess, að þegar þessi lög voru sett á Alþ., snerist Framsfl. mjög öndverður gegn þessari lagasetningu og taldi, að hér væri verið að setja fótinn fyrir möguleika til þess að styðja ýmsa aðila með ríkisábyrgðum og þá beinlínis með það í huga, að ríkisábyrgðirnar yrðu ekki borgaðar. Þessi aðferð hefur verið höfð í ýmsum tilfellum, til þess að það væri hægt að létta undir með mönnum á þennan hátt og þeir gætu þarna notið við styrktar. Þetta var sjónarmiðið, sem þá kom fram. En ég held, að núv. ríkisstj., þó að það megi vafalaust margt að hennar verkum finna eins og öðrum mannaverkum, þurfi sízt af öllu að taka við ávítum í sambandi við ríkisábyrgðirnar og það, sem gerzt hefur í þeim málum nú á síðustu árum eða síðan þessi lög voru sett.

Hér var rætt svo mikið um vegaféð fyrir stuttu, að ég sé ekki ástæðu til þess að vera að orðlengja um það. Hv. 3. þm. Vesturl. sagði, að það kvæði við annan tón, þegar verið væri að tala um vegaféð, það þyrfti ekki að standa við það loforð, en það væri hins vegar staðið við þau loforð, sem verkalýðsfélögunum væru gefin, og aflað fjár í sambandi við þær framkvæmdir og þá samninga. Það er vitanlega alveg rétt, að það er gert. En þar er um það að ræða, að það, sem þar gerist, er gert til þess að greiða fyrir, að samningar geti tekizt, sem ella hefðu orðið oft og tíðum með miklu óhagstæðari hætti og valdið beinum viðbótarútgjöldum fyrir ríkissjóð á annan veg og miklu óheillavænlegri hátt. Þess vegna hefur stundum verið gripið til þess, að ríkið hefur tekið á sig vissa bagga í þessu sambandi. Það var vitnað í það, þegar söluskatturinn var lækkaður 1964, og það er rétt, að það var gert. En að sjálfsögðu hefndi það sín að gera það, því að það þýddi ekkert að lækka söluskattinn og leggja ekki á þessi gjöld, af því að það kom aðeins fram í vaxandi rekstrarhalla ríkissjóðs, sem varð þá að afla tekna til, þannig að það auðvitað þýðir ekki að fela slíka hluti. Hitt er annað mál, eins og t. d. með 40 millj. til húsnæðismálastjórnar, það er rétt, það var tekið á ríkið. Að vísu leiddi það til beinna aukaútgjalda, en það var rætt um það þá við verkalýðsfélögin og þeim gerð strax grein fyrir því, sem þau fullkomlega skildu, að það yrði auðvitað að afla fjár til þess að standa undir þessum útgjöldum, og það var talað beinlínis um það, hvaða leiðir yrðu farnar í því efni, sem gert hefur verið. Varðandi svikin í vegamálunum hef ég haldið því fram, að hér væri efnislega ekki um nein svik að ræða af þeirri einföldu ástæðu, að það hefur verið útvegað allt það fé til þessara þarfa, sem gert var ráð fyrir.

Varðandi sparnaðartill. hv. frsm. 2. minni hl., sem hann taldi hér upp, mætti ýmislegt um þær segja. Þær eru allra góðra gjalda verðar. Hann sagði, að miklu víðar mætti spara. En það er dálítið einkennilegt við þessa upptalningu, að hún er alltaf sú sama frá ári til árs og síðan bætt við, að miklu víðar mætti spara, en þannig, að maður fær vissar grunsemdir um það, að hugsunin um sparnað nái ekki ákaflega miklu lengra. Sumt af þessu eru pólitísk grundvallardeilumál í sambandi við utanríkismál og annað, sem ég skal ekki hér orðlengja um.

Varðandi sendiráðin á Norðurlöndum skal ég taka undir það, að ég hef sagt það áður hér í þingi og látið í ljós þá skoðun, m. a. í fjvn., að það væri rétt að athuga það, hvort rétt væri að sameina sendiráðin á Norðurlöndum, þannig að það er alls ekki út í hött. Hins vegar er það mál mjög vandasamt, og það hefur sýnt sig, að menn hafa ekki treyst sér til þess að gera það. Þetta eru þau lönd, sem við eigum nánasta samvinnu við, og ákaflega erfitt um vik að fara að leggja niður sendiráðin í tveimur þeirra. Hvert landið á þá að velja til þess að hafa þar sendiráð? Þetta hefur ekki þótt fært, enda þótt ég sé nákvæmlega sammála um það, að ef við stæðum andspænis því að ákveða um, hvar sendiráð ættu að vera, væri miklu betra að hafa þar eitt sendiráð og t. d. hafa sendiráð í einhverju Afríkuríkjanna, það er alveg hárrétt. En við stöndum hér andspænis staðreyndum, sem búnar eru lengi að vera og mjög erfitt er að fást við.

Varðandi kostnað við ráðstefnur er það annar liður, sem alltaf er vinsælt að höggva í og ég hef sennilega gert mig sekan um einhvern tíma líka að gera, og þetta er einn af þeim liðum, sem ekki koma við menn svo mjög eða hinn almenna borgara. Ég held, að það sé óhætt að segja, að það verður reynt að sýna alla þá gætni, sem hægt er, í útgjöldum á þessum lið, þannig að hvort hann er hækkaður eða lækkaður um 1—2 millj., ræður engu í þessu efni. Það hefur sýnt sig, að hann hefur oft farið fram úr áætlun, og það verður auðvitað að senda menn á vissar ráðstefnur. Hjá því verður ekki komizt. En í þessu verður að hafa hóf, þar sem mögulegt er, og verður að sjálfsögðu reynt að gera það í framkvæmdinni.

Herra forseti. Ég skal ekki hafa þessi orð fleiri, enda þótt mjög margt væri, sem fróðlegt væri að gera aths. við. Ég vil aðeins ljúka máli mínu með því að láta í ljós ánægju yfir þeim vaxandi skilningi, sem mér virðist að þessar umr. leiði í ljós, á nauðsyn þess að sameina kraftana um það að sporna gegn verðbólgu- og dýrtíðarþróun í þjóðfélaginu. Það getum við hins vegar ekki, og á það legg ég áherzlu, — það getum við ekki, ef við reynum að blekkja okkur á því, hvað sé eðli þeirra vandamála, og reynum að tala um, að við getum leyst vandann án þess í rauninni að taka á honum, þar sem hann er. Þetta verðum við öll að læra, hvar í flokki sem við stöndum, og það væri vissulega mikið ásökunarefni á hendur ríkisstj., hverjir sem hana skipa, ef hún væri ekki reiðubúin til þess að leggja sig fram að sínu leyti til þess að leysa þennan vanda. En það er hárrétt, vandinn með fjárlagaafgreiðslu okkar hér snýr að þessari hlið. Ég gerði grein fyrir því í minni fjárlagaræðu, að meginhlutinn af auknum ríkisútgjöldum, ef við tökum það á breiðum grundvelli, eða um 200 millj. kr. frá síðustu fjárl., hafa orðið vegna launahækkana einna saman, og meira að segja af þessum orsökum, hve geysilegur þáttur þetta er, þessi þróun í ríkisbúskapnum, og ég get vel tekið undir það, kann vel svo að fara, að með áframhaldandi þróun í þessum

efnum neyðist menn stöðugt til þess að leggja á nýja og nýja skatta, og það er vissulega ekkert glæsileg tilhugsun, hvorki fyrir fjmrh. né þm. Ég held, að það sé aldrei neitt gleðiefni fyrir fjmrh. að beita sér fyrir því að leggja á nýja skatta, það er ekki svo vinsælt verk, þannig að sannarlega er enginn glaðari yfir því en sá maður, sem situr í þeirri stöðu, hver sem hann er, ef hægt væri að finna úrræði til þess að sporna gegn slíkri þróun.

Halldór Ásgrímsson: Herra forseti. Fyrir allmörgum árum héldu sjálfstæðismenn þeim áróðri mjög á lofti, að lítil fyrirhyggja væri í því, að þjóðin fæli öðrum fjármálaráðherrastörf en einhverjum framámanni úr þeirra flokki. Til stuðnings þessari kenningu bentu þeir á, að enginn stjórnmálaflokkur ætti innan sinna vébanda eins marga og þrautreynda fjáraflamenn og Sjálfstfl. Þetta var reynt í nokkrum samsteypustjórnum. Kom þá í ljós, að annað var að vera búmaður fyrir sjálfan sig en aðra og þ. á m. fyrir ríkissjóð. Og reynslan er ólygnust í þessum efnum eins og öðrum. Um nokkurt skeið hefur Sjálfstfl. farið með fjármálin, og vil ég með nokkrum orðum víkja að þeirri heildarmynd, sem af þeirri fjármálastjórn hefur fengizt, og einnig nokkuð að einstökum þáttum þeirrar sögu.

Við valdatöku svokallaðrar viðreisnarstjórnar, sem upphaflega kaus sér kjörorðið eða gaf sér nafnið viðreisnarstjórn, stóð ekki á gullnum loforðum og fögrum fyrirheitum, sem fest eru á blöð í hinum alþekkta og víðfræga bæklingi ríkisstj., Viðreisn, en að nokkru leyti í ræðum ráðh. á ýmsum tíma. Má þar vitna til margra fyrirheita og mjúkra orða í sambandi við fjármálastjórn ríkisins. Þar er lofað hófsemi um hvers konar skattheimtu og gætni og samvizkusemi um meðferð opinbers fjár og niðurskurði á hvers konar eyðslu. Hvernig hefur svo núv. ríkisstj. efnt þessi loforð? Hvað er orðið m. a. af hófseminni um álögur? Allir vita, að skattabrjálæði þessarar ríkisstj. á enga hliðstæðu í fjármálasögu landsins, því að láta mun nærri, að innheimtar tekjur ríkissjóðs hafi hækkað fram undir 400% frá 1958, og álagðir skattar og aðrar álögur vaxa enn hratt ár frá ári. Hefur það t. d. margendurtekið sig, að fjáröflun, sem ætluð var til stuðnings ákveðinna atvinnugreina, svo sem til togaraútgerðarinnar, var látin hverfa í eyðsluhítina, og svona hefur oft gengið koll af kolli. Þannig hefur hvert slysið rekið annað á vegum fjármálastjórnar þessarar ríkisstj. Árlega hefur hún heimtað meiri tekjur og borið þar við, að hana vantaði þessa eða hina fjárfúlguna til nauðsynlegra hluta. En oft hefur þessi nauðsynlega aðstoð verið úti á gaddinum að ári liðnu og nýjar álögukröfur komið fram af hendi ríkisstj. Og stuðningslið ríkisstj. hefur ætíð haft hendur á lofti til að verða við öllum óskum og kröfum hennar um auknar skattaálögur.

Það er ástæða til að skoða þessa fjárhagslegu hrakfallasögu ríkisstj. nokkru nánar. S. l. 3 ár, sem skýrslur eru um, þ. e. 1962, 1963, 1964, voru tekjurnar samkv. fjárl. áætlaðar samtals nálægt 6 milljörðum 646 millj., en reyndust nálægt 7 milljörðum 614 millj. Á sama tíma voru útgjöld heimiluð samkv. fjárl. þessara ára um 6 milljarðar 615 millj. Greiðsluafgangur átti samkv. þessu að vera þessi umtöluðu 3 ár sem næst eða fram undir einn milljarð. Greiðsluafgangur varð nokkur 1962 og 1963, eða samtals um 300 millj., en greiðsluhalli 1964 var meira en 220 millj., svo að eftirstöðvar greiðsluafgangs þessi 3 ár reyndist um 80 millj. Hafði ríkisstj. því eytt utan fjárlagaheimilda þessi umræddu 3 ár fram undir 900 millj. Á sama tíma og þessar stórkostlegu umframtekjur bárust upp í hendur hennar, var í vaxandi mæli þrengdur kostur allra þeirra aðila, sem ríkissjóði bar lagaskylda til að inna fé af höndum til, og til margvíslegra annarra hluta. Og stjórnarliðið, eftir kröfu ríkisstjórnarinnar, drap kalt og rólega allar brtt. okkar framsóknarmanna, t. d. um aukið framlag til vega og brúa 1962 og öll árin, til annarra framkvæmda, svo sem til flugvallagerða og aukins flugöryggis, til hafnargerða og annars í þágu landbúnaðar og sjávarútvegs og enn fremur til rafvæðingar í byggðum landsins, og svona má lengi telja. Jafnvel tiltölulega mjög hófsamleg aukning á fjárframlögum til vatnsveitna var felld öll árin. Sama er að segja um nokkrar sparnaðartill., þær voru allar drepnar, þótt fjmrh. viðurkenndi eyðsluna og lofaði hátíðlega að framkvæma sparnað. Lauk ferli fyrrv. fjmrh. þannig, að hann hafði gefið Alþ. og alþjóð samtals nokkra tugi sparnaðarloforða, án þess að nokkuð væri efnt.

Núverandi fjmrh., sem er áhrifamaður í sínum flokki, hafði bundið sig að miklu í málið hvað eftir annað hér á Alþ. Hann fullyrti, að sparnaður í ríkisrekstrinum þyrfti og skyldi framkvæmdur og eiga sér stað.

Ef litið er í gegnum þetta fjárlagafrv., sést, að enn sem fyrr er ekki um efndir að ræða í þessu efni. Fjölgar því enn þeim raunalegu staðreyndum, sem í þessu efni eru, og enn fjölgar vanefndunum, og má þar, eins og mörgum er í minni, geta vanefnda hæstv. samgmrh. í sambandi við lögskylt fjárframlag til vega. Ég vil telja, að núv. hæstv. fjmrh. sé með mörgum loforðum bundinn við það að efna eitthvað af sparnaðarloforðum fyrrv. fjmrh., sem hann tók mjög undir fyrr og síðar.

En það var ekki nóg, að stjórnarliðið dræpi hverja umbótatill., sem Framsfl. bar fram á þessum liðnu árum, heldur lét stjórnin blöð sín sí og æ gera tilraun til að rægja Framsfl., brigzla honum um yfirboð og ábyrgðarleysi í fjármálum. Slík vinnubrögð leyfði ríkisstj. sér að nota, á sama tíma sem vitað er og reynsla er nú fengin fyrir, að hún hafði stórfelldan tekjuauka þessi ár. En hún kaus fremur að hafa það fé til eyðslu án heimilda á fjárlögum en að láta það ganga til bráðnauðsynlegra framkvæmda víðs vegar um land.

Hrakfallabálkur ríkisstj. er því miður ekki allur, heldur er framhaldið engu betra og jafnvel enn einstæðara að endemum.

Eins og fjárlögin fyrir 1965 sýna, hélt ríkisstj. áfram að skera við nögl sér hvers konar fjárframlög til umbóta og aukinna nauðsynlegra framkvæmda. Síðan skeðu þau ótíðindi, að ríkisstj. skar niður af fjárlögum fyrir 1965 um 20%

af framkvæmdafé fjárlaga eða mikið á annað hundrað milljón og náði þeirri fjárhæð til baka inn í almennan rekstur ríkissjóðs. Það er m. a. til að auka eyðslu í ríkisrekstrinum, enda þarf búið margs með, svo sem nýtt sendiráð í Ameríku, aukin ferðalög ríkisstjórnar og húskarla hennar, aukin veizluhöld, svo að dæmi séu nefnd. Og nú var framkvæmdafé stórlega skorið niður frá því, sem áður var, þótt búið væri þá sem endranær að bæta enn við drápsklyfjum í skattheimtunni.

Ég vil þá víkja lítils háttar að fjárlagafrv. því, sem hér er til umr. og afgreiðslu. Ég verð að segja, að við athugun og lestur þessa frv. hefði ég og sennilega margir fleiri kosið, að sá mæti maður, núv. fjmrh., eignaðist betra hlutskipti en að marka stefnu sína í embættinu á þá lund, sem fjárlagafrv. segir til um.

Segja má, að ráðherra sé nokkur vandi á höndum, annars vegar að þjóna undir ríkisstjórnina og hjálpa henni til enn um skeið að hanga við völd og hins vegar að móta fjárlagafrv. sitt meira með tilliti til þjóðarhags. Fyrri kostinn valdi hæstv. fjmrh. Það verður því að segja og reyndar harma um leið, að ekki er góð fyrsta ganga hæstv. ráðh. í þessu ábyrgðarmikla og vandasama starfi.

Fjárlagafrv. þetta fyrir árið 1966 er byggt á því sama og öll slík fjárlagafrv. hafa verið byggð upp í tíð núv. ríkisstj. Það eru auknar tekjur til handa ríkissjóði, og nemur tekjuhækkunin frá fjárlögum 1965 um 260 millj. kr., og tekjubálkurinn í frv. nemur því samtals um 3 milljörðum 790 milljónum og á vafalaust eitthvað eftir að hækka í meðförum Alþingis. Eins og öllum hv. alþm. er ljóst, eru raunverulegar álögur á þjóðina mun meiri en fram kemur á fjárlagafrv., og verða þeir milljónatugir og hundruð millj. ekki talin hér fram. En ég vil þó aðeins minnast á þá fjárheimtu, sem gengur og gengið hefur um skeið til samgöngumálanna, til vegamálanna, sem áður voru að hluta bornar uppi af fé því, sem í gegnum ríkissjóð gekk. Í þessu sambandi má nefna þá nýbreytni að telja ekki fram í tekjum allan áætlaðan tekju- og eignarskatt, en láta hluta af honum hverfa þegjandi og hljóðalaust í gegnum útgjaldalið á 17. gr. Jafnframt má að sjálfsögðu búast við, skv. venju, að ýmsir tekjuliðir fjárlagafrv. muni vera óeðlilega lágt áætlaðir, svo sem aðflutningsgjöldin, þegar vitað er, að gjaldeyristekjur fara ár frá ári hraðvaxandi, og reynslan hefur verið í því efni, að innflutningur hefur að sama skapi aukizt og þar með tolltekjur ríkissjóðs. En um þennan mikla tekjulið er erfitt að fullyrða, og reyndar fleiri tekjuliði, þar sem ríkisstj. hefur nú sem endranær haldið a. m. k. stjórnarandstöðunni í hæfilegri fjarlægð frá athugun þessara mála. Ekki svo að skilja, að fjvn. hafi ekki fengið venjubundnar upplýsingar um áætlun tekjuliðanna, en af fyrri reynslu tel ég vorkunnarmál, þótt við í stjórnarandstöðunni séum tortryggnir um raunhæfar upplýsingar í því efni.

Ég vil þá víkja nokkrum orðum að uppbyggingu gjaldabálks fjárlagafrv.

Ef höfð er í huga hækkun tekna um 260 millj., er sú staðreynd vitanlega fyrir neðan allar hellur, að hæstv. fjmrh. skuli leggja enn til stórfelldan niðurskurð á öllum framkvæmdaliðum, og miða ég þar við þá eins og þeir eru í fjárlögum 1965. Og þetta á sér stað á sama tíma sem ráðherrann hefur tækifæri til að efna eitthvað af þeim loforðum, sem fyrirrennari hans í stöðunni sveik og hann hafði tekið sterklega undir á sínum tíma, þ. e. að framkvæma verulegan sparnað.

Ef tekjuaukinn á fjárlagafrv. er hafður í huga og niðurskurður sá, sem sjáanlegt er að á að eiga sér stað, miðað við ýmis útgjöld á fjárlögum 1965, er augljóst, að það er hvorki meira né minna en fjmrh. eða ríkissjóður hafi yfir að ráða til ríkisrekstrarins um ½ milljarð, ef þetta tvennt er lagt saman, þ. e. tekjuaukinn og niðurskurður á margs konar framkvæmdaliðum, sem voru til staðar í fjárlögum 1965. En þessi fjármálasaga er ekki með þessu öll sögð. Í viðtölum margra fyrirsvarsmanna ýmissa ríkisstofnana kom í ljós, að þeir óttuðust, að ef ekki væri unnt að leggja þeim til aukið starfsfé, — og miðuðu þá við það, sem fjárlagafrv. gerði ráð fyrir, — óttuðust þeir, að samdráttur yrði í þeirra margvíslegu og merkilegu starfsemi, bæði um framkvæmdir og þjónustu. Ég skal nefna aðeins sem dæmi háskólann og ýmsar undirdeildir hans, ríkisspítalana, póst og síma, og þá fyrst og fremst allt, sem varðar landssímann. Þá má nefna algerlega ófullnægjandi útgjaldatillögu til Skipaútgerðar ríkisins. Það má segja, að það sé ekki ný bóla á stjórnarbúinu, þó að það komi fram, að Skipaútgerð ríkisins sé sem áður hreint ekki á hægra brjósti þessarar ríkisstjórnar, og er ekki breytt venju í því efni, þó að útgjaldaliðir Skipaútgerðar ríkisins séu ráðgerðir miklum mun lægri en vitað er að þarf til að annast þann rekstur. Svo hefur verið ár frá ári í tíð þessarar ríkisstjórnar. Hún hefur heldur kosið í ýmsum tilfellum, vitandi vits, að láta Ríkisskip vera annaðhvort vanhaldið af fé eða láta forstjórann ganga bónleiðan til búðar í sambandi við nauðsynlegustu útgjöld til að halda Skipaútgerðinni í lágmarksstarfi. Þessi aðferð ríkisstj er í rauninni furðuleg — og þó kannske ekki, það eru svo margir þættir í þessu máli. Það er vitað um rekstur Ríkisskips, og á það hefur verið bent af forstjóranum ár eftir ár, að ef útgerðin fengi viðunandi starfsskilyrði hvað húsakost snertir, væri það mikil bót og hjálp í sambandi við að draga úr rekstrarhalla. Ég skal ekki fjölyrða mjög og ekki fara inn á þá sögu, en það vekur náttúrlega nokkra athygli, að á sama tíma, sem Ríkisskip er rekið með vaxandi halla, er selt eina skipið, sem hefur fært Ríkisskip tekjuafgang, — tekjuafgang, sem hefur numið samtals hátt á elleftu millj. kr. (**Forseti**: Ef hv. þm. á enn óflutt töluvert af ræðu sinni, vil ég mælast til, að hann fresti henni, því að það er ráðgert að fresta fundi. Hann hefst aftur kl. 8½ í kvöld.) — [Fundarhlé].

Herra forseti. Ég mun hafa verið kominn þar ræðu minni að víkja að Skipaútgerð ríkisins og nefna nokkur dæmi um það, hvað sú stofnun er vanhaldin um rekstrarfé eins og fleiri skv. þessu fjárlagafrv. Ég hafði vikið að því, að ég hefði ekki frekar en aðrir orðið mikið var fyrr né síðar við áhuga hjá ríkisstj. í sambandi við starfsemi og rekstur þessarar nauðsynlegu stofn-

unar, Ríkisskips. Og það er staðreynd, að umhyggja ríkisstj. fyrir rekstri Skipaútgerðarinnar hefur ekki náð og virðist ekki ná svo langt að reyna að leysa að einhverju leyti vanda hennar með því að bæta aðstöðuna, bæði í sambandi við húsakost vegna starfseminnar og eins að taka til meðferðar þá till. forstjóra Skipaútgerðarinnar að skipta um skip og fá henni hagkvæmari skip til rekstrarins. Ég mun hafa líka vikið að því, að sú eina mjólkurkýr, ef svo má segja, sem Ríkisskip hafði, var tekin af því, þ. e. olíuskipið Þyrill, því var fargað, og þótti slíkt ekki búmannlegt að farga eina skipinu, sem einhverja björg dró í búið. Það virðist vera athyglisvert, að einmitt þetta skip skyldi vera selt, og líka á hvaða verði það virðist hafa verið selt. Að öðru leyti skal ég ekki hér fara inn á önnur sjónarmið, sem kunna að hafa ráðið einhverju í sambandi við sölu skipsins. En það var alveg utan við hagsmuni Ríkisskips. Mér er sagt, að þetta skip hafi verið selt á 5 millj. og í kaupunum hafi fylgt varahlutir sem næst einni millj. Þá eru eftir 4, en þar frá má draga, að Ríkisskip var nýbúið að láta klassa Þyril, og mun sá kostnaður hafa orðið um 2½ millj., svo að það mætti telja, að Skipaútgerð ríkisins hafi nettó fengið um 1½ millj. fyrir skipið.

Ég skal þá halda áfram að nefna fleiri ríkisstofnanir, sem eru í meira og minna rekstrarsvelti skv. því, sem fjárlagafrv. ber með sér og forstöðumenn þessara stofnana hafa talið og látið í ljós m. a. við fjvn. Í viðbót við þá upptalningu, sem ég hafði gert, má bæta við rannsóknastofnunum í þágu atvinnuveganna, til flugmála, til flugmálastjórnarinnar, til starfsemi í þágu flugsins, bæði varðandi starfræksluna, flugöryggið og flugvellina, enn fremur til raforkumálastjórnar, til rafvæðingar í sveitum og enn fremur til jarðhitadeildar. Og svona mætti halda áfram að telja.

Það er ekki enn þá séð fyrir endann á þeirri fjárvöntun, sem blasir við í sambandi við skólana, og skal ég ekki fara frekar út í það. En hugboð mitt er, að ekki sé ástæðulaust að óttast, að þar verði framkvæmdir mjög vanhaldnar, eins og á fleiri sviðum. Mér virðist það ekki ofsögum sagt, að frv. þetta bregði upp ófagurri mynd af viðhorfi ríkisstj. til framkvæmda og framfaramála. Og það væri vafalaust ástæða til að fjölyrða frekar um þessi og önnur atriði, þó að ég láti það vera að þessu sinni.

Þá vil ég benda á fyrirbæri á 14. gr. fjárlaganna, sem er alveg nýtt. Hvort sem það er nýtt undir sólinni, er það, þótt ótrúlegt sé, nýtt fyrirbæri í sambandi við fjárlagaafgreiðsluna. Á 14. gr. er fjöldi einstakra fjárveitingaliða felldur niður sem sjálfstæðar fjárveitingar, og kennir þar margra grasa, svo sem útgáfustyrkir, t. d. til gamalla menningarfélaga, eins og t. d. til Bókmenntafélagsins, Þjóðvinafélagsins, Fornleifafélagsins, Sögufélagsins, enn fremur til Fornritaútgáfunnar, Menningarsjóðs, Rímnafélagsins, Vísindafélagsins, Ætt- og mannfræðifélagsins, og enn fremur til Æviskráa Vestur-Íslendinga. Allar þessar síðasttöldu fjárveitingar voru styrkir veittir til útgáfu einstakra vísinda- eða fræðirita. Enn fremur má nefna, að á þessum lið 14. gr. voru einnig nokkrar smáar fjárveitingar til einstakra fræði- og vísindamanna til ákveðinna eða vissra ritstarfa. En í staðinn, eftir að hafa fellt niður þessar einstöku fjárveitingar, sem ég nefndi, og raunar fleiri, er búinn til úthlutunarsjóður á 14. gr., sem á að vera í höndum menntmrh. og hann einn að úthluta því fé og verður ekki séð annað en eftir eigin mati, eigin geðþótta. Þetta tel ég í raun og veru alveg óhafandi. Þetta er eitt sýnishornið af þeirri viðleitni ríkisstj. að reyna að draga úr höndum Alþ. margs konar ákvarðanir, sem eiga þar heima og hvergi annars staðar. Það eru ýmsir hlutaðeigendur í sambandi við þessa fyrri styrki, sem taka þessa breytingu alvarlega og vilja ekki í þessu efni eiga allt sitt undir hæstv. menntmrh. og hafa þar af leiðandi mótmælt þessari ráðstöfun.

Ég skal ekki fjölyrða teljandi um hæstv. fjmrh. eða hans störf, en vil aðeins geta þess, að mér fannst ræða hans áðan furðuleg, þótt að vísu megi segja, að hún sé á ýmsa lund heiðarleg. Hann virðist viðurkenna það einfaldlega, að hann sé alveg ráðþrota og hann kunni engin ráð. Og hann virðist líka viðurkenna, að vissulega geti ýmsar sparnaðarframkvæmdir komið til greina, en að hans dómi, eftir því sem mér skildist, orki það tvímælis, hvað á að gera og hversu vinsæll sparnaðurinn verður. Það er því sýnt, að varla er þaðan mikils að vænta, þótt hæstv. fjmrh. sé glöggur, eins og allir vita, og reyndur á marga lund. Er ég a. m. k. svartsýnn á, að það sé til nokkurs annars en fara í geitarhús að leita sér ullar, ef á að leita eftir bjargráðum hjá þessari ríkisstj., fyrst hæstv. fjmrh. játar, að hann kunni hvorki ráð né annað í þessum efnum, sem varðar sómasamlega afgreiðslu fjárl. Og raunar virðist manni hann vera eins og viss fuglategund, sem tapar fluginu undir vissum aðstæðum. Hann er bjargráðalaus og öll ríkisstj. Ef hann er bjargráðalaus, er varla að búast við leiðsögn hans, hvorki í þessu efni né öðru varðandi farsæla stjórn fjármála.

Ef litið er lauslega yfir fjárl. og ríkisreikning fyrir árin 1962, 1963 og 1964 og fjárl. 1965 og fjárlfrv., sem fyrir liggur nú, fyrir 1966, blasa við eftirtaldar staðreyndir:

1) Stórkostlegum tekjum umfram fjárl., sem féllu til á árunum 1962—1964, er eytt utan við fjárlagaheimild, á sama tíma og allar umbætur í sambandi við framkvæmdir úti á landi og annars staðar eru hiklaust skornar niður.

2) Þrátt fyrir þetta varð mikill greiðsluhalli á árinu 1964 og spáð greiðsluhalla fyrir árið 1965, þótt þá ætti sér stað, á því ári, með valdboði ríkisstj. niðurskurður á verklegum framkvæmdum og öðrum framkvæmdaliðum frá því, sem ákveðið hafði verið á fjárl., sem mun nema, eins og ég áður vék að, á 3. hundrað millj. kr.

3) Þrátt fyrir ráðgerðan tekjuauka samkv. fjárlfrv. 1966 er ákveðinn stórfelldur niðurskurður á framkvæmdafjárveitingum um allt land, og mun niðurskurðurinn og tekjuaukinn nema um ½ milljarði kr., eins og ég hef áður vikið að.

4) Hætta er á, að ýmsar ríkisstofnanir geti ekki á næsta ári innt hlutverk sitt af höndum vegna fjárskorts.

5) Þrátt fyrir allt þetta hefur engin tilraun til sparnaðar í ríkisbúinu átt sér stað.

6) Í vaxandi mæli fer árlega milljarður á milljarð ofan um hendur ríkisstj. Á sama tíma dregur hún sífellt úr nauðsynlegum og lögboðnum framkvæmdum til byggðarlaganna úti á landi. Í staðinn, a. m. k. í sumum tilfellum, tekur ríkisstj. í auknum mæli lánsfé til ýmissa framkvæmda, og það sama verða sveitarfélögin að gera, til þess að óhjákvæmileg verk stöðvist ekki alveg, og neyðast menn þannig til að taka á sig drápsklyfjar vaxta, sem í ýmsum tilfellum verða búnir að éta upp hið lögboðna ríkisframlag, þegar það loksins kemur.

7) Þetta gerist, meðan þjóðfélagið býr við það mesta góðæri, sem það hefur nokkurn tíma búið við.

En ríkisstj. situr og lætur fjárfúlgurnar, sem hún herjar út úr þjóðinni, renna úr greipum sér í eyðslu og óspilunarsemi. Nauðsynlegustu fjárframlög til aðstoðar fólkinu úti á landi til að gera því lífvænlegri búsetuna í heimabyggðinni eru í vaxandi mæli felld niður. Og í staðinn fyrir að sýna viðleitni til sparnaðar, t. d. í sambandi við fjárfúlgur til ráðuneytanna og sendiherranna eða ambassadoranna, sem nema samtals um 77 millj., er ekki hægt og ekki talið „vinsælt" að skera slíkar fjárhæðir niður og í staðinn lækkuð eða felld svo að segja hver fjárveiting til byggðarlaganna, og þannig eru tíndar saman nokkrar fjárhæðir til að halda við þessari, að því er sumum virðist, óhóflegu eyðslu eða óbúmannlegri meðferð á ríkisfé. Og það verður ekki um það deilt, að hér er í ríkisbúinu yfirleitt eytt um efni fram, og byrðunum vegna nauðsynlegra framkvæmda er velt yfir á framtíðina, sem enginn veit, hvað ber í skauti sér hvað snertir fjárhagslega getu. Menn hafa yfirleitt beðið og vonað og vænzt þess, að með sífelldri, aukinni fjárhagsgetu ríkissjóðs mundi ríkisstj. rétta hlut fólksins. Fyrir mörgum öldum var uppi þjóðhöfðingi, sem þótti úr hófi harðdrægur við þegna sína, og var nefnd send til hans til að beiðast miskunnar og vægðar í fjárheimtum og öðru slíku. Svar hans var þetta: „Faðir minn refsaði ykkur með svipu, en ég mun refsa ykkur með skorpiónum eða gaddasvipu."

Þetta fjárlfrv. sýnir, að engin von er á leiðréttingu hjá ríkisstj., heldur hið gagnstæða. Og dómsorð þjóðarinnar yfir henni hlýtur að verða: „Þú ert léttvæg fundin." Ríkisstj. hefur, eins og Fróðárhirðin fræga, setið lengur en sætt er.

Herra forseti. Ríkisstj. hefur, eins og alþjóð er kunnugt, svikið flest af sínum mikilvægustu loforðum. Vafalaust hefur ríkisstj. viljað gera marga hluti betur en raun ber vitni, enda haft til þess bæði fjárráð og tækifæri, — meiri fjárráð og tækifæri en nokkur önnur ríkisstj., sem setið hefur að völdum hér á landi. Hennar ógæfa og þá um leið allrar þjóðarinnar er, að hún hefur haft verðbólgudrauginn við stýri á stjórnarfleytunni. Ráðh. hafa róið undir, en hann ráðið ferðinni og stefnunni, og undir leiðsögn hans hefur verið stefnt afleiðis og út í ófæruna, sem við blasir.

Ingvar Gíslason: Herra forseti. Eins og sýnt hefur verið fram á í nál. fulltrúa minnihlutaflokkanna í fjvn. og ræðum frsm. þeirra, er nú svo komið, að verðbólgustefnan hefur riðið fjárhag ríkissjóðs á slig. Hefur skipt svo rækilega um í fjármálum þjóðarinnar, að ríkisbúskapurinn er rekinn með beinum halla. Halli ríkissjóðs 1964 reyndist 220 millj. kr. þrátt fyrir 313 millj. kr. umframtekjur það ár, og nú er látið í það skína, að halli muni verða á ríkisbúskapnum á því ári, sem er að líða. Árið 1962 var greiðsluafgangur ríkissjóðs um 162 millj. og 1963 um 139 millj. Umskiptin eru því ærið snögg og gegna satt að segja nokkurri furðu við fyrstu sýn. En við nánari athugun verður ljóst, sem allir ættu raunar að vita, að hversu gróðavænleg sem verðbólgan kann að vera einstökum skuldakóngum, er hún banabiti ríkissjóðs og allrar eðlilegrar fjármálaþróunar. Allar vangaveltur um eitthvert ágæti verðbólgunnar eru því bæði ábyrgðarlausar og heimskulegar og í hvívetna ósæmilegar. En slíkar vangaveltur eru ekki með öllu ógalgengar, jafnvel hér í þingsölum. Vil ég þó í því sambandi undanskilja hæstv. fjmrh., sem tók það mjög skýrt fram í sinni ræðu hér, að verðbólgan væri aðalógnvaldur ríkissjóðs.

Það efnahagsvandamál, sem yfirskyggir öll önnur í íslenzku þjóðlífi í dag, er verðbólgan og dýrtíðin. Eins og henni er nú komið, færir hún ekkert nema bölvun yfir þjóðina. Það er deilt um orsakir verðbólgunnar og einnig, hversu ör hún sé. Um vöxt verðbólgunnar vil ég segja það eitt, að hún er nógu ör til þess að valda hverjum hugsandi manni áhyggjum og ætti því ekki að vera neitt deiluefni.

Orsakir verðbólgunnar eru vafalaust margar. Í fyrsta lagi hefur gætt hér verðbólguþróunar meira eða minna í 25 ár, en hún hefur sjaldan eða aldrei verið jafnágeng og langvarandi ör eins og nú hin allra síðustu ár. Orsakanna til þessa er fyrst og fremst að leita í efnahagsaðgerðum og fjármálastjórn þeirrar ríkisstj., sem farið hefur með völdin undanfarin tvö kjörtímabil. Ber þar hæst algert stjórnleysi á fjárfestingarmálum og hin óheillavænlegu áhrif, sem það hefur haft á verðlagsþróun og peningagildi. Kaupgjaldshækkanir og hækkun innlendrar búvöru eru afleiðing verðbólgunnar og þeirrar stefnu, sem ríkt hefur í efnahags- og fjármálum, en ekki orsök. Að sjálfsögðu dettur engum annað í hug, þegar slíkar kollsteypur eiga sér stað í framleiðslu- og framfærslukostnaði eins og orðið hafa, en það leiði til hækkunar á kaupgjaldi og búvöruverði. Slíkt kemur af sjálfu sér. Launamaðurinn getur ekki framfleytt fjölskyldu sinni sómasamlega í vaxandi dýrtíð án þess að fá kauphækkun, og bóndinn getur ekki staðið undir búrekstri sínum og framfleytt fjölskyldu sinni, þegar allar rekstrarvörur fara stórhækkandi og lánskjör hans eru rýrð, nema þá til komi hærra verð á framleiðsluvörum hans. Hitt er svo annað mál, að kapphlaup milli kaupgjalds og verðlags veldur efnahagserfiðleikum, sem nauðsynlegt er að gefa náinn gaum að, en úr þeim verður ekki bætt nema með því að eyða frumorsökinni, hinni röngu efnahagsstefnu, fyrst og fremst stjórnleysinu í fjárfestingarmálum svo og rangri lánapólitík, bæði að því er snertir atvinnuvegi og húsnæðismál. Stjórnleysið í fjárfestingunni hefur leitt til ofurvalds kaupsýslubraskaranna yfir því vinnuafli, sem hægt er að

binda með sómasamlegum hætti í byggingarstarfsemi, og svo vitlaus lánapólitík, þ. e. a. s. allt of stutt stofnlán og okurvextir. Þetta hefur gert framleiðslukostnað allt of háan og húsbyggingakostnaðinn óviðráðanlegan nema í verðbólgu. Þessi þróun hefur m. a. fætt af sér tildurslegri byggingarhætti og slappari viðskiptamóral en þekkist nokkurs staðar á byggðu bóli, þar sem ég þekki til. Þó að ríkisstj. hafi nú nýlega tekið að dæla auknu fé inn í veðlánakerfið, m. a. til þess að kaupa sér stundarfrið við verkalýðssamtökin, er öll skipan lánamála og byggingarhátta í sama foraðinu eftir sem áður. Hlutfallið milli byggingarkostnaðar og lánsmöguleika er lítið betra en verið hefur. Lítið sem ekkert er gert til að lækka byggingarkostnað, a. m. k. er enginn sýnilegur árangur af þeirri viðleitni, ef hún er einhver, og alls ekkert gert til þess að tryggja, að menn geti risið undir húsnæði sínu af launatekjum einum saman. Hér hefur því engin breyting á orðið. Að vísu er búið að setja vísitöluákvæði á veðdeildarlánin, og það er að nokkru leyti ný ráðstöfun á lánamálum húsbyggjenda, en gersamlega gagnslaus verðbólguráðstöfun ein út af fyrir sig. Ef ekki er hægt að tryggja sæmilega stöðugt verðlag og peningagildi og koma á og viðhalda viðunandi hlutfalli milli kaupgjalds og húsnæðiskostnaðar, munu núverandi aðgerðir í lánamálum ekki duga til neinnar frambúðar. Miðað við það, sem haft er fyrir satt, að kauphækkanir leiði til verðbólguþróunar eða a. m. k. haldi henni við, er fátt áhrifaríkara til stöðvunar verðbólgunni heldur en heilbrigð stefna í lánamálum húsbyggjenda, því að fátt eða ekkert knýr eins á um kauphækkanir og hinn hái húsnæðiskostnaður almennings.

Verðbólguþróunin setur mark sitt á það fjárlagafrv., sem hér er til umr. Hæstv. ríkisstj., sem að frv. stendur, er að sjálfsögðu vel vitandi um það, hversu grátt ríkissjóður er leikinn af völdum verðbólgunnar. Hins vegar ber fjárlagaafgreiðslan þess engin merki, að ríkisstj. geri sér fulla grein fyrir nauðsyn þess að stöðva verðbólguna og koma í veg fyrir, að hún svelgi í sig ríkissjóðstekjurnar, sem fara hækkandi ár frá ári, enda einstakt árferði, síaukin framleiðsla, örugg afurðasala og gott verð á útflutningsvörum. Mitt í öllu góðærinu er ríkissjóður rekinn með halla, og atvinnuvegirnir berjast í bökkum, nema hvað kaupsýslubraskararnir raka til sín of fjár. Hæstv. ríkisstj. gerir ekkert til þess að stöðva verðbólguna og tryggja gjaldmiðil þjóðarinnar. Hún horfir á það aðgerðalaus, að allt fjárhagskerfi ríkisins er nú að molna niður fyrir augunum á henni. Aðferð hæstv. ríkisstj. í sambandi við fjárlagaafgreiðsluna er aðeins sú að leggja á aukna skatta og skera niður fjárveitingar til nauðsynlegra almannaframkvæmda. Aðferð hæstv. ríkisstj. í stjórn fjárfestingarmála er sú og hefur lengi verið sú að láta einkaauðmagnið leika lausum hala með yfirboðum og fjáraustri, en sjálf stendur hún vanmáttug gagnvart því, sem ríkinu ber að framkvæma. Það er látið sitja á hakanum, þangað til svo er komið, að ekkert er hægt að gera vegna óðaverðbólgu og dýrtíðar. Þannig stendur dæmið nú við þessa fjárlagaafgreiðslu, að beinn rekstur ríkissjóðs tekur sífellt meira til sín, en þeim mun minna verður til þess að standa undir nauðsynlegum opinberum framkvæmdum. Ríkisstofnanir, sem löngum hafa staðið vel undir rekstri sínum og eðlilegri þróun, standa nú höllum fæti, þ. á m. póstur og sími og ríkisútvarpið.

Þróun skólamála er sannast að segja uggvænleg. Allir vita, að nauðsynlegt er að auka skólakerfið stórlega með nýjum skólabyggingum og nýskipan kennsluhátta, en þær einu fréttir, sem við höfum haft af vettvangi skólamálanna, eru þær, að lítil eða engin hækkun verði á framlögum til skólabygginga á næsta ári, og ríkisstj. gerir allt, sem í hennar valdi stendur, til þess að koma í veg fyrir, að hafizt sé handa um nýjar skólaframkvæmdir. Ringulreið efnahagskerfisins er þarna fremur um að saka heldur en vísvitandi afturhaldssemi hæstv. ráðh. Í hafnamálum er ástandið ekki betra. Samkv. óskalista vitamálastjóra, sem hann birti á fundi í fjvn. fyrir skömmu, er mjög aðkallandi talið að vinna að hafnarframkvæmdum fyrir 220 millj. kr. á næsta ári. Upp í þetta er fjárlagafé til hafna áætlað um 25 millj. kr. Framlög til raforkuframkvæmda í sveitum eru skorin niður eins og annað og alger óvissa ríkjandi í þeim málum. Í öllum greinum samgöngumála horfir til stórra vandræða. Lögboðið ríkissjóðsframlag til vegamála er algerlega skorið niður, en benzínskattur hækkaður til að vega þar upp á móti. Flugmálin eru rekin eins og bónbjargastofnun, og nauðsynlegum flugvallarframkvæmdum til eflingar innanlandsflugi er alls ekki sinnt. Till. flugmálastjóra um bætta öryggisþjónustu er kastað í bréfakörfuna eins og hverju öðru fánýti. Um fjárveitingar til listastarfsemi og mennta- og menningarmála utan við skólamálin er hið sama að segja og oft áður, að þar er hver hungurlús, sem um er beðið, talin jafngilda því, að ríkissjóður fari á hausinn. Að mínum dómi er það langt fyrir neðan virðingu Alþ. að vera með sýtingshátt gagnvart slíkum fjárbeiðnum mörgum hverjum, sem oft berast Alþ. eða fjvn. og gera hvorki til né frá um afkomu ríkissjóðs, en kann að muna vissa einstaklinga eða félög nokkru.

Í þinglokin s. l. vor voru samþ. ný lög um rannsóknir í þágu atvinnuveganna. Með lögum þessum er gert ráð fyrir algerri nýskipan rannsóknamála í landinu, fyrst og fremst hinna hagnýtu rannsókna í þágu atvinnuveganna. Lögin mynda nýja umgerð um verksvið rannsóknanna og eiga að tryggja samvirka forustu og samræmda stefnu í rannsóknamálum. Að því leyti eru lögin mikil framför frá því, sem áður var, því að eldri skipan þessara mála var orðin úrelt og tryggði ekki með viðunandi hætti nauðsynlegt heildarsamræmi í rannsóknum né þann trausta grundvöll, sem í hvívetna er nauðsynlegur undir slík mál í tækniþjóðfélagi nútímans. Hvað efni og ytri búnað snertir eru hin nýju lög um rannsóknir í þágu atvinnuveganna því líkleg til að marka tímamót í atvinnusögu þjóðarinnar. En til þess að svo megi verða, er þó ekki nóg, að lögin séu snoturlega úr garði gerð. Hér mun fara sem oft áður, að þessi lög verða pappírsgagn eitt, ef Alþ. og ríkisstj. láta undir höfuð leggjast að búa hinu nýja rannsóknakerfi við-

unandi fjárhagsgrundvöll. Hefði mátt ætla, eftir að lög um rannsóknir í þágu atvinnuveganna voru samþ., að nýtt, myndarlegt átak yrði gert til þess að treysta fjárhagsgrundvöll rannsóknastofnananna og efla þær að nauðsynlegum búnaði og mannsliði. Því miður skortir mjög á, að hæstv. ríkisstj. hafi gert nokkurt átak í þessa átt. Ekki verður séð, að hæstv. ríkisstj. hafi gert neitt sérstakt til þess að efla fjárhagsaðstöðu rannsóknastofnananna, jafnframt því sem hin nýju lög eru samþ., og því situr allt í sama fari og áður. Umskiptin í rannsóknamálum þjóðarinnar eru því enn langt undan, og ekkert bólar á raunverulegum breytingum til bóta, sem vænzt var, þegar l. voru samþ. Fjárlagaafgreiðslan að þessu sinni er skýrastur vottur um þetta. Lítið sem ekkert tillit hefur verið tekið til rökstuddra erinda forstöðumanna rannsóknastofnana um fjárframlög, enda er það sameiginlegt einkenni allra stofnananna, að þær þola fjárhagslega nauð og skort á mannsliði og rannsóknaaðstöðu.

Til þess að bæta úr brýnustu verkefnum hinna nýju rannsóknastofnana þarf umfram allt að veita nýju fjármagni til þeirra. Menn skyldu halda, að hér væri um einhverjar ofsafúlgur að ræða. Svo getur þó ekki talizt. Mér telst svo til, að heildarupphæð þess viðbótarfjármagns, sem rannsóknastofnanirnar telja sig nauðsynlega þurfa á að halda, sé nálægt 7.8 millj. kr. Þær rannsóknastofnanir, sem hér um ræðir, eru hafrannsóknastofnunin, rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, rannsóknastofnun landbúnaðarins, rannsóknastofnun iðnaðarins og rannsóknastofnun byggingaiðnaðarins auk sjálfs rannsóknaráðs ríkisins.

Hafrannsóknastofnunin, sem áður hét fiskideild atvinnudeildar Háskóla Íslands, gegnir mjög fjölþættu hlutverki í sambandi við haf- og fiskirannsóknir, bæði að því er tekur til hagnýtra rannsókna og fiskileitar og undirstöðuvísindarannsókna. Allir virðast gera sér ljóst í orði, að viðtækar hafrannsóknir séu okkur Íslendingum grundvallarnauðsyn vegna hins mikla hlutverks sjávarútvegsins í atvinnulífi þjóðarinnar. Fer þó víðs fjarri, að hafrannsóknastofnuninni séu búin viðunandi kjör. M. a. háir starfsmannaskortur mjög allri starfsemi stofnunarinnar. Hrúgast upp mikilvæg vísindaleg gögn, sem ekki er hægt að vinna úr vegna skorts á aðstoðarmönnum. 11 sérfræðingar starfa við stofnunina og auk þess 14 aðstoðarmenn. Þó eru a. m. k. tveir sérfræðinganna, sem enga aðstoðarmenn hafa í sinni þjónustu. Eðlilegt er talið, að hver sérfræðingur hafi sér til aðstoðar tvo starfsmenn. Á meðan ástandið er eins og hér hefur verið lýst, er þess ekki að vænta, að hafrannsóknastofnunin starfi með eðlilegum afköstum. Starfskraftar sérfræðinganna nýtast ekki, meðan þannig er að þeim búið.

Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, sem áður nefndist Rannsóknastofa Fiskifélags Íslands, skilar ekki hálfu starfi á við það, sem nauðsyn krefur og áhugi forráðamanna hennar beinist að, vegna fjármagnsskorts og manneklu. Rannsóknaaðstaða er þó á ýmsan hátt góð þar, en þar er þörf fleiri sérfræðinga og aðstoðarfólks. Forráðamenn stofnunarinnar telja nauðsynlegt m. a. að hefja víðtæka rannsókna- og tilraunastarfsemi á sviði freðfisksframleiðslu, svo og á sviði véla- og verksmiðjutækni, t. d. rannsóknir í sambandi við vélvæðingu síldarsöltunar, en þar er mikilla umbóta þörf. Þarf stofnunin því á stórauknu starfsfé að halda.

Rannsóknastofnun landbúnaðarins er undir sömu sökina seld og sagt hefur verið um hinar tvær, að fjármagnsskortur og fólksleysi háir starfsemi hennar og eðlilegri vaxtarþróun. Þannig hefur árum saman verið þörf fyrir tvo viðbótarsérfræðinga og a. m. k. tvo aðstoðarmenn, sem ekki hefur verið hægt að ráða, þó að hæfir menn væru í boði. Tveir ungir sérfræðingar í landbúnaðarvísindum hafa menntað sig í þeim tilgangi að takast þessi störf á hendur, en þeir verða báðir að leita sér atvinnu erlendis, þar sem þeim er ekki gert kleift að vinna í sérgrein sinni hér á landi. Er þetta eitt dæmið af mörgum um þá sóun á mannsliði og sérfræðiþekkingu, sem einkennandi er á Íslandi nú.

Rannsóknastofnun iðnaðarins hefur fjölþættu hlutverki að gegna í sambandi við hagnýtar jarðfræði- og iðnaðarrannsóknir, og eru fyrirliggjandi verkefni á þeim sviðum nær óþrjótandi og mikill áhugi forráðamanna stofnunarinnar á því að sinna þessum verkefnum af alúð og dugnaði. M. a. bíða mikil verkefni í sambandi við matvælarannsóknir og rannsóknir á nýjum geymsluaðferðum, þ. á m. svonefndri frostþurrkun, sem haft getur ómetanlega þýðingu varðandi geymslu og flutning matvæla. Einnig eru fyrirhugaðar nýjar rannsóknir og tilraunir í sambandi við leit að heitu vatni, þ. e. a. s. snefilefnarannsóknir, en þær mundu m. a. geta sparað borun, eins og nú er algengast að nota í þessu sambandi og er ærið kostnaðarsöm aðferð.

Rannsóknastofnun byggingaiðnaðarins er skorinn allt of þröngur stakkur við núverandi aðstæður, því að útilokað er, að hún geti sinnt æskilegum verkefnum. M. a. hefur ekki verið tekið undir fjárbeiðni stofnunarinnar um sérstakar fjárveitingar vegna rannsókna á vegagerðarefni og á byggingarefni né heldur rannsókna á íbúðarhúsabyggingum. Um brýna nauðsyn þess, að þessum verkefnum sé sinnt, þarf enginn að efast. Íbúðarhúsabyggingar eru einn fyrirferðarmesti liðurinn í heildarfjárfestingu þjóðarinnar og á allra vitorði, að mörgu er ábótavant á því sviði, þannig að allt, sem verða mætti til sparnaðar og hagræðingar í íbúðabyggingum, er þjóðhagslega séð mjög hagkvæmt. Sama er að segja um rannsóknir á vegagerðarefni. Vegagerð er einnig einn mikilvægasti og fjárfrekasti framkvæmdaþáttur þjóðarbúsins, en hins vegar alkunna, að vegagerð er ærið ófullkomin hér á landi, sem m. a. stafar af slæmu vegagerðarefni. Þess vegna er brýn þörf á auknum rannsóknum á þessu sviði.

Sjálft rannsóknaráð ríkisins býr við fjármagnssvelti og manneklu, þannig að ólíklegt er, að það geti sinnt aðkallandi verkefnum. Samkv. hinum nýju l. um rannsóknir í þágu atvinnuveganna hafa verkefni rannsóknaráðs verið aukin verulega, og ástæða var til að ætla, að ríkisvaldið mundi leggja til, að fjárveitingar til ráðsins yrðu auknar frá því, sem verið hefur.

En svo er þó ekki. Rannsóknaráð býr við óhæga starfsaðstöðu og jafnvel svo langt gengið, að fjárveiting til sérstakra rannsókna samkv. ákvörðun ráðh. og að fengnum till. rannsóknaráðs er nú algerlega felld niður. Rannsóknaráð taldi eðlilegt, að veittar yrðu 300 þús. kr. í þessu skyni, en undir það hefur ekki verið tekið nú. Einnig er allt of litlu fé varið til upplýsingaþjónustu rannsóknaráðs, sem er einn nauðsynlegasti þátturinn í starfsemi þess og miðar m. a. að því að miðla hagnýtum upplýsingum um tækni og vísindi til atvinnufyrirtækja hér á landi. Hefur m. a. verið á það bent af hálfu erlendra sérfræðinga, sem kynnt hafa sér rannsóknamál hér á landi, að þennan þátt mætti sízt vanrækja.

Ég hef sérstaklega viljað benda á það misræmi, sem er milli orða og gerða í öllu því, sem viðkemur sérstökum og almennum rannsóknum hér á landi. Þrátt fyrir nýja og viðtæka löggjöf um rannsóknamálefni er lítið sem ekkert gert til þess að fylgja henni fram með auknum og eðlilegum fjárveitingum. Stöndum við Íslendingar þó mjög höllum fæti í rannsóknamálum og verjum allt of litlu fé miðað við þjóðarframleiðslu til þeirra mála. Stöndumst við þar engan samjöfnuð á við aðrar þjóðir á svipuðu menningarstigi.

Málefni háskólans eru einnig vanrækt, svo að vansi er að. Vísindastarfsemi háskólans verður að efla stórlega, ef hann á ekki að kikna undir nafni. Er þá bæði átt við raunvísindi og hugvísindi. Meðal aðkallandi verkefna er efling rannsóknastofu í lífefnafræði, og raunvísindastofnun háskólans starfar aðeins í einni deild, þó að fjórar deildir séu fyrirhugaðar. Og það er fjármagnsskortur, sem fyrst og fremst stendur raunvísindadeildinni fyrir þrifum. Þróun hugvísinda er einnig allt of hægfara, þannig að heilum vísindagreinum er í engu sinnt frekar en þær séu ekki til. Mun t. d. leitun á þeim háskóla, sem sinnir ekki alhliða þjóðfélagsvísindum og samtímasögu. Á þeim sviðum er Háskóli Íslands alger eyðimörk. Einnig fer því fjarri, að viðunandi aðbúnaður sé að stúdentum við háskólann. Stúdentar eiga m. a. ekkert viðhlítandi félagslegt athvarf, og fjárhagsstuðningur við félagsheimili þeirra er svo við nögl skorinn, að „borin von er, að hægt sé að hefja framkvæmdir við það," eins og háskólarektor orðaði það á fundi með fjvn.

Síðast, en ekki sízt, vil ég leyfa mér að vekja athygli á ástandi háskólabókasafnsins, en samkv. álitsgerð háskólaráðs er það einn „veikasti hlekkurinn" í starfsemi háskólans. Kveður mjög rammt að þessu, enda útilokað með öllu að ljúka hér vísindaritgerðum vegna skorts á bókum og slæmrar aðstöðu á háskólabókasafni. Hér er allt á sömu bókina lært. Fjármagnsskortur og mannekla hamla eðlilegum framförum. Og ekki aðeins það, heldur veldur þetta beinni afturför, jafnframt því sem það kippir fótum undan eðlilegum vexti og viðgangi vísindalegrar starfsemi í landinu.

Það er gott dæmi um skilning ríkisvaldsins á nauðsyn rannsókna- og vísindastarfsemi, að hér eru í lögum háir tollar á vísindatækjum, þó að flestar siðaðar þjóðir hafi komið sér saman um að hafa slík tæki undanþegin tollum. Mun það ekki dæmalaust, að íslenzkar vísindastofnanir hafi átt fullt í fangi með að taka við vísindatækjum að gjöf, vegna þess að þær höfðu ekki fjárhagslegt bolmagn til þess að greiða toll af gjöfinni.

Ég hef bent á nokkur atriði til þess að sýna fram á, hversu langt ríkissjóður er frá því að sinna nauðsynlegasta fjárhagsstuðningi við opinberar framkvæmdir og stuðningi við vísinda- og rannsóknamál, eins og fjármálaþróunin er nú. Ástandið er þannig í fjármálum ríkissjóðs, að þrátt fyrir sívaxandi þjóðarframleiðslu og síhækkandi verðlag á útflutningsafurðum og aukna skatta gleypir verðbólgan alla aukninguna, rekstrarliðirnir bólgna út, en framkvæmdafé og uppbyggingarfé fer sífellt minnkandi, bæði beint og óbeint. Verðbólguþróunin er svo hraðfleyg, að yfir 100 millj. kr. greiðsluafgangur í fyrra er orðinn að mörg hundruð millj. kr. greiðsluhalla í ár þrátt fyrir vaxandi tekjur. Þessi þróun leiðir til þess, að smám saman grefst undan fjárhagskerfi ríkisins. Ríkissjóður verður ófær um að standa við lögbundnar skyldur sínar um framlög til margs konar uppbyggingarstarfsemi. Skólalöggjöfin, samgöngumálin, rannsókna- og vísindastarfsemi, háskólinn o. s. frv., allt þetta er meira og minna í molum og heldur áfram að vera það, meðan efnahags- og fjármálaþróunin er eins og raun ber vitni. En um hitt þarf varla að ræða, til hvers langvarandi vanræksla á sviði samgöngumála, mennta- og menningarmála og vísinda- og rannsóknastarfa leiðir. Hún leiðir einfaldlega til afturfarar. Hún er ekki aðeins vandamál þess tíma, sem við lifum á. Hún er vandamál, sem gæta mun langt inn í framtíðina. Undirrót þessa ástands er verðbólgustefna hæstv. ríkisstj. og fádæma skammsýn stjórnarforusta.

Ég tel, að mikil nauðsyn sé á stefnubreytingu í íslenzkum stjórnmálum. Breytingin þarf fyrst og fremst að miða að því að efla samstöðu milli flokka og stétta um raunhæfar og varanlegar úrbætur í efnahags- og fjármálum. Ég hygg, að grundvöll mætti finna undir samstarf raunsærra manna úr öllum stjórnmálaflokkum, sem af einlægni og án hleypidóma vilja takast á við vanda verðbólgunnar og þau stóru framtíðarverkefni í atvinnu- og menningarmálum, sem bíða úrlausnar, en nú er skotið á frest. Vandamál efnahagslífsins eru ekki óleysanleg. En ég efast um, að þau verði leyst án víðtækrar samstöðu stétta og stjórnmálaflokka.

Helgi Bergs: Herra forseti. Fjárlagafrv. á hverjum tíma sýnir í rauninni glögga mynd af fjármála- og efnahagslífinu eins og það er. Ég hygg, að sjaldan muni fjárlagafrv. hafa gefið ömurlegri mynd af þessu en einmitt núna. Það er vafasamt, að endar nái saman, þrátt fyrir það þó að opinberar þjónustuframkvæmdir séu beinlínis að hverfa út úr fjárl. Framlög til vegamála eru horfin með öllu, og framlög til skóla, til hafna og hliðstæðra framkvæmda eru 20% lægri en þau voru í fyrra, þó að geymd séu 20% síðan í fyrra, þannig að í rauninni er sú viðbót, sem nú kemur, aðeins 60% af framlögum, sem ákveðin voru á fjárl. síðasta árs.

Það er verðbólguóstjórnin, það er dýrtíðarstefna stjórnarinnar, sem búin er að fara þannig með þetta. Og það er ekki bara hjá ríkinu sjálfu, sem við sjáum þessa mynd. Eins og ég sagði, eru fjárl. aðeins spegilmynd af því, sem er að gerast í þjóðfélaginu að öðru leyti. Svipaða mynd er að finna hjá atvinnufyrirtækjunum í landinu. Óstjórnin í fjárfestingarmálunum hefur þanið út verðlagið, og ríkisstj. hefst ekkert að í þeim efnum. Verðbólgufjárfestingin ein hefur frjálsar hendur, en verðbólgufjárfestingu kalla ég þá fjárfestingu, sem mótast fyrst og fremst af viðleitninni til þess að koma aurum sínum í fast, fremur en af þörfum þjóðarinnar. Atvinnufyrirtækin — eins og ríkið — þurfa meira og meira fé til þess að halda sér gangandi. Þau verða fyrir barðinu á lánsfjárhöftunum. Afleiðingin er sívaxandi, keðjuverkandi vanskil í þjóðfélaginu og raunar sívaxandi hallarekstur. Og það eru fleiri en atvinnufyrirtækin, sem þannig eru sett. Við höfum í dag heyrt lýsingar á því, hvernig póst- og símamálastjórnin er komin með sín mál af sömu orsökum. Við höfum heyrt um það, hvernig fjárhag útvarpsins er komið, og okkur hefur verið boðað það, að þessar stofnanir muni nú þurfa að sækja nýtt fé í vasa almennings. Reykjavíkurborg er í miklum greiðsluerfiðleikum, eins og allir sjá, sem við hana hafa viðskipti, og sjálfsagt önnur sveitarfélög á landinu ekki síður, og svo mætti lengi telja. Það eru ekki aðrir en ríkissjóður, sem geta gengið í Seðlabankann, þegar þá vantar meira fé, og það er dapurleg staðreynd, að ríkissjóður mun á þessu ári hafa yfirdregið reikning sinn hjá Seðlabankanum svo mikið, að hann tók í yfirdrátt til sín hátt upp í helming af öllu því fé, sem bundið er í hinni svokölluðu sparifjárfrystingu, sem sagt er að eigi bæði að standa undir gjaldeyrissjóðnum, endurkaupum víxla o. s. frv., þó að þetta ástand muni nú eitthvað hafa skánað á seinni mánuðum ársins, eins og venja er til. En meðan fjárfestingarmálin eru látin reka á reiðanum, heldur verðbólgubróunin áfram, og afleiðingin verður vaxandi öngþveiti í fjármálum ríkisins og annarra. Ég skal koma lítið eitt að þessu efni aftur, áður en ég lýk máli mínu, en ætlun mín var að takmarka mál mitt við nokkur atriði á 13. gr. fjárl., nokkra þætti samgöngumálanna.

Allar þjóðir leggja mikið fé fram af ríkisins hálfu til samgöngumála, enda eru samgöngumál ein sú opinber þjónusta, sem ríkust áhrif og mest hefur á atvinnulíf í landinu. Við Íslendingar búum í strjálbýlu landi og erfiðu að þessu leyti til, enda er því stundum haldið mjög á lofti, að við þurfum að leggja öðrum meira fé til samgöngumála. Vafalaust er það rétt, að við þyrftum að gera þetta, en ég efa mjög, að við gerum það. Ef við berum okkur saman við þau nágrannaland okkar, þar sem skilyrðin eru einna líkust, en það er í Noregi, þó að það sé sex sinnum þéttbýlla land, og berum saman fjárlög okkar fyrir árið 1965 og fjárlög Norðmanna og tökum þá að sjálfsögðu vegáætlunina hér með fjárlagaupphæðunum, sjáum við það, að við og Norðmenn leggjum mjög svipað á þessu ári á íbúa til vegamála, tæpar 1500 kr. á íbúa í hvoru landi. Til strandferða og flóabáta leggjum við dálítið meira en Norðmenn, eða um 170 kr. móti 76 kr. á íbúa hjá þeim, en svo leggja þeir til járnbrauta hvorki meira né minna en 343 kr. á árinu á hvern íbúa landsins. Og niðurstaðan verður sú, þegar þetta er allt lagt saman, að Norðmenn leggja til samgöngumála 1924 kr. á árinu á hvern íbúa landsins, en við 1660.

Strandferðirnar hjá okkur gegna að vissu leyti svipuðu hlutverki og járnbrautirnar hjá öðrum þjóðum. En við leggjum þó til þeirra mála aðeins helming af því, sem Norðmenn leggja til járnbrautanna, og aðeins um 40% af því, sem þeir leggja til járnbrauta og strandferða.

Það, sem mesta athygli vekur í sambandi við samgöngumálin í þessu fjárlagafrv., er það, að framlagið til vegamála er horfið. Það hefur verið vakin athygli á því af fyrri ræðumönnum hér í dag, að hér er um að ræða ótvírætt og greinilegt brot á því samkomulagi, sem gert var í des. 1963, þegar vegal. voru samþ. og samningar fóru fram milli flokkanna um það, hvernig ætti að skipta útgjöldum til vegamála á umferðina annars vegar og ríkið hins vegar og hvernig ætti að útvega fé til uppbyggingar vegakerfisins. Hæstv. samgmrh. gaf þá ótvíræða yfirlýsingu úr þessum ræðustól þann 17. des. 1963, sem hér hefur verið lesin upp í þessum umr. og ég skal ekki gera aftur. Hann fullvissaði um það, að þetta ríkisframlag á fjárl. mundi ekki verða lækkað. Nei, það hefur ekki verið lækkað, heldur horfið alveg. Það er að sjálfsögðu mjög alvarlegur hlutur, að yfirlýsing, sem ráðh. gefur á Alþ. og er liður í samkomulagi ríkisstj. við Alþ., skuli vera svo gersamlega ómerkt. Við munum hafa fá hliðstæð dæmi, jafnvel á þessum síðustu og verstu viðreisnartímum. En þrátt fyrir það, þó að þannig sé komið, að ríkisstj. riftir samkomulaginu, sem gert var um vegamálin, og við verðum að horfast í augu við það, meðan við höfum óbreytta ríkisstj. og óbreytta stjórnarstefnu, að stórvirki verði ekki unnin í vegamálum, er ekki úr vegi að gera sér grein fyrir því, hver þörf er í þeim efnum fyrir aukin átök.

Það má rifja það upp, að á undanförnum 30 árum hafa verið unnin stórvirki í vegamálum á Íslandi. Þá settu Íslendingar sér það markmið að koma á vegakerfi til allra byggðarlaga landsins. Markið var að vísu ekki á þeim tíma sett hærra en svo að koma á akfæru vegasambandi, gera bílfært, eins og kallað var. Ég segi ekki, að þessu verkefni sé lokið, en því er mjög vel á veg komið, og í því efni hafa stórvirki verið unnin. Það verður að sjálfsögðu að halda áfram og ljúka því. En því rifja ég þetta upp, að ég vildi vekja athygli á því og undirstrika, að það hefur verið meginregla í sambandi við þessa uppbyggingu vegakerfisins, að það væri borgað af samtímatekjum, það væri borgað af framlögum ríkisins á fjárl. Það hefur verið meginreglan, og það hafa verið undantekningartilfelli, ef vegaframkvæmdir hafa verið unnar fyrir lánsfé, þangað til nú á seinustu árum.

Nú stöndum við frammi fyrir nýju verkefni í þessum efnum, frammi fyrir því verkefni að byggja okkur efnahagslega hagkvæmt vegakerfi, vegakerfi, sem er miðað við nútímaumferð og

nútímakröfur. Þegar vegal. voru sett, var þetta sjónarmið viðurkennt. Í þeim eru ákvæði um það, að gera skuli hraðbrautir, brautir úr varanlegu efni, þegar umferðin um vegina hefur náð ákveðnu þar tilgreindu marki. En í vegáætlun eru aðeins lagðar 14 millj. kr. á ári til þessa hlutverks. Það er sem sagt gert ráð fyrir því, að þær framkvæmdir, sem unnar verði á þessu sviði, verði unnar fyrir lánsfé, og það, sem gert hefur verið fram að þessu, hefur verið unnið fyrir lánsfé. Það er athyglisvert, að það skuli einmitt vera nú á þessum mestu veltutímum og góðæristímum, sem yfir okkar land hafa gengið, sem við förum að velta kostnaðinum af verkefnum samtíðarinnar yfir á framtíðina.

Það er ástæða til þess að gera sér svolitla grein fyrir því, hvort það sé réttlætanlegt að gera þetta og hvenær er yfirleitt réttlætanlegt að vinna framkvæmdir fyrir lánsfé og hvenær er eðlilegt að vinna þær fyrir samtímatekjur. Ég vil halda því fram, að til þess að réttlætanlegt sé að vinna að opinberum framkvæmdum eða raunar öðrum framkvæmdum fyrir lánsfé, þurfi þessar framkvæmdir að vera takmarkaðar, þannig að það sjái fyrir endann á þeim, og það sé sem sagt afmarkað og skilgreint verkefni, og í öðru lagi þurfi framkvæmdirnar að gefa af sér tekjur til þess að borga þau lán, sem í þær eru tekin, eða a. m. k. að auka svo greiðslugetu þjóðarinnar, að hún eigi auðvelt með að standa undir greiðslum af þeim lánum.

En er nú hér á þessu sviði um að ræða takmarkaðar framkvæmdir, afmarkaðar framkvæmdir, sem við sjáum fyrir endann á? Nei, það er öðru nær. Núna eru í vegáætluninni Suðurnesjavegur, sem er að verulegu leyti — ekki að fullu þó — lokið, það er Vesturlandsvegur upp í Kollafjörð, það er Austurvegur austur á austurbrún Hellisheiðar, það er hringvegur kringum Reykjavík og Hafnarfjörð og nokkrir fleiri spottar í nágrenninu hér og vegarkafli hjá Akureyri. En það er ástæða til þess að gera sér ljóst, að það eru nú þegar miklu fleiri vegir á landinu, sem uppfylla skilyrði vegal. um það að vera hraðbrautir. En það skilyrði er, sem kunnugt er, það, að ætla megi, að innan 10 ára megi gera ráð fyrir, að sumarumferðin um þessa vegi verði a. m. k. 1000 bílar á dag.

Það er ekki vafi á því, að það eru margir og mjög langir vegarkaflar, sem sjáanlegt er að verða komnir með þessa umferð innan 10 ára og ættu þess vegna eftir vegal. að takast inn á vegáætlun sem hraðbrautir. Þar er Austurvegur vafalaust eitthvað austur í Rangárvallasýslu, — umferðartalningar liggja ekki svo glöggar fyrir enn þá, að ég geti sagt það með vissu, hve langt, — Vesturlandsvegurinn alla leið upp í Borgarfjörð, fleiri vegir í kringum Akureyri en nú eru á vegáætluninni, trúlega nokkrir vegakaflar á Austurlandi, og innan fárra ára mundu sífellt fleiri vegakaflar bætast við í tölu þeirra brauta, sem eiga að teljast hraðbrautir skv. vegalögum. Innan eins til tveggja áratuga er ástæða til að ætla, að hringvegur kringum allt land verði kominn í tölu hraðbrauta. Og þá skil ég ekki undan þann kafla, sem nú er allsendis ófær, um Skeiðarársand.

Nei, það er öðru nær en hér sé um takmörkuð og afmörkuð verkefni að ræða. Hér er um að ræða verkefni, sem verður áframhald á, um ófyrirsjáanlegt árabil. Við höfum í landinu núna 32 þús. bíla, en á árinu 1980 er gert ráð fyrir, að þeir verði orðnir 80 þús. Og það er ekki of djúpt tekið í árinni, þó að maður geri ráð fyrir því, að á næstu 20 árum þurfi að leggja á annað þús. kílómetra af hraðbrautum, ef vegalögin eiga ekki að þessu leyti að reynast okkur pappírsgagn.

Þá kemur hin spurningin, hvort þessir vegir gefi af sér tekjur eða auki greiðslugetu ríkisins svo síðar, að auðvelt verði að standa undir lánunum án þess að rýra framkvæmdagetu þess tíma. Það má vissulega til sanns vegar færa, að bættir vegir munu auka greiðslugetu þjóðarinnar, þegnanna, vegna þess að hagkvæmari og ódýrari flutningar og umferð eru að sjálfsögðu þegnum þjóðarinnar til hagsbóta. En þá auknu greiðslugetu, sem af því leiðir, hefði þurft að nota til þess að auka framkvæmdir við þau verkefni, sem við bætast, en ekki til þess að borga skuldir frá fyrri tímum. Og beinar tekjur til þess að standa undir vegalánum verður að mínum dómi ekki um að ræða. Og ég skal í örfáum orðum gera grein fyrir því, hvað ég á þar við.

Sumir — og þar á meðal, virðist mér, hæstv. ríkisstj. — gera ráð fyrir því að geta innheimt af umferðinni ofan á allt annað, sem á hana er lagt af benzínsköttum, þungasköttum o. s. frv., o. s. frv., sérstaka skatta fyrir að fara um tiltekna vegi. Vegaskattur var einn liðurinn í samkomulaginu frá des. 1963 um vegalögin, sem ríkisstj. virðist nú staðráðin í að svíkja. Í 95. gr. vegalaganna var heimild fyrir samgmrh. til þess að ákveða slíka skatta, og þessi heimild var galopin og á engan hátt takmörkuð. Það var algerlega lagt í vald ráðh. sjálfs. Þetta var liður í því samkomulagi, sem gert var. Menn féllust á þetta á þeim grundvelli, að um annað mundi ekki að ræða, ef ætti að fá fram þær hagsbætur, sem að öðru leyti voru í vegalögunum fólgnar. Í umr. um vegalögin í Nd. bar þetta ákvæði ekki sérstaklega á góma, en það samkomulag, sem gert var um málið, var gert, meðan málið var til meðferðar þar. Við umr. í Ed. lagði ég fram till. um það, að 95. gr., þessi heimildargr., yrði felld úr frv. Ég skal taka það fram, að fyrir mér vakti ekki að rifta því samkomulagi, sem gert hafði verið um málið, heldur hitt, að fá umr. um þetta mál, fá fram skilning hæstv. samgmrh. á því, hvernig beita ætti slíku heimildarákvæði, og yfirlýsingar frá honum um þau efni, enda var þessi till. ekki látin koma til atkv., heldur dró ég hana til baka, eins og á stóð. Ég verð að viðurkenna það, að þær yfirlýsingar, sem mér tókst að fá hjá hæstv. samgmrh. um þetta efni, voru næsta óljósar, eins og yfirlýsingar frá þeim hæstv. ráðherra eru stundum, ekki að vísu allar, sbr. yfirlýsingu hans um framlagið á fjárlögunum til vegamálanna, sem hann kynni nú að kjósa í dag, að hefði verið heldur óljósari en hún var. En það kom fram samt hjá hæstv. samgmrh. í umr. um vegaskattinn í Ed. þá, að 95. gr. væri aðallega sett með tilliti til Keflavíkurvegarins og einstakra dýrra framkvæmda, svo sem jarðganga o. þ. l. En þó að yfirlýsingin

hefði mátt vera ljósari, skildi ég þó ráðherrann þannig, að hann væri sammála mér um það, að almennur vegaskattur innheimtur víðs vegar um landið, þar sem almennilegir vegir hefðu verið gerðir, mundi verða illframkvæmanlegur.

Það hefur mikið verið rætt um það, hvort það sé réttlátt eða óréttlátt að leggja á skatt af þessu tagi. Vissulega ber okkur að hugleiða það, hvort skattar eru réttlátir eða ekki réttlátir. En því miður er það nú svo, að það, sem einum finnst réttlátt, finnst öðrum ranglátt, og ég geri ekki ráð fyrir því, að hæstv. Alþ. eigi eftir að finna neina formúlu fyrir skattlagningu, sem allir telja réttláta. Ég væri ekki í neinum vandræðum með að telja hér upp ýmsar skattlagningaraðferðir, sem vandséð er, að réttlátar séu. Við skulum bara segja það, að maður, sem á millj. kr. í skuldabréfum eða einhverju slíku, verður að borga af því þúsundir kr. í eignarskatt, en ef hann á sömu upphæðina á bankabók, þarf hann ekki að borga neitt. Ef hann á sömu upphæð í húsi, sem hann til viðbótar skuldar 1—2 millj. í, þá fær hann ekki eignarskatt, heldur meira að segja frádrátt á tekjuskatti sínum. Hvaða réttlæti er fólgið í þessu, geta víst allir séð. Og sannleikurinn er raunar sá, að það verður oft á fleira að líta í sambandi við þessi mál en það, hvað allir gætu verið sammála um, að sé réttlátt. Þegar ég hef verið að hugsa um þennan vegaskatt, hef ég hugsað fyrst og fremst um hann frá því sjónarmiði, að það sé ekki framkvæmanlegt, þegar við verðum eitthvað komnir áleiðis með að byggja upp varanlegt vegakerfi hér á landi, að setja upp skúra á hverjum gatnamótum til þess að innheimta gjald af mönnum, sem um vegina fara. Þess vegna spái ég því hiklaust, að það verði ekki varanleg aðferð til þess að innheimta fé til samgöngumála hér á landi.

Niðurstaðan af þessu verður hjá mér sú, að ég hef enga trú á því, að þessir vegir gefi varanlegar beinar tekjur til að standa undir lánum, sem til þeirra eru tekin, og þá er sú réttlæting farin líka fyrir því að byggja slíkar framkvæmdir á lánsfé.

Við hljótum að nota samtímatekjur að verulegu leyti til þess að leysa þetta verkefni. Ríkið hefur stórfelldar tekjur af umferðinni. Það er staðreynd, að ríkið hefur stórfelldar tekjur af umferðinni, sem það ætti réttilega að skila aftur til samgöngumála í landinu. Þar er um að ræða leyfisgjöld af bifreiðum, þar er um að ræða tolltekjur af varahlutum til bifreiða og af bifreiðum og af rekstrarvörum bifreiða o. s. frv., o. s. frv.

Ég heyrði hæstv. fjmrh. segja í umr. í hv. Nd. fyrir nokkrum dögum, að auðvitað þyrfti ríkissjóður að hafa tolltekjur af þess konar innflutningi, rétt eins og öðrum innflutningi. Þar er til að svara því, að það hefur ekki verið svo áður. Áður hefur ríkissjóður ekki talið sig þurfa þess, eða réttara sagt, að ríkissjóður hefur áður talið nauðsyn á því að leggja fram eins mikið fé og oft meira fé til vegamála en hann hefur tekið í tekjum af þessu tagi. Fyrir allmörgum árum birti fyrrv. vegamálastjóri, Geir Zoëga, grein um þetta í Fjármálatíðindum, þar sem hann sýndi fram á það, að fram til ársins 1955 hafi verið varið reglulega meira fé til vegamála en ríkissjóður innheimti í öllum þess konar tekjum af umferðinni. Þá breyttist þetta, vegna þess að það ár var lagt á svokallað togaragjald, sem í rauninni var ekki skattur eða tollur, heldur var þar um að ræða gengislækkunaraðgerð, sem rann ekki í ríkissjóð, heldur í gegnum ákveðna sjóði til ákveðinna þarfa, sem ég geri ráð fyrir að hv. þm. sé minnisstætt. Og það er ekki fyrr en á valdatíma núverandi valdhafa, sem farið er að innheimta stórfelldar tekjur af umferðinni á þennan hátt án þess að skila þeim aftur í vegakerfið. Þetta er ekki heldur þannig í öðrum löndum, að ríkið taki til sín stórfelldar tekjur af þessum tekjustofnum umfram það, sem notað er til vegakerfisins, heldur er það víðast alveg öfugt, og ég hef t. d. nýlegar upplýsingar frá Þýzkalandi, þar sem kemur í ljós, að þeir nota til síns vegakerfis, sem þó er ólíkt styttra og auðveldara á íbúa heldur en okkar, nær tvöfaldar þessar tekjur. En þó að þetta sjónarmið hæstv. fjmrh. væri rétt, þó að maður féllist á það, að ríkissjóður ætti að fá einhverjar tolltekjur til annarra þarfa af þessum innflutningi, eins og benzíni, bifreiðum og varahlutum, yrði þó a. m. k. að krefjast þess, að hlutur ríkissjóðs af slíku yrði ekki meiri en sem svaraði eðlilegum lágum tollum á þessar nauðsynjavörur, sem þarna er um að ræða. En tollurinn á benzíni er 50%. Af því hafði ríkissjóður 28 millj. kr. tekjur á árinu 1964. Tollur af öllum öðrum olíutegundum til allra annarra þarfa er hreinir smámunir hjá þessu. Af gasolíu er tollurinn 35 aurar á 100 kg, af flugvélabenzíni 15% og af öðru eldsneyti, eins og kolum, enn þá lægri. Nei, í þessari kenningu hæstv. fjmrh. felst þó a. m. k. ekki réttlæting á þeim háu tollum, sem þarna er um að ræða, heldur aðeins þá á litlu broti af því, sem þarna er tekið. Það eru engir smámunir, sem með þessum hætti eru teknir í ríkissjóð á ári hverju. Skv. rannsókn, sem Félag ísl. bifreiðaeigenda hefur látið gera, voru þessar tekjur af umferðinni á seinasta 5 ára bili, árunum 1960—1964, að báðum árunum meðtöldum, 2046 millj. kr., en á sama tíma er varið til vegamála 751 millj. kr. Eftir í ríkissjóði varð af þessum tekjum 1295 millj. kr. Þó að fallizt væri á sjónarmið hæstv. fjmrh. um það, að hann ætti að fá einhverja hóflega og skaplega tolla af þessu, þá hefur hann þó alltaf tekið svona 1000 millj. meira en nokkur réttlæting er fyrir á þessu 5 ára bili og lagt tvö hundruð millj. á ári í vegakerfið. Já, það má kannske segja, ef við fengjum það, þá værum við komnir nálægt því, sem við þurfum að leggja í vegakerfið á næstu árum. Áður en vegáætlunin kemur aftur til meðferðar á næsta ári, verður að finna leiðir til þess, að vegasjóður fái nýja tekjustofna. Og þeir tekjustofnar, sem orðið hafa eftir í ríkissjóði af umferðartekjum, eru þeir eðlilegu tekjustofnar, sem vegasjóðurinn ætti að fá. Við verðum að gera ráð fyrir því að geta af myndarskap haldið áfram að ljúka því verkefni, sem hófst fyrir 30 árum, að byggja upp sæmilega akfæra vegi um land allt, en því til viðbótar verðum við að gera ráð fyrir, að á næstu árum byggjum við 40—50 km af hraðbrautum á ári, og við verðum að gera það að verulegu leyti a. m. k. fyrir samtímatekjur. Þetta er viðfangsefnið, sem við stöndum

frammi fyrir, að öðrum kosti verða þau verkefni, sem hérna liggja fyrir, ekki unnin.

Á 13. gr. fjárl. er einn lítill liður, sem ég vil aðeins gera hér að umræðuefni, en það er fjárveiting til flóabáta og vöruflutninga. Ég tel mér skylt vegna umbjóðenda minna í austanverðu kjördæmi mínu að vekja athygli á því, hverju misrétti þeir eru beittir í sambandi við flutningamál á ákveðnum sviðum a. m. k. Fjárveiting á þessum lið til Suðurlandssamgangna var að vísu hækkuð í fyrra nokkuð, og ber ekki að vanþakka það. En hún er samt fjarri því að skapa þeim mönnum, sem þar búa fjærst höfnum, jafna aðstöðu við aðra. Ég skal aðeins í þessu sambandi minna á eina tegund þungavarnings, sem að vísu er einn sá veigamesti fyrir þessi landbúnaðarhéruð, og það er áburður. Þannig hagar til með áburð, að áburðarverksmiðjan selur áburð á sama verði á öllum höfnum landsins. Það fer sem sagt fram verðjöfnun milli hafna, en ekki milli verzlunarstaða. Þar eru auðvitað þeir, sem lengst búa frá höfnum, hvar sem þeir að öðru leyti eru á landinu, út undan. Og þau met er eðlilegt að séu einhvern veginn jöfnuð, annaðhvort með því, að áburðarverksmiðjan breyti þessum verðjöfnunarreglum, eða með því, að aukinn flutningsstyrkur komi til. Til þess að gera hv. þm. örlitla grein fyrir því, hvað hér er um að ræða, skal ég segja frá því, að austur í Skaftafellssýslu munu vera flutt árlega um 1500 tonn af áburði. Og kostnaður við þá flutninga mun nema um 800—900 kr. á tonn eða ca. 1.3 millj. kr. Flutningsstyrkur á tonn þarna austur nemur 120—150 kr. eða samtals rúml. 200 þús. á þetta áburðarmagn.

Ég hef ekki orðið var við það, að till. um skiptingu þessa fjár hafi komið frá samvinnunefnd samgöngumála enn þá. Ég geri ráð fyrir því, að það biði þá 3. umr., en ég taldi mér skylt að vekja athygli á þessu, sem ég hef nú sagt.

Það hefur hér í þessum umr. eins og oft áður komið fram, að menn hafa miklar áhyggjur af því, hvernig komið er málefnum Skipaútgerðar ríkisins, og það sjálfsagt ekki að ástæðulausu. Á undanförnum árum hefur verið sívaxandi halli á Skipaútgerðinni. Á árinu 1959 var hann tæpar 11 millj., 1960 18 millj., 1961 fór hann aftur ofan í 13½, upp í 17 á árinu 1962, upp í 24 á árinu 1963, og 38 millj. á s. l. ári, og gert ráð fyrir, að hann verði svipaður aftur í ár.

Nú þarf í sjálfu sér kannske ekki að hafa svo miklar áhyggjur af því, þó að strandsiglingar á Íslandi séu reknar með nokkrum halla. Aðrar þjóðir en við leggja mikið til sinna samgöngumála. Járnbrautir hjá öðrum þjóðum, sem helzt mætti líkja við strandferðirnar hér, eru yfirleitt reknar með stórfelldum halla, sem ríkissjóðirnir jafna. En hér er um það að ræða, að þetta tap fer sívaxandi. Það er, að því er mér virðist, allt að þriðjungi af umsetningu útgerðarinnar, og er vissulega til mjög mikils að vinna, ef hægt væri að minnka það.

Þessi kostnaður við strandferðirnar er þeim mun alvarlegri sem til viðbótar er kvartað yfir því, að þær veiti ekki nægilega góða þjónustu fólkinu, sem úti í dreifbýlinu býr. Bifreiðaflutningar á fjarlægustu horn landsins fara sívaxandi. Þeir hljóta að vera þjóðfélagslega óhagkvæmir. Það þarf ekki mikla stærðfræði til að reikna það út. Fyrir utan það stóreyðileggja þeir vegi og valda kannske mestu um mikinn viðhaldskostnað þeirra sums staðar. Það skapast þarna hálfgerður vítahringur. Eftir því sem bílaflutningarnir aukast, hafa strandsiglingarnar minni viðskipti, og þá er hætt við, að þeirra þjónusta versni, og þá aukast aftur bílaflutningarnir o. s. frv. Ein af ástæðunum, sem vafalaust ýta mikið undir það, að farið er að flytja þungavöru með bílum, þar sem hagkvæmara væri að flytja þær með skipum, er sú, að hafnargjöld eru víða há. Hafnirnar þurfa að fá miklar tekjur, og þær freistast til þess að leggja á tiltölulega há hafnargjöld, sérstaklega á ýmsar dýrar vörur, en það getur munað því, að þá þyki hentugra að flytja þær með bílum. Það er ekki nóg að byggja hafnir, það verður líka að styðja þær þannig, að það sé hægt að nota þær og þær geti starfað án þess að taka svo óhæfileg gjöld, að þau geti dregið beinlínis úr notkun þeirra og þeirra hagkvæmustu flutningsaðferða, sem sjóflutningarnir hljóta að vera og eru á okkar landi.

Það hefur um langt árabil verið talað mikið um það, að þurfi að endurskipuleggja skipaútgerðina, þar þurfi hagræðing að koma til, og ég held ég muni það rétt, að fyrirrennari hæstv. núv. fjmrh. teldi það vera eitt meginverkefni, um það leyti sem hann var að byrja í sínu háa starfi, að láta fara fram hagræðingu og endurskipulagningu á Skipaútgerð ríkisins. Nú heyrum við það í dag, að enn hafi verið skipuð ný nefnd til þess að reyna nú enn einu sinni að finna, hvernig laga mætti þessa hluti með skipulagsbreytingum.

Ég geri ráð fyrir því, að flestir, sem reka fyrirtæki og eru komnir í þá aðstöðu, sem Skipaútgerð ríkisins er nú, mundu einna fyrst hugleiða það, hvort þau tæki, sem þeir hafa til að annast reksturinn með, séu þau hagkvæmustu til þeirra verkefna. En á það heyrist lítið minnzt af hæstv. fjmrh. og öðrum, sem ræða um mál Skipaútgerðar ríkisins.

Forstjóri Skipaútgerðarinnar hefur þó látið í ljós þá skoðun á opinberum vettvangi, að stórfelldir fjármunir mundu sparast með því að endurnýja flota Skipaútgerðarinnar, og í sjálfu sér þarf það ekki að koma neinum á óvart, þó að svo væri. Hekla er 17 ára gamalt skip. Það er blandað skip, bæði fyrir farþega og flutning, sem er á margan hátt óhentugt. Það hefur stóra áhöfn, vegna þess að það er miðað við að uppfylla tvenns konar hlutverk. Það hefur verið stórfellt tap á skipinu í langa ararröð, á hverju einasta ári. Esja er 25 ára gömul. Um hana er að öðru leyti margt svipað að segja og Heklu. Það hefur einnig verið stórfellt tap á henni, og árið 1964 var tapið á Esjunni 13½ millj. kr., áður en hún var skuldum fyrir sameiginlegum kostnaði Skipaútgerðarinnar, eins og skrifstofuhaldið sýnir.

Herðubreið og Skjaldbreið eru 17 ára gömul skip. Þau eru aðallega byggð til vöruflutninga, þótt þau hafi nokkurt farþegarými, en þau eru of lítil til þess að geta með hagkvæmum hætti fullnægt því verkefni, sem þeim er ætlað.

Það þarf enginn að verða hissa á því, þó að

þrjú skip 17 ára og eitt skip 25 ára fari að þurfa endurnýjunar við. Verkefnin eru sífellt að breytast, og kröfur nútímans í þessum efnum eru allt aðrar en þær voru í stríðslokin. Það er vafalaust rétt, sem haldið hefur verið fram, að það beri að leitast við það að aðskilja farþegaflutningana annars vegar og vöruflutningana hins vegar, það þurfi fyrst og fremst til farþegaflutninganna eitt reglulega hraðskreitt og myndarlegt skip, sem geti farið eina ferð á viku vestur um og aðra sömu vikuna austur um til Norðurlands.

Mér virðist, að hæstv. fjmrh. og aðrir, sem hafa miklar áhyggjur af afkomu Skipaútgerðar ríkisins, ættu að hugleiða málið frá þessum sjónarhóli. Það væri þá líka nokkurs virði að geta verulega bætt þjónustuna við það fólk, sem Skipaútgerðinni er ætlað að þjóna.

Ég á ótalinn Herjólf, eitt af skipum Skipaútgerðarinnar. Hann er aðeins 6 ára, byggður fyrir flutninga milli Vestmannaeyja og Reykjavíkur. Það skip hefur gengið vel. Það hefur verið rekið með litlu tapi, að vísu nokkru tapi, en litlu, og það má til sanns vegar færa, að það sé ekki óeðlilegt, þó að skipið sé rekið með einhverju tapi. Það hefur haldið niðri farmgjöldum á ýmsum nauðsynjavörum, sem það færir Vestmanneyingum, svo sem mjólk og slíku, og er það alls ekki óeðlilegt. En það skip hefur gengið miklu betur en hin skipin, sem ég hef talið, og þó að það sé kannske ekki nein sönnun fyrir því, að ný skip mundu standa sig betur en gömul, þá styður það þó að þeirri skoðun, og vissulega ætti ekki heldur að þurfa að færa fyrir því mjög mörg rök, að eðlilegt væri að endurnýja gömlu skipin hjá Skipaútgerð ríkisins.

Til viðbótar Herjólfi í þjónustu Vestmanneyinga þarf svo að sjálfsögðu að koma skip, sem fer milli Þorlákshafnar og Eyja, eins og oft hefur verið á bent hér á hv. Alþ., og því skal ég ekki fara fleiri orðum um það að sinni.

Til skamms tíma átti Skipaútgerð ríkisins eitt skip enn. Það hét Þyrill. Það var byggt fyrir bandaríska flotann árið 1943 og var í siglingum hér seinustu stríðsárin fyrir þá vestanmenn milli Hvalfjarðar og Keflavíkur, var svo lagt við stjóra uppi í Hvalfirði, þangað til það var hirt og gert upp. Það kom í ljós, að það var happafleyta, og Skipaútgerðin hefur rekið það síðan árið 1948, flest árin með talsverðum hagnaði. Alls mun hagnaður á því seytján ára bili, sem Ríkisskip hefur rekið þetta skip, nema að frádregnu tapi, sem hefur verið nokkur ár, milli 10 og 11 millj. kr. Á árinu 1962 var ágóði af skipinu, áður en á það var færður sameiginlegur kostnaður, skrifstofu og slíks, 2,3 millj. Á árinu 1963 var hann um 1 millj. Á árinu 1964 var að vísu um 300 þús. kr. tap á skipinu, en það stafaði af því, að skipið var þá í tilraunum við síldarflutninga, svo að það hafði ekki nema nokkuð af þeim tekjum, sem það ella hefði haft, og telur Skipaútgerðin, að tekjutap skipsins hafi þá verið um ein millj., svo að gera megi ráð fyrir, að 600 eða 700 þús. kr. tekjuafgangur hefði orðið á skipinu, ef það hefði verið í eðlilegum rekstri allt árið.

Þetta var þannig eina skip Skipaútgerðarinnar, sem næstum því hvert ár skilaði henni allgóðum hagnaði. En það passaði nú ekki vel í kramið, því að eins og kunnugt er, þá er það skoðun hv. sjálfstæðismanna, að það, sem vel gengur, geti einkaframtakið gert, það eigi ekki að þjóðnýta annað en tapið, og þessi útgerð gekk vel. Þess vegna var hér ástæðulaust, að ríkið kæmi nálægt. Þyrill var seldur varaþingmanni Sjálfstfl. á Vestfjörðum, Einari Guðfinnssyni í Bolungarvík, fyrir 5 millj. kr. með lítilli útborgun og löngum gjaldfresti. 5 millj. kr., þó að það hefði verið borgað út, hefði það ekki nema rétt nægt fyrir einum sýslumannsbústað. Og samt var nýlokið viðgerð á skipinu, mikilli flokkunarviðgerð, sem kostaði 2½ millj., og varahlutabirgðir upp á 1 millj. tæpa fylgdu með í kaupunum. Verðið á skipinu var byggt á mati eins manns, sem var ekki einu sinni dómkvaddur til matsins, engrar umsagnar um verðið eða söluna var leitað hjá Skipaútgerð ríkisins.

Síðar, eftir að kaupin fóru fram, var svo látið fara fram annað mat á skipinu, en það er önnur saga. Það var, er kaupandinn, sem ekki hafði einu sinni borgað skipið, ætlaði að fara að fá lán út á það. Þá dugði ekki það mat, sem dugði til að ákveða söluverðið. Það var látið fara fram nýtt mat. Nýja matið var upp á 25 millj. kr. að endurkaupsverði. Söluverðið var þannig aðeins ⅛ hluti af endurkaupsverði skipsins. Ef það er ekki eitthvað annað en hagsmunir ríkissjóðs, sem liggur að baki ráðsmennsku eins og þessari, þá er glámskyggnin meiri en lítil hjá þeim, sem þessum málum ráða.

Herra forseti. Ég hef rætt um tvo meginþætti samgöngumálanna. Ég gæti rætt meira um 13. gr. og aðra þætti hennar, svo sem loftferðamálin, en ég skal ekki taka meiri tíma til þess að fara út í það, þótt full ástæða væri til. Verkefnin á þessum sviðum, sem ég hef gert að umræðuefni, verður að taka nýjum tökum. Það verður að koma nýtt og meira fé til vegaframkvæmda, strandferðamálin verður að taka nýjum tökum með því að hafa þar skipastól, sem hentar þeim verkefnum og þeim nútímakröfum, sem til þeirra eru gerðar. Þetta eru aðeins tvö verkefni af mörgum, að vísu veigamikil, en mörg fleiri mætti að sjálfsögðu tala um með svipuðum hætti. En þegar fjármálum ríkissjóðs er komið eins og nú er, þá má segja, að til lítils sé að vera að ræða þessi mál við fjárlagaumr. hér í hv. Alþingi. Eigi að síður finnst mér, að okkur beri skylda til þess að gera okkur grein fyrir þeim framtíðarverkefnum, sem bíða úrlausnar, þó að eymdarleg sé staðan um þessar mundir. Og það er vissulega eymdarleg staðan um þessar mundir.

Sagði ekki fyrrv. hæstv. forsrh., Ólafur heitinn Thors, að allt annað væri unnið fyrir gýg, ef ekki réðist við verðbólguna? Hér í þessum umr. í dag virðast menn vera sammála um það, að verðbólgan og dýrtíðin séu meginmeinvaldurinn í fjármálum og efnahagsmálum þjóðarinnar. Um það virðist ekki vera ágreiningur milli hæstv. fjmrh. og annarra ræðumanna, sem hér hafa talað. En það virðist vissulega vera nokkur ágreiningur um það, af hverju verðbólga og dýrtíð stafa. Hæstv. fjmrh. gerði þetta að umtalsefni í ræðu sinni síðdegis í dag á þann hátt, að ég get ekki látið hjá líða að vekja athygli á

því. „Hvað er dýrtíð?“ sagði hæstv. fjmrh. „Það er samspil verðhækkana og kauphækkana, sem veldur verðbólgunni. Kaupgjaldsmálin verður að taka öðrum tökum“, sagði hæstv. ráðh., og verðlagningu landbúnaðarvara talaði hann einnig um sem vandamál mikið í þessu sambandi. „Fjárlagaafgreiðslan er ekki orsök,“ sagði svo hæstv. fjmrh. „Fjárlögin eru aðeins afleiðing af þeirri þróun, sem þarna hefur átt sér stað.“ Ég verð þrátt fyrir þetta að álíta, að hæstv. fjmrh. viti betur. Ég verð að álíta það, að hæstv. fjmrh. viti, hvaða afleiðingar það hefur fyrir verðbólgu og dýrtíð í landinu og verðlagsþróun alla, þegar fylgt er þeirri fjármálastefnu, sem lýsir sér í hundruð milljón króna greiðsluhalla ár eftir ár.

Þegar skattar eru kreistir út úr þjóðinni með þeim hætti, sem gert hefur verið undanfarin ár, þá fer það ekki heldur fram hjá neinum og sjálfsagt ekki heldur hæstv. fjmrh., hvaða afleiðingar það hefur fyrir verðlag í landinu einnig, og þegar eyðslan svo verður enn þá meiri, svo að greiðsluhalli verður nú á annað ár eftir yfirlýsingum hæstv. fjmrh., þá veit hæstv. fjmrh. það eins vel og ég og aðrir hv. þm., að það er líka orsök. Þegar framkvæmdafé til almennra framkvæmda í landinu á vegum þess opinbera er skorið svo niður ár eftir ár, að taka verður erlend lán til þess að koma áfram þeim framkvæmdum sumum, sem ekki er talið að geti með neinu móti beðið, þá veit hæstv. fjmrh. það líka eins og ég, hvaða afleiðingar slíkt hefur fyrir verðlagsþróunina í landinu. Útlend lán, sem kastað er inn á yfirfylltan framkvæmdamarkað, hafa vissulega sams konar afleiðingar og greiðsluhalli.

Ríkisstj., sem hefur sívaxandi tekjur af sívaxandi skattlagningu, eins og þessi hæstv. ríkisstj. hefur haft, en eyðir samt hundruðum milljóna meira en hún fær, það er dýrtíðarstjórn, sem fylgir verðbólgustefnu. Um það er ekkert að villast.

Nei, fjárlagaafgreiðslan og það af síður fjármálastjórnin er ekki afleiðing, það er líka orsök. Og það verður aldrei hægt að ráða við dýrtíðina og verðbólguna nema með því að hafa einhvern hemil á fjárfestingunni í landinu. Fjárfestingarkapphlaupið og fjárfestingarstjórnleysið leiðir til verðbólgufjárfestingar, sem ég skýrði áðan þannig, að það kalli ég þá fjárfestingu, þar sem markmiðið er að bjarga peningum sínum frá rýrnun frekar en að uppfylla þjóðarþörf. Slíkt stjórnleysi eins og er á þessum sviðum er líka verðbólgustefna, það er líka dýrtíðarstefna, það er dýrtíðarstjórn, sem fyrir henni stendur. Baráttan við verðbólguna verður að byggjast á því að koma einhverju skynsamlegu skipulagi á fjárfestingarmálin. Það var ekki örgrannt um það í fyrsta skipti, að ég man, að hæstv. fjmrh. tæki undir þetta í ræðu sinni hér síðdegis, en hann var fljótur að bæta því við, að það ættu ekki að vera höft eins og þau voru á sínum tíma, sagði hann, vafalaust með fjárhagsráðið gamla í huga. Hver var að biðja hann um það? Hver var að biðja um þau? Er nokkur, sem hefur pantað þau?

Sjálfstfl. mótaði öðrum flokkum fremur störf fjárhagsráðs á sínum tíma. Einn af merkustu forustumönnum Sjálfstfl., alnafni hæstv. fjmrh., var formaður þess ráðs alla tíð og hafði meiri áhrif á það en nokkur annar maður. Sjálfstfl. ætti að sjá sóma sinn í því að hafa hljótt um það mál. En við getum verið sammála um það, hæstv. fjmrh. og ég, að kalla það ekki yfir okkur aftur.

En það eru aðrar leiðir til þess að koma einhverju skynsamlegu skipulagi á fjárfestingarmálin. Ríkisstj. á að hafa um þau mál nána samvinnu við einkaframtakið í landinu, við félagaframtak í landinu, við sveitarstjórnir. Hún á að beita þeim víðtæku áhrifum, sem ríkisvaldið getur haft með svo margvíslegum ráðum til þess að koma því á, að unnið sé og framkvæmt eftir skynsamlegum og skipulegum áætlunum. Meðan ekki er reynt að koma einhverju viti í þessi mál með þeim hætti, þá er það auðvitað ekkert annað en órökstuddar fullyrðingar, að það þurfi að snúa aftur til gamla kerfis þeirra sjálfstæðismanna. Mér dettur ekki í hug að segja, að aldrei geti komið þeir tímar, að það gæti þurft valdbeitingu af einhverju tagi af ríkisins hálfu í þessum efnum. En það liggur ekkert fyrir um það, að það sé ekki núna hægt að gera þessa hluti með öðrum hætti. Það er ekkert annað en blekking að halda því fram, að öll viðleitni í þessa átt geti ekki verið neitt annað en harkaleg valdbeiting frá ríkisvaldsins hálfu. Það, sem þarf fyrst og fremst, er forusta, en forusta verður að byggjast á trausti, hún verður að byggjast á trú almennings á því, að þeir, sem forustuna hafa, ráði við verkefni sín.

Núv. hæstv. ríkisstj. hefur glatað þessu trausti. Þjóðin hefur — langt, langt inn í raðir nánustu samherja hennar — glatað trúnni á það, að forusta um þessi mál verði fengin frá þessari stjórn. Þetta er kannske alvarlegasta vandamálið í okkar stjórnmálum í dag, að þjóðin finnur ekki forustu fyrir sínum málum, fyrr en þessi stjórn hefur farið frá og önnur komið í staðinn.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Mér er það ljóst, að það hlýtur að vera vandasamt að koma hér í ræðustólinn eftir að hafa hlýtt á jafngagnmerkar ræður og þrír fjvn.-menn Framsfl. hafa flutt við þessar umr. í dag, og ekki minnkaði vandinn við það að koma hér á eftir jafngagnmerkri ræðu og síðasti ræðumaður var að flytja. Ég mun síðar koma að þessu.

Í ræðu frsm. fjvn., formanns fjvn., í dag tók hann það fram, að hann teldi, að það væri brýn nauðsyn á því, að endurskoðun hafnalaganna yrði framkvæmd og að það yrði hækkað hlutfall ríkissjóðs í framlögum til hinna minnstu hafna. Ég vil sérstaklega taka undir þessi orð formanns fjvn. og tel, að það verði að flytja frv. til l. um breyt. á hafnalögunum. Það er ekki þar með sagt, að það þurfi að hækka hlutfall til hinna stærri hafna, hlutdeild ríkissjóðs, heldur megi jafnvel láta hana standa í stað og í sumum tilfellum lækka. En á hinu er brýn nauðsyn, að auka hlutdeild ríkissjóðs til hinna minni staða, sem nú með stækkandi skipum verða að ráðast í sífellt dýrari og dýrari hafnarframkvæmdir.

Það liggur hér fyrir ein brtt. frá nm. Framsfl. í fjvn., og það mun þykja allmiklum tíðindum sæta, að sá tillöguglaði flokkur skuli nú í fyrsta

skipti flytja eina brtt. við fjárl. Þessi brtt. er um það að taka 47 millj. inn í fjárl. til vegamála. Í sjálfu sér vil ég segja það, að ég harma, að ríkisstj. taldi sig knúða til að taka þessi framlög til vegamála út úr fjárlfrv. En eftir að hafa kynnt mér rækilega tekjur ríkissjóðs, sem við höfum gert, sérstaklega þó fjvn.-menn, þá beygi ég mig fyrir þeim rökum, að ég vil ekki standa að því að leggja á aukna skatta í sambandi við afgreiðslu fjárl. fram yfir það, sem fjárlfrv. gerir ráð fyrir. Það má einnig segja í þessu sambandi, að með hækkun tekna til vegamála sé ólíkt tryggari tekjustofn fundinn til þess að standa undir framkvæmdum í vegamálum.

Hv. síðasti ræðumaður gerði samgöngumálin nokkuð að umræðuefni og þá vegamálin. Hann taldi þar margt til foráttu, m. a. það að leggja skatt á hinn nýja veg, Reykjanesbrautina, sem kostar 265 millj. kr. Heildartekjur til vegamála á árinu 1963 nema skv. vegáætluninni 263.7 millj. kr. Þar af eru til viðhalds vega og framlags til gatnagerðar í kaupstöðum og kauptúnum milli 120 og 130 millj. kr. Það getur hver maður séð það, að ef við ætlum að byggja á þessum tekjustofni til vegamála og ætlum að halda áfram þeim framkvæmdum, sem þegar er byrjað á, að leggja vegi úr varanlegu efni, þá mun verða bið á þeim framkvæmdum, ef vegáætlun á að greiða þá dýru framkvæmd, sem hefur verið framkvæmd á Reykjanesbrautinni. Þess vegna hygg ég, hvað sem hv. stjórnarandstæðingar segja nú, að þeir séu í hjarta sínu gersamlega sammála ríkisstj. í því, að hjá því varð ekki komizt að leggja skatt á umferðina um Reykjanesbrautina til þess að flýta fyrir áframhaldandi framkvæmdum til annarra þeirra staða, sem vilja einnig fá vegi úr varanlegu efni.

Mér finnst í alla staði ótilhlýðilegt að ráðast hér á hæstv. samgmrh., eins og gert hefur verið, því að hann hefur sýnt það í sínu starfi, að hann hefur hvatt til framkvæmda í vegamálum og hann hefur sýnt mikinn áhuga á stórauknum framkvæmdum í vegamálum, eins og þjóðin almennt hefur orðið vör við.

Ég vil þá koma að nokkrum atriðum í brtt. þeim, sem fyrir liggja, og fyrst gera að umræðuefni örfáar brtt., sem hv. 10. landsk. þm. (GeirG) hefur lagt hér fram.

Hann leggur m. a. til, að ríkislögregla á Keflavíkurvelli lækki úr 6 821 557 kr. í 2 millj. En ég verð nú að segja það, að ég er anzi hræddur um, að þetta sé ofmat hv. þm. á afbragðshegðun dátanna þar suður frá, að leggja í það stórvirki að lækka kostnaðinn við ríkislögregluna um 4.8 millj. kr., því að í framsöguræðu sinni minntist hann hvergi á það, að hann ætlaðist til þess, að þeir færu í burtu. Hins vegar hefur hann svo mikla trú á góðri hegðun þeirra, að hann telur, að það sé eðlilegt og sjálfsagt, að slík lækkun eigi sér stað og að ríkislögreglan á Keflavíkurvelli verði minnkuð svo til muna.

Hv. þm. flytur allmargar till. í sambandi við að leggja niður ákveðin sendiráð, sérstaklega sendiráðin á Norðurlöndum, og ég vil segja það fyrir mitt leyti, að ég tel margt í þeim till., sem ætti að skoðast nánar og íhuga, hvort það væri ekki hægt að gera þarna skipulagsbreytingu á. Hins vegar tel ég, að framlög til utanríkisþjónustunnar megi sízt af öllu lækka, heldur verði að efla og auka utanríkisþjónustuna og þá sérstaklega á þann veg, að sendiráðin, sérstaklega í okkar markaðslöndum, eigi að hafa verzlunarfulltrúa, sem fylgist með markaðsöflun og með sölu á þeim afurðum, sem við erum að selja hverju sinni, og á þann hátt vil ég undirstrika það, að ég tel, að utanríkisþjónusta okkar Íslendinga sé alls ekki með þeim hætti, sem hún þarf að vera og við allir kjósum að hún sé.

Sami hv. þm. leggur til, að framlag til almannavarna lækki úr 2 788 000 kr. í 500 þús. kr. Ég vil benda þessum hv. þm. á það, að ég tel, að almannavarnir eigi ekki að vera framlög eingöngu til almannavarna í kaupstöðum og kauptúnum vegna einhvers stríðsótta, heldur fyrst og fremst eigi almannavarnir að vera almennar, það eigi að koma sem víðast upp úti um landið hjálparsveitum, sem eigi að aðstoða fámennt læknalið til þess, þegar slys ber að höndum, að koma til hjálpar, og þar þurfi á allmiklum framlögum að halda, og á þann hátt eigum við að efla þær einu, sönnu og réttu almannavarnir, sem okkur liggur mest á, og þá hygg ég, að slíkt framlag sem þetta væri aðeins dropi í hafið til þess að mæta þeim kostnaði.

Hv. 3. þm. Vesturl. (HS) átaldi mjög hér í dag breytingar, sem gerðar hefðu verið á skrifstofuhúsnæði í stjórnarráðinu og í ríkisstofnunum, og sagði að vísu nokkuð ísmeygilega, að betur væri þeim krónum komið fyrir til ýmissa skólabygginga úti um land, sem vantaði framlög frá ríkinu. Það er ákaflega þægilegt að halda slíkum málflutningi sem þessum fram. Vill ekki líka þessi hv. þm. segja, að það hafi verið um leið óþarfi að gera breytingar hér í alþingishúsinu, verið óþarfi að leigja hér stórt húsnæði úti í Þórshamri fyrir starfsemi Alþingis og að þessum peningum hefði verið betur fyrir komið í skólum eða höfnum úti um land? Á þessa strengi má alltaf slá. Ég hef ekki orðið var við það, að einn einasti alþm. hafi talið þessar breytingar vera óþarfa, heldur sjálfsagðar, vegna þess að það voru engin vinnuskilyrði orðin fyrir alþm. eða starfsfólk þingsins hér í þessu húsi, og þessar breytingar urðu að eiga sér stað. Sama býst ég við að sé um að ræða, þegar þm. talaði um það, að breytingar hafi verið gerðar á ýmsu skrifstofuhúsnæði þess opinbera.

Hv. 4. þm. Norðurl. e. (BJ) flytur hér till. um það, að fram verði lagðar 10 millj. kr. til ráðstafana gegn atvinnuleysi á Norðurlandi og í Strandasýslu. Ég fyrir mitt leyti tel, að þessi till. sé mjög mikils virði og þurfi athugunar við. Hins vegar sé ég ekki fram á það, að hægt sé að samþ. hana hér við afgreiðslu fjárl., vegna þess að stefnan er, að það eigi að afgreiða greiðsluhallalaus fjárl. En hins vegar vil ég benda á það, að sjóður eins og atvinnuleysistryggingasjóður, sem senn mun vera orðinn upp á 800 millj. kr., það er orðin full þörf á því að breyta lögum þess sjóðs á þann veg, að a. m. k. ákveðnum hundraðshluta af vöxtum sjóðsins yrði varið til styrktar atvinnulífi á þeim stöðum, þar sem styrktar þarf við.

Hv. 6. þm. Sunnl. (HB) gerði hér mjög að umræðuefni samgöngumálin og þó alveg sér í lagi

í seinni hluta ræðu sinnar rekstur Skipaútgerðar ríkisins. Hann átaldi það harðlega, að 17 ára gömul skip væru enn þá höfð í strandferðum, hvað þá 22 ára gamalt skip, en síðan átaldi hann aftur harðlega, að skip, sem er nálega 23 ára, skuli hafa verið selt. Mér finnst lítið samræmi í þessum málflutningi þessa hv. þm. Hann kom með það, að það hefði verið mikill gróði á rekstri þessa gamla skips, sem er olíuskipið Þyrill, og hann fór mjög fljótt yfir sögu. En það er rétt að minna þennan hv. þm. á það og sömuleiðis 2. þm. Austf. (HÁ), sem ræddi einnig þetta mál hér í dag, að rekstur þessa skips hefur farið síversnandi á undanförnum árum. Rekstrargjöld þess hafa farið hækkandi ár frá ári, t. d. á árinu 1960 voru rekstrarútgjöldin 4.9 millj. kr., 1961 voru rekstrarútgjöldin rúml. 5.7 millj. kr., 1962 næstum því 5.7 millj. kr., 1963 6 millj. kr. og 1964, sem hann taldi að hinn mikli flokkunarkostnaður hefði átt sér stað, hækkuðu rekstrarútgjöldin í 7 millj. 956 þús. kr., og skipið kom þá út með 376 þús. kr. halla. Rekstrarafkoma þessa skips hefur farið sífellt versnandi á síðustu árum, og það hefur verið flutt inn mikið af slíkum skipum, og þörfin fyrir þetta skip hefur farið minnkandi, enda er skipið orðið það gamalt og hörð samkeppni til þeirra hluta, sem það var notað til, að það var engin ástæða til þess fyrir ríkissjóð að eiga þetta skip lengur. Hv. þm. sagði, að skipið hefði verið selt á 5 millj. kr., en verið metið fyrir hinn nýja eiganda á 25 millj. kr. En þessi hv. þm. gleymdi algerlega að geta þess í sambandi við þetta mál, að eftir að skipið var selt, fór það í klössun erlendis, stóra og mikla klössun, og hann gleymdi einnig að geta þess, að í matsverð skipsins síðar eru teknar síldardælur og allar vélar og allur sá kostnaður, sem hinir nýju eigendur þurftu að standa undir, til þess að skipið gæti gegnt því nýja hlutverki, sem það hefur gegnt. Ég vil einnig geta þess hér, að þetta skip var ekki selt þeim ákveðna manni, sem þessi hv. þm. nefndi, Einari Guðfinnssyni útgerðarmanni í Bolungarvík. Þetta skip var selt hlutafélagi, sem Einar Guðfinnsson á stóran hluta í, en einnig félagsskapur á Ísafirði, sem heitir Fiskimjöl h/f. Í því félagi eru menn úr öllum flokkum og er að verulegu leyti sameign útgerðarinnar á staðnum.

Ég hygg, að það hafi verið mjög fljótfærnislegt af þessum tveimur hv. þm. að gera þetta mál hér að umræðuefni eftir þeim rökum, sem liggja fyrir frá forstjóra Skipaútgerðar ríkisins, en þar er mörgu öðru við að bæta. Í sambandi við annað það, sem þessi hv. þm. nefndi um Skipaútgerðina, er það alveg rétt hjá honum, að skip Skipaútgerðarinnar eru orðin ófullnægjandi og það þarf sannarlega að gera þar gagngera breytingu, enda er nú unnið að nál. um rekstur Skipaútgerðarinnar, en þar er líka við að bæta, að rekstrargrundvöllur Skipaútgerðarinnar hefur gerbreytzt á síðustu árum. Farþegaflutningar með ströndum fram eru að leggjast niður til fjölmargra landshluta. Flugið er að leysa Skipaútgerðina af hólmi hvað það snertir, og vöruflutningarnir hafa enn fremur stórkostlega minnkað á síðustu árum, þannig að verksvið Skipaútgerðar ríkisins er allt annað en það var fyrir 20 árum, fyrir 10 árum og meira að segja fyrir 5 árum og fer minnkandi með hverju árinu sem líður vegna vaxandi samkeppni, bæði á landi og í lofti.

Ég ætla ekki frekar að gera þetta mál hér að umræðuefni, en snúa mér aftur lítillega að hv. 3. þm. Vesturl.

Hann talaði um það, að framlög til skólamála og hafnarframkvæmda, yfirleitt til verklegra framkvæmda, hafi mjög dregizt saman. Hann talaði mjög um dýrtíðina, hann talaði um, hve lítið væri lagt í þetta eða hitt, en hann sýndi þó í lok ræðu sinnar þá ofrausn að nefna það, að framlag til félagsmála í frv. hefði nú hækkað nokkuð, en það hækkar frá fjárl. yfirstandandi árs úr 758.2 millj. kr. í 873 millj. kr. samkv. frv., sem hér liggur fyrir. Þar af eru tæpar 100 millj. kr. framlag til almannatrygginga og allmikil hækkun til húsnæðismála. Þetta er ein af stærstu hækkunum í frv. frá árinu á undan ásamt hækkun á 19. gr., sem er 920 millj. kr. til óvissra útgjalda o. fl., en er í fjárl. yfirstandandi árs 809.3 millj. kr. Enn fremur hefur framlag til heilbrigðismála hækkað nokkuð frá frv. í fyrra, en það er nú í frv., eftir að till. fjvn. hafa verið lagðar fram til hækkunar á þeirri gr., komið í 145.4 millj. kr.

Hv. þm. var mjög hneykslaður á því, hve litlu væri varið til byggingar gagnfræða- og héraðsskóla í landinu. En á 14. gr. frv. er lagt til samkv. a-lið að verja til skólahúsa í smíðum 31.2 millj. kr. og til nýrra skólahúsa 4.8 millj. kr. eða samtals 36 millj. Ef við berum nú saman þetta smánarframlag, eins og honum fannst, þessum hv. þm., við dýrðarárið 1958, þegar allt var í blóma og hann og hans sálufélagar voru sem ánægðastir, og berum þennan lið, sem hann hneykslaðist mest út af, saman við fjárl. 1958, þá er varið til byggingar gagnfræðaskóla og héraðsskóla, skólahúsa í smíðum, 3 499 500 kr. móti 31 millj. 200 þús. kr. í fjárlfrv., sem við nú erum að ræða. En hann var mest hneykslaður yfir nýjum skólahúsum, að þau væru ekki nema 4.8 millj. Hvað skyldi nú hafa verið lagt þá í ný skólahús, til byggingar gagnfræðaskóla og héraðsskóla, á dýrðarárinu 1958? Þá voru lagðar fram heilar 100 þús. kr. Það er 48 sinnum hærra, framlagið til nýrra skólahúsa, gagnfræðaskóla og héraðsskóla, en var dýrðarárið 1958. Hefur nú hv. þm. efni á því að hneykslast yfir þessum fjárveitingum? Við skulum þó einnig ræða framlög til byggingar barnaskóla og íbúða fyrir skólastjóra. Í fjárlagafrv. er gert ráð fyrir því, að til skólahúsa og skólastjóraíbúða verði veittar 56.8 millj. kr., til nýrra skólahúsa og skólastjóraíbúða 6 millj. 480 þús. kr. Á árinu 1958 var varið til skólahúsa í smíðum 8 millj. 226 þús., til nýrra skólahúsa 1.2 millj., skólastjóraíbúða í smíðum 133 750 og ýmissa skóla, sem voru í smíðum á tímabilinu 1946—1954, 200 þús. kr., eða samtals 9 millj. 760 þús. á móti 63 millj. 280 þús. kr. Ég held, að ríkisstj. þurfi ekkert að skammast sín fyrir þennan samanburð, og tel hv. þm. óheppinn að minnast á þessi mál til þess að fá slíkan samanburð sem þennan, og er hann það þó ekki alltaf.

Ég minntist aðeins á heilbrigðismálaliðina áðan. Það er líka rétt að gera hér samanburð á framlögum til sjúkrahúsabygginga í landinu á

20. gr. 1958 og sömuleiðis nú í þessu frv. 1958 var varið til sjúkrahúsabygginga 5 millj. 190 þús. kr. Í fjárlagafrv. nú er ætlað að verja 30 millj. 560 þús. kr. Þetta er sexfaldað frá 1958. Þar að auki er framlag til byggingar hjúkrunarskóla 5.6 millj. kr.

Þá hefur mjög verið minnzt á hafnamálin og framlag til þeirra talið mjög lítið. Sannarlega vil ég segja það, að ég vildi gjarnan, að framlag til hafnamála væri mun hærra en það er í fjárlagafrv. Á árinu 1958 voru veittar til hafnarmannvirkja, lendingarbóta og hafnarbótasjóðs 12 millj. 775 þús. kr. Í frv. fyrir árið 1966, sem við erum að ræða, eru veittar til hafnarmannvirkja, hafnarbótasjóðs, til greiðslu á eftirstöðvum lögboðins hluta ríkissjóðsframlags til hafnarframkvæmda og greiðslu af hafnalánum 42.4 millj. kr., og við það bætist 1 millj. kr. hækkun, sem fjvn. gerði í sambandi við framlög til hafnargerða.

Tveir hv. ræðumenn Framsfl. hafa endað ræðu sína á því að krefjast þess, að núv. ríkisstj. segi af sér. Mér hefur nú skilizt það, að hún ætti að gera það helzt í kvöld eða nótt. Þeim liggur mikið á. Á árinu 1958, dýrðarárinu, sem hv. 3. þm. Vesturl. varð tíðræddast um í dag, voru þau fjárlög afgreidd, sem ég hef gert lítillegan samanburð á. Og þá hefur mér skilizt, að allt hafi verið í sómanum og það hafi verið björt framtíð, sem blasti við íslenzku þjóðinni. En það leið nú ekki það ár til enda, því að það voru ekki liðnir nema 11 mánuðir af árinu, þegar æðsti páfi þeirra framsóknarmanna, sem skipaði forustuna í þeirri ríkisstj., sagði, að þessi stjórn hefði ekki samstöðu um neitt og dýrtíðaralda væri skollin yfir þjóðina og það væri nú ekkert annað að gera en hrökklast frá og biðja aðra að taka við, því að þeir gætu ekki meira. Og það tóku aðrir við, fyrst minnihlutastjórn Alþfl. fram yfir kosningar og síðan sú stjórn eða réttara sagt það stjórnarsamstarf, sem hefur verið síðan.

Það var brotið blað í efnahagsmálum þjóðarinnar 1960. Þá voru spilin stokkuð upp, ný gengisskráning, og hvað sögðu framsóknarmenn þá og ýmsir stjórnarandstæðingar, þegar þessi lög voru til umr.? Þá sögðu þeir, að nú ætti að draga úr opinberum framkvæmdum, það ætti að skapa atvinnuleysi í þessu landi, og meira að segja einn sá allra vitrasti þeirra og einn töluglöggasti maðurinn sagði, að nú mundi algerlega draga úr allri eftirvinnu hjá blessuðum verkamönnunum í landinu og nú yrðu þeir að láta sér nægja að lifa á dagvinnunni einni saman. Ekkert af þessu kom á daginn. Atvinnan hefur aldrei verið meiri en síðan, og eftirvinnan, sem þessi töluglöggi framsóknarþm. taldi að mundi hverfa með öllu, jókst með hverju árinu sem hefur liðið og næturvinna að sama skapi. En þá þurfti auðvitað að setja eitthvað út á það, og þá fundu sömu menn upp, að nú væri verið að framkvæma vinnuþrælkun á Íslandi. Það, sem einu sinni var talið að mætti ekki missa, er nú orðið allt of mikið og alger vinnuþrælkun ríkjandi í þessu þjóðfélagi.

Á undanförnum þingum hefur Framsfl. ekki verið ósparr á að flytja hækkunartill., og honum var á s. l. ári alvarlega bent á það, þegar hann flutti hækkunartill. við fjárl. upp á á 3. hundrað millj. kr., að tekjur ríkissjóðs hefðu ekki komið þannig út, að þessar till. hefðu við rök að styðjast. En þá sögðu þessir hv. þm., að þetta væri helber vitleysa, og þeir héldu dauðahaldi í þessar till. Þær voru auðvitað felldar, því að það varð að gera það. Jafnframt vil ég geta þess, að á síðasta þingi fluttu þm. þessa flokks þáltill. og frv., sem öll hljóðuðu upp á hækkun á ríkisútgjöldum, og ef stjórnarliðið hefði samþ. alla þessa framleiðslu Framsfl. á síðasta þingi, býst ég við, að útgjöld á fjárl. mundu hafa hækkað nú á þessu ári um 1 milljarð a. m. k. Nú koma þeir og segja: Við vitum, að það er ekki hægt að flytja neinar brtt., en við ætlum þó að halda okkur við þessa einu upp á 47 millj. Þeir segja jafnframt, að þeir sjái það, að afkoma ríkissjóðs er orðin svo slöpp, að þeir treysta sér ekki að ganga lengra. En svo koma þeir hver á fætur öðrum hér upp í pontuna og segja, að það sé allt of lítið látið í þetta og hitt og það þurfi miklu meira og dýrtíðin leiki lausum hala, það verði að berjast við dýrtíðina, kannske eftir þeim leiðum, sem þeir hafa sjálfir lagt til, að verði barizt við hana, með stórfelldum auknum útgjöldum á hendur ríkissjóði. En mér finnst, að þessi söngur sé að mörgu leyti líkur og söngur þeirra undanfarin ár, þó að tillöguflutningi hafi nú linnt, og ég held, að þessir ágætu þrír framsóknarmenn og félagar okkar í fjvn. þurfi nauðsynlega að fara að dæmi þeirra Kaspers, Jespers og Jónatans og fá sér ráðskonu, jafnvel þó að þeir þurfi að ræna henni, til þess að stjórna betur gerðum sínum og kenna þeim að flytja hér sín mál í sambandi við fjárlagafrv., svo að ekki reki sig hvað á annars horn. Bastian bæjarfógeti hefur þegar bætzt við. Hann var að enda við að flytja mál sitt hér áðan, svo að það vantar ekki nema ráðskonuna.

Nei, góðir framsóknarmenn og aðrir stjórnarandstæðingar, ef við ætlum að ráðast að þeim vanda, sem við höfum við að stríða og þarf sannarlega að ráðast að, verðum við að vinna eftir öðrum leiðum og eftir öðrum málflutningi heldur en þessum. Við skulum sameinast um það að berjast gegn dýrtíðinni, en ekki aðeins segja það hér í ræðustólnum, en láta svo allar aðrar gerðir snúast um það eitt að auka dýrtíðina. Og hverjum ætlið þið að trúa því, að þeir, sem stjórna landinu hverju sinni, vilji endilega fá dýrtíð? Það vill engin ríkisstj. fá dýrtíð eða auka hana eða efla. Ég skal segja það vinstri stjórninni til lofs, að eftir að hún tók við störfum fyrstu mánuðina, reyndi hún að berjast við dýrtíðina, en hún gafst fljótlega upp í baráttunni við dýrtíðina, því miður. En ef þjóðin í heild vill berjast við dýrtíðina og ná einhverjum árangri, eigum við að ræða málin á allt öðrum grundvelli og reyna að skapa samstarf, eins og einn þm. nefndi hér áðan. Ég treysti mjög vel hæstv. fjmrh. til þess að vera til samstarfs við hvaða flokk sem er og hvaða þm. sem er, því að ég held, að það geti enginn maður borið honum annað en það, að hann sé samvinnulipur maður. Og ég hygg, að ef menn koma, þm. og flokkar, og óska eftir samstarfi við hann og ríkisstj. í heild til þess að afstýra þeirri geigvænlegu hættu, sem okkur

stafar af dýrtíðinni og hefur í raun og veru stafað af henni frá lokum styrjaldarinnar, verði hann allra manna fúsastur og glaðastur og fagni slíku samstarfi og vilji vinna mjög ötullega að því, að slíkt samstarf takist.

Gils Guðmundsson: Herra forseti. Það væri að vísu töluverð ástæða til þess að ræða fjármálastefnu hæstv. ríkisstj. almennt og bregða upp ýmsum myndum af því, hvernig sú stefna birtist í því fjárlfrv., sem hér liggur nú fyrir. Ég ætla þó að neita mér um þetta, enda er það hvort tveggja, að þetta hefur þegar verið röggsamlega gert af öðrum ræðumönnum hér í dag og í kvöld, og auk þess hefur nú eldhúsdegi verið frestað, svo að að því verður komið síðar. Ég mun þess vegna að þessu sinni láta nægja að gera með fáeinum orðum grein fyrir nokkrum brtt. við frv. til fjárl., sem ég flyt á þskj. 130. Þessar brtt. eru allar við 14. gr. fjárl.

1. og 2. brtt. mín snerta námsstyrki og námslán. Sú regla hefur verið tekin upp nú hin síðari ár eða fyrir nokkrum árum, að námsmönnum, bæði hér við Háskóla Íslands og námsmönnum íslenzkum erlendis hefur aðallega verið veittur stuðningur í formi lána, en styrkir aðeins að litlu leyti. Þetta er út af fyrir sig stefna, sem ég skal ekki gagnrýna. Hún kann að hafa eitt og annað til síns ágætis, einkum ef um það væri að ræða, að verðbólga æti ekki stöðugt upp þann lánasjóð, sem ætlunin var að mynda með þessum hætti. En sá galli hefur verið á, að vegna hinnar öru dýrtíðaraukningar hefur ekki tekizt að efla þennan sjóð eins og ætlunin var, og lítur því miður ekki út fyrir, að það takist að öllu óbreyttu. Það hafa orðið miklar hækkanir, eins og allir vita, á verðlagi og þar af leiðandi á námskostnaði, bæði heima og erlendis. En hins vegar hafa þeir styrkir, sem hver einstakur námsmaður hefur hlotið, verið óbreyttir að krónutölu í 3 ár og þar af leiðandi raunverulega verið lækkaðir að gildi. Nú er að vísu lagt til, að lítils háttar hækkun verði á þessum stuðningi við námsmenn heima og erlendis, en þó er ekki að vita, hversu mikil hún verður eða jafnvel hvort hún verður nokkur, þar eð það er vitað mál, að námsmönnum fjölgar mjög ört, og ekki víst, að gert hafi verið nægilega ráð fyrir þeirri fjölgun námsmanna. Ég er þeirrar skoðunar, að þetta framlag hins opinbera til námsmanna, bæði heima og erlendis, verði að hækka nokkru meira en till. er gerð um í fjárlagafrv., ef ekki á að halda áfram á þeirri braut, að þessi stuðningur verði raunverulega skertur að notagildi frá ári til árs. Og ástæðurnar eru, eins og ég áðan sagði, að námsmönnum fjölgar stöðugt, námskostnaður vex stöðugt, og í þriðja lagi er það nú svo, að samkv. óbreyttum úthlutunarreglum, að því er varðar námslán og námsstyrki, eru það ýmsir, sem þessa stuðnings eru þurfi, sem njóta hans ekki nú, en því þyrfti nauðsynlega að kippa í lag. Ég á hér fyrst og fremst við þá menn, sem hafa lokið háskólaprófi, hafa tekið kandidatspróf í einhverri grein, svo sem í læknisfræði eða öðrum greinum, en halda áfram námi, fara til framhaldsnáms og verða að stunda það án þess að komast inn í þetta styrkjakerfi hins opinbera, eins og það er nú.

3. till., sem ég flyt á þskj. 130, er um allmikla hækkun á framlagi til landsbókasafns til bóka- og handritakaupa og bókbands. Það má segja, að helztu bókasöfn okkar hafi allt of lengi staðið í svelti, og skal ég ekki rekja það í löngu máli, það er svo alkunnugt. Nokkur úrbót var gerð í þessu efni, að því er helztu söfnin snerti, í fyrra eða hittiðfyrra, ef ég man rétt, og skal það metið. En sú úrbót er allt of lítil miðað við þörfina, sem er vissulega mikil. Að ætla aðeins 1 millj. kr. til bóka- og handritakaupa og til bókbands við aðalbókasafn landsins er vitanlega allt of lítið, miðað við allt verðlag, eins og það er nú. Hér er sívaxandi þörf fyrir bókakost vegna margvíslegrar sérfræði og aukinna vísindastarfa. Það er rétt, sem á hefur verið bent, til að mynda af hæstv. menntmrh., að samvinna hinna íslenzku safna, svo sem landsbókasafns og háskólabókasafns og ýmissa sérfræðisafna, þarf að komast á í auknum mæli og líka að því er snertir bókakaup. En þó að slík samvinna kæmist á, eins fullkomin og hún getur orðið, verða þessi söfn að fá mjög aukið fé til bókakaupa nú á næstunni, ef sæmilega á að vera búið að þessum hlutum. Ég geri till. um, að landsbókasafni verði veittur aukinn stuðningur til bókakaupa. Það hefði að sjálfsögðu eins mátt hugsa sér það að bera fram till. um hækkun á fé til háskólabókasafns, en sá er munurinn, að ég hygg, að við núverandi aðstæður mundu aukin bókakaup nýtast betur við landsbókasafnið, því að háskólabókasafnið skortir ekki aðeins aukið fjármagn til bókakaupa, heldur mjög aukna starfskrafta og mjög aukið húsrými. En hvort tveggja er þó fremur fyrir hendi í landsbókasafni, og þess vegna býst ég við, að aukin fjárveiting mundi í bili koma að öllu betri notum þar heldur en jafnvel við háskólabókasafn, þó að þörfin á báðum stöðum sé mjög brýn.

4. till. mín snertir lið, þar sem tekinn er upp nýr háttur að því er varðar úthlutun fjár til ritstarfa, til útgáfustarfsemi og rannsóknarstarfa. Slíka styrki allmarga til stofnana, félaga og einstaklinga hefur verið að finna á 14. gr. fjárl. mörg undanfarin ár. Það skal játað, að það hefur gætt nokkurs handahófs í sambandi við ýmsa af þessum styrkjum, sem hv. Alþ. hefur samþ. á ýmsum tímum, og um þá hygg ég að hafi myndazt heldur litlar reglur. M. a. hefur ekki verið mikið mér vitanlega um eftirlit með því, hvernig þessir styrkir hafi verið notaðir, til að mynda ekki krafizt neinnar skýrslugerðar, svo að mér sé kunnugt, af þeim, sem styrkina hafa fengið. Það var því vissulega þörf á breytingum til bóta í þessu efni. Hins vegar held ég, að þótt þarna sé viðurkennd þörfin á breytingum, sé ekki nauðsynlegt, að Alþ. afsali sér með öllu þessari úthlutun, og það er í rauninni varhugaverð leið að fara meira og meira inn á þá braut, að Alþ. afsali sér öllum rétti í sambandi við úthlutun á slíkum hlutum og feli það einhverju ráðuneyti. Sé það hins vegar vilji Alþ. að gera þarna á umtalsverða breytingu, m. a. til þess að auðvelda það, að hægt sé að fara eftir fastari reglum um þessar úthlutanir heldur en áður og að hægt sé að krefjast skýrslna eða grg. um það, hvernig slíkum styrkjum hefur verið varið, og taka afstöðu til framhaldsveitinga á grund-

velli þess, sýnist mér, að það sé ekki endilega sjálfsagt að fela menntmrn. að annast þessa úthlutun. Til þess ætti þá ekki síður að leita til þingkjörinnar n., og ég vil benda á, að bæði er nú kosin árlega n., sem vinnur að skyldum hlutum, þar sem er úthlutunarnefnd listamannalauna, en auk þess er starfandi þingkjörin nefnd eða ráð, sem kosið er til hvers kjörtímabils í senn, þar sem er menntamálaráð, en það hefur með höndum mjög hliðstæð verkefni við þetta, svo sem úthlutun fræðimannastyrkja o. fl. Ég legg sem sagt til, að þessi fjárveiting verði örlítið hækkuð og úthlutunin verði falin menntamálaráði, en hins vegar verði þar farið eftir reglum, sem menntmrn. staðfestir. Ég tel þetta eðlilegra fyrirkomulag en hitt, sem lagt er til í fjárlfrv.

5. till. mín fjallar um stuðning við skáld, rithöfunda og listamenn. Sú upphæð, sem frv. gerir ráð fyrir, er óbreytt frá því í fyrra. Það hefur oft verið um það rætt, að fyrirkomulag það, sem er á úthlutun þessara skálda- og listamannalauna, sé orðið úrelt og þurfi breytinga við, sömuleiðis að það sé óheppilegt á marga lund, að kosin sé árlega nefnd til þess að úthluta þessum launum, nefnd, sem í rauninni telur sig ekki hafa neitt umboð til að starfa nema þær fáu vikur á hverju ári eða þá viku á hverju ári, sem hún vinnur að þessum málum, en þegar hún hefur lokið sinni úthlutun, telur hún hverju sinni, að verkefni sínu sé lokið, og starfar ekki allan hinn tímann. Þetta og fleira í sambandi við úthlutunarmálin þyrfti vissulega að takast til nýrrar athugunar. Ég hef þó ekki gert till. um það að þessu sinni, en hins vegar legg ég til, að upphæðin, sem til þessara mála verði varið á næsta ári, hækki nokkuð, því að það er enginn efi á því, að um mörg undanfarin ár hefur þessi stuðningur við skáld, rithöfunda og listamenn verið að rýrna hlutfallslega. Á sama tíma hefur það hins vegar gerzt, að listamönnum hefur sem betur fer verið stöðugt að fjölga og heilar listgreinar hafa risið á legg á síðari árum og áratugum, listgreinar, sem varla voru til fyrir svo sem 10—20 árum, og aðrar, sem þá voru í algerri bernsku, eins og mátti segja um myndlist og tónlist, hafa eflzt verulega. Sumir segja alltaf: Listamennirnir í dag og skáldin og rithöfundarnir, þetta eru bara svo vondir listamenn, sem við höfum núna, og það er ástæðulaust að vera að kasta í þá miklu af ríkisfé. Þetta eru tóm atómskáld og klessumálarar og óhljóðaframleiðendur, og ég man ekki, hvaða nafngiftir eru hafðar um listamenn okkar af ýmsum. Ég held, að þetta sé hinn mesti misskilningur. Að mínu viti hefur verið að undanförnu og er í dag mikil gróska í íslenzku listalífi á flestum sviðum. Það er um að ræða mjög aukna breidd, eins og það er stundum orðað, a. m. k. á máli íþróttamannanna. Það er stóraukin fjölbreytni, að því er varðar listgreinar, og við eigum vissulega mjög marga ágæta listamenn í dag. Það er skammsýni að spara og skera við nögl stuðning við listir og listamenn. Hækkun á þessum lið er að mínu viti sjálfsögð.

6. till. mín fjallar um dálitla hækkun á liðnum til vísinda- og fræðimanna, þ. e. a. s. sá liður hækki úr 313 þús. í 500 þús. Þessi liður hefur venjulega fylgt breytingum, sem hafa verið gerðar á skálda- og listamannastyrknum, og það má segja, að það hafi verið nokkurn veginn föst regla allmörg undanfarin ár, að styrkurinn til vísinda- og fræðimanna sé um 1/10 hluti af hinni upphæðinni. Ég legg til, að upphæðin hækki í svipuðu hlutfalli og listamannalaunin.

Um 7. till. mína á þskj. 130 gegnir í rauninni sama máli og um 4. till., og skal ég vísa til þess að mestu leyti, sem ég sagði um hana. Í fjárlagafrv. nú er lögð til sú breyting, að í stað margra smástyrkja til tónlistarstarfsemi, sem verið hafa á 14. gr., þá skuli nú ákveða eina heildarupphæð í þessu skyni, en menntmrn. á síðan samkv. fjárlfrv. að sjá um úthlutun á þessum styrkjum til einstaklinga og stofnana. Ég býst við, að það gildi sama um þetta atriði og ýmsa styrki til ritstarfa, útgáfustarfsemi og rannsóknarstarfa, að hér þurfi einhverra skipulagsbreytinga við, því að í þessu efni hefur vissulega ríkt nokkurt handahóf hjá hv. Alþ. En ég tel um þetta eins og hið fyrra, að það sé næsta hæpið, að Alþ. afsali sér þessari úthlutun með öllu í hendur framkvæmdavaldsins og það sé þó a. m. k. að mörgu leyti eðlilegra, að þingkjörin n. hafi þessa úthlutun með höndum, og þess vegna legg ég til, að það verði menntamálaráð, sem framkvæmi þessa úthlutun eins og hina.

8. og síðasta till. mín á þskj. 130 fjallar um nýjan lið til listkynningar innanlands, 300 þús. kr. Það er oft um það rætt hér í sölum Alþ., að mikil nauðsyn sé á því að auka jafnvægi í byggð landsins. Í því sambandi er venjulega talað um atvinnumálin, um samgöngumálin, um raforkumálin og önnur slík mál. Vissulega eru þau mikils virði öll saman og nauðsynleg undirstaða, til þess að blómleg byggð haldist um land allt. En hinu má ekki gleyma, að menningarmálin í víðustu merkingu orðsins eru ekki síður nauðsynleg undirstaða undir það jafnvægi, sem menn vilja koma á í byggð landsins. Hér á ég ekki aðeins við skólamálin, svo sjálfsögð sem þau eru, heldur á ég hér við aðstöðuna til þess að njóta góðrar listar ekki síður en hitt. Þess hefur líka gætt á síðari tímum, að víða úti á landsbyggðinni, víða í héruðum er vaxandi skilningur á þessari hlið málanna og vaxandi áhugi á því að njóta aukins jafnréttis við þéttbýlið, að því er varðar það að njóta góðrar listar. Aðstaðan hefur líka batnað verulega til þess að sinna þessu hlutverki, til að mynda með tilkomu hinna mörgu nýju félagsheimila, sem hafa risið mjög víða, eins og kunnugt er, á síðari árum. Fyrir fáeinum árum var gerð nokkur tilraun á vegum ríkisútvarpsins og menntamálaráðs með það að flytja margvíslega list um landið, eins og það var kallað. Það fóru flokkar um tiltekna landshluta og fluttu skáldskap sinn í bundnu og óbundnu máli. Það var farið með myndlist á nokkra staði og hún kynnt með ræðuflutningi og skuggamyndum, tónlist var flutt o. s. frv. Þessari viðleitni var mjög vel tekið, og áhugi úti á landsbyggðinni fyrir þessu starfi virtist vera mikill. Af starfinu varð að vísu nokkur halli, ekki sízt vegna þess, að ferðalög eru nú býsna dýr og verði aðgöngumiða var hvarvetna mjög í hóf stillt. En mér er kunnugt

um það, að hjá sömu aðilum og stóðu að þessari starfsemi, sem ég hygg að hafi borið þess vott, að þarna var grundvöllur, sem mátti byggja á, og þarna var vilji fyrir hendi til þess að notfæra sér slíka starfsemi, — ég hygg, að hjá þessum aðilum sé fullur vilji til þess að hefja slíka starfsemi að nýju. Hins vegar skortir fé, a. m. k. að því er menntamálaráð varðar og e. t. v. ríkisútvarpið einnig. Sú fjárveiting, sem ég legg hér til að ríkið verji til þessarar starfsemi, 300 þús. kr., mun vissulega, ef vel er á haldið, geta komið að góðum notum. Ég vil líka benda á það í þessu sambandi, að með slíkri starfsemi og ég hef hér gert svolitla grein fyrir er um að ræða stuðning við íslenzka listamenn í mjög æskilegu formi, þ. e. a. s. með þessari starfsemi er þeim gert kleift að brúa a. m. k. að einhverju leyti bilið á milli listanna og fólksins.

Eins og ég sagði í upphafi, takmarka ég tillöguflutning minn algerlega við nokkur atriði, að því er varðar 14. gr. frv., gr., sem fjallar um menningarmál. Þessar upphæðir, sem ég legg hér til að verði ýmist hækkaðar eða komi nýjar í fjárl., að því er varðar stuðning við menningarmál, munu samtals hækka fjárl., ef samþ. væru allar, um rúml. 8 millj. kr. Þetta er sannarlega ekki há upphæð, þegar um nær fjögurra milljarða fjárl. er að ræða. En með þessum tillöguflutningi mínum hef ég viljað leggja nokkra áherzlu á það, að efnalegar framfarir, þ. e. a. s. það að hafa nóg til fæðis og klæða, hafa góðan húsakost, njóta margvíslegra þæginda o. s. frv., þetta er að vísu allt saman nauðsynleg forsenda, nauðsynleg undirstaða fjölbreytts og auðugs mannlífs og menningarlífs. En ef innihaldið skortir, ef svo mætti segja, — ég vildi segja, að þetta væru umbúðirnar, og þær þurfa vissulega að vera góðar og traustar, — en innihaldið skiptir vitanlega meginmáli, og þar vil ég telja, að menningin og listin hljóti að skipa mjög háan sess.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Ég flyt hér eina brtt. við fjárlagafrv. á þskj. 134. Það er I. brtt. á því þskj. Till. er um, að bætt verði nýjum lið við lið nr. XIII á 14. gr. og að liðurinn heiti „Til náttúrugripasafns í Neskaupstað, 50 þús. kr.“ Í Neskaupstað hefur verið stofnað til náttúrugripasafns, samþykktir gerðar um safnið og leitað eftir staðfestingu menntmrn. á reglugerð fyrir safnið og framlag úr bæjarsjóði er tryggt til rekstrarins, en hann er nú þegar hafinn. Hér er farið fram á nákvæmlega hliðstæðan styrk til þessa safns og til annarra slíkra safna á öðrum stöðum á landinu, og ég ætla, að það geti ekki verið neinn vafi á því, að það liggja sömu ástæður til þess að óska eftir framlagi til þessa safns eins og ýmissa annarra, sem viðurkenningu hafa fengið hjá fjárveitingarvaldinu. Ég veit, að erindi um þetta efni hafði borizt fjvn., en hún hafði hins vegar ekki séð ástæðu til þess að taka þennan lið upp í sínar till., og af því hef ég flutt þessa till. og vænti þess fastlega, að hv. fjvn. sjái ástæðu til þess að endurskoða afstöðu sína í þessum efnum og láta safnið í Neskaupstað njóta sama réttar og önnur hliðstæð söfn njóta á öðrum stöðum.

Fyrst ég er nú kominn hér upp í ræðustólinn á annað borð, get ég ekki leitt að fullu hjá mér þær umr., sem hér hafa farið fram, þótt á nokkuð breiðum grundvelli hafi verið um afgreiðslu fjárl. Að vísu er nú nokkuð liðið á kvöldið og fáir hv. þm. í salnum, og það dregur að sjálfsögðu úr því, að upp séu teknar hér miklar umr. um það mikla mál, sem hér liggur þó fyrir, sem er afgreiðsla fjárl. og full ástæða væri nú til reyndar, að allmiklar og almennar umr. færu hér fram um. Ég mun því ekki hafa mál mitt lengt að sinni í trausti þess, að síðar gefist tækifæri til að ræða nánar um þessi mál. En það voru nokkur atriði, sem fram komu í ræðum manna, sem ég vildi víkja hér að, og fyrst vildi ég beina fsp. til hæstv. fjmrh., sem ég sé nú, að er ekki staddur hér í salnum, og ég vildi gjarnan fá þeirri spurningu svarað og af því fer ég fram á það við hæstv. forseta, að hann hlutist til um það, að hæstv. fjmrh. sjái sér fært að vera hér inni, meðan ég tala. (**Forseti:** Fjmrh. er sjálfsagt í húsinu. Ég skal gera boð eftir honum. — **EOl:** Það ætti að fresta þá fundi til morguns, ef ríkisstj. hefur ekki tíma til að vera við. — **Forseti:** Fjmrh. er áreiðanlega við.) Já, fjmrh. hlýtur að koma. Það kemur ekki til mála, að hann ætlist til þess, að við ræðum um fjárl., án þess að hann sé hér nærstaddur. Það væri af og frá.

Ég vék að því, að það hefði hér ýmislegt komið fram í ræðum manna, sem gæfi tilefni til þess, að um það yrði rætt frekar, og eitt gaf mér tilefni til þess að beina tiltekinni spurningu til hæstv. fjmrh. Hér var minnzt á sölu skipsins Þyrils, sem Skipaútgerð ríkisins hefur átt og rekið um nokkurra ára skeið. Það var greint hér frá söluverði skipsins og að nokkru leyti frá greiðsluskilmálum, og það getur ekki farið á milli mála hjá þeim, sem eitthvað þekkja til í þessum efnum, að þetta skip hefur verið selt fyrir hlægilega lágt verð. Ég er ekki í neinum vafa um, að það hefði verið mjög auðvelt verk fyrir ríkið að fá miklum mun hærra verð fyrir skipið, ef sala þess hefði farið fram með eðlilegum hætti. Nú hefur verið á það bent hér, að Þyrill hafi verið happaskip á margan hátt í útgerð ríkisins, það hafi skilað verulegum hagnaði í mörg ár og staðið þó undir mjög þýðingarmikilli þjónustu fyrir landsmenn. En þetta skip, sem hefði skilað verulegum ágóða í sjóð Skipaútgerðarinnar, sem var ekki allt of ríkur fyrir, var skyndilega tekið af Skipaútgerðinni og selt útgerðarmanni eða félagi hans vestur á fjörðum. Nú vil ég spyrja hæstv. fjmrh.: Hvaðan kom ríkisstj. heimild til þess að selja þetta skip? Ég hef ekki orðið þess var, að ríkisstj. hafi fengið heimild til þess að selja þessa eign ríkisins. Hitt veit ég, að það er ekki hægt að selja svo eyðikot neins staðar á landinu, sem ríkið á, að ekki þurfi að leita til Alþ. um heimild fyrir slíkri sölu. En allt í einu er stokkið upp í þessu tilfelli og skipið selt á hlægilega lágu verði, langt undir því verði, sem auðvelt er að sanna að hefði verið hægt að fá fyrir skipið, og það getur ekki farið neitt á milli mála, að þeim aðila, sem keypti skipið, hafi verið réttar nokkrar millj. kr. á þennan hátt. Að selja Þyril á 5 millj. kr., eftir að fram hafði farið nýlega á honum klössun upp á 2½ millj., það sjá vitan-

lega allir, sem eitthvað þekkja til skipaeignar, að nær engri átt. Auðvitað hefði ríkisstj. í fyrsta lagi átt að afla sér heimildar, nema hún hafi þá haft einhverja heimild, sem mér er ekki kunnugt um, til þess að selja skipið, en síðan hefði ríkisstj. að sjálfsögðu átt að auglýsa skipið til sölu með venjulegum hætti og gefa öllum kost á því að kaupa skipið, ef ríkið vildi endilega losa sig við þetta skip, sem skilaði árlegum hagnaði í sjóð ríkisins. Ég tel, að hér hafi verið framið hið herfilegasta hneykslí, sé hér rétt frá skýrt um sölu þessa skips, eins og forstjóri Skipaútgerðarinnar greinir frá. Ég vil því vænta þess, að hæstv. fjmrh. geri hér nokkra frekari grein fyrir þessu máli, hér er um fjárhagsmálefni að ræða, hvernig á þessu getur staðið. Ég veit að vísu, að það mun ekki hafa verið í hans stjórnartíð sem fjmrh., sem salan fór fram, en eigi að síður hlýtur hann að hafa fylgzt með þessu máli og kynnt sér málið. Ég vænti, að hann geri hér Alþ. frekari grein fyrir því, hvernig í þessu máli öllu liggur.

Það var ýmislegt fleira, sem vakti mjög athygli manna í sambandi við þær umr., sem hér hafa farið fram um afgreiðslu fjárl. En það, sem hefur þó mest vakið athygli mína í sambandi við umr. um afgreiðslu fjárl. nú, er sá nýi og sérstaki tónn, sem hér er kominn upp í sambandi við fjárhagsmálefni ríkisins. Nú kemur hæstv. fjmrh. hér fram hvað eftir annað og ber mjög lóminn og telur, að nú sé úr vöndu að ráða með fjárhag ríkisins og nú stöndum við frammi fyrir miklu vandamáli í þeim efnum. Sýnilegur halli, segir hann, á ríkisbúskapnum á því ári, sem nú er að líða, og halli var einnig á ríkisbúskapnum á árinu 1964. Og talsmaður fjvn. undirstrikar þetta einnig mjög, að nú sé erfitt um vik að sinna hinum nauðsynlegustu erindum, sem koma til fjvn., vegna þess að svo sé orðið ástatt hjá ríkissjóði, að þar sé í rauninni ekkert afgangs, og það, sem þó kórónar þetta allt saman að mínum dómi og vekur meira að segja alveg sérstaka athygli mína, er, að svo hrekkur Framsfl. við í þessum efnum, að hann gefst að fullu og öllu upp við að flytja till. til breytinga á fjárl. ríkisins, flytur að vísu eina till. Það er af, sem áður var. Þeir framsóknarmenn drógu ekkert af sér að flytja hér brtt. Ég get ímyndað mér, að hér standi eitthvað meira til. Er það kannske meining framsóknarmanna hér á eftir, að nú sé svo komið högum hjá ríkissjóði, að þeir verði að kippa til baka öllum frv. um útgjöld, sem þeir eru búnir að flytja, öllum till., þeir hætti nú með öllu að flytja till., því að það sé allt komið á hliðina hjá ríkinu? Hvað hefur eiginlega gerzt í þessum efnum? hlýt ég að spyrja, sem svo gersamlega hefur hleypt öllum vindi úr Framsfl. á einni kvöldstund og gerir þetta að verkum, að hæstv. fjmrh. og fjvn. bera sig svona óskaplega illa? Hvað hefur komið fyrir? Hvaða slys hefur hent ríkissjóð? Það hlýtur eitthvað mikið og hafa komið fyrir.

Ég hef bent á það áður, að það hefur ekki annað og meira gerzt í þessum efnum en það, að allar ytri aðstæður hafa verið ríkissjóði mjög hagstæðar hvað tekjuöflun áhrærir. Framleiðsla þjóðarinnar hefur farið vaxandi. Heildartekjur landsmanna hafa vaxið stórlega á árinu 1964 og enn meira á yfirstandandi ári. Og tekjur ríkissjóðs hafa ekki farið minnkandi, heldur fremur hækkandi. En samt er svona komið. Jú, ég hef nokkrum sinnum gert það hér að umtalsefni eins og fleiri, að það, sem hér hafi valdið mestu um, sé þróun verðlagsmálanna í landinu, það sé hinn mikli vöxtur dýrtíðarinnar, hann sé nú að segja til sín, ekki sízt eftir að ríkisstj. samdi um það við verkalýðssamtökin í landinu sumarið 1964, að ríkið yrði einnig að standa nokkuð ábyrgt í sambandi við þróun verðlagsmálanna í landinu, að það væri ekki lengur til sú leið fyrir ríkið að skjóta sér í sífellu undan ábyrgðinni af hækkandi verðlagi í landinu og standa jafnvel fyrir slíku. Sumarið 1964 samdi ríkisstj. við launþegasamtökin um það, að öllum launþegum í landinu skyldu greiddar sérstakar verðlagsuppbætur í hlutfalli við aukna dýrtíð. Það var auðvitað alveg augljóst mál, að þegar þessir samningar voru gerðir, kallaði það á breytta stefnu ríkisstj. í dýrtíðar- og verðlagsmálum. Annars hlaut ógæfan að skella yfir stjórnina og sérstaklega yfir ríkissjóðinn. En dýrtíðarstefnunni var haldið áfram, og því fór að halla undan hjá ríkissjóði þrátt fyrir vaxandi tekjur. Ríkisstj. vildi ekki hverfa frá þessari stefnu sinni og hefur því alveg óumdeilanlega þurft að glíma við þennan vanda.

Nú tók ég eftir því, að hæstv. fjmrh. sagði: Við erum allir sammála um það, að vandinn hjá ríkissjóði stafi af verðbólgunni. Við erum sammála um það, sagði hæstv. ráðh., að verðbólgan og dýrtíðin eru ógnvaldur ríkissjóðs, eins og hann orðaði það. Það er þá allmikið fengið, ef menn eru orðnir ásáttir um, að það, sem við þurfi virkilega að glíma í þessum efnum, sé þessi vaxandi dýrtíð. En svo þegar kom að því, að hæstv. ráðh. vildi ræða nokkuð um vandamálið sjálft, um dýrtíðarvöxtinn, fannst mér allt gerast heldur þokukennt hjá hæstv. ráðh. Hann talaði um, að dýrtíðin væri í rauninni samspil kaupgjalds og verðlags, eins og hann orðaði það. Og það var alveg greinilegt á málflutningi hans, að hann taldi þetta samspil þess eðlis, að það væri hægara sagt en gert að koma nærri því eða fá nokkuð ráðið við það. Og ég gat ekki skilið málflutning hans á annan veg en þann, að hann viki sér með öllu undan því að vilja ræða frekar um þetta vandamál. Og þannig hefur hann líka og ríkisstj. tekið á vandamálinu nú að þessu sinni. Leiðin, sem ríkisstj. hefur valið sér í þessum efnum, er sú að skera niður tiltekin útgjöld, sem ríkið átti þó að standa undir, eins og ákveðin framlög til vegamála í landinu, og svo hin ráðstöfunin, að finna upp nokkra nýja tekjustofna handa ríkinu, tekjustofna eins og farmiðaskattinn, sem nú er gert ráð fyrir að leggja á, tekjustofn eins og nýjan benzínskatt, tekjustofn eins og nýjan skatt á alla raforkusölu í landinu, tekjustofn eins og vegatollinn, tekjustofn eins og hækkun á aukatekjum ríkissjóðs. Þetta á allt að tína saman, rúml. 200 millj. kr. í auknar tekjur fyrir ríkið. Ráðið, sem hæstv. ríkisstj. sér gegn vandanum, er þetta, að standa að nokkrum niðurskurði á verklegum framkvæmdum og tilteknum fjárgreiðslum, sem ríkinu hefur verið ætlað að standa undir, og að

finna út nokkra nýja tekjustofna sem þá, sem ég hef nú tilgreint. En ef við erum í raun og veru sammála um það, að ógnvaldur ríkissjóðs, eins og hæstv. fjmrh. orðaði það, sé vaxandi dýrtíð, hvernig verður þá um áframhaldið í þessum efnum eftir þá lotu, sem nú hefur verið tekin? Það er kannske hægt að bjarga sér yfir afgreiðslu fjárl. að þessu sinni á þennan hátt. Dýrtíðin heldur áfram að vaxa. Efast nokkur um það, eins og nú er staðið að málum?

Hvað á þá að gera við næstu afgreiðslu fjárl.? Ég hef bent á það hér áður, að ég get ekki séð annað en næsta og beina framhaldið af þessu verði það, að hæstv. fjmrh. finni upp eitthvað enn af útgjöldum, sem hvílt hafa á ríkinu, eins og t. d. framlög til skólamála í landinu, þau verði skorin niður, létt af ríkissjóði og fundinn verði upp einn eða tveir nýir skattar enn til þess m. a. að standa undir framlögum til skólamálanna. Svona er hægt að halda áfram, en vitanlega leysir þetta engan vanda.

Ég tók eftir því, að í þessum vanda, sem hæstv. fjmrh. var, þegar að þessum málum kom, vildi hann halda því fram, að í rauninni stæðum við allir jafnvarnarlausir gagnvart þessu vandamáli, vaxandi dýrtíð. Það hefði enginn fundið ráð við vandanum og því væri eðlilegt, að ríkisstj. hrektist undan á þennan hátt sem hún gerir. Hæstv. ráðh. benti á, að það dygði ekki að segja með almennum orðum, að það ætti að skipta um stefnu í efnahagsmálum, það ætti að breyta til. Vissulega er þetta rétt hjá hæstv. ráðh. Það þarf meira til. En ég fyrir mitt leyti tel, að við Alþb.-menn höfum bent alveg óumdeilanlega á tiltekin atriði, sem eigi að gera, sem er ákveðin stefna, til þess að glíma við vandamálið sjálft. Ég neita því ekki, að ýmislegt fleira geti komið þar til greina. Við bendum á, að í fyrsta lagi sé alveg nauðsynlegt, ef menn í fullri alvöru ætla að reyna að hamla gegn hækkandi verðlagi í landinu, að ríkisvaldið taki að sér stjórn á verðlagningarmálunum. Það eigi ekki lengur að segja við alla kaupsýslumenn í landinu og þá, sem hafa með verðlagningarmál að gera: Nú verðleggið þið eftir því sem ykkar hugur stendur til, eins og nú er sagt. Á því er enginn vafi, að sú stefna núv. hæstv. ríkisstj. að afnema verðlagseftirlit í jafnríkum mæli og hún hefur gert og að leyfa hækkandi álagningu í jafnmörgum tilfellum og hún hefur gert á vörum og þjónustu, það hefur vitanlega leitt til síhækkandi verðlags í landinu. Eins og ástandið er nú í okkar landi, er tvímælalaust nauðsynlegt að taka föstum tökum á þessum verðlagningarmálum, en víkja sér þar ekki að fullu undan og gefa kaupsýslustéttinni sjálfdæmi þar um. Ég álít, að ríkisstj. eigi að vera búin að fá það fullreynt, að samkeppnisreglan dugir okkur ekki til tryggingar því, að verðlagið í landinu sé eðlilegt.

Við Alþb.-menn höfum einnig bent á, að það sé óhjákvæmileg nauðsyn, ef eigi að hamla gegn hækkandi verðlagi í landinu, að taka þá stjórn á fjárfestingarmálum landsins. Það stjórnleysi, sem ríkisstj. hefur ákveðið að skuli gilda í þessum efnum nú, hlýtur að hafa sýnt ríkisstj., að þetta fær ekki staðizt. Stjórnleysið í fjárfestingarmálum leiðir til framkvæmda, sem spenna upp oft og tíðum uppboð á vinnumarkaði í ýmsum tilfellum og gefa ýmsum brasksjónarmiðum þar alveg lausan tauminn, og þetta leiðir einnig til þess, að fjármunum þjóðarinnar er á þennan hátt ráðstafað mjög óheppilega.

Hæstv. ríkisstj. viðurkennir, að það þurfi að reyna að hafa nokkra stjórn á fjárfestingarmálum opinberra aðila, ríkis og bæjarfélaga, og ég veitti því sérstaka athygli nú, að hæstv. ríkisstj. var mjög að hvetja forustumenn bæjarfélaganna í landinu til þess að fallast á að koma inn undir það fjárfestingareftirlit að fullu og öllu, sem nú gildir gagnvart framkvæmdum ríkisins. En ríkisstj. heldur sér eigi að síður fast við það, að allir þeir mörgu aðilar, sem standa með framkvæmdir fyrir utan ríki og bæ, eigi að ráða algerlega sjálfir, þar eigi aðeins gróðasjónarmið þeirra að ráða því, hvað gert er.

Ég held, að ef hæstv. ríkisstj. vill í fullri alvöru hamla gegn þessu mikla vandamáli, sem steðjar nú að ríkissjóði, og er afleiðing af hækkandi verðlagi í landinu, þá verði hún að viðurkenna það, að hún verði að hverfa frá þessari svonefndu frelsisstefnu sinni í fjárfestingarmálum.

Ég tel líka, að það sé enginn vafi á því, að ef snúizt er að því í alvöru að reyna að hamla gegn hækkandi verðlagi, þá eigi nú þegar að lækka vextina í landinu að verulegu leyti. Það er gersamlega þýðingarlaust að halda því fram nú orðið, að lækkun vaxta mundi þýða aukin útlán. Það eru ekki vextirnir, sem hér hamla nú í sambandi við útlánin. Sannleikurinn er sá, að nú er allt það fé lánað út í bankakerfinu á þessum háu vöxtum, sem bankakerfið getur mögulega lánað út miðað við þær reglur, sem Seðlabankinn setur því. Það mundu því ekki aukast neitt útlán, þó að vextirnir yrðu lækkaðir, en lækkun vaxtanna mundi líka segja til sín í verðlagsmynduninni í landinu. Það væri hægt að fylgja vaxtalækkuninni eftir með því að knýja verðið niður í fjölmörgum tilfellum, að ég tali nú ekki um, að það væri hægt að bæta upp ýmsum atvinnugreinum mjög verulega með því að lækka t. d. stofnlánavexti, sem hafa verið hækkaðir alveg óhæfilega miðað við það, hvaða þarfir stofnlánasjóðirnir hafa í mörgum tilfellum a. m. k.

Það ætti líka að minum dómi að hætta tafarlaust sparifjárbindingunni, því að eins og nú er komið, eru engin rök fyrir því að binda jafnmikið af sparifjármynduninni í landinu og nú er gert til þess eins að auka við gjaldeyrissjóði þjóðarinnar. Það hlýtur vitanlega einhvern tíma að koma að því, að talið sé, að ekki þurfi að auka sérstaklega við þessa gjaldeyrissjóði. Þegar þjóðin fyrir um ári átti í kringum 1700 millj. í sínum gjaldeyrissjóði, var enginn vafi á því, að sá gjaldeyrissjóður var orðinn fyllilega nægilega stór miðað við okkar þarfir. Það er ekki ráðlegt að auka við þennan gjaldeyrissjóð, þegar vel gengur búskapur ríkisheildarinnar gagnvart útlöndum, auka við hann á einu ári 300 millj., hækka gjaldeyriseignina og krefjast þess þá jafnframt að binda af sparifjármynduninni í landinu 300 millj. kr. Í rauninni er hér um algert óvit að ræða, ekki sízt þegar þannig er haldið á málum, að á sama tíma og þjóðin er á þennan hátt að auka við hina lausu gjaldeyrissjóði sína, þá er

þjóðin að taka erlend lán, fá gjaldeyri hjá öðrum þjóðum í lánsformi með miklu óhagstæðari kjörum en þjóðin fær fyrir sína gjaldeyrissjóði, þar sem þeir standa úti. Hvaða vit er t. d. í því að þvinga þá, sem eru að kaupa sér fiskiskip og láta byggja þau í Noregi, til þess að taka að láni í Noregi 300—400 millj. kr. á ári með 7% vöxtum, á sama tíma og þjóðin ákveður að leggja fyrir í gjaldeyrissjóð 300—400 millj. kr. í bönkum erlendis og fá 2—3% vexti af þeim gjaldeyrissjóðum? Það er vitanlega engin ástæða til þess að halda á málunum á þennan hátt, og afleiðingin verður einfaldlega sú, að neyðzt er til þess að halda uppi óeðlilega háum vaxtakjörum á framleiðslunni í landinu vegna slíkra ráðstafana sem þessara, og það er staðið í vegi fyrir því með þessari sparifjárbindingu, að ýmsar greinar okkar þýðingarmikla rekstrar fái það rekstrarfé eða geti haft það rekstrarfé með höndum, sem þeim er í rauninni nauðsynlegt.

Það þarf líka að breyta um stefnu í efnahagsmálunum að því leyti til, að það þarf að stórauka eftirlit með skattaframtölum og sjá um það, að reksturinn sé ekki svo að segja undanþeginn allri skattgreiðslu, eins og hann er yfirleitt nú í dag. Sannleikurinn er sá, að þeir, sem einhvern rekstur hafa með höndum, eiga mjög auðvelt með það, eins og framkvæmd skattalaganna er nú, að skjóta gróða sínum undan skatti. Og alveg það sama er að segja um innheimtu söluskattsins, þar þyrfti að breyta um framkvæmd, og þá efast ég ekkert um, að ríkissjóður gæti, án þess að lögum yrði breytt, gert sér vonir um að fá verulega auknar tekjur bæði af tekjuskatti og eins af söluskatti, ef breytt yrði þarna um framkvæmd og þeir látnir borga, sem geta borgað til ríkisins. Ef ríkissjóður fengi þessar tekjur, gæti hann miklu betur aðstoðað við að reyna að halda verðlaginu í landinu niðri heldur en hann getur nú.

Við Alþb.-menn höfum einnig bent á, að það er tvímælalaust hægt að taka fyrir braskið, sem nú fer fram í sambandi við íbúðarhúsnæði. Það er enginn vafi á því, að það er hægt að taka fyrir þetta brask, ef aðeins er til fullur vilji hjá þeim, sem fara með völdin í landinu, til þess að gera það. Og það er enginn vafi á því, að það væri einnig hægt að lækka húsnæðiskostnað almennings í landinu, ef stuðningur ríkisins við íbúðarhúsabyggingar yrði meira á félagslegum grundvelli en hingað til hefur verið. Það er vitanlega engin ástæða til þess að styðja menn til þess að koma upp íbúðum, ef meiningin er að láta slíkar íbúðir fara út á braskmarkað. Fyrir slíkt á að taka.

Þá höfum við Alþb.-menn einnig bent á, að það væri full ástæða til þess, ef ríkið ætlar að takast af einhverri alvöru á við vandann, að snúa sér að því af fullri alvöru að draga úr ýmsum þeim útgjöldum á fjárl., sem jafnvel hæstv. fjmrh. viðurkennir að verði að teljast til mjög vafasamra útgjalda, eins og í sambandi við þrjú sendiráð á Norðurlöndum og ýmislegt fleira, sem hér hefur verið minnzt á. Vitanlega er sjálfsagt, þó að þessu fylgi nokkur vandi, að snúa sér að því verkefni að reyna að draga úr þessum óþarfaútgjöldum, og það mundi einnig skapa ríkisstjórninni aðstöðu til þess að glíma við sjálft aðalvandamálið, sem við er að fást og hér hefur verið rætt um.

Ég skal ekki orðlengja þetta miklu meira, þó að vissulega væri tilefni til þess að ræða þetta mál enn, svo stórt sem það er. En ég vil halda því fram, að það hafi komið hér fram á Alþingi og það oftar en einu sinni tillögur, sem rétt sé fyrir hæstv. ríkisstj. að íhuga frekar en hún hefur gert, tillögur, sem gætu hjálpað verulega til þess að ráða við þann mikla vanda, sem m. a. hæstv. fjmrh. hefur rætt hér um í sambandi við fjárhagsmál ríkisins. Það er enginn vafi á því, að með óbreyttri stefnu í efnahags- og verðlagsmálum ræður ríkisstj. ekki við þennan vanda. Hún verður því fyrr eða síðar að horfast í augu við það, að hún verður að gefa upp þessa gömlu viðreisnarstefnu sína sem óhafandi stefnu í þessum efnum.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Það er nú farið að líða mjög á kvöld, þannig að ég skal ekki lengja þessar umr., þó að það hefði verið mjög fróðlegt að gera að umtalsefni margt af því, sem fram hefur komið. Ég get þó ekki stillt mig um að segja á þessu stigi örfá orð og hefði þó ekki staðið upp, ef ekki hefði beint verið skotið til mín fsp. varðandi mál, sem búið er að ræða af allmörgum hv. þm. hér í kvöld, en það er í sambandi við sölu á olíuflutningaskipinu Þyrli. Ég verð því miður að játa, að mér er þetta mál ókunnugt. Það getur vel verið, eins og hv. síðasti ræðumaður sagði, að þetta væri mál, sem ég hefði átt að kynna mér. En það hefur sannast sagna verið margt, sem maður hefur þurft að kynna sér þessa mánuði, sem ég hef setið í mínu starfi og ekki sérstaklega lagt mig eftir því að skoða öll þau mál, sem voru útkljáð fyrir þann tíma, þegar ég tók við því, og ég skal fúslega játa, að þetta mál er mér ekki svo kunnugt, að ég geti svarað þessum fsp., og hefði mér þó að sjálfsögðu verið það mjög ljúft, ef svo hefði verið. En væntanlega gefst tækifæri síðar til að kanna það og upplýsa, hvað er rétt í málinu.

Það var með nokkurri eftirvæntingu, sem ég hlustaði á ræðu hv. 5. þm. Austf. (LJós), af því að hann ræddi efnahagsvandamálin almennt og af því að hann var í upphafi máls síns að lýsa, hve ég hefði borið mig illa og í rauninni hve framsóknarmenn væru líka farnir að bera sig illa. Ég veit ekki, hvort ég hef verið búinn að draga svona kjarkinn úr þeim að hans dómi, að þeir væru orðnir klökkir líka út af þessu ástandi. En það virtist svo sem það væri einn, sem ekki bæri sig illa, og það væri hv. þm., og ég reiknaði því mjög með því að fá nú leiðarvísi um það, hvernig ætti að kippa þessu öllu í lið-inn, og beið því með nokkurri eftirvæntingu hans ræðu.

Því miður verð ég að segja það, að fæst af því, sem hann sagði, sannfærði mig um, að hann hefði fundið púðrið, og ég held, að þó að ýmislegt af því sé alveg rétt almennt séð, þá hafi útfærslan á þeim kenningum verið með nokkuð hæpnum hætti. Hann spurði hvað eftir annað: Hvað hefur eiginlega gerzt? — Ég hélt, að það lægi nú nokkuð ljóst fyrir, hvað hefur gerzt, og hann í rauninni útskýrði það einnig sjálfur, að það, sem mundi hafa skapað erfiðleikana nú hjá

ríkissjóði, sérstaklega síðustu tvö árin, væri það, að 1964 hefði verið komið á verðtryggingu launa, sem hefði auðvitað valdið ríkissjóði því, að hann yrði að standa andspænis því að borga í auknum tilkostnaði hverja þá hækkun, sem yrði á visitölu, og vitanlega hefur það leitt af sér margvíslega erfiðleika, sem m. a. koma fram í stórauknum niðurgreiðslum og auknum tilkostnaði á ýmsan hátt, sem má segja að hefði verið hægt að þoka sér undan, ef ekki hefði verið farið inn á þessa braut.

Nú skal ég hins vegar ekkert um það segja, hvort það hefði verið hægt, vegna þess að reynsla áranna þar á undan sýndi, að í rauninni hafði það ekki tekizt, sem menn vonuðu, að halda hófi á verðbólguaukningunni með þessum aðgerðum, að slíta tengslin milli visitölunnar og kaupgjaldsins, vegna þess að það hafði aðeins leitt af sér háværari kröfur og hærri launakröfur verkalýðsfélaganna, meðan horfið var frá þessari bindingu eða verðtryggingu, þannig að inn á þetta var gengið, og það var sagt, að þarna hefði ríkisstj. beðið mikinn ósigur, hún hefði fallið frá sinni kenningu og fallizt þarna á visitölutenginguna aftur. Það má vel segja, að það hafi verið ósigur. Ég álít, að í grundvallaratriðum megi menn ekki alltaf hengja sig í það út í rauðan dauðann, sem þeir einu sinni hafa viljað prófa til þess að finna lausn á vanda, ef það sýnir sig, að sú lausn hefur ekki fengizt. Og því þá ekki að prófa, hvort væri með skikkanlegu samkomulagi hægt að stemma þarna nokkuð stigu við þróuninni, þótt með öðrum hætti væri?

En því er ekki að leyna, að af þessu hafa skapazt vandræði. Hv. þm. virðist telja, að það hafi verið ósköp einfalt mál fyrir ríkisstj. að halda bara öllu í föstum skorðum, eftir að þetta gerðist, og þá hefði vandinn enginn verið. Það vita allir hv. þm., það er enginn hér inni það barn, að hann viti ekki nákvæmlega, hvað hefur gerzt og hver þessi þróun hefur orðið. Átti að stöðva landbúnaðarvöruhækkunina um haustið og banna hana? Vilja menn gera það? Það leiddi af sér stórfellda hækkun. Það komu svo aftur til kauphækkanir á árinu 1965. Það kemur aftur til stórfelld hækkun á landbúnaðarvöruverði nú í haust. Þessar víxlhækkanir hafa leitt af sér áframhaldandi vanda í þessum efnum. Og þetta er út af fyrir sig ekkert nýtt. Þetta er það vandamál, eins og ég sagði í ræðu minni áðan, sem við höfum verið að glíma við og menn hafa ekki getað fundið lausn á, en ég held, ef menn í alvöru meina eitthvað með tali sínu um, að nú verði allir að snúast gegn þessum ógnvaldi, sem sé dýrtíðinni, þá verði menn að finna lausn á þessum vanda og verði að finna einhver ákveðin lögmál, eftir hvaða reglum kaupgjald megi breytast. Þetta held ég að liggi alveg ljóst fyrir, og það var ekki með neinum úrtölum eða kveinstöfum, sem ég var að lýsa þessu í minni ræðu, heldur aðeins skýra frá því, sem virðist vera orðið mönnum almennt ljóst, þó að þeir bregðist við því með mismunandi hætti.

Það hefði auðvitað verið ákaflega æskilegt, eins og ég sagði, ef það hefði verið hægt að stöðva allt verðlag. En það hefur ekki tekizt, og ég geri ekki ráð fyrir, að neinn, sem hefði setið í ríkisstj., hefði getað gert það. Það hefur haft þessar afleiðingar, að það hefur orðið halli á ríkisbúskapnum. Og hvernig á þá að að fara öðruvísi en fá fjármagn til þess að jafna þennan halla? Menn segja: Það má kannske gera með sparnaði. — Jú, gott og vel, ég hef hlustað á margar ræður hér í kvöld, og þær hafa verið ákaflega fróðlegar, því að annars vegar hefur verið hneykslazt á því, að það séu lækkuð framlög til opinberra framkvæmda, og hins vegar hafa sumir hv. ræðumenn staðið upp og lýst því mjög átakanlega, hvernig allar framkvæmdastofnanir ríkisins væru fjárvana, þannig að það virðist þá eitthvað hafa verið þrengt að þar líka. Og þá er fátt eftir, ef undan skal skilið stjórnarráðið. Mér skilst, að það sé eina grein fjárl., sem eigi sér formælendur fáa, og það eigi allur vandinn að vera runninn frá þessum millj., sem stjórnarráðið kostar, ef við getum þurrkað það allt saman út, þá væri þetta allt saman ósköp einfalt og gott. En þó að það væri gert, held ég að væri varla hægt að leysa úr allri fjármagnsþörf ríkisstofnana og hækka framlög til verklegra framkvæmda, eins og menn hafa hér talað um, og samtímis hafa allt í góðu lagi efnahagslega.

Hvert verður framhaldið? spurði hv. 5. þm. Austf. Framhaldið getur vel orðið það, — ég játa það fúslega og er ekki að blekkja neinn með því, að með áframhaldandi þróun getur vel orðið þörf á nýjum sköttum næsta haust. Það veit ég ekkert um. Ef það heldur áfram þetta verðbólguástand og útgjöld ríkisins vegna rekstrarútgjalda fyrst og fremst stóraukast, þá skal ég ekkert um það segja, nema þess verði þörf, og ég get fúslega fallizt á með hv. þm., að nýir skattar eru engin frambúðarlausn. Ég gat um það í fjárlagaræðu minni í haust, að það væri mikil nauðsyn á því, — sem ekki hefði verið gert vegna verðbólguþróunarinnar undanfarin ár, þá hefðu menn orðið að reyna að brúa bilið og finna bara nýja skattstofna til að leysa vanda ríkisins, — en það væri hin brýnasta nauðsyn að reyna að gera sér grein fyrir því til nokkurra ára, hvernig með venjulegum tekjustofnum og eðlilegum hagvexti mætti gera ráð fyrir, að tekjur ríkisins gætu vaxið, og ef menn vilja ekki auka álögur, verða menn að halda sig innan þeirra marka með útgjöldin. Þetta er vissulega hin brýnasta nauðsyn að gera. En þegar menn tala um það nú, sem ég skal ekki gera lítið úr út af fyrir sig, að það, sem þurfi núna, sé að taka stjórn fjárfestingareftirlits föstum tökum og haga verðlagseftirliti með miklu kröftugri hætti en gert er, þá lítur þetta allt ósköp fallega út. En ég held, að það sé meira fallegt á blaðinu heldur en í raunveruleika, og þetta snertir ekki nema að nokkru leyti vanda ríkissjóðs. Við skulum segja, ef við hefðum verðlagseftirlit á öllum hlutum. Ég veit ekki betur en verðlagsyfirvöld hafi talið óumflýjanlegt með margar greinar, sem heyra undir þau, og það eru mjög viðamiklar greinar í þjóðfélaginu, að leyfa þar hækkanir, og ríkisstj. hefur hvað eftir annað spyrnt þar gegn fótum, meira að segja um hluti, sem verðlagsyfirvöld hafa talið nauðsynlegt að hækka. Og það hefur verið skilningur á því hjá verzlunarstéttinni að mæta ekki t. d. vinnu-

tímastyttingunni núna með hækkaðri álagningu, og iðnrekendur hafa ekki farið fram á það, þannig að ég mundi ekki segja, að væri hægt að ráðast með neinu offorsi á þessa aðila fyrir það, að þeir hafi ekki sýnt á þessu fullan skilning. Hitt er ljóst, að það eru ýmsir kostnaðarliðir, sem er ekkert um að ræða annað en að verði að hækka og menn geta ekki tekið á sig að fullu leyti. Vinnulaunahækkunin hefur í reynd orðið meiri en var hægt fyrir atvinnureksturinn á sig að taka, það vitum við, og menn hafa hér upplýst í kvöld, að vissar þjónustustofnanir ríkisins verði að framkvæma verulega hækkun til þess að geta risið undir sínum útgjöldum. Og það er vitanlega svo í mörgum greinum.

Ég held, að verðlagseftirlitið sé meira trúaratriði en það hafi raunverulega þýðingu, það held ég að reynslan hafi alveg ótvírætt sýnt og sannað, og það öruggasta verðlagseftirlit sé nægilegt vöruval og aðhaldið, sem í því felst, auk þess sem ég vil leyfa mér að halda því fram, þó að sé nú talað um, að kaupsýslumenn séu gírugir, að meðan eru starfandi samvinnufélög í öllum héruðum landsins, mættu menn a. m. k. halda það, að þar væri að finna nokkurn hemil á verðlagið.

Fjárfestingareftirlit, jú, það er gott og blessað. En í ræðu þeirri, sem hv. 6. þm. Sunnl. flutti hér áðan og taldi sig vera að sauma allmikið að mér, að því er mér skildist, og segja mér til syndanna og hvernig ætti að haga þessum málum, þá vildi nú svo til, að það, sem hann sagði í lok síns máls og ég held að hafi ekki verið „hin leiðin", það var nákvæmlega það, sem ég hafði verið að segja að væri eðlilegasta úrræðið til þess að hafa hemil á fjárfestingunni. Ég get tekið undir hans orð. Ég held, að ég hafi skilið hann alveg rétt, að hann talaði um, að það væri enginn boðskapur Framsfl. að taka upp fjárfestingareftirlit. Því ekki að reyna frjálsa samninga við einkasamtök, félagasamtök, sveitarfélög, en ekki setja upp nýja fjárfestingarstofnun? Þetta er vissulega það, sem er verið að reyna að gera, í fyrsta lagi með framkvæmdaáætlun ríkisins, í öðru lagi með því á næsta stigi að draga sveitarfélögin inn í þá áætlun og í þriðja lagi, sem ég tel líka höfuðnauðsyn, að draga einkaframtakið þar inn í líka. Það er alveg sjálfsagt, og að því er vissulega stefnt. Og í gegnum bankakerfið hafa farið fram ákveðnar viðræður um það, og bankarnir hafa fullan skilning á því, að það verði hafður hemill á þeirri fjárfestingu. Það eru þá aftur fjárfestingarlánasjóðirnir, sem hafa með að gera útlán til hinna ýmsu atvinnuvega, og hingað til hefur af hálfu hv. stjórnarandstæðinga verið heldur deilt á ríkisstj. fyrir það, að hún útvegaði ekki nóg fé í þá sjóði, og vissulega er um þarfa og góða hluti að ræða, en einnig allar þessar framkvæmdir taka sitt vinnuafl, og ég held við megum ekki blekkja okkur með því.

Það er alveg hárrétt, að það þarf að draga úr fjárfestingu, en að halda, að það sé hægt með jafneinföldu ráði og að segja við mig: Þú bara stöðvar allar ónauðsynlegar hallarbyggingar og annað þess konar, — það held ég að sé álíka óraunverulegt og að segja, að hægt sé að leysa allan vanda í ríkissparnaði með því að afnema kostnað við stjórnarráðið. Þegar litið er á heildarfjárfestinguna í landinu og þessar blessaðar verzlunarhallir, sem er nú talað um, þá held ég, að það muni verða reyndin, að það muni ekki gagna ákaflega mikið, vegna þess, að margar þessar blessaðar verzlunarhallir hafa ekki gengið betur en það, ef menn hafa fylgzt með byggingunum við Suðurlandsbraut, að það hefur ekki gengið með neinum hraða með þær byggingar, m. a. vegna þess, að allir þessir aðilar kvarta yfir stórkostlegum fjárskorti, af því að þeir fái ekki lán í bönkum til þess að byggja þessar svokölluðu hallir.

Hitt er annað mál, að það er auðvitað jafnfjarstætt að segja, að það megi aldrei reisa hús yfir verzlun og iðnað. Það eru jafnnauðsynlegar byggingar og margt annað. Það þjónar engu skynsamlegu að svelta þau fyrirtæki, meðan talið er nauðsynlegt, að þau séu í landinu, ég tala nú ekki um iðnfyrirtækin, að afkoma iðnrekstrarins og möguleikar hans til að taka á sig t. d. hærra kaup fyrir sitt fólk eru komnir undir því, að hann fái meiri vélakost og betra húsnæði í fjöldamörgum tilfellum.

En svo er bara vandinn í þessu, sem mér finnst að menn geri sér ekki alveg grein fyrir, þó að ég taki fram, að ég geri ekki lítið úr því, að það er höfuðnauðsyn í sambandi við dýrtíðina að hafa hemil á fjárfestingunni. En ef menn hugsa þetta mál til enda, þá held ég, að það sé ekki eingöngu lausnin, nema menn stefni að atvinnuleysi. Ég veit ekki, hvað menn vilja ganga langt í þessum skerðingum sínum. Á að ganga svo langt, að iðnaðarmenn og verkamenn hafi ekki nema dagvinnukaup, skulum við segja, þeir hafi enga möguleika til eftirvinnu? Eða á að ganga svo langt, að það sé útilokað, að menn geti fengið yfirborgað? Þetta er allt töluvert óljóst. Og nú er það svo, að útgjöld ríkisins vaxa ekki í samanburði við þessar yfirborganir eða eftirvinnu, en það getur farið svo, að framkvæmdafé ríkisins nýtist lakar fyrir það, að það sé of mikill tilkostnaður, sem út úr þessu komi. En útreikningar ríkisins í sambandi við launakjör og annað byggjast yfirleitt á hinum umsömdu og föstu töxtum.

Það má að vísu segja um launakjör opinberra starfsmanna, að eitthvert tillit sé tekið til þess, að það kunni að vera yfirvinnugreiðslur hjá öðrum stéttum. En það er þó ekki nema að hverfandi litlu leyti, heldur er þetta miðað við þau raunverulegu, skráðu launakjör. Ég held, að menn, þegar þeir tala um þetta, þó að ég, eins og ég segi, vilji ekki gera lítið úr þýðingu þess og mikilvægi að hafa hemil á fjárfestingareftirliti, — ef menn halda, að með því að hafa bara nógu mikinn hemil á því og draga úr framkvæmdum í landinu nógu mikið, þá leysi það allan vandann og minnki svo útgjöld ríkissjóðs, að það sé eftir það hægt að leggja fé í alla skapaða hluti án þess að leggja á nokkra nýja skatta, þá átti menn sig ekki á, hvernig í málinu liggur. Og þegar svo því er haldið fram, eins og hv. 5. þm. Austf. gerði, sem mér fannst eiginlega rúsínan í pylsuendanum, þó að hún væri ekki mjög bragðgóð, sú rúsínan, að það væri um að gera, í framhaldi af orðum hans um verðlagseftirlit og fjárfestingareftirlit, að losa bundna fé í

bönkunum, svo að það væri hægt að lána miklu meira fé, og það væri ekkert athugavert við að ganga á gjaldeyrisvarasjóðinn, sem er nú undirstaða undir okkar viðskiptatrausti út á við, þá þótti mér honum eiginlega fara meira að förlast en ég veit raunverulega um jafngreindan mann og hann er. Þetta er orðið eitthvert trúaratriði, sem ég held að hann hafi erft frá Framsfl., að það sé allra meina bót að losa um bundna féð. En ég held, að það sé kenning, sem þeir eru fallnir frá sjálfir, hafi áttað sig á því.

Herra forseti. Mér þykir leitt að hafa tekið lengri tíma en ég ætlaði. En það var eðlilegt, að margt kæmi upp í hugann, úr því að á annað borð var upp staðið og gert að einhverju umtalsefni það, sem hér hefur verið sagt. Það er auðvitað ótalmargt annað, sem fram hefur komið, sem væri fróðlegt um að ræða, og ekki allt alveg í nákvæmu samræmi hvað við annað. En látum það gott heita. Það getur verið gott og blessað, að menn velti þessum vandamálum fyrir sér. En ef við ætlum í raun og sannleika að komast til botns í þeim, þá vil ég mjög taka undir það, sem hv. 11. landsk. þm. sagði hér áðan, að menn verða þá að vilja ræða þau af raunsæi, en ekki á þann hátt að reyna að orða það í vendingum, sem ekki væru líklegar til að snerta neinn illa, heldur verða menn að hafa þá einurð til þess að sjá, hvað það raunverulega er, hvar vandinn liggur grafinn, ekki reyna að fela hann fyrir sér, og játa það þá hreinskilnislega.

Það getur vel verið, eins og menn hafa sagt hér og hv. 5. þm. Austf. sagði áðan, að það megi teljast mönnum til einhvers auminglaskapar að ræða málin eins og ég gerði hér áðan og játa það fúslega, sem rétt er, í hverju vandinn liggur, og játa jafnframt fúslega, að það er ekkert auðvelt mál við þetta að fást. Hv. þm. hefur sjálfur setið í ríkisstjórn, sem tók að sér það hlutskipti að leysa þennan vanda og má segja að kannske hafi haft meiri möguleika en flestar aðrar stjórnir, svona á pappírnum, til að leysa hann, hafandi allar vinnustéttir til sjávar og sveita, eins og þá var sagt, á bak við sig. En einhvern veginn fórst það fyrir að leysa vandann — og fórst fyrir með þeim ósköpum í endalokin, að annars eru ekki dæmi til á Íslandi í sögu nokkurrar ríkisstjórnar. Ég er ekkert að saka þessa menn fyrir það. Þeir vildu áreiðanlega vel. En þeim bara tókst ekki að leysa vandann, og mér finnst, að það sé orðið tímabært fyrir okkur, burt séð frá, hvað er hagur eins eða annars flokks, að reyna að gera sér í fullri alvöru grein fyrir því vegna hagsmuna allra stétta í landinu, hversu mikill þessi vandi er, hversu alvarlegur hann er, hvað við raunverulega þurfum að gera til þess að leysa hann.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Áður en ég svara ofur lítið hæstv. fjmrh., þessari ræðu, sem hann hélt nú, vil ég beina nokkrum varnaðarorðum til hæstv. ríkisstj. og þm. í sambandi við afgreiðslu fjárlaganna.

Ég sé ekki betur en Alþ. sé að verða sér til skammar með, hvernig fjárlög eru rædd og afgreidd nú orðið hjá okkur. Ég sé ekki betur en þessi hæstv. ríkisstjórn, og raunar hafa aðrir stigið spor í sömu átt áður, sé að skipuleggja niðurlægingu Alþingis með því, hvernig nú er farið að. Á þeim tæpum þrem áratugum, sem ég hef setið hér á Alþingi, hefur maður getað fylgzt með því, hvernig þetta er að breytast, og nú er svo komið, að enginn stjórnarþm. treystir sér lengur til þess að flytja eina einustu till. við afgreiðslu fjárlaga. Hér fyrrum þótti það sjálfsagður hlutur, að allir þm. flyttu till., líka þeir, sem voru fylgjandi stjórn, meira að segja þegar stjórn var sterk, eins og þjóðstjórnin með 9/10 hluta þingsins með sér og meira. Það er smátt og smátt búið að kreppa þannig að þm., með flokksvaldinu, að þeir eru að gefast upp við að nota þann rétt, sem stjórnarskráin bókstaflega leggur þeim á herðar í þessum efnum. Og þó að fjárlög séu komin upp undir 4000 millj., er ekki skilið svo mikið eftir sem 40 eða 4 millj., sem þm. gætu reynt að ráða einhverju um við afgreiðslu fjárl., þegar frv. kemur til kasta þingsins sjálfs út úr fjvn. Jafnhliða þessu gerist sú þróun í fjvn., að fjvn. virðist, eins og raunar meiri hl. Alþ. sjálfur, meir og meir vera farin að líta á sig sem einhvers konar afgreiðslustofnun fyrir ríkisstj. Ég er ekki bara að segja þetta um núverandi hæstv. ríkisstj. Þróunin er að halda áfram, sem hefur verið líka hjá öðrum ríkisstjórnum. En það var samt svo fyrir svo sem hálfum eða heilum áratug, þá gat það enn þá komið fyrir hér og kom oft fyrir, að fjvn. leit á sig sem fulltrúa Alþ. gagnvart ríkisstj., og þegar formaður fjvn. flutti sínar ræður hér, voru þær ræður kannske eins skörp gagnrýni á ýmislegt í fjármálastjórn ríkisins og það, sem kom fram af hálfu stjórnarandstæðinga. Það var vegna þess, að menn höfðu þá enn eitthvert álit á því, að Alþ. væri sjálfstæð stofnun, væri ekki bara titlað „hið háa Alþingi", þegar hæstv. ráðh. töluðu, heldur væri líka sá, sem valdið hefði, og það væri verkefni fjvn. að reyna að standa á verði um þetta vald gagnvart hæstv. ríkisstj. Þessi þróun er hættuleg. Með því að gera Alþ. og sérstaklega þegar um er að ræða fjárveitingarvaldið, sem er eitt höfuðvald þess, meira og meira afgreiðslustofnun fyrir ríkisstj., er verið að brjóta Alþ. niður. Þá er krumla ríkisstjórnarvaldsins að kyrkja Alþingi. Við börðumst á móti slíku valdi, meðan það var í höndum Dana, í rentukammerinu eða einhverju slíku. Alþ. stóð þá á móti ríkisstj., þegar um slíkt var að ræða. Og þó að við séum búnir að fá þingræði í landinu, eigum við að sjá um að reyna að halda uppi valdi Alþ. og rétti þess gagnvart hvaða ríkisstj. sem er, líka þeir þm., sem fylgja einni ríkisstjórn, — hvaða ríkisstjórn sem er.

Þetta er mjög hættuleg þróun, sem þarna er að verða hjá okkur, og það kemur ekki bara fram í því, að það sé farinn að verða siður að drepa svo að segja hverja einustu till., sem kemur fram frá stjórnarandstöðu, heldur líka hindra eigin menn með handjárnum í því að bera fram nokkrar till. Og hvað verður orðið úr Alþ. með þessari þróun? Ég held, að það sé mál, að linni.

Hæstv. fjmrh. sagði í ræðu sinni í dag, að verðbólga væri ekki bara hérna hjá okkur, hún væri líka erlendis. Já, rétt er það. Munurinn er sá, að í nágrannalöndum okkar er verðbólgan þetta 3—5%, en hér er hún á síðustu árum 18%. Og það gerir mikinn mun. Það gerir þann afger-

andi mun, að með 18% verðbólgu á ári er það bezta og gróðavænlegasta fyrirtæki, sem til er, að festa fé í einhverju, kannske ekki út frá því, hvað sé praktískt endilega upp á rekstur þjóðfélagsins eða slíkt, en t. d. sérstaklega að festa fé í einhvers konar húsum, vegna þess að þau hús tvöfaldast í verði á 6 árum. M. ö. o.: með því að viðhalda þetta mikilli verðbólgu er það gert að öruggustu gróðalindinni að byggja hús, t. d. eins og verzlunarhallir og annað slíkt, án nokkurs tillits til þarfa þjóðfélagsins. M. ö. o.: í staðinn fyrir þá eðlilegu gróðalind í einu kapítalístísku þjóðfélagi að hafa gróða af atvinnurekstri og slíku, er fénu beint inn á þessa fjárfestingu sem öruggustu gróðalindina. Það er þetta, sem menn verða að horfast í augu við. Og það er bezt að vera ekki að tala neitt almennt þannig um verðbólguvandamálið, heldur tala um þetta sérstaka verðbólguvandamál á Íslandi, sem skapar hagsmuni af verðbólgu fyrir ákveðna menn í þjóðfélaginu. Ég ætla ekki að fara að endurtaka það, sem hér hefur verið sagt alveg réttilega áður viðvíkjandi bæði verðlagstakmörkunum og fjárfestingartakmörkunum. Af hverju tekur hæstv. fjmrh. og Sjálfstfl. svona illa í verðlagsákvarðanir og fjárfestingartakmarkanir hjá einkaframtakinu? Af hverju? Ég vil leyfa mér að spyrja um leið: Af hverju tekur Framsfl. svona illa í verðlagsákvarðanir og slíkar fjárfestingartakmarkanir? Og ég vildi gjarnan, að hv. framsóknarmenn segðu alveg hreint út sína afstöðu um verðlagsákvarðanir í þjóðfélaginu. Verðlagsákvarðanirnar eru eina ráðið, sem þjóðfélagið hefur til þess að hindra, að atvinnurekendurnir og þeir, sem fjármálunum ráða, velti öllum kauphækkunum yfir á almenning. Verðlagstakmarkanirnar eru um leið eina aðferðin, sem þjóðfélagið hefur til þess að knýja þessa aðila til þess að bæta sinn rekstur, til þess að skipuleggja hann betur, til þess að reka hann í stærri stíl, til þess að treysta ekki á verðbólgu sem gróðalind, heldur treysta á eðlilegan og góðan atvinnurekstur. M. ö. o.: þessar verðlagstakmarkanir eru eina ráðið, sem við höfum eins og stendur til þess að knýja það fram, að þessir atvinnurekendur hætti fyrst og fremst að spekúlera í fjárfestingu sem höfuðgróðalind sinni og gjöri svo vel að hugsa um að skipuleggja atvinnurekstur af viti, m. a. með því að reka hann í stærri stíl og betur, m. ö. o. að knýja íslenzka atvinnurekendur til að gera það, sem allir atvinnurekendur hafa gert í öllum löndum í kringum okkur, að gera reksturinn í sífellu stærri, hagkvæmari og betri. Hér hafa þeir í skjóli verðbólgunnar fengið að draslast með svo og svo ómögulegan atvinnurekstur langa lengi, og það er það, sem verður að stöðva. Verðlagstakmarkanir og verðlagsákvarðanir eru sem stendur eina ráðið til þess að kenna þeim að reka þetta af einhverju viti.

En hvernig stendur á, að Sjálfstfl. og að því er mér skilst að sumu leyti Framsfl. skuli standa á móti þessu, skuli heimta þetta svokallaða frelsi, skuli heimta einræði til handa verzlunarstéttinni til að mega ráða sjálf verðlaginu í landinu og þannig ráða sjálf, hve hart verðbólgan gengur? Raunlaun verkamanna hafa ekki hækkað á öllum þessum árum. Það, hvað þeir hafa betri afkomu, stafar af því, að helmingurinn af öllum þeirra tekjum er af eftirvinnu og næturvinnu. Og hvers konar atvinnurekstur er það, sem fyrst og fremst vill byggja á því að borga 50% og 100% meira fyrir vinnuaflið heldur en hann þyrfti að borga, ef hann hefði eitthvert vit í sínum rekstri? Það verður að þora að taka þennan atvinnurekstur fyrir, og ég held, ef menn eru að ræða um þessi mál af virkilegri alvöru, þá sé eitt af því, sem mætti gjarnan taka hér fyrir í Reykjavík, könnun á því, hvað menn hafa grætt á verðbólgunni á undanförnum árum. Það dugir ekki að vera hræddur við allt slíkt. Þegar rannsakaður er glæpur, er venjan að spyrja, á þann gamla máta: Hverjum til góðs? Þegar verðbólgan er rekin eins kerfisbundið og hún er gerð í íslenzku þjóðfélagi, hljóta menn að spyrja: Hverjum er það til góðs? Og þegar menn sjá, hverjir það eru, sem græða á henni, og það eru sömu mennirnir sem gera út stærsta stjórnmálaflokkinn í landinu, hlýtur maður að spyrja: Þorir Sjálfstfl. ekki gagnvart þessum mönnum að stöðva þessa verðbólgu? Ef á að taka sífellt þannig í þau mál, sem við komum hérna með, um verðlagsákvarðanir og verðlagstakmarkanir og fjárfestingareftirlit og fjárfestingaráætlanir hjá einkaframtakinu líka, hlýtur sú spurning að vakna: Er Sjálfstfl. og að einhverju leyti Framsfl. á móti því, að verzlunarbáknið í landinu sé svipt því valdi, sem það hefur núna til að ráða verðlaginu í þjóðfélaginu og þar með ráða, hve hratt verðbólgan gengur?

Verðbólgan og spursmálið um að stöðva hana er hápólitískt mál. Það er spursmál um það, hvort verzlunarauðvaldið hér í Reykjavík eigi að ráða, hver sé aðalgróðalind þjóðfélagsins eða ekki, það sama verzlunarauðvald, sem tekur af sjávarútveginum allan gjaldeyrinn, hann má þjóðnýta, afhendir hann sjálfu sér með því pólitíska valdi, sem það hefur, en heimtar svo, að það sjálft hafi frelsi um allt, frelsi um verðlag, frelsi um fjárfestingu, en þjóðfélagið eigi síðan að skera það niður hjá sér. Það verður að þora að ræða þessi mál hreinskilnislega. Án þess að gera það og án þess að nefna hlutina réttu nafni komumst við ekki til botns í þessu. Fjárfestingin í þjóðfélaginu er yfir 5000 millj. kr. á ári, ef ég man rétt. Hvað á það að þýða, þegar menn eiga að stjórna þjóðfélaginu, að koma og segja við okkur: Það er sjálfsagður hlutur, það er það minnsta frelsi í þjóðfélaginu, að heildsali fái að byggja hús upp á 100 millj. inn við Suðurlandsbraut, en skólar fyrir fólk, þá skal skera niður, — nær þetta nokkurri átt? Nær þetta frelsi nokkurri átt? Fyrir neðan Suðurlandsbrautina er þrísett í skóla, meira að segja í kjöllurum skóla eru 39 börn í skólastofu þrisvar sinnum á dag. Og þetta á að viðgangast, og þetta á að vera frelsi. En fyrir ofan Suðurlandsbraut eru 16 hús m. a., sem kosta 500 millj. kr., bílaumboð í flestum þeirra. Ef menn ætla að ráða við verðbólguna, verða menn að þora að ganga framan að þeim, sem valda verðbólgunni, og framan að þeim, sem græða á verðbólgunni, og segja við þá: Hingað og ekki lengra. — Og ef menn stinga höfðinu í sandinn og segja, eins og einu sinni var sagt gagnvart kreppunni, að

enginn viti, hvaðan þetta kemur eða hvert það fer, komast menn ekkert áfram með það.

Það er ekki von, að menn sætti sig við, að það sé dregið úr því, sem nauðsynlegast er í þjóðfélaginu, en megi eyða í það, sem er ónauðsynlegast. Það þarf enginn maður að segja okkur, að það þurfi að byggja fyrir mörg hundruð millj. kr. fyrir bílaumboð á Íslandi. Þess vegna finnst mér undarleg sú málsvörn, sem hér kemur fram í þessu sambandi.

Hv. 11. landsk. þm. sagði hér áðan, þegar hann var að verja þetta: „Það vill enginn dýrtíð.“ Það er það, sem er ekki rétt. Það eru ákveðnir, voldugir menn í landinu, sem vilja dýrtíð, sem skipuleggja dýrtíð og fá valdið frá Alþ. og ríkisstj. til þess að skipuleggja dýrtíðina, og það er verzlunarauðvaldið í Reykjavík. Þess vegna spyr ég sérstaklega Framsfl., hvar hann standi í þessu. Við munum það enn þá, að Sjálfstfl. og Framsfl. hafa staðið saman að því einmitt að skipuleggja eina verstu stjórn verzlunarauðvaldsins hér á Íslandi í 6 ár, frá 1950—1956, helmingaskiptastjórnina, þar sem verzlunarauðvaldið hér í Reykjavík skipti á milli sín, heildsalarnir og Sambandið, um höftin, hvað hver skyldi fá að byggja um sig, meðan jafnvel almenningi var bannað að byggja hús yfir sig nema með sérstöku leyfi einhverrar nefndar hér. Og við vitum ósköp vel, að bæði Alþýðubandalagið og Alþfl. eru með því að hafa verðlagsákvarðanir, en hinir tveir stærri flokkarnir eru báðir á móti því, og ég óska satt að segja eftir því, að það komi alveg hreint og greinilega fram, hvort þeir eru ekki reiðubúnir til þess að endurskoða þá afstöðu sína og ræða svo alvarlega við okkur um þetta, hvort það sé mögulegt að ætla að stöðva þessa dýrtíð, sem þeir þykjast vera á móti, með öðru móti en því að koma á verðlagsákvörðunum og fjárfestingareftirliti. Ég held það sé óhugsandi. Ég skal viðurkenna, að það væri hægt að beita öðrum ráðum, ef okkar þjóðfélag væri 30—100 sinnum stærra en það er, þá væri það hugsanlegt. Það er hægt í stórum löndum eins og Bretlandi eða Bandaríkjunum, þá er hægt að beita valdi bankanna og öðru slíku. Hver einasta smálækkun á vöxtum og öllu mögulegu slíku segir til sín. Og barnaskapurinn, svo að ég taki vægt á þessu öllu saman, liggur sumpart í því, að ráðunautar ríkisstj., sem ráða henni um þessi mál og allt hennar verzlunarfrelsisævintýri, eru skólapiltar frá Bandaríkjunum og Bretlandi, sem yfirfæra reglur í efnahagslífi, sem eiga vel við þar og hægt er að stjórna með þar, yfir á okkar litla þjóðfélag, þar sem ekki er hægt að beita þeim með þeim árangri, sem þar er hægt. Þess vegna verður að endurskoða þessa afstöðu án allrar trúarlegrar afstöðu. Það er trúarleg afstaða, ef menn halda fast í þetta verzlunarfrelsi, verðlagsfrelsi og annað þess háttar. Það er ekkert frelsi, þegar skólabörnum svo að segja er úthýst, en heildsölum boðið upp á hallir, þegar tannlækningaskóla er lokað, en húsnæðið aftur á móti þanið út í verzlunarhöllunum.

Ég skil vel, að menn séu á móti fjárfestingarhöftum eins og voru hér á tímum helmingaskiptastjórnarinnar. Ég skil það ósköp vel. Það, sem þarf að gerast, er, að það séu ekki bara þau neikvæðu höft, sem við allir saman vorum orðnir þreyttir á, heldur með þá jákvæðu skipulagningu, sem er í senn skapandi í þessum efnum, en miðast samt við getu þjóðarinnar. Það er alveg rétt, sem hæstv. ráðh. kom inn á, það er ekki meiningin með því að vera að heimta þessar takmarkanir, að það eigi að skipuleggja atvinnuleysi. Það væri vel hugsanlegt, og ef ein stjórn væri þannig innrætt, gæti hún það með slíku. Okkur er alveg ljóst, að allar okkar hugmyndir um áætlunarbúskap og annað slíkt, það má nota þær til þess að skipuleggja atvinnuleysi. En með því að skipuleggja þetta fyrir fram og geta reiknað þetta nokkurn veginn rétt út hér hjá okkur, það þarf visst þanþol í þetta vegna sjávarútvegsins, vegna veiðimennskunnar, þá er hins vegar hægt að stilla þannig til, að fjármunir þjóðfélagsins sem heildar fari fyrst og fremst í það, sem þjóðfélaginu er nauðsynlegast. Og ég vil benda hæstv. ríkisstj. sérstaklega á, ef hún nú er að hugsa um þær stórkostlegu fjárfestingar, sem talað er um í sambandi við jafnvel erlenda fjárfestingu hér á Íslandi, að þessi mál verða margfalt óviðráðanlegri, ef ráðizt verður í það, heldur en þau eru í dag, þannig að ef menn ekki í tíma taka upp raunhæfa áætlunargerð í þessum efnum, er enn þá meiri voði fram undan heldur en sá, sem menn eru að tala um og glíma við í dag.

Ég veit, að hæstv. fjmrh. meinar það vel, er hann segir, að það sé ekki æskilegt, að pólitískar nefndir séu að úthluta, hverjir megi byggja og annað slíkt. Vissulega. En er það nú miklu betra, að pólitískar nefndir séu að úthluta, hvaða skóla megi byggja og annað slíkt, og við erum alltaf að því hér núna. Við skulum gá að þessum hlutum. Við getum ekki gefið efnuðustu mönnum í þjóðfélaginu sérstakt frelsi, meðan við sviptum þjóðina sjálfa því svo að segja. Það verður eitt yfir alla að ganga í þessum efnum.

Hæstv. ráðh. og aðrir hafa komið hér inn á skattana og annað slíkt. Við vitum vel, að þeir sömu menn, sem ráða hraða verðbólgunnar, þeir sleppa bezt, þ. e. verzlunarauðvaldið hérna í Reykjavík, það sleppur líka bezt við skattana, ekki aðeins tekju- og eignarskatt og útsvör, heldur líka söluskattinn. Almenningur fær að borga það allt saman.

Ég hef áður lýst því hér yfir, að ég væri reiðubúinn til þess að benda hæstv. ríkisstj. á fasta skatta, sem hægt væri að leggja á þetta verzlunarauðvald. Satt að segja hrópa byggingar þess á okkur að gera það. En þá komum við aftur að þessu: Eru það þessar heilögu heildsalakýr, sem mjólka Morgunblaðinu auglýsingar og gróða, sem ekki má snerta við? Það má þjaka alla aðra í þjóðfélaginu með sköttum, með vinnuþrældómi og öðru slíku, en þessum aðilum má ekki snerta við. Og samt er það opinbert leyndarmál, að þetta verzlunarauðvald sé meira eða minna skattfrjálst í þjóðfélaginu eða skammti sér a. m. k. skattana sjálft að heita má.

Þarna er mál, sem við komumst ekki hjá að ræða. Við getum rætt það í mismunandi tón, og ég ræði það í frekar „agressívum“ tón núna, vegna þess að mér líkar ekki, að hæstv. ríkisstj. sé að slá úr og í í sambandi við spursmálið með verðlagsákvarðanir og annað slíkt og haldi fast

við sín gömlu verzlunarfrelsistrúarbrögð í því sambandi. Það er kominn tími til þess að endurskoða það, rétt eins og annað. Ef menn vilja ekki ræða þessi mál af fullri alvöru, fer sá grunur að læðast að mönnum, að hæstv. ríkisstj. vilji ekki ráða við verðbólguna, vegna þess að þau voldugu öfl, sem hafa mikil áhrif einmitt í Sjálfstfl. og kannske líka í Framsókn, vilji láta verðbólguna ganga áfram. En hins vegar er öllum að verða ljóst, að þannig getur það ekki gengið.

Ég skal ekki fara meira út í þær almennu umr., sem hér hafa orðið. Ég hef lagt hér fram nokkrar smátill., a. m. k. smáar í samanburði við þessi 4000 millj. kr. fjárlög, sem við hér erum að ræða, og ég þykist ekki þurfa að afsaka mig neitt, þó að ég leggi hér til ofur lítil útgjöld um nokkur af okkar menningarmálum. Ég vildi bara minna um leið á mál, sem samþ. var hér fyrir skömmu í þinginu og ég var líklega einn á móti. Það var 1 millj. kr. framlag tli Skálholts, sem mér skilst að eigi að vera til þess að standa undir tapi af fjársöfnun til Skálholts eða kannske af bókakaupum, ég veit það ekki. Ég skal líka minna á þær 330 þús. kr., sem varið var fyrir sérstakan íslenzkan prest í Kaupmannahöfn. Meðan menn geta kastað um sig með svona vitleysum eins og þessar fjárveitingar eru, vil ég leyfa mér að halda því fram, að þær till., sem ég flyt hér á þskj. 133, eigi rétt á sér.

Ég legg það til í fyrsta lagi, að hæstv. menntmrh. sé heimilað að launa 3 háskólakennara, sem hann setur til kennslu í íslenzkum sögubókmenntum, og þessum mönnum sé gefinn kostur á vísindastarfi um leið. Ég hélt hér úr þessum stól fyrir nokkrum árum ræðu, þar sem ég kom inn á Háskóla Íslands, eins og ég hef raunar gert oftar, og ræddi alveg sérstaklega um það, að ég áliti, að okkar háskóli ætti að vera miðstöð germanskra fræða í okkar hluta heims, og benti þá á, að það væri rétt að tvöfalda tölu þeirra prófessora, sem kenna hér íslenzkt mál, íslenzka bókmenntasögu og íslenzka sögu. Það hafa komið fram ýmsar till. um aukningu prófessora og kennara við háskólann síðan, en það hefur aldrei fengizt neitt aukið á þessu sviði. Og þó er þetta það svið, sem við eigum fyrst og fremst að setja stolt okkar í að auka. Á þessu sviði getum við virkilega afkastað hlutum, sem hafa gildi ekki aðeins fyrir okkur, heldur líka fyrir heimsmenninguna. Nú veit ég, að það er til lítils að koma hér með till. um að skapa ný föst embætti. Þess vegna hef ég yfirleitt ekki lagt í það að reyna að flytja lagafrv. um slíkt. Það er orðin föst regla, að lagafrv., sem við úr stjórnarandstöðunni flytjum, eru svæfð í þeirri n., sem þau fara til. Með þessari till. mundi hæstv. menntmrh. hafa rétt til þess að setja menn til eins árs, og við höfum nóg af mönnum á að skipa, sem væru ágætir háskólakennarar og þræla nú í því að vera t. d. stundakennarar við gagnfræðaskóla og annað slíkt, menn, sem eru mjög „kvalifiseraðir" sem vísindamenn, og menn, sem öðru hverju eru ráðnir sem háskólakennarar við háskólann í Kaupmannahöfn eða Osló eða annars staðar. En á Íslandi er ekki hægt að nýta þá út af þröngsýninu í fjárveitingunum til norrænudeildarinnar við háskólann. Það er m. ö. o. verið að reka þá menn burt af landinu eða láta þá svo að segja eyðileggja sig með því að þræla í stundakennslu við gagnfræðaskóla og slíkt, sem eru með bezt hæfu vísindamönnum á Norðurlöndum í þessum efnum. Og það er mál, að þessu linni. Mér finnst, að það ætti ekki að vera neitt ofverk Alþ. að gefa menntmrh. heimild til þess að ráða í eitt ár menn með sæmilegum launum til slíks. Ef það þykir ofrausn, er hægt að láta þá fara að kenna aftur íslenzku eða dönsku eða eitthvað slíkt í gagnfræðaskólunum hérna. En vitað er, að svo lélega er íslenzki háskólinn rekinn, að þar sem hver einasti háskóli annars staðar í heiminum kennir sína eigin sögu fram til 1945, ef það væri í Bandaríkjunum, ef það væri í Noregi, þá er 20. öldin enn þá ekki til í íslenzkukennslu í Háskóla Íslands og 19. öldin heldur léleg. M. ö. o.: mér finnst, fyrst háskólinn sjálfur gerir ekki kröfu til þess, að það sé fjölgað prófessorum í þessum greinum, eigi Alþ. að hafa þá reisn að segja: Ég vil vita, hvort það er ekki þörf á þessu. — Og mér finnst sérstaklega, að okkur hér, því að hér á þessum stað er þó fyrst og fremst verið að skapa sögu Íslands á þessari öld, — okkur beri skylda til þess að reyna að sjá um, að það sé eitthvað gert að því að stúdera þá sögu og kenna hana. Og ég vil bara minna á, að með hverju árinu sem líður fer fleira og fleira af þeim mönnum í gröfina, sem væru að mörgu leyti beztu heimildir um svo og svo mikið af öllu því, sem gerzt hefur á þessari öld. Við komum ekki til með að hafa bréf eins og þau, sem þeir skrifuðu sín á milli á 19. öld, helztu forkólfar í íslenzkri sjálfstæðisbaráttu, til þess að styðjast við, þegar við förum að rannsaka sögu þessarar aldar. Hér hefur flest farið fram nú í símtölum og öðru slíku eða samtöl um annað, og það verður allt erfiðara að rannsaka. Ég vil þess vegna mjög alvarlega leyfa mér að óska þess, að hv. þm. athugi, hvort það sé nokkur ofrausn á 4000 millj. kr. fjárl. að ætla sér að launa einn vetur 3 háskólakennara í íslenzkri sögu og bókmenntum fyrir ca. 800—850 þús. kr.

Þá legg ég enn fremur til, að viðvíkjandi háskólanum sé varið til þess að kosta nokkra sendikennara við erlenda háskóla í íslenzkum bókmenntum og menningarsögu svipaðri upphæð, 850 þús. Það er svo, að áhugi erlendis á íslenzkri menningu fer meira vaxandi en áhugi á íslenzkri menningu hér í Háskóla Íslands og kannske því miður á Alþ. Það er engin tilviljun, að verið er að gefa — við skulum segja Njálssögu út í Penguin-útgáfu í 50 þús. eintökum, og hún var fyrir nokkru ásamt fleiri Íslendingasögum gefin út á rússnesku í 90 þús. eintökum, að verið er að þýða Njálu og búið að gefa út fyrri hlutann af henni í Rúmeníu í álíka upplagi, að verið er að gera það sama í Ungverjalandi, að í hverju landinu á fætur öðru í heiminum, austan tjalds og vestan, fer vaxandi áhuginn á okkar bókmenntum. Það er ekki aðeins Halldór Kiljan Laxness og okkar nútímabókmenntir, það eru líka gömlu bókmenntirnar, sem nazismanum um tíma tókst að setja nokkurn blett á og gerði okkur dálítið erfitt fyrir fyrst eftir stríðið. Það eru líka gömlu bókmenntirnar okkar, sem menn koma núna auga á í vaxandi mæli. Og ég held,

að meira að segja þær þjóðir, sem nú eru að brjótast fram, þær þjóðir, sem einu sinni voru menningarþjóðir, eins og við vorum á 10. og 11. öld, og lentu síðan í fátækt og niðurlægingu og nýlendukúgun, þjóðirnar t. d. í Afríku, sem áttu við hámenningu að búa á 10. og 11. öld margar hverjar, en voru eyðilagðar með þrælahaldinu og þrælaveiðunum, þjóðir eins og í Mið-Afríku, sem sköpuðu einhverja fegurstu höggmyndalist næst þeirri grísku, — þessar þjóðir mundu, ef þær þekktu okkar bókmenntir frá þeim tímum, þegar við lifðum við svipað þjóðfélag og þær bjuggu við, ættarsamfélagið, mundu geta lært mikið, sem gæti hjálpað þeim í þeirra erfiðleikum núna við að byggja upp nútímaþjóðfélag. Til allrar hamingju erum við Íslendingar þó á vissum sviðum til fyrirmyndar. Og við eigum sannarlega að gera meira að því en við gerum að kynna erlendum þjóðum okkar sögu og okkar menningu. Ekki sízt þegar meiri hl. af öllum íbúum heimsins er nýlenduþjóðir, fyrri nýlenduþjóðir, sem eru að brjótast undan okinu og skapa sér sjálfstæða menningu, þá megum við gjarnan hafa það stolt til að skilja það, að við höfum dálítið að gefa þessum þjóðum. En til þess þurfa þær að fá að kynnast okkar menningu og okkar þjóð. Þess vegna legg ég þarna til, að við verjum litlum 850 þús. kr. til þess að kosta sendikennara við erlenda háskóla. Ég veit, að á Norðurlöndum þurfum við þess ekki. Norðurlönd kosta sjálf íslenzka sendikennara. Og það gera fleiri þjóðir, þær sem nær okkur standa. En ég þykist viss um, að ef við byðum fram nokkurt fé, mundu fjölmargar þjóðir vilja taka á móti sendikennurum og kosta að sínu leyti, kannske til hálfs á við okkur, einn mann til að halda fyrirlestra við erlenda háskóla í þessum efnum.

Mér þykir leitt, að hæstv. menntmrh. skuli ekki vera hérna núna, en ég heyrði það einmitt á hans skýrslu, t. d. frá Tékkóslóvakíu, ferðalagi hans þar, hve það snart hann að finna þar menn, sem hafa þýtt öndvegisrit íslenzkra bókmennta, unnið að því að kynna íslenzkar bókmenntir, en aldrei á sinni ævi haft efni á því að komast til Íslands. Og við eigum slíka vini og áhugamenn úti um allan heim, menn, sem er það enn þá draumur, eins og það var fyrir vissa vini okkar t. d. suður í Danmörku á 19. öldinni, að koma hingað og kynnast Íslandi. Þess vegna eigum við að gera ráðstafanir til þess að kynna okkar menningu á þennan máta, og þetta er ekki neitt stórfé, og við höfum vel efni á því, betur efni á því en t. d. þeim margumtöluðu sendiráðum ýmsum.

Síðan er ég þarna með till. um, að við hækkum nokkuð styrkinn til þjóðminjasafnsins, til aðstoðar, að liðurinn, sem nú er 460 þús. og ég held að fjvn. leggi nú til að hækki um 100 þús., sé settur upp í 600 þús. Sannleikurinn er, að þetta er alveg til skammar lítið, sem við gerum þeim vísindamönnum, sem þarna starfa, mögulegt að vinna. En það er svo með þessa vísindamenn marga, að þeir eru það hæverskir í sínum kröfum, að fjvn., sem er vön að hafa ýmsa gamma yfir sér, sleppur eiginlega of billega, þegar þessir menn eru við hana að tala. Mér finnst það stundum, þegar ég horfi á, hvað kirkjan fær meira og meira í sinn hlut, að það lítur helzt út fyrir, að herra biskupinn og aðrir vinni með kapítalistiskri áfergju að því að afla sér jarðneskra fjármuna úr ríkissjóði, en okkar beztu vísindamenn sýni hins vegar kristilegri undirgefni og þolinmæði, þegar þeir eru að fara fram á fjárveitingar úr ríkissjóði. Ég vil þess vegna ofur lítið bæði ýta undir þá og hv. fjvn. með að hafa hausavixl á þessum hlutum.

Þá legg ég enn fremur til, að settur sé nýr liður í sambandi við þjóðminjasafnið, það er til kvikmyndagerðar, til „dokument"-mynda af sögulegum minjum. Ég hef flutt þetta áður og ég skal ekki hafa mörg orð um það. En við erum framúrskarandi duglegir í því, Íslendingar núna, að eyðileggja sögulegar minjar. Því meira og harðar sem við heimtum handritin heim, því meira eyðileggjum við hérna hringinn í kringum okkur, ekki sízt hér í Reykjavík, og er líklega stílað upp á að eyðileggja hana enn þá meira. Það er ekki stórt að fara fram á, að áður en menn eyðileggja þessa hluti, kvikmyndi menn þá, að það séu þó a. m. k. til „dokument"-myndir, og ég býst við, að mörgum hefði þótt vænt um, ef það hefði verið hægt að búa til „dokument"-filmur af þeim handritum, sem voru eyðilögð eða brunnu. Ég held þess vegna, að menn ættu að athuga þetta alvarlega. Þetta á ekki neitt skylt við fræðslumyndasafnið, það gerir lítið í þessum hlutum.

Ég skal ekki hafa fleiri orð um þetta. Ég hef flutt það tvisvar eða þrisvar áður, og það hefur ekki fundið náð fyrir augum fjvn.

Þá legg ég enn fremur til að hækka ofur lítið laun og rannsóknarstyrki við Handritastofnunina, hækka það upp í 1½ millj. Það er núna 1 millj. 22 þús. Ég verð að segja það, að mér finnst til skammar fyrir okkur, hvernig við búum að þessari stofnun, eins háværir og við erum í okkar réttlátu kröfum um handritin. Og mér finnst, að við eigum að hugsa um þessa stofnun rétt eins og við hugsum um háskólann. Þessi stofnun á að vera alveg sérstakt stolt okkar. Ég verð meira að segja að segja það, fyrst við höfum hjá háskólanum bæði risnu og ferðakostnað, ættum við að hafa það við Handritastofnunina líka. Það er vitanlegt, að það eru gerðar þær kröfur til þeirra manna, sem í Handritastofnuninni eru, að þeir séu sífellt að taka á móti gestum, sífellt að sýna mönnum. Það eru jafnvel fleiri, sem koma þangað, heldur en til háskólans. Og við hljótum að ganga út frá því, að einmitt til þessarar stofnunar séu gerðar kröfur frá erlendum þjóðum og erlendum háskólum og erlendum söfnum, erlendum þjóðminjasöfnum og öðrum, að þeir fái menn frá henni til þess að flytja fyrir sig fyrirlestra.

Og svo að lokum flyt ég þarna till. um, að til viðhalds Viðeyjarstofu sé varið 500 þús. kr. Ég flutti fyrir 10 árum, þegar fjárl. frá 1956 voru til umr., till. hérna til viðhalds Viðeyjarstofu, þá fyrir 100 þús. kr., og það var náttúrlega ekki samþykkt. Ég hef nokkrum sinnum síðar flutt slíkar till., og ég hef séð mér til mikillar ánægju, að það er þó farið að skrifa meira um það í blöðin nú, hvílík skömm sé að því, hvernig þar er umhorfs. Nú var á síðasta þingi samþ. í fjárl. heimild til handa ríkisstj., á 22. gr. 38. lið, að kaupa Nesstofu og Viðeyjarstofu ásamt hæfi-

legri lóð. Og ég vildi beina þeirri fsp. til hæstv. ráðh., ef hann væri hér viðstaddur: Hefur þetta verið gert? Er þessu lokið? Er búið að kaupa þetta? Við hvaða verði hefur það verið keypt? Og þarf ekki ríkissjóður fé til viðhalds Viðeyjarstofu í því ástandi, sem hún er? Ég vildi gjarnan fá að vita um þetta, því að jafnvel þótt það væri ekki þetta há upphæð, þarf þó einhver upphæð að koma þarna inn, ef það er ekki meiningin, að við látum þetta litla, sem til er enn þá af sögulegum byggingum á Íslandi, grotna niður og eyðileggjast í höndunum á okkur, þegar við höfum þá sjálfir ekki annaðhvort rifið það eða brennt það, eins og gert hefur verið við nokkuð af þeim elztu húsum, sem til hafa verið á Íslandi.

Það var eftirtektarverð saga, sem sögð var. Einn sá maður, sem mestan áhuga hefur á að stúdera gömlu húsin hér og byggingarlist þeirra, skrifaði um einn stað úti á landi og birti mynd af húsi, sem væri nauðsynlegt að varðveita. Húsið var rifið rétt á eftir. Ég held, að hreppsyfirvöldin hafi staðið að því. Þau óttuðust, að það kynni að leiða einhvern kostnað af því, að það ætti að fara að viðhalda þessu húsi. Barbarismminn í sambandi við þau gömlu hús og það gamla, sem til er hérna, er svo dæmalaus, að það er eins og við séum að gera grín að okkur sjálfum, þegar við tölum um handritin. Ég held þess vegna, að við þurfum að vera ofur lítið sjálfskrítiskari á okkur en við erum, og þess vegna hef ég verið að reyna að flytja þessar till., þó að þær hafi fengið lítinn hljómgrunn.

Björn Jónsson: Herra forseti. Ég mun takmarka mál mitt hér við það að ræða örlítið 4 till., sem ég hef leyft mér að flytja á þskj. 133, en það eru brtt. við 12., 17. og 20. gr. fjárlfrv.

Brtt. mín við 12. gr. er á þá lund, að þar komi nýr liður að upphæð 500 þús. kr., sem verði varið eftir ákvörðun landlæknis til þess að bæta úr skorti á þjónustu tannlækna í þeim læknishéruðum, þar sem fólk á nú ekki aðgang að neinni slíkri þjónustu í heimahéraði sínu. Ég vil gera ráð fyrir, að hv. þm. sem öðrum sé að meira eða minna leyti kunnugt um það, hve skórinn kreppir að í þessum efnum víða um land og þó hvergi meira en í þeim byggðarlögum, og þau eru nokkuð mörg, þar sem menn verða að leita allrar slíkrar þjónustu um langa vegu og jafnvel í aðra landshluta. Það má nærri geta, að þar sem svo er ástatt, þar verður reyndin sú, að fjöldi manna og þ. á m. flest börn á því aldursskeiði, sem mest þarfnast þess, að þessum þætti heilsugæzlunnar sé sinnt, verði algerlega út undan í þessum efnum og þeim til vafalauss heilsutjóns. Það má að vísu segja, að tannlæknamálin öll séu í hinu hraklegasta ástandi hjá okkur yfirleitt og þurfi gagngerðra umbóta við, ekki sízt að því er snertir þjónustu til handa börnum og unglingum í skólum landsins, og að slíkt framlag sem hér er lagt til breyti hér ekki ýkjamiklu um. En ég álít þó, að það væri mögulegt að gera verulegt gagn af hálfu hins opinbera með því að styrkja nokkuð framtak, sem áreiðanlega er fyrir hendi víða um land, bæði meðal sveitarstjórna og héraðslækna, og það er ekki ólíklegt, með því að lagzt væri á sveifina með þessum aðilum, að landlæknisembættinu væri mögulegt að fá í ýmsum tilfellum t. d. unga tannlækna, sem oft eru nýkomnir frá námi og fjárvana, til a. m. k. tímabundinnar búsetu, þar sem mestur skortur er þessara lækna, ef þeim væru sköpuð sæmileg starfsskilyrði, bæði hvað húsnæði og tæki snertir. Það er líka kunnugt um það, að eftir slíkri aðstoð hefur verið leitað, m. a. til hv. fjvn., þó að hún hafi ekki séð sér fært að sinna því. En ég er viss um það, að skynsamleg ráðstöfun á slíku styrktarfé, sem hér er lagt til að verði veitt, mundi skila nokkrum árangri, ekki sízt ef það væri gert, sem sjálfsagt væri, að binda það skilyrðum um það, að í móti kæmi verulegt framlag heiman úr héraði.

Við 17. gr. geri ég þá brtt. fyrsta, að sú fjárhæð, sem þar er ætluð til framkvæmdar á áætlun um hagræðingarstarfsemi vinnuveitenda og verkalýðssamtaka, verði hækkuð um 400 þús. kr., úr 2.4 millj. í 2.8 millj. Þannig er ástatt, að fyrsta þætti þessarar áætlunar er nú að verða lokið og er á því stigi, að komnir eru til starfa 4 menn, sem meiningin er að starfi á vegum verkalýðssamtakanna, og 3, sem eru að starfa á vegum vinnuveitenda. Það hefur hins vegar komið í ljós, að a. m. k. sum þeirra samtaka, sem nú þurfa að taka á sig mjög verulegar fjárhagslegar byrðar í sambandi við þessa starfsemi og er ætlað að taka algerlega við að kosta hana að 2—3 árum liðnum, eru ekki viðbúin því fjárhagslega að taka þær skuldbindingar á sínar herðar, sem þessu fylgja, a. m. k. ekki í bili. Þessi starfsemi, sem ég álít að eigi, ef að líkum lætur, eftir að skila miklum árangri í þá átt að bæta vinnubrögð almennt, auka framleiðslu og efla þannig hag bæði launafólks og atvinnurekenda, er því í nokkurri hættu nú, ef ekki kemur til aukið framlag ríkisins, a. m. k. nú um sinn, á meðan treystur er betur sá fjárhagsgrundvöllur, sem þau samtök, sem hér eiga hlut að máli, þurfa að hafa. Og að mínu áliti er hér meira í húfi en svo, að það megi horfa um of í tiltölulega litla aukningu fjárveitingar, sem gæti ráðið jafnvel nokkrum úrslitum um framtíð þessarar starfsemi.

Önnur till. mín við 17. gr. er sú, að tekinn verði upp þar nýr liður: Til ráðstafana gegn atvinnuleysi á Norðurlandi og í Strandasýslu, 10 millj. kr. Forsaga þessa máls er sú, að sem kunnugt er gaf ríkisstj. þann 7. júní s. l. yfirlýsingu um atvinnumál í sambandi við kjarasamninga, sem þá voru undirritaðir við verkalýðsfélög á Norður- og Austurlandi. Þessi yfirlýsing var í sex liðum, og það er fyrst og fremst 2. liður yfirlýsingarinnar og niðurlag 5. liðar, sem skipta máli í þessu sambandi, en þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Leitað verði tiltækra ráða til þess að tryggja hráefni til vinnslu í frystihúsum og öðrum fiskvinnslustöðvum á Norðurlandi og í Strandasýslu næstu tvo vetur, ef atvinnuþörf krefur, og verði jöfnum höndum athugað hagkvæmni flutninga af fjarlægari miðum, stuðningur við heimaútgerð og aðstoð við útgerð stærri fiskiskipa, sem flutt geta eigin afla langleiðis.“

Þannig sagði í 2. lið þessarar yfirlýsingar. En í 5. lið sömu yfirlýsingar segir síðan:

„Mun ríkisstj. gera ráðstafanir til þess að

tryggja það fjármagn, sem n. telur nauðsynlegt til framkvæmda" — þ. e. a. s. sú n., sem sjá á um að framkvæma þau atriði, sem í yfirlýsingunni greinir um skyndiráðstafanir gegn atvinnuleysi á Norðurlandi og í Strandasýslu.

Nú tel ég engan vafa á því, að svo horfi í atvinnumálum á Norðurlandi á þessum vetri. að brýn þörf er á því, að ráðstafanir verði gerðar í þá átt, sem hæstv. ríkisstj. hét og hefur heitið, og það er í raun og veru engin þörf um það að orðlengja, þar sem ekkert það hefur gerzt, nema síður sé, sem gerir það líklegt, að hráefnisskortur í hinum 17 frystihúsum, sem eru fyrir hendi á þessu landssvæði, verði ekki a. m. k. jafnmikill og s. l. vetur, ef ekki koma til aðgerðir eftir einni eða fleiri þeirra leiða, sem nefndar voru í yfirlýsingu hæstv. ríkisstj. frá 7. júní. En á s. l. ári fengu frystihúsin, þessi 17 frystihús á þessu svæði, sem hér er rætt um, þ. e. a. s. á vetrarvertíðinni, frá því í janúar og þangað til í maí, aðeins 6100 tonn af fiski til vinnslu, eða að meðaltali innan við 400 tonn á hvert frystihús. En samanlagt komu á land á þessu svæði rúml. 11000 tonn. Til samanburðar má t. d. nefna það, að á sama tíma komu á land á Vestfjörðum og voru unnin í 13 frystihúsum um 30 þús. tonn., sem að mestu var unnið í 13 frystihúsum, meðan 17 frystihús á Norðurlandi og í Strandasýslu fengu 6100 tonn til vinnslu. Það má glögglega sjá á þessum tölum, hvernig aflaleysið fyrir Norðurlandi hefur leikið þessi helztu atvinnutæki, sem byggð þar í sjávarþorpunum byggist á. Til þess að viðunanlegt atvinnuástand haldist á þessu landssvæði, þyrftu a. m. k. að koma til aðgerðir, sem tryggðu helzt ekki minna en tvöföldun á því hráefnismagni, sem frystihúsin á þessu svæði hafa haft til vinnslu undanfarna vetur. Og ég held, að allir, sem kunnugir eru atvinnumálum á Norðurlandi, séu sammála um það, að aukið hráefnismagn til frystihúsanna séu þær einu aðgerðir, sem geti hindrað atvinnuleysi, a. m. k. nú í vetur, m. a. vegna þess að flestar eða kannske allar aðrar aðgerðir, sem til greina gætu komið í atvinnumálunum, þyrftu miklu lengri undirbúnings við heldur en unnt væri að framkvæma, eins og nú standa sakir.

Á þessu stigi verður auðvitað ekki neitt algerlega fullyrt um það með nákvæmni, hvert fjármagn hér þyrfti að koma til, til þess að unnt væri t. d. að tvöfalda hráefni til frystihúsanna í Norðurlandi og í Strandasýslu. En það verður að teljast harla ólíklegt, að þar geti verið um minni upphæð að ræða heldur en mín till. fjallar um. En það er alla vega alveg öruggt, að hér þarf mjög verulegt fjármagn að koma til, og það verður ekki séð, að neinar slíkar upphæðir verði teknar annars staðar en úr ríkissjóði. Það er því að mínu viti að loka augunum fyrir óumflýjanlegum útgjöldum, sem fullar skuldbindingar eru fyrir hendi um, ef þessi upphæð er ekki tekin á fjárlög. Ég veit a. m. k. ekki um neinn aðila í landinu annan en ríkissjóð, sem gæti verið skylt að leggja fram slíkt óendurkræft framlag eins og hér hafa verið gefnar skýrar og greinilegar skuldbindingar um. Og ég held, að það sé ekki of fast að orði komizt, þó að ég segi, að það væri algerlega óeðlilegt, að hér sé ekki tekin upp nein upphæð á fjárlög til þess að standa við þær skuldbindingar, sem hafa verið gefnar, því að ég er ekki með neinar getgátur um það, að það sé raunverulega meining hæstv. ríkisstj. að standa ekki við þessa greinilegu yfirlýsingu, sem hún hefur gefið. Það vil ég ekki einu sinni láta mér detta í hug. En þá hvílir líka sú skylda á hæstv. ríkisstj. annaðhvort að taka upp þessa fjárveitingu nú við afgreiðslu fjárl. eða þá gera skýra grein fyrir því, eftir hvaða duldum leiðum hún hyggst afla þess fjár, sem hún hefur skuldbundið sig til að leggja fram.

Að síðustu flyt ég svo till. um hækkun framlags til nýbyggingar við menntaskólann á Akureyri, að það verði hækkað úr 1.6 millj. kr. í 3 millj. kr. Ég held, að flestir, sem athuga, hverjar fjárveitingar menntaskólinn á Akureyri hefur fengið á undanförnum árum, geti verið sammála um það, að hann hafi verið alger hornreka hjá fjárveitingavaldinu. Þessi stærsta, virðulegasta og bezta menntastofnun, sem þjóðin á utan höfuðborgarinnar, hefur verið alger hornreka um fjölda ára, og það hefur ekki örlað á neinum vilja til þess að gera neitt fyrir þessa stofnun, frá því að nýsköpunarstjórnin ákvað byggingu heimavistarhúss við skólann, sem þó hefur ekki gengið betur en svo, að þessari byggingu er ekki að fullu lokið enn í dag, og þar til núna, að sýndur er á litur að ákveða byrjunarframlag til þess að koma upp húsi fyrir kennslu í raunvísindanámsgreinum við skólann. En aðstaða til þess náms hefur raunverulega aldrei verið til í menntaskólanum á Akureyri, enda þótt kennslu hafi verið haldið uppi á stærðfræðilegu línunni og í þeim fögum frá því 1935. Í 30 ár hefur þessari kennslu verið haldið uppi raunverulega við engin skilyrði.

En það eru miklu fleiri verkefni, sem er nauðsynlegt að sinna í sambandi við menntaskólann á Akureyri, heldur en þetta eitt, ef aðstaða skólans og skólahúsnæðið á að geta kallazt viðunanlegt. Heimavistin er orðin allt of lítil, og það eru vandræði að koma hundruðum nemenda fyrir í bænum við nám að vetrinum. Það mál horfir allt til stórkostlegra vandræða, og skólahúsið, sem nú er orðið meira en hálfrar aldar gamalt timburhús, hefur m. a. vegna þess, hve fjárveitingar hefur skort til skólans á undanförnum árum, stöðugt verið að níðast niður og þar með þarfnast nú stórkostlegra viðgerða, sem varla kosta undir millj. kr. Það er því bæði nauðsynlegt og auk þess réttlætismál, að nýbyggingunni fyrir raunvísindanámsgreinarnar verði hraðað eins og frekast er kostur á, og það ætti ekki að þurfa að taka langan tíma. Teikning hefur þegar verið ákveðin fyrir þessa byggingu, og er meiningin, að þar verði um nákvæmlega sams konar hús að ræða og byggt hefur verið fyrir menntaskólann í Reykjavík, þannig að framkvæmdir ættu að geta hafizt á næsta vori og ættu ekki að þurfa að taka ákaflega langan tíma, ef nægilegt fjármagn er fyrir hendi. Ég tel sérstaklega nauðsynlegt, að þessari framkvæmd sé hraðað, bæði vegna þarfarinnar á henni sjálfri og einnig vegna þess, hve brýn þörf er að snúa sér síðan að öðrum verkefnum til þess að gera þennan skóla svo úr garði, að sæmilegt geti kallazt. Ég er sannfærður um það, án þess að ég sé á nokkurn hátt að

gera lítið úr þörfum Vestfirðinga eða Austfirðinga fyrir menntaskóla, að skólaæskunni í landinu og menntamálunum væri gert miklu meira gagn með því að hafa framlag til menntaskólans á Akureyri nú svo ríflegt, að það gæti komið skjótt að gagni, heldur en þó að einhverjar málamyndafjárhæðir séu settar á blað til byggingar menntaskóla á Ísafirði og á Austfjörðum, sem allir vita að kemur engum að haldi, nema milljónaframlög komi þar til viðbótar. Ég held, að það væri miklu skynsamlegra að gera fyrst svo við þennan eina stóra menntaskóla, sem við eigum utan Reykjavíkur, að ekki væri til vansæmdar fyrir fjárveitingavaldið, áður en yrði snúið sér að öðrum verkefnum.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Ég vil mjög undirstrika rökstuðning hv. þm., sem nú lauk máli sínu, varðandi till. hans um 10 millj. kr. fjárveitingu til ráðstafana gegn atvinnuleysi á Norðurlandi og í Strandasýslu. Ég býst við því, að það verði ekki einungis hv. 11. landsk., sem ræddi um þessa till. hér áðan og viðurkenndi, að full þörf væri á því að samþykkja hana, heldur muni allir þm. Vestfirðinga vilja veita henni stuðning, því að erindi hafa okkur borizt úr Strandasýslu núna að undanförnu, sem gera okkur það ljóst, að í Strandasýslu ríkir nú margþætt neyðarástand. Strandasýsla var innilokuð af ísalögum s. l. vetur og fram á vor og atvinnulífið lagðist þar í dróma, og fyrir og eftir þann atburð hefur herjað fiskleysi á þetta hérað, og útgerðarmenn á Hólmavík og Drangsnesi hafa í raun og veru alveg gefizt upp og er ekki að furða. Þeir hafa nú nálega allir eða máske allir auglýst skip sín til sölu. Þar þarf því að bregða við skjótt til hjálpar þessu nauðstadda héraði og gera ráðstafanir í atvinnulífinu, og það verður ekki gert nema með fjárframlögum. Og hér blasir málið þannig við, að hæstv. ríkisstj. gaf föst og bindandi loforð um að gera ráðstafanir í atvinnumálum á Norðurlandi og í Strandasýslu á komandi vetri og raunar yfir tvö ár, og til fullnægingar því loforði þarf að sjá fyrir fé. Ef hæstv. fjmrh. telur, að ekki þurfi nýrrar fjárveitingar við, það verði hægt að standa við þetta loforð án þess, þá ber að fagna því og þá getur hv. tillögumaður sjálfsagt tekið þessa till. aftur. En komi ekki slík yfirlýsing frá hæstv. fjmrh., sé ég ekki annað en hæstv. ríkisstj. sé skylt að veita þessari till. stuðning og tryggja henni framgang.

Það er mikið búið að ræða hér um vanefndir af hendi eins hæstv. ráðh., og ég vænti þess, að menn vilji ekki vinna það til, að hæstv. ríkisstj. verði sönn að sök um vanefndir einnig á þessu loforði, sem gefið var s. l. vor. A. m. k. var það svo, þegar því var haldið fram af okkur, nokkrum þm., að ekki væri staðið við áður gefin loforð gagnvart verkalýðshreyfingunni, þá þóttist hæstv. forsrh. ekki minni maður við það, þótt hann viðurkenndi, að við það loforð bæri auðvitað að standa, og hvarf frá, að mig minnir, eitthvað um 60 millj. kr. lið, sem þá var fyrir atbeina ríkisstj. tekinn inn í frv. hér á hv. Alþ., og við töldum það brjóta í bága við samkomulagið og kröfðumst þess, að frá þessu væri horfið. Og hæstv. forsrh. beitti sér fyrir því, til þess að ekki gæti neinn haldið því fram, að hann stæði ekki við gefið loforð. Og ég vænti, að sá andi sé enn ríkjandi í hæstv. ríkisstj., að við þetta loforð verði fyllilega staðið, annaðhvort með samþykkt till. ellegar með öðrum hætti, því að nauðsynin kallar þarna að, það getur engum dulizt.

Ég hef ásamt hv. 3. landsk. þm. (EðS) leyft mér að flytja tvær brtt. við fjárlfrv., og eru þær báðar á þskj. 134 og eru báðar breytingar á 17. gr. fjárl. Önnur þeirra a. m. k. er svo smá í sniðum, að hún getur ekki steypt fjárhagsafkomu ríkissjóðs í glötun. Hún er um það, að 150 þús. kr. fjárveiting, sem er á fjárlfrv. til A. S. Í., hækki um 50 þús. kr. í 200 þús. kr. Lengi hefur verið á fjárl. smáupphæð til Alþýðusambandsins, þ. e. a. s. til fræðslusjóðs þess. Þetta er ekki styrkur við rekstrarsjóð A. S. Í., heldur við fræðslusjóð þess, og sú upphæð var lengst af 100 þús. kr. Árið 1957 var þessi upphæð hækkuð um þriðjung, þ. e. a. s. í 150 þús., og hefur staðið óbreytt síðan 1957. Það er því augljóst mál, að 150 þús. nú eru ekki meira virði en 75 þús. kr. upphæð, þegar upphæðin var hækkuð í 150, þ. e. a. s. fyrir 9 árum. Nú má segja, að það ráði engum örlögum varðandi starfsemi A. S. Í., hvort þessi upphæð er 150 þús. kr. eða 200 þús. kr., en ég hef tekið eftir því, að annað landssamband, sem einnig hefur haft styrk til sinnar starfsemi á fjárl., þ. e. a. s. Landssamband iðnaðarmanna, það hefur fengið tvöfaldaða þá upphæð núna þrátt fyrir takmarkaða getu ríkissjóðs, og var þó upphæðin til Landssambands iðnaðarmanna helmingi hærri eða tvöfalt hærri en upphæðin til Alþýðusambandsins. Landssamband iðnaðarmanna hafði 300 þús. kr. styrk til sinnar starfsemi, en sá liður hefur nú verið hækkaður í 600 þús. kr. Ég vil því vænta þess, að það megi líta á þessa till. um 50 þús. kr. hækkun á fjárveitingunni til fræðslustarfsemi A. S. Í. sem eins konar leiðréttingu til samræmis, og held, að enginn geti bendlað mig eða meðflm. minn að till. við ósanngirni eða heimtufrekju, þó að við viljum sjá nokkra leiðréttingu á þessu.

Hin till. er um það, að fjárveiting til orlofsheimila verkalýðssamtaka, sem á þessu fjárlfrv. er 1 millj. 600 þús., verði 2 millj. kr. Það var einnig á fjárl. ársins 1957, sem í fyrsta sinn var tekin upp sú fjárveiting, til orlofsheimilis verkalýðssamtakanna. Næsta ár, 1958, var einnig 1 millj. kr. fjárveiting á fjárl. í þessu skyni, en á þriðja árinu lækkaði þessi fjárveiting niður í 500 þús. kr., og síðan var hún árlega 480 þús. kr. Hún lækkaði því að krónutölu, eftir því sem árin liðu, og hún minnkaði náttúrlega enn þá meira að verðgildi, eftir því sem árin liðu. En á sama tíma hafði Alþýðusambandið hafizt handa um stórfellda og dýra framkvæmd til þess að byggja upp orlofsheimilahverfi, er nokkru gæti orkað til þess að gera orlof verkafólks verðmætara, dýrmætara erfiðisfólki og það gæti átt þess kost með nokkru minni tilkostnaði en utanlandsferðum eða dvöl á hótelum að friðast frá sínu erfiði á mennilegum og friðsömum stað, þar sem vel gæti um það farið í orlofinu. Þessu hafði A. S. Í unnið að af nokkurri atorku og búið sig undir það að

standa myndarlega að þessari framkvæmd. Þess vegna gerðum við nokkrir forustumenn A. S. Í. för okkar á fund hæstv. forsrh. s. l. haust og ræddum þetta mál við hann og fórum þess á leit, að 480 þús. kr. fjárveiting til orlofsheimilanna yrði þá hækkuð í 2 millj. kr., svo að notagildi hennar drægi langt til þess að jafngilda því, sem upphaflega upphæðin orkaði, þ. e. a. s. þá 1 millj. kr. Ég efa ekki, að það mun hafa verið fyrir atbeina hæstv. forsrh., að við þessu erindi okkar varð hv. fjvn. í sambandi við afgreiðslu fjárl. þess árs, og á fjárlfrv. þá var tekin upphæðin 2 millj. kr. En við niðurskurð á liðum fjárl. um 20% varð hún raunverulega ekki nema 1.6 millj., og það er sú krónutala, sem nú er látin gilda að því er einnig varðar þessa upphæð sem aðrar á núv. fjárlagafrv. Sú framkvæmd, sem A. S. Í. stendur að undir Reykjafjalli í Ölfusi, mundi því fá ekki aðeins verðminni raunverulegan stuðning frá hendi ríkisvaldsins, ef þessi upphæð stendur óbreytt, heldur er þarna einnig um minni upphæð að krónutölu að ræða heldur en við reiknuðum með á s. l. ári. Mér finnst ekki vera samræmi milli þessa og þess, að hæstv. ríkisstj. hefur látið það boð út ganga, að hún hafi hug á að lengja orlof verkafólks, hefur skipað n. til þess í það mál. Einkanlega á sú n. víst að kanna, hvað orlof verkafólks sé langt í nágrannalöndum okkar, og hún hefur látið uppi, að það sé stefna stjórnarinnar að lengja hér orlof, þannig að það verði álíka og í nágrannalöndunum. En mér er ekki kunnugt um, að í neina framkvæmd hafi verið ráðizt í þessu landi, sem frekar stuðli að því, að orlof verkafólks notist og notist vel, heldur en einmitt með þeirri framkvæmd, sem A. S. Í. stendur að og hefur alls ekki lokið, heldur stendur í miðjum klíðum með að framkvæma. Mér er kunnugt um, að bæði hæstv. fjmrh. og hæstv. félmrh. hafa kynnt sér, hvernig þessi framkvæmd, sem þegar er komin, hafi verið af hendi leyst, og veit ekki betur en þeir hafi á henni velþóknun og telji allmyndarlega að þessari framkvæmd staðið. Ég mundi því vilja vænta þess, að á tillögu mína og hv. 3. landsk. um það, að upphæðin verði nú ákveðin 2 millj., eins og hún var ákveðin á fjárl. þessa árs, og lækki þannig ekki að krónutölu, megi líta og verði litið sem tilmæli um sanngjarna leiðréttingu.

Þetta var nú mitt mál, og þegar ég hef lokið við að flytja það og kl. er tvö og allir ráðherrastólar auðir nema hæstv. fjmrh., finnst mér ekki vera nema eiginlega tvennt fyrir hendi: annaðhvort að nota þingmannsréttinn til þess, að ráðh. séu porraðir út og stjórnarliðið allt að undanteknum forseta og frsm. fjvn. og einum fjvn.-manni úr stjórnarliðinu, sem hér situr enn þá, og að þeir verði kvaddir til að gegna sínum þingmannsskyldum eins og við hinir, sem hér höfum verið í kvöld og í nótt, ellegar þá láta sem maður sjái ekki þá fyrirlitningu, sem þingræðinu er sýnd af hæstv. ríkisstj. og stjórnarliði, og hætti að tala og gefa þannig þessum fáu stjórnarliðum einnig kost á að sofa eins og hinum flokksbræðrum þeirra. Ég ætla nú ekki að taka þann kostinn að tala hér til morguns og heimta það, að liðið sé kvatt út, en vil þó segja örfá orð. Það tekur ekki margar mínútur.

Ég tel það athyglisvert, að að þessu sinni hafa komið ákaflega fáar brtt. við fjárl. frá stjórnarandstöðunni, frá einstökum þm. stjórnarandstöðunnar. Ég man ekki eftir því í þau 20 ár, sem ég hef verið á Alþ., að svona hafi verið fátt um brtt. Af hverju skyldi þetta nú vera? Skyldi þetta vera af því, að þingheimur sé svona hjartanlega ánægður með fjárlfrv., það sé alveg eins og það eigi að vera og eins og þeir vilja allir hafa það, eða skyldi það eiga einhverjar aðrar ástæður? Ég er ekki í nokkrum vafa um, að þetta er ekki ánægjuyfirlýsing. Það gæti hugsazt, að það væri af því, að við erum búnir að fá þá reynslu núna þing eftir þing mörg ár í röð, að ýmist hefur aðeins ein eða engin af öllum till. stjórnarandstöðunnar náð samþykki. Ekki hefur nú þingræðinu verið gert hærra undir höfði en það, því að enginn þarf að segja mér, að þessar till. hafi allar verið svo vitlausar, að á þær hafi ekki verið lítandi nema eina eða enga. Ég minnist þess t. d. í fyrra, þegar við vorum að afgreiða fjárl., þá urðu menn hissa, af því að ein af öllum till. stjórnarandstöðunnar bjargaðist í gegn, var samþ., og menn fóru að hugsa: Hvað veldur því, að þessi till. var samþ., að þær voru ekki allar strádrepnar? Jú, sú rannsókn leiddi í ljós, að það, að hún var samþ., — hún var ákaflega lítil, það var till. um að reisa minnismerki yfir einn merkan Íslending og átti ekki að kosta miklu til, — en ástæðan var sú, að minnismerkið átti að vera af afa þáv. fjmrh. Ef ekki hefði viljað svona til, hefði engin till. frá stjórnarandstöðunni verið samþ. s. l. vetur.

Þó held ég ekki, að ástæðan til þess, að menn flytja svona fáar till. núna, sé sú, að menn hafi ekki nú eins og áður getað horft á allar till. sínar strádrepnar. En hvað veldur því þá? Ég held, að skýringin, sem hæstv. núv. fjmrh. gaf á þessu fyrirbæri, sé rétt, hún sé sú, að þm. dyljist nú ekki, að það sé alvara á ferðum, fjárhagur ríkissjóðs sé hvergi nærri blómlegur og það sé jafnvel ábyrgðarhluti að stuðla að því, að enn sé bætt við útgjöld ríkissjóðs, svo sem tekjuhorfur hans eru nú. Hæstv. fjmrh. sagði einmitt, að það gleddi sig, að þm. gerðu sér ljóst, að það væri alvara á ferðum. Og það er alvara á ferðum, ég er sannfærður um það. En það var öðruvísi hljóðið fyrir nokkrum árum í fyrirrennara núv. hæstv. fjmrh. Það var ekki á honum að heyra, að það væri neitt neyðarástand. Hann sagði okkur ár eftir ár, að hann væri búinn að gera sparnaðartill., sparnaðarráðstafanir, sem að vísu kæmu ekki strax að gagni, en mundu segja til sín síðar, og hann stefndi alltaf að stórkostlegum tekjuafgangi ríkissjóðs, og það voru afskaplega mikil tíðindi, sem voru birt stóru letri í blöðum stjórnarinnar, að nú stæði hagur ríkissjóðs með svo miklum blóma, að það hefði verið keypt sparisjóðsbók í einhverjum banka og lagðar inn á hana 100 millj. kr. Það var ekki hallæri þá, og ég stóð í þeirri meiningu lengi vel, að þetta væru ekki leiktjöld, þetta væru ekki Potemkintjöld, heldur bara góðærið, sem hefði valdið því, að hagur ríkissjóðs væri með blóma, gjaldeyrissjóðir hlæðust upp og tekjuafgangur væri frá ári til árs og sparisjóðsbækurnar væru sífellt með hærri og hærri innstæður.

En hefur þá ekki hallæri orðið í landinu, sem

valdi því, að nú sé ekki nema eðlilegt, að sé farið að þústna að og allt komið í öngþveiti hjá ríkissjóði? Nei, það hefur engin breyting orðið á árferðinu til hins lakara, nema síður sé. Það hefur aldrei borizt önnur eins guðs gjöf að landi úr íslenzkum fiskimiðum og á næstliðnu og yfirstandandi ári. Og góðæri hefur verið í landinu, eiginlega bæði til lands og sjávar. En samt hefur einhver melur komizt í ríkissjóðinn, svo að nú er alvara á ferðum, svo að þm. setur hljóða, þeir leyfa sér ekki einu sinni að bera fram brtt. við fjárl. til útgjalda, ekki einu sinni Framsfl. Og hæstv. fjmrh. flytur þeim þakkarávarp og segir: Það gleður mig, að þingheimi er orðið ljóst, að nú er alvara á ferðum. — En samt er borið fram fjárlagafrv., sem er um 260 millj. kr. hærra en fjárlagafrv. ársins á undan. Enn þá er látið vaða á súðum, fjárl. upp á 4 milljarða, 4000 milljónir, og þó er alvara á ferðum. Ríkissjóður stendur í vangreiðslum við íþróttasjóð, vangreiðslum til hafna, vangreiðslum til félagsheimila, vangreiðslum til skóla, vangreiðslum til sjúkrahúsa, vangreiðslum til sjávarútvegsins, sem stendur höllum fæti, og annarra undirstöðuatvinnuvega, sem allir vita, að þrátt fyrir góðærið frá náttúrunnar hendi standa mjög höllum fæti og eru fjárþurfi, ef þeir eiga ekki að dragast saman, undirstöðuatvinnuvegir þjóðarinnar. En þegar það gerist, er líka alvara á **ferðum.**

Og ekki er nóg með það, að ríkissjóður sé í vanskilum á flestum sviðum, mörg ár á eftir með skyldur sínar, þær skyldur, sem honum ber að inna af hendi. Auk þess er svo ríkissjóður að stofna nú í góðærinu, sem verið hefur, til stórkostlegrar lántöku, lánastarfsemi. Hvað er það, lánastarfsemi til vega, lánastarfsemi til hafna o. s. frv.? Það er bara skuld við framtíðina, það er skuldasöfnun í augnablikinu, skuld við framtíðina. Það verður ekki mikið unnið að vegamálum í þeim héruðum eftir nokkur ár, sem núna fá hæstu fúlgurnar til vegagerða, þegar fjárlagafjárveitingarnar fara í vaxtagreiðslur og afborganir af þessum lánum. Þannig eru framkvæmdirnar núna að ýmsu leyti falskar. Þær eru á kostnað komandi ára. Og þó hefur verið gripið til úrræðis, sem er algerlega ósæmilegt í lýðræðislandi. Þegar Alþingi hefur samþ. fjárlög, á vitanlega að standa við þau. Umfram allt á ekki að brjóta fjárl. á þessu eina ári, sem þau gilda fyrir. En á liðnu ári var neyðarástandið slíkt hjá ríkissjóði, að fimmta hver króna, sem Alþ. hafði ákveðið að veita, var tekin aftur, 20% niðurskurður á fjárl. nema á eyðsluliðunum. Ég er alveg viss um, að það hefði hækkað brúnin á *mörgum og þá hefðu menn orðið þakklátir röggsömum fjmrh.*, ef hann hefði treyst sér til þess að skera niður 20% af eyðsluliðunum. Við höfum ekki efni á því að eyða svona miklu í skrifstofubáknið. Þar skulum við skera niður fimmtu hverja kr., fækka á skrifstofum, hvað sem siðspilling kunningsskaparins sagði, og skera þar niður. — Það hefur sjálfsagt ekki verið auðvelt, en ósvinna hefði það ekki getað talizt.

Íhald og afturhald hefur aldrei verið vinsælt á Íslandi. En þó er svo komið, að ég held, að ef kæmi upp flokkur í landinu, sem hefði efst á stefnuskrá sinni að lofa því að vera íhaldssamur á opinbert fé, og held bara, að sá flokkur, þótt hann lofaði engu öðru, hlyti miklar vinsældir og mikið fylgi. Ef lofað væri íhaldssemi og sá maður, sem því lofaði, væri líklegur til að standa við orð sín, mæti æru sína t. d. meira en 47 millj., fengi slíkur flokkur mikið fylgi þrátt fyrir allar óvinsældir, sem íhald í þessu landi hefur skapað sér um áratugi og aldir. Það er nefnilega sú stefna hæstv. ríkisstj., ekki síst fyrirrennara hæstv. núv. fjmrh., að láta vaða á súðum um hvers konar eyðslu, gefa síðan glæsilegar hugmyndir um, að allt sé í stakasta lagi, allt sé með blóma, setja upp leiktjöld, Potemkintjöld, og reyna að láta líta svo út, að þessi fögru leiktjöld væru raunveruleikinn sjálfur, — *það er stefna, sem þjóðin fordæmir og heimtar*, að frá henni sé vikið og önnur stefna sé tekin upp, „hin leiðin" farin heldur, jafnvel hver sem hún væri.

Ég tek eftir því, að nú er ekki hægt lengur að halda því fram, að þessi ófarnaður í efnahagsmálum sé verkalýðshreyfingunni að kenna. Á því var lengi stagazt. S. l. tvö ár hafa stjórnarvöldin, sjálfir hæstv. ráðh. í ríkisstj. hver um annan þveran orðið að viðurkenna það, að verkalýðshreyfingin hafi sýnt hófsemi, sanngirni, boðið af einlægni aðstoð sína og samstarf við að ráða niðurlögum verðbólgu og dýrtíðar og að þeir kaupgjaldssamningar, sem gerðir hafa verið, a. m. k. s. l. tvö ár, séu ekki orsök þess ófarnaðar, sem nú blasir við, m. ö. o., það sé ekki hægt að bera sér það í munn, að íslenzk verkalýðshreyfing hafi stofnað efnahagsmálunum í glötun og sé sá syndahafur, sem eigi að kenna um allar ófarirnar. Það er ekki hægt. En annars hef ég orðið var, og það er það, og það þykir mér hvergi nærri gott, að fólk er farið að halda því fram, að verkalýðshreyfingin sé sek um það, að dáðlaus og ráðlaus ríkisstj. hangi enn í stjórnarstólunum, það sé verkalýðshreyfingunni að kenna, og það þykir mér í raun og veru þyngri ásökun en svo, að ég geti undir henni risið og við í raun og veru borið þá byrði lengi, og ég held, að ef sannleiksneisti er í þessari ásökun, sé hæstv. ríkisstj. í raun og veru skylt, áður en verra hlýzt af, að sitja ekki lengur í þessum stólum, fara ekki lengur með völd í ráðleysi og stjórnleysi og dáðleysi.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Það var aðeins út af orðum hv. 4. þm. Norðurl. e. og raunar einnig hv. síðasta ræðumanns, 5. þm. Vestf., sem ég stend upp og ætla ekki að lengja mikið umr.

Í sambandi við till. um það að taka upp 10 millj. kr. *fjárveitingu vegna aðstoðar* við byggðarlög á Norðurlandi og í Strandasýslu var vitnað til þess samkomulags, sem gert var á s. l. vori milli verkalýðsfélaganna fyrir norðan og austan og ríkisstj. í sambandi við atvinnumál þessara staða. Ég geri ráð fyrir því, að hv. þm. viðurkenni, að það hafi verið fyllilega gert það, sem gert var ráð fyrir á s. l. sumri, með þeim tilraunum, sem samþ. var að gera um flutning á síld, þó að það því miður skapaði ekki eins mikla atvinnu og efni stóðu til af ýmsum óviðráðanlegum orsökum. En tilraunin var þó gerð, og það sannaðist, að þetta mundi vera hægt að

gera, og jafnframt notuðu ýmsir aðilar sér það til þess að fá styrk til sinna skipa, svo að þeir sigldu með söltunarsíld norður fyrir land. Og ég hygg, að fyllilega hafi verið staðið við það fyrirheit, sem þá var gefið.

Í sambandi við það samkomulag var það einnig tekið fram, sem rétt er, að það yrðu gerðar tilraunir á sama hátt á þessum vetri með að flytja fisk af Suðurlands- og Vesturlandsmiðum eftir atvikum til Norðurlandsins og kanna, hvort væri ekki hægt á þann hátt að bæta aðstöðu frystihúsanna fyrir norðan. Ég vil aðeins nota þetta tækifæri til þess að lýsa því yfir, að að sjálfsögðu verður staðið við þetta. Hitt er annað mál, að það liggur ekkert fyrir um það, hvað þetta muni kosta, og það má auðvitað hugsa sér ýmsar leiðir til þess að afla fjár til þeirra hluta, eðlilegri leiðir en taka það á fjárl., eins og sakir standa, enda ekki svigrúm til þess, eins og fjárlagaafgreiðslu er háttað. En ég vil aðeins láta það koma hér skýrt fram til að valda engum misskilningi, að enda þótt ég telji ekki auðið að samþykkja þá till., sem hér liggur fyrir, mun að sjálfsögðu verða staðið við það samkomulag, sem gert var í þessu efni.

Frsm. 1. minni hl. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Nokkur atriði, sem fram hafa komið í umr., síðan ég talaði hér í dag, þarf ég að gera hér að umtalsefni.

Í fyrsta lagi vildi ég segja það út af því, sem hv. 5. þm. Austf. (LJós) sagði hér um þá tilhögun okkar að flytja ekki nema eina brtt. við 2. umr. fjárlagafrv., sem hann var mjög undrandi yfir, að ég gerði grein fyrir því í framsöguræðu minni í dag, hver væri ástæðan til þess, að Framsfl. hefði tekið upp þessa stefnu við 2. umr. fjárlagafrv. Ég vil endurtaka það. Rökin, sem við færðum fyrir því, voru í fyrsta lagi þau, að þessi ákvörðun okkar væri ekki af því, að við værum ánægðir með fjárveitingar til umbótamála, síður en svo, eins og ég sýndi fram á í ræðu minni í dag. Hún er ekki heldur af því, að við teljum, að það hafi verið leitað eftir sparnaði eða þau mál verið látin sitja í fyrirrúmi um fjárlagafjárveitingu, sem þar ættu helzt að vera. Ég gerði einnig grein fyrir þessu. Ástæðan er sú, að verðbólgan, sem ríkisstj. hefur magnað, er að ryðja út af fjárlagafrv. umbóta- og framfaramálum. Fjárhag ríkisins eða stefnu ríkisstj. í efnahagsmálum verður ekki breytt með brtt. Það er aðeins stefnubreyting, sem getur haft áhrif á fjárlaganiðurstöðuna og uppbyggingu fjárl. Og sú stefnubreyting verður að vera fólgin í því, eins og ég þá lýsti, að draga úr ofsköttuninni og hafa stjórn á fjárfestingunni. Þetta mun ég láta nægja út af því, sem hv. 5. þm. Austf. sagði hér í kvöld.

Hæstv. fjmrh. vék að ræðu minni í ræðu þeirri, sem hann flutti hér fyrir kvöldmatinn, og vil ég víkja nokkrum orðum að því, sem þar kom fram.

Ég vil í fyrsta lagi endurtaka það, sem ég þá sagði, að sparnaður mun ekki hafa nein endanleg áhrif eða skipta sköpum um gerð fjárl. eða fjárhagsafkomu ríkissjóðs. Þar mun aðeins skipulagsbreyting og stefnubreyting geta orkað til þess að koma fjárhag ríkisins á réttan kjöl. Ég tók fram í ræðu minni í dag nokkrar ábendingar í sambandi við útgjaldaliði fjárl., sem ég taldi að hæstv. ríkisstj. hefði einnig átt að velta fyrir sér og draga úr útgjöldum frekar en mörgum beim útgjaldaliðum, sem hún lækkaði um 20%. Í sambandi við þessar ábendingar mínar, sem hæstv. ráðh. ræddi nokkuð, vil ég benda á það, að svo mikil hófsemi var í þessum ábendingum, að ég komst ekki til hálfs við hæstv. ráðh., þegar hann sem formaður fjvn. benti fyrrv. fjmrh. á sparnaðarliði, sem hann ætti að hugleiða í upphafi sinna starfa sem fjmrh., en þetta er að finna í Alþingistíðindum frá 1960, A-deild, 2. hefti, bls. 399, og þar er miklu lengra gengið í að benda á liði, sem fjmrh. ætti að athuga, að dregið væri úr útgjöldum ríkissjóðs, heldur en ég drap á hér í dag.

Hitt vil ég taka fram, að það vakti nokkra undrun mína, að það skyldi ekki í þessu fjárlfrv. vera gerð ein einasta till. til þess að draga úr útgjöldum ríkissjóðs. Ég tel ekki, að það sé verið að fara í sparnaðarátt, þegar er verið að fella niður greiðslur til vegamála eða til rafveitna eða slíkra málaflokka. — Það vakti undrun mína og veruleg vonbrigði.

Út af skattanefndunum vil ég segja það, að það er alveg rétt, sem hæstv. ráðh. sagði, að ég vék máls á því á ráðstefnu sveitarfélaganna, hve skattstofurnar væru seinvirkar, og þær eru það mjög áberandi. Og það er sönnun fyrir því, að þetta kerfi, sem við tókum upp 1960, er a. m. k. ekki enn þá búið að sanna gildi sitt. Ég vil líka taka það fram, að það voru ekki mín orð, þegar var verið að setja þetta kerfi á, að það mundi verða til sparnaðar, heldur hæstv. ríkisstjórnar, sem kom kerfinu á. Ég benti hins vegar á, hver reynslan hefði orðið.

Út af ríkisábyrgðunum vil ég segja það, að þegar lögin um ríkisábyrgðasjóð voru sett, þá minnist ég þess ekki, að þeim hafi verið sérstaklega illa tekið af Framsfl. eða af mér sem þm. hans. Hins vegar benti ég og fleiri, sem ræddu þessi mál þá, á það, að réttur sveitarfélaganna væri ekki svo tryggður gagnvart lögunum sem nauðsyn bæri til og það bæri að leggja áherzlu á það, að þeirra réttur væri ekki skertur, en mér sýnist þróunin hafa farið í þá átt, að það séu hins vegar einstaklingarnir, sem hefur fyrst og fremst verið borgað fyrir, en ekki sveitarfélögin.

Hæstv. ráðh. sagði, að það gæti verið gott að draga úr verklegum framkvæmdum. Við höfum haldið því fram, framsóknarmenn, og formaður okkar skýrði frá því hér um daginn, þegar hann fann upp hið ágæta nafn „hin leiðin", sem hv. þm. virðast nú vera að átta sig á að nauðsyn beri til að verði nú farið að fara. Þá var bent á það, að við gætum ekki gert allt í einu og við yrðum að velja verkefnin. En það er ekki nóg að velja verkefnin með því að láta ríkið draga úr sínum nauðsynlegustu framkvæmdum, en láta svo einkakapítalið í landinu vaða uppi og kaupa fólkið á vinnumarkaðinum hærra verði en samningar gera ráð fyrir. Það er þetta, sem við höfum deilt á, og það er þetta, sem verður tekið til athugunar, þegar verður farið að vinna að því að koma fjármálum ríkisins á réttan kjöl aftur. Þetta þýðir ekki, að það þurfi að setja upp fjárhagsráð með guðfræðiprófessor í forsæti,

eins og það var á sínum tíma. Frá þeim dögum er til ein skemmtileg saga, sem ég ætla að sleppa að segja hér, en það er eins og hæstv. ráðh. sagði hér áðan, það er hægt að finna margar leiðir til þess að taka á þessum málum, ef vilji er fyrir hendi.

Hæstv. ráðh. sagði, að hann tæki undir það með okkur, sem hér höfum talað, að verðbólgan væri böl valdurinn. Hann vildi hins vegar ekki viðurkenna það, að um ofsköttun gæti verið að ræða í landinu. Ég vil hins vegar halda því fram og tel, að það hafi verið stefna núv. ríkisstj. og hún hafi strax í upphafi valdatímabilsins hafið hér ofsköttun. Hún tók þá til sín það mikið af tekjum fólksins í landinu, að það hóf baráttu til að sækja þetta aftur, og sú barátta hefur endalaust haldið áfram. Hæstv. ráðh. vildi halda því fram, að kaupgjaldið væri í raun og veru það, sem ylli dýrtíðinni. Því er til að svara, að kaupmáttur tímakaupsins er þó minni núna en hann var 1959. Þetta segir ekki þá sögu, að kaupgjaldið sé böl valdurinn í sambandi við dýrtíðina. Landbúnaðarverðið er ekkert annað en afleiðing af kaupgjaldinu. Það er við það miðað. Þess vegna er það ekki nema reikningsdæmi, sem er reiknað út frá þeim staðreyndum, sem fyrir eru.

Nei, ég held því hins vegar fram, að ofsköttunin, — og það er orðin ofsköttun, þegar hinir almennu skattar eru jafnháir og þeir eru hér á landi nú, að það er tekið allt að 60% af tekjum manna í gegnum tekjuskatt og útsvar, eignarskattur að auki og svo er látinn skattur fylgja sem sagt hverju máli, eins og farið er að verða hér á hv. Alþingi, þá er orðin ofsköttunarstefna, hvað sýndi sig árið 1964, svo að hæstv. ríkisstj. sá þann kost vænstan að hopa nokkuð frá því, sem þá var orðið, með því að breyta lögunum um tekju- og eignarskatt á s. l. ári og sömuleiðis um útsvör.

Þá vildi hæstv. fjmrh. halda því fram, að ríkisstj. hefði ekki misst tökin á málefnum þjóðarinnar. Hvað er með fjármál ríkisins? Hefur hæstv. ríkisstj. tök á þeim, að ríkissjóður skuli vera rekinn með halla í góðæri? Ég held ekki. Og hvernig er útlitið í atvinnumálunum núna? Hvað samþykkti fundur L.Í.Ú.? Og hvernig ætlar ríkisstj. að taka á þeim málum um áramótin? Ég held, að það sé langt frá því, að hæstv. ríkisstj. hafi tök á málefnum þjóðarinnar, eins og ég sýndi glögglega fram á í ræðu minni í dag og þarf ekki að endurtaka og viðhorfið til fjárlagaafgreiðslunnar núna sannar betur en nokkuð annað.

Fleira ætla ég ekki að ræða um í sambandi við ræðu hæstv. fjmrh.

Hv. 11. landsk. þm. (MB) kom hér í ræðustól áðan og vék nokkrum orðum að því, sem ég hafði hér sagt, og hvarf allt aftur til ársins 1958, sem þeir sjálfstæðismenn hafa á margan hátt mætur á. Hv. þm. sagði, að þá hefði verið allt í sómanum og Framsókn verið ánægð. En Framsókn var ekki ánægðari en það, að það hefur verið uppistaða í ræðum hv. þm. Sjálfstfl. og fleiri, að forsrh. Framsfl. sagði af sér, af því að hann taldi, að sú ríkisstj., sem þá starfaði, gæti ekki levst efnahagsmál þjóðarinnar eins og hann taldi að yrði að gera og vildi standa fyrir. En þó var ástandið í efnahagsmálum þjóðarinnar ólíkt betra en það er nú, en Framsfl. taldi ekki ástæðu til þess að sitja í ráðherrastólunum lengur en hann hefði vald á málefnum þjóðarinnar. Það er annað en hæstv. núv. ríkisstj.

Hv. 11. landsk. þm. sagði, að ég hefði verið slysinn að fara að gera samanburð á verklegum framkvæmdum 1958 og 1966. Ég hef á þessum tíma, sem hv. þm. talaði hér um áðan, tekið upp úr fjárl. 1958 og fjárlfrv. 1966 fjárveitingar til hafna, sjúkrahúsa, skóla, flugmála, rafveitna og samgangna á sjó og landi. Árið 1958 var fjárveiting til þessara málaflokka 18.4% af heildarfjárlögunum, en árið 1966 eru það 5.5%. Þetta segir hv. 11. landsk. þm. að sé óheppilegur samanburður frá sjónarmiði framsóknarmanna. Það er erfitt að skilja þennan hugsanagang, en ég held, að hv. 11. landsk. hafi hlaupið nokkuð yfir, þegar hann fór að gera samanburðinn. Þetta eru staðreyndir, sem ekki þýðir móti að mæla, og sýnir þróunina, sem hefur orðið, síðan Framsfl. fór úr ríkisstj.

Hv. 11. landsk. þm. sagði, að allt væri nú í sóma. Hann var ánægður með það, hv. 11. landsk., að það væri 41 skólaframkvæmd, sem Alþingi er búið að veita fé til, sem ekki er hafin, vegna þess að ríkisstj. hefur stöðvað framkvæmdirnar. Hann var ánægður með það, hv. 11. landsk. þm., að það vantaði 58 millj. kr., til þess að ríkið stæði að skólaframkvæmdum eins og gert hefur verið síðustu árin. Hann var hæstánægður með það, hv. 11. landsk. þm., að það væri veitt nú til nýrra skóla svo, að það væri hægt að hefja nýja byggingu á þremur nýjum barnaskólum á Íslandi á árinu 1966 og einni skólastjóraíbúð. Þetta var það, sem hv. 11. landsk. taldi að nú væri öðruvísi en það hefði verið hjá vinstri stjórninni, allt í sóma, enda brotið í blað. Og hv. 11. landsk. var ánægður með það, að ríkið skuldaði til hafnanna í árslok 1966 allt að því þriggja ára framlög, og hann var ánægður með það, hv. 11. landsk., það var allt í sómanum, að nú ætti að verja 1.3 millj. kr. til nýrra flugvalla og flugöryggismála á Íslandi árið 1966. Þetta var það, sem hv. 11. landsk. var að lýsa ánægju sinni yfir, og eitthvað var þetta nú ánægjulegra og betra en það var hjá Framsókn á sínum tíma.

Hv. 11. landsk. var að tala um, að skelfing væru þessir framsóknarmenn leiðinlegir, þeir væru að ráðast á hæstv. samgmrh. fyrir það, að hann stæði ekki við orð sín, heimtufrekjan væri svo mikil, að þeir vildu krefjast þess af hæstv. ráðh., að hann stæði við orð sín. Það eru ekki litlar kröfur þetta, að það skuli vera til umr. hér á Alþingi, að hæstv. ráðh., sem er búinn að gera hvern svardagann á fætur öðrum, svo að það er hægt að lesa upp langan tíma yfirlýsingar þessa hæstv. ráðh. um það, að ekki yrði lækkað vegaféð á fjárl. og það yrði ekki tekið út, það yrði ekki fellt niður, og svo eiga menn að verða undrandi yfir því, að hv. þm. skuli ekki eftir tvö ár, þegar búið er að gera um þetta samkomulag, sætta sig við það kalt og rólega, að þetta er fellt út.

Nei, hv. 11. landsk. verður að gera sér grein fyrir því, að þm. hugsa ekki svona. Þeir vilja, að

menn standi við orð sín, og ekkert annað, og hæstv. ríkisstj. er ekki sæmandi að knýja það fram hjá hæstv. samgmrh., að hann sé svo ber að því að standa ekki við orð sín eins og hér hefur verið margsýnt fram á. Það er ekki verið að sýna okkur framsóknarmönnum neina óvirðingu með þessu, það er verið að sýna hæstv. samgmrh. meiri óvirðingu en samherjar hans eiga að fara fram á við hann eða líða að sé gert.

Hv. 11. landsk. þm. talaði um það, að framsóknarmenn flyttu nú ekki neinar till. við þessa fjárlagaafgreiðslu, nema þessa einu, og öðruvísi en áður hefði verið. Ég er nú þegar búinn að vikja að því, að það hefur ekki verið fyrr en á þessu þingi, að það hefur verið lýst yfir neyðarástandi í fjármálum ríkisins, og við höfum alltaf lýst því yfir, framsóknarmenn, að við vildum standa að ábyrgri fjárlagaafgreiðslu og fjárl. væru afgreidd greiðsluhallalaus. Og ég endurtek, að það er með öllu óviðunandi, að ríkið sé rekið með greiðsluhalla í mesta góðæri, sem yfir landið hefur gengið. Hitt verð ég að segja hv. þm., að við munum ekki bíða hann um ráð við því, hvernig við högum okkar vinnubrögðum. Og við munum halda áfram að flytja till. og frv. og góð málefni hér á hv. Alþ., hvort sem honum líkar betur eða verr. Við erum nefnilega sannfærðir um, að það líður ekki langur tími, þangað til það kemur ríkisstj. á Íslandi, sem getur stjórnað í góðæri, svo að þá sé hægt að leysa aðkallandi verkefni á viðunandi hátt. Við erum öruggir með það, þó að þannig sé það ekki nú. Og við erum alveg sannfærðir um það, að manndómur íslenzku þjóðarinnar er það mikill, að hún lætur ekki ráðherrana standa ráðlausa frammi fyrir vandamálum, þegar í raun og veru allt leikur í lyndi, eins og gerzt hefur síðustu 5 árin. Þess vegna höldum við áfram að byggja upp till. okkar til framtíðarinnar, hvort sem hv. stjórnarherrum líkar það betur eða verr.

Hv. 11. landsk. þm. sagði, að það hefði verið brotið í blað með valdatöku viðreisnarstjórnarinnar. Og nú skulum við líta á blaðið, sem hefur verið brotið. Það er árangurinn af stefnu ríkisstj., það sem við höfum verið að ræða hér í dag. Það er árangur af þeirri stefnu, að hv. meiri hl. fjvn. eða n. í heild ber ekki fram brtt. nema upp á tæpar 15 millj. kr. við fjárlagafrv. upp á 4 milljarða. Það sýnir, hvernig málunum er komið. Hv. 11. landsk. er ánægður með árangurinn af stefnu ríkisstj., þó að ríkissjóður sé rekinn með halla í mesta góðæri. Hann er ánægður með það, hv. 11. landsk., þó að niður sé skorið til verklegra framkvæmda. Í staðinn fyrir að skila aftur því, sem var frestað í fyrra, er haldið áfram að taka 20% af því, sem þá var ákveðið, og ekkert til þess að mæta verðhækkunum síðan. Hv. 11. landsk. er ánægður yfir því, að ástandið er þannig hjá stofnunum eins og pósti og síma, að forstjórinn lýsir yfir, að hann verði að fá að hækka gjaldskrána, svo að nemi 60—70 millj. kr., ef á að vera hallalaust á næsta ári. Og hv. 11. landsk. er ánægður yfir því, þó að hann hafi staðið að því á fundi L. Í. Ú. sem fleiri að lýsa yfir, að útgerðin verði stöðvuð um næstu áramót, ef ekki verður komið til bjargar. Og heldur hv. 11. landsk., að frystihúsin muni sætta sig við nýja fiskverðið, það sem þeir í L. Í. Ú. fóru fram á? Nei, þeirra hlutur á einnig eftir að koma fram. Og hvernig ætlar ríkisstj. ráðleysisins að mæta þeim kröfum, þar sem hún getur ekki bætt úr því, að hæstv. samgmrh. verði nær því slátrað fyrir 47 millj. kr.?

Það er ekki hægt að lýsa ánægju sinni yfir málefnum, sem þannig eru komin í mesta góðæri, sem yfir þetta land hefur gengið. Hv. 11. landsk. þm. var nokkuð fljótur á sér að lýsa þessari ánægju sinni. Og það er heldur leiðinlegur árangurinn af því, þegar var brotið í blað í efnahagsmálasögu þjóðarinnar. Og þetta segir hv. 11. landsk. þm. að sé allt í sóma, árangurinn af því að hafa brotið í blað.

Hv. 11. landsk. þm. endaði ræðu sína með því að uppnefna okkur samstarfsmenn sína úr fjvn. Ég hef aldrei lent í því að vera svo rökþrota að þurfa að grípa til örþrifaráða, þegar ég hef verið að verja eða sækja mál. Ég mundi líka telja það fyrir neðan það, sem ég vil vera þekktur að, að fara að uppnefna þingbræður mína. Þeir mega hafa þann málflutning, sem þeir telja að sæmi sér. Það gerir mér ekkert til, en ég mun ekki öfunda þá af slíkri frammistöðu.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Það er margt á þeim 22 greinum fjárlfrv., sem ástæða væri til að gera að umtalsefni, margt fleira en búið er að minnast á við þessa umr. En þar sem nú er liðið langt á nótt fram, ætla ég aðeins að segja fáein orð um einn lið á einni grein fjárlagafrv., og það er stafl. D á 16. gr. frv. Þar eru framlög til raforkumála. Samkv. fjárl. 1965 var framlag úr ríkissjóði til rafmagnsveitna ríkisins 39.2 millj. kr. Í fjárlagafrv., sem hér liggur fyrir, fyrir næsta ár, er þessi fjárveiting felld niður að öllu leyti. Boðað er, að raforkuverðið, sem notendur borga, verði hækkað sem þessu nemur. Þessu vil ég leyfa mér að mótmæla. Mér þykir einnig trúlegt, að þetta verði til að auka enn mismuninn á raforkuverðinu, en hann er nú þegar mjög mikill.

Þegar frv. um landsvirkjun lá hér fyrir síðasta þingi, fengu fjhn. þingdeildanna þær upplýsingar, að heildsöluverð á rafmagni frá rafmagnsveitum ríkisins utan Sogsvirkjunarsvæðisins mundi vera um 30% hærra en heildsöluverðið frá Sogsvirkjuninni, sem ríkið átti að hálfu leyti, og þá var einnig gizkað á af rafmagnsveitustjóra ríkisins, að söluverð á rafmagni frá héraðsrafmagnsveitum ríkisins væri um það bil 40—50% hærra en verðið hjá Rafmagnsveitu Reykjavíkur. Ég tel, að það sé ósæmilegt af ríkinu, sem er stærsti raforkuframleiðandi og raforkusali landsins, að gera svo herfilega upp á milli manna, þegar raforkuverðið er ákveðið, selja sumum svo langtum dýrara verði heldur en öðrum, og þessi mismunur þarf að hverfa. En í staðinn fyrir að draga úr honum eða afnema hann, þykir mér allt benda til þess, að hann aukist enn við þessa nýju hækkun, sem boðuð er á rafmagnsverðinu.

Í fjárl. ársins 1965 voru veittar 14¼ úr millj. til raforkusjóðs. Það er sama upphæð og nú er á fjárlagafrv. fyrir næsta ár. Það má geta þess til samanburðar, að fyrir 8—9 árum, þ. e. a. s. fyrir daga núv. ríkisstj., voru eitt árið veittar 17 millj. til sjóðsins eða um það bil 20% hærra að

krónutölu. Þá voru krónurnar bara langtum verðmeiri en þær eru núna. Til nýrra raforkuframkvæmda var veitt á fjárl. 1965 27 millj., en líklega hefur stjórnin lækkað þetta um 20%. Á fjárlagafrv. nú er aðeins 21.6 millj., og nú er liðurinn nefndur til rafvæðingar í sveitum. Þessi D-liður 16. gr., þar sem færð eru framlög til raforkumála, er nú á fjárlagafrv. alls 45 millj. 150 þús. Það er um 1.2% af heildarútgjöldum ríkisins samkv. fjárlagafrv. Á fjárl. 1958 var þessi liður 30 millj. 345 þús. kr., en það voru 3.7% af heildarútgjöldum fjárl., — 1.2% nú, 3.7% 1958.

Á nokkrum síðustu þingum höfum við framsóknarmenn flutt till. um áætlanir um áframhaldandi framkvæmdir við rafvæðingu landsins og ákvarðanir um framkvæmdirnar. Meiri hl. þingsins, hæstv. ríkisstj. og hennar lið, hefur ekki mátt heyra það nefnt, að þeim, sem enn eru án rafmagnsins, verði veitt vitneskja um það, hvenær bætt verði úr þörfum þeirra í þessu efni. Þetta tel ég mjög ámælisvert. Þeir, sem enn eru án rafmagnsins, bíða með óþreyju eftir því að fá það og þeir vilja fá að vita, sem eðlilegt er, og eiga heimtingu á að fá að vita, hvað á að gera í þessu lífshagsmunamáli þeirra og hvenær þeir megi búast við því, að úr þörfum þeirra verði bætt.

Á miðju ári 1964 hafði þó raforkumálaskrifstofan gert áætlun um rafveitur um sveitahéruð, þar sem meðallínulengd milli býla er 1—2 km. Var sú áætlun um raflínur til 774 sveitabýla eftir árslok 1965 og við það miðað, að það verk yrði unnið á næstu 5 árum, árunum 1966—1970. Þótti mönnum, sem áttu þess kost að sjá þessa áætlun, að lítil áherzla væri lögð á að hraða verkinu, þar sem ekki var ráðgert að leggja rafmagn nema til 155 býla að meðaltali á ári á þessu tímabili. Til samanburðar má nefna, að á árunum 1954—1957 var tala rafvæddra býla á 3. hundrað hvert ár, hæst 1957. Þá var lagt rafmagn á 262 sveitabýli. En þó að svona skammt væri gengið í áætlun raforkumálaskrifstofunnar í fyrra, þótti meiri hl. raforkuráðs allt of langt gengið, en í þeim meiri hl. eru tveir af hæstv. ráðh. Sjálfstfl. í núv. ríkisstj. Og sá meiri hl. hefur fleygt þessari áætlun í pappírskörfuna. Hann neitar enn sem komið er að samþykkja nokkra áætlun eða ákvörðun um að ljúka því nauðsynjaverki að koma rafmagni inn á öll heimili landsins. Fyrir fáum dögum var samþykkt í raforkuráði áætlun um framkvæmdir á næsta ári, 1966, en þar við látið sitja, ekkert ákveðið um framhaldið, eftir að það ár er liðið. Og svo vesaldarlegir voru þeir í meiri hl. raforkuráðs, að þeir sáu sér ekki fært að samþykkja að leggja á næsta ári raflínur til allra þeirra heimila, sem tekin voru á áðurnefnda áætlun raforkumálaskrifstofunnar fyrir það ár, heldur drógu þeir ein 20% þar frá. Þegar á þetta er litið og jafnframt hitt, að þó að lokið verði að leggja rafmagn til þeirra 774 býla, sem voru á áætlun raforkumálaskrifstofunnar 1964, vantar enn rafmagn á mjög mörg sveitabýli, þá má ljóst vera, að með þeim seinagangi, sem stjórnarflokkarnir virðast ætla að hafa á raforkuframkvæmdunum, mun dragast alveg óhæfilega lengi að koma rafmagninu til allra landsmanna.

Við framsóknarmenn höfum flutt frv. á þessu þingi um að leggja rafmagn á næstu þremur árum til þeirra sveitaheimila, þar sem meðallínulengd milli býla er allt að 2 km. Og við höfum sýnt fram á, að þetta er vel framkvæmanlegt. Hér skortir aðeins vilja þeirra, sem með völdin fara. Og fyrir áhugaleysið í þessu þýðingarmikla máli eru þeir ásökunarverðir.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Ég skal aðeins segja hér örfá orð út af ræðu hv. 3. þm. Vesturl. Í þær tölur, sem ég fór hér með til samanburðar við fjárlög 1958 og til samanburðar við það fjárlagafrv., sem hér liggur fyrir til umr., tók ég aðeins örfá atriði að gefnu tilefni í frumræðu hv. þm. hér í dag. Hann fór að reikna út aftur hlutfallstölu í fjárveitingum og tók þar til viðbótar fleiri atriði. Hann hefði gjarnan mátt taka með og minna á framlög til félagsmála, en þau eru nú 872.9 millj., en voru 1958 106.4 millj. Annars er ekki það sem gildir og hinn rétti útreikningur að segja, hvaða hlutfall er á hinum ýmsu greinum fjárl. nú eða 1958, heldur er rétti samanburðurinn sá, hvað voru margar kr. til þessa eða hins 1958 og nú, og taka svo síðan tillit til þeirra verðbreytinga, sem hafa orðið á peningum síðan. Og þegar ég segi það, að styrkir til byggingar allra skóla í landinu eru í fjárlfrv. nú 99.23 millj. kr., en voru á árinu 1958 13.359 millj. kr., tel ég, að núv. ríkisstj. geti verið hæstánægð með þann samanburð, hvernig svo sem þessi hv. þm. reynir að reikna út hlutföllin á hinum ýmsu gr. fjárl. Hann sagði það margoft nú í sinni ræðu, að ég hefði verið ánægður með þetta eða hitt, eins og hann tiltók. Ég sagðist vera hæstánægður með þann samanburð, sem ég gerði á hinum einstöku liðum. Hins vegar tók ég það fram í minni ræðu, að ég hefði talið, að mörg framlög mættu gjarnan vera hærri, en það er takmörkum háð, hversu hátt er hægt að fara og hversu mikið er hægt að gera í framkvæmdum í þjóðfélaginu hverju sinni. Þetta er það sama og hefur alltaf gerzt áður, því að við Íslendingar viljum flýta okkur mikið, gera mikið og byggja upp sem allra hraðast. En um það verður ekki deilt, að á þessum síðustu árum hefur meira verið gert í þessu þjóðfélagi, bæði af ríkinu, sveitarfélögum, félagasamtökum og einstaklingum, en nokkru sinni fyrr. Um það getum við verið sammála, ef við viljum vera sanngjarnir, að þetta er staðreynd, sem við megum vera mjög ánægðir með.

Hins vegar er ýmislegt, sem betur má fara, og ýmsir erfiðleikar til í okkar þjóðfélagi. Við erum mjög ánægð með mikinn hluta af fiskiskipaflota okkar. Það hefði ekki verið hægt að fiska alla þá síld, sem fiskuð hefur verið, ef þjóðfélagið hefði ekki gert útvegsmönnum kleift að fá lán til þess að byggja upp fiskiskipaflotann, og sem betur fer hefur meginþorra síldveiðiflotans vegnað vel á undanförnum árum og alveg sérstaklega nú á þessu ári. Hins vegar hvílir sá skuggi yfir, að minni útgerðin, sem stundar bolfiskveiðarnar, hefur ekki borið neitt nálægt því sama úr býtum, vegna þess að fiskverðið á bolfiskinum hefur hækkað hlutfallslega miklu minna en allar síldarafurðir. Það eru erfiðleikar, sem þjóðfélagið á við að stríða

og verður ekki hægt að kenna ríkisstj. neitt um frekar en öðrum. Afurðir bolfisksins hafa ekki hækkað á erlendum markaði eins og útgerðarkostnaðurinn hefur hækkað innanlands, og það eru þeir erfiðleikar, sem nú er við að glíma og þarf að ráða bót á. En í heild verðum við að segja það, að meginþorra útgerðarinnar hefur vegnað vel, betur en nokkru sinni fyrr, nú síðustu þrjú árin. Það hefur orðið framleiðsluaukning í þessu landi, og uppbygging fiskiskipaflotans er auðvitað fyrst og fremst að þakka því, að einstaklingarnir og félagasamtökin í útvegsmannastétt hafa haft trú á þessum atvinnuvegi og þjóðfélagið hefur gert þeim kleift að eignast þessi skip með því að útvega lán fyrir ⅔ af kaupverði skipanna.

Ég ætla svo ekki að orðlengja þetta frekar. En mér þykir leitt, þó að ég hafi sagt hér í heldur gamansömum tón, að þeir ágætu félagar mínir í fjvn., þessir þrír, ættu að fá sér ráðskonu eins og þrjár nafngreindar söguhetjur í gamanleik, að þm. skuli hafa tekið það á þann veg, að ég væri að uppnefna hann og þá félaga. Ég hélt, að það hefði farið það á milli okkar í léttum tón, að hann kynni að taka því eins og það væri sagt, en bera sig ekki svo aumlega sem hann gerði í sinni ræðu yfir þessari tilvitnun minni, sem ég taldi ósköp saklausa og í gamansömum tón.

Frsm. 1. minni hl. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Ég skal ekki fara að þreyta hér kappræður. Það voru nokkur atriði, sem fram komu í ræðu síðasta ræðumanns, hv. 11. landsk., sem ég vildi vekja athygli á.

Það var að nokkru leyti ríkisstj. að þakka að hans dómi, hve vel hafði fiskazt, og hann var undrandi yfir því, að við skyldum hafa haldið uppi nokkurri uppbyggingu, á sama tíma sem ég sýndi hér fram á í dag að aðalframleiðsluvaran hefur aukizt um 92%. En ríkisstj. átti þátt í því. Það var ekki hægt að kenna ríkisstj. það, þó að útgerðarkostnaðurinn hefði aukizt meira en fiskverðið. Því gat ríkisstj. ekki haft vald á.

Hv. þm. þarf ekki að halda, að ég sé neitt sár undan því, þó að hann hagi svo máli sínu, að það sé ekki á þann veg, sem á að gera hér í þingsölum. Það er hans mál, en ekki mitt, og læt ég honum það eftir.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 16. fundi í Sþ., 3. des., var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 1, n. 112, 113 og 117, 111, 118, 122, 129, 130, 133, 134).

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 34 shlj. atkv.

Brtt. 118,1 felld með 32:25 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: KK, LJós, ÓlJ, PÞ, SE, SkG, ÞÞ, AG, ÁÞ, ÁB, BFB, BJ, EðS, EÁ, EOl, EystJ, GeirG, GilsG, GíslG, HÁ, HS, HB, HermJ, IG, JSk.

nei: JÞ, JP, JR, MJ, MB, MÁM, ÓB, PS, SÁ, SB, SI, SÓÓ, SvG, ÁP, ÞK, AuA, AJ, BGr, BBen, BGuðm, DÓ, EggÞ, EI, EmJ, FS, GuðlG, ÓL, GÞG, IngJ, JóhH, JÁ, BF.

BP greiddi ekki atkv.

2 þm. (IRH, HV) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Þessi till. er um að fella niður einn lið í 2. gr., farmiðaskatt. Nú eru engin lög um slíkan skatt, og frv. um hann hefur einu sinni ekki verið lagt fyrir Alþ. og verður vonandi aldrei, svo að ég lít á þetta sem sjálfsagða leiðréttingu á frv. að fella þetta niður. Mér skilst, að þetta sé komið inn þarna fyrir einhverja vangá. Þess vegna segi ég **já.**

Birgir Finnsson: Í trausti þess, að fyrir 3. umr. verði fram komnar till. um að afla þeirra tekna, sem hér er um að ræða fyrir ríkissjóð, með öðrum hætti en með farmiðaskatti, segi ég **nei.**

2. gr. samþ. með 32 shlj. atkv.

3.—9. gr. samþ. með 31 shlj. atkv.

Brtt. 118,2—11 felld með 31:7 atkv.

— 111,1—2 samþ. með 35 shlj. atkv.

10. gr., svo breytt, samþ. með 31 shlj. atkv.

Brtt. 118,12—13 felld með 30:8 atkv.

11. gr. samþ. með 31 shlj. atkv.

Brtt. 111,3—6 samþ. með 33 shlj. atkv.

— 133,I felld með 32:7 atkv.

— 111,7—9 samþ. með 33 shlj. atkv.

12. gr., svo breytt, samþ. með 31 shlj. atkv.

Brtt. 118,14 felld með 31:7 atkv.

— 122 felld með 32:26 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EÁ, EOl, EystJ, GeirG, GilsG, GíslG, HÁ, HS, HB, HermJ, IG, JSk, KK, LJós, ÓlJ, PÞ, SE, SkG, ÞÞ, AG, ÁÞ, ÁB, BFB, BJ, BP, EðS.

nei: EggÞ, EI, EmJ, FS, GuðlG, ÓL, GÞG, IngJ, JóhH, JÁ, JÞ, JP, JR, MJ, MB, MÁM, ÓB, PS, SÁ, SB, SI, SÓÓ, SvG, ÁP, ÞK, AuA, AJ, BGr, BBen, BGuðm, DÓ, BF.

2 þm. (HV, IRH) fjarstaddir.

Brtt. 111,10—12 samþ. með 32 shlj. atkv.

— 118,15 felld með 32:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GeirG, GilsG, GíslG, LJós, AG, BJ, EðS, EOl.

nei: GuðlG, ÓL, GÞG, IngJ, JóhH, JÁ, JÞ, JP, JR, MJ, MB, MÁM, ÓB, PS, SÁ, SB, SI, SÓÓ, SvG, ÁP, ÞK, AuA, AJ, BGr, BBen, BGuðm, DÓ, EggÞ, EI, EmJ, FS, BF.

HÁ, HS, HB, HermJ, IG, JSk, KK, ÓlJ, PÞ, SE, SkG, ÞÞ, ÁÞ, ÁB, BFB, BP, EÁ, EystJ greiddu ekki atkv.

2 þm. (HV, IRH) fjarstaddir.

Brtt. 111,13 samþ. með 32 shlj. atkv.

— 129,1 samþ. með 34 shlj. atkv.

— 111,14—18, svo breytt, samþ. með 34 shlj. atkv.

— 129,2—3 samþ. með 33 shlj. atkv.

— 111,19—22 samþ. með 33 shlj. atkv.

13. gr., svo breytt, samþ. með 32 shlj. atkv.

Brtt. 111,23 samþ. með 31 shlj. atkv.

— 133,II,1 felld með 33:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: LJós, AG, BJ, EðS, EOl, GeirG, GilsG.

nei: JÞ, JP, JR, MJ, MB, MÁM, ÓB, PS, SÁ, SB, SI, SÓÓ, SvG, ÁP, ÞK, AuA, AJ, BGr, BBen, BGuðm, BP, DÓ, EggÞ, EI, EmJ, FS, GuðlG, ÓL, GÞG, IngJ, JóhH, JÁ, BF.

KK, ÓlJ, PÞ, SE, SkG, ÞÞ, ÁÞ, ÁB, BFB, EÁ,

EystJ, GíslG, HÁ, HS, HB, HermJ, IG, JSk greiddu ekki atkv.
2 þm. (IRH, HV) fjarstaddir.
Brtt. 133,II.2 felld með 31:6 atkv.
— 111,24—25 samþ. með 34 shlj. atkv.
— 133,II.3 felld með 29:7 atkv.
— 130,1—2 felld með 32:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: LJós, ÞÞ, AG, BJ, EÐS, EOl, GeirG, GilsG.
nei: JÞ, JP, JR, MJ, MB, MÁM, ÓB, PS, SÁ, SB, SI, SÓÓ, SvG, ÁP, ÞK, AuA, AJ, BGr, BBen, BGuðm, DÓ, EggÞ, EI, EmJ, FS, GuðlG, ÓL, GÞG, IngJ, JóhH, JÁ, BF.
KK, ÓlJ, PÞ, SE, SkG, ÁÞ, ÁB, BFB, BP, EÁ, EystJ, GíslG, HÁ, HS, HB, HermJ, IG, JSk greiddu ekki atkv.
2 þm. (IRH, HV) fjarstaddir.
Brtt. 111,26—31 samþ. með 35 shlj. atkv.
— 118,16 felld með 31:7 atkv.
— 111,32—33 samþ. með 35 shlj. atkv.
— 130,3 felld með 31:7 atkv.
— 111,34 samþ. með 34 shlj. atkv.
— 133,II.4.a felld með 30:7 atkv.
— 111,35 samþ. með 34 shlj. atkv.
— 133,II.4.b felld með 30:7 atkv.
— 111,36—39 samþ. með 37 shlj. atkv.
— 134,I tekin aftur.
— 130,4 tekin aftur.
— 111,40 samþ. með 31 shlj. atkv.
— 130,5—6 felld með 29:8 atkv.
— 111,41 samþ. með 34 shlj. atkv.
— 130,7 tekin aftur.
— 111,42—46 samþ. með 34 shlj. atkv.
— 118,17 felld með 30:8 atkv.
— 133,II.5 felld með 31:7 atkv.
— 111,47—48 samþ. með 31 shlj. atkv.
— 130,8 felld með 29:8 atkv.
14. gr., svo breytt, samþ. með 31 shlj. atkv.
Brtt. 111,49—54 samþ. með 31 shlj. atkv.
15. gr., svo breytt, samþ. með 31 shlj. atkv.
Brtt. 111,55—64 samþ. með 35 shlj. atkv.
— 118,18 tekin aftur.
— 111,65—66.a samþ. með 34:2 atkv.
— 118,19 felld með 30:8 atkv.
— 111,66.b samþ. með 32 shlj. atkv.
— 118,20—22 felld með 32:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: GeirG, GilsG, LJós, IRH, AG, BJ, EÐS, EOl.
nei: GuðlG, ÓL, GÞG, IngJ, JóhH, JÁ, JÞ, JP, JR, MJ, MB, MÁM, ÓB, PS, SÁ, SB, SI, SÓÓ, SvG, ÁP, ÞK, AuA, AJ, BGr, BBen, BGuðm, DÓ, EggÞ, EI, EmJ, FS, BF.
GíslG, HÁ, HS, HB, HermJ, IG, JSk, KK, ÓlJ, PÞ, SE, SkG, ÞÞ, ÁÞ, ÁB, BFB, BP, EÁ, EystJ greiddu ekki atkv.
1 þm. (HV) fjarstaddur.
Brtt. 111,67 samþ. með 32 shlj. atkv.
— 111,68 tekin aftur.
— 111,69—70 samþ. með 33 shlj. atkv.
16. gr., svo breytt, samþ. með 32 shlj. atkv.
Brtt. 129,4 samþ. með 34 shlj. atkv.
— 111,71 kom ekki til atkv.
— 134,II.1 tekin aftur.
— 111,72 samþ. með 32 shlj. atkv.
— 134,II.2 felld með 32:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: LJós, IRH, SE, ÞÞ, BJ, EÐS, EOl, GeirG, GilsG.
nei: IngJ, JóhH, JÁ, JÞ, JP, JR, MJ, MB, MÁM, ÓB, PS, SÁ, SB, SI, SÓÓ, SvG, ÁP, ÞK, AuA, AJ, BGr, BBen, BGuðm, DÓ, EggÞ, EI, EmJ, FS, GuðlG, ÓL, GÞG, BF.
HÁ, HS, HB, HermJ, IG, JSk, KK, ÓlJ, PÞ, SkG, ÁÞ, ÁB, BFB, BP, EÁ, EystJ, GíslG greiddu ekki atkv.
2 þm. (HV, AG) fjarstaddir.
Brtt. 133,III.1 tekin aftur.
— 133.III.2 felld með 32:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: LJós, IRH, BJ, EÐS, EOl, GeirG, GilsG.
nei: IngJ, JóhH, JÁ, JÞ, JP, JR, MJ, MB, MÁM, ÓB, PS, SÁ, SB, SI, SÓÓ, SvG, ÁP, ÞK, AuA, AJ, BGr, BBen, BGuðm, DÓ, EggÞ, EI, EmJ, FS, GuðlG, ÓL, GÞG, BF.
HÁ, HS, HB, HermJ, IG, JSk, KK, ÓlJ, PÞ, SE, SkG, ÞÞ, ÁÞ, ÁB, BFB, BP, EÁ, EystJ, GíslG greiddu ekki atkv.
2 þm. (HV, AG) fjarstaddir.
Brtt. 118,23—24 felld með 31:7 atkv.
— 111,73—76 samþ. með 34 shlj. atkv.
Brtt. 118,25.a felld með 32:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: LJós, IRH, BJ, EÐS, EOl, GeirG, GilsG.
nei: IngJ, JóhH, JÁ, JÞ, JP, JR, MJ. MB, MÁM, ÓB, PS, SÁ, SB, SI, SÓÓ, SvG, ÁP, ÞK, AuA, AJ, BGr, BBen, BGuðm, DÓ, EggÞ, EI, EmJ, FS, GuðlG, ÓL, GÞG, BF.
HÁ, HS, HB, HermJ, IG, JSk, KK, ÓlJ, PÞ, SE, SkG, ÞÞ, ÁÞ, ÁB, BFB, BP, EÁ, EystJ, GíslG greiddu ekki atkv.
2 þm. (HV, AG) fjarstaddir.
Brtt. 118,25.b felld með 31:7 atkv.
— 111,77 samþ. með 34 shlj. atkv.
17. gr., svo breytt, samþ. með 32 shlj. atkv.
18.—19. gr. samþ. með 32 shlj. atkv.
Brtt. 118,26 felld með 29:7 atkv.
— 118.27 felld með 32:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: KK, LJós, IRH, BJ, EÐS, EOl, GeirG, GilsG.
nei: MJ, MB, MÁM, ÓB, PS, SÁ, SB, SI, SÓÓ, SvG, ÁP, ÞK, AuA, AJ, BGr, BBen, BGuðm, DÓ, EggÞ, EI, EmJ, FS, GuðlG, ÓL, GÞG, IngJ, JóhH, JÁ, JÞ, JP, JR, BF.
ÓlJ, PÞ, SE, SkG, ÞÞ, ÁÞ, ÁB, BFB, BP, EÁ, EystJ, GíslG, HÁ, HS, HB, HermJ, JSk greiddu ekki atkv.
3 þm. (AG, HV, IG) fjarstaddir.
Brtt. 133,III.3 felld með 31:7 atkv.
— 118,28 tekin aftur.
— 118,29 felld með 31:10 atkv.
— 111,78 samþ. með 32:9 atkv.
— 111,79 tekin aftur.
20. gr., svo breytt, samþ. með 32 shlj. atkv.
21. gr. með þeim tölubreytingum, sem á eru orðnar við atkvgr. um aðrar greinar frv., samþ. með 31 shlj. atkv.
Brtt. 111.80—83 samþ. með 34 shlj. atkv.
— 118,30 tekin aftur.
— 134,III tekin aftur.
22. gr., svo breytt, samþ. með 31 shlj. atkv.
23.—24. gr. samþ. með 31 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.
Frv. visað til 3. umr. með 35 shlj. atkv.

Á 20. fundi í Sþ., 13. des., var frv. tekið til 3. umr. (A. 141, n. 151, 153, 159, 160, 164, 165).

Frsm. meiri hl. (Jón Árnason): Herra forseti. Fjvn. hefur á milli umr. haft til athugunar ýmis erindi og mál, sem voru ekki athuguð til fulls fyrir 2. umr. eða bárust svo seint, að þau gátu ekki komið til athugunar fyrir þá umr. Helzti málaflokkurinn, sem n. átti óafgreiddan, var um fjárveitingar vegna byggingarframkvæmda skólamannvirkja, sem eru í byggingu, og vegna nýrra framkvæmda við skólamannvirki. Auk þess er um að ræða afgreiðslu á ýmsum erindum, sem n. hefur nú afgr. og leyfir sér að flytja brtt. um á þskj. 153, 164, 166 og 175. Fulltrúar Framsfl. og Alþb. í fjvn. óska, að það sé tekið fram í sambandi við till. n., sem hún flytur sameiginlega, að um afgreiðslu þeirra vísi þeir til sama fyrirvara og þeir höfðu við 2. umr. málsins. Sérstakan fyrirvara hafa þeir látið bóka um till. um framlög til skólamannvirkja, og er hann á þessa leið:

„Varðandi skólamálin viljum við taka fram, að við erum samþykkir hækkun frá því, sem ákveðið var í frv., svo langt sem hún nær, en að öðru leyti stöndum við ekki að afgreiðslu þeirra."

Meiri hl. fjvn. flytur á þskj. 159 brtt. við tekjuhlið frv. Er þar lagt til, að niður falli farmiðaskattur, sem gert var ráð fyrir að næmi 25 millj. kr. Hins vegar er lagt til, að liðurinn: Hluti af umboðsþóknun og gengismismun gjaldeyrisbankanna hækki um 35 millj. kr. og nemi þá alls 66 millj. og 500 þús. kr. Samkv. þessum brtt. hækkar tekjuhlið frv. um 10 millj. kr.

Ég mun þá víkja að einstökum till. n. á þskj. 153, 164, 166 og 175 við gjaldahlið frv.

Á 7. gr. er gerð sú leiðrétting, að vextir af innlendum lánum skuli taldir 8 514 265 kr. í stað 7 978 100 kr. í frv. Þessi leiðrétting, sem nemur rúmum 536 þús. kr., hefur ekki áhrif á heildarniðurstöðutölur frv., því að hin rétta tala er í rekstraryfirliti.

Við 12. gr. er gerð ein brtt. á þskj. 166, vegna þess að fallið hefur niður við 2. umr. fjárveiting til byggingar sjúkrahúss á Sauðárkróki. Lagt er til, að til þess séu veittar 400 þús. kr.

Á 13. gr. A er lagt til að hækka styrk til að halda uppi byggð og gistingu handa ferðamönnum um 50 þús. kr. Er það vegna gistihússins í Bjarkarlundi á Barðaströnd.

Á 13. gr. F er lagt til að hækka launalið Skipaskoðunar ríkisins um 150 þús. kr. og ferðakostnað um 50 þús. kr. — Einnig er tekinn upp nýr liður: Til rekstrar sjómannaskóla í Vestmannaeyjum 225 þús. kr. Er hér um að ræða helming af rekstrarkostnaði skólans. Hinn helmingurinn er greiddur úr bæjarsjóði Vestmannaeyja, auk þess sem allt stofnframlag til skólans hefur verið greitt af Vestmannaeyjabæ.

Við 14. gr. A eru fyrst tillögur um fjárveitingar til skólabygginga og skólastjóraíbúða. Að þessu sinni hefur n. haldið þeirri reglu, sem gilt hefur undanfarið, varðandi allar framkvæmdir, sem byrjað hefur verið á. Hefur hún miðað tillögur sínar við 1/5 hluta af upphaflegri kostnaðaráætlun, síðan er þeim viðbótarhækkunum, sem átt hafa sér stað á tímabilinu síðan bygging var hafin, deilt niður á 3 ár. Varðandi sjónarmið meiri hl. fjvn. um nýjar byggingar skólahúsa og skólastjóraíbúða er það að segja, að í flestum tilfellum er lagt til, að teknar séu upp nokkrar fjárveitingar, sem fyrst og fremst ættu að nægja til þess að ljúka fullnaðarundirbúningi, svo sem teikningum og öðru þess háttar. Verði heildartillögur n. samþ., leiðir það til þess, að hækkun á fjárveitingum til barnaskólahúsa og skólastjóraíbúða nemur rúml. 706 þús. kr. og hækkun á fjárveitingum til gagnfræðaskóla 2 millj. 500 þús. kr.

Samkvæmt till. n. eru að þessu sinni fjárveitingar til 18 nýrra skólahúsa og skólastjóraíbúða, en auk þess er nú till. um viðbótarframlög til þeirra skólahúsa, sem áður hafa hlotið fjárveitingu, en framkvæmdir eru ekki hafnar við. Er því hér um 26 ný skólahús að ræða. Verði þessar till. n. samþ., hafa 7 þessara skólabygginga hlotið um helming áætlaðs framlags, ein skólabygging hefur þá hlotið um 3/5 hluta og 6 skólahús hafa þá hlotið 1/5 hluta af framlagi ríkissjóðs. Það er augljóst mál, að þessar fjárveitingar, sem hér um ræðir, eru í mörgum tilfellum svo riflegar, að þær ættu að tryggja, að skólahúsin verði byggð á skemmri tíma en ella.

Að þessu sinni er sá háttur hafður á um fjárveitingar til skólabygginga í kaupstöðum, sem hafa í byggingu fleiri en eitt skólahús á hvoru fræðslustigi, að framlög ríkisins til barna- og gagnfræðaskóla eru tekin í einu lagi. Er þetta gert til hagræðis fyrir bæjarfélögin, því að þau geta þá beint heildarfjármagninu til ákveðinna bygginga, sem að þeirra dómi eru mest aðkallandi hverju sinni.

Ég skal nú gera nokkurn samanburð á fjárveitingum til skólabygginga á valdatíma vinstri stjórnarinnar og nú.

Árið 1958, en það var síðasta árið, sem vinstri stjórnin sat að völdum, voru skólabyggingar sem hér segir: Styrkur til byggingar barnaskóla og íbúða fyrir skólastjóra nam samtals 9 millj. og 760 þús. kr., þar af til nýrra skólahúsa og skólastjórabústaða 1 millj. 333 þús. kr. Styrkur til byggingar gagnfræðaskóla og héraðsskóla var þá samtals 3 millj. 599 þús. kr., þar af til nýs gagnfræðaskóla 100 þús. kr. Auk þess voru veittar 2 millj. kr. sem stofnframlag vegna barnaskóla- og gagnfræðaskólabygginga, sem fullsmíðaðar voru árið 1954. Samtals voru því fjárveitingar til byggingar barna- og gagnfræðaskóla árið 1958 15 millj. 359 þús. kr.

Samkv. fjárlagafrv. nú, að viðbættum till. fjvn., eru fjárveitingar til barna- og gagnfræðaskóla samtals að upphæð 102 millj. 548 þús. kr. — Mismunur er því 87 millj. 189 þús. kr.

1958 var veittur styrkur til byggingar iðnskóla í Reykjavík 500 þús. kr. Samkvæmt fjárlagafrv., að viðbættum till. fjvn., er nú lagt til að veita til iðnskóla í Reykjavík, Hafnarfirði og Akureyri samtals 3 millj. 580 þús. kr.

Til byggingar húsmæðraskóla var veitt ½ millj. kr. árið 1958. Í fjárlagafrv. nú er lagt til að veita til sömu skóla 4 millj. og 600 þús. kr.

1958 voru veittar 1 millj. 375 þús. kr. til byggingar menntaskóla, nú samkv. fjárlagafrv. 10 millj. 367 þús. kr.

Til byggingarframkvæmda fyrir bændaskóla

voru 1958 veittar 252 þús. kr., en nú samkv. fjárlagafrv. 3 millj. 375 þús. kr.

Auk þeirra byggingarframkvæmda, sem hér hafa verið taldar upp, var veitt á 20. gr. fjárl. 1958 1 millj. 341 þús. kr. Hins vegar eru ótaldar skólaframkvæmdir samkv. 20. gr. fjárl. nú, að viðbættum till. fjvn., að upphæð 16 millj. 540 þús. kr.

Samtals var veitt til skólabygginga 1958 19 millj. 828 þús. kr., en samkv. fjárlagafrv. nú, að viðbættum till. fjvn., er lagt til að veita á næsta ári 141 millj. 511 þús. kr. til sömu framkvæmda. Mismunurinn er því 121 millj. 683 þús. kr. Með því að leggja til grundvallar hækkun byggingarkostnaðar samkv. upplýsingum hagstofunnar kemur í ljós, að raunveruleg hækkun nemur ekki lægri upphæð en 100 millj. kr.

Við 14. gr. A er enn fremur flutt till. um hækkun til Alþýðuskólans á Eiðum og héraðsskólanna á Núpi, Reykholti og Laugarvatni vegna of lágrar rekstraráætlunar í fjárlagafrv. — Lagt er til, að liðurinn: Til námskeiða fyrir gagnfræðaskólakennara hækki um 50 þús. kr. — Þá er lagt til að hækka fjárveitingu vegna viðhaldskostnaðar íþróttavalla hjá Íþróttakennaraskóla Íslands um 50 þús. kr. — Framlag til íþróttaskóla Sigurðar Greipssonar í Haukadal er lagt til að hækki um 19 þús. kr. — Lagt er til, að styrkur til Skáksambands Íslands hækki um 50 þús. kr. — Loks er lagt til, að við bætist nýr liður: Til rannsókna á félagslegum högum stúdenta 50 þús. kr.

Þá koma brtt. n. við 14. gr. B. Fyrst er till. um nýjan lið: Til náttúruverndarráðs, ferðakostnaður vegna sérstakra rannsókna 25 þús. kr. — Þá er lagt til, að styrkur til ritstarfa, útgáfustarfsemi o. fl. hækki um 100 þús. kr. Eru 50 þús. kr. af þeirri upphæð ætlaðar dr. Sigurði Jónssyni til rannsókna á sjávargróðri við strendur landsins, en sérstök brtt. um styrk til hans í því skyni felld niður. — Lagt er til, að liðurinn: Til skálda, rithöfunda og listamanna hækki um 300 þús. kr. Er það sem næst 10% hækkun. Enn fremur er hér till. um nýjan lið: Til endurbóta á húsi Biarna riddara Sívertsens (síðari greiðsla) 100 þús. kr.

Við 15. gr. er ein brtt., að liðurinn: Til kristilegrar æskulýðsstarfsemi hækki um 50 þús. kr.

Við 16. gr. A eru nokkrar brtt. Eins og venja er til hefur fjvn. skipt framlagi til fyrirhleðslna á einstakar framkvæmdir. Samkv. till. n. hækkar framlag til fyrirhleðslna um 45 þús. kr. — Næst er till. um framlag til sjóvarnargarðs á Stokkseyri, 100 þús. kr. — Lagt er til, að framlag til skógræktarfélaga hækki um 160 þús. kr. Verður það þá jafnhátt því, sem er á fjárl. yfirstandandi árs. — Lagt er til að hækka launalið Veiðimálaskrifstofunnar um 175 þús. kr., og er þá höfð í huga ráðning fiskifræðings við laxeldisstöðina í Kollafirði. — Að venju gerir fjvn. till. um skiptingu þess fjár, sem lagt er fram til byggingar húsmæðraskóla utan kaupstaða. — Loks er flutt við þennan lið 16. gr. till. um nýjan lið: Til landþurrkunar í Eyjum í Út-Hjaltastaðaþinghá 50 þús. kr.

Við 16. gr. B er till. um, að launaliður fiskmatsins hækki um 100 þús. kr. Er það sökum þess, að á s. l. sumri voru ákveðnar breytingar á mati skreiðar fyrir Ítalíumarkað. Einnig er lagt til, að ferðakostnaður matsmanna hækki um 50 þús. kr. — Þá er till. um nýjan lið: Verðlagsráð sjávarútvegsins 1 millj. kr. Samkvæmt lögum nr. 60 frá 1964 skal kostnaður við verðlagsráð sjávarútvegsins greiddur úr ríkissjóði frá 1. jan. 1966.

Við 16. gr. C er flutt till. um 150 þús. kr. hækkun á framlagi til byggingar iðnskóla á Akureyri.

Við 16. gr. E er fyrst till. um að hækka launalið Hafrannsóknastofnunarinnar um 125 þús. kr. — Einnig er lagt til að hækka framlag til rannsóknaráðs ríkisins um 200 þús. kr. vegna aukins kostnaðar. — Af sömu ástæðu er lagt til að hækka framlag til Verzlunarskóla Íslands um 200 þús. kr. og til Samvinnuskólans um 100 þús. kr.

Við 17. gr. eru fluttar nokkrar brtt. Lagt er til, að framlag til bjargráðasjóðs hækki um helming, verði 1 millj. 950 þús. kr. Er það í samræmi við ákvæði nýrra laga. — Lagt er til, að liðurinn: Til vatnsveitna samkv. lögum hækki um 200 þús. kr. — Enn fremur eru hér þrír nýir liðir: Til vatnsveitu í Staðarsveit 40 þús. kr. Til borunar eftir neyzluvatni á Eyrarbakka 50 þús. kr. Til vatnsveitu vegna Borga í Hornafirði 20 þús. kr. — Lagt er til. að styrkur til Alþýðusambands Íslands hækki um 50 þús. kr. — Einnig er lagt til, að styrkur til starfskvennaskóla Barnavinafélagsins Sumargjafar hækki um 35 þús. kr. — Nýir liðir eru um byggingarstyrk til dagheimilis á Selfossi, 75 þús. kr. og til sjúkraflugs í Árneshreppi 25 þús. kr. — Loks er till. um hækkun á styrk til Ungmennafélags Íslands um 50 þús. kr. og til Æskulýðssambands Íslands um 30 þús. kr.

Við 18. gr. eru að venju nokkrar brtt. Í fyrsta lagi eru till. um niðurfellingu á styrk til þeirra, sem látizt hafa, frá því að fjárlagafrv. var samið. Í öðru lagi eru till. um breyt. á styrkjum og nýja styrki, sem n. leggur til að samþ. verði. Ekki eru teknir upp styrkir til þeirra, sem að einhverju leyti hafa lífeyrisréttindi umfram ellilífeyri almannatrygginga. Hins vegar hefur n. beitt sér fyrir því, að þeir aðilar, sem að opinberum störfum hafa unnið og njóta aðeins óverulegra bóta úr lífevrissjóði, fái hækkað framlag úr viðkomandi sjóði. Hefur þá viðkomandi ráðuneyti stutt þá framkvæmd.

Við 19. gr. er brtt. um að hækka 7. lið gr., hækkun útgjalda vegna launahækkana, um 7 millj kr.

Við 20. gr. eru þrjár brtt. Lagt er til að hækka fjárveitingu til Íþróttakennaraskóla Íslands um 440 þús. kr. Ætti með því að vera kleift að gera heimavistarhús skólans fokhelt á næsta ári. — Lagt er til, að liðurinn: Til bygginga á prestssetrum hækki um 300 þús. kr. — Loks er till. um nýjan lið: Til byggingar jarðskjálftamælingarstöðvar á Akureyri 215 þús. kr.

Við 22. gr. eru nokkrar brtt. Lagt er til að heimila ríkissjóði að endurgreiða aðflutningsgjöld og söluskatt af vísindatækjum, sem Eðlisfræðistofnun háskólans á kost á frá bandarískum vísindastofnunum. — Einnig er lagt til að heimila endurgreiðslu aðflutningsgjalda til Rafveitu Siglufjarðar, Rafveitu Ísafjarðar og Rafveitu Snæfjallahrepps. Verður slíkt að teljast

eðlilegt, þar sem í lögum um Landsvirkjun segir, að hún skuli undanþegin aðflutningsgjöldum. — Þá er heimiluð endurgreiðsla á aðflutningsgjöldum af vélum til niðursuðu sjávarafurða til útflutnings fyrir K. Jónsson & Co., Akureyri, og Niðursuðu- og hraðfrystihús Langeyrar. Er hér um sömu fyrirgreiðslu að ræða og samþ. var til handa niðursuðuverksmiðjunni Norðurstjörnunni í Hafnarfirði. — Enn fremur er lagt til, að samþ. verði eftirtaldar heimildir: Að endurgreiða aðflutningsgjöld af kvikmyndasýningarvélum fyrir samkomuhús í kauptúnum með innan við 600 íbúa, þó ekki nema einni vélasamstæðu á hverjum stað. — Að taka allt að 4 millj. kr. lán handa jarðhitasjóði. — Að ábyrgjast fyrir h/f Fylki, Reykjavík, allt að 200 þús. sterlingspunda lán. Er það til kaupa á nýjum skuttogara. — Að ábyrgjast allt að 60 millj. kr. lán til byggingar og endurbóta á síldarverksmiðjum, síldarflutningaskipum og síldarumhleðslustöðvum. — Að ábyrgjast allt að 1 millj. kr. lán fyrir „Icelandic Arts and Crafts", enda hafi hlutafjárloforð verið greidd að fullu. — Að ábyrgjast allt að 3 millj. kr. lán fyrir Umferðarmiðstöðina í Reykjavík. — Að ábyrgjast allt að 1 millj. kr. lán fyrir h/f Skallagrím í Borgarnesi vegna flokkunarviðgerðar Akraborgar. — Að selja sýslumannsbústaðinn á Eskifirði ásamt tilheyrandi lóðarréttindum. — Að leyfa Innkaupastofnun ríkisins að selja Landgræðslusjóði húseignina Ránargötu 18, Reykjavík, ásamt tilheyrandi lóðarréttindum.

Verði þessar till. fjvn. og meiri hl. n., sem ég hef nú lýst, ásamt brtt. samvn. samgm., sem hún hefur borið fram og frsm. hennar mun gera grein fyrir, — verði þessar brtt. allar samþ., hafa þær í för með sér, að niðurstöðutölur fjárlagafrv. hækka um 10 millj. kr. og hagstæður greiðslujöfnuður verður 1 573 607 kr.

Herra forseti. Ég hef þá lokið máli mínu og vænti, að þessar brtt., sem ég hef nú lýst, hljóti samþykki og fjárlagafrv. þannig breytt verði samþykkt.

Frsm. 1. minni hl. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Eins og hv. frsm. meiri hl. fjvn. tók fram í ræðu sinni hér áðan, gerðum við fulltrúar Framsfl. grein fyrir afstöðu okkar til þeirra till., sem bornar eru fram í umboði n. við þessa umr., og vísuðum þá til fyrirvara þess, sem við höfðum við 2. umr. þessa máls á hv. Alþ., en hann var svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Fulltrúar Framsfl. og Alþb. vilja taka fram, að brtt. þær, sem fluttar eru í nafni n., njóta ekki allar stuðnings þeirra. Áskilja þeir sér rétt til þess að flytja eða fylgja brtt., sem fram kunna að koma við þær eða einstaka liði frv."

Þetta er hinn almenni fyrirvari, sem við höfum í sambandi við till. þær, sem fluttar eru af n. í heild á þskj. 153 og fleiri þskj. En til viðbótar þessu létum við bóka sérstakan fyrirvara um afgreiðslu okkar á till. vegna framkvæmda í skólum, og er sá fyrirvari svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Í sambandi við till. fjvn. í heild vísum við til fyrirvara okkar við 2. umr. málsins, en varðandi skólamálin viljum við taka fram, að við erum samþykkir hækkun frá því, sem ákveðið var í frv., svo langt sem hún nær. En að öðru leyti stöndum við ekki að afgreiðslu þeirra."

Þetta vildi ég undirstrika, þó að það kæmi fram í framsöguræðu hv. formanns fjvn. Um till. vil ég svo segja það, að hér eru að vísu litlar breytingar frá því, sem var við 2. umr. frv., en þó þokaði nokkrum málum áleiðis, sem við bentum sérstaklega á við 2. umr. fjárlagafrv., að hart væru leikin. Vil ég í því sambandi vekja athygli á því, að hækkuð var fjárveiting til íþróttakennaraskólans að Laugarvatni. Að vísu er það of lág fjárveiting, en þó kom það fram í ræðu frsm. meiri hl. fjvn., að gert er ráð fyrir, að skólinn verði aðstoðaður við að gera hús sitt fokhelt á næsta ári. Það var það takmark, sem skólastjóri og forráðamenn skólans, skólanefnd, stefndu að, og fjárbeiðni þeirra var við það miðuð, að það mætti takast. Það er að vísu ljóst, að það tekst ekki með þessari fjárveitingu, en það verður að vona, að þeir verði aðstoðaðir með annarri fyrirgreiðslu til þess að ná því nauðsynlega takmarki að koma byggingu áleiðis, því að verðmæti liggja undir skemmdum þar eystra vegna þess aðgerðaleysis, sem átt hefur sér stað í þessum málum, og er vel, að hv. meiri hl. sér sig þó um hönd og réttir þessu máli a. m. k. litla fingurinn.

Sama er að segja um jarðhitasjóðinn. Við bentum á það hér við 2. umr. málsins, að sú stofnun væri lítt starfhæf á næsta ári, ef ekki yrði aukin fjárhagsleg aðstoð við sjóðinn. Það er nú gert með till. n., þar sem útvega á sjóðnum fé að láni, til þess að hann geti sinnt borunum að einhverju leyti á árinu 1966, sem hann hefði ekki getað með þeirri afgreiðslu, sem útlit var fyrir við 2. umr. málsins hér.

Í þriðja lagi er nú tekin upp sú till. um fjárveitingu til rannsókna á félagslegum högum stúdenta. Við bentum einnig á það hér við 2. umr., að háskólarektor hefði á fundi í fjvn. sýnt fram á það með rökum, að hér væri á ferðinni nauðsynjamál, sem fjárveitingu þyrfti til. N. hefur séð ástæðu til að sinna þessu máli, þótt í litlu væri, og er það vel, þegar svo er gert.

Við 2. umr. fjárlfrv. gerðum við fulltrúar Framsfl. í fjvn. grein fyrir afstöðu flokksins í nál. okkar, og við umr. málsins var gerð ýtarleg grein fyrir afstöðu flokksins og sýnt fram á það, hvernig fjármálum ríkissjóðs er nú komið. Það, sem hefur gerzt síðan, er í raun og veru ekki annað en að staðfesta það, sem við þá sýndum fram á.

Ýmislegt hefur skýrzt, eins og það, að skattur sá, sem gert var ráð fyrir að á yrði lagður, farmiðaskatturinn, sem við bentum á að væri orðinn feimnismál hjá hæstv. ríkisstj., á nú að falla niður, áður en hann sér dagsins ljós. Nú er fjvn. búin að leggja það til, að sá liður verði felldur niður á fjárlagafrv., en upp verði tekinn annar liður, sem er ½% skattur á seldan gjaldeyri. Það má segja um þetta mál, að hæstv. ríkisstj. hefði átt að taka þá ráðleggingu, sem hv. 11. þm. Reykv. gaf henni hér við umr. um gjaldeyrisskattinn, að leita eftir því að draga úr útgjöldum ríkissjóðs, svo að það hefði verið óþarft að leggja á þennan 35 millj. kr. skatt. Það hefði verið vel, ef hæstv. ríkisstj. hefði tekið þá leiðbeiningu eins og hún tók leiðbeiningunni um

það, að farmiðaskatturinn væri lítt framkvæmanlegur og í alla staði óhæfur á að leggja. Ég vildi enn vona, að hæstv. ríkisstj. sæi að sér og félli einnig frá till. sinni um gjaldeyrisskattinn og reyndi að leita eftir sparnaði í ríkisrekstrinum, sem næmi 35 millj. kr., og væri það sízt til of mikils mælzt af þeim, sem búnir eru að stilla upp sparnaðarfyrirheitum upp á nokkra tugi, eins og stjórnarsinnar gerðu hér á árunum eftir 1960. Þau fyrirheit munu hafa verið eitthvað 50—60 talsins. Það hefði mátt með framkvæmd á þeim finna þessar 35 millj. kr., sem gjaldeyrisskattinum er ætlað að gefa. Hins vegar má segja, að hér sé verið að byrja á gengisfalli eða nýju yfirfærslugjaldi, sem verður sennilega sú leið, sem hæstv. ríkisstj. fer næst í fjárhagsvandræðum sínum.

Í sambandi við það, sem fram kom í ræðu hv. frsm. meiri hl. fjvn., formanns n., hv. 4. þm. Vesturl., þegar hann ræddi hér um skólamálin, vil ég minna á það, sem ég skýrði frá við 2. umr. fjárlagafrv. hér á hv. Alþ. um hlutfallið milli verklegra framkvæmda á fjárl. 1958 og fjárlfrv. því, sem við nú fjöllum um. Ég sýndi fram á það, að á fjárlfrv. 1958 var varið til uppbyggingar í skólum, sjúkrahúsum, höfnum, flugmálum, raforkumálum og til samgangna á sjó og landi 18.5% af heildarútgjöldum fjárl., en á því fjárl.-frv., sem við erum að afgreiða nú, ræða hér við 3. umr., er varið 5.5—6%. Þetta sýnir þá þróun, sem hefur orðið í fjármálum ríkisins til uppbyggingar eða til verklegra framkvæmda í landinu, og er það gott sýnishorn af stefnu hæstv. ríkisstj. í fjármálum ríkisins og hvernig þróunin hefur verið, þar sem rekstrarkostnaðurinn og dýrtíðin hafa gleypt aukin útgjöld ríkissjóðs.

Í sambandi við framkvæmd á till. um skólamál að þessu sinni er nú tekinn upp nokkuð nýr háttur. Með l. frá 1955 var ákveðið að greiða skólakostnað á 5 árum, þar með talið fjárlagaárið, sem Alþ. samþykkti fyrstu fjárveitingu, og þá gert ráð fyrir því, að skólaframkvæmdin hefðist á því ári. Það hefur svo komið í ljós, síðan farið var að framkvæma þessi lög, að þær áætlanir, sem við var miðað í upphafi, reyndust ekki eins góðar og að var stefnt og vonazt var eftir. Þess vegna hefur kostnaðurinn farið fram úr áætlun. Þessu hefur verið mætt með því að taka inn leiðréttar áætlanir, þegar það hefur sýnt sig, að byggingin hefur verið miklu dýrari en upphaflega var reiknað með, meðfram vegna þess, að undirbúningi var ekki svo vel fyrir komið sem til var ætlazt, og svo vegna verðhækkana. Það hefur verið keppt að því á hinum síðari árum að halda þessari reglu nokkuð vel og leiðrétta á hverju ári nokkrar tilteknar skólaframkvæmdir, þær sem talið var, að harðast væru leiknar vegna rangrar áætlunar. Með þessu móti hefur tekizt að halda framkvæmdunum áfram og koma verkum áleiðis, jafnvel þótt upphafleg áætlun þeirra hefði ekki verið svo vel undirbúin sem skyldi. Með reglugerð, sem sett var 1954, var í fyrsta sinn tekinn upp sá háttur að stöðva framkvæmdir, sem Alþ. hafði samþykkt. Var þá sett inn í þá reglugerð, að ekki mætti hefja framkvæmd fyrr en hún hefði fengið fjárveitingu, sem næmi 1/5 af kostnaði. Þetta varð til þess, að nokkrar framkvæmdir, sem samþ. höfðu verið við fjárlagaafgreiðslu fyrir það ár, voru þá stöðvaðar, og framhaldið var svo það, að á árinu 1965 voru gefin út brbl., sem voru raunverulega um nýja skipan á þessum málum, enda hafði þá ríkisstj. skorið niður 20% af fjárveitingum til skólanna. Við fjárlagaafgreiðslu 1965 var keppt að því nokkuð verulega, að skólar fengju 20% af þeirri áætlun, sem við var miðað, en með því að skera aftur niður 20% af þeirri fjárveitingu, var kominn möguleiki til þess að stöðva allar nýjar skólabyggingar á árinu 1965, eins og gert var.

Þegar fjárlagafrv. fyrir árið 1966 var lagt hér fyrir, kom það í ljós, að gert var ráð fyrir því að halda þessum niðurskurði eins og hann var gerður á yfirstandandi ári. Það þýddi, að reglan um 20% framlag árlega var þar með brotin. Nú hefur það orðið niðurstaða meiri hl. fjvn. og hæstv. ríkisstj. að afgreiða þetta mál á þann veg að láta þá skóla, sem voru á framkvæmdaáætlun, eins og það er orðað, 1965, halda 20% framlagi á næsta ári. Jafnframt hefur því verið yfirlýst af hæstv. menntmrh., að þeir skólar, sem fengu að láni þau 20%, sem átti að skera niður árið 1965, þurfi ekki að endurgreiða þau á árinu 1966. Þar með munu þeir halda sínu framlagi á árunum 1965 og 1966. Hins vegar er nú engin leiðrétting gerð til þeirra skóla, sem eru byggðir samkv. mjög rangri áætlun og allt of lágri. Með þessu fjárlfrv. er engin slík leiðrétting gerð, eins og gert hefur verið undanfarin ár, svo að þeir verða nú að búa við þá skertu fjárveitingu, sem þeir hafa raunverulega vegna rangrar áætlunar, þó að úr hinu sé bætt, eins og ég hef þegar tekið fram. En þetta er gert með því gagnvart öðrum skólum, sem nú er búið að taka inn á fjárveitingar, að í staðinn fyrir að leiðrétta þeirra áætlun á næsta ári á eftir, eins og fylgt hefur verið fram til þessa, er nú fjárveiting til þeirra víða lækkuð og það jafnframt tekið fram, að ekki sé gert ráð fyrir því, að þeir hefji framkvæmdir á næsta ári, enda er það nú tekið fram á fjárl., að það sé háð ákvörðun menntmrh. um byrjunarframkvæmdir og þeim skilyrðum, sem það ráðuneyti setur um það, að framkvæmdir megi hefjast. Á þennan hátt var hægt að halda ⅛ hluta til þeirra skólabygginga, sem voru í framkvæmd á yfirstandandi ári, og nokkurra annarra skóla, sem telja verður líklegt að hefji framkvæmdir á þessu ári. En með því móti eru jafnhliða lækkaðar fjárveitingar til annarra skóla eða haldið sömu fjárveitingum, þó að vitað væri, að þær væru allt of lágar, og það þýðir, að um 20 skólaframkvæmdir af þeim, sem Alþ. hefur afgreitt undanfarin ár, munu ekki hefjast á næsta ári.

Þá er nú í fyrsta sinn tekin upp sú regla, að þeir nýju skólar, sem fá fjárveitingu á þessu fjárlagafrv., fá aðeins viðurkenningu á því að vera nefndir á blaði, en fjárveitingin er við það miðuð, að þeir geti ekki hafið framkvæmdir. enda þurfa þeir samþykki rn. fyrir því, og í öðru lagi, að þeir komast ekki með þessari samþykkt undir l. nr. 41 frá 1955 um 5 ára regluna. Það þýðir, að með afgreiðslunni 1966 er 5 ára tímabilið ekki hafið í sögu þessara skóla, heldur eru nöfn þeirra nefnd hér á fjárl. næsta árs, án þess að það segi annað en þeir megi vinna að

undirbúningi og eigi frekar von en aðrir skólar á fjárveitingu til framkvæmda. En þó er það að athuga, að um 20 skólabyggingar munu vera á undan þeim í þessari röð.

Þetta er afgreiðslan á skólamálunum hjá hæstv. ríkisstj. núna, og við 2. umr. gerði ég grein fyrir þessum málum, svo að ég þarf litlu við að bæta, en tel, að það sé ekki ástæða til að lýsa sérstakri ánægju sinni yfir þessari afgreiðslu, þegar fjárveiting til nýbygginga skóla verður minni á árinu 1966 heldur en hún átti að vera á árinu 1965, á sama tíma sem verðlag hækkar allt í landinu, fólkinu fjölgar ár frá ári og kröfur um fleiri skóla, betri skóla verða síháværari. Þetta hélt ég, að hæstv. ríkisstj. mundi ekki telja sér sérstaklega til ágætis, og ég veit, að hún gerir það ekki, þó að hér sé reynt að bera í bætifláka um þessa framkvæmd, sem ég hef hér verið að lýsa.

Ég vil svo, áður en ég lýk máli mínu, undirstrika það, sem ég tók fram við 2. umr. fjárlfrv., að við fluttum þá ekki nema eina brtt., sem var um það, að staðið yrði við þau fyrirheit, sem ríkisstj. var búin að semja um við stjórnarandstæðinga sína, að á fjárl. íslenzka ríkisins yrði aldrei lægri tala til vegamála en 47 millj. kr. Það hefur nú skeð gegn von minni, að hæstv. stjórnarflokkar hafa fellt við atkvgr. hér á hv. Alþ. þessa till. okkar. Þessi afgreiðsla hv. stjórnarsinna hlýtur að verða til þess, að samkomulag á milli ríkisstj. annars vegar og stjórnarandstöðunnar hins vegar verður síður gert hér eftir en hingað til. Við stjórnarandstæðingar lögðum þessu vegamáli mikið lið í þeirri góðu trú, að við værum að afgreiða gott mál og mundum með því geta komið vegamálunum, samgöngumálunum á landi í betra horf en áður hefur verið. Nú hefur hins vegar verið svo að farið, að það er búið að fella fjárveitinguna algerlega niður af fjárl. íslenzka ríkisins, og er nú til þess að bæta það upp verið að nota þá möguleika, sem bæði stjórnarandstæðingar og stjórnarsinnar vissu að voru til að auka fé til vegagerðar í landinu. Nú er verið að nota hækkun á sköttunum til þess að bæta það upp, að ríkissjóður hefur fellt þessa fjárveitingu algerlega niður.

Ég benti á það hér við 2. umr., að öðruvísi var að farið í des. s. l. ár, þegar deilur komu upp á milli forustumanna Alþýðusambands Íslands og hæstv. forsrh. út af minnisatriði í sambandi við heimild ríkisins til að ná í nýjan tekjustofn vegna greiðslu á verðlagsvísitölu á árinu 1964. Hæstv. forsrh. vildi, fyrst menn voru ekki á eitt sáttir með þann skilning á því samkomulagi, heldur leggja það til, að samkomulagið væri haldið út í æsar, þótt það kostaði ríkissjóð 60—70 millj., eins og það kostaði að lækka söluskattinn. Það lagði hann til og fékk samþykkt, til þess að menn gætu ekki haldið því fram, að svik væru í tafli. Hins vegar hefur í sambandi við vegamálin, þó að það sé búið að margsanna það hér á hv. Alþ., að hæstv. samgmrh. lagði á það ríka áherzlu, að þetta yrði aldrei fellt niður, og hefur verið margvitnað í ræðu hans þar um, þá hafa hv. stjórnarsinnar ekki séð ástæðu til að halda það samkomulag, og mun það eiga eftir að segja til sín síðar. Ég harma það mjög, að svo skyldi fara, og harma það mjög, að þegar þannig er að málum unnið hér á hv. Alþ., að ríkisstj. og stjórnarandstaðan sameinast um mál í góðri trú, skuli stjórnarandstöðunni vera svarað að nokkrum tíma liðnum á þann hátt, sem hér hefur verið gert. Þetta tel ég eitt mesta slys við þessa fjárlagaafgreiðslu og vonast til þess, að hér á hv. Alþ. eigi ekki slíkt eftir að endurtaka sig, að hæstv. ríkisstj. virði ekki það, sem hún gerir samkomulag um við stjórnarandstöðuna og ráðh. sá, sem fyrir málinu talar, marglýsir yfir, eins og hæstv. samgmrh. gerði hér í des. 1963. Það verður ekki til þess, að stjórnarandstaðan vilji standa að því, þó að um góð mál sé, að fela þessari ríkisstj. framkvæmd þeirra. Það hefur sýnt sig, hvernig hún tekst.

Ég vil svo enn undirstrika það, að við munum ekki við þessa umr. fjárl. frekar en við 2. umr. flytja hér brtt. nema þessa einu, sem við þá töldum svo sjálfsagða, að við gerðum ráð fyrir að samþykkt yrði.

Ég endurtek, að ástæðan fyrir þessari afstöðu okkar er ekki sú, að til nauðsynlegra framkvæmda sé varið fullnægjandi fé á fjárlfrv. þessu, nema síður sé. Ég vil líka leggja áherzlu á það, að í þessu fjárlfrv. er ekki gerð ein einasta tilraun til sparnaðar eða að draga úr rekstrarútgjöldum ríkissjóðs. Það, sem ræður ferðinni við þessa fjárlagaafgreiðslu, er verðbólgan og aukinn rekstrarkostnaður. Þess vegna er svo komið, að með verðbólgustefnu hæstv. ríkisstj. er ekki orðið rúm fyrir nauðsynlegustu og sjálfsögðustu framfaramál. Fjárlfrv. verður ekki breytt með einstökum brtt., eins og við tókum réttilega fram við 2. umr., og þess vegna reynum við ekki að þoka þar um með þeim. Það er aðeins stefnubreyting, stefnubreyting ein, sem getur ráðið um fjárlagaafgreiðsluna, breytt henni frá því, sem nú er, — stefnubreyting, þar sem horfið er frá þeirri ofsköttun, sem hæstv. ríkisstj. heldur uppi með háum aðflutningsgjöldum, háum eignarskatti, tekjuskatti og svo að segja með skatti í hverju máli, sem hún ber hér fram, — stefnubreyting, sem fólgin er í því að stjórna fjárfestingunni, en láta ekki þá, sem fjármagninu ráða, stjórna í landinu, eins og nú á sér stað. Okkur er það ljóst, að þessi stefnubreyting kemst ekki í framkvæmd, nema ný ríkisstjórn komi að völdum hér á landi.

Einkenni á afgreiðslu þessa fjárlfrv., sem hér er til 3. umr., er, að það er ekki tekið á vandanum, verkefnin eru látin bíða lausnar framtíðarinnar. Framtíðin á að leysa verkefnin, sem nútíminn getur ekki leyst, þrátt fyrir það að góðæri sé meira í landinu en verið hefur nokkru sinni fyrr. Það er af því, að í landinu ríkir stjórnleysi, en ríkisstj. hefur ekki vald á málunum.

Frsm. samvn. samgm. (Sigurður Bjarnason): Herra forseti. Samgmn. beggja þd. hafa skv. venju gengið saman í eina n., samvn. samgm., um undirbúning og gerð tillagna um framlög ríkissjóðs til flóabáta og vöruflutninga. Hefur n. haft samvinnu við forstjóra Skipaútgerðar ríkisins um þetta starf, en hann hefur leitað nauðsynlegra upplýsinga um rekstur og afkomu bátanna á árinu.

Töluvert brestur á það, að nægilega glöggar upplýsingar séu fyrir hendi á hausti hverju, þegar byrjað er að fjalla um þessi mál. Hefur n. af því tilefni lagt fyrir forstjóra Skipaútgerðarinnar að tilkynna öllum aðstandendum flóabáta það, að ef þeir leggi ekki fram glöggar og skilgóðar upplýsingar um rekstur fyrirtækja sinna á þeim tíma, sem nauðsyn ber til, fyrir þá aðila, sem um styrkveitingarnar eiga að fjalla, þá geti þessir aðilar átt það á hættu, að felldir verði niður styrkir til þeirra. Það ætti sannast sagna ekki að vera ofverk neins, sem fær milljónaframlög úr ríkissjóði, að leggja fram sæmilegar upplýsingar um það, hvernig rekstur fyrirtækjanna hafi gengið. En eins og ég sagði, þá hefur mjög verulega brostið á þetta, og þarf breyting á að verða í þessum efnum.

Það hefur töluverð hækkun orðið á rekstrarkostnaði flóabátanna á yfirstandandi ári, og afkoma þeirra er þess vegna mjög léleg. N. hefur því ekki komizt hjá að gera tillögur um verulegar hækkanir á framlögum til einstakra flóabáta. Þó eru þessar hækkanir allmiklu minni en þær urðu síðast, þegar fjárl. voru afgr., en þá hækkuðu framlög til flóabáta og flutningastyrkja samtals um 1.7 millj. kr. Nú er skv. till. samvn. gert ráð fyrir, að framlög í þessu skyni hækki um 740 þús. kr.

Um rekstur og afkomu hinna einstöku flóabáta vil ég f. h. samvn. taka eftirfarandi fram:

Ber þá fyrst að nefna Norðurlandssamgöngur. Afkoma Norðurlandsbátsins Drangs hefur verið mjög slæm á árinu, og er í rekstraráætlun bátsins fyrir næsta ár reiknað með 20% tekjurýrnun. Kemur þar fyrst og fremst til greina töluverð breyting á verkefnum bátsins vegna opnunar nýs vegasambands við Ólafsfjörð. N. hefur því ekki talið fært annað en að leggja til nokkra hækkun á styrk til Norðurlandsbáts og leggur til, að styrkur til hans hækki um 150 þús. kr. í 1350 þús. kr. samtals.

Þá er gert ráð fyrir, að framlag til Strandabáts lækki úr 190 þús. kr. í 60 þús. kr. Sprettur þessi breyting fyrst og fremst af því, að akvegasamband hefur nú skapazt í Árneshrepp, þannig að ráðamenn þess byggðarlags telja ekki þörf á því að halda uppi flóabátaferðum að sumarlagi, eins og gert hefur verið um fjöldamörg undanfarin ár. Þeir sóttu því aðeins um smávægilega styrkupphæð, 60 þús. kr., til þess að unnt væri að grípa til bátsferða, ef snjóar hindruðu ferðir um landleiðina fram eftir vori eða jafnvel fram á sumar.

Undanfarið hefur verið unnið að því að koma á flugsamgöngum norður í þessa afskekktu byggð. Var í fyrsta skipti í fyrra veittur nokkur styrkur, 25 þús. kr., til þess að halda uppi flugferðum að Gjögri. Flytur fjvn. skv. ósk okkar Vestfjarðaþm. einnig till. um, að sama styrkupphæð verði veitt í þessu skyni á fjárl. næsta árs.

Framlag til Haganesvíkurbáts er óbreytt, en styrkur til Hríseyjarbáts er hækkaður um 10 þús. kr. Þá er skv. ósk þm. Norðurlandskjördæmis eystra hækkað framlag til Grímseyjarflugs um 15 þús. kr., upp í 50 þús. kr. Rekstrarstyrkur til Flateyjarbáts á Skjálfanda er óbreyttur, en bátnum hins vegar veittur 30 þús. kr. viðbótarstyrkur vegna vélarkaupa.

Um Austfjarðasamgöngur er það að segja, að á þeim hafa litlar breytingar orðið. Lagt er til, að styrkur til Mjóafjarðarbáta hækki um 5 þús. kr., en styrkur til Loðmundarfjarðarbáts verði óbreyttur. Styrkur til hins síðarnefnda er þó bundinn því skilyrði, að nýr aðili fáist til þess að annast ferðirnar.

Þá er lagt til, að framlag til snjóbifreiðar á Austfjörðum verði hækkað úr 50 þús. kr. í 100 þús. kr., en bæjarstjórn Seyðisfjarðar hefur lagt mjög mikla áherzlu á, að þessar ferðir yrðu studdar í ríkari mæli en áður. Þessi snjóbifreið heldur uppi ferðum frá Seyðisfirði um Fjarðarheiði á Hérað.

Suðurlandssamgöngur: Þar leggur n. til, að framlag til vöruflutninga í Vestur-Skaftafellssýslu hækki um 50 þús. kr. og til vöruflutninga til Öræfa um 15 þús. kr. Loks er lagt til, að styrkur til Vestmannaeyjabáts vegna mjólkurflutninga hækki um 25 þús. kr.

Er þá komið að Faxaflóasamgöngum. H/f Skallagrímur í Borgarnesi fékk á þessu ári 1600 þús. kr. í rekstrarstyrk að viðbættri 100 þús. kr. fjárveitingu vegna viðgerðar, sem veitt var á heimildagrein fjárl., eða samtals 1700 þús. kr. í styrk á þessu ári. Nú hefur rekstur fyrirtækisins gengið svo hörmulega og hann kominn í slíkt óefni, að stjórn Skallagríms sótti um, að rekstrarstyrkur til skipsins yrði hækkaður upp í 2 millj. og 650 þús. kr., eða um 950 þús. kr. Samvn. taldi ekki viðráðanlegt að ráða fram úr þessu máli með þeim hætti, sem stjórn Skallagríms óskaði. Virðist hallareksturinn orðinn svo hrikalegur á bátnum, að lítt viðráðanlegt virðist. Lagði n. þó til, að styrkur til hans yrði hækkaður um 200 þús. kr., þannig að Skallagrímur fengi samtals 1900 þús. kr. styrk, þar af 1600 þús. í rekstrarstyrk og vegna viðgerðar, sem fram fór á árinu, 300 þús. kr.

Enn fremur flytur hv. fjvn. brtt. við 22. gr. fjárl., þar sem hún leggur til, að ríkisstj. verði heimilað að ábyrgjast 1 millj. kr. lán, sem Skallagrímur tæki vegna flokkunarviðgerðar, sem fram fór á skipinu.

Um Breiðafjarðarsamgöngur er það að segja, að þær eru með svipuðum hætti og áður. Það er lagt til, að styrkur til Stykkishólmsbáts hækki um 150 þús. kr., en gert er ráð fyrir, að hinn nýi Stykkishólmsbátur, sem hefur verið í smíðum undanfarið, hefji ferðir í byrjun næsta árs, sennilega í janúar eða byrjun febrúar.

Þá er lagt til, að styrkur til Langeyjarnesbáts hækki um 20 þús. kr., enda bæti hann þá þjónustu sína við eyjar á sunnanverðum Breiðafirði og hafi m. a. viðkomu í eyjunum Brokey og Öxney.

Nýr bátur var snemma á þessu ári keyptur til þess að annast flóabátaferðirnar um norðanverðan Breiðafjörð. Var það Norðri í Flatey, sem beitti sér fyrir því í samvinnu við hreppsnefnd Flateyjarhrepps, að keyptur var nýr 21 smál. bátur í stað Konráðs gamla, sem dæmdur hafði verið ósjófær. N. leggur til, að báturinn fái sama rekstrarstyrk og á þessu ári, þ. e. a. s. 310 þús. kr., en í þeirri upphæð er falin 20 þús. kr. fjárveiting til þess að halda uppi ferðum yfir Kleifaheiði með beltisdráttarvél, þegar snjóar teppa bifreiðaferðir um þessa leið. Enn frem-

ur er lagt til, að Flateyjarbátur fái sama styrk til bátakaupa og á s. l. ári, samtals 200 þús. kr. Er þá gert ráð fyrir, að báturinn hafi fengið fullan styrk til þessara kaupa.

Loks kem ég að Vestfjarðasamgöngum, sem einnig hafa verið með svipuðum hætti og áður. M/s Fagranes hefur annazt ferðir um Ísafjarðardjúp og til kauptúnanna í Vestur-Ísafjarðarsýslu, og má segja, að rekstur þess skips hafi gengið mjög vel, þannig að ekki reyndist þörf á að hækka styrk til hans nema um 50 þús. kr. eða úr 1300 þús. kr. í 1350 þús. kr. Á s. l. ári hækkaði styrkur til bátsins einnig lítið, og má segja, að rekstur hans sé hinn sæmilegasti með hinu nýja skipi. Enn fremur er lagt til, að smábátar þrír á Vestfjörðum, sem fengið hafa styrki á undanförnum árum, fái óbreytta styrkupphæð.

Skv. því, sem hér hefur verið sagt, leggur samvn. samgm. til, að heildarfjárveiting til flóabáta og vöruflutninga verði á árinu 1966 8 millj. 372 þús. kr., og er það réttum 740 þús. kr. hærra en var á yfirstandandi ári. Flytur n. brtt. um hækkun styrksins á þskj. 161, og leyfi ég mér f. h. nefndarinnar að mæla með samþykkt hennar.

Frsm. 2. minni hl. (Geir Gunnarsson): Herra forseti. Við 2. umr. fjárl. gerði ég grein fyrir því, að verðbólguþróun sú, sem leitt hefur af stefnu ríkisstj. í fjárfestingar- og verðlagsmálum, hefur leikið svo hag ríkissjóðs, þrátt fyrir hin mestu góðæri, sem þjóðin hefur lifað, að ríkisstjórnarflokkarnir treysta sér ekki til að ná endum saman á fjárl. næsta árs án þess að leggja hina fjölbreyttustu skatta á þjóðina og skera niður í vaxandi mæli nauðsynlegustu framkvæmdir. Ég tel ekki mikla ástæðu til að ræða þetta ástand nú við 3. umr., það hefur þegar verið svo mjög rætt undanfarið við meðferð ýmissa þingmála, en ég held, að almenningur sé nú að gera sér æ betur ljóst, að það er eitthvað bogið við þetta stjórnarfar, þá stefnu, sem leiðir til þess, að í mestu veltiárum og mestu verðmætasköpun, sem um getur, verður ríkisstj. að draga úr þjóðnauðsynlegustu framkvæmdum, þegar venjulegu fólki þætti eðlilegast, að unnt væri að gera stórátök fyrir þjóðarheildina. Ég held, að fólk sé að gera sér æ betur ljóst, að sú ríkisstj., sem er að sigla þessum málum í strand, þegar framleiðslan er meiri en nokkru sinni fyrr og aðstæðurnar betri en nokkru sinni hefur áður þekkzt, er ekki fær um að halda um stjórnvölinn, og það er þjóðinni dýrt að hafa slíka stjórn.

Við 2. umr. um fjárl. var þegar komið í ljós, að stjórnarflokkarnir ætla að bregðast þeirri skyldu sinni að tryggja úrbætur í hafnarmálum, sjúkrahúsmálum og samgöngumálum, þar sem aðaltillögur stjórnarflokkanna um lausn á þeim vanda ríkissjóðs, sem þeir hafa sjálfir skapað, yrði að skera niður framlög til þessara framkvæmda, á sama tíma og einkaaðilar fjárfesta í stjórnleysi og skipulagsleysi í þeim tilgangi að tryggja sér eignaauka af völdum verðbólgunnar. Eftir var þá að koma endanlega í ljós stefna ríkisvaldsins í menntamálum, framlögum ríkisins til skólamála, og benti þó fjárlfrv. til óheillavænlegra ráðstafana í þeim efnum sem öðrum í framhaldi af þeim afturhaldsráðstöfunum s. l. sumar að skera niður um 20% þau framlög, sem Alþingi ákvað fyrir ári að veita til skólabygginga, og í framhaldi af þeim ráðstöfunum að fresta með brbl. byggingu fjölmargra þeirra skóla, sem Alþingi ákvað að byrjað skyldi á á þessu ári.

Það hafði því komið þegar fram s. l. sumar, að þrátt fyrir það, hversu stefna ríkisvaldsins einmitt í þessum málum ræður geysimiklu um framþróunina með þjóðinni á næstu árum, þá hikuðu stjórnarflokkarnir ekki við að mæta afleiðingunum af óheillastefnu sinni og stjórnleysi, sem kom fram í verðbólguþróun og þrengingum ríkissjóðs, með því að skera niður þessi framlög og stöðva það, að hafin yrði bygging ýmissa nýrra skóla. Þessar óheillaráðstafanir, sem ríkisstj. greip til í því skyni að bjarga sér í augnablikinu út úr þeim vanda, sem hún hefur sjálf kallað yfir sig, sýna, að hún hikaði ekki við að grípa til þeirra ráðstafana, sem geta orðið þjóðinni dýrastar í framtíðinni. Þegar stjórnin stóð frammi fyrir afleiðingum af verðbólgustefnu sinni, hikaði hún ekki við að fórna þeim framtíðarhagsmunum þjóðarinnar, sem felast m. a. í því, að síaukinni aðsókn ungmenna í skóla, eftir að skyldunámi lýkur, sé mætt með auknum framlögum til skólamála. En öllum er að verða ljóst, að framtíðarþróun með hverri þjóð, jafnt í menningarmálum og efnahagsmálum, er háð því, hversu hún ver miklu fé til menntamála í dag. Á þessa framtíðarhagsmuni valdi ríkisstj. að ganga til þess að leysa sín heimatilbúnu vandræði fremur en að víkja frá óheillastefnu sinni í fjárfestingar- og verðlagsmálum, og þessa leið valdi hún til þess að ná saman endum á reikningum ríkissjóðs fremur en að skattleggja gróðann í þjóðfélaginu, skattleggja þann verðbólgugróða, sem aðalskjólstæðingar ríkisstj. fá af þeim fjármálaráðstöfunum sínum, sem þeir byggja á verðbólgustefnu ríkisstj. Þessi gróði skyldi verða friðhelgur, en þess í stað dregið úr nauðsynlegum framkvæmdum í þeim efnum, sem geta ráðið meiru en flest annað um þjóðfélagsþróunina í framtíðinni. Þetta blasti við, þegar fjárlfrv. var lagt fram í haust, og í því er gert ráð fyrir, að niðurskurður á framlögum til nýrra skóla haldist, og í meðförum fjvn. fyrir 3. umr. er staðfest sú stefna ríkisstj. að stíga stórt skref aftur á bak í þessum málum. Með áframhaldi á þeirri stefnu, sem upp var tekin s. l. sumar, er verið að ræna þjóðina þeim möguleikum, sem hún ella ætti í framtíðinni, ef uppgripaárin væru þvert á móti notuð til þess að vinna stóra áfanga í þessum málum, eins og nauðsynlegt er nú.

Það er engin afsökun til fyrir því, að ríkisstj., sem með völdin fer í mestu góðærum, sem þjóðin hefur lifað í aflabrögðum og viðskiptakjörum, kippir öllum stoðum undan nauðsynlegum og brýnum framkvæmdum í skólamálum, á sama tíma og verðmætum fyrir milljónahundruð er hrúgað upp í ónauðsynlegasta húsnæði innflutningsfyrirtækja og banka.

Með setningu núgildandi fjárl. ákvað Alþingi, hvaða skólabyggingar skyldi hefja framkvæmdir við á þessu ári, og þá var að sjálfsögðu við það miðað, að lögbundinn hluti ríkissjóðs í þessum tilteknu byggingum skyldi greiddur á fimm árum í samræmi við lög nr. 41 1955, en í þeim segir m. a., með leyfi hæstv. forseta: „Alþingi

ákveður hverju sinni, til hvaða skólaframkvæmda stofnkostnaðarframlög eru veitt, og er ekki heimilt að hefja framkvæmdir, fyrr en fyrsta fjárveiting er fyrir hendi. Nú hefur Alþingi samþ. slíka fjárveitingu, og ákveður það þá einnig, hvernig framlögum skuli háttað framvegis, en skylt er ríkissjóði þó að hafa lokið greiðslu framlaga til hverrar framkvæmdar, miðað við upphaflega kostnaðaráætlun, innan fimm ára, frá því er fyrsta framlag var innt af hendi." Þannig er í fyrsta lagi slegið föstu, að það er ákvörðunarréttur Alþingis og Alþingis eins, hvaða nýjar skólabyggingar skuli hljóta fjárveitingar á hverju ári, og í öðru lagi, að það er skylt að veita ríkisframlagið á ekki lengri tíma en fimm árum. Þessi ákvæði laganna um rétt og skyldu Alþingis er nú markvisst verið að brjóta niður. Sannarlega hefði verið þörf á því, að gerð væri heildaráætlun um uppbyggingu í skólamálum fyrir næstu framtíð, áætlun, sem næði til landsins alls og tæki tillit til aukinna krafna í þessum málum, fjölgunar þjóðarinnar og áætlaðra flutninga fólks milli staða, — áætlun, sem miðuð væri við heildaryfirsýn yfir þessi mál, en ekki eingöngu staðbundnar óskir, — áætlun, sem miðaði við framfarir í þessum málum, sem eru þjóðinni mikilsverðari en flest önnur. Í stað þess er nú lagt fyrir Alþingi að rífa niður þau lög, sem þegar eru til og þó hafa náð of skammt. Í stað þess að stíga fram á við nú, þegar allar ytri aðstæður með þjóðinni eru hagkvæmari en áður hefur þekkzt, þá er nú lagt til að stiga skref aftur á bak.

Eftir að Alþingi hafði lokið störfum s. l. vor, var ákvörðunum þess um upphæðir til skólabygginga rift með 20% niðurskurði verklegra framkvæmda og síðan ákveðið með brbl. að hafa að engu val Alþingis á því, í hvaða nýjar skólabyggingar skyldi ráðizt, og framkvæmdaáætlun, sem Alþingi hafði ekkert um fjallað, skyldi ráða meiru en ákvarðanir Alþingis, sem teknar voru skv. gildandi lögum.

Við afgreiðslu fjárl. nú hefði verið á því full þörf að bæta upp það, sem á var látið hallast með ákvörðunum stjórnarflokkanna í þessum málum, eftir að þingi lauk s. l. vor. En þess í stað er fetað enn lengra á afturhaldsbrautinni og framlög til nýrra skólabygginga stórlega skorin niður frá því, sem ákveðið er í núgildandi fjárl. Í núgildandi fjárl. er framlag til nýrra skólabygginga ákveðið 14 millj. 95 þús. kr., en í fjárlfrv. því, sem hér er til umr., er hliðstæð tala 10 millj. 780 þús. Þar á ofan fylgir sá böggull skammrifi, að stór hluti þeirra framkvæmda, sem Alþingi hefur þegar samþ. að byrjað skuli á og veitt var fé til í fyrra á núgildandi fjárl., skal nú vera háður samþykki menntmrn. og vald Alþingis í þessum málum þannig að engu gert. Og greinilegt er af hinum lágu fjárveitingum til ýmissa þessara framkvæmda, að fyrir fram er ákveðið, að ekki skuli byrjað á þeim. Þess má t. d. geta, að þeir barnaskólar, sem taldir eru upp í lið B á 3. bls. í brtt. fjvn. á þskj. 153, ættu skv. fyrri ákvörðunum Alþingis og í samræmi við ákvæði skólakostnaðarlaga að fá um 10 millj. kr. fjárveitingu nú, en er aðeins ætlað að fá 1½ millj. kr. samtals eða um 100 þús. kr. að meðaltali á skóla og fjárhæðirnar þar að auki bundnar ákvæðum um ákvörðunarrétt menntmrn. um, hvort hefja megi framkvæmdir. Gagnfræðaskólar, sem taldir eru undir lið B á bls. 5 á sama þskj., ættu á sama hátt að fá 6.2 millj. kr., en er ætlað að fá 3 millj., með sömu skilyrðum um ákvörðunarvald rn., þannig að engin trygging er fyrir því, að þeir fái eina einustu krónu. Þannig ákveða stjórnarflokkarnir nú, að auk lækkunar framlags úr 14 millj. og 95 þús. kr. í 10.8 millj. kr. til nýrra barna- og gagnfræðaskóla skuli það gilda, að þrátt fyrir að Alþingi ákveði þessar fjárveitingar til nýrra skólabygginga, skuli réttur þess til þess að ráða þessum málum að engu gerður með ákvæði um, að eftir sem áður skuli menntmrn. ákveða, hvort einstakar framkvæmdir skuli heimilaðar eða ekki. Þar að auki skuli framlögin til annarra en stærstu kaupstaðanna ekki talin fyrsta greiðsla af fimm skv. ákvæðum skólakostnaðarlaganna, þ. e. a. s. þessar fjárveitingar eru veittar án skuldbindingar um áframhald á framlögum úr ríkissjóði, eins og lögin gera ótvírætt ráð fyrir. Þessi ákvæði virðast beinlínis brjóta gegn lögunum. Þessir þrælslegu textar til að tryggja niðurskurðinn minna mig á það, þegar Bretar dæma sakborning til dauða. Þá dugir þeim ekki að segja í úrskurðinum, að hann skuli hengdur. Nei, til frekara öryggis segja þeir, að hann skuli hengdur, þangað til hann er dauður. Í rauninni er hér lagt til, að engar fjárveitingar skuli veittar til nýrra skólabygginga á fjárlögum næsta árs í þeim skilningi, sem gilt hefur til þessa, nema að því er varðar fjárveitingar til kaupstaða, þar sem fleiri en einn skóli er á hvoru fræðslustigi, en einnig þar á þó að gilda sú regla, að ákvarðanir Alþ. um nýjar skólabyggingar getur menntmrn. gert að engu eins og aðrar.

Þessum furðulegu ákvörðunum ríkisstjórnarflokkanna hlýtur Alþb. að mótmæla eindregið. Með þessum ákvörðunum ríkisstj. eru að engu gerð ákvæði gildandi skólakostnaðarl. og alger afturhaldsstefna í þessum málum að halda innreið sína. Með þessum hætti er verið að brjóta niður ákvörðunarrétt Alþingis í þessum málum og valdið flutt meir og meir yfir til aðila utan þings, og er það í fullu samræmi við aðrar hliðstæðar ráðstafanir ríkisstj. um aukin völd embættisvaldsins. Nú á Alþingi ekki sjálft að ákveða nýjar skólabyggingar, heldur á að fara eftir framkvæmdaáætlun, sem þm. hafa ekki svo mikið sem fengið að sjá enn þá.

Þannig hörfar ríkisvaldið skipulega frá þeim lögum, sem sett voru fyrir 10 árum um nauðsynlega uppbyggingu í skólamálum. Það skal fúslega viðurkennt, að núverandi ríkisstj. stóð um skeið að allverulegri aukningu á fjárveitingum til skólamála, enda fara þarfirnar í þessu efni svo ört vaxandi með ári hverju, að hjá því varð ekki með neinu móti komizt. Þarfirnar halda áfram að vaxa með hverju árinu, og þeim þörfum verður að mæta með nauðsynlegum fjárveitingum.

Ef rétt hefði verið á málum þjóðarinnar haldið undanfarin ár, ætti hin stóraukna verðmætasköpun vegna aflaaukningar og hækkaðs afurðaverðs að hafa gert þjóðinni kleift að sækja fram á við í þessum málum. En verðbólgustefna

hefur þins vegar komið málum ríkisstj. svo, að öll viðleitni til átaka í skólamálum er úr sögunni. Og í vandræðafálmi sínu við að koma saman reikningum ríkissjóðs grípur hún til þess, sem sízt skyldi, að skera niður framlög til skólamála og eyðileggja þau lög, sem sett voru til að stuðla að skipulögðum átökum í þeim málum.

Afleiðingarnar af verðbólgustefnu ríkisstj. setja á margvíslegan og alvarlegan hátt svip sinn á það fjárlagafrv., sem hér liggur fyrir. Þó er sú ákvörðun stjórnarinnar að mæta afleiðingum af stefnu sinni með því að stíga mörg skref aftur á bak í fræðslumálum ein hin alvarlegasta og háskalegasta. Að þessum ákvörðunum getur Alþb. að sjálfsögðu ekki staðið. Það hefur varað við afleiðingum af stefnu ríkisstj., en þær eru að koma æ betur í ljós.

Auk þess sem ég endurflyt tvær brtt., sem ég flutti við 2. umr. og gerði þá grein fyrir, flyt ég á þskj. 165 brtt. um framlög til skólamála, og miða þær að því að hamla gegn þeirri óheillastefnu ríkisstjórnarflokkanna í þessum málum, sem ég hef hér gert grein fyrir. Miðast till. mínar við, að framlög til skólabygginga verði sem mest í samræmi við framlög þau, sem ákveðin voru til þessara mála við afgreiðslu núgildandi fjárlaga, og þyrfti þó að gera enn betur.

Auk till. um tölulegar breytingar á framlögunum geri ég till. um, að ákvörðunarréttur um nýjar skólabyggingar verði ótvírætt í höndum Alþingis og að þau ákvæði skólakostnaðarl., að hluti ríkissjóðs af kostnaði við skólabyggingar verði greiddur á 5 árum, haldi gildi sínu, þannig að textar í brtt. á þskj. 153, sem ganga í aðra átt, verði felldir niður.

Það mun reynast erfitt fyrir ríkisstjórnarflokkana að skýra það fyrir almenningi, að í mestu góðærum, sem þessi þjóð hefur lifað, sé þörf á neyðarráðstöfunum við afgreiðslu fjárlaga, — neyðarráðstöfunum, sem miða að því að skerða nauðsynleg framlög til menntamála, — neyðarráðstöfunum, sem hafa hin óheillavænlegustu áhrif á þróun þessara mikilsverðu mála í framtíðinni. Hið ískyggilegasta er þó það, að við orsakavaldinum að þessum óheillaráðstöfunum, sjálfri grundvallarstefnu ríkisstj., er ekki hreyft. Þess vegna er ekki von til þess, að slíkum neyðarráðstöfunum linni, meðan núverandi ríkisstj. fer með völd. Þeim linnir ekki, meðan ríkisstj. streitist við að viðhalda algeru stjórnleysi í fjárfestingarmálum og verðlagsmálum. Ríkisstj. lætur undir höfuð leggjast að ráðast að rótum meinsins og virðist engin ráð kunna til þess að draga úr verðbólguþróuninni. Athafnaleysi hennar er svo algert, að það er engu líkara en að hún líti á þessa þróun með hliðsjón af því, sem sagt er um læknana og kvefið. Það er nefnilega sagt í mátulegri alvöru, að læknar kunni engin ráð við kvefi, en ef það fái hins vegar að snúast upp í lungnabólgu, þá horfi málið betur við, því að við lungnabólgu standi læknarnir ekki ráðalausir, heldur hafi hin ágætustu meðul, sem veita skjótan og öruggan bata. Það er engu líkara en ríkisstj. telji, að þrátt fyrir allar óheillaafleiðingarnar af dýrtíðarþróuninni sé þetta ekki svo alvarlegt mál, þótt hún hafi engin ráð til að stöðva þessa dýrtíðarveiki, þá sé ekki annað en að bíða eftir því, að hún þróist upp í annað verra, upp í hámark, þá verði loks tímabært að beita meðulunum, þá verði batinn jafnöruggur og þegar læknirinn ræðst gegn lungnabólgu.

Ég held, að á þetta vilji þjóðin ekki treysta. Hún getur sízt af öllu treyst því, að þegar enn verri sjúkdómseinkenni eru komin fram í þjóðfélaginu, kunni þessi ríkisstj. einhver ráð fremur en nú. Það væri óhugnanlegt fyrir þjóðina ofan á allt, sem á undan er gengið, að eiga þá að treysta á skottulækningar núverandi hæstv. ríkisstj. Það er sannarlega kominn tími til, að afleiðingunum af verðbólgustefnu ríkisstj. verði ekki lengur mætt annars vegar með neyðarráðstöfunum í niðurskurði á nauðsynlegustu framkvæmdum og hins vegar með sífellt nýjum sköttum, sem eru að efla verðbólguna enn þá, heldur verði ráðizt að meininu sjálfu, sem er stefna ríkisstj. í fjárfestingar- og verðlagsmálum. Á meðan þeirri stefnu verður ekki breytt, mun ekki linna neyðarráðstöfunum hennar við setningu hverra fjárlaga, hvorki niðurskurði á nauðsynlegustu framkvæmdum né sífellt nýjum sköttum, vegna þess að þessar ráðstafanir hennar miða ekki að lausn á þeim vanda, sem við er að glíma.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Ég vil þakka hv. fjvn. fyrir rösklega afgreiðslu hennar á fjárlfrv., sem veldur því, að við getum nú lokið afgreiðslu þess óvenjulega snemma fyrir áramótin. Ég sé ekki ástæðu til þess að ræða sérstaklega um þær ræður, sem hv. frsm. minni hl. fjvn. fluttu hér. Þær gefa ekki tilefni til sérstakra aths. umfram það, sem rætt var við 2. umr. fjárl. Það voru efnislega sömu atriði, sem þar komu fram, og ástæðulaust að fara að endurtaka gagnrökin þar á móti.

Ég get þó ekki stillt mig um að segja það, að ég er ósköp hræddur um, að það yrði stutt í lungnabólguna, ef yrði farið að þeim ráðum hv. síðasta ræðumanns að hverfa frá þeirri stefnu, sem hann sagði að væri til hins mesta ófarnaðar, að lækka framkvæmdir og hækka skatta, — ef það ætti í senn að fara hina leiðina: að hækka framkvæmdir og lækka skatta, þá er ég hræddur um, að það yrði eitthvað skrýtin útkoma af því heilsufari þjóðarbúsins. En sleppum því.

Ástæðan til þess, að ég stóð hér á fætur, var fyrst og fremst að gera grein fyrir því, að af hálfu ríkisstj. eru ekki fluttar við afgreiðslu fjárl. nú neinar lántökuheimildir. Ég gerði ráð fyrir því við 2. umr. fjárl., að við 3. umr. þeirra mundi verða leitað heimilda til þess að taka lán til ýmissa framkvæmda, sem fyrirhugað er að taka lán til, en úr því mun ekki verða. Ástæðan er sú, að unnið er nú að framkvæmdaáætlun ríkisins fyrir næsta ár, og þeirri áætlun er enn ekki það langt komið, að það sé auðið að sjá, hvaða fé er hægt að hafa til ráðstöfunar til ýmissa framkvæmda á vegum ríkisins. Það mun verða lögð áherzla á það, að framkvæmdaáætluninni verði lokið að mestu um áramót eða a. m. k. það snemma árs, að það ætti að vera ljóst, þegar þing kemur saman að nýju, hvernig horfur eru í þeim málum, og er þá fyrirhugað, eftir því sem tilefni gefst til skv. niðurstöðu þeirrar

áætlunar, að leita þá með sérstöku frv. heimildar Alþ. til að taka lán til þeirra framkvæmda, sem sjáanlegt er að auðið verður að afla fjár til.

Ég tek þetta m. a. fram vegna þeirrar till., sem hér liggur fyrir frá hv. frsm. 2. minni hl. fjvn. að taka sérstakt lán til flugvallagerða. Í fjárl. ársins í ár er slík lántökuheimild, en hún var felld niður nú, — ekki vegna þess, að það sé ekki fyrirhugað að taka neitt slíkt lán, heldur vegna hins, að óskirnar um það frá flugmálayfirvöldum eru svo miklar, að það er augsýnilega ekki hægt að verða við þeim óskum nema að takmörkuðu leyti, en hins vegar á þessu stigi ekki séð, hvaða tölu raunverulega ætti að velja í því sambandi. Þar koma einnig til greina óskir, sem hafa verið uppi, og raunverulega óumflýjanlegt er að vissu marki að taka lán til vegagerða og skólabygginga á vegum ríkisins, og sömuleiðis mun þurfa viðbótarheimild til þess að taka lán til sjúkrahúsabygginga. Í fjárlfrv. nú er sú upphæð, sem heimilað var að taka lán til þeirra mála á þessu ári, en engin breyting hefur verið á því gerð og ekki enn þá séð, hver niðurstaðan verður í þessu efni.

Ég vildi hins vegar láta þetta koma hér fram, að ástæðan til þess, að þessara lántökuheimilda er ekki aflað nú, er sú, að það þykir eðlilegra að leita heimilda til hinna raunverulegu lántaka, þegar þar að kemur, heldur en að afla heimilda með einhverjum óvissum áætlanatölum án þess að hafa gert sér grein fyrir, hvort þar er um raunverulega lánsfjármöguleika að ræða. En kjarni málsins er að sjálfsögðu sá, að það mun vitanlega verða lagt fyrir Alþingi á sínum tíma og þá hægt að taka afstöðu til þess, hvort þingið vill veita slíkar heimildir, og tel ég þá eðlilegt, að samtímis væri hægt að gera grein fyrir framkvæmdaáætluninni í heild fyrir árið 1966.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Ég þarf ekki að mæla fyrir brtt. að þessu sinni, en þó þykir mér rétt, áður en umr. lýkur, að gera nokkrar aths. um mikilsverðan þátt fjárlagaafgreiðslunnar.

Það má teljast sennilegt, eftir að hv. frsm. meiri hl. fjvn. hefur talað hér á þessum fundi, að niðurstöðutala innborgana og útborgana á fjárl. þeim, sem nú liggur fyrir að afgreiða, verði um 3800 millj. kr., og er það rúmlega 270 millj. kr. hækkun frá núgildandi fjárl., eins og þau voru afgr. á Alþingi 22. des. 1964. Í 22. gr. þeirra fjárl. var hæstv. ríkisstj. veitt heimild til að fresta til ársins 1966 verklegum framkvæmdum ríkisins, sem fé var veitt til í fjárl. fyrir árið 1965, og skyldi sama gilda, eins og það er orðað, um greiðslu framlaga til annarra aðila, sem ákveðin eru í fjárl. 1965. Í grg. frv., sem fyrir liggur, er upplýst, að framlög til fjárfestingar á árinu hafi skv. þessari heimild verið lækkuð um 20% eða ca. 85 millj. kr. Ég mun ekki gera þá ráðstöfun að umræðuefni að þessu sinni, en því vil ég gera ráð fyrir, að ekki eigi sér stað misskilningur á orðalagi þeirrar heimildar í 22. gr., sem hér er um að ræða. Hins vegar virðast mér sumar frestunaraðgerðir ríkisstj. í sambandi við þessa heimild fara í bága við gildandi lög, sem ekki eiga að víkja fyrir ákvæðum fjárl.

Hækkun sú um 270 millj. kr., sem hér er um að ræða á fjárl. á einu ári, sýnir enn á þessu ári svipaða þróun í heild og verið hefur. Niðurstöðutölur fjárl. hafa verið að hækka frá ári til árs. Um þá þróun hafa aðrir rætt hér í þessum umr. En í þessu fjárlfrv. er um aðra mjög iskyggilega breytingu að ræða, og hana vil ég nefna.

A sama tíma sem fjárl. í heild hækka um 270 millj. og skattar hækka nokkuð með nýjum lögum, eru sumir gjaldaliðir lækkaðir mjög verulega. Hér er sem sé ekki um að ræða almennan sparnað á ríkisbákninu, sem svo hefur verið nefnt. Hér hefur verið um það að ræða að draga úr dreifingu ríkisfjármagns til uppbyggingar og þá sér í lagi til stuðnings hinni dreifðu landsbyggð. Með tilliti til hinnar dreifðu landsbyggðar sýnist mér hér vera um óhagstætt fjárlfrv. að ræða og afturför frá fjárl. þeim, er gilt hafa á þessu ári. Sú undansláttarstefna, sem í því felst að láta framlög til uppbyggingar í landinu lækka, samtímis því að fjárl. í heild hækka og nýir skattar eru á lagðir, sýnist mér varhugaverð, enda auðsætt, hvar lendir, ef ekki er stungið við fótum.

Ég ætla ekki að ræða hér nánar um þá lækkun almennt, sem fyrirhuguð er á framlögum til ýmiss konar framkvæmda víða um land. En mér þykir ástæða til þess sérstaklega að fara nokkrum orðum um einn af meginþáttum þessara framkvæmda, þ. e. a. s. hafna- og lendingarbótagerð þá, sem ríkið hefur stutt á mörgum stöðum, hvernig ástandið er nú í þeim málum og hvað fram undan virðist vera.

Samkv. lögum um hafnargerðir og lendingarbætur frá 1946 og breytingum, sem síðar hafa verið gerðar á þeim lögum, er svo fyrir mælt, að ríkið greiði af hendi fjárframlög og veiti ríkisábyrgð vegna hafnarmannvirkja á 113 nafngreindum stöðum, að því tilskildu, að mannvirkjagerð hafi verið samþ. af hafnarmálastjóra. Á 78 stöðum er gert ráð fyrir hafnargerð, en á 35 stöðum er gert ráð fyrir lendingarbót. Í skýrslu vitamálastjóra til fjvn. eru taldir upp nálega 100 slíkir staðir, sem fé hefur einhvern tíma verið veitt til, en í reyndinni er unnið að mannvirkjum öðru hverju á 60—70 stöðum. Segja má, að mannvirkjagerð á rúml. 60 stöðum sé sú almenna hafnargerð, sem er í gangi, ef svo má segja. Þær hafnir, tvær eða jafnvel þrjár, sem farið er með samkv. ákvæðum landshafnarlaga, eru þáttur út af fyrir sig, og ræði ég þær ekki hér. En um aðrar hafnir og flestar lendingarbætur, sem nú er unnið að eða unnið hefur verið að nýlega, er lagareglan sú, að ríkissjóði ber að leggja fram 40% framkvæmdakostnaðar, en hlutaðeigandi hafnarsjóði eða sveitarfélagi 60%. Gert er ráð fyrir, að svo geti farið, að allt heimaframlagið sé fengið að láni, enda hefur það víða verið gert, og er heimilt að láta ríkissjóð ábyrgjast greiðslur lána allt að 60% hafnargerða. Samkv. skýrslu hafnarmálastjóra hefur á árinu 1965 verið unnið að hinni almennu hafnargerð fyrir nálega 105 millj. kr. á 36 stöðum. Það, sem ríkissjóði bar að greiða af þessum kostnaði, voru þá rúml. 40 millj. kr. Mikið vantaði á, að ríkisframlög þau, er veitt voru á árinu, nægðu til að greiða þessa upphæð,

því að þar að auki skuldaði ríkissjóður vangreitt framlag frá fyrra ári. Skuldaupphæð ríkissjóðs, þ. e. a. s. samandregnar skuldir við hafnarsjóði, sem flestir eru sjálfir skuldugir og févana nú um áramótin, svarar sem næst til þess, að ríkið hefði ekkert greitt að sínum hluta til hafnanna á þessu ári, þ. e. a. s. þeirra hafna, sem gerðar voru á þessu ári.

Fyrir árið 1966 hefur hafnarmálastjóri gert áætlun um almennar hafnarframkvæmdir fyrir nálega 196 millj. kr. Í nál. á þskj. 113 er það þó haft eftir honum, að mjög verulega muni verða dregið úr þessari áætlun og kostnaðurinn muni að líkindum verða um 120 millj. kr., eða um 12 millj. kr. hærri en í fyrra. Sé miðað við vaxandi dýrtíð, þýðir þetta varla verulega aukningu framkvæmda á næsta ári. En hluti ríkissjóðs af þeirri upphæð er 48 millj. Samkv. þessu er gert ráð fyrir, sbr. það, sem haft er eftir hafnarmálastjóra, að í lok fjárlagaársins 1966 verði ógreidd ríkisframlög komin upp í 60 millj. — og meira, ef framkvæmdaáætlun hafnarmálastjóra verður lækkuð minna en hann telur líkur til.

Þessar tölur sýna glögglega, að fjárveitingar til hafnarmála hafa verið og eru enn allt of lágar. En hér með er þó ekki öll sagan sögð. Ég held það sé almennt álit þeirra, sem hafa kynnt sér þessi mál, að nauðsyn beri til, að ríkissjóður greiði eftirleiðis meira en 40% af hafnargerðarkostnaðinum við hina almennu hafnargerð. Ég fyrir mitt leyti get ekki fundið rök fyrir því, að þjóðfélagið kosti einstakar hafnir að öllu leyti, en að allur þorri hafnarsjóðanna eða sveitarfélaganna eigi að leggja fram 60%. Ef slíku heldur fram, mun þeirri stefnu aukast fylgi, að ríkið byggi hafnirnar yfirleitt á sinn kostnað á sama hátt og þjóðvegi.

Við framsóknarmenn höfum hér á Alþ. undanfarin ár lagt til, að kostnaðarhluti ríkisins, að því er varðar mest aðkallandi hafnarmannvirki, verði hækkaður úr 40% upp í 65%, og er það í samræmi við endurskoðun á hafnarlögum, sem fram fór fyrir nokkrum árum að tilhlutun Alþingis. Ef ríkisframlagið væri þannig hækkað, yrði minni hætta á því, að ríkissjóður þyrfti að greiða vexti og afborganir af ríkisábyrgðarlánum til hafnarframkvæmda, og það er ólíkt viðkunnanlegri og heppilegri aðferð, að peningarnir komi þannig sem hreint framlag en greiðslur vegna vanskila, sem sveitarfélögin komast í, af því að greiðslur af lánunum eru þeim um megn, meðan mannvirkin eru ekki farin að bera þann árangur til tekjuöflunar, sem vonir standa til.

Svo að segja allar hafnir hér á Íslandi eru að meira eða minna leyti fiskihafnir og sumar nær eingöngu. Undanfarin ár hefur verið uppgripaafli hér við land og er enn á þessu ári. Í slíku einmuna góðæri til sjávarins sýnist mér tímabært, að ríkisstj. og Alþingi horfist í augu við þau verkefni, sem aðkallandi eru í hafnarmálum, og láti ekki reka á reiðanum, eins og nú er gert. Og nú, þegar verið er að lækka ríkisframlög til hafnarframkvæmda í staðinn fyrir að hækka þau, eins og þyrfti að gera, finnst mér illa horfa og meira en það á þessu sviði hjá hinni miklu fiskveiðiþjóð Íslendingum. Og það verða menn að gera sér ljóst, að það eru hafnarstaðirnir við firði og víkur þessa lands, sem eru hinir náttúrlegu byggðakjarnar, a. m. k. í miklum hluta landsins, svo að talað sé lærðra manna mál í skipulagsmálum. En frumskilyrði þess, að þessir byggðakjarnar geti þróazt, er, að viðunandi hafnarmannvirkjum sé lokið sem allra fyrst. Ég segi: viðunandi mannvirkjum, og á þá auðvitað við tímabundið mat í þeim efnum.

Ég hef m. a. gefið því gætur, að í mínu kjördæmi munu sveitarfélög eða hafnarsjóðir eiga inni nú um næstu áramót rúml. 7 millj. kr. í ógreiddum ríkisframlögum til hafnarmannvirkja, sem þegar hafa verið gerð á þessum stöðum. Ég veit ekki með neinni vissu, hve mikið verður um hafnarframkvæmdir á þessu svæði á næsta ári, en svo mikið er víst, að hinar lækkuðu fjárveitingar á 13. gr. fjárlfrv. til þessara hafna eru mjög fjarri því að vera í samræmi við jafnvel lægstu áætlanir, sem til greina virðast koma.

Ég hef ekki borið fram brtt. um hækkun framlaga til þessara hafna að þessu sinni. Hins vildi ég mega vænta, að þeirra hlutur verði réttur á næsta ári af því fé, sem ríkisstj. hefur þá sjálf til úthlutunar af sérstakri fjárveitingu til greiðslu á ógreiddu ríkisframlagi og úr hafnarbótasjóði.

Í þessu sambandi vil ég leyfa mér að vekja athygli á því, að úthlutun á ríkisframlagi til hafnanna virðist nú í vaxandi mæli vera að dragast úr höndum Alþingis yfir í hendur ráðherra. Á árinu 1965 er úthlutað á fjárl., að frádregnum 20%, 15 millj. 680 þús. kr. En á þessu sama ári hefur ráðherra haft í sínum höndum að úthluta úr hafnarbótasjóði og með sérstakri fjárveitingu nálega 11 millj. kr. Þegar svo er komið, er varla hægt að segja, að Alþ. ráði því lengur, hvað hver einstök höfn fær úr ríkissjóði ár hvert til framkvæmda sinna, heldur hafi hér dregizt í hendur ríkisstj. vald, sem Alþ. hefur haft, og hefur sú sama þróun raunar átt sér stað á fleiri sviðum. Mér virðist full ástæða til að benda hv. fjvn. Alþ. á þetta atriði til athugunar framvegis.

Með þetta í huga sýnist mér það eðlilegt fyrirkomulag þessara mála og í samræmi við það, sem nú gerist í vegamálum, að Alþ. afgreiði ár hvert sérstaka hafnaáætlun, þ. e. a. s. heildaráætlun um hafnarframkvæmdir á fjárlagaárinu, þar sem ákveðin séu ríkisframlög og ríkisábyrgðir á hverjum stað á því ári, sem um er að ræða, enda verði þá ekki út af því brugðið, en hafnarsjóðir aðstoðaðir við útvegun lána skv. áætlun. Samtímis verður þá á einhvern hátt að gera ráðstafanir til þess, að ríkið greiði á sérstakan hátt, með framlagi eða yfirtöku skulda, þær 60 millj. ógreiddra ríkisframlaga, sem sennilega verða ógreiddar í lok næsta árs.

Núverandi ríkisstj. hefur ekki haft þá forustu, sem henni bar að hafa með setningu nýrra hafnarlaga. En ég hygg, að Alþ. geti ekki hjá því komizt miklu lengur að láta þróun eða öllu heldur vanþróun þessara mála til sín taka og koma á þau viðunandi skipan til frambúðar. Þessi orð vildi ég láta falla nú, áður en umr. um fjárlögin lýkur að þessu sinni.

Ásgeir Bjarnason: Herra forseti. Að þessu sinni eru það ekki margar brtt., sem liggja hér

fyrir við afgreiðslu fjárlaga. Því sýnist mér, að það muni veitast hv. þm. auðvelt að samþykkja þær fáu till., sem fram eru bornar, og vænti ég, að svo muni fara um þá brtt., sem ég flyt á þskj. 166 undir II. lið rómverskum.

Till. þessi fjallar um það að veita 250 þús. kr. til ferjubryggju í Búðardal. En þar er nú gömul bryggja, sem er algerlega ónothæf, og kemur það sér oft og tíðum afar illa. Ef til vill eru möguleikar á því að endurbyggja og lengja þessa gömlu bryggju, sem til er, eða þau brot, sem til eru af henni, eða þá að byggja nýja bryggju annars staðar, ef það sýnir sig að vera hagfelldara. En þessi mál eru nú í athugun hjá vitamálastjóra, og koma væntanlega till. frá honum innan tíðar um niðurstöður í þessu máli.

Á næsta ári, í ársbyrjun, tekur til starfa nýr flóabátur á Breiðafirði, og telur skipstjóri þess báts höfuðnauðsyn á, að nothæf bryggja verði til í Búðardal, svo að rekstur flóabátsins verði betri en ella kann að verða. En í skýrslu þeirri, sem skipstjórinn sendi Alþingi, stendur m. a., með leyfi forseta:

„Jafnframt viljum vér vekja athygli á því, að bryggjan í Búðardal er algerlega ónýt og verður að endurbyggjast strax, ef báturinn á ekki að tapa mjög miklu flutningamagni á komandi ári. Við samningu meðfylgjandi rekstraráætlunar bátsins höfum við reiknað með nothæfri bryggju í Búðardal."

Hér er því ekki eingöngu um hagsmunamál þeirra, sem hafa viðskipti við Búðardal, að ræða, heldur og allra þeirra, sem standa að flóabátnum, þessum Breiðafjarðarflóabát, sem kemur á næsta ári.

Verði till. mín samþ., sparar hún annars vegar rekstrarfé til flóabátsins á komandi árum, með því að báturinn geti í staðinn fengið aukið flutningamagn til Búðardals, sem hann fær ekki, ef ekki verður þar neitt úr hafnargerð eða endurbótum á þeirri bryggju, sem fyrir er. En þungavöruflutningar til Búðardals hafa oft og tíðum komið sér vel og voru mikið notaðir, meðan höfnin var í sæmilegu standi og bátar gátu athafnað sig við hana, því að Brattabrekka getur lokað leiðum til Búðardals, eða í Dalina, ekki sízt á vorin, þegar vegir eru mjög slæmir vegna aurs og bleytu. Þá standa yfir þýðingarmiklir flutningar fyrir sveitirnar, þ. e. áburðarflutningar. Vegunum er oft einmitt um þetta leyti á vorin lokað, og veldur það miklum skaða fyrir bændur að geta ekki fengið áburðinn á tilsettum og heppilegum tíma, og getur það haft sitt að segja varðandi heyöflun á sumrin. En þessa höfum við orðið nokkurs varir, Dalamenn, á undanförnum árum.

Þess má og geta í sambandi við flóabátinn, að sýslufélag Dalasýslu og bæði kaupfélögin í sýslunni hafa lagt fram stofnfé til flóabátsbyggingarinnar, og var stofnfjárframlag ríkisins til flóabátsins við það miðað, að þátttaka yrði almenn, eins og líka varð, á því svæði, sem báturinn á að fara um. Það er ekki nóg að skylda menn til að leggja fram hlut til bátakaupa, ef ekki er aðstaða fyrir bátana að veita þá þjónustu, sem þeir, sem fjármagnið láta af hendi, ætlast til að fá í staðinn. En með till. minni fellur saman, ef hún verður samþ., góð rekstrarafkoma flóabátsins og væntanlega miklu minni útgjöld ríkisins á næstu árum til rekstrar bátsins en ella yrði og í þriðja lagi hagsmunir hlutaðeigandi byggðarlaga, sem eru þegar búin að leggja fram fjármagn í trausti þess að geta notið góðs af þeirri starfsemi, sem þarna á fram að fara.

Till. mín, ef samþ. verður, mun létta undir með flóabátnum, ríkissjóði og hlutaðeigandi sýslufélögum, eins og ég hef þegar drepið á.

Hér er árlega varið nokkrum hundruðum þús. í ferjubryggjur, og ekki er hægt að segja, að það hafi fallið mikið í hlut Dalamanna til hafnarmála þeirra á undanförnum árum, nema síður sé. Ég vænti því fremur, þar sem hér er um lítilræði að ræða, að till. þessi nái samþykki.

Þess vil ég að lokum geta, að hæstv. sjútvmrh. er mjög hlynntur þeirri hafnarbót, sem hér um ræðir, og veit ég, að hæstv. ráðh. gerir sitt bezta til að þoka þessu máli áleiðis, svo að ekki sé algerlega útilokað fyrir Dalamenn að nota Breiðafjarðarbátinn við þungavöruflutning til Búðardals.

Herra forseti. Ég mun ekki að þessu sinni ræða till. þessa nánar, nema tilefni gefist til. En ég vænti stuðnings hv. alþm. við till. þessa.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Ég geri ekki ráð fyrir, að almennar umr. um afgreiðslu fjárlaga, úr því sem nú er komið, hafi mikið að segja, og mun ég því ekki lengja þær umr. neitt sérstaklega. En það eru tvö atriði varðandi afgreiðslu fjárlaga að þessu sinni, sem ég vildi fá nokkru frekari upplýsingar um, og vildi því óska eftir upplýsingum frá hæstv. fjmrh. varðandi þessi atriði.

Hið fyrra er varðandi framlög til hafnarframkvæmda og þá sérstaklega framlög til byggingar dráttarbrauta á vegum hafnarsjóða.

Eins og kunnugt er, hefur orðið mjög mikil breyting á síðustu árum á fiskiskipaflota landsmanna. Bátarnir hafa stækkað mjög mikið, og svo er komið, að það er mjög knöpp aðstaða fyrir í landinu til þess að annast eðlilega þjónustu við þessa báta. Þetta hefur verið viðurkennt af hæstv. ríkisstj., og ég minnist þess, að fyrir rúmu ári gáfu ráðherrar hér yfirlýsingu um það, að ríkisstj. hefði mikinn hug á því að greiða fyrir byggingu dráttarbrauta á nokkrum stöðum á landinu, til þess að þessi nýi bátafloti þyrfti ekki að leita til annarra landa í nauðsynlegustu þjónustuerindum í þessum efnum. Og í framkvæmdaáætlun ríkisstj. voru síðan teknar upp framkvæmdir í þessa átt. Þegar er byrjað á byggingu nokkurra slíkra dráttarbrauta, og aðrar eru í undirbúningi, og telja má alveg víst af fréttum, að ráðizt verði í þær byggingar nú á næsta ári. En ég sé, að eins og fjárlagafrv. eða till. um það liggja fyrir nú, er ekki gert ráð fyrir neinum sérstökum greiðslum af hálfu ríkisins til þessara framkvæmda. Það er alveg augljóst mál, að það er alveg útilokað, að hafnarsjóðir geti reist þessi mannvirki, svo kostnaðarsöm sem þau eru, á þann hátt, að hafnarsjóðirnir leggi fram allan hluta ríkissjóðs til þessara mannvirkjagerða.

Ég vil því spyrja hæstv. fjmrh. um það, hvort fyrirhugaðar séu einhverjar sérstakar ráðstaf-

anir af hálfu ríkissjóðs, til þess að hann geti innt af höndum greiðslur sínar til þessara mannvirkjagerða, eða hvort svo sé komið, að ríkisstj. hugsi sér að hverfa frá því að leggja fram fé í þessu skyni og stöðva þá að sjálfsögðu þessar framkvæmdir. Ég álít, að þessar framkvæmdir séu sérstaklega aðkallandi, því að vitanlega nær engri átt að senda marga tugi fiskibáta eða jafnvel hundruð fiskibáta úr landi til þess að taka þá í slipp í öðrum löndum og láta þar fara fram á þeim það eftirlit og þær viðgerðir, sem allajafna þarf að gera á hverju ári.

Ég get vel ímyndað mér það, að ríkisstj. geti aflað einhverra sérstakra lána og greitt á þann hátt framlög sín til þessara mannvirkja, þótt ekki sé um beina fjárveitingu á fjárlögum að ræða. En mér sýnist hins vegar alveg augljóst, að á einhvern hátt verður ríkissjóður að standa við sinn hluta af kostnaði þessara mannvirkja, ef ekki á illa að fara.

Hitt atriðið, sem ég vildi víkja hér að og óska eftir upplýsingum um, varðar framlög til sjávarútvegsins. Eins og kunnugt er, var söluskatturinn hækkaður allverulega með lögum frá Alþ. í des. 1964, og átti skatthækkunin þá að taka gildi í ársbyrjun 1965 og hefur staðið sem sagt allt árið. Þessi hækkun á söluskattinum var gerð m. a. til þess að standa undir tilteknum greiðslum til sjávarútvegsins. Ég hygg, að þessar greiðslur hafi verið áætlaðar á yfirstandandi ári á milli 60 og 70 millj. kr. Gert var ráð fyrir í sérstökum lögum, að ríkissjóður skyldi greiða 25 aura á hvert kg af nýjum fiski, sem veiddur væri á línu og handfæri. Ég hygg, að það muni hafa verið áætlað, að útgjöld af þessum ástæðum mundu verða í kringum 20 millj. kr. eða jafnvel nokkuð yfir það. Þá var einnig í sömu lögum ákveðið að greiða til fiskiðnaðarins í landinu 33 millj. kr., til svonefndrar hagræðingar. Og einnig átti að greiða 10 millj. kr. á árinu 1965 sem sérstakan stuðning til þeirra, sem verka skreið. En eins og nú er staðið að afgreiðslu fjárl., er gert ráð fyrir því að taka í ríkissjóð þessa tekjustofna, sem þarna voru ákveðnir, en það er hins vegar ekki gert ráð fyrir því á fjárl. að greiða þær bætur til sjávarútvegsins, sem í gildi hafa verið á árinu 1965. Nú efast ég ekkert um það, að hæstv. ríkisstj. hefur gert sér fulla grein fyrir því, að það muni þurfa að greiða til sjávarútvegsins ekki lægri upphæð á árinu 1966 en greidd var á yfirstandandi ári, því að ríkisstj. hefur sjálf skipað sérstaka n. til þess að athuga um, hvernig bezt yrði fyrir komið ákveðnum stuðningi við sjávarútveginn, en forsvarsmenn sjávarútvegsins hafa gert nú miklum mun meiri kröfur til ríkisins um stuðning en þeir gerðu í fyrra. Ég tel því alveg fullvíst, að ríkisstj. reiknar með því, að á næsta ári þurfi að greiða sem stuðning við sjávarútveginn a. m. k. jafnháa fjárhæð og er á þessu ári, og eflaust reiknar hún með hærri fjárhæð. En þá hlýt ég að spyrja: Hvernig hugsar hæstv. ríkisstj. sér að mæta þessum útgjöldum, fyrst þeir tekjustofnar, sem fyrir hendi voru og voru ætlaðir í þessu skyni, hafa nú verið teknir til annars og augljóst er, að ríkisstj. gerir ráð fyrir útgjöldum í þessu skyni, — þá spyr ég um það, hvernig hugsar hún sér að mæta þessum útgjöldum, þegar þau verða endanlega ákveðin? Telur hæstv. fjmrh., að til standi að afgreiða fjárl. með þeim hætti, að ríkissjóður muni geta án þess að krefjast frekari skattheimtu staðið undir útgjöldum til sjávarútvegsins? Eða er ætlunin að leggja á nýja skatta til þess að standa undir þessum útgjöldum? Mér finnst óhjákvæmilegt, að upplýsingar komi hér um þetta efni, áður en umr. lýkur að þessu sinni um fjárlagafrv.

Ég vil nú vænta þess, að hæstv. fjmrh. svari þessum tveimur atriðum eða upplýsi okkur um þessi tvö atriði, sem ég hef gert hér að umtalsefni, annars vegar sérstakar greiðslur vegna dráttarbrautabygginga, sem í undirbúningi eru og hafizt verður handa um á næsta ári og þegar er byrjað á, og eins um greiðslur til sjávarútvegsins, sem telja má alveg fullvíst að verður að inna af höndum á næsta ári.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Hv. 5. þm. Austf. beindi til mín tveimur fsp., sem mér er að sjálfsögðu ljúft að svara, að því leyti sem þeim er nákvæmlega hægt að svara á þessu stigi málsins.

Hann vék hér fyrst að dráttarbrautum og þeirri stefnuyfirlýsingu, sem fólst í framkvæmdaáætlun fyrir árið 1965, og raunar öðrum yfirlýsingum, sem um það mál hafa verið gefnar af hálfu ríkisstj., og spurðist fyrir um, hvort nokkrar breytingar hefðu orðið á þeirri stefnu með hliðsjón af því, að engar sérstakar fjárhæðir væru í fjárl. til þess að mæta þessum vanda. Á þessari stefnu hefur engin breyting orðið. Það hefur verið rætt um ákveðnar leiðir til þess að leysa þann vanda, sem hér er um að ræða. Það voru ákveðnar dráttarbrautir, sem rætt var um sérstaklega í þessu sambandi og ég veit, að hv. þm. mun vera kunnugt um, og þau mál eru nú til athugunar. Í sumum tilfellum hefur verið um að ræða nokkra söfnun fjármuna í þessu skyni vegna fjárveitinga á undanförnum árum. Mun það þó vera fyrst og fremst Akureyri, sem þar er um að ræða nokkurt fé. En hitt er rétt, að þeir fjármunir draga ekki langt með svo dýr mannvirki, og verður þar af leiðandi að gera ráðstafanir til þess að afla fjár með öðrum hætti. Þessar dráttarbrautir þurfa að komast upp á skömmum tíma, og er vitanlega útilokað að taka fjárveitingar til þeirra að fullu jafnóðum í fjárlög, heldur verður að dreifa þeim eða hluta ríkissjóðs í þeim framkvæmdum á miklu lengri tíma.

Ég get ekki á þessu stigi málsins svarað því, hver verður endanleg niðurstaða í þessu efni, hvaða úrræða verður hér leitað, en vil aðeins taka fram, að það hefur engin breyting orðið á því viðhorfi ríkisstj., að unnið verði að þeim dráttarbrautum með þeim eðlilega hraða, sem rætt var um í ár og á s. l. ári, að yrði aflað fjár til nú á árunum 1965 og 1966. Ég vona, að hv. þm. sætti sig við þessar upplýsingar í bili, því að ég get ekki nákvæmlega sagt á þessu stigi, það mun koma í ljós í sambandi við framkvæmdaáætlunina, hvernig áformað verður eða ákveðið síðar meir að afla fjár til þessara framkvæmda.

Varðandi sjávarútveginn gætti nokkurs misskilnings hjá hv. þm., sem hefur þó kannske

ekki grundvallarþýðingu varðandi málið. Hann gat þess, að söluskattshækkun, sem samþ. var hér á Alþ. í des. 1964 og tók gildi í byrjun þessa árs, hefði að hluta til átt að verja til sjávarútvegsins, til þess að standa undir þeim skuldbindingum, sem ríkið tók á sig í byrjun þessa árs. Þetta er misskilningur. Ekkert af söluskattinum átti að renna til þessara þarfa. Það var ekki vitað um þessar þarfir, þegar söluskattshækkunin var ákveðin. Það var fyrst með lögum í byrjun þessa árs, sem því var slegið föstu, hver þessi útgjöld yrðu, og það var reiknað með, að þar væri um 55 millj. kr. að ræða, og fyrir þeim útgjöldum var ekki séð með neinum hætti í fjárl. Við þetta bættust að auki 65 millj. kr., sem voru launauppbætur til opinberra starfsmanna. Það var ekki heldur gert ráð fyrir neinni krónu til þessara þarfa í fjárl. ársins 1965. Til þess að mæta þessum tveimur fjárhæðum, sem námu 120 millj. kr., var gripið til þess ráðs að nota heimild fjárl. til þess að skera niður opinberar framkvæmdir um 20%. Það var reiknað með, að þetta gæfi um 120 millj. kr., en því miður varð reyndin allt önnur, því að þetta hafði verið athugað, má segja, í nokkrum flýti, og kom á daginn, þegar átti að fara að framkvæma þennan niðurskurð, að það var ekki auðið, vegna þess að í mörgum tilfellum var hér um algerlega lögbundnar greiðslur að ræða, sem ómögulegt var að skjóta sér undan, og sparnaður á þessu sviði varð því ekki nema 85 millj. kr., þannig að ríkið varð hér beinlínis fyrir halla af þessum ráðstöfunum, sem nam 35 millj., sem ekki voru gerðar neinar ráðstafanir til þess að afla, og það er m. a. þáttur í þeim erfiðleikum, sem nú er við að stríða. Í fjárl. nú hafa því ekki verið teknir neinir tekjustofnar, sem áttu að renna til sjávarútvegsins, nema að því leyti, að niðurskurði opinberra framkvæmda hefur að nokkru leyti verið haldið, þó ekki nema að nokkru leyti. M. a. hækka ýmsar opinberar framkvæmdir, svo sem skólamannvirki, allverulega, og þegar þess er jafnframt gætt, að 65 millj. kr., sem fóru til launauppbóta í ársbyrjun, eru nú allar teknar inn í fjárlög, sjá menn af þessu, að það hefur ekki verið tekinn neinn tekjustofn, sem hefði að öðru leyti átt að renna til þess áframhaldandi að greiða þessa aðstoð til sjávarútvegsins.

Þetta er aðeins til skýringar og hefur að sjálfsögðu ekki áhrif á það, sem var höfuðatriði hjá hv. þm., að spyrjast fyrir um það, hvort ríkisstj. gerði ekki ráð fyrir því að þurfa að veita sjávarútveginum einhverja aðstoð á árinu 1966, eins og í ár. Það er gert ráð fyrir því, að það muni þurfa að veita einhverja slíka aðstoð, og ég vék að því í framsöguræðu minni við 1. umr. fjárl. Hins vegar væri það í senn svo, að þessi aðstoð hefði verið veitt, ef segja má, utan fjárl., þannig að hún hefði verið ákvörðuð með sérlögum, en ekki í fjárl. fyrir árið í ár, takmarkaðist algerlega við árið í ár, þessi lög rynnu út nú um áramót, og enn fremur hitt, að það væri ómögulegt á því stigi, þegar fjárlög voru undirbúin, að gera sér grein fyrir því, hvert kynni að verða framhald þessara mála. Það var þá ekkert vitað um afkomu bátaútvegsins né hraðfrystihúsanna á þessu ári. Að þessum athugunum hefur síðan verið unnið, og fer að sjálfsögðu að nálgast endalok þess, að menn fái heildarmynd af þessum vanda. En enn þá er ekkert um þetta vitað og því jafnerfitt nú að taka einhverja upphæð í fjárlög til þess að mæta þessum væntanlegu útgjöldum, sem við vitum ekkert, hver verða.

Það er hins vegar rétt, að ríkisstj. hefur ekki látið þessi mál lönd og leið, heldur hafa farið fram athuganir á því, hvernig mætti mæta þessum vanda. Ég tel hugsanlegt að mæta vandanum, ef ekki verður um nein aukin útgjöld að ræða í þessu skyni, án þess að þurfa að grípa til nýrra skattahækkana. Ef hins vegar hér verður um einhverjar verulegar fjárhæðir að ræða til viðbótar, skapast nýtt viðhorf, sem að sjálfsögðu verður þó að horfast í augu við, þegar þar að kemur, og íhuga úrræði til þess að mæta þeim vanda. En fyrir því hefur ekki sérstaklega verið hugsað, heldur eingöngu að mæta vandanum, ef hann yrði af svipaðri stærðargráðu og hann er í ár.

Að öðru leyti get ég því miður ekki á þessu stigi skýrt nánar frá því, hvaða úrræði hér er um að ræða, en þetta sem sagt hefur verið fullkomlega íhugað og vonazt til, að hægt verði að leysa þann vanda án þess að grípa til nýrra skattahækkana, ef hann fer ekki fram úr því, sem hann er á þessu ári.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Hv. 3. þm. Norðurl. e. vakti athygli á því í ræðu sinni hér áðan, að þau fjárlög fyrir næsta ár, sem nú verða senn afgreidd, muni gera ráð fyrir ríkistekjum að upphæð um það bil 3800 millj. kr. Vilji menn bera þetta saman við fyrri tíma, má bæta hér við stórum fjárhæðum, sem nú eru utan við fjárl., svo sem álögunum til vegasjóðs. Hækkun frá síðustu fjárl. er um 270 millj. kr., og fjárl. fyrir næsta ár verða um 1100 millj. kr. hærri en fjárl. fyrir árið 1964. Þetta er stórkostleg hækkun ríkisteknanna á tveimur árum, 1100 millj. kr. Menn skyldu ætla, að með svo miklum tekjuauka og svo gífurlegum heildartekjum ríkisins væri auðvelt að afgreiða hallalaus fjárlög og verja þó verulegu fjármagni til nauðsynlegustu opinberra framkvæmda. En þótt undarlegt megi virðast, er ríkisstj. og hennar lið í hreinustu vandræðum með að afgreiða fjárl. hallalaus og grípur til þess óheillaráðs að synja um fjárveitingar til allra brýnustu þarfa.

Ég vil með fáum orðum nefna aðeins eitt dæmi um þetta, það eru framlögin til skólamála, og var þó um það rætt allýtarlega af frsm. 1. minni hl. fjvn., hv. 3. þm. Vesturl. Hér liggja fyrir till. frá fjvn. um framlög til skólabygginga. Um allt land er mikil vöntun á barnaskólum og framhaldsskólum, til þess að mögulegt sé að framkvæma fræðslulögin og veita ungu fólki þá menntun, sem hverjum manni er nauðsynleg. En þegar við lítum yfir till. fjvn., sem telja má að séu till. hæstv. ríkisstj., og sjáum, hvað þar er smátt skammtað, verður naumast hjá því komizt að álykta, að með þeim sé verið að gera grín að því fólki, sem vantar skóla fyrir börn sín og bíður þess með óþreyju, að úr þeirri þörf verði bætt, eða hvað segja menn um þá ákvörðun stjórnarmeirihl. að veita 200—400 þús. kr. til skólabygginga, sem kosta munu nokkrar millj., og 20 þús. til skólastjóraíbúða? Hér við

bætist svo það, að þeir, sem fá slíkar fjárveitingar, eru um byrjunarframkvæmdir háðir samþykki og ótilteknum skilyrðum menntmrn. Slíkt er frelsið hér á bæ. En hér með er ekki öll sagan sögð. Utan dyra standa enn fjöldamargir aðilar, sem hafa ekki fengið neina áheyrn hjá fjárveitingavaldinu, ekki svo mikið sem 20 þús. kr. framlag og því síður 200 þús.

Ég hef kynnt mér það nokkuð, hve margar umsóknir hafa legið fyrir hjá fjvn. um framlög til skólabygginga. Mér reiknast svo til, að þar liggi nú fyrir umsóknir um framlög til barnaskóla og skólastjórafbúða 16 að tölu frá 12 sýslufélögum, og þessu er öllu ýtt til hliðar, án þess að það fái nokkra afgreiðslu. Og þá munu liggja fyrir umsóknir um framlög til byggingar gagnfræðaskóla frá a. m. k. 3 kaupstöðum og auk þess frá öðrum stöðum. Hvenær skyldi þá röðin koma að þessum, sem öllum er synjað nú? Ég hygg, að það hafi ekki komið fyrir áður, að svo mörgum umsóknum um framlög til skólabygginga hafi verið synjað. En þörfin fyrir þessar byggingar fyrir menntastofnanirnar er sívaxandi. Því veldur m. a. mikil fólksfjölgun í landinu og einnig hitt, að það eru gerðar meiri kröfur til menntunar nú en áður var. Þá eru einnig nú á tímum gerðar kröfur um miklu fullkomnari skólahús en áður var. Þessar ástæður valda því, að þörfin fyrir byggingar skólahúsa er langtum meiri en hún áður var, og sú þörf fer ört vaxandi.

En hvað segir hæstv. menntmrh. um þetta stóra mál? Telur hann ekki ástæðu til þess að gefa Alþ. upplýsingar um það, hvernig ríkisstj. hugsar sér að leysa þann vanda, sem hér er fyrir höndum, ef stjórnin hefur gert sér einhverjar hugmyndir um það? Samkv. till. fjvn. um framlög til skólabygginga, sem nú eru fram bornar við 3. umr. fjárlfrv., og einnig vegna þess, sem fyrir liggur, að fjöldamörgum héruðum, sem vantar menntastofnanir, er algerlega synjað um framlög til að koma þeim upp, er ærin ástæða til að gera þær kröfur til hæstv. menntmrh., að hann geri grein fyrir fyrirætlunum stjórnarinnar í þessum málum. Hæstv. menntmrh. er ræðuglaður maður, og honum ætti að vera ljúft að gefa okkur slíkar upplýsingar, enda má segja, að honum sé það skylt. Og þó að litlar líkur séu til, að núv. hæstv. ríkissti. endist aldur til að leysa þennan vanda með viðunandi hætti, er eigi að síður hægt að ætlast til þess, að hæstv. menntmrh. geri grein fyrir málunum, meðan hann situr í ráðherrastóli.

Þó að ástæða væri til að gera einnig að umtalsefni fjárveitingar til annarra nauðsynlegra framkvæmda, svo sem sjúkrahúsabygginga, hafnargerða og fleiri framkvæmda, en þær eru vitanlega langtum minni en þær þyrftu að vera, mun ég ekki gera það að þessu sinni.

Hinir eldri tekjustofnar ríkissjóðs, svo sem aðflutningsgjöld og rekstur ríkisstofnana, hafa gefið margfalt meiri tekjur síðustu árin heldur en áður. Sama er að segja um söluskattinn, enda hækkaði núv. stjórn hann ákaflega. En þessi mikli tekjuauki hefur reynzt núv. stjórn algerlega ófullnægjandi. Hún hefur lagt í það mikla vinnu að finna upp nýja skatta til að leggja á landsfólkið, og henni hefur orðið vel ágengt í þeirri leit, jafnvel leitað til útlanda og reynt að finna þar hugmyndir um nýja skatta. Fyrir því Alþ., er nú situr, liggja nokkur frv. frá stjórninni um nýjar skattaálögur, eins og jafnan áður á stjórnarárum hennar. Þrátt fyrir allt þetta, stórhækkun tekna af eldri stofnum og fjölda nýrra skatta, gat ríkisstj. ekki komið saman fjárlfrv. á næstliðnu sumri nema með því að bregða á nýtt ráð, og ráðið, sem hún fann upp, var að strika út af fjárlfrv. framlag til vegasjóðs, sem hún hafði þó lofað hátíðlega á Alþ., að ekki skyldi niður fellt. Með þessu tiltæki sparaði hún 47 millj. Það var matsverðið á mannorði ríkisstj. Og matið var framkvæmt af henni sjálfri.

Þegar hér er komið, er ríkisstj. svo djúpt sokkin, svo aum orðin, að mér sýnist tæplega hægt að skamma hana, hún er komin niður fyrir það mark.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. fjmrh. fyrir þau svör, sem hann gaf við spurningum mínum. Mér sýnist, að það sé ljóst mál, að ríkisstj. hugsar sér að leysa fjárhagsmálefni dráttarbrautarbygginganna, — þótt hún hafi ekki fullákveðið enn þá, með hvaða hætti það verði gert, sýnist mér, að það sé ætlunin samkv. því, sem hæstv. ráðh. sagði. Einnig sýndist mér, að það væri ljóst, að hann gerði ráð fyrir því, að ríkissjóður mundi geta tekið á sig svipaða fjárhæð til stuðnings við sjávarútvegsinn og á yfirstandandi ári, væntanlega 60—70 millj. kr., án þess að nýir skattar yrðu lagðir á. Það er auðvitað hætt við því, að framlagið þurfi að verða nokkru meira, en reynslan á eftir að skera úr um það, og er ekkert við því að segja. Það finnast eflaust einhver ráð til þess að leysa þann vanda, þegar þar að kemur, eða svo skulum við vænta.

Út af leiðréttingum, sem hann gerði á því, hvernig ég skýrði frá hækkun söluskattsins í desembermánuði 1964, hef ég lítið að segja. Það, sem hafði gerzt í þeim málum, var það, að áður hafði söluskatturinn verið hækkaður úr 3% upp í 5½% gagngert í því skyni að greiða tilteknar fjárhæðir til sjávarútvegsins. En síðan tók ríkissjóður allan tekjustofninn, en felldi þá niður jafnframt árið á eftir 95.5 millj. kr. greiðslur til sjávarútvegsins. En það var rétt aðeins formið, því að öllum var ljóst og það lá alveg skýrt fyrir, að það mundi þurfa að halda þessum greiðslum áfram, og þegar ríkisstj. fór enn fram á hækkun söluskattsins úr 5½% upp í 7½%, má vera, að hún hafi talið, að þær fjárhæðir, sem þá fengust inn, ættu að renna í eitthvað annað. En ég efast ekki um, að hún hefur gert sér grein fyrir því, ekki síður en ég, að hluti af þessari hækkun hlyti að eiga að renna til sjávarútvegsins, enda var það samþ. rétt á eftir og sem sagt sömu greiðslunum haldið til sjávarútvegsins og áður hafði verið. En það skiptir ekki máli, hvernig þetta er túlkað. Aðalatriðið er, að mér sýnist, að það liggi ljóst fyrir, að ríkisstj. hugsi sér að leysa vandamál dráttarbrautanna, og að telja má, að hún ætli sér að greiða a. m. k. 60—70 millj. kr. í stuðning til sjávarútvegsins, án þess að þurfi að koma til nýrrar skattlagningar af þeim ástæðum.

Frsm. meiri hl. (Jón Árnason): Herra forseti. Ég vildi koma hér á framfæri leiðréttingu á þskj. 153, en þar hefur misritazt föðurnafn. Það er 19. tölulíður, við 18. gr., d-liður, á að vera Þorbergur Þorvaldsson fyrrv. póstur, en er Þorbergur Guðmundsson. Þó að seint sé, vildi ég koma þessari leiðréttingu á framfæri, svo að það sé ekki um að villast, við hvern er átt.

Stjórnarandstæðingum hefur orðið nokkuð tíðrætt í þessum umr. um það, hvernig núv. ríkisstj. standi að ýmsum málaflokkum og fjárveitingum til þeirra. Ég ræddi áðan nokkuð um, hver afstaða til skólamála er nú í þessu fjárlagafrv., sem hér er verið að afgreiða, og ég taldi, að það hefði komið skýrt fram, að það eru verulega meiri framlög tiltölulega, sem varið er til þessara bygginga, heldur en átti sér stað á tímum vinstri stjórnarinnar. Ég benti á það, að fyrir lægju allverulegar fjárveitingar til 26 nýrra skólahúsa, sem framkvæmdir eru ekki enn hafnar við. Er það allmiklu meira en áður hefur átt sér stað. Það er rétt, að það hefur verið frestað að hefja byggingar á nokkrum skólahúsum, en ég er þess fullviss, að nú eins og oft áður hefur skort á ýmsan undirbúning, til þess að það væri unnt að hefja byggingarnar, og mér er kunnugt um mörg af þessum skólahúsum, að þó að það séu búnar að vera a. m. k. tvennar fjárveitingar til þessara bygginga, liggja ekki fyrir enn þá af hendi þeirra, sem standa að skólabyggingunum, neinar fullgerðar teikningar. Meðan slíkt ástand ríkir, er ekki að búast við því, að hægt sé að hefja framkvæmdir.

Ég ætla svo ekki að fara nánar út í þennan samanburð, sem ég gerði hér fyrr í kvöld, varðandi, hvað það er nú miklu hærri fjárupphæðin, þótt lögð sé til grundvallar vísitöluhækkun á byggingarkostnaði, heldur en áður átti sér stað.

Það hefur einnig í þessum umr. verið nokkuð komið inn á ýmsa aðra liði, sem fé er veitt til og snýr að verklegum framkvæmdum. En það hefur ekki verið minnzt á annað, sem er þó stór liður og snýr að almenningi í þessu landi, að 1958 voru veittar til almannatrygginga 85 millj. 300 þús. kr. En í þessu fjárlfrv. er þessi stuðningur við almenning í landinu að upphæð 695 millj. 825 þús. kr. Þarna munar allmiklu, og ef tekið er tillit til þess kostnaðarauka, sem átt hefur sér stað á þessu árabili, hygg ég, að það sé að verulega miklum mun meira, sem þessi fjárveiting er og verður drýgri fyrir almenning í landinu heldur en 85 millj. 1958. Framlag til hafnarframkvæmda hefur einnig verið nokkuð rætt um. Þar var heildarfjárveiting 12 millj. 775 þús. kr. 1958, í þessu fjárlfrv. eru 43 millj. 450 þús. Og ef við athugum byggingarvísitöluna, sem er um það bil tvöfalt hærri en hún var 1958, sjáum við, hvað varið er tiltölulega miklu meira til hafnarframkvæmda í þessu fjárlfrv. en gert var í tíð vinstri stjórnarinnar 1958. Það var einn hv. þm., sem ræddi hér um þessi mál áðan, og hann talaði um, að fjárveitingar til hafnarmála væru nú í ríkari mæli dregnar úr höndum Alþingis. Sannleikurinn er sá, að 1958, þegar veittar voru 12 millj. 775 þús. kr. til hafnarmála í heild, voru 2 millj. veittar til hafnarbótasjóðs, sem komu til ráðstöfunar af hendi sjútvmrh. Að þessu sinni eru 40 millj. á sama hátt veittar í fjárl., en upphæðin, sem kemur til útdeilingar úr hafnarbótasjóði, er 3.2 millj. Öll hin upphæðin er fyrir fram ákveðin með þeim till., sem hér liggja fyrir um afgreiðslu fjárlaga. Það eru beinar fjárveitingar upp á 16.6 millj., og þar eru taldar upp allar hafnirnar, sem um er að ræða, og ferjubryggjur upp á 450 þús. á sama hátt. Til greiðslu á eftirstöðvum eða halafé, sem er ógreitt af hendi ríkissjóðs, eru 6.4 millj. kr. Þar hefur sá háttur verið hafður á undanförnum árum, að það hefur verið hlutfallslega jafnt til allra hafna eftir því, hver innistæðan hefur verið á hverjum tíma. Þá er það fjórði liðurinn, sem nemur 16 millj. og 800 þús. kr. Það er til greiðslu á hafnarlánum. Af þessum 16.8 millj. kr. var upplýst við 2. umr. málsins, að 7 millj. kr. ganga til endurgreiðslu á lánum fyrir Þorlákshöfn. Það má þó segja, að allir þessir fjórir liðir séu fyrir fram ákveðnir af Alþ., hvert greiðslurnar eigi að ganga.

Ég vil að lokum minnast á fjárveitingar til læknisbústaða og sjúkrahúsa, sem hér hefur einnig verið minnzt á. Það voru á árinu 1958, svo að maður haldi áfram þeim samanburði, veittar 3 millj. og 300 þús. kr. til sjúkrahúsa, annarra en ríkissjúkrahúsa. En í þessu fjárlagafrv., sem hér liggur fyrir, eru veittar 18 384 606 kr. Þá var varið til ríkissjúkrahúsa á árinu 1958 5 millj. 190 þús., en á næsta ári verða veittar samkv. frv. 30 millj. 560 þús. kr. til þessara sömu framkvæmda.

Ég hef farið hér yfir nokkra af þessum helztu liðum, sem snúa að fjárveitingum til framkvæmda í þessu fjárlagafrv. Það ber allt að sama brunni, að fjárveitingar í öllum þessum efnum eru nú að miklum mun ríflegri, þó að lagður sé til grundvallar sá kostnaðarauki, sem átt hefur sér stað á þessu tímabili, heldur en var á dögum þeirra manna, sem gagnrýnt hafa mest þessar tölur að þessu sinni.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 21. fundi í Sþ., 14. des., var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 141, n. 151, 153, 159, 160, 164, 165, 166, 175).

ATKVGR.

Brtt. 159,1—2 samþ. með 31:19 atkv.
— 153,1 samþ. með 34 shlj. atkv.
— 166,I samþ. með 37 shlj. atkv.
— 153,2 samþ. með 39 shlj. atkv.
— 160,I samþ. með 47 shlj. atkv.
— 166,II tekin aftur.
— 153,3—5 samþ. með 41 shlj. atkv.
— 164,I felld með 30:10 atkv.
— 153,6 samþ. með 37 shlj. atkv.
— 164,II samþ. með 35 shlj. atkv.
— 165,1.a felld með 29:25 atkv.
— 165,1.b felld með 31:6 atkv.
— 165,1.c felld með 30:24 atkv.
— 165,1.d—g felld með 31:7 atkv.
— 153,7 samþ. með 33 shlj. atkv.
— 153,8—13 samþ. með 38 shlj. atkv.
— 165,2.a felld með 30:24 atkv.
— 165,2.b felld með 27:7 atkv.
— 165,2.c felld með 30:26 atkv.
— 165,2.d—e felld með 31:7 atkv.
— 153,14—20 samþ. með 37 shlj. atkv.

Brtt. 164,III.1 felld með 30:7 atkv.
— 175,1 samþ. með 32 shlj. atkv.
— 153,21, svo breytt, samþ. með 36 shlj. atkv.
— 153,22 samþ. með 34 shlj. atkv.
— 164,III.2 felld með 29:8 atkv.
— 175,2 samþ. með 37 shlj. atkv.
— 153,23 samþ. með 36 shlj. atkv.
— 153,24—31 samþ. með 39 shlj. atkv.
— 165,3 felld með 28:9 atkv.
— 153,32—34 samþ. með 34 shlj. atkv.
— 160.II.1 samþ. með 33 shlj. atkv.
— 153,35—47 samþ. með 33 shlj. atkv.
— 160.II.2 samþ. með 33 shlj. atkv.
— 153,48—56 samþ. með 35 shlj. atkv.
— 160,II.3 samþ. með 31 shlj. atkv.
— 165,4 felld með 27:10 atkv.
— 164,IV samþ. með 40 shlj. atkv.
— 153,57—58.a samþ. með 37 shlj. atkv.
— 153,58.b samþ. með 34:2 atkv.
— 153,58.c—d—59 samþ. með 34 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 31 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 187).

3. Gjaldaviðauki.

Á 1. fundi í Sþ., 11. okt., var útbýtt frá Nd.:

Frv. til l. um innheimtu ýmissa gjalda með viðauka [2. mál] (stjfrv., A. 2).

Á 4. fundi í Nd., 19. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Hér er um að ræða frv. um innheimtu ýmissa gjalda með viðauka. Það er shlj. lögum, sem um þetta hafa gilt og hafa verið framlengd frá ári til árs. Frv. er algerlega óbreytt frá þeim lögum, sem nú gilda um þetta, og tel ég ekki þörf frekari framsögu um málið, þar sem það er þegar kunnugt öllum hv. þm. og ekki er um að ræða neina breytingu frá gildandi löggjöf.

Ég legg til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til fjhn. með 27 shlj. atkv.

Á 25. fundi í Nd., 6. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 2, n. 123).

Frsm. (Davíð Ólafsson): Herra forseti. Frv. þessu var vísað til fjhn. Það veitir ríkisstj. heimild til þess að innheimta á árinu 1966 ýmis gjöld með viðauka og er sama eðlis og lög, sem nú gilda um innheimtu þessara sömu gjalda. Hefur raunar verið svo um nokkur undanfarin ár, að þessi gjöld hafa verið innheimt með þeim viðaukum, sem tilgreindir eru í frv. Fjhn. hefur yfirfarið frv., og í nál. á þskj. 123 mælir n. með því, að frv. verði samþ. óbreytt.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 26. fundi í Nd., 7. des., var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Á 27. fundi í Nd., 9. des., var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 25. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 26. fundi í Ed., 10. des., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Með þessu frv. er lagt til að framlengja heimild til handa ríkisstj. til þess að innheimta á árinu 1966 ýmis tiltekin gjöld með viðauka. Þetta er sams konar frv. og samhljóða, svo sem flutt hefur verið hér á mörgum undanförnum þingum, og er ekki um neina breyt. að ræða frá þeim gjöldum, eins og þau voru skv. þeim l., sem nú gilda um þetta.

Frv. var samþ. einróma í Nd., og sé ég ekki ástæðu til þess að fara um það fleiri orðum, en vil mega vænta þess, að það geti fengið afgreiðslu í þessari hv. d., áður en þinghlé verður nú hér fyrir áramótin.

Vil ég leyfa mér að leggja til, herra forseti, að frv. verði að þessari umr. lokinni vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til fjhn. með 15 shlj. atkv.

Á 27. fundi í Ed., 14. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 2, n. 170).

Frsm. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, er gamall kunningi í þessari hv. d. Gjaldaviðaukar þeir, sem þar er um að ræða, hafa um alllangt skeið verið framlengdir frá ári til árs. Haustið 1959 eða á fyrsta þinginu, sem samvinna þeirra flokka, er styðja núverandi hæstv. ríkisstj., hófst, var sú breyting gerð á í vinnuhagræðingarskyni, að þessum mismunandi frv. var þá steypt saman í eitt frv. Þessu var að vísu misjafnlega tekið, og hlaut frv. þá nafnið „bandormurinn", a. m. k. þegar um það var rætt í hliðarherbergjum þingsalanna. Síðan hafa ýmsir þeir liðir, sem mestum ágreiningi ollu, verið felldir niður úr frv., þannig að á síðustu árum hefur ekki verið um það teljandi ágreiningur, og svo hefur farið í meðförum þingsins að þessu sinni, sem m. a. má sjá

af nál. fjhn. á þskj. 170, en þar leggur n. einróma til, að það verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 28. fundi í Ed., 15. des., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 195).

---

4. Húsnæðismálastofnun ríkisins (stjfrv.).

Á 1. fundi í Sþ., 11. okt., var útbýtt frá Ed.:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 19 10. maí 1965, um Húsnæðismálastofnun ríkisins [6. mál] (stjfrv., A. 6).

Á 4. fundi í Ed., 19. okt., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 5. fundi í Ed., 21. okt., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Með kjarasamningunum í júní 1964 má segja, að brotið hafi verið í blað í samskiptum launtaka og vinnuveitenda fyrir ýmiss konar milligöngu ríkisstj. Nú er það út af fyrir sig ekki nýtt atriði, að til afskipta ríkisvaldsins komi í slíkum kjaradeilum. Þvílík afskipti hafa átt sér stað að meira eða minna leyti hjá alla vega samsettum ríkisstj. á undanförnum árum. Það, sem var fyrst og fremst sérstakt við fyrrgreinda samningagerð og endurtók sig aftur á s. l. sumri, var milliganga ríkisins um félagslegar umbætur til lausnar þessum kjaradeilum. Hægt er að vísu að benda á hliðstæða hluti fyrr við svipaðar aðstæður, eins og með tilkomu atvinnuleysistryggingasjóðs til lausnar á langvinnri vinnudeilu árið 1955. Þrátt fyrir að finna megi einstöku atriði hliðstæð til lausnar kjaradeilum áður, munu þeir, sem bezt til þekkja, á einu máli um, að við lausn deilunnar s. l. sumar og árið 1964, hið svonefnda júnísamkomulag, þá hafi hin félagslega hlið samkomulagsins aldrei verið viðtækari og um leið áhrifameiri um niðurstöður samningsaðila.

Með þeirri lagabreytingu, sem átti sér stað á síðasta þingi og í meginatriðum var staðfesting á því, sem gerðist í júnísamkomulaginu 1964, ásamt því, sem enn bættist við í samningunum í júlí s. l., má segja, að umbæturnar felist fyrst og fremst í eftirfarandi atriðum varðandi húsnæðismál:

1) Hámarkslán voru hækkuð úr 150 þús. kr. í 200 þús. kr. og 280 þús. kr. fyrir þá, sem hófu byggingu á þessu ári. Á vegum byggingarsjóðs verkamanna voru hámarkslánin hækkuð úr 300 þús. kr. í 450 þús. kr., og hefur nú nýlega þar verið lokið við stærstu lánveitingu í allri starfssögu þeirrar lagasetningar.

2) Lánstíminn var lengdur um eitt ár, þannig að fyrsta árið er nú afborgunarlaust, aðeins eru þá greiddir vextir.

3) Heimilað er nú að lána bæjar- og sveitarfélögum, sbr. 1. gr. frv., til bygginga lítilla, en hagkvæmra leiguíbúða.

4) Sett er á stofn sérstök framkvæmdanefnd til fjöldaframleiðslu íbúða, sem einkum eru ætlaðar láglaunafólki í verkalýðsfélögum, og verður tilraun þessi hafin hér í mesta þéttbýlinu í Reykjavík, en fyrirhugað er að útbreiða þessa starfsemi, þegar reynsla og árangur liggja fyrir. Lán til þessara íbúða verða til 33 ára, 3 fyrstu árin afborgunarlaus, en greiðist síðan á 30 árum. Lán má nema allt að 80% af byggingarkostnaði.

5) Lofað er í samráði við verkalýðssamtökin allsherjar endurskoðun á allri lagasetningu um húsnæðismál til samræmingar og athugunar á því að setja upp nýtt heildarkerfi, er hafi með höndum alla stjórn og forustu þessara mála fyrir ríkisins hönd.

6) Vextir voru lækkaðir um nær helming, úr 8¼% í 4¼, en vísitöluákvæði eða verðtrygging sett inn, er reiknist á hverju ári. Höfuðrökin fyrir þessu ákvæði voru einkum tvenn: 1) Vísitöluútreikningur var á ný upp tekinn á launagreiðslur, og þótti þá samræmi í að gera það einnig á útlán. 2) Hlutur skyldusparnaðarins í árlegum tekjum byggingarsjóðs var hækkaður um rúmlega helming, úr 6% í 15%, en það fé er allt verðtryggt. Þannig hefði með áframhaldandi verðbólgu sífellt gengið á ráðstöfunarfé byggingarsjóðsins, ef ekkert hefði verið að gert honum til tryggingar.

7) Sérstök heimild var sett inn í lögin um viðbótarlán til efnalítilla meðlima verkalýðsfélaga, og skal í því skyni heimilt að verja allt að 15—20 millj. kr. árlega.

Enn þá hefur ekki verið minnzt á eitt aðalatriði húsnæðismálavandans, en það eru þau kjör, sem leigjendur íbúðarhúsnæðis búa við, en þeir eru alls ekki fáir, einmitt meðal lægra launaða verkafólksins. Við búum í dag við algerlega úrelt lagaákvæði um hámark húsaleigu. Í lögum þessum er jafnvel talað um 9 og 11 krónu hámarksgjald á hvern fermetra á mánuði, og er jafnvel fyrirboðið að reikna húsaleiguvísitölu á þessar tölur. Þessi ákvæði eru svo fjarri raunveruleikanum, að vafalítið má telja, að ekki sé eftir þeim farið og beinlínis torveldi aukningu á þessari tegund húsnæðis, þ. e. leiguhúsnæði. Afleiðingarnar verða svo óhjákvæmilega þær, að framboð og eftirspurn ræður verðlaginu, en lagaákvæðin eru óvirk. Í framkvæmd verður því að greiða undir borði einhver afarkjör, sem enginn má vita, hver eru, ef nokkurt húsnæði á annað borð fæst. Fullvíst er á sama hátt, að engin leið er til þess að láta nýtt húsnæði standa undir sannanlegum kostnaði með fyrrgreindri leigu, svo fjarri öllum sanni eru þær tölur, miðað við nútíðarverðlag, ef

leigja á íbúðir þannig, að leiga þeirra standi undir sannanlegu kostnaðarverði og rekstri. Þau sveitarfélög, sem kynnu að vilja notfæra sér fyrrgreinda lánsheimild, sbr. 1. gr. frv., til byggingar leiguíbúða, verða því knúin til lögbrota að óbreyttum lögum. Þá hafa mér verið nefnd nokkur dæmi um, að aðilar, sem gætu leigt frá sér húsnæði, geri það ekki, þar sem þeir vilja ekki gerast lögbrjótar, og láti þar af leiðandi íbúðirnar heldur standa auðar. Það ber því bryna nauðsyn til að endurskoða húsaleigul. og afnema nuverandi löggjöf, sem vart nokkur maður mun fara eftir, og ef þörf er á talin, að undirbúa setningu nýrrar löggjafar um húsaleigu. Erindisbréf til húsnæðismálastjórnar, dags. 15. okt. 1965, um þessi efni er orðrétt svo hljóðandi, og tel ég rétt, að það sé lesið upp til þess að geta skýringar á því, að sú endurskoðun, sem ég áðan ræddi um, er þegar hafin, en erindisbréfið hljóðar svo orðrétt:

„Í samræmi við yfirlýsingu ríkisstj. um húsnæðismál, sem gefin var í júlímánuði s. l. í sambandi við samninga verkalýðsfélaganna um kjaramál, hefur ríkisstj. ákveðið að láta fram fara endurskoðun l. um verkamannabústaði og gildandi lagaákvæða um opinbera aðstoð vegna útrýmingar heilsuspillandi húsnæðis með það fyrir augum að sameina til frambúðar í einum lagabálki opinbera aðstoð við húsnæðisöflun láglaunafólks, þ. á m. um þær íbúðabyggingar, sem um ræðir í 3. lið yfirlýsingarinnar.

Ríkisstj. hefur ákveðið að fela yður að framkvæma endurskoðun þessa, semja síðan frv. til l. um húsnæðismálin samkv. yfirlýsingunni. Jafnframt er þess óskað, að athugað verði í sambandi við endurskoðun þessa, hvort nauðsyn sé á lagaákvæðum um húsaleigu. Eins og yður er kunnugt, liggur nú fyrir Alþ. stjfrv., sem gerir ráð fyrir afnámi l. frá 1952, um hámark húsaleigu. Ef þér teljið, að nauðsyn sé á lagaákvæðum um þetta efni, er þess óskað, að þér látið gera frv. til l. um það eða fella ákvæði þar að lútandi inn í frv. það um húsnæðismálin, sem hér um ræðir, ef það þætti betur við eiga.

Rn. heimilar yður að ráða yður aðstoðarmenn við þetta verkefni og vill jafnframt tjá yður, að það mun vera yður til aðstoðar, eftir því sem þér kunnið að óska eftir.“ — Síðan eru undirskriftir.

Ákvörðun um að fela húsnæðismálastjórn framangreint verkefni var tekin í samráði við forustumenn A. S. Í., sbr. lokaorð margnefndrar yfirlýsingar ríkisstj. um húsnæðismál og um, að samráð yrði haft við verkalýðssamtökin um heildarendurskoðun þessa.

Um efni einstakra gr. frv., sem hér er til umr., get ég verið fáorður. Frv. er, svo sem fyrr er sagt, flutt til staðfestingar á þeirri yfirlýsingu, sem prentuð er með því. 1. og 5. gr. frv. eru nánast leiðréttingar vegna nafnabreytinga, sem átt hafa sér stað í öðrum l. Að auki er í 1. gr. frv. heimilað, að ríkisstj. gangist í samvinnu við sveitarfélög fyrir byggingu ódýrra íbúða í fjölbýlishúsum, svo sem nánar verður að vikið. Í júnísamkomulaginu 1964 var ákveðið, að ríkissjóður skyldi árlega leggja byggingarsjóði ríkisins eða húsnæðismálastjórn 40 millj. kr., sem aflað yrði með skatti á fasteignir eða á annan hátt, eins og sagt var í yfirlýsingu um húsnæðismál þá. Í framhaldi þessarar ákvörðunar var þá ákveðið að afla fjárins með þreföldun á fasteignamati til eignarskatts. Þessi tekjuöflun hefur nú í reynd sýnt sig að duga aðeins fyrir tæpum helmingi eða 50% af því, sem fyrirhugað var, og er því með 2. gr. frv. lagt til, að skattlagning þessi verði hækkuð um helming, úr þreföldun í sexföldun, í von um, að þá allist ríkissjóði fé langdrægt fyrir umræddu framlagi. Mönnum kann að finnast, að ákvæði um þetta ætti fremur heima í l. um tekju- og eignarskatt. Á síðasta þingi var hins vegar talið rétt að hafa ákvæði þetta í l. um húsnæðismálastofnunina, þar sem um tekjuöflun til húsnæðismála væri að ræða.

3. og 4. gr. frv. eru meginefni þess. Þar eru ákvæði um hækkun hámarkslána, sem fyrr er á minnzt. Sérstök ástæða er til að skýra nánar ákvæði 4. gr., en þar er fjallað um hið nýja átak, sem fyrirhugað er að gera um byggingu hagkvæmra, en ódýrra íbúða, svo og lánakjör þeirra. Um það var samið á árinu 1964 að heimila sérstök viðbótarlán til efnalítilla meðlima verkalýðsfélaga fyrir allt að 15—20 millj. kr. árlega. Með samkomulaginu frá því í júní s. l. var hins vegar einnig samið um tilraun til byggingar hagkvæmra íbúða fyrir láglaunafólk í verkalýðsfélögum, sbr. 3. tölulið í yfirlýsingu ríkisstj., stafl. a—d. Það er um lánakjör á þessum íbúðum, sem 3. og 4. gr. frv. fjalla. Eins og þar greinir, eru lánakjörin ákveðin þannig, að lána má allt að 80% eða ⅘ hluta af verðmæti íbúðar til 33 ára, afborgunarlaust fyrstu 3 árin, en endurgreiðist síðan á 30 árum. Til þess að létta hinum væntanlegu eigendum íbúðanna erfiðasta hjallann í greiðslum fyrstu 3 árin er gert ráð fyrir, að aðeins verði greiddir vextir, en ekki afborganir. Þá er einnig í senn hugsað til tryggingar og að létta útborgunarerfiðleika væntanlegra íbúðaeigenda með því að dreifa útborguninni á því, sem mismuni láns- og kostnaðarverðs nemur, þannig, að a. m. k. 5% af verðmæti íbúðarinnar verði greidd einu ári áður en hlutaðeigandi er afhent íbúðin fullgerð.

Í margnefndu samkomulagi var ákveðið að hefja þessa tilraun hér í Reykjavík af eftirfarandi ástæðum: 1) Hér er byggingarkostnaður talinn hæstur á landinu og því mest að vinna til lækkunar á honum. 2) Hér eru nú mestir möguleikar til hagnýtingar á nýjustu tækni til sparnaðar og lækkunar á byggingarkostnaði, en 250 íbúðir á ári eru taldar nauðsynlegt lágmark til að gera slíkar tilraunir með fyrir fram tryggðu fjármagni. 3) Þau verkalýðsfélög, sem samningssvæði eiga í Reykjavík og nágrenni, lögðu að þessu sinni mesta áherzlu á úrlausn þessara mála. Sú ákvörðun um að hefja þessa tilraun hér í Reykjavík var, að ég tel, í huga allra, er að samningagerðinni stóðu, fyrst og fremst mótuð af framangreindum ástæðum. Á sama hátt tel ég, að í huga allra hafi verið að færa þessa auknu aðstoð út um land, strax og nægjanleg reynsla væri fengin af umræddum nýjungum í þessum afskiptum hins opinbera af húsnæðismálum. Þegar nauðsynleg reynsla í þessum efnum liggur fyrir, er því bæði eðlilegt og þjóðhagslega nauðsynlegt að snúa sér að þeim öðrum byggðarlögum, sem við mesta erfið-

leika eiga að etja í þessum málum, með þær byggingaraðferðir, sem beztar hafa þá reynzt.

Í sambandi við þær nýju leiðir, sem hér er lagt inn á, tel ég ástæðu til að vara við allt of mikilli bjartsýni um skjótan og auðfenginn árangur, sem allan vanda okkar í þessum efnum leysi á skömmum tíma. Í þessu sambandi leyfi ég mér að vitna til Danmerkur, sem svipað átak gerði fyrir nokkrum árum, en þar var skýrt fram tekið, að fyrstu 5 árin í hinum nýju byggingarháttum mundu ekki sýna neina verulega lækkun byggingarkostnaðar. Að þeim tíma liðnum mundi hann árlega koma í ljós. Þetta stóðst hjá þeim hvað hin verksmiðjuframleiddu hús snerti. Það er öllum augljóst, að verði með umræddu átaki okkar lagt inn á verulega breyttar byggingaraðferðir, þurfa þær nýjungar ákveðinn aðlögunartíma fyrir iðnaðar- og verkamenn í byggingariðnaði og verulega breyttar kröfur væntanlegra íbúðareigenda til íbúðanna sjálfra, sem þó á ekki að þurfa að ganga út yfir sjálf gæði þeirra til íbúðar.

Þessir erfiðleikar, sem þegar eru fyrirsjáanlegir, ásamt ýmsum minni háttar atriðum, sem í dag eru e. t. v. ekki sjáanleg, eiga ekki og mega aldrei víkja okkur af vegi þeirrar nauðsynlegu og sífelldu leitar eftir lækkun byggingar- og húsnæðiskostnaðarins. Hvert skref í þá átt er áreiðanlega sú haldbezta kjarabót, sem völ er á í dag öllum almenningi til handa.

Það hefur stundum örlað á því, að of löngum tíma hafi verið í það eytt að þrátta um, hvaða ár byggingarkostnaður hafi aukizt mest og hverjir hafi þá setið í ríkisstj. Það er e. t. v. nauðsynleg og lýðræðisleg þjónusta við kjósendur að gera slíkan samjöfnuð, en lítið hefur það bætt byggingar- og húsnæðiskostnaðinn í landinu. Sú staðreynd blasir við, að þessi kostnaður hefur vaxið allt of hratt, hverjir sem í ríkisstj. hafa setið. Um það efni þurfa kjósendur engar upplýsingar eða flóknar samanburðartölur héðan frá hv. Alþ. Í því efni óska hlutaðeigendur eftir sem raunhæfustum tilraunum til úrbóta í þessu máli.

Ákvæði frv. til bráðabirgða er staðfesting á mjög mikilsverðum atriðum, sem um var samið s. l. sumar. En þau eru í fyrsta lagi, að á næstu 5 árum skuli hin almennu hámarkslán hækka um 15 þús. kr. á ári, jafnvel þótt vísitala byggingarkostnaðar hækki ekki um það, sem þeirri fjárhæð nemur. Í öðru lagi, þeir lánsumsækjendur, sem sannanlega hófu byggingarframkvæmdir á tímabilinu 1. apríl til 31. des. 1964, skulu eiga kost á viðbótarláni hjá Húsnæðismálastofnun ríkisins, allt að 50 þús. kr. á íbúð. Fyrra atriðið á að tryggja það, að eftir 5 ár verði almennu hámarkslánin orðin 355 þús. kr. á íbúð, jafnvel þótt byggingarvísitala hafi þá ekki hækkað að sama skapi. Á undanförnum árum hafa hámarkslánin tekið sífelldum breytingum til hækkunar og þá ávallt verið nauðsynlegt að breyta l., þar sem nauðsynlegt hefur verið talið að hafa tölulegt hámark í sjálfum l. Síðara atriðið, um 50 þús. kr. lánahækkunina á tilteknum byggingartíma, er fram komið í því skyni að koma til móts við þá umsækjendur, sem hófu byggingarframkvæmdir um og eftir að samningaviðræðurnar hófust og þangað til hið nýja lánahámark um hækkun úr 150 þús. í 280 þús. kr. tók gildi. Ríkisstj. hét því í margnefndri yfirlýsingu sinni að tryggja í þessu skyni viðbótarfjáröflun, er nemi því viðbótarfjármagni, sem lánahækkun þessi krefst, og mun það gert með lánsútvegun til byggingarsjóðs eða húsnæðismálastjórnar. Samkv. nýgerðri athugun á fjárþörf í þessu skyni, þ. e. til að mæta þessari 50 þús. kr. hækkun, er talið, að um 600—650 umsækjendur geti átt umræddan rétt og fjárþörfin í þetta atriði eitt yrði því á milli 30 og 35 millj. kr.

Til enn frekari fróðleiks fyrir hv. þdm. vil ég skýra frá því, að um þessar mundir hefur húsnæðismálastofnunin starfað í 10 ár, en hún hóf starf sitt í nóvemberbyrjun árið 1955 samkv. l., sem sett voru á Alþ. fyrr á því ári. Á þessum 10 árum virðist við lauslega athugun, sem gerð hefur verið um starf stofnunarinnar, svo sem lánað hafi verið til rúmlega 8600 íbúða fyrir samtals 834.5 millj. kr., eða að meðaltali rúml. 96 þús. kr. á íbúð. Í fyrstu voru almennt lánaðar 70 þús. kr. á íbúð, síðan hækkuð í 100 þús., og eftir 1. ágúst 1961 voru lánin aftur hækkuð í 150 þús. kr. á íbúð til 1. apríl 1964, þá voru hámarkslánin aftur, eins og fyrr er sagt, hækkuð í 200 þús. kr. út það ár eða til síðustu áramóta, en frá þeim tíma tóku núgildandi hámarkslán gildi með 280 þús. kr. hámarkslána, auk þess með ráðgerðri árlegri 15 þús. kr. hækkun næstu 5 árin, svo sem fyrr er greint. Hæst hafa árlegar fjárveitingar komizt í 160.5 millj. kr. á s. l. ári, en það sem af er þessu ári hafa verið veittar 146 millj. kr. Húsnæðismálastjórn undirbýr nú síðari lánveitingu þessa árs, og standa vonir til að hægt verði að fullnægja eldri lánsumsóknum og ganga nokkuð til móts við þessa árs umsóknir.

Í hinu margnefnda júnísamkomulagi frá 1964 var gert ráð fyrir möguleika á millifærslu fjár til eldri og nýrri lána fyrst í stað, meðan unnið væri að fullnægingu fyrirliggjandi lánsumsókna frá fyrri tímum. Það er skoðun mín, að sá augljósi árangur, sem þegar hefur náðst til fjárhagslegrar undirstöðu að stórlega auknum lánveitingum og þar með öðrum möguleikum húsnæðismálastjórnar til aukinna áhrifa á húsnæðisvandamál landsbyggðarinnar allrar, sé öllum þeim, sem þar hafa að komið, til sóma og virðingar. Um það munu e. t. v. komandi kynslóðir bezt geta vitnað.

Herra forseti. Það er ósk mín, að frv. þetta fái sem allra skjótastan framgang hér í hv. þd., m. a. vegna þess, að ýmis framkvæmdaatriði, sem ákveða verður í reglugerð, er ekki unnt að koma á fyrr en að lokinni afgreiðslu málsins, og ekki virðist heldur ástæða til þess að ætla, að stórfelldur ágreiningur þurfi að verða um frv. í heild, þar sem það er að meginefni staðfesting á samkomulagi, sem allir aðilar fögnuðu á sínum tíma.

Það er till. mín, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og félmn.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Það er ástæða til að þakka hæstv. félmrh. glögga framsögu og góðar upplýsingar, sem hann gaf um ýmis atriði varðandi framkvæmd húsnæðis-

málalöggjafarinnar. Í því frv., sem hér liggur fyrir, er gert ráð fyrir nokkuð aukinni aðstoð við efnalitla húsbyggjendur, ákveðið, að hækkuð skuli lán til þeirra, sem framkvæmdir hófu á árinu 1964, og ríkisstj. veitt heimild til að hefja byggingu hagkvæmra og ódýrra íbúða í fjölbýlishúsum í samstarfi við viðkomandi sveitarfélög. Ég álít þessi ákvæði öll til bóta og tel þau raunar vera nauðsynlegar endurbætur á húsnæðismálalöggjöfinni og get þess vegna mælt með því, að þær breytingar nái fram að ganga. Ég tel vissulega enga vanþörf á þeim, og reyndar hafa menn séð um nokkurn tíma, að það var ekki vanþörf á þessum breytingum á húsnæðismálalöggjöfinni, sem ég áðan nefndi og í frv. þessu felast. Ef ég man rétt, bar þær á góma í sambandi við afgreiðslu húsnæðismálalöggjafarinnar á síðasta þingi, og þá komu fram ábendingar um og jafnvel brtt. um, að nauðsynlegt væri að gera þær breytingar á húsnæðismálalöggjöfinni þá, sem nú eru hér ráðgerðar. En þá náðu þær ábendingar ekki eyrum hv. stjórnarstuðningsmanna og fengu engan hljómgrunn hjá þeim. Þá var sagt, að húsnæðismálalöggjöfin, eins og þá var fyrirhugað að ganga frá henni, væri í himnalagi og það þyrfti ekki að gera á henni frekari endurbætur.

Nú leggur stjórnin hins vegar fram þetta frv., sem í felast þessar breytingar. Það er alltaf ánægjulegt, þegar menn sjá mistök sín og viðurkenna þau. Að vísu er það alltaf ánægjulegt, ef það gerist af sjálfsdáðum og menn gera yfirbót, án þess að til komi nokkur utanaðkomandi áhrif. Því miður er því ekki að heilsa í þessu falli, því að eins og kunnugt er og glöggt sést reyndar af því fskj., sem fylgir með þessu frv. og hæstv. félmrh. dró heldur enga dul á, eru þessar breytingar þannig til komnar, að þær voru knúðar fram í kjarasamningum á s. l. sumri. Og reyndar held ég, að segja megi, að þær endurbætur, sem gerðar hafa verið á húsnæðislöggjöfinni nú í tvö síðustu skiptin, hafi aðallega orðið til vegna þess, að á þær var knúið og um þær var samið í sambandi við lausn kjaradeilna. Og ég held, að það hafi reyndar komið fram og verið viðurkennt af hæstv. félmrh., að svona væri það. En samt er það nú svo, að þegar mál þessi koma til kasta Alþ., virðast allir hv. alþm. á einu máli um, að nauðsynlegt sé að gera þessar breytingar. En ósköp hefði það verið miklu skemmtilegra, ef Alþ. hefði sjálft fundið hjá sér hvöt til að gera þessar breytingar, án þess að það hefði þurft að knýja þær fram með þessum hætti.

En það má einu gilda, hvernig forsaga þessa máls er, að því leyti til, að þessar breytingar, sem nú liggja fyrir og ég nefndi í upphafi máls míns, eru nauðsynlegar endurbætur að mínum dómi, og er út af fyrir sig sjálfsagt að veita þeim allan þann stuðning og greiða fyrirgreiðslu, sem hæstv. félmrh. fór fram á.

Ég er hins vegar alveg andvígur þeirri margföldun eignarskatts eða hækkun fasteignaskatts, ef menn vilja heldur orða það svo, sem í þessu frv. felst. Ég álít hana í stuttu máli sagt óhæfilega handahófskennda. Ég tel, að húnýti undir dýrtíðina, muni valda hækkun húsaleigu, áður en varir, og bitni þannig á þeim, sem síst skyldi. Og ég tel, að með því að fara inn á þessa braut, sem hér er gert ráð fyrir, sé ríkið að draga undir sig tekjustofn, sem það þó var áður í raun og veru búið að láta af hendi til sveitarfélaganna.

Að lokum verð ég að segja það, að á frv. þessu er ákaflega leiðinlegur lagatæknilegur ágalli. Ég skal nú í stuttu máli reyna að finna orðum mínum nokkurn stað.

Í frv. þessu er gert ráð fyrir því, að eignarskattur verði miðaður við sexfalt fasteignamat, í stað þess sem hann eftir gildandi húsnæðismálastofnunarlögum er miðaður við þrefalt fasteignamat. Þarna er um að ræða gífurlega hækkun á eignarskatti. Hæstv. félmrh. sagði, að þarna væri um tvöföldun eignarskattsins að ræða, ef ég tók rétt eftir. Má þó vera, að ég hafi misskilið hann. En það er vitaskuld ekki rétt, að þarna sé um tvöföldun eignarskattsins að ræða, heldur getur þarna verið um miklu meiri hækkun að tefla, og það er vegna þess, að það er þarna um að ræða sexföldun á fasteignamati í stað þreföldunar, en vegna stighækkunar eignarskattsins og af öðrum ástæðum getur hækkunin á honum vitaskuld orðið mun meiri en þessi hækkun á fasteignamatinu.

Þarna er sem sagt lagt til að sexfalda fasteignamat allra fasteigna án tillits til þess, hvar þær eru, með þeirri undantekningu þó, sem nú greinir í lögunum, að bújarðir í sveit, eins og það er nú orðað, skuli verða undanþegnar.

Ég lít svo á, að þessi hækkun sé allt of handahófskennd, að ætla að margfalda fasteignamatið eins og þarna er ráð fyrir gert, alveg án tillits til þess, hvernig á stendur í hverju falli. Ég álít, að það, sem gera hefði átt, ef taka ætti upp fasteignaskatt í jafnríkum mæli og hér virðist gert ráð fyrir, þá hefði átt að ljúka fasteignamati því, sem stendur yfir, og miða fasteignaskattinn við það fasteignamat. Ég skal viðurkenna, að fasteignamatið sé of lágt og það sé ekki sanngjarn mælikvarði til þess að miða við. En ég tel réttu leiðina til að leiðrétta það vera þá að láta fara fram nýtt fasteignamat, en ekki þá að margfalda fasteignamatið svona af algerðu handahófi, alveg án tillits til þess, hvernig stendur á í hverju tilfelli. Ég vil alls ekki segja, að það geti ekki komið til mála að nota fasteignir sem grundvöll fyrir tekjuöflun og að það megi ekki nota fasteignaskatt. Það getur að mínu áliti vel komið til greina. En það á að miða hann við rétt mat á fasteignunum, en ekki fara að svo sem hér er gert. Ég nefni það bara t. d., hvort það sé sama að eiga fasteignir hér í Reykjavík eða t. d. á Siglufirði nú í dag. Ætli fasteignir á Siglufirði séu seljanlegar nú í dag með svipuðum hætti og með svipuðu verði og í Reykjavík eða í Hafnarfirði? Ég held ekki. Ég held, að það sé ákaflega ólíku saman að jafna. Ég held, að það sé ákaflega ósanngjarnt að leggja svo handahófskenndan mælikvarða á þetta sem hér er gert, að ætla að margfalda þetta með sex.

Ég skil það, að fasteignamat þarf vel að vanda, og það getur tekið nokkurn tíma, en ég álít þó, að það ætti að vera auðvelt að hraða því svo, að það þyrfti ekki að grípa til þessarar handahófsaðgerðar, sem hér er ráðgerð.

Þá vil ég enn fremur minna á það, að fasteignaskattur til ríkisins var lengi í lögum. Ef ég man rétt, voru það lög frá 1921, sem heimiluðu fasteignaskatt til ríkisins, að vísu ekki háan, en þó nokkurn. En þeim lögum var breytt, ef ég man rétt, eitthvað um 1954 á þá lund, að sá fasteignaskattur skyldi framvegis renna til sveitarsjóðanna, og síðan hafa sveitarsjóðirnir notið þessa fasteignaskatts, og meira að segja verið veitt heimild til þess að hækka þessi fasteignagjöld til sveitarsjóðanna, og sú heimild hefur verið notuð víða, að ég hygg, og nú eru ákvæði um þessi fasteignagjöld til sveitarfélaganna einmitt í aðallögunum um tekjustofna sveitarfélaga.

Ég álít, að með því að ætla nú að hækka fasteignaskattinn í raun og veru með þeirri hækkun eignarskattsins, sem hér er ráðgerð, svo gífurlega mikið til ríkisins eins og hér er gert ráð fyrir, sé mjög þrengt að kosti sveitarfélaganna, en sveitarfélögunum veitir sannarlega ekki af tekjustofnum. Og eins og ég sagði áðan, álít ég, að út af fyrir sig geti verið eðlilegt að nota fasteignaskatt, en ég álít það þá eðlilegast að vera ekki að kljúfa hann niður og deila honum á milli ríkis og sveitarfélags. Ég held, að ef á að nota fasteignaskatt og að svo miklu leyti sem á að nota hann, þá væri eðlilegt að láta sveitarfélögin sitja fyrir þeim skattstofni. Hitt er í raun og veru óhæfa, að ríki og sveitarfélög séu alltaf sí og æ að róa á sama miðið og taka sömu skattana og miða við sömu skattstofnana og skipta þannig á milli sín. Ég álít, að með þessu sé eiginlega verið að taka það aftur, sem þó var búið í framkvæmd a. m. k. að veita sveitarfélögunum fullkominn ádrátt um, að þau mættu hafa þennan tekjustofn fyrir sig.

Þá vil ég loks taka það fram, að ég hef það á móti þessari tekjuöflun, að ég er ekki í nokkrum vafa um það, að sú hækkun, sem hér kemur til með að eiga sér stað á fasteignaskatti eða á eignarskatti, verður mjög fljótlega lögð á húsaleiguna, þannig að það verða leigutakar, sem innan skamms verða að standa undir þessum skatti í raun og veru, því að vissulega var það alveg hárrétt lýsing, sem hæstv. félmrh. gaf hér áðan af ástandinu í þessum húsaleigumálum. Við vitum það, að ákvæðin um hámarkshúsaleigu eru ekki nema dauður bókstafur nú, það var auðvitað laukrétt hjá honum, og við vitum, að það eru greiddar stórar upphæðir í húsaleigu fram yfir það, sem leyfilegt er, og ekki einu sinni það, að það sé greitt þannig, heldur er það greitt, alveg eins og hann réttilega orðaði það, undir borði og með þeim hætti, að það sést aldrei og kemur aldrei til skatts.

Ég er ekki í nokkrum vafa um það, að þessi skattauki, sem hér er um að tefla, verður fljótur að rata þá leið. Og þá verð ég að segja, að hann fer að bitna á þeim, sem síst skyldi, vegna þess að þrátt fyrir allar virðingarverðar tilraunir, sem ég vil ekki á nokkurn hátt gera lítið úr, til þess að stuðla að því, að sem allra flestir geti eignazt eigið húsnæði, eru þó því miður ákaflega margir enn þá, sem verða að leigja, og verður svo sjálfsagt enn um nokkra hríð. Og ég held, að þetta bitni á þeim ákaflega ósanngjarnlega, og auk þess náttúrlega kemur þetta til með að bitna á þeim líka, sem hafa á allra síðustu árunum verið að reyna að eignast þak yfir höfuðið. Það er að vísu kannske sagt, að þeir skuldi svo mikið, að þetta komi ekki mikið við þá. Það má vel vera, að það verði þeim eitthvað léttbærara vegna þeirrar miklu skuldabyrði, sem þeir flestir hafa að bera. En ég hygg nú samt, að sú muni verða raunin á, að þetta muni einnig hitta þá marga og koma óþægilega við þá.

Það var sagt í fyrra og sett fram í lagagrein, að þessi skattur, þreföldun á fasteignamatinu og eignarskattur útreiknaður skv. því, ætti að standa undir 40 millj. kr. framlagi úr ríkissjóði til húsnæðismálastjórnar, og þeim, sem mæltu fyrir frv. þá, var á það bent, að þeir mundu lítið geta sagt um það á því stigi málsins, hvort þessi skattauki mundi nema 40 millj. eða hverju hann mundi nema, því að það liggur nokkuð í augum uppi, að það er ekki hægt að reikna það svo út fyrir fram. En á það var ekki hlustað fremur en annað í sambandi við þetta mál, og reyndin hefur orðið sú, að það er sagt nú hér á prenti, að þessi auki eignarskattsins muni hafa numið 16—19 millj., ekki er nú farið nákvæmar í það, enda er sennilega vissara að taka það til með dálitlu svigrúmi, því að ég verð að segja, að ég held, að það sé ákaflega erfitt fyrir hvern og einn að fullyrða um það, jafnvel eftir á, hverju þessi skattur hafi numið af eignarskattinum. Hvernig ætti að vera hægt að reikna það út nema fara yfir framtal og eignarskatt hvers einasta manns? Það er ekki hægt öðruvísi. Og hvernig ætli það sé þá hægt að segja um það fyrir fram, hverju þessi skattur muni nema? Nú er samt látið í veðri vaka, að tvöföldun á þessari þreföldun fasteignamatsins mun nú gefa 40 millj. Ég vil segja þar um: Það getur vel verið, en það getur enginn sagt um það, hvorki ég né neinn annar getur nokkru um það spáð. Það er alveg siglt út í bláinn um þetta. Það er dálítið óviðkunnanlegt að vera að leggja á skatta með þeim hætti, að það sé ekki fyrir fram hægt að hafa neina hugmynd um, hverju þeir nemi eða hvernig þeir komi niður.

Hér er sem sagt á ferðinni nýr skattur eða skattauki. Það er að mínum dómi ákaflega illa farið. Ég tel, að núv. hæstv. ríkisstj. sé búin að fá ærið margar nýjar skattheimildir og það sé ekki á þær bætandi. Það má telja upp þá mörgu nýju skatta, sem hún hefur beitt sér fyrir, eins og t. d. launaskatt, skatt á veitingahúsum, þegar maður fer þangað, skatt á sement og skatt á timbur o. fl., o. fl., sem of langt mál yrði hér upp að telja, og enn á að halda áfram á þessari sömu braut. Hér er boðaður þessi skattur, svo á að leggja skatt á þá, sem fara til útlanda. Hvar á að nema staðar? Ef mark má taka á aðalmálgagni hæstv. fjmrh., mætti búast við því, að innan skamms fengjum við að sjá framan í einn nýjan skatt, þar sem það var birt í forsíðufrétt Morgunblaðsins í gær, að Svíar væru nú í þann veginn að koma auga á og innleiða hjá sér nýja fjáröflunarleið, svokallaðan bingóskatt. Þetta þótti Morgunblaðinu svo merkileg frétt, að það setti hana á forsíðu. Það má því líklega búast við því, að við fáum hér innan skamms slíkan

skatt. Ég efast ekki um það, að ef vel er á haldið og vel tekst til um mann til að standa fyrir slíku bingói, þá muni þetta geta gefið góðan pening í ríkissjóð. En hvað sem um það er, hvort sem þessi bingóskattur verður tekinn upp eða ekki og hvort sem það verður bætt við fleiri eða færri sköttum eða ekki, þá er það mín skoðun, að það sé meira en nóg komið af sköttum. Og satt að segja er það nú svo, að heiðarlegir menn, sem telja réttilega fram og borga skatta í samræmi við það, geta ekki þverfótað fyrir sköttum. Ég þori að fullyrða það, að maður, sem hefur háar tekjur, lifir ekki hér neinu lúxuslífi, ef hann borgar réttilega skatta af sínum tekjum, það þori ég að fullyrða. En það eru hins vegar margir hér í borg, sem lifa lúxuslífi. Við sjáum þá og við þekkjum þá. Þeir borga ekki allir háa skatta, enda mundu þeir þá ekki hafa ráð á því að fara kannske til útlanda oft á ári, kaupa sér nýjan bíl annað hvert ár, kaupa sér hesta, leigja sér laxár og vera í veitingahúsum dag eftir dag. Þeir menn, sem hafa ráð á því, borga ekki skatta eins og þeir eiga að gera. Þetta veit hver maður, og þetta veit hæstv. fjmrh., og þetta eiga skattayfirvöldin að vita og eiga að þekkja þessa menn. Ef þau gera það ekki, þá er áreiðanlega hægt að fá aðstoð margra góðra manna hér í Reykjavík til þess að fara með þeim yfir skattskrána og benda þeim á þá menn og þau nöfn, sem sleppa við greiðslu skatta. Ég álít, að það sé ekki þörf á nýjum sköttum. Ef skattaframkvæmdin væri í lagi og ef fullrar ráðdeildar væri gætt í sambandi við allan opinberan rekstur, þá þyrfti ekki á nýjum sköttum að halda, og vil ég þó á engan hátt gera lítið úr þeim vandræðum ríkissjóðs, sem nú er við að etja. En hvað er gert til þess að laga framkvæmdina í þessum málum? Það er ekki nóg að tala fallega um það, að það þurfi eitthvað að gera í þeim og að það eigi að gera eitthvað.

Það er rétt, sem hæstv. fjmrh. sagði í fjárlagaræðu sinni, ef ég man rétt, að skattsvik væru í raun og veru engu betri en fjársvik borgaranna í millum. Það er mikið til í þessu, a. m. k. um vissar tegundir skattsvika og skattskilasvika. En hver kannast við það, að fjársvikurum manna í milli hafi verið veitt almenn uppgjöf saka eða gefinn kostur á almennri uppgjöf saka, ef þeir gerðu skil á því fé, sem þeir hafa ólöglega dregið sér? Ég kannast ekki við það. Ég held og ég hef alltaf haldið því fram, að sú leið, sem hæstv. fjmrh. beitti sér fyrir á síðasta þingi um þá eftirgjöf til skattsvikara, hafi ekki verið heppileg til þess að byggja upp rétta siðaskoðun í þessu efni. Ég held, að það þurfi að taka þessi mál allt öðrum tökum en þau hafa verið tekin hingað til, miklu sterkari og harðari tökum.

Ég veit, að það hefur valizt ágætur maður til forustu skattrannsóknardeildarinnar. En ég dreg hins vegar í efa, að honum og þeirri deild hafi verið séð fyrir þeirri aðstöðu og þeim starfskröftum, sem þyrftu að vera fyrir hendi, ef hún ætti að geta unnið sitt verk nægilega. En væntanlega verður úr því bætt. En auk þess vil ég bæta því við, að það er náttúrlega ekki ástæða til að vera að setja allt sitt traust á skattarannsóknardeild í þessu efni. Við höfum okkar skattayfirvöld, og þau eiga fyrst og fremst að fara yfir framtöl manna, og þau geta gert sínar aths. við þau, og þau geta áætlað skatta, ef þeim finnast framtölin tortryggileg. Hvers vegna er ekki gengið fram í þessu? Hvers vegna er það látið viðgangast að almenningur hér í borg t. d. viti það og geti horft á fjölda manna, sem hann veit að borga ekki skatta eins og þeir eiga að gera, án þess að nokkuð sé aðhafzt í þessu efni, heldur alltaf verið að fara fram á nýjar heimildir til skattálagningar, sem bitnar svo á þeim, sem eru heiðarlegir og borga sína skatta, en hinir sleppa áfram?

Herra forseti. Ég hef kannske gerzt fullfjölorður um þetta. En sannleikurinn er sá, að þegar maður fer að hugsa um þessi mál og tala um þau, þá getur maður ekki varizt því að verða gramur, því að þau eru í því öngþveiti, að það mætti hafa um það miklu fleiri og miklu stærri orð en ég hef hér haft, og meðan svo er um framkvæmdina, er ekki réttlætanlegt að vera að koma fram á hv. Alþingi og vera alltaf að fara fram á nýjar og nýjar skattaálögur.

Hæstv. fjmrh. hefur talað fagurlega og réttilega til almennings um það, að þjóðin verði að gá að sér og það megi ekki gera allt of miklar kröfur. Það er rétt. En ég skýt því nú inn, að það má sjálfsagt lengi búast við því, að þjóðin geri kröfur. En hlutverk stjórnar er að standa gegn þeim kröfum, ef þær eru ekki rökstuddar, og stjórna, en ég held, að það væri heppilegri byrjun á öllum þessum málum að byrja á því að gera kröfur til sjálfs sín, að þeir, sem stjórna, ættu að gera kröfur til sín og gera kröfur til ríkisins um, að það gengi á undan með góðu eftirdæmi og færi eitthvað að draga saman seglin, því að um það getum við sjálfsagt öll verið sammála, að það er nauðsynlegt að fara að spyrna við fótum nú og reyna að stöðva sig í því verðbólguflóði, sem er sífellt að verða ægilegra og ægilegra og enginn sér í raun og veru fyrir endann á og engum ætti að vera ljósara en hæstv. ráðherrum, hve alvarlegt er. Ef snúizt væri af alvöru við þeim málum, mundi ekki standa á okkur framsóknarmönnum að taka þátt í því. En það er ekki hægt að segja, að það sé gert af neinni alvöru, þegar alltaf er snúizt við á þann hátt, sem manni helzt virðist vera gert, að það eru lagðir á nýir og nýir skattar og tekið inn meira og meira fé, og svo er það réttlætt með því, að það sé ráðið til þess að standa á móti verðbólgunni. Eins og það sjái ekki hvert mannsbarn, að það hefur ekki nokkur áhrif, þó að teknir séu svo og svo miklir skattar, ef þeir eru jafnóðum látnir út, eins og nú er gert. Þar sem sagt er, að hagur ríkisins sé nú svo, að það muni koma út með halla, þá sjá það náttúrlega allir, að skattarnir geta ekki haft nein áhrif til stöðvunar verðbólgu. Hitt er svo annað mál, hvort það, burt séð frá því, sé heppileg leið til þess að hafa hemil á verðbólgu. Ég held, að skattaleiðin sé ekki heppileg í því efni, enda þótt ýmsir hagfræðingar hafi viljað hampa þeirri leið, og ég held, að reynslan hér hjá okkur tali nú einmitt sínu máli í því efni.

Ég ætla svo bara að lokum að benda á það, eins og ég raunar benti á í sambandi við þetta mál í fyrra, að ég álít þá skattheimtu, sem er í þessu frv., alls ekki eiga heima í því. Hér er um skattlagningu að ræða, hækkun á eignarskatti að formi til. Þessi hluti eignarskattsins, sem stafar af þessu hækkaða fasteignamati, rennur beint í ríkissjóð, alveg eins og hver annar hluti eignarskattsins. Þess vegna á þetta ekki heima í þessum lögum. Öðru máli gegndi, ef það hefði verið ákveðið, að þessi skattur væri þannig afmarkaður, að hann skyldi renna í sérstakan sjóð, byggingarsjóð. Þá hefði hann mátt vera í þessum lögum. En eins og er á hann auðvitað heima í lögum um breytingu á tekju- og eignarskatti. Það segir sig sjálft. Í 22. gr. laganna um tekju- og eignarskatt er það beinlínis berum orðum tekið fram, að eignarskattur skuli miðaður við virðingu fasteigna að fasteignamati, og með þessu ákvæði er verið að breyta því fyrirmæli, og þess vegna eiga lög, sem breyta því, að vera lög um breytingu á tekju- og eignarskattslögum, en ekki lögum um húsnæðismálastjórn ríkisins. Þetta er lagatæknilegur ágalli. Það má kannske segja, að það sé ekki svo mikið leggjandi upp úr því, en ég er þó á nokkuð annarri skoðun um það. Ef haldið verður áfram á slíkri braut, veldur það náttúrlega alveg óviðeigandi ruglingi. Næst mætti þá fara svo að t. d., ef ætti að styrkja sjávarútveginn, að það mætti setja í lögin um aðstoð við útveginn ákvæði um það, að skip skyldu t. d. talin að kostnaðarverði að frádregnum fyrningum margfölduð til eignarskatts. Það mætti alveg eins fara að ákveða það þá í hinum og þessum lögum. Og þá er alveg auðsætt, að það tæki engan enda, og væri á allan hátt óviðeigandi, ef þannig ætti að fara að.

Auk þess og að allra síðustu vil ég svo benda á, að það er svona rétt á mörkunum, að það sé sýnandi svona lagagrein eins og er þarna, 2. gr., þar sem segir, að í stað orðsins „þrefaldað" í 2. málsl. b-liðar 4. gr. komi orðið „sexfaldað". Það veit ekki nokkur lifandi maður, hvað á að sexfalda. Það hefði verið útlátalítið að taka upp meginmál þessarar gr. í þessa brtt., svo að það sæi þó sá, sem les þetta, venjulegur maður, hvað það er, sem á þarna að vera að sexfalda.

Ég skal svo ekki, herra forseti, fara fleiri orðum um þetta, en endurtek það, sem ég í upphafi sagði, að ég er út af fyrir sig með þeim breytingum á húsnæðismálalögunum, sem í frv. þessu felast og til bóta horfa, en er algerlega andvígur þeirri skattlagningu, sem í þessu frv. felst.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Það hafði nú ekki verið ætlun mín að fara að ræða hér sérstaklega um húsnæðismálin. Hæstv. félmrh. hefur gert mjög glögga grein fyrir þessu frv., og hef ég engu við það að bæta. Það, sem kom mér til þess að standa hér upp, voru þær hugleiðingar um fjármál og skattamál, sem hv. 3. þm. Norðurl. v. (ÓlJ) flutti hér áðan. Það kom að vísu ekkert sérstaklega á óvart neitt af því, sem hann sagði, því að það er í mjög nákvæmu samræmi við skoðanir Framsfl. og kenningar, að það sé sjálfsagt og gott að vera með öllu, sem horfir til útgjalda, en á móti allri tekjuöflun til þess að standa undir útgjöldunum. Þetta er það eina, sem er skiljanlegt af „hinni leiðinni", og er víst úrræði, sem á að leiða til farsældar, að taka upp slíka afstöðu. Ég hirði ekki út af fyrir sig um að svara þeirri stefnu, hún dæmir sig sjálf. Og sannast sagna finnst mér það gegna nokkurri furðu, að þessi hv. þm., sem venjulega er rökfastur og málefnalegur í sínum málflutningi, skuli taka undir jafnfáránlega kenningu og hér er um að ræða.

Það er aðeins það eitt nýtt í þeim boðskap, sem hann flutti hér, að þegar það liggur nú fyrir, að halli er á ríkissjóði, og ekki er lengur hægt að halda því fram, eins og hv. framsóknarmenn gerðu á síðasta þingi og hafa gert undanfarin ár, að það væri hægt að taka öll hugsanleg útgjöld á ríkið, vegna þess að tekjur þess væru svo miklar, að það munaði ekkert um, þó að allt það væri lagt á ríkið, sem hann raunar taldi hér upp að nokkru leyti, að hefði verið gerð sú óhæfa að afla fjár til, en ekki tekið beint úr ríkissjóði. Það er horfið inn á nýjar brautir, vegna þess að að sjálfsögðu tjóar ekki lengur að halda þessu fram, þessi falskenning er horfin. Og þá er fundið upp það þjóðráð, sem hljómar fljótt á litið ósköp fallega, að það sé sjálfsagt að halda áfram þeirri sömu aðferð að leggja allt á ríkið og krefjast meiri og meiri framkvæmda og útgjalda af því, vegna þess að vandinn sé ekki annar en sá að uppræta skattsvik og koma við sparnaði.

Þetta getur út af fyrir sig hljómað ákaflega fallega. Á pappír lítur þetta vel út og efnislega kannske ekki heldur mikið við því að segja, ef þeir menn, sem hér koma sem boðberar þessarar nýju kenningar, ættu enga fortíð í íslenzkum fjármálum og hefðu ekki haft tækifæri til þess að koma þessum þjóðráðum sínum við, og ef skattsvik væru nýtt fyrirbrigði á Íslandi, sem aðeins hefðu gerzt nú síðustu árin og væru einhver dæmalaus hneisa, sem menn blygðuðust sín fyrir í rauninni að tala um. Hv. þm. átti ekki nógu sterk orð til að fordæma þau. Ég skal fúslega undir það taka. En málið er bara ekki svona einfalt. Skattsvik á Íslandi eru ekkert síðustu ára fyrirbæri. Þau eru kannske krónulega í stærri stíl, vegna þess að allar upphæðir hafa vaxið, en það er algerlega órannsakað mál og í rauninni verður aldrei hægt að rannsaka það, hvort þau eru í stærri stíl nú en þau hafa áður hlutfallslega verið, það vitum við ekkert um. Og varðandi það atriði t. d. út af fyrir sig, að það hefði verið sérstök óhæfa af mér að beita mér fyrir þeirri heimild í skattalögum, að menn fengju fyrir vissan tíma að koma sínum framtölum í lag, borga eðlilega skatta, — það átti ekki að sleppa þeim þó öðruvísi en svo, — en ekki fá sektir og refsingar, þetta væri svo einstæð óhæfa, að með þessu væri í rauninni verið að grafa undan öllu skattaeftirlitskerfi, þá væri ákaflega fróðlegt að vita, hvað margir hefðu verið beittir sektum af þeim, sem hafa orðið uppvísir um skattsvik á undanförnum

áratugum og það meðan hv. framsóknarmenn fóru með yfirstjórn skattamálanna. Eftir því sem mér hefur verið tjáð af fróðum mönnum, munu þess engin dæmi, að slíkum refsingum hafi verið beitt, og voru þær þó í lögum, og kom iðulega fyrir, að það komst upp um, að menn hefðu dregið undan skatti, og var þeim einfaldlega leyft að leiðrétta sín framtöl og engar athugasemdir við það gerðar, þannig að hér er algerlega um nýjung að ræða. Og ástæðan til þess, að ég beitti mér formlega fyrir þessu, var sú, eins og ég lýsti á þingi í fyrra, að ég vildi, að það væri mönnum ljóst, að slík framkvæmd yrði ekki lengur á þessu höfð. Menn höfðu áratugum saman, þrátt fyrir þetta refsiákvæði í lögum, getað einfaldlega komizt út úr vandanum á þennan hátt. Það, að halda því fram, að með þessu hafi ég verið að grafa undan árangri af skatteftirliti og í rauninni hleypa af stað einhverri skriðu skattsvika, sem ómögulegt væri að „kontrolera", er svo gersamlega út í hött, að það er furðulegt, að greindir menn skuli halda fram svona kenningum. Því miður er þetta áratuga vandamál, sem ekkert hefur verið gert í. Það var að vísu settur hér á sínum tíma skattrannsóknardómari, og það vita allir hv. þm., hvernig það fór. Ég man ekki, hvort eitt mál var tekið til rannsóknar í hans tíð, en meira var ekki gert, og voru þó á þeim tíma menn með yfirstjórn fjármálanna, sem ég býst ekki við að hv. þm. telji að hafi verið sérlega líklegir til þess að hlynna að skattsvikurum, enda dettur mér ekki í hug að halda það.

Nei, svona lagað er að sjálfsögðu hægt að bera á borð í glamurkenndur ræðum, en slíkt er ekki hægt að leyfa sér fyrir ráðsetta og reynda þm., að reyna að halda fram hér í þingsölum, að hér sé við vandamál að glíma, sem sé ekkert annað en ósköp einfalt mál, ef maður með einhverjum manndómi væri í sæti fjmrh., þá sé hérna um svo geysilegt fjármagn að ræða, sem hefur verið svikið undan skatti, að það þurfi í rauninni ekkert annað en bara benda á borgarana, — hann kannske þekkir einhverja sjálfur, sem borga ekki háa skatta, — og það sé svo einfalt mál eins og hugsazt getur.

Við vitum öll, að það er svikið undan skatti. En að það sé svo einfalt mál, að það sé ekkert annað fyrir skattstofuna en að finna það með einhverjum, — ja, ég veit ekki, hvort það á að hafa einhvern geigerteljara eða hvernig á að fara að því að finna þetta jafneinfaldlega og hv. þm. vill vera láta, það er auðvitað söguburður, sem er gersamlega óframbærilegt að koma með á hinu háa Alþingi. Og það innlegg, sem hv. Framsfl. gerir með skrifum og tali um þetta mál og rannsóknardómarinn í skattamálum eða skattrannsóknarstjórinn hefur sérstaklega aðvarað gegn, er auðvitað alveg fráleitt, að vera að reyna að gera tortryggilegt starf rannsóknardeildarinnar, fara um það hálfgerðu háði og spéi, eins og gert er í Tímanum, með alls konar furðulegum útreikningum, til þess að reyna að skapa tortryggni til þessarar starfsemi, sem þarna er verið að reyna að koma í gang og við öll vonum að beri gæfu til þess, að þeim mönnum, sem þar starfa og ég hef margoft lýst yfir að ég ber hið fyllsta traust til og vil standa við bakið á, takist að vinna mikið verk í þá átt að uppræta þessa þjóðarmeinsemd. En enginn skyldi halda, að það sé einfalt mál, að það sé ekkert annað en bara gera þetta ósköp pent, skattstofurnar leiðrétti ekki framtöl og þar fram eftir götunum.

Af hverju hefur þetta ekki gerzt á liðnum áratugum? Af hverju er þessi meinsemd til í dag, ef þetta allt er svona einfalt? Málið er því miður ekki einfalt. En ég býst við, að þetta verði kenning framsóknarmanna í vetur, þegar þeir koma með allar sínar yfirboðstillögur um útgjöld: Það er ekkert annað en bara ganga að skattsvikurunum og láta þá borga þetta, það er enginn vandi að halda jöfnuði í fjárhag ríkisins, bara með þeim einfalda hætti. — Þetta er vafalaust boðskapurinn, sem við eigum eftir að heyra hér. En ég verð að segja það, að ég harma að heyra það úr þeirri átt, þ. e. a. s. frá þeim hv. þm., sem hér talaði áðan, því að það er honum ekki sæmandi og það er hægt að gera meiri kröfur til hans en margra annarra um raunsæi í málflutningi.

Varðandi svo sparnaðinn, sem er hinn þátturinn, að þetta allt megi leysa með sparnaði, þá er það auðvitað allt góðra gjalda vert, og við erum auðvitað öll sammála um, að það sé sjálfsagt að reyna að koma við sparnaði. En við vitum það ósköp vel hér á Alþ., hversu þægilegt er við það að eiga. Við vitum, hvernig fjárlög og útgjöld ríkisins eru upp byggð, og við, sem höfum unnið að þessum málum meira og minna áratugum saman með mismunandi fjmrh., verið í fjvn., sparnaðarnefndum og öllu slíku, vitum ósköp vel, að það þýðir ekkert að vera að blekkja almenning á því, það þjónar engu að halda, að það sé hægt að leysa stórkostlegar fjárhæðir með því einu að spara á einhverjum óljósum liðum, sem ekki komi við nokkurn mann. Það er auðvitað hægt að spara, ég skal koma strax með sparnað, ef hv. þm. vill, hundruð milljóna, ef ég má frjáls leggja niður ótalmarga þjónustu, sem ríkið veitir borgurunum. En ég er ekki kominn til með að segja það, að hv. þm. vildi taka undir það. En það er út í bláinn að koma með óljósar hugleiðingar um sukk og annað þess konar í ríkisbúskapnum, án þess að koma með nokkurt einasta dæmi eða þora að nefna nokkurn hlut, eins og oftast nær er gert, þegar menn eru að tala um þessa hluti, því að ef þeir nefna eitthvað, eru þeir hræddir um, að það komi illa við einhvern, en slíkt þjónar engu góðu, og á Alþ. er ekki hægt að hafa uppi slíkan málflutning. Bæði ég og fyrrv. fjmrh., hv. 1. þm. Austf., Eysteinn Jónsson, sem hefur verið lengur í því starfi en aðrir og ég hef jafnframt unnið með í þeim málum, við höfum margoft bent á ýmis atriði, sem væri hugsanlegt að spara. Í mörgum tilfellum hefur það alls ekki einu sinni tekizt af margvíslegum ástæðum, sem ég býst við að hv. formaður Framsfl. gæti í rólegheitum upplýst hv. 3. þm. Norðurl. v. um, ef hann hefur áhuga á að fylgjast með því, sem er raunhæft í þeim efnum, því að það er auðvitað heldur ekk-

ert nýtt mál, að það hafi verið talað um sparnað í ríkisrekstri, og ef hv. 3. þm. Norðurl. v. les fjárlagaræður undanfarin ár og allar fjárlagaræður, sem formaður núv. flokks hans hefur haldið, gæti hann kannske lært ýmislegt af því, sem forðaði honum frá að halda fram svipuðum kenningum og hann gerir hér.

Ég vil hins vegar taka því mjög vel, þrátt fyrir allt, sem á undan er gengið og þótt ég hafi ekki ýkjamikla trú á raunsæi þeirra kenninga, þá vil ég fúslega taka því vel fyrir mitt leyti, ef hv. framsóknarmenn hafa fram að bera einhverjar ákveðnar till. til sparnaðar. Það hefur aldrei staðið á því. Mér er hins vegar ekki kunnugt um, að í tíð þessarar ríkisstj. hafi af hálfu þess flokks í fjvn., í till. fjvn.-manna þeirra, nokkurn tíma komið fram neinar kenningar í þá átt. Þeir hafa stutt fúslega allan útgjaldaauka og bætt stundum 10 millj. eða ríflega það ofan á. En að það hafi komið fram raunhæfar till. um sparnað úr þeirri átt, það er mér ekki kunnugt um. Ef á að verða breyting á því, er það mjög gleðilegt og ber að fagna því.

En við getum ekki leyft okkur, hvað sem öllum flokkum líður, að bera á borð í rökstuðningi um mikilvæg mál staðhæfingar algerlega út í loftið, sem eiga sér engan raunhæfan grundvöll. Við erum sammála um vissar staðreyndir, við skulum segja, eins og ég áðan sagði, í skattamálunum, um skattsvik og annað þess konar, en við megum í fyrsta lagi ómögulega gera þann óvinafögnuð að reyna að grafa undan því starfi, sem verið er að reyna að byggja upp í þessu efni, eða koma með kenningar um þessi mál, sem eiga sér enga stoð og eru til þess eins fallnar, að fólk megi álykta sem svo, að þeir, sem hafa að skattamálum unnið undanfarin ár, hafi yfirleitt ekki gert nokkurt nýtilegt starf, það hafi verið ósköp einfalt að uppræta þetta allt saman. Það væri sannarlega alvörumál, ef það hefði verið svo einfalt fyrir skattyfirvöldin og þau hefðu samt ekki gert það. Þetta held ég, að þjóni engum, að halda fram svona kenningum.

Ég skal svo aðeins víkja lítið eitt að ummælum hv. þm. um eignarskattinn. Það má auðvitað deila um það, hvort rétt er, að þessi eignarskattsauki sé í þessum l. eða tekju- og eignarskattsl. Formlega séð væri vafalaust rétt, að hann væri þar. En ástæðurnar til, að svo er ekki, eru ýmsar, kannske fyrst og fremst það, að gert var ráð fyrir því í því samkomulagi, sem gert var í fyrra um öflun fjár til húsnæðismála, að það yrði að afla þess fjár með tilteknum hætti, það gerðu sér allir aðilar grein fyrir því fullkomlega og var ekki á bak við neinn farið um það, og var þá fyrst og fremst talað um fasteignaskatta eða fasteignagjöld. Og sannast sagna held ég, að það geti ekki verið neitt hneykslanlegt að tala um það í sambandi við öflun fjár til húsnæðismála, að þeir menn, sem hafa komið sér upp fasteignum á miklu betri tímum og eiga þær skuldlitlar eða skuldlausar, leggi eitthvað af mörkum til þess að byggja upp fyrir þá, sem nú eru að byggja yfir sig. Og varðandi þá kenningu, að þetta geti valdið hækkaðri húsaleigu, þá held ég sannast sagna, að það séu ákaflega fáir skattar, sem hafa ekki einhver áhrif, en að það geti haft nokkur úrslitaáhrif í þessa átt, er auðvitað algerlega út í hött. Hv. þm. nefndi það líka hér áðan, að það væri auðvitað sjálfsagt og eðlilegt að koma á raunhæfu fasteignamati. Það mun auðvitað alveg á sama hátt hækka húsaleigu, vegna þess að það vita allir, að ef ætti að meta fasteignir hér í Reykjavík á söluverði þeirra, er það svo, að það yrði að margfalda fasteignamat tugum sinnum, og mér er sagt, að jafnvel séu dæmi þess, að það þyrfti að margfalda það hundrað sinnum, miðað við vissar eignir, sem hér hafa verið seldar, þannig að það er alveg hárrétt hjá hv. þm., að það þarf að stefna að því að koma sem allra fyrst á raunhæfu fasteignamati, því að það er hlægilegt, eins og það er í dag, og að því er nú unnið. Það hefur tekið nokkuð langan tíma, ég vil segja því miður of langan tíma. En það er alveg ljóst, að því starfi verður ekki lokið fyrr en í fyrsta lagi á árinu 1967, hvað mikinn hraða sem reynt verður að hafa á því nú. Og af því leiðir, að tekjuöflun í þessu sambandi er auðvitað ekki hægt að miða við raunverulegt fasteignamat. Það er ekki hægt að svara því til núna og segja: Af hverju breytið þið ekki bara fasteignamatinu, eins og það sé auðvelt mál. Það er miklu auðveldara mál raunar heldur en að uppræta öll skattsvik, en það veit hv. þm., að fasteignamatinu verður ekki breytt með einu pennastriki, ef svo má segja. Í kringum það er stórkostleg vinna, sem nú er einmitt verið að framkvæma. Og ég geri alveg ráð fyrir því, að þegar fyrir liggur endanlegt fasteignamat, þarf auðvitað að taka til athugunar öll þau gjöld, sem við fasteignamatið eru miðuð, bæði eignarskatt og fasteignagjöld, og einnig þá að sjálfsögðu það, sem hér er um að ræða. Þetta er því nánast bráðabirgðatilhögun að hafa þetta með þessum hætti.

Í rauninni hélt ég ekki, að það mundi valda neinum úlfaþyt hér á Alþ., að það væri gert ráð fyrir þeirri breytingu, sem hér er, um öflun þessa fjár. Það vissu allir hv. þm. í fyrra, að það var reiknað með að afla 40 millj. í þessu skyni, og ég man ekki til, að það hafi nein háreysti orðið út af því. Nú kemur það á daginn, því miður, að sú reikningsaðferð, sem við það var notuð, reyndist ekki rétt, vegna þess að í eignarskattinum er auðvitað margt annað en fasteignir, þannig að þetta varð að áætla, og skattayfirvöld tóku það fram, að það væri mjög erfitt að áætla þetta. Það kemur hins vegar á daginn, að fasteignaskatturinn hefur hækkað. Það má nokkuð álykta út frá því, hvaða áhrif þetta hefur haft. En það er rétt hjá hv. þm., að það verður ekki upp á millj. kr. samt, og er nú kannske um fleiri skatta svo, að það er erfitt að áætla þá nákvæmlega upp á millj. kr., þannig að það geti ekki skeikað 2—3—4 millj. Og ég skal taka það fram hér, að skattayfirvöld þora ekki að fullyrða nákvæmlega, hvað kemur út úr þessum skatti. En þessa margföldun matsins hefur verið reynt að miða við það, að þessa fjár yrði aflað, og ekki ætlunin með þessu að hafa þetta sem neinn viðbótartekjustofn. Hvort þetta reynist svo í reynd eða hvort það kemur einhver önnur tala út, það þori ég ekki nákvæmlega að fullyrða, ég skal fúslega játa það. En þessi

tala er sett eftir þeirri athugun, sem menn telja sér fært að komast næst í málinu, til þess að afla þessara 40 millj., þ. e. a. s. 20 millj. til viðbótar því, sem talið er að hafi aflazt með þessu á þessu ári, því að grunneignarskatturinn, eins og hann var, er að sjálfsögðu gert ráð fyrir að renni í ríkissjóð, hann er einn af tekjustofnum ríkissjóðs.

Þá var fundið að því, að hér væri verið að svíkja eitthvert loforð, sem gefið hafi verið sveitarfélögunum. Það er ekki heldur rétt. Það hefur aldrei verið talað um það að afhenda sveitarfélögunum eignarskattinn. Það, sem var afhent sveitarfélögunum, var fasteignaskatturinn og fasteignagjöldin, sem lögð eru á. Ég tel, að það hefði verið miklu ósanngjarnara að fara inn á þá braut að leggja á fasteignagjöld, þar sem ekkert tillit er tekið til þess, hvort menn eiga skuldlausar eignir eða skulda mestallt húsverðið. Það hefði sannarlega ekki komið vel við þá, sem hafa verið að byggja og búa við miklar byggingarskuldir, að fara þá leiðina. Með eignarskattsaðferðinni eru þó ekki tekin gjöld nema af því, sem menn eiga sem hreina eign, og með þessari margföldun, sem ég vil fullyrða að í langflestum tilfellum er undir verðgildi eignanna, þannig að hér er sannarlega ekki um neina óhæfilega skattlagningu að ræða og sízt af öllu skattlagningu, hélt ég, sem væri hægt að blása sig ákaflega mikið út af, ekki sízt, þegar það liggur ljóst fyrir, að þetta fé á einmitt að renna til nákvæmlega þessara þarfa, sem eru jafnnáskyldar fasteignum og hér ber raun vitni um. Og mér finnst sannast sagna alls ekki hægt að segja, að ósanngirni sé að ætlast til, að þeir menn, sem hafa komið yfir sig fasteignum, margir hverjir með þjóðfélagslegri aðstoð á undanförnum árum, hafa borgað þær niður að fullu, þeir leggi einhvern skerf til þess að hjálpa til að koma upp húsnæði yfir þá þjóðfélagsborgara, sem eru að berjast við það á miklu erfiðari tímum.

Það er alveg rétt hjá hv. 3. þm. Norðurl. v. og ég skal taka undir þá kenningu hans, að það er auðvitað ekki til þess að bæta úr verðbólgunni að taka skatta af fólki og láta þá stöðugt út aftur. Það er rétt kenning. En hins vegar virðist hv. framsóknarmönnum ganga illa að lifa eftir þeirri kenningu, þegar jafnvel er haldið áfram að boða, að það sé hægt að leggja á ríkið stórkostleg útgjöld án þess að afla nokkurra tekna, enda þótt sjáanlegt sé, að kominn sé stórkostlegur halli á ríkisbúskapinn.

Ég vil aðeins að lokum segja það, að ég harma, að flokkur, sem vill telja sig ábyrgan flokk, skuli, eftir að það liggur ljóst fyrir, hvernig ríkisbúskapurinn er, halda áfram á nákvæmlega sömu brautinni með þær kenningar sínar, að það megi auka útgjöld á öllum sviðum og án þess að afla nokkurra tekna nema þá eftir einhverjum furðulegum, óraunhæfum leiðum, og það er vissulega atriði, sem er ástæða til þess að harma. Okkur getur greint á um það, hvort á að afla teknanna með þessum eða öðrum hættinum. Ég er ekki að segja, að þær till., sem fram hafa komið um það, og hugleiðingar séu endilega það eina rétta, það er langt í frá. Hitt vitum við öll, að það er ákaflega auðvelt að reyna að efna til óánægju út af sköttum. Ég hugsa, að það séu varla finnanlegir skattar, sem ekki sé hægt að efna til slíkrar óánægju út af, og það sýnir sannarlega enga sérstaka þjóðhollustu að reyna að ala á þeim óánægjuröddum, þegar hins vegar er við þann vanda að glíma, sem ég held að innst inni séu allir stjórnmálamenn og stjórnmálaflokkar sammála um, að það beri brýna nauðsyn til þess, að ríkisbúskapurinn sé rekinn hallalaus.

Alfreð Gíslason: Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa mörg orð um þetta mál að sinni. „Frv. þetta er flutt í samræmi við yfirlýsingu þá um húsnæðismál, sem ríkisstj. gaf í sumar í sambandi við samninga verkalýðsfélaganna um kjaramálin.“ Þannig segir í aths. við lagafrv. Þetta er ekki að öllu leyti rétt, og á það vildi ég sérstaklega benda nú.

Það eru a. m. k. 3 atriði, sem ég hef rekizt á í þessu frv., sem ekki er hægt að segja, að séu beinlínis í samræmi við þá yfirlýsingu, sem ríkisstj. gaf í sumar í sambandi við samninga verkalýðsfélaganna.

Það er þá í fyrsta lagi atriði, sem hefur verið gert að umtalsefni hér við þessa umr., og það er sexföldun fasteignamatsins. Um það ákvæði í þessu frv. hefur ekkert verið fjallað af hálfu verkalýðsfélaganna, að því er ég bezt veit. Hæstv. ríkisstj. skuldbatt sig til þess í samkomulagi við verkalýðsfélögin í fyrra að leggja fram árlega 40 millj. kr. Í því samkomulagi var heldur ekki neitt ákveðið til fulls um, á hvern hátt þessara 40 millj. skyldi aflað, — þessara 40 millj., sem átti að greiða úr ríkissjóði. Það var talað um það, að þess fjár skyldi aflað með hækkun eignarskatts eða með öðrum hætti. Það var gengið inn á það á s. l. vori, á síðasta þingi, að afla þessa fjár með þreföldun fasteignamatsins við ákvörðun eignarskatts. Þessi hækkun var ekki talin það veruleg, að gengið yrði þar í móti. Nú kemur í ljós, að til þess að afla þessara 40 millj., sem ríkissjóður á að greiða, nægir þetta engan veginn, þessi þreföldun fasteignamatsins, heldur verður nú að sexfalda fasteignamatið. Með þessu tel ég, að þetta mál horfi allt öðruvísi við en áður. Það getur verið vit í að hækka einhvern skatt í hófi, en jafnfráleitt að hækka hann fram úr öllum skorðum. Á þetta vildi ég benda. Ég tel það vera mjög mikið vafamál, að hér sé rétt að farið. Og ég tel það engan veginn liggja beint við að ná þessum 40 millj. með þessum hætti. Það geta verið margar aðrar leiðir til þess að ná 40 millj. í ríkissjóð, enda upprunalega gert ráð fyrir því, að því yrði allt eins vel náð með öðrum hætti.

Þá er í þessu lagafrv. ákvæði um afnám laga um hámark húsaleigu o. fl. Ég veit ekki til, að þetta atriði komi fram í yfirlýsingu hæstv. ríkisstj. frá í sumar. Ég get vel fallizt á það, að l. um hámark húsaleigu o. fl. séu orðin úrelt og það sé mjög mikil þörf á breytingu á þeim. En ég vil leggja áherzlu á, að ég tel þörf á breyt-

ingu á ákvæðum húsaleigul., miklu meiri áherzlu á það heldur en afnám húsaleigul. Og það, sem hér er skakkt gert að mínum dómi af hálfu hæstv. ríkisstj. í þessu frv., það er að afnema l. án þess að láta ný lög koma í staðinn í þessu efni. Það eina rétta að mínum dómi var, að hæstv. ríkisstj. hefði hlutazt til um, að lagt yrði fram frv. til nýrra húsaleigul. og í lok þeirra l. hefði verið ákvæði um afnám gildandi l. um þetta efni. Þetta vil ég leggja mikla áherzlu á líka, að þetta verði athugað gaumgæfilega nú í sambandi við athugun þessa frv.

Loks er eitt atriði enn í þessu frv., sem ég vil vekja athygli á. Í yfirlýsingu hæstv. ríkisstj. um húsnæðismál segir, að þeir meðlimir verkalýðsfélaga, sem kost eiga á að kaupa þær 200 íbúðir á ári, sem um ræðir, skuli eiga kost á allt að 80% láni út á verðmæti íbúðanna að meðtöldu gatnagerðargjaldi. Hér er fastákveðið, að þessir meðlimir verkalýðsfélaganna, sem hér um ræðir, skuli eiga kost á allt að 80% láni, þ. e. a. s. þeir eiga rétt á þessu. En í frv. er alls ekki gert ráð fyrir því. Það er alls ekki gert ráð fyrir því, eins og frv. er orðað, og það er í 3. gr., 2. mgr., þar er ekki gert ráð fyrir því, að viðkomandi meðlimir verkalýðsfélaganna eigi kröfu, eigi rétt á þessu, heldur er það svo orðað, að húsnæðismálastjórn sé heimilt að veita þessum mönnum 80% lán. Ég vil vekja athygli á þessu. Ég vona, að þetta sé aðeins athugunarleysi, og að þessu fáist breytt í það horf, sem um getur í yfirlýsingu hæstv. ríkissti. um þetta mál.

Ég ætla svo ekki að fara fleiri orðum um þetta frv. að sinni, en vildi aðeins vekja athygli á þessum brem mikilsverðu atriðum, sem ég nú hef greint frá.

Ólafur Björnsson: Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr. að neinu marki. En það var aðeins eitt atriði í ræðu hv. 3. þm. Norðurl. v., sem ég sá ástæðu til að fara örfáum orðum um.

Hann hélt því fram, að skattur þessi, ef á yrði lagður, mundi koma fram í hækkaðri húsaleigu og aukinni dýrtíð, eins og hann orðaði það. Nú hlýtur það að skipta miklu máli fyrir afstöðu manna til þess, hvort þeir telja réttmætt að leggja þann skatt á, sem frv. gerir ráð fyrir, og afla fjár til þeirra skuldbindinga, sem hér er um að ræða, með þeim hætti eða á einhvern annan hátt, hvort þeir álíta, að skattur þessi verði raunverulega borinn af leigjendunum, eins og hv. 3. þm. Norðurl. v. hélt fram, eða hvort hann verði greiddur af þeim, sem fasteignirnar eiga og skatturinn er lagður á.

Nú skal ég strax taka það fram, að að mínu áliti er ekki hægt að fullyrða neitt um þetta, sem almennt gildi hafi undir öllum kringumstæðum. Það verður komið undir þeim forsendum, sem gengið væri út frá að ríki á húsaleigumarkaðinum, og það, sem máli skiptir í því efni að mínu áliti, er þetta, hvort gengið er út frá því, að þeir, sem eiga og leigja húsnæði, líti á slíkt sem eins konar góðgerða- eða þjónustustarfsemi eða sem almenn viðskipti. Ef þessir aðilar líta á þetta sem góðgerða- og þjónustustarfsemi við leigjendurna, má ætla, að sú húsaleiga, sem þeir krefjist, miðist aðeins við kostnað við að eiga og reka húseignirnar. Og þar sem ekki mundi fara milli mála, að slíkur skattur yki þann kostnað, þá væri, miðað við þær forsendur, eðlilegt, að þessir aðilar hækkuðu þá húsaleiguna sem þeim skatti svaraði.

Miðað við þær forsendur væri því niðurstaða hv. 3. þm. Norðurl. v. réttmæt. En ég efast mjög um, að þessi skoðun sé réttmæt, og hallast miklu frekar að því, að á húsaleigumarkaðinum sé það þannig, að húseigendurnir leitist við að leigja húsnæðið með þeim kjörum, sem eru hagkvæmust fyrir þá, m. ö. o., að tekin sé sú húsaleiga, sem leigjendurnir á hverjum tíma geta greitt. Ef á þeirri forsendu er byggt, — og finnst mér, að það gefi auga leið, að hækkun á fasteignamati til eignarskatts getur auðvitað ekki aukið kaupgetu leigjendanna, — þá hlyti niðurstaðan að verða sú, að eigendur fasteigna hljóti að bera þennan skatt sjálfir, að hann veltist ekki yfir. Það er mitt mat, án þess að ég sé að segja, að ég sé sérstaklega kunnugur á húsaleigumarkaðinum. Ég skal játa það, að ég er það ekki. En ég lít svo á, að eðlilegra sé að byggja á þeirri forsendu, að sítrónan sé pressuð fyrir, eins og hægt sé, þannig að hægt sé að vera nokkurn veginn óhræddur um það, að þessi skattur, hvað sem líður réttmæti hans að öðru leyti, hljóti að verða borinn af húseigendunum og að það sé ekki hætta á því, að hann komi fram í hækkaðri húsaleigu eða aukinni dýrtíð.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Út af orðum hv. síðasta ræðumanns vil ég segja það, að ég er honum sammála um, að húsaleiga er náttúrlega ákaflega há, eins og hún er, og húseigendur ganga ákaflega langt í því efni. En ég er hins vegar ekki eins sannfærður um það og hann, að sítrónan sé algerlega þurrpressuð, þannig að það sé ekki einhver möguleiki á því að bæta einhverju við það, sem húseigendur gætu tekið af leigutökum. En mér virtist hans röksemdir byggjast á því, að þessu væri ekki hægt að velta yfir á leigutaka, af því að húseigendur hefðu þegar tekið allt, sem leigutakar væru færir um að greiða. En hins vegar sagði hann réttilega, að um það, hvort þetta færi út í húsaleiguna eða ekki, væri ekki hægt að fullyrða á þessu stigi, og þar af leiðir, að menn geta haft á því mismunandi skoðanir. Hann hefur sína skoðun á því, að þetta muni ekki fara út í húsaleiguna, ég hef mína skoðun á því, að þetta muni fara þá leiðina. Reynslan, ef til kemur, verður þá að skera úr því, hvor hefur réttara fyrir sér að þessu leyti.

Hæstv. fjmrh. gat þess, að hann hefði eiginlega ekki ætlað að tala í þessu máli. Mín ræða varð þó til þess, að hann hélt hér tölu. Það verð ég að telja vel farið, því að ég álít raunar, að honum hafi borið skylda til þess að tala í þessu máli. Þetta mál, sem hér liggur fyrir til umr., er nefnilega tvíþætt. Annars vegar að efni til breytingar á húsnæðismálastofnunarlögum, hins vegar um tekjuöflun fyrir ríkissjóð, og er reglan sú, að fjmrh. mæli fyrir tekjuöfl-

unarfrv., og ég verð að álíta, að hæstv. fjmrh. hefði getað varið sínum ræðutíma betur með því að reyna að rökstyðja þessa fjáröflunarleið, sem þarna er um að tefla, heldur en að eyða jafnmörgum orðum og hann gerði í það að tala almennt um skattsvik eða afsaka það, að ekki hefði tekizt að uppræta þau betur en raun er á.

Ég skal ekki fara langt út í ræðu hæstv. fjmrh. Ég get eiginlega sagt um hann alveg sömu hrósyrðin og hann var að reyna að segja um mig. Sá málflutningur, sem hann hafði hér, hefði sómt sér vel á síðum Morgunblaðsins, en hins vegar fór hann ekki jafnvel í munni jafnábyrgs og rökvíss manns og hæstv. fjmrh. er að öllum jafnaði.

Hæstv. fjmrh. lét sér sæma að fara að halda því fram, að það væri stefna okkar framsóknarmanna, að við værum alltaf með öllum útgjöldum, en á móti allri tekjuöflun. Þetta veit hæstv. fjmrh. að er gersamlega rangt, og mætti sanna það með mörgum dæmum, og er óviðeigandi, að því sé haldið fram í sölum þessarar hv. deildar. Við framsóknarmenn höfum fylgt að undanförnu ýmsum tekjuöflunum fyrir ríkissjóð, ég get nefnt mýmörg dæmi þess, þannig að það er óþarfi af hæstv. fjmrh. að fara að taka upp þann söng, sem sunginn er í málgögnum stjórnarinnar um þetta atriði.

Hæstv. fjmrh. sagði, að það hefði aldrei komið fyrir áður, að skattsektum hefði verið beitt. Og mér virtist hann eiginlega vilja afsaka, að ekki væri meira gert nú eða hefði ekki tekizt betur nú en raun er á, með því, að þetta hefði alltaf verið í ólestri áður. Það er auðvitað engin afsökun, þó að svo hefði verið, og það veit hæstv. fjmrh. bezt, að það er engin afsökun að bera það fram, að eitthvað hafi áður verið í ólagi. Það, sem máli skiptir, og það eitt, sem máli skiptir, er, hvort þetta er í ólagi nú eða ekki. Ég fullyrti alls ekkert um það, hvort skattsvik hefðu verið meiri eða minni áður en nú, alls ekki nokkurn hlut. Ég hef ekki rannsakað það, hvort skattsektum hafi verið beitt áður eða ekki. Ég skal þess vegna heldur ekkert fullyrða um það. En ég verð að segja, að mér þykir það heldur ótrúlegt. Og þá minnist ég þess, að skattsvikaviðurlögin í eldri lögum voru með tvennum hætti. Annars vegar skattsekt, sem var í því fólgin, að það mátti reikna allt að tífaldri skattupphæð þeirri, sem undan var dregin, og svo hins vegar lítilfjörleg refsisekt. Það kann að vera, að þeirri refsisekt, sem var eftir einhverri gr. í l., sem ég man ekki, hver var, hafi aldrei verið beitt. En hins vegar leyfi ég mér að óreyndu að draga það ákaflega mikið í efa, að aldrei hafi verið beitt hinum skattsektunum. Ég held þvert á móti og vil hafa það fyrir satt, þangað til annað er sannað, að það hafi oft komið til þess, að vanreiknaður skattur hafi verið tvöfaldaður eða þrefaldaður eða eitthvað því um líkt, og það var vitaskuld skattsekt sú, sem þá tíðkaðist.

Hæstv. fjmrh. var með mikla vandlætingu út af því, að ég hefði talað hér almennt um sparnað án þess að benda á nokkra sérstaka sparnaðarliði. Ég sagði ekkert mjög mikið um sparnað, lýsti aðeins þeirri skoðun minni, að það mætti spara eitthvað í rekstri ríkisins, ef gætt væri fullrar ráðdeildar. Ég held, að hæstv. fjmrh. hafi látið svipaða skoðun uppi í sinni fjárlagaræðu. En hann ásakaði mig fyrir að hafa ekki bent á neina sérstaka liði. Það er rétt, ég benti ekki á neina sérstaka liði. Ég gæti kannske gert það, ef það færu fram sérstakar umr. um sparnað í ríkisrekstri, en annars álít ég það ekki hlutverk stjórnarandstöðunnar að benda á þá liði, sem spara á, heldur álít ég það vera verkefni stjórnarinnar að koma með till. í því efni og sjá svo til, hvernig stjórnarandstaðan tekur undir þær. Það er hlutverk stjórnarinnar í þessu landi, eins og stjórnar í hvaða landi sem er, að hafa forustuna, að stjórna, en ekki láta stjórna sér. Hann sagði, að það hefði verið margsýnt fram á það, m. a. nefndi hann eitthvað fyrrv. fjmrh. í því sambandi, að það væri ekki hægt að spara stórar upphæðir í útgjöldum ríkisins. Ég hef ekki haldið því fram, að það væri hægt að spara stórar upphæðir, — það getur vel verið, að það sé ekki hægt að spara neinar óskaplega stórar upphæðir, — en ég held hinu fram, að það sé hægt að spara á ýmsum liðum. Og þó að um smáar upphæðir sé að ræða, sem sparaðar eru, þá hefur það sín áhrif, hefur sín sálfræðilegu áhrif, að þegnarnir sjái, að ríkið gengur þar á undan með góðu eftirdæmi. Bruðl á litlum liðum, þó að það séu ekki stórar upphæðir, sem um er að ræða í hvert skipti, hefur sína miklu þýðingu.

Hæstv. fjmrh. gerði í raun og veru litla tilraun til að rökstyðja þessa fjáröflun, sem hér er um að ræða. Hann sagði réttilega, að fasteignamatinu væri ekki lokið, og sagði: „Hvaða vit er í því að fara að breyta fasteignamatinu með einu pennastriki?“ Ég segi það líka: Hvaða vit er í því? En hvað er gert með þessu? Er ekki fasteignamati breytt með einu pennastriki með þessu frv.? Það hefði ég nú haldið. En það er bara sá munur á, að því er breytt almennt, í öllum tilfellum, hvernig sem á stendur. Ég hef ekki haldið því fram, að fasteignamati ætti að breyta með einu pennastriki, heldur hef ég haldið því fram, að fasteignamatinu ætti að ljúka sem allra fyrst og svo fljótt sem tök eru á, og þá ætti að miða fasteignaskatta, ef þá á að nota, við það fasteignamat, vegna þess að það er í raun og veru alveg villandi, sem hæstv. fjmrh. var að tala um verðlag hér í Reykjavík, að fasteignir væru seldar á margföldu fasteignamatsverði. Það er alveg rétt. En það er óskaplega mismunandi eftir því, um hvaða fasteignir er að tefla. Þess vegna er ekkert vit að leggja sama mælikvarða á fasteignir, hvort sem það er t. d. einhver íbúð hér í úthverfi borgarinnar eða verzlunarlóð á bezta stað í bænum. Þetta veit hver maður. Það er allt annað verðlag á þessu. Og auðvitað á að taka tillit til þessara mismunandi kringumstæðna, þegar fasteignamat fer fram, en ekki hækka það með einu pennastriki, eins og hér á sér stað.

Þá vil ég benda á það, að hann var að tala um

nauðsyn á fjáröflun og framsóknarmenn vildu sem sagt alltaf samþ. útgjöldin, en þeir vildu ekki afla fjár á móti. Nú vil ég benda á það, að í þessu frv., sem hér er um að tefla, er ekki um nein sérstök útgjöld að ræða, að ég hygg. Það er ekki gert ráð fyrir í þessu frv., sem hér liggur fyrir, að framlag ríkisins hækki um eina krónu. Það er alveg það sama og það var ákveðið í lögunum í fyrra, 40 millj. kr. Það eina, sem er að þessu leyti nýtt í þessu frv., er þetta, að það er hækkuð tekjuöflun í ríkissjóð. Framlag ríkissjóðs er alveg nákvæmlega það sama og það var. Þess vegna þarf ekki að vera að ræða um nein útgjöld í þessu sambandi. Það er ekki um það að ræða, að það sé verið að hækka þetta framlag núna úr 40 millj. í 60 millj., ekki aldeilis. Það á að vera 40 millj. áfram. Og það var samþ. í fyrra, að til að mæta því skyldi eignarskatturinn miðaður við þrefalt fasteignamat. Þegar svo einhverjir reikningsspekingar finna það upp, sem þó ómögulegt er auðvitað að reikna út, að þetta hafi ekki numið nema 16 eða 19 millj., þá á bara allt í einu að hækka svo sem hér er gert.

Hæstv. fjmrh. sagði, að sveitarfélögunum hefði aldrei verið lofað hluta af eignarskatti. Ég sagði það áreiðanlega ekki í minni ræðu, að sveitarfélögunum hefði nokkru sinni verið lofað hluta af eignarskatti. En ég sagði það, sem rétt var, að þróunin í þessum málum varðandi fasteignagjöldin hefði verið þessi, að upphaflega runnu þessi gjöld í ríkissjóð, en síðan var því breytt og það ákveðið, að þau skyldu renna til sveitarfélaga. Ég held því ekki einu sinni fram, að sveitarfélögunum hafi verið gefin berum orðum bein loforð um það, að þau skyldu sitja að þessum tekjustofni ein, fasteignagjöldum. En ég lít hins vegar svo á, að af þessari framkvæmd megi draga þá ályktun, að það hafi verið gert ráð fyrir því, að þau ættu að sitja að þessum tekjustofni. En það er náttúrlega orðaleikur eða verra en það, þegar hæstv. fjmrh. er að segja, að sveitarfélögum hafi ekki verið lofað hluta af eignarskatti, vegna þess að það, sem hér er um að ræða, er í raun og veru fasteignaskattur, þó að hann sé á lagður með þessum undarlega hætti. Auðvitað ræður nafnið hér ekki eitt úrslitum. Það er lagður á fasteignaskattur, og sá fasteignaskattur er lagður á allar fasteignir með þessum sérstaka hætti, að fasteignamatið er sexfaldað og þannig reiknað inn í eignarskattinn. Það breytir náttúrlega engu um það, þó að allur skatturinn sé á eftir kallaður eignarskattur í stað þess að vera kallaður eignar- og fasteignaskattur, þannig að það er alveg ljóst, að það er verið að fara í kringum hið raunverulega, þegar hæstv. fjmrh. ætlar að verja sig á þeim grundvelli, að hér sé ekki um fasteignaskatt að ræða, heldur eignarskatt.

Ég skal svo láta þetta nægja, vil aðeins endurtaka það þó, sem ég var raunar búinn að segja, að ég álít ákaflega óeðlilegt, að þetta sé lagt á allar fasteignir án tillits til þess, hvar þær eru og hvernig á stendur hverju sinni, t. d. jafnt á íbúðir og húsnæði, sem notað er til annarrar starfsemi, jafnt á þurftaríbúðir og á stærri íbúðir og sem sagt ekki tekið tillit til neinna atvika í þessu sambandi. Ég held, að það sé ákaflega óeðlilegt og það eigi eftir að sýna sig, að þetta verði til þess að ýta undir dýrtíð og leggjast á þá, sem sízt skyldi. Hæstv. fjmrh. vildi láta það í veðri vaka í öðru orðinu, að hér væri um bráðabirgðafjáröflun að tefla. En það er ekkert í þessu frv., sem bendir til þess. Þegar nýtt fasteignamat er komið, 1967 eða hvenær sem það verður, sem væntanlega verður þá mun hærra en það, sem nú er, þá mundi það vera margfaldað sex sinnum, ef þessi lög stæðu þá óbreytt. Ef hæstv. fjmrh. meinti eitthvað með þessu, sem hann var að segja um þetta atriði, finnst mér, að hann ætti að setja það í lögin, að þau skyldu falla úr gildi að þessu leyti til, um leið og nýtt fasteignamat kæmi í gildi. En annars gæti það verið, ef krónurnar yrðu eitthvað færri næsta ár, sem reikningsmenn teldu að kæmu af þessum sökum, þá kæmu fram tilmæli um að 12-falda fasteignamatið. Hver veit? Það er ómögulegt að segja um það.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Ég skal ekki gefa tilefni til frekari umr. með þeim orðum, sem ég læt hér falla á eftir. Ég vildi aðeins minnast hér á örfá atriði í ræðum hv. stjórnarandstæðinga um þetta frv., en jafnframt færa þeim þakkir fyrir þær yfirlýsingar þeirra, að þeir væru meginefni þessa frv. samþykkir og teldu það mjög til bóta, og vænti ég, að það komi fram í skjótri afgreiðslu málsins hér í hv. þingdeild.

Hv. 3. þm. Norðurl. v. sagði, að það hefði verið ánægjulegra, ef þetta frv. eða þær breytingar, sem þetta frv. fæli í sér, hefðu komið fram frá stjórninni ótilneyddri, eins og hann komst að orði. Ég vil aðeins í sambandi við þetta skýra frá því, að ástæðan til þess, að hægt er að fara inn á þær nýju leiðir, sem óhjákvæmilega þýðir stóraukin útgjöld, er það, að jafnframt því að semja um þessar nýju leiðir við verkalýðshreyfinguna, eins og fram hefur komið áður, að er meginástæðan til flutnings þessa frv., þá var jafnframt samið um nýjar tekjuöflunarleiðir. Það var á sínum tíma samið um 1% launaskatt, skyldusparnaður var hækkaður úr 6% í 15% og það var ákveðið og lögbundið ákveðið framlag ríkisins til þess að komast yfir byrjunarörðugleikana í þessum efnum. Það er ekki heldur alls kostar rétt, að þetta frv. feli ekki í sér aukin útgjöld, eins og kom fram í síðari ræðu hans. Það er óhjákvæmilegt, að þeir möguleikar, sem opnaðir eru fyrir sveitarfélögin, sbr. 1. gr. frv., hljóta að þýða aukin útgjöld varðandi byggingu leiguíbúðanna. Það sama gildir um þá íbúðaáætlun, fjöldaframleiðslu íbúða, sem fyrirhuguð er. Hún hlýtur einnig óhjákvæmilega að þýða aukin útgjöld.

Í sambandi við ræðu hv. 9. þm. Reykv. um það, sem hann taldi vera í þessu frv. umfram það, sem samið hefði verið um við verkalýðshreyfinguna, þá var það að ýmsu leyti á nokkrum misskilningi byggt. Hann sagði, að ákvæðið um skattinn hefði ekki verið umsamið. Það má sjálfsagt um það deila, hvað sú setning þýðir, að þessi skattur skyldi tekinn með fasteignagjöldum eða á

annan hátt. Það var staðfest hér í fyrra, að sú leið skyldi farin, og hún er endurtekin hér aftur nú. Afnám húsaleigulaganna sagði hann einnig að ekki hefði verið um samið. Það má segja, að orðrétt hafi það ekki verið gert. En það er til þess ætlazt, að þær íbúðir, sem byggðar verða á vegum sveitarfélaganna, verði leigðar á sannvirði. Til þess að það sé hægt að leigja þessar íbúðir á sannvirði, þarf að breyta núverandi húsaleigulöggjöf. Sé þessi gamla löggjöf því ekki afnumin, má búast við því, að sveitarfélögin leggi ekki út á þá braut að byggja sem nokkru nemur af þessum leiguíbúðum, sem allir eru þó sammála um að mjög vanti á íbúðamarkaðinn í dag. Þetta er því bein afleiðing af samkomulaginu, að afnema verður þessi lög, ef menn vilja ekki eftir sem áður láta gamla og úrelta löggjöf beinlínis standa í vegi fyrir því, að nýjar leiguíbúðir komi á húsnæðismarkaðinn.

Þriðja atriðið, sem hv. 9. þm. Reykv. fann að, var, að orðrétt skyldi ekki vera talað um skilyrðislausan rétt til íbúðalánanna, þ. e. a. s. til þeirra íbúða, sem byggja á skv. íbúðaáætluninni, það væri skilyrðislaust í samkomulaginu, en aðeins heimild í þessu frv. Ég tel, að hvort tveggja sé í heimildarformi: „skulu eiga rétt á allt að" o. s. frv. og „heimild sé til allt að". Þetta er aðeins orðamunur, en ekki meiningar, og ég vænti þess, að sú nefnd, sem málið fær til umr., athugi þetta atriði nánar. Það er áreiðanlega ekki hugmynd ríkisstj. að víkja í nokkru frá því, sem þetta margnefnda samkomulag, sem er undirstaða þessa frv., gerði ráð fyrir.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 17 shlj. atkv.

Á 13. fundi í Ed., 9. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 6, n. 63, 65 og 71, 62, 72).

Frsm. meiri hl. (Þorvaldur G. Kristjánsson): Herra forseti. Heilbr.- og félmn. hefur tekið til meðferðar frv. það, sem hér er til umr. N. hefur rætt frv., en hún hefur ekki orðið sammála. Meiri hl. n. mælir með, að frv. verði samþ. óbreytt, og hefur lagt fram nál. á þskj. 63.

Efni þessa frv., sem hér um ræðir, er í meginatriðum afleiðing eða í beinu sambandi við yfirlýsingu ríkisstj. um húsnæðismál, sem gefin var í tilefni af samningum við verkalýðsfélögin í júlímánuði s. l. Í 1. gr. frv., 2. mgr., er ríkisstj. heimilað að láta byggja íbúðir í samvinnu við hlutaðeigandi sveitarfélög. Þar segir, að íbúðir þessar skuli vera vandaðar, hagkvæmar og staðlaðar, en án óþarfa íburðar. Með þessu er verið að gera tilraun til þess að sannreyna, hve mikið megi lækka byggingarkostnað með góðri skipulagningu og fullkomnustu tækni, sem við verður komið. Það er gert ráð fyrir, að framkvæmd byggingannna verði falin viðurkenndum verktaka eða verktökum á samkeppnisgrundvelli og með sem víðtækustu útboði. Gerðar verði sérstakar ráðstafanir til þess að greiða fyrir innflutningi tækja og byggingarhluta, eftir því sem æskilegt reynist. Það er gert ráð fyrir, að þessar íbúðir verði tveggja, þriggja og fjögurra herbergja og verði staðsettar í hverfum, þannig að við verði komið sem mestri hagkvæmni í byggingarframkvæmdum. Hér er um að ræða markvissa og merkilega tilraun til þess að lækka byggingarkostnaðinn í landinu.

Í 2. gr. þessa frv. er gert ráð fyrir, að það verði hækkað fasteignamat til eignarskatts, sem samþ. var á síðasta þingi til fjáröflunar fyrir íbúðalán. Á síðasta þingi var fasteignamatið þrefaldað, en nú er gert ráð fyrir, að það verði sexfaldað. Það hefur komið í ljós, að þessi tekjustofn hefur ekki nægt til þess, að þar fáist það fjármagn, sem gert var ráð fyrir að ríkissjóður legði fram til íbúðarlána á hverju ári, eða um 40 millj. kr. Það mun ekki hafa náðst með þreföldun fasteignamatsins nema tæplega helmingur þessarar upphæðar. Það er mjög þýðingarmikið, að svo sé búið um hnútana, að tryggt sé, að þessi fjárhæð, sem ríkissjóði er ætlað að inna af hendi í þessum tilgangi, sé til.

Í 3. gr. frv. er um þá nýjung að ræða, að upphæð íbúðalánanna, sem er 280 þús. kr. á hverja íbúð, er miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar 1. júlí 1964, og framvegis skal lánsupphæðin hækka eða lækka samkv. þeirri vísitölu. Frá því að 1. um húsnæðismálastjórn voru fyrst sett árið 1955, hefur alltaf verið kveðið svo á, að lánsupphæðin skuli vera í ákveðnu hámarki. Af þessu hefur leitt, að hvenær sem hefur þótt rétt að hækka lánin, hefur reynzt nauðsynlegt að breyta l. Það má segja, að slíkt komi ekki að sök. Því verður samt ekki á móti mælt, að það er ýmislegt, sem mælir með því, að það þurfi ekki að breyta löggjöfinni í hvert sinn, sem hámarksupphæð lánanna er brevtt, og þetta ákvæði, sem hér er sett inn, tryggir það, að svo þurfi ekki að gera. En í þessu sambandi er þess að geta, að í ákvæðum til bráðabirgða í frv. þessu er gert ráð fyrir, að á næstu 5 árum skuli hækkun lánsfjárhæða samkv. því ákvæði, sem ég áður gat um, eigi vera lægri fjárhæð á ári hverju en 15 þús. kr., þó að vísitala byggingarkostnaðar valdi ekki svo mikilli hækkun lánsfjárhæðar. Þetta ákvæði er í beinu samræmi og til staðfestingar á yfirlýsingu ríkisstj., en þar var kveðið svo á um þetta atriði.

Þá er í 2. mgr. 3. gr. ákvæði um það, að láglaunafólk í verkalýðsfélögum skuli hafa forkaupsrétt að íbúðum þeim, sem ríkisstj. lætur byggja í samvinnu við hlutaðeigandi sveitarfélög. Þar er enn fremur tekið fram, að það sé heimilt að veita meðlimum verkalýðsfélaganna lán til kaupa á þessum íbúðum, sem nemur 4/5 hlutum af verðmæti íbúða, og þá skal telja gatnagerðargjald með verðmæti íbúðanna. Hér er um verulega hækkun að ræða frá því, sem gildir um hin almennu lán húsnæðismálastjórnar. Gert er ráð fyrir, að hin almennu lán megi ekki nema hærri upphæð en ¾ hlutum verðmætis íbúðar, og það hefur í framkvæmd ekki verið reiknað með gatnagerðargjaldinu.

Þá er í 4. gr. frv. ákvæði um það, að þessi sérstöku lán til meðlima verkalýðsfélaganna skuli vera til 33 ára, afborgunarlaus fyrstu 3 árin, en endurgreiðast síðan á 30 árum. Hér er sömuleiðis um hagkvæmari kjör að ræða en á hinum almennu lánum.

Þá er í 6. gr. frv. kveðið svo á, að um leið og frv. tekur gildi sem lög, falli úr gildi lög um húsaleigu. Það þótti eðlilegt og nauðsynlegt að setja þetta ákvæði inn í þetta frv., með því að ef það væri ekki gert, mundu núgildandi ákvæði um húsaleigu hamla eðlilegri framkvæmd á þeim fyrirætlunum sveitarfélaga að byggja sérstakar leiguíbúðir.

Þá vil ég að lokum minnast á ákvæði til bráðabirgða, sem eru á þá leið, að þeir, sem hófu byggingarframkvæmdir á tímabilinu 1. apríl til 31. des. 1964, skuli eiga kost á viðbótarláni hjá Húsnæðismálastofnun ríkisins, sem nemur 50 þús. kr. Nú er það svo, að samkv. núgildandi l. um Húsnæðismálastofnun ríkisins er kveðið svo á, að hámark lánsupphæðar sé 280 þús. kr. Það mætti því segja, að þetta ákvæði væri óþarft, vegna þess að húsnæðismálastjórn hefur heimild til þess núna að veita allt að 280 þús. kr. lán. Hins vegar er ekki óeðlilegt að taka þetta ákvæði hér inn sem bráðabirgðaákvæði. Það er í samræmi við yfirlýsingu ríkisstj. í sambandi við kaupgjaldssamningana á s. l. sumri, og það tekur skýrt fram, að húsnæðismálastjórn skuli veita þessi viðbótarlán.

Þetta atriði, að veita þessum aðilum, sem hér um ræðir, þessi viðbótarlán, hækka lánin úr 150 þús. upp í 200 þús., þýðir það, að húsnæðismálastjórn hefur þurft á auknu fjármagni að halda til þessara þarfa. Það er gert ráð fyrir, að til þess að fullnægja þessum ákvæðum þurfi húsnæðismálastjórn rúmar 30 millj. kr. Það er nú þessa dagana verið að vinna að þessum viðbótarlánveitingum, og ríkisstj. hefur þegar tryggt húsnæðismálastjórn viðbótarfjármagn í þessu skyni að upphæð 30 millj. kr.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess að rekja efni þessa frv. frekar, en vænti þess, að það fái góða afgreiðslu í hv. deild.

Frsm. 1. minni hl. (Alfreð Gíslason): Herra forseti. Þetta mikilsverða frv. var lítillega rætt í hv. heilbr.- og félmn. Það var tekið fyrir á tveimur fundum n., en í raun og veru lítið athugað af n. og lítið rætt. Í sambandi við ákvæði 2. gr. frv. fór ég t. d. fram á það við hv. meiri hl. n., að einhver reikningsfróður maður úr stjórnarráðinu mætti á fundi með n. til þess að gera nánari grein fyrir þeirri breytingu, sem felst í 2. gr., hækkun á eignarskatti. Þessari bón minni var þverneitað af hv. meiri hl., og yfirleitt fannst mér kenna þess meira nú en oft endranær, að meiri hl. virti að vettugi eðlilegar óskir minni hl. um sjálfsagða og eðlilega athugun málsins. Ég tel rétt, að þetta komi fram, því að þetta eru vinnubrögð í n., sem enginn meiri hl. á að leyfa sér.

Um flest í þessu frv. munu ekki vera skiptar skoðanir í hv. heilbr.- og félmn. Það eru aðeins nokkur atriði þess, sem ollu ágreiningi og gerðu það að verkum, að n. klofnaði í málinu. Ég hafði einkum við þrjú atriði frv. að athuga og geri í samræmi við það brtt. á þskj. 62. Ég vil nú lítillega gera grein fyrir þeim þrem brtt., sem ég geri við þetta frv.

Fyrsta brtt. snertir 2. gr. frv. Ég legg til, að þessi gr. sé felld niður. Í henni ræðir um það, að eignarskatt skuli ekki miða við fasteignamat þrefaldað, heldur við fasteignamat sexfaldað. Á s. l. vori, fyrir aðeins 6 mánuðum, samþykkti Alþ. að hækka eignarskatt á vissum hluta landsmanna með þeim hætti, að eignarskattur skyldi ekki miðaður við gildandi fasteignamat, heldur fasteignamat þrefaldað. Þessi nýi eignarskattsauki átti að gefa af sér 40 millj. kr. samkv. útreikningi ráðunauta hæstv. ríkisstj. og þær 40 milljónir króna skyldu renna til húsnæðismálasjóðs sem árlegt framlag. Þegar Alþingi kemur saman nú í haust, hafa menn komizt að þeirri niðurstöðu, að þessir útreikningar í vor eru mjög rangir, þessi skattauki muni ekki gefa 40 millj., eins og gert var ráð fyrir í byrjun, heldur aðeins 16—19 millj. eða tæpan helming. Þess vegna er farið fram á, að eignarskattur viss hluta landsmanna verði miðaður við fasteignamat sexfaldað. Þannig á að ná upp því, sem á vantar í 40 millj. kr. sem framlag til húsnæðismálasjóðs. Nú spyr ég: Er þessi síðari útreikningur réttur? Er hann nokkuð réttari en fyrri útreikningurinn? Það var ekki borið við að færa nein rök fyrir því, í hverju skekkjan frá s. l. vori lægi, ekki borið við að sýna þdm. fram á það reikningslega, að nauðsynlegt sé að hækka fasteignamatið í þessu skyni. Ef fasteignamat þrefaldað gefur af sér 16—19 millj. kr., er alveg einsætt að mínum dómi, að fasteignamatið sexfaldað gefur af sér verulega meira en 40 millj. Það leiðir af því, að skattþegnarnir verða miklu fleiri, og það leiðir af þeirri stighækkun, sem þessum skatti fylgir. Ég er því ekki tilbúinn til þess að samþykkja það, sem í 2. gr. felst. Ég krefst þess a. m. k. fyrst að fá það betur rökstutt, að þetta sé nauðsynlegt. Ég er ekki andvígur því í sjálfu sér að hækka eignarskatt, en ég vil hvorki láta hækka eignarskatt né aðra skatta, nema rök séu færð fyrir þörf þess, og það finnst mér ekki hafa verið gert í þessu tilfelli.

Það var bent á það hér við 1. umr. ræki lega, að þetta ákvæði um hækkun eignarskatts ætti ekki heima í þessum l., heldur í l. um tekjuskatt og eignarskatt. Ég er alveg sammála þessu, og sérstaklega tel ég þess þörf, þegar haldið er áfram að vega í sama knérunn og hækka sama liðinn tvisvar á sama árinu. Ég er ekki í nokkrum vafa um, að þegar miða á eignarskatt við fasteignamatið sexfaldað, raskar það þeim grundvelli, sem er undir öllum reglum um álagningu eignarskatts. Þess vegna þarf að endurskoða l. um eignarskatt, um leið og það er ákvarðað, sem í 2. gr. stendur. Þetta er önnur ástæða fyrir því, að ég get ekki að svo stöddu samþ. ákvæðið í 2. gr. og legg þess vegna til, á meðan ekki liggur annað fyrir til rökstuðnings þessari skattheimtu, að 2. gr. verði felld niður úr frv.

2. brtt. mín snertir 3. gr., 2. mgr. Í þeirri mgr. segir, með leyfi hæstv. forseta: „Láglaunafólk í verkalýðsfélögum skal hafa forkaupsrétt að íbúðum þeim, sem byggðar eru samkv. 3. mgr. 3. gr. l. þessara, og er heimilt að veita meðlim-

um verkalýðsfélaga lán til kaupa á íbúðunum, sem nemur 4/5 hlutum af verðmæti íbúða, og skal þá telja gatnagerðargjald með verðmæti íbúðanna.“ Ég benti á það við 1. umr., að hér er orðalag, sem efnislega er annað en það, sem heitið var í yfirlýsingu hæstv. ríkisstj. í sumar. Í yfirlýsingu hæstv. ríkisstj. er það tiltekið, að láglaunafólk í verkalýðsfélögum skuli hafa forkaupsrétt að íbúðum, sem byggðar eru samkv. 3. gr. l., og að það skuli eiga kost á láni, sem nemur 4/5 hlutum af verðmæti íbúðanna. Hér er meiningarmunur. Samkv. yfirlýsingu hæstv. ríkisstj. skyldi þetta láglaunafólk eiga rétt á 80% láni. En eins og það er orðað í frv., þá er húsnæðismálastjórn aðeins veitt heimild til að veita þeim 80% lán. Ég tel, að hér sé um verulegan meiningarmun að ræða, og legg sem sagt til, að það verði leiðrétt og það látið standa, sem segir í yfirlýsingu hæstv. ríkisstj. frá í sumar.

Þá kem ég að þriðju og síðustu brtt. minni, og hún snertir 6. gr. frv. Þar segir í 2. málslið: „Jafnframt eru úr gildi fallin lög nr. 30 4. febr. 1952.“ Hér er um að ræða afnám laga um hámark húsaleigu o. fl. frá 1952. Ég legg til, að þessum málsl. verði breytt á þann veg, að l. um hámark húsaleigu o. fl. skuli falla úr gildi, jafnskjótt *og ný* húsaleigulög hafa verið sett. Um þetta atriði þarf ég ekki að fjölyrða, ég ræddi um það hér áðan undir þeim dagskrárlið, sem var á undan þeim, sem nú er til umr. En í þessari brtt. minni felst það að sjálfsögðu, að ég vil ekki ganga inn á einhliða afnám húsaleigulaganna, þó að ég telji þau úrelt, heldur vil ég, að undinn sé bráður bugur að því, að ný húsaleigulög verði sett, þannig að þessi úreltu, gömlu lög geti þá um leið fallið úr gildi.

Á þskj. 72 eru brtt. frá Karli Kristjánssyni og Ásgeiri Bjarnasyni. Þar er það lagt til, að þessum málslið í 6. gr. sé sleppt, að hann sé felldur niður, og að í staðinn komi ákvæði til bráðabirgða þess efnis, að reglugerð sú, sem um ræðir í síðustu mgr. A-liðar 7. gr. laganna, er óbundin af hámarksleiguákvæðum laga nr. 30 4. febr. 1952, þar til þau lög hafi verið endurskoðuð. Þetta fellur nokkuð í sömu átt og ég hef um rætt, þ. e. a. s. í þessum till. þeirra hv. þm. er lögð áherzla á nauðsyn á endurskoðun húsaleigulaganna og að gera allt til þess að flýta fyrir því, að sú endurskoðun fari fram.

Ég mæli ekki gegn þessum brtt. á þskj. 72, 2. og 3. brtt., en það kemur mér aðeins í hug, hvort samþykkt þeirra gæti haft í för með sér tafir á því, sem koma þarf, endurskoðun húsaleigulaganna. Að vísu er vandinn leystur með þessu að mínum dómi fyrir hæstv. ríkisstj., en ég hefði mjög gjarnan viljað nota það tækifæri, sem gefst í sambandi við umr. um frv., sérstaklega 6. gr. þess, til að þvinga hæstv. ríkisstj. til að koma á endurskoðun og fá samþykkt á nýjum húsaleigulögum hið allra fyrsta.

Frsm. 2. minni hl. (Karl Kristjánsson): Herra forseti. Mér þótti að mörgu leyti ánægjulegt að sjá þetta frv., þegar hæstv. ríkisstj. lagði það fram. Ég hafði á síðasta Alþingi, þegar húsnæðismálastofnunarlögin voru þar til umr. og afgreidd í þeirri mynd, sem þau nú eru, þ. e. lögin frá 10. maí 1965, lagt áherzlu á, að lánsfjárhæðir ættu að hækka með hækkandi dýrtíð, en inn á tillögur um það var ekki gengið og till. um það felld. Nú er í frv. þessu gert ráð fyrir hækkun lána skv. byggingarvísitölu frá 1. apríl 1964 og jafnvel ofur lítilli hækkun, hvort sem vísitalan breytist til hækkunar eða ekki næstu fimm ár.

Þá er gert ráð fyrir að hækka lánin úr 150 þús. á íbúð upp í 200 þús. kr. hjá þeim, sem hófu byggingarframkvæmdir á tímabilinu 1. apríl til 31. des. 1964. Um slíka hækkun var ekki til neins að tala eða flytja tillögur á síðasta þingi. Þetta voru spor í rétta átt og gleðilegt, að þau skuli stigin, þótt stutt séu og seint gengin. Hitt er aftur á móti leiðinlegt vegna Alþingis, að sjá og vita, að það, sem hæstv. ríkisstj. fékkst ekki til að fallast á hér á Alþingi, lætur hún kúga sig utan Alþingis til að fallast á stuttu seinna. Þetta vottar fskj. frv. Verkalýðsfélögunum skal síðar en svo láð, þó að þau beiti aðstöðu sinni og samtakamætti til að þvinga ríkisstj. til að gera góða hluti. Hitt er mjög ámælisvert af ríkisstj., að láta samtökin þurfa að gera þetta. Alþingi er gerð vansæmd með því sem stofnun, að ríkisstj. beiti sér fyrir því að láta stuðningsmenn sína á Alþingi fella till., sem þar koma fram, en semur svo um það við utanþingsaðila nokkrum vikum seinna, að hún skuli beita sér fyrir samþykkt efnislega sömu tillagna á Alþingi. Þegar svona er stjórnað, verður mikill valdaruglingur, löggjafarvaldið er fært út úr Alþingi nema að formi til, þingræðið er lítilsvirt. Hvert getur þetta leitt? Ég spyr að fullu tilefni gefnu. Þetta er í áttina til afnáms þingræðisins.

Við framsóknarmennirnir í minni hl., 2. minni hl., mælum auðvitað með samþykkt frv., þótt við séum mótfallnir svona vinnubrögðum. En við teljum, að á frv. þurfi samt að gera breytingar, og flytjum við það 3 brtt. á þskj. 72.

Hæstv. ríkisstj. greip til þess við setningu húsnæðismálastofnunarlaganna í vor sem leið að setja þar ákvæði, sem gripa inn í löggjöfina um eignarskatt, til þess að mæta með því 40 millj. kr. framlagi úr ríkissjóði til húsnæðismálastofnunarinnar. Ákvæðið var að þrefalda fasteignamat undir álagningu eignarskatts. Þetta mátti kallast fáránlegt tiltæki og óvenjulegt að fara inn í aðra löggjöf þannig eftir tekjum. Það er alvarlegt. Það minnir á hrafninn og aðferðir hans, þegar hann er að ná sér í mör hjá afvelta kind. Ekki var með nokkru móti hægt að gera sér fyrir fram grein fyrir því, hve miklar tekjur þetta mundi gefa ríkissjóði. Það var undir svo mörgu ófyrirséðu komið. Formælendur sögðu samt, að það gæfi 30—40 millj. kr. Nú er sagt, að tekjurnar af þessu verði ekki nema 16—19 millj. En hver veit það í raun og veru? Er búið að fletta sundur hverju og einu eignaframtali skattgreiðenda og reikna sérstaklega innan úr því, hvað fasteignamatsþreföldunin gefur út af fyrir sig? Ég er viss um, að það hefur ekki verið gert. Hér er því um handahófslega ágizkun að ræða, alveg eins og í vor. Eitt

er víst í þessu sambandi eins og hv. 9. þm. Reykv. (AG) benti á, að hin fyrirhugaða viðbót gefur ríkissjóði meira fé en ákvæðið, sem fyrir er. Seinni þreföldunin gerir hærri skatt en sú fyrri, af því að sú lágmarksfjárhæð, sem er skattfrjáls, skerðir það álag ekki meir en orðið er við fyrri þreföldunina og fleiri verða skattskyldir við sexföldunina en þreföldunina. Loks geta sumir komizt í hærri skattstiga. Ákvörðun þessarar skatthækkunar er því mjög í blindni gerð um niðurstöður. Hún er að mínu áliti hálfóráðskennd skattæðisframkvæmd.

Á það ber einnig að líta, að fyrir stuttu var um það nokkurs konar fyrirheit gefið hér á hv. Alþingi, að sveitarfélögin skyldu njóta fasteignaskattsálöguréttar. Það var þegar neitað var um, að þau fengju hlutdeild í hækkun söluskatts. Með því að margfalda fasteignamat til eignarskatts er verið að sniðganga þetta fyrirheit. Það er farið að slá handa ríkissjóði á engi, sem búið var að úthluta sveitarfélögunum til slægna, eða þau höfðu ríka ástæðu til að telja, að sér væri ætlað. Ég veit, að ríkissjóður er í kröggum. Það leynir sér ekki á þeim örþrifaráðum ýmsum, sem hæstv. fjmrh. telur sig þurfa að grípa til með nýrri öflun tekna fyrir næsta ár, en sveitarfélögin eiga við sömu dýrtíð og ríkissjóðurinn að etja, og þess vegna verður að taka tillit til þeirra og má ekki ganga á hlut þeirra til að klóra í bakkann fyrir ríkissjóð, þótt hann standi illa, enda verður Alþingi að halda sín heit, bæði bein og óbein.

Við teljum, að fráleitt sé að sexfalda fasteignamatið undir álagningu eignarskatts. Nær lagi væri þá að hækka eignarskattinn með breytingu á löggjöfinni um hann, ef svo illa er ástatt með ríkissjóðinn, að það sé nauðsynlegt, til þess að hann geti greitt húsnæðismálastofnuninni lögboðið framlag.

1. brtt. okkar við frv. er í samræmi við það, sem ég nú hef sagt, að 2. gr. þess, sem er sexföldunin, falli niður.

Í 6. gr. frv. er ákvæði um, að húsaleigulögin frá 1952 falli úr gildi nú þegar og engin lög um þau efni komi þá í staðinn. Ekki verður á móti því mælt, eins og komið hefur fram í umr. hér áður, að húsaleigulögin eru ekki virt mikils, enda tímar breyttir og verðlag, síðan þau voru sett. Þó er mér sagt, að Reykjavíkurborg fari eftir þeim um hámarksleigu húsnæðis þess, er hún selur á leigu, og svo kann að vera um fleiri sveitarfélög og máske fleiri aðila. Ábyrgðarhluti er því að afnema lögin, án þess að nokkuð komi í staðinn. Enginn veit, hverju það kann að raska, a. m. k. má telja líklegt, að húsaleiga breytist hjá leigjendum sveitarfélags, höfuðborgarinnar, og eru þeir sennilega þó ekki meðal hinna efnaðri borgara, sem slíkra viðskipta njóta. Skynsamlegra er að endurskoða lögin en að afnema eða a. m. k. endurskoða þau, áður en þau eru afnumin. Mér hafði skilizt, að afnámsákvæðið nú þegar sé af því sprottið, að framkvæmendur þessara mála telji nauðsynlegt að geta gefið út reglugerð þá, sem síðasta mgr. 7. gr. húsnæðismálastofnunarlaganna gerir ráð fyrir um leigu fyrir þær íbúðir, sem sveitarfélög og Öryrkjabandalag Íslands reisa í kaupstöðum og kauptúnum með lánum frá húsnæðismálastofnuninni, en talið, að sú reglugerð muni ekki fá staðizt gagnvart ákvæðum húsaleigulaganna, meðan þau eru í gildi. Þetta eru mjög skiljanlegar ástæður. En ekki þarf að afnema húsaleigulögin til þess að bæta úr þessu. Það er hægt að heimila undanþágu frá tilteknum ákvæðum þeirra með lögum. Við leggjum þess vegna til, að það verði gert.

2. brtt. okkar er um það, að úr 6. gr. verði fellt ákvæðið um algert afnám húsaleigulaganna nú þegar.

En 3. brtt. er aftur á móti um, að upp í ákvæðin til bráðabirgða verði tekin heimild til undanþágu frá ákvæðum fyrrnefndra húsaleigulaga um hámark húsaleigu vegna þeirra húsa, sem sveitarfélög og Öryrkjasamband Íslands reisa fyrir lán frá húsnæðismálastofnuninni, þar til húsaleigulögin hafa verið endurskoðuð. Og ég tel fyrir mitt leyti, að einmitt svona ákvæði mundi reka eftir endurskoðun laganna, og hefði þótt gott að heyra yfirlýsingar hæstv. fjmrh. í því sambandi, að ráðstafanir hafi verið gerðar til að endurskoða þau, og ekki sé meiningin að afnema þau til frambúðar. Hitt tel ég svo óþarft og líka hættulegt í þessu sambandi, að hafa tímabil lagalaust í þessum efnum.

Hæstv. félmrh. fór vinsamlegum orðum um till. þessa áðan við umr. um þáltill., sem var hér til umr. á undan frv. þessu. Hann lét á sér ákveðið skilja, að hann teldi rétt, að heilbr.- og félmn. athugaði till. og segði álit sitt um það, hvort till. gæti leyst vandann, sem henni er ætlað að leysa. Með tilliti til undirtekta hæstv. félmrh. vil ég nú fara þess á leit við hæstv. forseta, að hann fresti þessari umr. frv., svo að fram geti komið álit n., áður en till. sú, sem ég var nú seinast að ræða, kemur til atkvæðis.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Það er ekki margt, sem komið hefur fram við þessa 2. umr. málsins, sem ekki var þegar ljóst við 1. umr. þess, og af þeim ástæðum ekki sérstök ástæða til að lengja umr. um málið nú.

Ég vil aðeins í sambandi við lokaorð hv. frsm. 2. minni hl. varðandi síðustu till. hans á þskj. 72 taka það fram, sem ég áðan sagði, að ég tel, að till. sé þess eðlis, að það sé eðlilegt, að n. athugi nánar um, hvort hún stenzt við venjulega meðferð mála hér og hvort hún geti staðizt í reynd, — eðlilegt, að n. íhugi það mál á síðari stigum málsins. Ég sé hins vegar ekki sérstaka ástæðu til, samkv. ósk hv. frsm. 2. minni hl., að umr. sem slíkri sé frestað. Ég sé ekki annað en það sé í lófa lagið, að hann dragi þá till. til baka til 3. umr. og n. athugi þessa till. milli umr., en skal að öðru leyti ekki frekar skipta mér af þessari málmeðferð.

Hv. frsm. 1. minni hl. n., hv. 9. þm. Reykv. (AG), lagði nú, sem og við fyrri umr. málsins, mikla áherzlu á það í sambandi við það, að láglaunafólk í verkalýðsfélögum skuli hafa forkaupsrétt að þeim íbúðum, sem frá greindi í 3. gr. frv., þá sagði hann, að það væri mikill

meiningarmunur á því, hvort í lögunum stæði, að húsnæðismálastjórn væri heimilt að lána allt að því hundraðshlutfalli, sem þar er gert ráð fyrir, eða hvort rétturinn væri skýlaus. Ég vil aðeins í þessu sambandi minna á það, að það hefur oft komið fyrir í starfssögu húsnæðismálastjórnar, að ýmsir aðilar, þó að þess séu ekki mörg dæmi, hafa ekki óskað eftir fullu hámarksláni, en samkv. því orðalagi, sem hv. þm. vill hafa á þessu, skal þeim veitt hámarkslán, hvort sem þeir sækja um það eða sækja ekki. (Gripið fram í.) Þeir eiga þann skýlausa rétt eins og er, það er skýlaus réttur til. Ég gat um það í framsöguræðu minni fyrir málinu hér við 1. umr., að það væri alls ekki hugmynd neinna aðila, sem að frv. stæði, að skerða það samkomulag á einn eða annan hátt, sem gert var við verkalýðsfélögin á s. l. sumri, og ég tel, að það standi óhaggað enn, og tel, að ég hafi gert nægilega grein fyrir því þá. Þetta er aðeins spurning um lagalegt form, en ekki neinn meiningarmunur, og ég mótmæli því eindregið, að það sé nokkur meiningarmunur að baki þessu orðalagi.

Báðir minni hl. hv. heilbr.- og félmn. eru sammála um að mótmæla hækkun á fasteignamati til fasteignaskatts, eins og gert er ráð fyrir, úr þreföldun í sexföldun og telja, að það sé mjög óeðlilegt, að teknanna sé í fyrsta lagi aflað á þennan hátt, Alþingi hefur einu sinni ákveðið þá reglu með því lagaákvæði frá því í fyrra, og telja í öðru lagi, að fyrir því sé engin trygging, að það geti aflað þeirra viðbótartekna, sem talið er nauðsynlegt, frá því, sem skatturinn hefur sýnt sig að gefa þá mánuði, sem reynsla er af því fengin. Það er alveg rétt hermt, að hér er um áætlun að ræða, eins og reyndar allar fjárhagsáætlanir ríkisins og bæjarfélaga, og verður ekki nákvæmlega séð upp á krónu eða þús. kr., hver árangur verður af skattlagningu hverju sinni. Hins vegar er það staðreynd, að þessi skattur sýnir sig að gefa ekki á þessu ári yfir 16—19 millj. kr., og var honum þó ætlað að gefa allt að 40 millj. kr. samkv. þeim athugunum, sem gerðar voru í fyrra. Ég skal ekki dæma um þá athugun, sem á því fór fram þá, en augljóst er, að þarna er verulegra viðbótartekna þörf, og ber því að óska eftir því, að jafnframt því sem menn mótmæla því, að þessi aðferð sé farin til tekjuöflunar fyrir húsnæðismálastjórn, þá sé jafnframt bent á aðra leið, sem heppilegri sé og jafntrygg fyrir því, að þetta fjármagn fáist til ráðstöfunar. Það hefur ekki verið gert, og meðan verður að taka mótmælum út af þessu ákvæði frv. með hæfilegri varúð.

Hv. 1. þm. Norðurl. e. (KK), frsm. 2. minni hl. n., lagði á það mikla áherzlu í ræðu sinni, að ríkisstj. hefði látið kúga sig til aðgerða í húsnæðismálum, sem hún hefði neitað á síðasta Alþingi, af utanþingsaðilum og að í hættu væri þingræðið í landinu, og jafnvel minntist hann á orð eins og afnám þingræðisins. Ég var sannast sagna ofur lítið hissa á þessari fullyrðingu hins gamalreynda þm. og ágæta vinar míns, því að ég veit ekki betur en við höfum báðir af öðrum aðila legið undir ásökunum um það að taka tillit til utanþingsaðila fyrr á árum og þá undir svipuðum upphrópunum og hér voru hafðar. Ég minni í því sambandi aðeins á störf hinnar margnefndu 19 manna n. á dögum vinstri stjórnarinnar. Það var ekkert ágreiningsmál á milli okkar, mín og hv. 1. þm. Norðurl. e., að taka fullt tillit til þessarar n. og þeirra starfa, sem hún vann fyrir þá ríkisstj., þó að ekki væru í henni þm., nema að örlitlu leyti. En það vil ég þó segja því til stuðnings, sem nú er fundið ríkisstjórninni til foráttu, að hún tekur hliðsjón af þeim loforðum, sem hún gefur utanþingsaðilum, og mismunurinn liggur í því að fara eftir því samkomulagi, sem þar var gert, og þeim till., sem hv. þm. Framsfl. fluttu hér á síðasta þingi, að þar var jafnframt samið um tekjuáætlunina, tekjuhlið málsins. Það er ekki einhlítt að bera fram frómar óskir, hvernig menn vilja hafa hluti í landinu, sem kostar peninga að framkvæma, ef ekki er jafnframt fyrir því séð, að þessara tekna sé aflað. En í þessu samkomulagi, ásamt því samkomulagi, sem gert var í júní 1964, var séð fyrir þeim tekjum, sem gerðu þessar ráðstafanir mögulegar. Það er mismunurinn á þeim till. og því samkomulagi, sem þar var gert, og till. hv. framsóknarmanna.

Ég læt svo að öðru leyti útrætt um einstök atriði í framsöguræðum hv. frsm. minni hl. n., en fagna því, sem er höfuðatriði málsins, að meginefni frv. eru þeir samþykkir. Hvort þeir hafi áður flutt till. um einstök atriði frv., sem hafi farið í sömu átt og hér um ræðir og eru undirstaðan undir þessari samstöðu þeirra um meginefni frv., það skal ég ósagt láta.

Hitt er engum vafa undirorpið, að með þeim breyt., sem í þessu frv. felast, er stórkostlegt spor stigið í réttlætisátt í þessum málum og til fullnægingar þeim óskum, sem uppi hafa verið hér á undanförnum árum til úrlausnar þessum vanda. Það er að sjálfsögðu ekkert lokaspor í þeim atriðum. Hér er um lög að ræða, sem með stuttu millibili er brýn nauðsyn á að verði endurskoðuð, ekki sízt með hliðsjón af breyttu verðlagi, og ef vinnast á í áttina að settu marki um lausn á þessum málum, þá er, eins og ég áðan sagði, brýn nauðsyn, að endurskoðun fari fram á l. og einstökum atriðum þeirra með hæfilegu millibili.

Ég hygg, að þrátt fyrir ágreining um einstök atriði málsins, þá sé það sannmæli, sem fram hefur komið í framsöguræðum allra hv. n., sem til sín hafa látið heyra um málið, að það sé einlægur vilji Alþingis, að þarna verði svo að unnið sem frekast er kostur á og efnahagur þjóðarinnar framast leyfir. Það er ekkert álitamál og reyndar löngu viðurkennt af öllum þeim, sem hafa viljað skoða efnahagsmál þjóðarinnar ofan í kjölinn, að hér er eitt viðkvæmasta atriðið og mikilsvert, að sem bezt lausn fáist á. Endanleg lausn verður ef til vill aldrei á þessu vandamáli fundin, en hverju spori í þá átt ber vissulega að fagna.

Frsm. 1. minni hl. (Alfreð Gíslason): Herra forseti. Hæstv. ríkisstj. lýsti því yfir í sumar, að þeir láglaunamenn verkalýðsfélaganna, sem hlytu íbúðir sveitarfélaga, skyldu eiga rétt á

80% láni. Í frv. stendur hins vegar, að húsnæðismálastjórn sé heimilt að veita þessum mönnum 80% lán. Hér er greinilega meiningarmunur, þótt hæstv. félmrh. komi ekki auga á hann eða vilji ekki viðurkenna hann. Hins vegar þegar þetta kom til umr. í hv. heilbr.- og félmn., viðurkenndi hv. frsm. meiri hl. þennan mun. Hann gaf á honum sínar skýringar að vísu, sem voru á þá leið, að upprunalega hefði verið gert ráð fyrir Reykjavíkurborg einni sem aðila að þessu ákvæði í l., en síðar hefði verið horfið að því ráði að láta þetta gilda um öll sveitarfélög. Út frá þessari breyt. taldi hann þessa breyt. á orðalagi eðlilega. Ég get að vísu ekki fallizt á það heldur, en þessi hv. þm. viðurkenndi þó, að hér væri um meiningarmun að ræða, eins og það greinilega er og sést augljóslega við samanburð.

Ég vil taka undir tilmæli hv. 1. þm. Norðurl. e. (KK), tilmæli til hæstv. forseta um að fresta þessari umr. og gefa bæði hv. heilbr.- og félmn. og hv. þdm. tækifæri til að athuga málið eilítið nánar. Ég vil jafnframt mælast til þess við hæstv. félmrh., að hann láti hv. þd. í té reikningslegan rökstuðning fyrir hækkun eignarskattsins, sem ráðgerð er í 2. gr. frv. Ég tel, að sérstaklega hv. heilbr.- og félmn. og einnig hv. þdm. eigi fulla siðferðilega kröfu eða rétt á því að fá slíkan útreikning í hendur, áður en ætlazt er til, að þeir samþykki þessa miklu hækkun.

Frsm. 2. minni hl. (Karl Kristjánsson): Herra forseti. Aðeins örfá orð. — Hæstv. félmrh. lagði áherzlu á það, að við minnihlutamenn, sem viljum ekki samþykkja sexföldun skattsins, sexföldun fasteignamats í eignarskatti, bentum ekki á neina fjáröflunarleið aðra. Í sjálfu sér er ekki endilega skylda stjórnarandstöðu að benda stjórn á úrræði. Fyrst og fremst er það skylda stjórnarandstöðunnar að benda ríkisstj. á það, þegar hún er að gera þá hluti, sem illa standast. Sjálfri ber henni að leita úrræðanna. Hún hefur tekið það að sér. En í þessu falli var þetta ekki rétt hjá hæstv. ráðh., hvað okkur framsóknarmenn snertir, því að ég tók fram í ræðu minni, að ég teldi eðlilegra að hækka eignarskattinn blátt áfram, breyta lögum um hann til hækkunar, heldur en hafa þessa aðferð, ef ríkissjóður væri svo illa staddur, að hann gæti ekki staðið við skuldbindingar sínar gagnvart húsnæðismálastofnuninni á annan hátt.

Þá sagðist hæstv. félmrh. vera nokkuð hissa á því, hvað ég hefði lagt mikla áherzlu á það, að verið væri í þessari löggjöf af hæstv. ríkisstj. að ganga á rétt Alþ. með því að semja utan Alþ. og láta svo fylgismenn sína beita meiri hluta til að fullnægja þeirri samningagjörð með lagasetningu á Alþingi. Ég hvika ekki frá því, að með þessu móti er verið að skerða vald Alþ., það er verið að ganga á hlut þingræðisins, og þess verður að gæta að fara þar ekki of langt, ef ekki á illa að fara. Fyrst er það skerðing, síðan getur komið annað, þó að ég talaði ekki um það, að það væri með þessu gert, en að vísu er löggjafarsetningin hér gerð að einu saman formsatriði, þegar samið er við aðila utan Alþ. og samningarnir, eins og þeir hafa verið gerðir, lögfestir með meirihlutavaldi þeirra, sem sömdu, á Alþ. gegn mótmælum þeirra, sem ekki tóku þátt í samningunum. Hann vildi benda á það, hæstv. ráðh., að ég hefði ásamt honum verið stuðningsmaður stjórnar, vinstri stjórnarinnar, sem studdist við svonefnda 19 manna nefnd. En sá mikli munur var á því, sem þá gerðist og nú, að 19 manna nefndin var ráðgjafarnefnd ríkisstj. Og við það er ekkert að athuga, þó að ríkisstj. hafi sér til ráðuneytis fulltrúa stétta þjóðfélagsins. En það tel ég of langt gengið og við það að athuga, svo að varúð þurfi að gjalda við því, að ríkisstj. geri samninga utan Alþ., leggi þá fram á Alþ. í liðum, eins og hér er gert á þskj., og þar sé allt óhagganlegt fyrir löggjafarsamkomuna til breytinga. Og svo langt gekk þetta í fyrra, að hinn samningsaðilinn, mótaðilinn, sagði við ríkisstj. og Alþ.: „Það er verið að svíkja samninginn, sem gerður var utan Alþ.“ Og ríkisstj. og hennar stuðningsmenn beygðu sig og tóku til greina athugasemdina, sem kom utan að. Ég tala ekki um í þessu sambandi, að verið sé að stofna Alþ. götunnar, ég tala ekki um það, það var sagt hér áður. En það er verið að fara með valdið út úr Alþ. og gera lagasetninguna formsatriði.

En viðvíkjandi því, að ég óskaði eftir því við hæstv. forseta, að umr. yrði frestað, en hæstv. félmrh. taldi, að eins vel mætti láta málið ganga til 3. umr. og taka till. til athugunar milli umr., vil ég segja það, að ég vildi miklu frekar óska þess, að umr. yrði frestað. Það eru 2 till. á þskj. 72, sem þurfa að fylgjast að, og það er dálítið óþægilegt að slíta þær í sundur, óþægilegt er líka að taka þær til baka. Mér finnst langeðlilegast, að till. séu athugaðar, áður en atkvgr. fer fram um einstakar greinar frv.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Ég skal taka það fram strax, að ég lít ekki svo á, að það sé neitt höfuðatriði málsins, hvort þessum umr. verður frestað nú eða þær till., sem um er rætt, ræddar á milli 2. og 3. umr. Ég get fyrir mitt leyti fallizt á, að umr. sé frestað, ef málið hlýtur ekki sérstakar tafir af þeim sökum, og læt ég svo útrætt um það atriði.

Hitt skal ég einnig viðurkenna með hv. 1. þm. Norðurl. e., að hin margnefnda 19 manna nefnd var ráðgjafarnefnd, og munurinn á því að beita sér fyrir því, sem þar var samþykkt, á Alþ. á vinstristjórnarárunum eða því samkomulagi, sem hér um ræðir, þar sem er sagt, að ríkisstj. muni beita sér fyrir eftirfarandi ákvæðum o. s. frv., sé ég ekki að sé í verki nokkur hlutur. Ég sé ekki annað en báðar þessar hæstv. ríkisstj. hafi rætt við þessa aðila með það fyrir augum að fá niðurstöður í viðræðurnar, og ég minnist ekki frá vinstristjórnarárunum annars en þáv. ríkisstj. hafi reynt að beita sér fyrir því, sem var ákveðið í margnefndri 19 manna nefnd. Ég átti þess nefnilega kost í báðum tilfellum að vera þátttakandi í þessum viðræðum og veit ósköp vel, hvernig þær gengu fyrir sig. Sá er munurinn á, að alþjóð er kunngert, strax og ríkisstj. hefur fallizt

á að beita sér fyrir ákveðnum hlutum til lausnar deilu, sem ekki var gert í tíð vinstri stjórnarinnar. Það er sá munurinn einn á, og ég tel hann ekki til lasts núverandi ríkisstj., nema síður sé. Þar var alþjóð sagt frá því, um hvað var rætt og um hvað var samið. Ríkisstj. gat að sjálfsögðu ekki lofað lagasetningarákvæðum. Þess vegna hefst upphaf þessa samkomulags á því, að ríkisstj. muni beita sér fyrir o. s. frv.

Varðandi það atriði, sem hv. 9. þm. Reykv. (AG) hefur gert að höfuðatriði í andmælum sínum gegn ákveðnum atriðum frv., að það kunni í því að felast einhver brigðmæli við þetta margnefnda samkomulag um húsnæðismálin, vitnar hann til orðanna í 3. gr. frv., næstsíðustu mgr., þar sem segir: „Og er heimilt að veita meðlimum verkalýðsfélaga lán til kaupa á íbúðum, sem nemur 4/5 hlutum af verðmæti íbúða, og skal þá telja gatnagerðargjald með í verðmæti íbúðanna.“ Þetta segir hann, að sé brigð, gæti verið brigð, eins og hann stundum orðar það, á þessu ákvæði í c-lið samkomulagsins, þar sem segir: „Þeir meðlimir verkalýðsfélaganna, sem fá kost á að kaupa þær 200 íbúðir á ári, sem að framan greinir, skulu eiga kost á allt að 80% láni út á verðmæti íbúðanna að meðtöldu gatnagerðargjaldi.“ Ég hygg, að þeir, sem um lög hafa fjallað, sjái ekki þann eðlismun á þessu, sem neinu máli skiptir, enda er því margyfirlýst hér af mér f. h. ríkisstj., að þarna er um efndir að ræða á því loforði, sem um er að ræða í þessum c-lið, og þess vegna ætti ekki að þurfa að vera með neinar efasemdir um það. Það er fullkominn hugur ríkisstj., að við þessi ákvæði verði staðið í einu og öllu, svo sem í mannlegu valdi stendur. Hins vegar væri áreiðanlega hægt að hártoga mörg slík atriði úr samkomulaginu. Það er gert af mönnum, sem hafa ekki sérstaklega fjallað um uppsetningu laga, heldur er það meginhugmyndin að fá fram þær niðurstöður, sem menn telja málefnalega mest virði. Lagalega uppsetningu á þessu loforði tel ég vera rétta í 3. gr. frv. og ítreka það, sem ég hef áður margoft um það sagt, að það er fullur hugur til þess, að við það ákvæði verði staðið.

Frsm. meiri hl. (Þorvaldur G. Kristjánsson): Herra forseti. Ég þarf reyndar ekki að ræða mikið um þetta mál í framhaldi af því, sem ég sagði í ræðu minni áðan. Mér þykir samt rétt aðeins að víkja að nokkrum atriðum, sem fram hafa komið.

Hér hefur verið rætt nokkuð um Alþ. og vald þess og gerður nokkur samanburður í því sambandi á núv. ríkisstj. og vinstri stjórninni. Ég ætla ekki að blanda mér í þau mál. Þar hafa deilt þeir, sem betur þekkja, hvernig vinstri stjórnin stóð í þessu tilliti. En þó verð ég að segja, að ég er algerlega sammála hæstv. félmrh. um það, að hlutur núv. ríkisstj. er betri í þessum efnum eins og öðrum.

En ummæli hv. 1. þm. Norðurl. e. gæfu vissulega tilefni til þess að ræða þessi mál nokkuð ýtarlega. Það tíðkast nú mjög, að stjórnmálaflokkarnir haldi því fram, að þeir vilji og telji rétt að hafa góða samvinnu við almannasamtök í landinu. Ég hef ekki orðið var við annað en flokkur hv. 1. þm. Norðurl. e. telji sig ekki eftirbát í þessu efni. Það mætti þess vegna spyrja í tilefni þess, sem hann sagði um yfirlýsingu ríkisstj. í júlí s. l., með hverjum hætti hann teldi, að stjórnmálaflokkarnir eða ríkisstj. á hverjum tíma ætti að hafa samvinnu við almannasamtökin í landinu, ef sú samvinna á að vera hneykslunarefni, sem ríkisstj. hafði við verkalýðssamtökin í sambandi við kaupgjaldsdeilurnar á s. l. sumri. Ég get ekki séð, að það sé nokkuð athugavert við það. En hv. þm. bregður sér á bak við það, að sumt hafi verið ákveðið í sumar, sem ekki mátti ákveða í fyrra. En hvað sannar það? Dettur einhverjum í hug, að hlutirnir séu svo óbreytilegir, að það megi ekki gera eitthvað á þessu þingi, sem ekki kann að hafa verið tímabært að gera á síðasta þingi? Nei, þetta getur enginn látið sér koma til hugar og haldið fram í hreinni alvöru. En ég hygg, að sígilt dæmi um það, hvernig ekki á að vera samband ríkisstj. og verkalýðssamtakanna og hvernig slíkt samband getur vanvirt Alþ., sé, þegar hæstv. þáv. forsrh., forsrh. vinstri stjórnarinnar, fór á fund alþýðusamtakanna í árslok 1958, en gekk bónleiður til búðar og sagði af sér. Þá er virkilega farið að færa vald Alþ. út fyrir sali þess, þegar slíkir hlutir gerast. En að ætla að halda því fram, að það sé vanvirða við Alþ., þó að ríkisstj. á hverjum tíma hafi eðlilegt samband og eðlilega samvinnu við verkalýðssamtökin í landinu, það fær ekki staðizt.

Hv. 1. þm. Norðurl. e. vék nokkuð að margföldun fasteignamatsins. Ég hef ekki miklu þar við að bæta. Hæstv. félmrh. hefur svarað því, sem kom fram hjá hv. þm. En hann sagði, að hann eða þeir framsóknarmenn hefðu komið með till. eða hugmynd um það, hvernig ætti að afla fjár til íbúðalána með öðrum hætti. Og það er góðra gjalda vert. Og ég viðurkenni það og kemur ekki til hugar að halda öðru fram, að það er náttúrlega mikið matsatriði, hvað er heppilegasta og bezta leiðin til þess að afla þessa fjár. En hitt er það, að mér finnst þetta að vissu leyti ekki óeðlilegt, þegar haft er í huga, hvernig aflað er fjár til stofnlánadeildar landbúnaðarins. Stofnlánadeild landbúnaðarins á að veita íbúðalán í sveitum. Fjár til þeirra þarfa er aflað með sérstökum hætti, og það eru lagðar sérstakar kvaðir á bændur í þeim tilgangi. Með margföldun fasteignamatsins og gildandi lagaákvæðum um það efni frá síðasta ári er aflað fjár til íbúðarlána húsnæðismálastjórnar, sem ekki eru veitt til bænda. En í gildandi l. er gert ráð fyrir því, að þessa fjár sé ekki aflað hjá bændum, heldur hjá því fólki, sem getur notið góðs af lánveitingum þessa sjóðs. Ég fyrir mitt leyti tel, að það sé ekkert ósamræmi eða óeðlilegt við að hafa þessa skipan á. En mér finnst það koma úr hörðustu átt, þegar sjálfskipaðir forsvarsmenn bænda eru að ráðast sérstaklega á þessa tilhögun og leggja til, að á sama tíma sem bændur eru sérstaklega látnir standa undir fjáröflun til þeirra lánasjóða, sé allur almenningur í landinu, bændur líka, látinn standa undir fjáröflun til þess lánasjóðs, sem ekki nær til bænda. En hv. þm. get-

ur haft sínar skoðanir á þessu, og ég skal ekki fjölyrða frekar um það.

Þá vil ég aðeins víkja að einu atriði, sem hv. 9. þm. Reykv. ræddi um. Hann hélt því fram, að það væri ósamræmi milli yfirlýsingar ríkisstj. og frv., þar sem í yfirlýsingu ríkisstj. væri sagt, að þeir, sem kaupa þær íbúðir, sem reistar eru samkv. þeim ákvæðum, sem hér um ræðir, skuli eiga kost á allt að 80% láni, en í frv. segir, að það skuli heimilt að veita meðlimum verkalýðsfélaga lán til kaupa á þessum íbúðum, sem nemi 4/5 hlutum eða 80%. Ég held, að það sé gersamlega óþarft að deila um þetta atriði, vegna þess að það liggur fyrir yfirlýsing hæstv. félmrh. um það, að þeir menn, sem kaupa þær íbúðir, sem gert er ráð fyrir í yfirlýsingu ríkisstj., geta fengið 80% lán. En það verður að hafa í huga, þegar um þetta er rætt, að ákvæði frv. eru almenns eðlis um þetta efni, en yfirlýsing ríkisstj. á einungis við tiltekinn fjölda íbúða, sem ríkisstj. stendur að í samvinnu við Reykjavíkurborg. Yfirlýsingin nær ekki yfir annað. Ég verð að viðurkenna það, að mér hefði ekki þótt yfirlýsingin nægilega góð, ef ekki hefði komið meira til, því að ég sé ekki annað en það geti verið viðs vegar um landið fullkomin ástæða til þess að gera svipuð átök af hálfu hins opinbera. En yfirlýsing ríkisstj. fjallar ekki um það. Hins vegar gerir frv. ríkisstj. betur. Í því eru almenn ákvæði, sem hægt er að beita um allt land. Þau ákvæði frv. eru ekki staðbundin eða miðuð við neinar sérstakar íbúðir. En þegar svo almenn ákvæði eru, hygg ég, að flestir sanngjarnir menn sjái, að það verður að taka sérstakar ákvarðanir um það, hvort á að beita þessum almennu heimildum, sem ríkisstj. hefur samkv. þessu frv. Það verður að taka ákvörðun um það, hvort á að gera t. d. slíkt á Akureyri eða Ísafirði o. s. frv., og það þarf sérstakt fjármagn til þess að gera slíka hluti. Það er ekki dæmi til þess í nokkrum l. og ekki dæmi til þess, að nokkur ríkisstj. hafi borið fram frv. um svo alhliða og víðtæka skyldu á hendur ríkissjóði, að það ætti að vera fortakslaust, að hvar sem mönnum dytti í hug að beita þessum ákvæðum, þar ætti það að vera gert og ríkissjóður að tryggja fjármagn til þeirra hluta. Þetta verður að sjálfsögðu að taka ákvörðun um í hverju einstöku tilfelli. Ef farið er að því ráði að binda orðalag yfirlýsingar ríkisstj. inn í frv., er það að mínu viti spor aftur á bak frá því, sem nú er, vegna þess að þá værum við búnir að binda ákvæði frv. aðeins við tiltekinn fjölda íbúða í Reykjavík. En eins og frv. er, gefur það ríkisstj. almenna heimild, sem hlýtur að gilda um landið allt og að mínu viti á að nota, þar sem sérstakar ástæður mæla með.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess að fara út í fleiri atriði, sem hér hefur borið á góma, en ítreka það, sem ég sagði í minni fyrri ræðu, að ég vona, að frv. fái góða og skjóta afgreiðslu í deildinni.

Björn Jónsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð um eitt atriði, sem hér hefur nokkuð borið á góma og ég a. m. k. vil gera hreint fyrir mínum dyrum með og vil ekki, að neinn misskilningur sé um afstöðu mína í því máli, og það er varðandi eignarskattinn. Ég vil strax taka það fram, sem reyndar hv. 9. þm. Reykv. gerði, og árétta það, sem hann sagði um það, að fyrir okkur Alþb.-mönnum er það síður en svo nokkurt trúaratriði, að ekki megi afla tekna, hvort heldur er til einstakra þarfa ríkissjóðs eða almennra, í sambandi við hækkun eignarskattsins. Og ég verð að segja það, að mér finnst það mjög koma til greina og ekki sízt í sambandi við mál eins og það, sem hér ræðir um. Það er vissulega ekkert óeðlilegt við það, þó að hækkun eignarskatts sé beitt í sambandi við úrbætur í húsnæðismálum. En ég vil þó jafnframt benda á, að það eru auðvitað til margar fleiri leiðir í þeim efnum að breyta eignarskattinum, hafa af honum meiri tekjur, en sú, sem hér er farin. Og ég tel það vera a. m. k. efni til miklu ýtarlegri athugana en hér hafa getað farið fram, hvort sú aðferð, sem hér á að beita, er í sjálfu sér sú eðlilegasta eða hvort aðrar koma þar frekar til greina.

En í þessu sambandi vil ég segja það, sem hér kom fram reyndar við 1. umr. málsins og mjög greinilega hjá hv. 3. þm. Norðurl. v., að um þetta mál hefði auðvitað átt að fjalla sérstaklega og í sambandi við almenna endurskoðun á l. um tekju- og eignarskatt. Og þeim mun meiri ástæða þykir mér til þess, að þetta væri gert, sem mér virðist, að hér sé beinlínis verið að fara bakdyramegin að því að afla ekki aðeins tekna til þess, sem hér er um að ræða, þ. e. a. s. til þess að geta fullnægt skuldbindingum í sambandi við húsnæðismálin, heldur til almennra tekjuþarfa ríkissjóðs. Og ég tel þess vegna, að þetta mál hefði hæstv. fjmrh. átt að flytja sem almenna breytingu á þeim l., því að það er alveg greinilegt, að hér er ekki aðeins verið að leysa þær tekjuþarfir upp á 40 millj., sem hér ræðir um, heldur einhverja upphæð, sem er áreiðanlega miklu hærri, og ég trúi því ekki, að það sé nokkur hér inni svo lítill reikningsmaður, að hann sjái það ekki, að sexföldun á eignarskattinum úr þreföldun gerir miklu meira en tvöfalda tekjurnar. Og strax má benda á þá einföldu ástæðu til þess, að frádráttarliðirnir í sambandi við það, sem lagt er til grundvallar eignarskatti, standa vitanlega í stað, en skalinn tvöfaldast. Mér þykir því ákaflega líklegt, að hér sé um a. m. k. þreföldun á þeirri upphæð að ræða. En það er að vísu alger ágizkun. Mér þykir líklegt, að það sé ekki of djúpt tekið í árinni, en það skal ég ekki fullyrða um nema að undangenginni frekari rannsókn, sem ég tel nauðsynlegt að fari fram, áður en þetta mál er afgreitt úr þessari hv. d. Það er a. m. k. augljóst, að með þessari breytingu bætast hundruð, ef ekki þúsundir af nýjum gjaldendum eignarskatts í hópinn. Og hverjir skyldu þeir verða, sem þarna bætast í hópinn? Það eru fyrst og fremst menn, sem eiga íbúð yfir höfuðið á sér og skulda ekki ákaflega mikinn hluta af henni. Hingað til held ég, að það hafi verið nokkurn veginn samdóma álit manna hér á hv. Alþ., að það bæri ekki að skattleggja menn stórkostlega fyrir það, þó að þeir ættu hóflega íbúð, hóflegt þak yfir höfuðið á sér. En það er

greinilegt, að með þessari hækkun á eignarskatti er verið að fara út á þá braut. Þetta þarf vitanlega ekki að þýða, að það sé ófær leið og ósamrýmanleg þeirri stefnu að hækka eignarskattinn, því að það er hægt að gera með ýmsum öðrum hætti en þessum einfalda og tiltiljanakennda hætti, sem hér er á ferðinni.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð öllu fleiri, en vil taka undir þau tilmæli, sem hér hafa komið fram um það, að umr. yrði frestað og ýmis atriði í sambandi við þetta yrðu athuguð frekar. Ég álít það að vísu ekki nauðsynlegt í sambandi við 3. till. hv. 2. minni hl. n., því að mér þykir alveg sýnilegt, að hún standist, þó að hún sé kannske lagatæknilega ekki miklu betri en sumt, sem kemur frá hæstv. ríkisstj. í sambandi við þetta mál. En ég tel þó alveg greinilegt, að það mundi standast og skiljast, sem meint er með þeim till. En ég tel ástæðu til þess af hv. þd. að krefjast þess af hæstv. fjmrh., að hann komi með áætlanir um það, hvað þessi tekjustofn gefi mikið, og komi með umsagnir manna, sem eitthvert mark er á takandi í þeim efnum, því að með allri virðingu fyrir hæstv. félmrh. tek ég ekki mark á því, sem hann gizkar á í þessum efnum.

Ég vil líka segja það í sambandi við þetta mál, að úr því að sjálf tekjuöflunin hefur verið tengd þeim samningi, sem gerður var á s. l. vori, og látið liggja að því, að A. S. Í. eða þeir, sem sömdu fyrir þess hönd um þessi mál á s. l. vori, hefðu verið út af fyrir sig ekki andvígir eignarskattinum, — ef á að tengja það að einhverju leyti saman, hefur mér líka þótt ástæða til þess, að það væri leitað umsagnar þess aðila um þetta atriði og hvort hann telur, að það sé í samræmi við anda samkomulagsins og tilganginn að fara þessa leið, sem hér er farin í sambandi við hækkun eignarskattsins, og hvort sá aðili telur hér eitthvert hóf á.

Umr. frestað.

Á 14. og 15. fundi í Ed., 11. og 15. nóv., var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 16. fundi í Ed., 15. nóv., var fram haldið 2. umr. um frv.

Frsm. 2. minni hl. (Karl Kristjánsson): Herra forseti. Þegar þessari umr. þessa máls var frestað í vikunni sem leið, var það gert vegna þess, að hæstv. félmrh. óskaði, að hv. heilbr.- og félmn. tæki til athugunar 3. till. okkar hv. 1. þm. Vesturl. á þskj. 72 um, að í stað þess að afnema húsaleigulögin nú þegar, áður en endurskoðun hefur farið fram, er veitt undanþága frá hámarksákvæðum þeirra um húsaleigu fyrir sveitarfélög og Öryrkjabandalag Íslands, að því er við kemur leiguhúsnæði í húsum, er þessar stofnanir kunna að reisa samkv. A-lið 7. gr. l. um Húsnæðismálastofnun ríkisins. En á það hafði hæstv. félmrh. lagt áherzlu áður, að umrædd hámarksleiguákvæði stæðu í vegi fyrir, að sveitarfélögin og Öryrkjabandalagið hæfust handa um að byggja íbúðir skv. 7. gr., af því að leigan af þeim nýju íbúðum þyrfti að geta orðið í samræmi við byggingarkostnað, eins og hann væri orðinn eða yrði, þegar byggt væri. Þetta efa ég ekki, og tel sjálfsagt, að þetta sé rétt athugað hjá hæstv. félmrh. Hins vegar virðist okkur tillögumönnunum ekki þess vegna óhjákvæmilegt að fella öll húsaleigulögin úr gildi samstundis og hleypa með því upp húsaleigu fyrir fátæku fólki, sem hefur verið svo heppið að búa við fyrri tíma kjör, en svo er t. d. um leigjendur hjá Reykjavíkurborg og e. t. v. hjá fleirum. Réttara teljum við, að lokið verði endurskoðun húsaleigulaganna, áður en þau eru felld úr gildi, og þau síðan afnumin með nýrri lagasetningu, eins og venjulegt er. Við viðurkennum, að l. eru um margt úrelt og þurfa mikilla breytinga við, en álítum óþarft að gefa allt laust samstundis. Menn segja, að l. slævi virðingu fólks fyrir löggjöf og Alþingi. En þau eru þá búin að gera það, og ekki virðist svo sem hæstv. stjórnarliðar hafi talið nauðsynlegt að afnema l., þegar þeir í fyrra settu inn í l. með till. frá sér ákvæði um það, að setja mætti reglugerð fyrir sérstakt húsnæði, húsnæði það, sem sveitarfélögin og Öryrkjabandalag Íslands byggi með lánum frá húsnæðismálastofnuninni, sérstaka reglugerð, er heimilaði einmitt undanþágu frá l., en gekk ekki út frá afnámi þeirra. Hins vegar mun við athugun hafa komið í ljós, að reglugerðin, eins og heimild er fyrir henni gefin í húsnæðismálastofnunarlögunum, fær ekki staðizt, og þess vegna leggjum við til, að henni sé nú gefið gildi með lagaákvæði sérstöku. Það má segja um l., að þau séu orðin eins og gamall reiðingur, sem er orðinn svo jaskaður, að hann meiðir ekki lengur. Aftur á móti er hann ekki alveg gagnslaus. Á klökkum hans hangir enn uppi réttur nokkurra fátækra manna til lágrar leigu. Það er ekki viðkunnanlegt að fleygja þessum reiðingi, fyrr en nýtt reiðver hefur verið smíðað í staðinn.

Úr því að hvorki formaður heilbr.- og félmn. né frsm. meiri hl. bað um orðið, kvaddi ég mér hljóðs til að segja frá því, að heilbr.- og félmn. hunzaði ekki óskir hæstv. ráðh. og hélt fund og tók þá brtt. þær, sem fram hafa komið í málinu, til umr. Eftir þær umr. varð að vísu niðurstaðan sú, að meiri hl. vildi engri þeirra leggja lið, og þar með talin 3. till. okkar í 2. minni hl. n. Eigi að síður tel ég fyrir mitt leyti, að allir þeir hv. þm., sem þykir rétt að hafa húsaleigulög í landinu, eins og nágrannaþjóðir okkar telja sjálfsagt hjá sér, þeir hafa gilda ástæðu til að styðja till. okkar með atkv. sínum. Hæstv. félmrh. hefur upplýst, að hann hafi fyrirskipað húsnæðismálastjórn að endurskoða húsaleigulögin eða semja ný húsaleigulög. Hins vegar hafi hann ekki séð sér fært, að skipa fyrir um það, hvenær verkinu skuli lokið, því að verkið muni vera allvandasamt og útheimta mikla vinnu, og það skil ég vel. Búast má því við, að þetta verk taki talsvert langan tíma. Og það má líka vera, að til séu menn, sem enga löggjöf vilja hafa í þessu efni. Raddir hef ég heyrt, er þannig mæla. Og vel getur afstaða þeirra manna orðið einhver dragbítur og tafið fyrir endurskoðuninni. Hins vegar efa ég ekki jákvæðan vilja hæstv. félmrh. Frá þessum sjónarmiðum held ég langréttast að afnema

ekki húsaleigulögin, þótt léleg séu, fyrr en ný koma í staðinn. Með afnáminu getur losnað um skriðu til óþurftar fólki, sem illa má við því. Á lagalausa tímabilinu kunna í skjóli þess að verða til óþurftarsamningar um húsaleigu, sem ný lög ná ekki til að afnema aftur fyrir sig. Látum þá skoðun, að losna þurfi sem fyrst við húsaleigulögin gömlu, vera rétta. En látum hana einmitt verða til þess að reka eftir setningu nýrra laga.

Það að láta gömlu l. standa, meðan ný löggjöf er í smíðum til að koma í þeirra stað, tryggir bezt að mínu áliti, að ekki verði dundað við að semja nýju lögin. Þeir, sem eru óánægðir með gömlu l., munu þá ýta á eftir.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Hv. frsm. 2. minni hl. heilbr.- og félmn. lagði á það áherzlu í ræðu sinni hér áðan, að ég hefði sérstaklega óskað eftir því, að n. tæki till. hans, sér í lagi 3. till. hans á þskj. 72, til athugunar. Nú skiptir það ekki öllu máli að það, sem ég sagði um þetta efni við fyrri hl. þessarar umr., var það, að ég teldi ástæðu til, að þetta yrði athugað, sér í lagi hvort það stæðist frá lagalegu sjónarmiði séð að setja slíkt ákvæði inn í l. Það hefur að dómi þeirra, sem ég hef getað haft samband við á þessum tíma og fróðastir eru um l., verið talið, að það út af fyrir sig gæti staðizt. En síðan fyrri hl. þessarar umr. fór fram fyrir nokkrum dögum, hefur mönnum gefizt tóm til að athuga nánar og íhuga nánar um, hvernig þetta ákvæði mundi í raun og sannleika koma fram út á við. Og mín niðurstaða er þessi í fyrsta lagi, að yrði þessi till. lögfest, yrði um tvenns konar hámark húsaleigu að ræða, og í öðru lagi, að þvert ofan í það, sem hv. þm. sagði hér áðan, þá mundi það að mínu viti draga úr ferðinni um það, að ný hámarksákvæði væru sett.

En ég tel ástæðu til að leiðrétta það hér, sem sjálfsagt mér hefur orðið á eins og öðrum ræðumönnum í þessu máli, að blanda hér saman tvennum l., sem eru óskyld eða a. m. k. ekki eins náskyld og nafn þeirra gæti bent til. Við höfum kannske um of talað um húsaleigulög, en þau voru fyrir allmörgum árum afnumin og eru ekki til lengur, munu ekki vera til praktískt talað nema hjá einu bæjarfélagi, sem hefur óskað að framlengja þau á sínu yfirráðasvæði. En hins vegar, þegar við höfum minnzt á húsaleigulög, höfum við átt við l. um hámark húsaleigu, sem enn eru í gildi. Húsaleigulögin eldri eru, eins og ég áðan sagði, fyrir nokkrum árum afnumin.

Ég tel, að þessi brtt., sem hv. 1. þm. Norðurl. e. lagði mestan þunga sinn á að samþykkt yrði, kynni að draga úr ferðinni, seinka allverulega eða um óákveðinn tíma samningu nýrra ákvæða, því að þá mætti segja, að ekkert sérstakt ræki á eftir, að það yrði gert. Það er enn fremur skoðun mín, að væri það ákvæði til, sem ætlazt var til með þessari nýju breytingu á húsnæðismálalöggjöfinni frá s. l. ári, væri það ákvæði í l., að leigja mætti á sannvirði, þá væri byggt mun meira af leiguíbúðum en gert er í dag og væru þá áreiðanlega ekki þær sorglegu staðreyndir, sem fyrir hendi eru á þeim markaði nú.

Menn hefur ekki greint á um, að þessi l. um hámark húsaleigu hafa verið þverbrotin á undanförnum árum, eru því miður, að því er virðist, nánast ekki til annarra nota í dag en til þess, að menn sýni þær tölur við skattauppgjör, sem er áreiðanlega ekki sú þróun, sem nokkur okkar vill mæla með.

Þessir ágallar þrír tel ég við nánari athugun að hljóti að fylgja í kjölfar á samþykkt þessarar till. hv. 1. þm. Norðurl. e. og 1. þm. Vesturl.

Hv. þm. segir, að ef þessi till. hans og hv. 1. þm. Vesturl. verði ekki samþ., þá geti losnað um þá skriðu, sem erfitt verður að stöðva, þ. e. a. s. að húsaleiga rjúki upp úr öllu valdi. Mín skoðun er sú, að þessi skriða hafi þegar fallið með þeim alvarlegu afleiðingum, sem á leiguíbúðamarkaðinum eru í dag, margoft hefur hér verið minnzt á og óþarft er að rekja nánar. Það er því mín niðurstaða um þessa till. hv. þm., að hún sé síður en svo til bóta. Óhjákvæmilega myndar hún tvenna taxta á þessum leiguíbúðum þegar, og hún kemur óhjákvæmilega til með að draga úr nauðsyninni á setningu nýrra hámarksákvæða, sem er, eins og ég hef áður sagt, mín skoðun að eigi að koma hið allra fyrsta, og hún gæti einnig tafið fyrir því, að leiguíbúðir yrðu byggðar í ríkum mæli, sem þó er nauðsyn á, þ. e. að auka framboð leiguhúsnæðis, sem ekki er fyrir hendi í dag og er aðalskálkaskjól þess, að leiguhúsnæði er selt hér á óheyrilega háu verði.

Hitt atriðið, sem var aðaldeiluefnið við fyrri hl. umr., um sexföldun á fasteignamati til eignarskatts, skal ég ekki fara nánar út í en ég gerði þá. Ég hef séð í blöðum, að það hefur verið vefengd hin lagalega heimild til að setja þetta ákvæði. En í því sambandi vil ég segja: Ef það hefur verið löglegt að setja í lög hér fyrir ári, að þarna skyldi vera um þreföldun að ræða, þá sé ég ekki, að það út af fyrir sig ætti ekki jafnt að standast í dag, þó að sú upphæð sé tvöföldun, eða úr þreföldun í sexföldun.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Í umr. síðast var rætt m. a. um tvö atriði, sem spurzt var fyrir um, annað þeirra sérstaklega, um útreikning á tekjum af þeirri hækkun á eignarskatti, sem hér er gert ráð fyrir, og hins vegar var rætt aftur nokkuð um það, hversu óeðlilegt það væri að hafa þá aðferð til tekjuöflunar, sem hér er um að ræða, og það form, sem á þeirri tekjuöflun er, með því að ákveða í l. um Húsnæðismálastofnun ríkisins álag á eignarskatt. Ég skal aðeins fara nokkrum orðum um þessi tvö atriði, en áður vildi ég sérstaklega taka undir það, sem hæstv. félmrh. sagði hér áðan um l. um hámark húsaleigu og hin illu áhrif þeirra, hvað snertir eitt atriði, en það er í sambandi við framtal til skatts.

Húsaleigusamningar eru yfirleitt miðaðir við hina lögbundnu leigu, og leigjendurnir eru síðan látnir greiða umfram eða undir borðið, sem kallað er, það sem umfram er, sem er oftast nær mun hærri upphæð en löglega leigan er.

Þetta veldur svo að sjálfsögðu því, að menn komast auðveldlega upp með að telja fram sem tekjur af húsnæðinu það, sem leigusamningurinn segir til um, því að það er hægt að framvísa þeim leigusamningi, ef tortryggni kemur fram um það, og skattayfirvöld eiga ekki auðvelt um vik að fullyrða, að það hafi verið svo og svo mikið greitt umfram, og leigutakinn hefur ekki heldur góða aðstöðu til þess, þegar hann hefur undirritað leigusamning á þennan hátt. Aðeins þetta eina atriði tel ég miklu varða um það, að það sé nauðsynlegt að breyta þessu og afnema þessi ákvæði vegna þeirra illu áhrifa, sem þetta hefur að þessu leyti, einnig fyrir leigjandann, hvað það snertir, að einmitt af þessum ástæðum verður hann miklu oftar en ella að greiða háar upphæðir fyrir fram til þess að komast inn í húsnæði.

Að öðru leyti skal ég ekki víkja að ákvæðunum um húsnæðismálastofnunina sérstaklega. Það hefur hæstv. félmrh. gert rækilega.

Varðandi það atriði, hvort eðlilegt sé að hafa þá tekjuöflun, sem hér er um að ræða, hefur áður verið frá því skýrt, að upphaflega var gengið út frá því, að fjárins yrði aflað með fasteignaskatti eða einhverjum svipuðum ráðstöfunum, þannig að það hefur ekki farið fram hjá neinum og um það var ekki sérstaklega deilt og hefur ekki verið, að það væri óeðlilegt að afla fjár til húsnæðismála með þessum hætti. Hitt kemur svo aftur til álita, annars vegar, hvort hér sé um að ræða fasteignaskatt, sem sumir hafa haldið að væri, og með því væri ríkið að taka aftur af sveitarfélögunum það, sem það hefur afhent þeim sem tekjustofn, fasteignagjöldin. Við nánari athugun hlýtur að sjálfsögðu öllum að vera ljóst, að hér er ekki á neinn hátt verið að fara inn á fasteignagjöld, sem eru allt annars eðlis. Hér er spurningin um eignarskatt, og það hefur aldrei staðið til að afhenda sveitarfélögunum eignarskatt eða þann stofn, sem liggur að ákvörðun hans. Það er viðurkennt af öllum, að fasteignamat er allt of lágt og í langflestum tilfellum er verð fasteigna vafalaust miklum mun hærra raunverulega heldur en hér er gert ráð fyrir með sexföldun matsins. Það kann auðvitað að vera, að einstaka eignir lendi undir þessari sexföldun, sem ekki sé eðlilegt, en það kemur alltaf fyrir við alla skattheimtu og er erfitt að sigla fram hjá því skeri. En ég hygg hins vegar, að það liggi ljóst fyrir. Það er ekki ætlunin hins vegar að breyta grundvelli matsins, heldur lagt ofan á matið, eins og það er í dag, og miðað við það, að sexföldun sé fjarri því að vera óhóflegt mat á fasteignum til skatts. Það er jafnframt ljóst, eins og ég sagði, að það hefur aldrei staðið til að afhenda eignarskattinn sem tekjustofn til sveitarfélaganna, og hér er því í rauninni ekki annað verið að gera heldur en nota þann eðlilega tekjustofn, sem ríkið hefur, til þess að afla fjár til þessara sérstöku þarfa.

Það er unnið núna að nýju fasteignamati, sem vonir standa til og mun verða lögð áherzla á að verði tilbúið á árinu 1967, og þá að sjálfsögðu kemur til athugunar á því, hvaða aðferðir á að hafa varðandi það ákvæði, sem hér er um að ræða, og þessa tekjuöflun. En meðan ekki er til staðar slíkt fasteignamat, er óeðlilegt að breyta því, sem nú þegar hefur verið gert, að setja þessa fjáröflun í húsnæðismálalöggjöfina, sem enda getur ekki talizt óeðlilegt, vegna þess að hér er aðeins um að ræða að leggja álag á vissar eignir. Það er ekki almenn hækkun á fasteignamati til eignarskatts, vegna þess að undan þessu eru skildar allar bújarðir ásamt tilheyrandi íbúðar- og peningshúsum og öðrum mannvirkjum, þannig að hér er eingöngu um að ræða eignir í kauptúnum og kaupstöðum, sem verður að teljast mjög sanngjarnt með hliðsjón af því, að hér er verið að afla fjár til húsbygginga einmitt á þessum stöðum.

Ég tel því, að það sé ekki hægt að segja, að það sé með neinum óeðlilegum hætti lögformlega að hafa þá tilhögun á að ákveða þetta í húsnæðismálal., með hliðsjón af, hversu þessu öllu er háttað.

Þá vil ég víkja nokkrum orðum að upphæð skattsins og þeirri áætlun, sem um hana hefur verið gerð. Því miður er ákaflega erfitt og raunar ómögulegt að gera sér til hlítar grein fyrir því, hvaða áhrif þessi skattheimta hefur. S. l. ár, þegar var ákveðin þreföldun matsins, hafði verið gert ráð fyrir því, að eignarskattur gæti orðið 21—23 millj. kr., og þá hugsuðu menn sem svo: Þreföldun hans er þá sennilegt að gefi þessar 40 millj. — Nú er það náttúrlega víðs fjarri, að það gæfi það, þó að þessi grunnur væri fyrir hendi, og þetta stafar í senn af því, að hér er um allan eignarskattinn að ræða, en frá þarf að draga að sjálfsögðu allar fasteignir í sveitum og enn fremur það, sem er þó grundvallaratriði, að það er svo margt annað, sem kemur undir eignir, heldur en fasteignirnar, þannig að það kom í ljós, að þessi margföldun til fasteignamats hækkaði aðeins eignarskattinn í samtals 39 millj. kr., eins og hann er á lagður nú, miðað við grunntöluna 21—23.5 millj., þannig að hann hefur ekki náð nema helmingi af því, sem gert var ráð fyrir, að þessi margföldun ætti að gefa, miðað við þessar forsendur, þannig að reynslan af þessu sýnir, að hér kemur margt annað til greina. Ég skal aðeins geta þess til upplýsinga, að eignarskatturinn í heild var t. d. gjaldárið 1962 9.6 millj., gjaldárið 1963 reyndist hann 12.5 og gjaldárið 1964 17.8. Hækkun milli gjaldára hefur í fyrra tilfellinu eða milli áranna 1962 og 1963 verið 30.3% og milli gjaldára 1963 og 1964 42%. Þessi mikla hækkun síðara árið stafar fyrst og fremst af því, að þá kom fram mikið endurmat fastafjármuna, sem olli þessari miklu hækkun, og er þar af leiðandi ekki raunhæfur grundvöllur til að miða áætlaða árlega hækkun við. En gert var ráð fyrir, að hækkun eignarskattsins gæti orðið 18—32%. Ekki þorðu menn að fara hærra í því að áætla þetta milli gjaldáranna 1964 og 1965, og á því var byggð sú áætlun, sem gerð var í fyrra um það, að eignarskatturinn gæti orðið 21—23 millj. kr., miðað við óbreyttan grunn.

Samkv. þessu litur málið þannig út, miðað við það, sem vitað er um eignarskattinn nú, að ef gengið hefði verið út frá 21 millj. kr. grunn-

inum í eignarskattinum fyrir árið í ár, hefði sexföldun gefið 46.5 millj. Ef hins vegar hefði verið gengið út frá 23 millj. kr. grunninum, hefði eignarskatturinn numið 40.25 millj. Hvað kann að verða í þessu efni, er ákaflega erfitt um að segja. Ég hef beðið ríkisskattstjóra um að reyna að gera sér grein fyrir þessu, og þessar tölur eru byggðar á þeim upplýsingum, sem hann hefur gefið mér. En hann segir, sem eðlilegt er og skiljanlegt, að hér sé í rauninni gersamlega ómögulegt að fullyrða neitt, vegna þess að þetta getur tekið það miklum breytingum frá ári til árs. Skuldasöfnun að sjálfsögðu dregur úr þessum tekjum, þar sem hér er aðeins um nettóeign að ræða, sem skatturinn leggst á, og ef ætti að finna nákvæmlega út, t. d. á árinu í ár, hvað hefur komið af fasteignum og hvað af öðrum eignum, yrði að fara í gegnum öll framtöl til þess að átta sig á þessu til hlítar, þannig að þetta hlýtur alltaf að vera mikil áætlunartala.

Menn segja sem svo: Getur ekki verið að þetta sé of hátt, að fara í sexföldun matsins? — Það kann að vera, að þetta gefi eitthvað meira en þessar 40 millj., sem um er að ræða. En það kann líka vel að vera, að þetta rétt aðeins gefi þá upphæð. Og það er nokkurn veginn augljóst, að fimmföldun matsins hefði alls ekki gefið þær 40 millj., sem hér er um að ræða.

Mér er það fullkomlega ljóst, að þessar upplýsingar eru harla ónákvæmar. En þær eru eins nákvæmar og auðið er að gefa, miðað við allar aðstæður, um þennan gjaldstofn og hversu miklum breytingum hann gæti tekið frá ári til árs. Mér sýnist því, að öll rök bendi til þess, að til þess að ná umræddum 40 millj. sé nauðsynlegt að framkvæma þá sexföldun, sem hér er gert ráð fyrir á fasteignamatinu, þó að ég hins vegar, eins og ég áðan sagði, geti vel fallizt á, að það sé hugsanlegt, að þessi tekjustofn gefi nokkrum millj. meira. En það er aðeins hugsanlegt, en engin vissa.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Það er e. t. v. ekki ástæða til þess að lengja þessar umr. svo mjög, úr því sem orðið er. Aðalatriðin í sambandi við þetta mál eru sjálfsagt komin fram, og ég hef átt þess kost áður að segja mína meiningu um þetta mál. Þó vildi ég aðeins leyfa mér að undirstrika nokkur atriði, sem mér virðast hafa komið fram í þessu máli og liggja nokkuð ljóst fyrir.

Það er þá í fyrsta lagi, að í þessum frv. felst tekjuöflun fyrir ríkissjóð, að fasteignamat er sexfaldað í stað þess sem það er þrefaldað. Nú er hins vegar sagt, að þetta frv. sé flutt til staðfestingar á samkomulagi því, sem gert var við verkalýðsfélögin á sínum tíma s. l. sumar. Í því samkomulagi er ekki að finna neinn staf um það, að fjárframlag ríkissjóðs til húsnæðismálastofnunar skuli aukið. Það er ekki í þessu samkomulagi, að ég fæ séð, neinn staf um það að finna, að framlag ríkissjóðs til húsnæðismálastofnunar skuli aukið, enda er ekki í þessu frv. um neina breytingu á því ákvæði húsnæðismálastofnunarl. að ræða. Það var á sínum tíma í þeim ákveðið 40 millj., og það er óbreytt. Það er ekki í þessu frv. gert ráð fyrir því, að framlag ríkissjóðs hækki neitt. Það, sem hér er þess vegna um að ræða, er það, að ríkissjóður fer fram á aukna fjáröflun, sem byggist á sexföldun fasteignamati í stað þrefaldaðs áður, en ætlar ekki eða er ekki lögskylt að leggja fram frekar en áður hærri upphæð en 40 millj. Það eina, sem ég fæ séð að finnist í þessu frv., þar sem gert er ráð fyrir því, að á þurfi að halda eitthvað aukinni fjáröflun vegna þeirra ráðstafana, sem þar er samið um, er það, að í samkomulaginu er gert ráð fyrir því, að lán til þeirra, sem hófu byggingar á tímabilinu 1. apríl til 31. des. 1964, skuli hækkuð úr 150 þús. í 200 þús., og í samkomulaginu segir, að ríkisstj. tryggi viðbótarfjáröflun til húsnæðismálastjórnar á þessu ári, er nemi því viðbótarfjármagni, sem þessi hækkun krefst. En það er aðeins sagt, að ríkisstj. tryggi þetta viðbótarfjármagn. Það er ekkert sagt um það, með hverjum hætti hún á að tryggja það. Það verður fyrir fram að teljast heldur ólíklegt, að það hafi verið gert ráð fyrir beinni skattlagningu til þess að standa undir því, enda er ekki þarna að finna neitt um það, að fjárframlagið, 40 millj., eigi að hækka. Það helzt alveg óbreytt.

Þetta er í raun og veru fyrsta meginstaðreyndin í málinu, að ríkissjóður hefur ekki tekið á sig neinar skuldbindingar um aukin fjárframlög úr ríkissjóði, sem réttlæti það, að lagður sé á nýr skattur þess vegna, þannig að sú röksemd, sem færð hefur verið fram fyrir þessu, stenzt í raun og veru ekki. Sú röksemd, að ríkissjóður þurfi nú að leggja fram meira fé og hafi með samkomulaginu s. l. sumar skuldbundið sig til þess að leggja fram meira fé til þessara mála en áður, er því ekki fyrir hendi. Fjárframlag ríkissjóðs er eftir sem áður 40 millj. kr., og þetta frv. felur ekki í sér neina breytingu á því. Hitt er svo annað mál, hvort þetta hefur verið rétt útreiknað á sínum tíma, hvað þreföldun fasteignamatsins mundi gefa, hvort hún mundi nægja til þess að standa undir þessum 40 millj. Og það er atriði, sem mér skilst að hæstv. fjmrh. sé nú kominn alveg inn á, að það sé í raun og veru ástæðan til þess, að þetta frv., er nú flutt, þ. e. a. s. þessi hækkun er nú flutt af því, að útreikningarnir á þessu atriði hafi ekki staðizt, þreföldun fasteignamatsins hafi ekki gefið 40 millj., eins og gert var ráð fyrir, heldur 16—20 millj. Það er ástæða til þess að þakka hæstv. fjmrh. fyrir þær skýringar, sem hann kom fram með hér áðan í sambandi við það, sem hefði auðvitað átt að koma fram við 1. umr. málsins. E. t. v. hefði það getað komið í veg fyrir einhvern misskilning í þessu sambandi, ef þessar upplýsingar hefðu komið fram þegar í öndverðu, svo sem rétt hefði verið og skylt var, þar sem hér er að nokkru leyti um skattafrv. að tefla.

En það er bara sá hængur á þessu, að hæstv. fjmrh. verður að koma hér og gera grein fyrir því, að starfsmenn hans, þ. á m. ríkisskattstjóri, geti í raun og veru alls ekki um það sagt, hve mikill hluti eignarskattsins s. l. ár stafi af þessari hækkun, sem gerð var á fasteignamatinu. Það treystir sér enginn til þess að stað-

hæfa neitt með nokkurri nákvæmni um það. Þetta játaði hæstv. fjmrh. Þar af leiðandi er nú ekki einu sinni hægt að segja um það, hvort þessi eignarskattsviðauki, ef svo mætti segja, eða fasteignaskattur eða hvað sem menn vilja kalla hann, hafi numið 16 millj., hafi numið 20 millj. eða hafi kannske numið 30 millj. Það er ómögulegt að segja, hvað miklu af heildareignarskattinum þessi viðbót hafi numið. Og þegar þannig er í pottinn búið, sést, hversu það er gersamlega ástæðulaust og út í hött að ætla að fara að hækka þetta til þess að mæta fjárframlaginu til húsnæðismálastofnunarinnar.

Hitt er náttúrlega alltaf fyrir hendi og getur verið gott og gilt, að hækka skatta til þess að mæta þörfum ríkissjóðs. Og það er enginn, sem dregur það í efa, að ríkissjóður þurfi á ýmsu að halda nú. En grunnurinn er ekki öruggari en þetta, sem við er miðað, að það er ómögulegt að reikna það út, hverju þessi viðbót hafi numið eða komi til með að nema. En samt er á þessum óvissa grunni byggð till. um það að tvöfalda nú hækkunina, þ. e. a. s. sexfalda nú fasteignamatið, og virðist helzt í grg. gengið út frá því, að það muni gefa aftur helmingi hærri viðbótareignarskatt eða eignarskattsviðauka. En það sjá allir, að það nær auðvitað engri átt, og ég þarf þar í raun og veru engu við það að bæta, sem hv. 4. þm. Norðurl. e. gerði grein fyrir, þegar málið var síðast hér til umr.

Það eru mörg augljós atriði, sem valda því, að auðvitað hlýtur sexföldun fasteignamats að gefa meira en tvöföldun þess eignarskattsviðauka, sem þar er til staðar. Það blasir alveg við, þannig að hér er í meira lagi um óvissa upphæð að tefla. Og þegar litið er til þessa, finnst mér meira en lítið hæpið að halda því fram, að það sé eðlilegt að setja þessa fjáröflun samt í húsnæðismálastjórnarl., af því að þessum skatti sé ætlað að standa undir fjárframlögum til húsnæðismálastofnunarinnar, því að ég þykist með þessum orðum hafa sýnt fram á, að það er gersamlega ómögulegt að vita, hve miklu þessi skattur nemur. Það viðurkenndi reyndar hæstv. fjmrh. áðan. Þess vegna er algerlega út í hött að vera að tala um það, að hann sé ætlaður til að mæta sérþörfum húsnæðismálastjórnarinnar. Ef í því ætti að vera vit, ef ætti að innheimta hann með þessum hætti og leyfa hann í þessum l., ætti auðvitað að halda þessum viðbótareignarskatti sérstökum og leggja hann til hliðar í sjóð fyrir húsnæðismálastjórn. Slíkt væri hægt að hugsa sér, ef á annað borð væri hægt að halda honum sérskildum, sem auðvitað er ekki hægt í þessu tilfelli. En af þessu er ljóst, að þarna er ekki um að ræða sköttun vegna sérþarfa húsnæðismálastofnunarinnar, heldur hreina tekjuöflun fyrir ríkissjóð, enda rennur þetta beint í ríkissjóð og verður þar, hvort sem það nemur meira eða minna en 40 millj. Alveg án tillits til þess, hve mikilli fjárhæð þessi skattur nemur, 20 millj., 30 millj., 50 millj., þá á ríkissjóður að borga til húsnæðismálastofnunarinnar 40 millj. samkv. þessum l., sem þetta lagafrv. er flutt til breytinga á.

Ég fæ þess vegna ekki betur séð en með þessu sé sýnt fram á, að þau séu harla lítil rök fyrir þeirri margföldun fasteignamatsins, sem hér er lögð til grundvallar nýrri skattheimtu, og hvorki útreikningurinn á skattinum eða þessum eignarskattsviðauka sé nokkurs virði og því síður áætlunin, heldur algerlega út í hött, eins og hæstv. fjmrh. varð að játa. Og þegar þetta er þannig í pottinn búið, að þarna er um algerlega óvissa áætlunartekjuöflun fyrir ríkissjóð að ræða, á hún auðvitað hvergi heima nema í skattal., en alls ekki heima í lögum eins og þessum. Það hljóta allir að sjá.

Hitt er svo annað mál, sem ég skal ekki fara mörgum orðum um nú, af því að það er búið að ræða um það áður, hvort hún sé rétt og eðlileg, þessi leið að margfalda fasteignamatið svo sem hér er gert. Ég hef sagt þar um það, að ég viðurkenni fúslega, að fasteignamatið er nú of lágt. Ég held því líka fram, að fasteignaskattur geti vel komið til greina sem tekjustofn. En ég held, að ef þá leið á að fara, eigi að breyta fasteignamatinu með þeim reglulega og eðlilega hætti, sem ráð er fyrir gert í l., og ekki er langt síðan þau lög voru afgreidd hér á Alþ., lög um fasteignamat og fasteignaskráningu. Ef á að gera fasteignirnar að tekjustofni, á að hraða fasteignamatinu og byggja á því, en ekki fara þá leið, sem hér er farin, að margfalda fasteignamatið, sexfalda það, því að það er algert handahóf. Það getur vel verið rétt hjá hæstv. fjmrh., ég efa það ekki, að fasteignaverðmæti sé á mörgum fasteignum mun hærra í raun og veru heldur en sem nemur sexfölduðu fasteignamati. Hitt er líka jafnvíst, að á mörgum stöðum í landinu er ástandið þannig, að það er engin sanngirni í að margfalda fasteignamat þar með sex. Þetta þekkjum við báðir, ég og hæstv. fjmrh., þannig að það er ekkert hóf á því að haga skattlagningu þannig að ákveða hana með einu slíku pennastriki.

Um þær afleiðingar, sem þessi hækkun kann svo að hafa á húsaleigu, skal ég ekki fjölyrða. Það var minnzt á það síðast.

Ég vil svo enn undirstrika það, að það er vitaskuld alger orðaleikur, hvort hér er talað um fasteignaskatt eða eignarskattsviðauka. Þarna er um að ræða skatt, sem menn verða að greiða, vegna þess að þeir eiga fasteignir, vegna þess að þeir eiga þær tilteknu eignir. Aðrar eignir þeirra, hversu miklar sem eru, skipta ekki máli í þessu sambandi, aðeins fasteignirnar einar. Þess vegna held ég, að það fari ekki á milli mála, að þarna er í raun og veru um að ræða skatt vegna fasteigna einna. Og þá stendur það, sem áður hefur verið sagt, þrátt fyrir það, sem hæstv. fjmrh. sagði hér áðan, að á sínum tíma voru í gildi lög um fasteignaskatt til ríkisins. Þau voru frá 1921, ef ég man rétt, en hafa þó kannske verið eldri að stofni til. 1954 eða þar um bil var gerð breyting á þeim fasteignaskattsl. á þá lund, að sá fasteignaskattur skyldi eftirleiðis renna til bæjarfélaganna, og fyrir fasteignaskatti sem sérstökum tekjustofni bæjarfélaga og sveitarfélaga er gert ráð nú í lögum um tekjustofna sveitarfélaga, eins og allir vita. En það er út af fyrir sig, ef menn vilja breyta um stefnu í því efni og taka fasteignaskatt til ríkisins nú í stað þess

að áskilja sveitarfélögunum forgang að þeim tekjustofni. Það er út af fyrir sig. Því geta menn auðvitað breytt, ef menn vilja, en heppilegt tel ég það ekki. En ég undirstrika enn og aftur, að aðalatriðið í þessu máli er það, að þarna er um að ræða beina tekjuöflun í ríkissjóð, sem ekki verður sagt að standi í neinu eðlilegu sambandi við þá staðfestingu á samkomulaginu, sem gert var við verkalýðsfélögin á s. l. sumri, sem verið er að lögfesta með þessu frv., sem hér liggur fyrir, í fyrsta lagi vegna þess, að sú lítilfjörlega fjáröflun, sem þar er aðeins nefnd á nafn, er fjáröflun, sem gert er ráð fyrir að sé í eitt skipti fyrir öll. Auðvitað getur verið, að það samkomulag, sem þá var gert, og þetta frv., sem hér er verið að staðfesta, hafi einhver útgjöld í för með sér fyrir ríkið. Það eru fá lagafrv., sem hér eru afgreidd, sem hafa ekki einhver útgjöld í för með sér fyrir ríkið. En það þykir ekki af þeim ástæðum þörf á því að fara að setja inn í hvert og eitt frv. ákvæði um sérstaka tekjuöflun til þess að mæta þeim útgjöldum, enda er það vitaskuld ekki meiningin með þessu ákvæði hér, heldur hefur a. m. k. upphaflega og var í fyrra, þegar þetta ákvæði var sett, auðvitað höfð í huga skuldbindingin um 40 millj. kr. framlag ríkissjóðs til húsnæðismálastofnunarinnar. En sem sagt, hér er um hreina skattheimtu fyrir ríkissjóð að ræða, og hending ræður algerlega um, hvort hún verður nær 40 milli. eða 50 millj. eða eitthvað annað. Þessi tekjuöflun er, eins og ég hef sýnt fram á, byggð á áætlun, sem enginn vill í raun og veru við kannast og enginn telur sig geta gert, og þess vegna engin stoð í henni.

En þó að ég hafi tekið fram, að ég álít, að vel geti komið til mála að nota fasteignaskattinn í ríkara mæli, og þó að ég persónulega sé alls ekki andvígur því, ætla ég í þessu sambandi að benda á það ákvæði, sem á sínum tíma var sett hér á Alþ. í sambandi við afgreiðslu l. um fasteignamat og fasteignaskráningu, l. nr. 28 1963. þ. e. a. s. fyrir um það bil tveimur árum. Í þeim l. er svofellt ákvæði til bráðabirgða, sem ég vildi leyfa mér að lesa, með leyfi hæstv. forseta. Þar stendur svo:

„Áður en nýtt aðalmat fasteigna samkv. l. þessum gengur í gildi, skal fara fram endurskoðun á gildandi ákvæðum l., sem fasteignamat hefur áhrif á, og miðist endurskoðunin við, að skattar á fasteignum hækki ekki almennt vegna hækkunar fasteignamatsins."

Nú dettur mér auðvitað ekki í hug að halda því fram, að þessu sé ekki hægt að breyta. Auðvitað getur Alþ. breytt þessu. Það er ekkert skuldbundið til þess að standa við það, sem það hefur sagt. Löggjafinn getur ekki bundið hendur sjálfs sín. En í þessu felst, hvað sem öllu lagagildi líður, viljayfirlýsing Alþ. — og ég mundi nú vilja segja eins konar siðferðisleg yfirlýsing. Ég fæ ekki betur séð en það sé nú gengið mjög á svig við þessa yfirlýsingu með því frv., sem hér liggur fyrir.

Svo vil ég nú enn og aftur benda á það, hversu það er alveg fráleitt fyrir Alþ. að láta frv. fara frá sér í þeim búningi, sem það er í, að láta það sem sagt standa í frv. áfram og 2. gr. vera á þá lund, sem hún nú er, að þar segir bara: „Í stað orðsins „þrefaldað" í 2. málsl. liðs 4. gr. komi orðið: sexfaldað." Þetta frv. á ekki samkv. orðum sínum að fella inn í l. um húsnæðismálastjórn, heldur á þetta að standa framvegis sem sjálfstæð lög, þetta frv., sem hér er verið að ræða um. Þá er það þannig, að í 2. gr. þeirra l. stendur þetta framvegis, að það verði sexfaldað, en það er ekkert tekið þar fram, hvað eigi að sexfalda. Náttúrlega má segja það, að lögfræðingar séu ekki of góðir til þess að leita að hinum l., sem vísað er til. En hvaða háttur er þetta, og til hvers er athugun í n. á svona frv., ef það er ekki hægt að breyta jafneinföldu atriði og þessu og gera það þannig úr garði, að það sé ofurlítið boðlegra venjulegum lesendum?

Ég skal svo aðeins, áður en ég lýk máli mínu, víkja að því atriðinu, sem hér bar einna mest á góma fyrst við þessa umr. hér áðan, húsaleigul. eða l. um hámark húsaleigu. Mér sýnist nú ekki í raun og veru svo mikill munur á skoðunum manna í því efni, að það ætti að vera frágangssök að samræma þær. Mér skilst, að það séu allir, þeir sem hafa talað um það, sammála um, að það sé eðlilegt að hafa einhver slík lög í gildi framvegis, lög um hámark húsaleigu, og ég er því sammála og get á það fallizt. Og þá er aðeins spurningin um það, hvernig á að brúa það bil, sem er milli þess, að ný lög séu sett og þessi séu niður felld. Og ég segi fyrir mitt leyti, að ég lít nánast á till. hv. 1. þm. Norðurl. e. og hv. 1. þm. Vesturl. sem vott þess, að við viljum hafa einhver húsaleigulög eða lög um hámark húsaleigu og viljum ekki sleppa þessu sem er, fyrr en slík lög hafa verið sett. Hitt tek ég alveg undir, sem kom fram hjá hæstv. félmrh. og raunar fjmrh. líka, að það muni ekki vera mikið hald í þessum lagaslitrum, sem enn eru í gildi um þetta efni, og ég get út af fyrir sig tekið undir það, að það sé óheppilegt að hafa lög þau lengi í gildi, sem vitað er að lítt eða ekki er eftir farið. En ég get ekki séð, að það sé ástæða til að fella þau þó strax úr gildi. Þegar því er lýst yfir, að endurskoðun fari nú fram og ný lög verði sett innan tíðar, þá finnst mér eðlilegra að láta þessi gömlu slitur gilda, þangað til hin nýju lög koma, og fella þau þá úr gildi með þeim. En frá mínu sjónarmiði er þetta ekki mikið atriði í sambandi við þetta mál, sem hér er um að ræða.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Mig undraði sannast sagna nokkuð allstór hluti í ræðu hv. 3. þm. Norðurl. v., þar sem hann var að tala um, af hvaða orsökum sú brtt. væri hér flutt við húsnæðismálal. að sexfalda fasteignamat í stað þess að þrefalda það, vegna þess að það hafi ekkert það gerzt, sem réttlætti þessa breytingu, og ræddi síðan margt um það, að þeir samningar, sem hefðu verið gerðir við verkalýðsfélögin á liðnu vori, hefðu ekki haft nein þau útgjöld í för með sér, að ástæða væri til þessara breytinga, og þess vegna væru í rauninni engin rök fyrir þeim. Að vísu sló hann svo nokkuð yfir í aðra sálma og sagði, að það

mundi þá vera sennilega helzt vegna þess, að það hefði vantað peninga til þess að mæta þörfunum frá í fyrra, sem þetta kæmi til, það væri þá heppilegra að segja það.

Ég held, að það hafi aldrei neitt annað verið sagt. Það hefur enginn haldið því fram, hvorki ég né hæstv. félmrh., að þetta væri flutt vegna neinna skuldbindinga frá því í sumar við verkalýðsfélögin, og ég held, að það hljóti allir hv. þm. að hafa skilið það nákvæmlega, hvað hér er við átt. Bæði gerði ég mjög rækilega grein fyrir því í fjárlagaræðu minni, að það væri nauðsynlegt að afla þessa fjár til að mæta útgjöldum vegna húsnæðismála, einmitt þeim útgjöldum, sem fallizt var á að taka á ríkissjóð með samkomulagi við verkalýðsfélögin í fyrra. Það var tekið fram einnig við 1. umr. þessa frv. hér, og það stendur í grg. frv., að þetta sé gert vegna samninganna frá í fyrra, þannig að hér er um svo augljósa hluti að ræða, að við ættum ekki að þurfa að vera að karpa um það. Það er vitanlega alveg á hreinu, að hér er verið að afla fjár til þess að mæta þeim kröfum, sem gerðar voru til ríkissjóðs og samþ. var að taka á ríkissjóð með samkomulagi við verkalýðsfélögin í fyrra, — útgjöldum, sem gert var ráð fyrir að mæta þá og er þegar í l. um húsnæðismálastofnun með því að þrefalda gildandi fasteignamat. Og það var gert ráð fyrir, að það nægði, enda er hvergi nein fjárveiting til, það er ekki nein fjárveiting í fjárl. til þess að mæta þessum útgjöldum. Það er engin fjárveiting til eða fjáröflun til þessara þarfa nema það, sem segir í l. um húsnæðismálastofnunina. Það er eini staðurinn, þar sem þessi fjáröflunarheimild er til staðar, og þess vegna verður vitanlega að ganga út frá því, að það væri ætlazt til, að þessari fjáröflun yrði náð með þessum hætti. Það er heldur enginn ágreiningur um, að það hafi verið gengið út frá því í samningunum við verkalýðsfélögin í fyrra, að þetta yrði gert með fasteignagjöldum á einhvern hátt. Það hefur enginn mótmælt því. Og það verður sannast sagna að teljast mjög eðlileg leið að hafa þá aðferð, sem hér hefur verið gert, að leggja þetta á eignir í kaupstöðum og kauptúnum í stað þess að láta alla borgara landsins greiða þetta, þar sem vitað er, að húsnæðismálalöggjöfin og aðstoð vegna hennar gildir eingöngu fyrir byggingar í kaupstöðum og kauptúnum. Hér er af þessum sökum, að mér finnst, mjög eðlileg og réttlát fjáröflun, mun réttlátari en það að leggja þetta á borgarana alla í einhverjum almennum sköttum, sem á hvort sem er ekki að koma til góða nema hluta þeirra.

Hv. þm. endurtók það, sem ég var nokkuð hissa á, að hér væri í rauninni um orðaleik að ræða að tala um, að nokkur munur væri á því að margfalda fasteignamat eða taka fasteignaskatta. Ég skil nú satt að segja ekki í hv. þm. að halda þessu fram. Þetta getur í vissum tilfellum að vísu verið svo, ef eignir manna eru í báðum tilfellum skuldlausar. En sá er grundvallarmunurinn á fasteignasköttum og eignarskatti, að þegar um er að ræða fasteignaskatt, er hann lagður á eignina. Enda þótt maðurinn skuldi allt í henni og eigi ekkert í henni, þá verður hann að borga fasteignaskatt. En þegar um eignarskatt er að ræða, er aðeins um nettóupphæðina að ræða. Ég verð þá að telja, að það sé í rauninni miklu eðlilegri og sanngjarnari viðmiðun til skattlagningar heldur en fasteignaskatturinn. Fasteignaskattur er nánast aðstöðugjald, og það hefur verið talið eðlilegt, að bæjarfélögin hefðu það, og það er engin ætlun að breyta því. En eins og ég tók fram áðan og ég held, að engum hafi nokkurn tíma dottið í hug, hefur aldrei staðið til að afnema eignarskatt af fasteignum og afhenda sveitarfélögunum þann tekjustofn. Við getum svo deilt um það, hvort eignarskattur á yfirleitt að vera til eða ekki, það er önnur saga. Meðan svo er, held ég, að það hafi engum hugkvæmzt, að hann eigi að afhendast sveitarfélögunum, og ég held, að við hljótum öll að geta verið sammála um það, að á þessu er verulegur grundvallarmunur.

Hv. þm. hélt því fram, að með hliðsjón af þeim málsatvikum, sem hér lægju til grundvallar, væri með þessu ekki verið að afla fjár til húsnæðismálastofnunarinnar, heldur til þess að standa undir sérþörfum ríkissjóðs. Þetta er alls ekki rétt. Ef það hefði verið gengið út frá því í l. um húsnæðismálastofnun, að þreföldun fasteignamatsins ætti að nægja, er það rétt, þá hefði ekki þurft að gera neitt frekar til þess að afla hér fjár. Nú er hins vegar gengið út frá fastri upphæð, þ. e. 40 millj., og það kemur á daginn, að það munar um helming eða meira, að sú upphæð nægi til þess að mæta þessum þörfum. Um það verður ekki deilt, enda þótt deila megi um nokkrar millj. til eða frá, sem er alveg rétt og hv. þm. sagði og hefur alltaf verið tekið fram af skattyfirvöldum einnig, að það væri gersamlega ómögulegt að áætla þessa upphæð nákvæmlega. Ég vil hins vegar taka það fram, svo að það valdi ekki misskilningi, að það væri auðvitað hægt að sjá, hvað þessi þreföldun gefur. Það er hægt að sjá það nokkru eftir á, þegar búið er að fara í gegnum öll einstök framtöl ársins í ár, en það er ómögulegt á þessu stigi, þegar menn hafa aðeins fyrir sér almennar niðurstöður eignarskattsins, að sjá nákvæmlega, hver þessi upphæð er. En ég vil taka það skýrt fram, að það er auðvitað hægt að sjá það með nákvæmri skoðun á hverju framtali eftir á, hvað þetta hefur verið. Og mér finnst það nokkuð vera að deila um keisarans skegg að vera að tala um það, að af því að það sé ekki hægt að sjá þetta nákvæmlega, sé í rauninni ekki grundvöllur til þess að veita þessa heimild. Ég hef gert grein fyrir því, að þó að það kunni að muna nokkrum millj. til eða frá og ég hefði sjaldan vitað, að skattar væru á lagðir svo nákvæmlega, að það væri fyrir fram vitað upp á krónu, hverju sú skattlagning kynni að nema, að þó að þetta væri ekki nákvæmlega vitað, er hægt að fara það nærri því, að það eru líkur til þess, að þessi sexföldun, sem hér er farið fram á, nægi til þess að standa straum af því, sem var ætlunin að ná með þeirri þreföldun, sem samþ. var í fyrra, en því miður vegna margra atvika, sem ég hef áður gert grein fyrir og ég heyrði einnig, að hv. 3. þm. Norðurl. v. skildi fullkomlega, var óraunhæf og náði ekki nema

helmingi þess, sem til var stofnað. En ég sé ekki, að það þurfi að koma mönnum ákaflega á óvart, að till. sem þessi komi hér fram, úr því að það var gert ráð fyrir því að afla þeirrar heildarupphæðar, sem lá þegar fyrir í fyrra, þegar umr. voru um fasteignamatið þá og þann eignarskattsauka, sem gert var ráð fyrir og átti þá að mæta þessum 40 millj. að fullu.

Varðandi það, að það sé algerlega óþinglegt að hafa orðalag frv. þannig að setja sexfaldað í staðinn fyrir þrefaldað, held ég, að mætti nú í mörgum tilfellum kannske finna svipað dæmi þess í löggjöf, þar sem er breytt einstökum orðum í stað þess að taka upp heilar greinar. Ég er ekki að segja, að það sé endilega til fyrirmyndar, en ég held, að það sé víðs fjarri, að það sé hægt að segja, að það sé nokkurt brot á reglum um uppsetningu frv. og óeðlileg vinnubrögð að hafa þá tilhögun á, því að þetta er í öðru hverju frv., sem kemur hér fyrir þingið um breytingar á lagabálkum, að tekin eru upp einstök atriði, og að það mun vefjast fyrir nokkrum að átta sig á því, hvað það merkir, það held ég ekki heldur að hafi við mikið að styðjast.

Ég held, herra forseti, að ég hafi ekki ástæðu til þess að orðlengja þetta frekar, en vonast til, að það sé öllum hv. þm. ljóst, að þessi tekjuöflun, sem hér er um að ræða, er til þess að mæta þeim kröfum, sem féllu á ríkissjóð með samkomulagi við stéttarfélögin frá í fyrra og ekki tókst þá að afla fjár til með þeim hætti, sem til var stofnað, þannig að fjáröflun skortir algerlega til þess að mæta þessu, án þess að sérstakar ráðstafanir séu gerðar. Það skal hins vegar tekið fram, að það er alls ekki ætlun manna að fara að nota þetta til hækkunar fasteignamatsins til eignarskatts á þessu ári, auka við það, heldur að þetta taki gildi á næsta ári, og þá verður að sjálfsögðu ríkissjóður í ár að bera hallann af því, að hér hefur ekki tekizt að ná helmingi þess fjár, sem Alþ. ætlaði til þess að mæta þessum þörfum.

Frsm. meiri hl. (Þorvaldur G. Kristjánsson): Herra forseti. Ræða hv. 3. þm. Norðurl. v. gaf mér tilefni til þess að kveðja mér hljóðs, en hæstv. fjmrh. hefur nú tekið að vissu leyti af mér ómakið. En ég vil aðeins víkja enn nokkrum orðum að ræðu hv. 3. þm. Norðurl. v.

Hann sagði, að frv. það, sem hér er til umr., væri til staðfestingar samkomulagi verkalýðshreyfingarinnar í sumar. Þetta er rétt, svo langt sem það nær. En hv. þm. virðist ekki hafa lesið eða athugað þetta frv. gaumgæfilega. Auk þess sem í frv. eru ákvæði um sexföldun fasteignamatsins, sem hér hefur verið ýtarlega rætt og ekki er í sambandi við samkomulagið í sumar, eru í þessu frv. önnur atriði, sem að sjálfsögðu standa ekki í neinu sambandi við samkomulagið í kaupgjaldsmálunum í sumar. Ég nefni í því sambandi ákvæði í upphafi þessa frv., 1. mgr. 1. gr., þar sem gert er ráð fyrir, að það skuli breytt orðunum „skipulagsnefndar ríkisins“ í „skipulagsstjórn ríkisins“. Auðvitað er þetta ekki í neinu sambandi við samkomulag verkalýðsfélaganna á s. l. sumri. Þetta er hér tekið upp vegna þess, að skipulagsnefnd ríkisins heitir það ekki lengur, heldur heitir hún skipulagsstjórn ríkisins. Á sama hátt er í 5. gr. þessa frv. gert ráð fyrir, að í staðinn fyrir orðin „undirskattanefndum“ og „undirskattanefndar“ skuli koma „skattstjórum“ og „skattstjóra“. Auðvitað stendur þetta ekki í neinu sambandi við samkomulag verkalýðsfélaganna á s. l. sumri. Þess vegna er það furðuleg staðhæfing, sem fram kom í ræðu hv. 3. þm. Norðurl. v., þegar hann talar sem svo, að það sé einhver goðgá, að hér sé á ferðinni eitthvað, sem ekki hafi verið staðfest í samkomulagi verkalýðsfélaganna á s. l. sumri. Nú skal ég ekki neita því, að ég met mjög mikils samkomulagið, sem gert var á s. l. sumri, og hlut ríkisstj. sérstaklega í því. En ég get ekki metið það svo mikils, að ég telji, að það sé óleyfilegt, að það komi inn í þetta frv. einhver atriði, sem ekki beint varða samkomulagið. Á það verður ekki fallizt.

Hv. þm. var með hugleiðingar um það, algerlega að tilefnislausu, eins og hæstv. fjmrh. tók fram, hvort þessi aukna fjáröflun til íbúðalánanna stæði í sambandi við þá ákvörðun að hækka lán út á byggingarframkvæmdir, sem hafnar eru á tímabilinu frá 1. apríl s. l. til síðustu áramóta, úr 150 þús. kr. á hverja íbúð. Það var algerlega ástæðulaust fyrir hv. þm. að vera með einhverjar bollaleggingar um þetta í þessu sambandi og þeim mun fremur þar sem ég í framsöguræðu minni fyrir áliti meiri hl. heilbr.- og félmn. tók það alveg skýrt fram, að ríkisstj. væri meira að segja búin að útvega þetta fé, um 30 millj. kr. Þetta vekur því nokkra undrun, að hv. þm. skuli vera með slíkan málflutning sem þennan hér í þessum umr. Hann fór einnig mörgum orðum um það, hvílík óvissa hvíldi yfir því, hvað sexföldun fasteignamatsins mundi auka mikið tekjur ríkissjóðs í þessu skyni. Það er enginn ágreiningur um það, að það er óvissa um þetta. Fyrir því höfum við m. a. orð hæstv. fjmrh. hér í umr. áðan. Það er enginn ágreiningur um þetta. En ég spyr: Kemur það nú ekki kannske líka oftar fyrir en í þessu tilfelli, að það sé nokkuð erfitt að kveða alveg nákvæmlega á um það, hvað einn tekjustofn gefur? Ég hygg, að það sé engin goðgá, þó að það geti komið fyrir. Heyrum við ekki, að tekjur ríkisins fara oft og tíðum fram úr áætlun og einstakir liðir verulega fram úr áætlun? Nei, ég held, að það þurfi ekki að ræða um þessa staðreynd sem nokkurt hneykslismál í þessu sambandi.

Hv. þm. segir, að hér sé um að ræða hreina tekjuöflun fyrir ríkissjóð. Og það er hinn óttalegi leyndardómur í þessu máli, hvað skeður, ef svo skyldi vilja til, að þessi tekjuöflun yrði í framkvæmd nokkru meiri en ráð var fyrir gert, þ. e. í ríkissjóðinn kæmi eitthvað fram yfir 40 millj. kr. Allar umr. um þetta atriði hljóta að snúast fyrst og fremst um þetta atriði. Hver verður skaðinn? Hver er óhæfan við þetta? Það er greinilegt, hvað það er. Þessi skattur er lagður einungis á þá skattborgara landsins, sem ekki búa í sveitum. Bændur eru sérstaklega undanskildir. Ef það koma inn tekjur til ríkissjóðs umfram 40 millj. með sexföldun fasteignamatsins, þýddi það, að viss hluti skattborgaranna legði fram fjármagn, sem

væri varið eða væri greitt úr ríkissjóði til hagsbóta fyrir skattborgarana almennt, þ. e. a. s. í þessu tilfelli gæti þetta þýtt það, að bændur högnuðust eitthvað. Þetta er það skelfilega, sem mundi ske. En hvernig stendur nú á því, að hv. þm., sem telja sig sjálfskipaða forsvarsmenn bænda í þessu landi, skuli vera með allt þetta veður út af þessu máli? Hvernig stendur á því? Ég leyfi mér að efast um, að þeir hafi gert sér grein fyrir þessu. Mér finnst málflutningur framsóknarmanna hér í þessum umr. um of mótast af smámunasemi og smánaggi um aukaatriði í þessum þýðingarmiklu málum, sem við erum hér að fjalla um.

Hv. 1. þm. Norðurl. e. var eitthvað að tala um reiðinga, og það var skáldlega og fallega mælt, eins og hans er venja. En við erum ekki í dag á reiðingsöldinni. Við erum komnir af því tilverustigi, og það er ekki síður á sviði húsnæðismálanna en í mörgum öðrum málum. Menn verða að skilja, að á undanförnum árum hefur verið gert stórátak í húsnæðismálunum, og það hljóta allir sanngjarnir menn að viðurkenna. Það er verið að skapa nýjan grundvöll til þess að leysa þessi vandasömu mál með nýja og sterka tekjustofna. Og þetta hefur tekizt með samstilltu átaki og m. a. í samvinnu við verkalýðshreyfingu landsins. Það er þýðingarmikið, að við gerum okkur grein fyrir þessu, ekki til þess að þakka einum eða neinum, heldur til þess að vera viðbúnir því að halda þessu verki áfram. Við megum ekki enn þá tala og hugsa eins og gert var, þegar íbúðalánin námu í heild árlega eitthvað milli 40 og 50 millj. á ári, þegar gert er ráð fyrir, að verði úthlutað 310—320 millj. kr. á einu ári. Ég skal ekki fara mikið út í tölur hér. Ég veit, að nú hugsar einhver: Byggingarkostnaðurinn hefur vaxið svo mikið, að þessi hækkun íbúðalánanna gerir ekki einu sinni að mæta hækkun byggingarkostnaðarins, hvað þá heldur meira. En þetta er ekki rétt. Fyrst við erum farin að tala um tölur, verðum við að hafa það, sem rétt er í þessu efni. Árið 1958 voru húsnæðislánin 100 þús. á hverja íbúð. Þá var byggingarvísitalan 134 stig. Í dag eru íbúðalánin 280 þús. á íbúð, og hafa því byggingarlánin hækkað um 280%. Byggingarvísitalan hækkaði um 133 stig á tímabilinu frá 1. nóv. 1958 til 1. nóv. s. l., eða um 99.3%, á sama tíma sem íbúðalánin hækka úr 100 þús. í 280 þús. eða um 180%.

Mér dettur ekki í hug að halda, að það sé ekki margt ógert í húsnæðismálunum. Auðvitað er margt ógert. En við skulum reyna að ræða þessi mál með það í huga, að það hafa verið gerð stórátök á síðustu árum til úrbóta, og við verðum að hafa það í huga, ef við ætlum að halda áfram að byggja á þeim grundvelli, sem lagður hefur verið nú hin síðustu ár.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Tveir síðustu ræðumenn létu í ljós undrun yfir þeim málflutningi, sem ég hefði haft hér. Ég get því miður ekki sagt hið sama um þann málflutning, sem þeir höfðu hér í frammi og þá sérstaklega hv. síðasti ræðumaður. Hann vakti ekki neina undrun hjá mér, af því að hann var nokkuð á sömu lund og málflutningur hans í þessum efnum hefur verið hér áður.

Það er ekki nema gott eitt um það að segja, að menn rifji öðru hverju upp það, sem gert hefur verið í húsnæðismálum. En ég verð að segja það, að það var næsta lítið tilefni gefið til þeirrar ræðu, sem hv. þm. flutti hér áðan, af því að það hefur ekki komið fram af minni hálfu né frá neinum öðrum, sem hér hefur talað í þessu máli, nein vefenging á því, að þær ráðstafanir, sem eru í þessu frv., sem hér er um að ræða, að frátöldum ákvæðunum um eignarskattsaukninguna og hámark húsaleigunnar, væru til bóta. Það hefur enginn mælt gegn neinu slíku í þessu frv. Það var þess vegna engin ástæða til þess að fara nánar út í það. Ég hef aldrei haldið því fram, eins og mér virtist hv. þm. vera að gefa í skyn, að það væri út af fyrir sig nokkur goðgá, þó að einstakir tekjuliðir ríkisins færu fram úr áætlun. Auðvitað á að reyna að áætla tekjuliði fjárl. svo nákvæmlega sem unnt er og æskilegast, að sú áætlun standi, því að því aðeins hefur sú áætlun, sem í fjárl. felst, eitthvert verulegt gildi. En alltaf getur þar einhverju skakkað, og ekki er ástæða til að tala um neina goðgá í því sambandi, og ekki hafði ég heldur gert það.

En aðalatriðið í þessu máli er það, að í l. um húsnæðismálastofnun ríkisins er það beinlínis tekið fram í 4. gr., b-lið, sem á að breyta með þessu ákvæði 2. gr. þessa frv., sem hér liggur fyrir, að framlag úr ríkissjóði skuli vera 40 millj. kr. Til þess að mæta þessum útgjöldum skal miða eignarskatt við gildandi fasteignamat þrefaldað. Þarna var verið að miða við ákveðinn stofn, ákveðna þörf, og ef það hefði í raun og veru átt að vera svo, að þessi hluti eignarskattsins hefði átt að renna í byggingarsjóð, hefði vitaskuld átt að halda honum alveg sérgreindum, eins og orðalagið í þessari gr. húsnæðismálastofnunarl. gefur nánast tilefni til. En það hefur ekki verið gert, heldur rennur þessi hluti eignarskattsins beint í ríkissjóð og er ekki haldið sérgreindum á neinn hátt. Þetta er játað. Það er enn fremur orðið játað, sem lá ekki eins ljóst fyrir í upphafi, þegar þessar umr. fóru fram, að hækkunin á fasteignamatinu, sexföldun þess, sé eingöngu vegna þess, að skakkt hafi verið reiknað í upphafi, en ekki vegna þess, að samkomulagið s. l. sumar hafi gefið tilefni til neinnar nýrrar fjáröflunar. Það er gott að fá þetta fram. Það er að vísu ekki í fyrsta skipti, sem hæstv. núv. ríkisstj. eða starfsmenn á hennar vegum reikna ekki rétt. Það hefur komið fyrir áður. En þetta er náttúrlega talsvert mikil skekkja í reikningi að reikna það fyrri hl. þessa árs, að þreföldun fasteignamatsins mundi duga til þess að standa á móti 40 millj., en komast svo að þeirri niðurstöðu í októbermánuði, að það muni þurfa að sexfalda fasteignamatið. Er þá nokkur furða, þó að mönnum geti dottið í hug, að það komi á daginn næsta ár, að það þurfi að nífalda fasteignamatið eða því um líkt?

Það hefur komið alveg skýrt fram í þessum

umr., að hér er miðað við mjög óvissan grundvöll. Það er ekki hægt að segja til um það með neinni vissu, hve miklu sá hluti eignarskattsins nemur, sem stafar af þeföldun fasteignamatsins, og það er því síður hægt að segja til um það með nokkurri vissu, hve miklum hluta af væntanlegum eignarskatti muni nema sú sexföldun fasteignamatsins, sem hér er farið fram á.

Ég verð svo að segja, að mér hefði þótt það ánægjulegra, ef hæstv. fjmrh. hefði varið nokkru af sínum tíma og alveg sérstaklega ef hv. frsm. meiri hl. n. hefði varið einhverju af sínum tíma til þess að gera grein fyrir þeim skoðanaskiptum, skulum við segja, sem birtast í þessu frv. og því, sem var efst á baugi, þegar l. um fasteignamat og fasteignaskráningu voru sett hér fyrir 2 árum og fram kemur í bráðabirgðaákvæði við þau lög og ég las upp hér áðan. Ég veit ekki betur en fasteignaeigendur hafi mótmælt þessari lagasetningu, að Félag *fasteignaeigenda hafi mótmælt þessari lagasetningu* einmitt með skírskotun til þessa ákvæðis, til þessa bráðabirgðaákvæðis í l. um fasteignamat og fasteignaskráningu. Þeir telja, að það sé um brigð að ræða, þegar fasteignamatið er sexfaldað. eins og hér er gert ráð fyrir, í stað þess, sem ákveðið er í því bráðabirgðaákvæði, að áður en kemur til nýs fasteignamats. skuli fara fram endurskoðun á þeim lagaákvæðum, sem miða fasteignagjöld við fasteignamat, með það fyrir augum, að þau hrökkvi ekki vegna fasteignamatsins. Eins og ég tók fram áðan, dettur mér ekki í hug að halda því fram, að það sé ekki hægt að gera breytingu hér á og hverfa nú að öðrum háttum. En það hefði verið æskilegt, að formælendur þessa frv. hefðu gert grein fyrir því, hvað veldur, að nú þykir ekki lengur fært að standa við það fyrirheit, sem fram kom í þessu bráðabirgðaákvæði l. um fasteignaskráningu og fasteignamat, og það hefði að mínum dómi verið ólíkt gagnlegra, að hv. frsm. meiri hl. hefði gert grein fyrir því, heldur en tal hans um húsnæðismálin, sem þó var allt fallegt og slétt og ég hef ekki neina aths. við að gera, þótt mér virtist helzt af tóninum í ræðu *hans*, að *hann* væri að beina þar einhverju að einhverjum þm., sem hann þó nafngreindi ekki nánar.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 17. fundi í Ed., 16. nóv., var enn fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 62,1 felld með 11:9 atkv.
— 72,1 kom ekki til atkv.
2. gr. samþ. með 11:9 atkv.
Brtt. 62,2 felld með 11:8 atkv.
3. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
4.—5. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 72,2 felld með 11:9 atkv.
— 62,3 felld með 11:9 atkv.
6. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 72,3 felld með 11:9 atkv.
Ákv. til brb. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 18. fundi í Ed., 18. nóv., var frv. tekið til 3. umr.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti Við 1. umr. þessa máls lét hæstv. fjmrh. þess getið, að hann liti á þá hækkun fasteignamatsins eða margföldun fasteignamatsins, sem um er að ræða í þessu frv., sem bráðabirgðaráðstöfun og að mér skildist þangað til því yrði við komið að *gefa út nýtt fasteignamat, en hann gerði ráð* fyrir því, að það gæti orðið á árinu 1967. Að gefnu þessu tilefni frá hæstv. fjmrh. lét ég þess getið við 1. umr. málsins, að ég teldi eðlilegast, að *þessi viljayfirlýsing, sem þá kom fram* af hálfu fjmrh., væri sett inn í l. og það væri beinlínis tekið fram í l. í sambandi við þessa sexföldun fasteignamatsins, að hún ætti aðeins að gilda þangað til nýtt fasteignamat tæki gildi. Þessi ábending mín hefur ekki fundið náð fyrir augum n. þeirrar, sem um þetta fjallaði, og er þess varla von, því að það voru minni atriði, sem ég benti á og ekki heldur fundu náð fyrir augum meiri hl. En að gefnu þessu tilefni og til þess að reyna að taka af allan vafa í þessu efni og til þess að fasteignaeigendur geti strax vitað það, hvort þeir mega eiga von á því, þegar hið nýja og væntanlega verulega miklu hærra fasteignamat kemur í gildi, — hvort þeir þá mega eiga von á því, að það nýja fasteignamat verði sexfaldað og eignarskattur við það miðaður, vil ég leyfa mér að bera fram til hæstv. fjmrh. svo hljóðandi fsp.: Vill hæstv. fjmrh. gefa hér yfirlýsingu um, að margföldun fasteignamatsins við eignarskattsútreikning verði niður felld, um leið *og nýtt fasteignamat gengur í gildi*? Samkv. orðum ráðh. verður það 1967. Í öðru lagi og til öryggis ætla ég að beina annarri fsp. til ráðh., sem ég tel þó raunar fyrir mitt leyti að hann hafi þegar svarað, en það sakar ekki, að það liggi alveg hreint og óvefengjanlega fyrir, og hún er sú: Er það ekki alveg öruggt, að með álagningu eignarskatts á þessu ári verður miðað við þrefaldað fasteignamat, en ekki við sexfaldað, enda þótt frv. það, sem hér liggur fyrir, verði að l. á þessu ári?

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Í tilefni af þessum tveimur fsp. hv. 3. þm. Norðurl. v. tel ég rétt að taka fram, sem ég raunar hef áður sagt í umr. um þetta mál, í fyrsta lagi, að það er auðvitað alls ekki ætlunin, að þessi margföldun fasteignamatsins verði framkvæmd við álagningu á þessu ári, heldur aðeins sú þreföldun, sem nú er í gildi; í öðru lagi, að það hlýtur að koma til endurskoðunar um þessi ákvæði, sem hér er um að ræða, þegar nýtt fasteignamat verður lögfest. Það er gert ráð fyrir því í lagaákvæði, sem hv. þm. vitnaði í, í sambandi við fasteignamatið, að öll gjöld, sem miðuð eru við *fasteignamat, komi til endurskoðunar*. Það er að vísu orðað svo, að það skuli ekki taka breytingum til hækkunar, það skal ég ekkert fullyrða um, það er að sjálfsögðu

Alþingis þá um það að segja. En ég tel sjálfsagt, að einnig þetta ákvæði hér hljóti að koma til endurskoðunar, þegar nýtt fasteignamat tekur gildi. Ég þori ekkert að fullyrða um það, það fer eftir atvikum, hver hefur með þau mál að gera, þegar nýtt fasteignamat tekur gildi, hvað verður um það. En það er mín skoðun, að það verður sjálfsagt eðlilegt, að þá verði þetta tekið til endurskoðunar. Meira geri ég ekki ráð fyrir, að hv. þm. ætlist til af mér, því að ég get ekki fullyrt frekar um það fram í tímann en það, sem er mín skoðun í því efni nú í dag.

Frsm. 1. minni hl. (Alfreð Gíslason): Herra forseti. Ákvæði í 2. gr. þessa frv. hefur mjög verið gagnrýnt hér í hv. d., eins og öllum er kunnugt, og jafnvel hæstv. fjmrh. hefur viðurkennt, að ástæða sé til nokkurrar gagnrýni í sambandi við þetta ákvæði, margföldun fasteignamatsins. Sérstaklega tók hann undir þá gagnrýni, að erfitt væri að segja fyrir um, hvað þessi hækkun á eignarskatti gæfi mikið af sér, en það er auðvitað hreint ekkert aukaatriði í sambandi við þetta mál. Við í minni hl. höfum flutt till. um, að þessi gr. yrði niður felld að sinni og það, sem í henni felst, en þær till. náðu ekki fram að ganga. Nú vil ég á þessu síðasta stigi málsins hér í hv. Ed. beina því til hæstv. fjmrh., hvort hann vilji nú ekki við frekari meðferð málsins hér á Alþ. athuga gaumgæfilega, hvort ekki væri rétt eftir allt saman að fresta samþykkt þessa ákvæðis, sem um getur í 2. gr., fresta samþykktinni í því skyni að kanna málið allt betur, bæði hvað þessi skatthækkun gefur mikla upphæð af sér og kannske ekki síður að athuga það, sem í þessari gr. felst, í samhengi við l. um eignarskatt og þau ákvæði um álagningu, sem þar gilda. Ég tel þetta vera það mikið mál, að það sé vert að athuga það betur en orðið er, og þess vegna vil ég skora á hæstv. ráðh. að íhuga nú við frekari meðferð málsins, hvort ekki sé rétt að sleppa þessu ákvæði að sinni úr frv., með því að ég hygg, að það komi ekki að neinni sök. Þetta ákvæði þarf ekki að ganga í gildi nú þegar, því hefur sjálfur hæstv. ráðh. nú lýst yfir, og það er ekki þörf á að knýja þetta í gegn nú af þeirri ástæðu. Sexföldun fasteignamatsins kemur hvort sem er ekki til greina fyrr en einhvern tíma á næsta ári.

Ég tel vera ástæðu fyrir hæstv. fjmrh. að íhuga þessi tilmæli mín vandlega. Það er ekki gaman, hvorki fyrir hæstv. ráðh. né aðra hér á Alþ., að flana að skattlagningu, að ákveða nýjan skatt eða nýja hækkun á skatti að litt athuguðu máli.

Hæstv. fjmrh. gat þess fyrir nokkru í opinberri ræðu, að fyrirhugað væri að leggja á utanfararskatt. Síðan hefur birzt gagnrýni á þeirri tilhögun, eins og hún var hugsuð, og er ekki fjarri mér að halda, að hæstv. fjmrh. hafi e. t. v. ekki athugað allar hliðar þess máls nógu gaumgæfilega, áður en hann lýsti þessu yfir í opinberri ræðu. Það er ekki gaman að því fyrir ráðh. að verða beran að því kannske æ ofan í æ að taka ákvörðun um að skattleggja þegnana að litt athuguðu eða illa athuguðu máli. Slíkt má auðvitað aldrei gera, nema það sé kannað og athugað frá öllum hliðum. Ég nefni þetta aðeins sem dæmi þess, að það er rétt að fara hægt í sakirnar í þessum efnum. Annar skattur, tollur, sem hæstv. ríkisstj. hefur staðið að nú nýlega, vegatollurinn, hefur einnig verið gagnrýndur mjög verulega, og margir stjórnarliðar tekið þátt í þeirri gagnrýni og ýmsir stjórnarstuðningsmenn hér á Alþ. jafnvel tekið undir það, að sá tollur væri a. m. k. of hár, þótt hann væri ekki óréttlátur að öðru leyti. Í sambandi við þessi mál fyndist mér vera tilefni til að athuga betur þá gagnrýni, sem komið hefur fram á skattlagningunni, sem felst í 2. gr. þessa frv., áður en endanlega yrði ákveðið um hana hér á hinu háa Alþingi.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Ég verð nú sannast sagna að segja, að mér finnast þessar ábendingar til mín vera álíka óeðlilegar og fjarri lagi eins og ábendingar hv. 3. þm. Norðurl. v. voru eðlilegar.

Í fyrsta lagi kemur mér auðvitað ekkert á óvart og ég býst ekki við hv. 9. þm. Reykv. heldur, að það sé talað um, að skattar og tollar séu gagnrýndir. Ég held, að það yrði ákaflega mikið kraftaverk, ef ég sem fjmrh. fyndi t. d. nú upp eitthvert gjald, sem hv. 9. þm. Reykv. teldi ekki ástæðu til að gagnrýna, þannig að það eitt út af fyrir sig, að það séu rök fyrir því að jafnvel afturkalla till. um skattheimtu, að það hafi komið fram gagnrýni á henni hér á hinu háa Alþ., það eru auðvitað engin rök. Hann beindi því til mín, hvort ég vildi ekki fallast á það að afturkalla það ákvæði, sem er í l. um húsnæðismálastjórn um fjárframlag til húsnæðismála. Nú er það að vísu svo, að þetta er ekki frv., sem ég formlega stend að, þó að ég sé ekki að mæla mig undan því að hafa átt hlut að því, að þessi fjáröflun ætti sér stað. En að hinu leytinu get ég ekki fallizt á, að neitt hafi komið fram í málinu, sem gefi ástæðu til slíkrar afturköllunar, enda sé ég ekki, með hvaða hætti hún mætti vera.

Ég hef tekið það fram hér, hvað væri hægt að fara næst varðandi upphæð þess skatts, sem hér er um að ræða, eða tekna af þessari margföldun fasteignamats til eignarskatts. Og það hefur komið fram, að þetta gæti verið nokkurra millj. kr. munur til eða frá. Ég vil nú spyrja hv. þm.: Hvenær hefur verið lagður á hér skattur, sem hefur nákvæmlega verið hægt að fullyrða um, hvað gæfi miklar tekjur? Þetta er allt meira og minna áætlað. Stundum hafa skattar annaðhvort orðið miklum mun minni, eins og t. d. þessi skattur varð í fyrra, hann reyndist helmingi minni en áætlað var, stundum hafa skattar farið langt fram úr áætlun, þannig að ég held, að það sé ákaflega erfitt um vik að gera kröfu til þess og í rauninni svo óraunsætt sem hugsazt getur, að það megi ekki leggja á neinn skatt nema vita nákvæmlega upp á krónu, hvað hann gefur af sér. Svo sem þetta mál liggur fyrir, hefur það verið kannað eins og mögulegt er, bæði af ríkisskattstjóra og í áætlunum Efna-

hagsstofnunarinnar, og áætlanir hennar gera að vísu ráð fyrir lægri upphæð en ríkisskattstjóri er með í sínum áætlunum. En miðað við það, sem sennilegt má telja að sé það hæsta, sem hann geti farið, er hugsanlegt, að hann geti farið 5—6 millj. kr. fram úr áætlun. Þetta er það, sem fyrir liggur, þannig að hér er um skatt að ræða, sem getur ekki numið, eftir því sem fyrir liggur, nema nokkrum milljónum, tiltölulega fáum milljónum, til eða frá, hvað hann kunni að gefa. Og að það sé einstakt og óhæfa, að fjmrh. geti ekki gert nákvæma grein fyrir því upp á eyri, það finnst mér í rauninni, og ég veit, að hv. þm. raunverulega meinar það ekki, að það sé ekki frambærilegt að leggja skattinn á engu að síður, ekki sízt þegar það er alveg ljóst, og það veit ég, að hv. þingdeildarmenn skilja, að það er gersamlega ómögulegt að fullyrða þetta fyrr en við skattálagninguna á næsta ári.

Þessi hugmynd er því ekki framkvæmanleg, að ætla að bíða með að lögfesta þetta gjald, þangað til þetta liggur endanlega fyrir. Það verður þá að vera búið að fara í gegnum öll skattaframtöl til þess að komast að raun um þetta, því að eins og ég gat um og allir hv. þdm. munu gera sér ljóst, þá getur skuldasöfnun manns nú á þessu ári haft veruleg áhrif á það, hvort hann borgar eignarskatt eða ekki, þannig að það er gersamlega ómögulegt að fullyrða um það, hvort það kemur út nettó-eignarskattsauki hjá þessum eða hinum. Þó að hann kannske hafi haft eignarskatt í ár, þá er ekki víst, að hann hafi það næsta ár. Hafi hann engan borgað í ár, þá getur hann greitt hann næsta ár. En það er ómögulegt að átta sig á því, fyrr en farið er í gegnum hvert einasta framtal, þannig að þetta eru í rauninni einhver óraunhæfustu tilmæli að fara fram á, að það sé beðið til þess að fá endanlega reynslu á það, hverju þetta skattgjald nemur. Og sannast sagna held ég, að geti naumast verið, að hv. 9. þm. Reykv. beri í nokkurri alvöru fram tilmæli sem þessi, að fresta þessari tekjuöflun, sem hér er um að ræða, á jafnfráleitum forsendum og hann byggir þá frestun. Hann getur verið á móti þessari skattlagningu, það hefur hann sagt, að hann sé, og hann um það. Það er sjónarmið út af fyrir sig, hvort menn vilja afla tekna til að standa undir gjöldum ríkisins eða ekki, og þýðir ekkert fyrir okkur að vera að karpa um það.

Varðandi svo tilvitnun um það, að fargjaldaskattur sá, sem ég hafi boðað í fjárlfrv., það muni hafa komið í ljós, að það mál hafi ekki verið hugsað, það er algerlega út í hött. Það var hugsað alveg fullkomlega, áður en ég sagði þau orð, sem þar voru sögð, og hefur ekkert nýtt komið í ljós í því efni, sem ekki hafði verið fullkomlega tekið til athugunar, þegar það var rætt. Varðandi alla þá skattlagningu, sem ég gerði þar grein fyrir, að ríkisstj. áformaði til þess að jafna hallann á fjárl., þá var sú skattlagning athuguð til hlítar og hvað þar væri um að ræða, og væntanlega næstu daga fær hv. þm. eitthvað af þeim frv. til þess að gleðja hjarta sitt yfir.

Frsm. 1. minni hl. (Alfreð Gíslason): Herra forseti. Það er að vísu óþarfi, að ég sé að eyða fleiri orðum um þetta. Ég vil aðeins vekja á því athygli, að hæstv. fjmrh. fer nú dálítið á hlið við það, sem ég sagði, í sinni ræðu. Hann segir t. d., að hvaða gagnrýni sem höfð sé uppi, þá séu það engin rök gegn skatti. Það er alveg undir því komið, hvernig sú gagnrýni er. Auðvitað geta í slíkri gagnrýni verið fólgin rök gegn viðkomandi skattformi, og það ber svo sannarlega hæstv. ríkisstj. að hlusta á og athuga, ef fram kemur gagnrýni á veikum hliðum í skattlagningu. Þá ber henni að taka það til greina.

Hitt er annað mál, að það hafa allir við að athuga skatta yfirleitt, allir gagnrýna skatta almennt, það er annað mál, sem ekki er til umr. hér.

Ég skal lýsa því yfir í sambandi við það, sem hæstv. ráðh. sagði, að líklega væri ég á móti þessum skatti, sem um er að ræða í 2. gr., að það er ég alls ekki að öllu leyti. Ég samþykkti hér í fyrra þreföldun matsins. En þegar kemur að því að sexfalda fasteignamatið, þá vil ég, að það mál sé athugað betur, sérstaklega hvernig það kemur heim og saman við ýmiss konar ákvæði, sem enn gilda í lögunum um eignarskattinn. Þetta tel ég ekki, að hafi verið athugað nógu rækilega einmitt í sambandi við þetta frv. Hér er slumpað á. Okkur vantar peninga, við þrefölduðum í vor, nú skulum við sexfalda, en einmitt við þá breytingu getur verið ástæða til þess að athuga fleira í sambandi við skattlagninguna á eignir.

Hæstv. ráðh. virtist skilja orð mín þannig áðan, að ég færi fram á það við hann, að hann afturkallaði eitthvað af sínum ákvörðunum. Það gerði ég ekki. Ég bað hann ekki um að afturkalla neitt, ég bað hann aðeins um að athuga sinn gang betur. Það var það, sem ég fór fram á, en ekki að hann afturkallaði neitt. Ef hann vill ekki athuga sinn gang betur, þá getur hæstv. ráðh. staðið upp og lýst því yfir nú, en það var það, sem ég fór fram á, og ekki annað.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 19. fundi í Nd., s. d. skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 20. fundi í Nd., 22. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 23. fundi í Nd., 29. nóv., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Frv. þetta hefur hv. Ed. afgreitt frá sér, en áður en frv. var upphaflega lagt fyrir þar, hafði það verið borið undir húsnæðismálastjórn og hún samþ. að mæla með því, eins og það liggur fyrir. En með þeirri lagabreytingu, sem átti sér stað á síðasta Alþ. og í meginatriðum var staðfesting á því, sem gerðist í júnísamkomulaginu 1964, ásamt því, sem enn bættist við í samningunum í júlí s. l., má segja, að umbæturnar í

húsnæðismálum felist fyrst og fremst í eftirfarandi atriðum:

Hámarkslán voru hækkuð úr 150 þús. kr. í 200 þús. kr. — og 280 þús. kr. fyrir þá, sem hófu byggingu á yfirstandandi árum. Á vegum byggingarsjóðs verkamanna voru hámarkslánin hækkuð úr 300 þús. kr. í 450 þús. kr. á hverja íbúð, og hefur nú nýlega verið lokið þar við stærstu lánveitingu í allri starfsemi þeirrar lagasetningar. Í öðru lagi var lánstíminn lengdur í eitt ár, þannig að fyrsta árið er nú afborgunarlaust. Aðeins eru þá greiddir vextir. Í þriðja lagi er nú heimilað að lána bæjar- og sveitarfélögum til byggingar lítilla, en hagkvæmra leiguíbúða. Í fjórða lagi er sett á stofn sérstök framkvæmdanefnd til fjöldaframleiðslu íbúða, sem einkum eru ætlaðar láglaunafólki í verkalýðsfélögum, og verður tilraun þessi hafin hér í Reykjavík, en fyrirhugað er að útbreiða þessa starfsemi, þegar reynsla og árangur liggja fyrir. Lán til þessara íbúða eru ákveðin til 33 ára, fyrstu 3 árin afborgunarlaus, en greiðist síðan á 30 árum og lánið nemi allt að 80% af byggingarkostnaði. Í fimmta lagi er lofað í samráði við verkalýðssamtökin allsherjarendurskoðun á allri lagasetningu um húsnæðismál til samræmingar og athugunar á því að setja upp nýtt heildarkerfi, er hafi með höndum alla stjórn og forustu þessara mála fyrir ríkisins hönd. Í sjötta lagi voru vextir lækkaðir um nær helming, úr 8¼% í 4¼%, en vísitöluákvæði sett inn, er reiknist á hverja árgreiðslu. Höfuðrökin fyrir þessu ákvæði voru einkum tvenn: Í fyrsta lagi, að vísitölureikningur var á ný upp tekinn á launagreiðslur, og þótti því samræmi í að gera það einnig á útlánum þessum. Í öðru lagi, að hlutur skyldusparnaðarins í árlegum tekjum byggingarsjóðs var hækkaður um rúman helming, eða úr 6% í 15%, en það fé er allt verðtryggt. Þannig hefði með áframhaldandi verðbólgu sífellt gengið á ráðstöfunarfé byggingarsjóðsins, ef ekkert hefði verið gert honum til tryggingar. Í sjöunda lagi var sett sérstök heimild inn í l. um viðbótarlán til efnalítilla meðlima verkalýðsfélaga, og er í því skyni heimilað að verja allt að 15—20 millj. kr. árlega.

Enn þá hefur ekki verið minnzt á eitt aðalatriði húsnæðismálavandans, en það eru þau kjör, sem leigjendur íbúðarhúsnæðis búa við, en þeir eru alls ekki fáir einmitt meðal lægra launaða verkafólksins. Við búum í dag við algerlega úrelt lagaákvæði um hámark húsaleigu. Í l. þessum er talað um 9 og 11 kr. hámarksgjöld fyrir hvern leigðan fermetra á mánuði og jafnvel fyrirboðið að reikna húsaleiguvísitöluna á þessa tölu. Þessi ákvæði eru svo fjarri raunveruleikanum, að vafalítið má telja, að ekki sé eftir þeim farið, og beinlínis torveldi aukningu á þessari tegund húsnæðis, þ. e. leiguhúsnæðinu sjálfu. Afleiðingarnar verða svo óhjákvæmilega þær, að framboð og eftirspurn ræður, meðan lagaákvæðin eru óvirk. Í framkvæmd verður því að greiða undir borð eða fram hjá lögum og rétti einhver afarkjör, sem enginn má vita, hver eru, ef þá nokkurt húsnæði fæst. Fullyrt er á sama hátt, að engin leið sé að láta neitt húsnæði standa undir sannanlegum kostnaði með fyrrgreindri leigu, svo fjarri öllum sanni eru þær tölur, miðað við nútímaverðlag, ef leigja á íbúðir þannig, að leiga þeirra standi undir sannanlegu kostnaðarverði og rekstri. Þau sveitarfélög, sem kynnu að vilja notfæra sér fyrrgreinda lánsheimild til byggingar leiguíbúða, verða því knúin til lögbrota að óbreyttum lögum. Þá hafa mér verið nefnd dæmi um, að aðilar, sem gætu leigt frá sér húsnæði, geri það ekki, þar sem þeir vilji ekki gerast lögbrjótar, og láta þar af leiðandi íbúðirnar heldur standa auðar eða til annarra afnota. Það ber því brýna nauðsyn til að endurskoða lög um hámark húsaleigu og afnema núverandi löggjöf um þetta efni, sem vart nokkur maður mun fara eftir, og ef þörf er á talin, verði undirbúin og sett ný löggjöf um þetta efni. En í erindisbréfi til húsnæðismálastjórnar 15. okt. s. l. segir svo orðrétt:

„Í samræmi við yfirlýsingu ríkisstj. um húsnæðismál, sem gefin var í júlímánuði s. l. í sambandi við samninga verkalýðsfélaga um kjaramál, hefur ríkisstj. ákveðið að láta fram fara endurskoðun l. um verkamannabústaði og gildandi lagaákvæða um opinbera aðstoð vegna útrýmingar heilsuspillandi húsnæðis með það fyrir augum að sameina til framkvæmdar í einum lagabálki og samræma öll ákvæði um opinbera aðstoð við húsnæðisöflun láglaunafólks, þ. á m. um þær íbúðabyggingar, sem um ræðir í 3. lið yfirlýsingarinnar.

Ríkisstj. hefur ákveðið, að félag yðar verði að framkvæma endurskoðun þessa og semja síðan frv. til l. um húsnæðismálin samkv. yfirlýsingunni. Jafnframt er óskað, að athugað verði í sambandi við endurskoðun þessa, hvort nauðsyn sé á lagaákvæðum um húsaleigu, en eins og yður er kunnugt, liggur nú fyrir Alþ. stjfrv., sem gerir ráð fyrir afnámi l. frá 1952, um hámark húsaleigu. Ef þér teljið, að nauðsyn sé á lagaákvæðum um þetta efni, er þess óskað, að þér látið gera frv. til l. um það eða fella ákvæði þar að lútandi inn í frv. það um húsnæðismálin, sem hér um ræðir, ef það þætti betur við eiga.“

Síðar í þessu erindisbréfi býður rn. svo aðstoð sína við þetta verkefni húsnæðismálastjórnar, en eins og ég skýrði frá í upphafi, var frv. þetta borið undir húsnæðismálastjórn, áður en það var lagt fram, og mælir húsnæðismálastjórn með samþykkt þess. Ég vil enn fremur skýra frá því í sambandi við þá ákvörðun að fela húsnæðismálastjórn framangreind verkefni, að sú ákvörðun var tekin í samráði við forustumenn Alþýðusambands Íslands, sbr. lokaorð margnefndrar yfirlýsingar ríkisstj. um húsnæðismál um, að samráð yrði haft við verkalýðssamtökin um heildarendurskoðun þessa.

Um efni einstakra gr. frv. get ég verið fáorður. Frv. er, svo sem fyrr er sagt, flutt til staðfestingar á þeirri yfirlýsingu, sem prentuð er með því.

1. og 5. gr. frv. eru að mestu leiðréttingar vegna nafnbreytinga, sem átt hafa sér stað í öðrum lögum. Að auki er í 1. gr. frv. heimilað, að ríkisstj. gangist í samvinnu við sveitarfélög fyr-

ir byggingu ódýrra íbúða í fjölbýlishúsum, svo sem nánar verður að vikið. Í júnísamkomulaginu 1964 var ákveðið, að ríkissjóður skyldi árlega leggja byggingarsjóði ríkisins eða húsnæðismálastjórn 40 millj. kr., sem aflað yrði með skatti á fasteignir eða á annan hátt, eins og sagt var í yfirlýsingu þá um húsnæðismál. Í framhaldi þessarar ákvörðunar var þá ákveðið að afla fjárins með þreföldun fasteignamats til eignarskatts. Þessi tekjuöflun hefur nú í reynd sýnt sig að duga aðeins fyrir tæpum 50% af því, sem fyrirhugað var, og er því með 2. gr. frv. lagt til, að skattlagning þessi verði hækkuð um helming eða úr þreföldun í sexföldun, í von um, að þá aflist ríkissjóði fé langdrægt fyrir umræddu framlagi. Mörgum kann að finnast ákvæði þetta fremur eiga heima í l. um tekju- og eignarskatt, en á síðasta þingi var hins vegar talið rétt að hafa ákvæði þetta í l. um húsnæðismálastofnunina, þar sem önnur tekjuöflun til húsnæðismála væri þar einnig upp talin.

3. og 4. gr. frv. eru meginefni þess. Þar er ákvæði um hækkun hámarkslána, svo sem fyrr var lýst. Sérstök ástæða er til að skýra nánar ákvæði 4. gr., en þar er fjallað um hið nýja átak, sem fyrirhugað er að gera við byggingu hagkvæmra en ódýrra íbúða, svo og lánakjör þeirra. Um það var samið á árinu 1964 að heimila sérstök viðbótarlán til efnalítilla meðlima verkalýðsfélaga fyrir allt að 15—20 millj. kr. árlega, svo sem fyrr er frá greint. Með samkomulagi frá því í júlí s. l. var hins vegar einnig samið um tilraun til byggingar hagkvæmra íbúða fyrir láglaunafólk í verkalýðsfélögum, sbr. 3. tölul. í yfirlýsingu ríkisstj., stafliði a—b. Lánskjör á þessum íbúðum, eins og í 3. og 4. gr. frv. greinir, eru ákveðin þannig, að lána má allt að 80% eða 4/5 hluta af verðmæti íbúðar til 33 ára, afborgunarlaust fyrstu 3 árin, en endurgreiðist síðan á 30 árum. Til þess að létta hinum væntanlegu eigendum íbúðanna erfiðasta hjallann, greiðslu fyrstu 3 árin, er gert ráð fyrir, að aðeins verði þá greiddir vextir, en engar afborganir. Þá er í senn hugsað til tryggingar og að létta útborgunarerfiðleika væntanlegra íbúðaeigenda með því að dreifa útborguninni á því, sem mismun láns- og kostnaðarverðs nemur, þannig, að a. m. k. 5% af verðmæti íbúðarinnar verði greitt einu ári áður en hlutaðeiganda er afhent íbúð. Í margnefndu samkomulagi var ákveðið að hefja þessa tilraun í Reykjavík af eftirfarandi ástæðum: Hér er byggingarkostnaður talinn hæstur í landinu og því mest að vinna. Í öðru lagi: hér eru nú mestir möguleikar á hagnýtingu nýjustu tækni til sparnaðar og lækkunar á byggingarkostnaði, en 250 íbúðir á ári er talið nauðsynlegt lágmark til að gera slíkar tilraunir með fyrir fram tryggðu fjármagni. I þriðja lagi: þau verkalýðsfélög, sem samningssvæði eiga hér í Reykjavík og nágrenni, lögðu að þessu sinni mesta áherzlu á úrlausn þessara mála. Sú ákvörðun um að hefja þessa tilraun hér í Reykjavík var, að ég tel, í huga allra, sem að samningagerðinni stóðu, fyrst og fremst mótuð af framangreindum ástæðum. Á sama hátt tel ég, að í huga allra hafi verið að útfæra þessa auknu aðstoð út um land, strax og nægjanleg reynsla væri fengin. Þegar nauðsynleg reynsla í þessum efnum liggur fyrir, er því bæði eðlilegt og þjóðhagslega nauðsynlegt að snúa sér að þeim öðrum byggðarlögum, sem við mesta erfiðleika eiga að etja í þessum málum, með þær byggingaraðferðir, sem beztar hafa þá reynzt.

Í sambandi við þær nýju leiðir, sem hér er lagt inn á, tel ég ástæðu til að vara við allt of mikilli bjartsýni um skjótan og auðfenginn árangur, sem allan vanda okkar í þessu efnum leysi á skömmum tíma. Í þessu sambandi leyfi ég mér að vitna til Danmerkur, sem svipað átak gerði fyrir nokkrum árum og er reyndar að gera tilraun í þessu efni enn, en þar var þá skýrt fram tekið, að fyrstu 5 árin með hinum nýju byggingarháttum mundu ekki sýna neina verulega lækkun byggingarkostnaðar, en að þeim tíma liðnum mundi hann árlega koma í ljós. Þetta stóðst hjá þeim hvað verksmiðjuframleiddu húsin snerti. Það er öllum augljóst, að með umræddu átaki okkar er lagt inn á verulega breyttar byggingaraðferðir, og þurfa þær nýjungar ákveðinn aðlögunartíma fyrir iðnaðar- og verkamenn í byggingariðnaði og verulega breyttar kröfur væntanlegra íbúðaeigenda til íbúðanna, sem þó á ekki að þurfa að ganga út yfir sjálf gæði þeirra til íbúðar. Þessir erfiðleikar, sem þegar eru fyrirsjáanlegir, ásamt ýmsum minni háttar atriðum, sem í dag eru e. t. v. ekki sjáanleg, eiga ekki og mega aldrei víkja okkur af vegi þeirrar nauðsynlegu og sífelldu leitar eftir lækkuðum byggingar- og húsnæðiskostnaði. Hvert skref í þá átt er áreiðanlega haldbezta kjarabótin, sem völ er á í dag.

Það hefur stundum örlað á því, að of löngum tíma hafi verið í það eytt að þrátta um, hvaða ár byggingarkostnaður hafi aukizt mest og hverjir hafi þá setið í ríkisstj. Það er e. t. v. nauðsynlegt og lýðræðisleg þjónusta við kjósendur að gera slíkan samjöfnuð. En lítið hefur það bætt byggingar- og húsnæðiskostnaðinn í landinu. Sú staðreynd blasir við, að þessi kostnaður hefur vaxið allt of hratt, hverjir sem í ríkisstj. hafa setið. Um það efni þurfa kjósendur engar upplýsingar eða flóknar samanburðartölur frá okkur hér á hv. Alþ. Í því efni óska hlutaðeigendur eftir sem raunhæfustum tilraunum til úrbóta.

Ákvæði frv. til bráðabirgða er staðfesting á mjög mikilsverðum atriðum, sem um var samið s. l. sumar, en þau eru í fyrsta lagi, að á næstu 5 árum skuli hin almennu hámarkslán hækka um 15 þús. kr. á ári, jafnvel þó að vísitala byggingarkostnaðar hækkaði ekki um það, sem næmi þeirri fjárhæð. Í öðru lagi: þeir lánsumsækjendur, sem sannanlega hófu byggingarframkvæmdir á tímabilinu 1. apríl til 31. des. 1964, skulu eiga kost á viðbótarláni hjá húsnæðismálastofnun ríkisins, allt að 50 þús. kr. á íbúð, og ég get skýrt hér frá því, að umsóknir þessara aðila allra, sem þarna voru nánast á milli laga, þ. e. a. s. voru á millibilinu frá því að geta notið þeirra nýju hámarkslána, sem á-

kveðin voru, og höfðu e. t. v. sumir aðeins fengið hluta af eldra hámarkslániniu, — allar þeirra umsóknir hafa nú þegar verið afgreiddar frá stofnuninni, og ég hygg, að hlutaðeigandi aðilar hafi fengið tilkynningu um úrlausn sinna mála í því efni. En talið var, að þessi hækkun lánanna á þessu millibilsástandi úr 150 í 200 þús. kr. kostaði í fjármunum nálega 35 millj. kr.

Til enn frekari fróðleiks fyrir hv. þdm. vildi ég mega skýra frá því, að um þessar mundir hefur húsnæðismálastjórnin starfað í 10 ár, en hún hóf störf sín í nóvember 1955 samkv. l., sem sett voru á Alþ. á því ári. Á þessum 10 árum virðist við lauslega athugun, sem gerð hefur verið um starf stofnunarinnar, áður en yfirstandandi lánveiting hófst, hafa verið lánað til rúml. 8600 íbúða fyrir samtals 834.5 millj. kr. eða að meðaltali 96 þús. kr. á íbúð. Í fyrstu voru almennt lánaðar 70 þús. kr. á íbúð, en síðan hækkuðu lánin í 100 þús. kr., og eftir 1. ágúst 1961 voru lánin hækkuð í 150 þús. kr. á íbúð, og gilti það lánshámark til íbúða, sem byrjað var á fram til 1. apríl 1964. Þá voru hámarkslánin aftur hækkuð í 200 þús. kr., sem fyrr er greint, eða til síðustu áramóta, en frá þeim tíma gildir hið margnefnda núverandi hámarkslán, 280 þús. kr. Hæst hafa árlegar lánveitingar komizt á s. l. ári 160.5 millj. kr. Það sem af er þessu ári, áður en yfirstandandi lánveiting hófst, höfðu verið lánaðar 146 millj. kr. Það er skoðun mín, að sá augljósi árangur, sem þegar hefur náðst til fjárhagslegrar undirstöðu af stórlega auknum lánveitingum húsnæðismálastofnunarinnar og þar með aukningu á möguleikum stofnunarinnar til aukinna áhrifa á húsnæðisvandamál landsbyggðarinnar allrar, sé öllum þeim, sem þar hafa að komið, til sóma og virðingar. Um það munu komandi kynslóðir bezt geta dæmt.

Herra forseti. Það er ósk mín, að frv. þetta fái sem skjótastan framgang hér í hv. þd., m. a. vegna þess, að ýmsum framkvæmdaatriðum, sem ákveða verður í reglugerð, er ekki unnt að koma á fyrr en að lokinni afgreiðslu málsins, og ekki virðist heldur ástæða til að ætla, að stórfelldur ágreiningur þurfi að verða um meginefni frv., þar sem það er staðfesting að meginefni á samkomulagi, sem allir aðilar fögnuðu þá.

Það er till. mín, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. heilbr.- og félmn.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég ætla nú ekki að gera þetta frv. almennt að umræðuefni. Það er margt ágætt í því, eins og hæstv. félmrh. hefur þegar lýst í sinni framsögu, sérstaklega meginhlutinn af því, sem verkalýðsfélögin og hæstv. ríkisstj. sömdu um í sumar. En það er eitt atriði, sem líka er í þeim samningi, sem ég vildi gera hér að sérstöku umtalsefni, áður en málið fer til n., og minnast á tvö önnur smærri, sem inn í frv. hafa komið án þess að vera í þeim samningi.

Það atriði, sem ég vildi gera að umtalsefni úr frv. og úr samningunum, er ákvæðið um, að reikna skuli byggingarvísitölu á þau lán, sem veitt eru. Ég held, að við verðum að líta alveg raunsætt á þessi mál, þegar við erum að ræða þau hér á þingi. Hvað er það, sem gerir og hefur gert eins mörgum einstaklingum mögulegt að eignast eigin íbúð og nú er staðreynd? Ég býst við, að við Íslendingar höfum orðið algera sérstöðu, meira að segja meðal nágrannaþjóða, hvað það snertir, hve margir einstaklingar og það líka úr verkalýðsstétt hlutfallslega eiga íbúðir. Það er upp í 80—90, jafnvel upp í 100% af meðlimum verkalýðsfélaga, sem eiga íbúðir. Og við skulum gera okkur ljóst, hvað það er, sem hefur skapað þetta. Fyrir utan kannske ýmislegt, sem við vildum segja okkur sjálfum til hóls, eins og dugnað Íslendinga og ýmislegt annað slíkt, þá er það tvennt, það er annars vegar verðbólgan og það er hins vegar vinnuþrældómur, sá mesti, sem á sér stað í Evrópu. Það er þetta tvennt, sem er höfuðundirstaðan undir því, hve margir eiga íbúðir á Íslandi núna, eins og raun ber vitni um. Vinnuþrældómurinn náttúrlega, þessi gífurlega langi og mikli vinnutími og það oft og tíðum svo að segja allra fjölskyldumeðlima, er náttúrlega eitt höfuðatriði í því. En við skulum ekki loka augunum fyrir því, að það er ekkert spursmál, — við skulum vera hreinskilnir við okkur sjálfa og aðra í því, — að verðbólgan hefur hjálpað til þess, að svo og svo mikið af fólki hefur eignazt íbúðir. Ég held, að það sé enginn hér inni, sem mundi vilja segja, að allir þeir hefðu eignazt þær íbúðir, sem þeir eiga nú, t. d. hér í Reykjavík og annars staðar, ef engin verðbólga hefði verið. Um leið og við þess vegna tökum ákvörðun um að setja ákveðna vísitölu í sambandi við lán til íbúða, segjumst við þar með vera að girða fyrir, að verðbólgan rótist áfram á þessu sviði, koma á normölu ástandi hvað þetta snertir. Og við skulum þess vegna athuga þessa hluti alveg niður í kjölinn.

Ef það er meiningin, og það mundi ég gjarnan vilja heyra frá hæstv. ríkisstj. og það mundi ég raunar vilja að hún og stjórnarandstöðuflokkarnir ræddu af alvöru, — ef það er meiningin að stöðva verðbólguna, er þetta allt í lagi, að hafa þessa vísitölu á byggingarlánin. Það er allt í lagi, ef það er stefna ríkisstj. að stöðva verðbólguna, ef hún segir í dag, að hún hafi valdið og aðstöðuna til þess, eða ef hún segir: Ég ætla mér í samvinnu við stjórnarandstöðuna að skapa aðstöðu til þess. — Þá er þetta allt í lagi. Þá er þetta normalt ástand, sem er ekki nema gott eitt um að segja. Það þýðir hins vegar auðvitað, og það hlýtur hver maður að sjá, sem einhverja hugmynd hefur um hagfræði, að um leið og sú ákvörðun er tekin að stöðva þannig verðbólguna, verða tafarlaust öll lán til íbúðarbygginga að lækka niður 2—3%. Það er ekki til neins að láta sér detta í hug án allrar verðbólgu að ætla sér að gera almennt verkamönnum mögulegt að eignast sínar íbúðir og þá á eins skömmum tíma og þessi lán yfirleitt eru miðuð við, nema með því að hafa vextina 2—3. í hæsta lagi upp undir 4%. Við vitum t. d. í þeirri löggjöf, sem verið hefur í Danmörku og sums staðar annars staðar á Norðurlöndum, þar hefur verið lánað út á húsin allt upp í 90%, og það hefur verið lánað allt til 80 ára, þannig að það væru tvær kynslóðir, sem hefðu staðið

undir þeim húsum. Helmingurinn af lánunum er með 2% vöxtum, þ. e. frá hálfu ríkisins, og helmingur með 4% vöxtum, af hálfu bankanna, meðaltalið með 3% vöxtum. Með þessu móti hefur greiðsla eins manns, einnar fjölskyldu upp í sína eigin íbúð verið það, sem nokkurn veginn samsvaraði húsaleigu, og dreift á þetta langt tímabil. Ef það er meiningin og ef ríkisstj. telur sig hafa aðstöðu og vald til þess eða fer fram á það við Alþ., að þetta vald sé skapað, þarf að fylgja því samtímis sú ráðstöfun, sem gerir það mögulegt. Ef við viljum halda þeirri stefnu, sem allir flokkar hafa lýst hér yfir, að almenningur yfirleitt geti eignazt sínar íbúðir, þarf sú breyting að verða á, að vextirnir verði lækkaðir þetta mikið og lánstíminn svona lengdur, sem hefur að vísu ýmsar aðrar þjóðfélagslegar afleiðingar, sem ég að vísu skal ekki fara út í í þessari ræðu, en er reiðubúinn til að ræða, hvenær sem er.

Sem sé, það þyrfti ekki mikið um þetta að ræða, þetta vísitöluákvæði, ef það væri ákvörðun hæstv. ríkisstj. að stöðva verðbólguna. Eigi hins vegar verðbólgan að halda áfram, eins og gerist í praxis, vil ég segja fyrir mitt leyti, að hún verður þá að ganga jafnt yfir alla. Ef það á að tíðkast áfram á Íslandi, að menn græði á verðbólgunni, er það sami réttur fyrir þá verkamenn og aðra, sem eru að reyna að gerast íbúðareigendur og þræla til þess að reyna að borga niður þær íbúðir, eins og fyrir heildsala eða hvern annan, sem græðir á verðbólgunni. Svo framarlega sem það er stefnan, að verðbólgan eigi að halda áfram, verður það að ganga jafnt yfir alla. En það, sem gerist með því að taka þær ákvarðanir, að það skuli setja vísitölu á byggingarlánin til almennings, en sleppa t. d. verzlunarauðvaldinu hér í Reykjavík og annars staðar við slíkt, er það, að þá er verið að skipta þannig á milli stéttanna, að verkamenn, sem verðbólgan að vissu leyti hefur ofur lítið hjálpað til þess að standa undir þessum afborgunum sínum undanfarið, eiga að fá að lenda í vísitöluborgununum, en verzlunarauðvaldið á að sleppa við þær.

Ég skal fara nánar út í þetta, ef mönnum skyldi finnast, að hér væri verið að slá fram staðlausum stöfum. Við vitum, að þeir almennu íbúðareigendur nú hafa átt við ákaflega marga erfiðleika að stríða og þeir hafa verið arðrændir í sambandi við þær byggingar, sem þeir hafa keypt, oft og tíðum á hinn hrottalegasta hátt. Það hefur byrjað strax á lóðunum undir húsin, þar sem meira að segja jafnvel stundum leigulóðum hefur verið úthlutað þannig, að þær hafi, þegar einhverjir gæðingar hafa fengið þær, verið seldar í braski á eftir, þannig að það hafi gefið í gróða 100 þús. kr. á hverja íbúð, sem byggð hefur verið á þessum leigulóðum, þar sem blokkir hafa verið byggðar, þannig að arðránið á þessum tilvonandi íbúðareigendum hefur hafizt strax og leigulóðunum var úthlutað. Það er ekki aðeins hér í Reykjavík, það er líka víðar. Og síðan hefur í sambandi við það brask, sem hefur átt sér stað með byggingarnar, svo og svo þungur skattur, gróðaskattur, verið lagður á þá menn, sem hafa gerzt íbúðareigendur á eftir, vegna þess að allar þessar byggingar hafa ekki frá upphafi verið skipulagðar þannig, að þetta væri félagsleg þjónusta við almenning, heldur hefur einkabraskinu verið gefin þarna aðstaða, sem það hefur hagnýtt alveg vægðarlaust.

Almennir íbúðareigendur ráðast venjulega út í íbúðarkaup af miklum vanmætti. Það er venjulega byrjað með því einhvern veginn að reyna að eiga eða slá fyrir útborgun, og síðan treyst svo að segja á guð og lukkuna, eða sláttarmöguleikana, til þess að geta haldið áfram. Við vitum hins vegar, að það, sem hefur tryggt mörgum, að þeir hafa þó getað staðið undir þessu, er, að í krónutölu hefur þeirra kaup farið hækkandi, en víxlar og allt mögulegt, sem þeir hafa slegið út á þetta, að raungildi farið lækkandi. M. ö. o.: þessir íbúðareigendur hafa verið að klóra sig fram úr þessu með öllu mögulegu móti. Og ég veit það ósköp vel, að þegar sú ákvörðun var tekin um A- og B-lánin í sambandi við húsnæðismálastofnunina, að B-lánin voru með vísitölu, gerðu menn sér alls ekki ljóst, hvað það þýddi, og vita það fyrst núna, þegar þeir eru að borga þau B-lán, og það fólk, sem er að leggja út í það að kaupa sér íbúðir, hefur ekki hugmynd um, hvað það þýðir, þetta vísitöluákvæði í l., og hugsar ekki út í það, hvað það kemur til með að verða að borga seinna. Og það er ekki rétt að haga sér þannig gagnvart almenningi, að hann sé ekki látinn hafa hugmynd um, hvað hann er að undirgangast. Sá almenni maður undirskrifar þessi lán án þess að hugsa mikið út í það eða gera sér ljóst, hvað vísitala þýðir, og ef sú vísitala er tvöfölduð á næstu 10 árum og þarf að borga helmingi meira, þá verður hann þá aldeilis hissa, að hann skuli hafa skrifað undir þetta. Þetta verða menn að horfast í augu við, og þess vegna vildi ég segja það hér, áður en þetta mál fer til n., að þetta er mál, sem á að taka til endurskoðunar hér á Alþ. Svo fremi að það sé meiningin, að verðbólga eigi að halda áfram og menn eigi þess vegna að fara að borga vísitölu á þessi lán, er það ófær hlutur. Menn koma ekki til með að rísa undir því, nema þá það sé meiningin, — og því vil ég spyrja að, ég vil þá gjarnan fá það á höndina hér, — nema það sé meiningin, að við eigum að slást fyrir því að hækka þannig kaupgjaldið miklu, miklu meira en ella þyrfti, til þess að menn gætu risið undir slíku. Og hvernig ætla menn þá að láta sjávarútveginn rísa undir því? Menn eru þá beinlínis að gera leik að því að knýja fram miklu meiri kauphækkanir en ella væri þörf á, ef menn ætla að skylda menn til þess að borga vísitölu á íbúðirnar sínar. Þess vegna er þetta mál, sem óhjákvæmilega verður að endurskoða hér nú í þessari hv. d. hjá þeirri n., sem það fer til.

Ég sagði það hins vegar áðan, að verzlunarauðvaldið ætti að fá sérréttindi í þessum efnum. Jafnvel í því lagafrv., sem hér hefur verið lagt fyrir af hæstv. ríkisstj. og var lagt fyrir í fyrra líka, var, ef ég man rétt, gengið út frá því, að lán, sem væru undir þremur árum, ættu ekki að lenda í vísitölunni, en annars miðaði það frv. við að koma lánum almennt á vísitölu-

grundvöll. Nú verð ég að segja það, án þess að fara að ræða það frv. hér, að ég er hræddur um, að eitt þjóðfélag standist ekki fjármálalega við það, að vísitala sé sett á öll lán. Ég hef enga trú á því. Það er aðeins undir einum kringumstæðum, sem þjóðfélag stæðist við slíkt, og það er, að verðbólga væri svo að segja stöðvuð. En ef verðbólgan rasar áfram, stenzt ekkert þjóðfélag við neitt slíkt. Hins vegar er í þessu frv. gengið út frá því, að lánin, sem eru undir 3 árum, séu ekki háð vísitölunni. Nú er það svo, að verzlunarauðvaldið eða hvað sem menn vilja kalla það eða verzlunin er sá aðili, sem er þurftarfrekastur á þau almennu bankalán. Það er sá aðili, sem tekur drýgst til sín úr því almenna banka- og sparisjóðskerfi. Verzlunarauðvaldið hefur tvöföld forréttindi fram yfir aðra aðila í þjóðfélaginu: Í fyrsta lagi hvað snertir lánveitingar, þeirra upphæð. Út úr bankakerfinu, stærstu bönkunum og sparisjóðunum, var lánaaukning, lánað til viðbótar því, sem áður var, frá ársbyrjun 1960 til ágústloka 1965 eftirfarandi til fjögurra höfuðatvinnugreinanna, með leyfi hæstv. forseta: Til sjávarútvegsins 370 millj. Til landbúnaðar 259 millj. Til iðnaðar 528 millj. En til verzlunarinnar var útlánaaukning bankakerfisins á þessu skeiði 893 millj. Útlánaaukningin til verzlunarkerfisins var nokkurn veginn sú sama og til sjávarútvegsins og iðnaðarins til samans. Ég hef að vísu ekki tölur yfir, hvernig þessi lán skiptast í víxillán, rekstrarlán, og annað slíkt. En mín trú er, að þorrinn af þessum lánum gangi undir nafninu rekstrarlán. A. m. k. þykist ég vita, að það sé allalgengt, að menn, sem stunda verzlun hér í Reykjavík, sérstaklega meðal þeirra stærri, taki beinlínis út úr sínum rekstri fé til að byggja fyrir. Bankar kannske uppgötva þetta seinna, að þeir hafi tekið þetta út úr rekstrinum til að byggja fyrir. Og hvað gera bankarnir? Hvað geta þeir gert? Viðkomandi heildsali er búinn að taka út úr sínum rekstri milljónir, hefur byggt fyrir það hús, og þetta uppgötvast 2—3 árum seinna. Húsið hefur tvöfaldazt í verði á 6 árum. Ekki er hægt að fara að ganga að manninum til þess að gera fyrirtækið, sem á vafalaust fyrir skuldum, gjaldþrota, af því að það vantar peninga til staðgreiðslu. M. ö. o.: þeir, sem stjórna í verzlunarkerfinu, rífa vægðarlaust út úr bankakerfinu, meira en nokkrir aðrir í þjóðfélaginu, festa þetta á ýmsan máta, menn þurfa ekki nema ganga Suðurlandsbrautina til að sjá það, — og treysta svo bara á, að verðmæti þess hlutar, sem þeir hafa rifið út úr bankakerfinu, tvöfaldist á 6 árum. Það, sem er fest í slíkum byggingum, sýnir reynslan að tvöfaldast á 6 árum að verðmæti. Við skulum bara hugsa okkur, að einhver maður vildi taka upp á því t. d. núna að kaupa verðbréf með vísitölu. Það verðbréf, sem 1960 er selt með vísitölu á því, — hver er uppbótin á því í dag? Á 10 þús. kr. verðbréf selt 1960 er uppbótin í dag, sem verður útborguð núna, 1966, 10 693 kr. Á 6 árum tvöfaldast þetta. Hverjum manni er ljóst, að sá aðili, sem hefur vegna sinna pólitísku valda í þjóðfélaginu möguleika til þess að rífa fé út úr bönkunum, eins og verzlunarauðvaldið gerir, hann tvöfaldar á 6 árum sitt kapital, ef hann ver því sæmilega skynsamlega, án þess þó að þurfa einu sinni í verzlunarbrask með það, bara í sambandi við fjárfestingu, ýmist í svona verðbréfum eða í byggingum eins og inn með Suðurlandsbrautinni.

Á þá það að viðgangast, að heildsalarnir hér í Reykjavík geti vaðið í bankana, tekið þar út peninga án vísitölu, en þeir menn, sem eru að reyna að byggja, fá sér þak yfir höfuðið, og eiga að borga upp þau lán, sem þeir fá fyrir ⅓ íbúðarinnar, helzt á 25 eða 33 árum, þeir eigi að borga vísitölu, en verzlunarauðvaldið að sleppa? Þetta verður að gera upp. Eiga lögin að ganga jafnt yfir alla, eða á að íþyngja þeim mönnum, sem fá íbúðarlán, og gefa þeim mönnum forréttindi, sem reka verzlun í þjóðfélaginu? Ég segi fyrir mitt leyti: Ef það er meiningin að halda því áfram að láta yfirleitt einhver lán út án vísitölu, hvað sem þau eru kölluð, á verkamaðurinn, sem er að byggja íbúð yfir sig og sína fjölskyldu, sá maður, sem ætlar að eiga eina einustu íbúð, hann á rétt á því frá þjóðfélaginu, að hann hafi sömu möguleika og t. d. sá heildsali, sem getur slegið sér út lán einhvern veginn og sett það í byggingar, sem hafa enga aðra þýðingu en að bíða, þangað til þær eru hækkaðar í verði, og þjóna engum þjóðfélagslegum tilgangi, eins og svo og svo mikið af þeim byggingum, sem nú er verið að byggja.

Við skulum muna, að það að festa fé, sem menn hafa fengið út úr bankakerfinu svona, gefur m. ö. o. 18% gróða á ári, tvöfaldast á 6 árum. Þess vegna er það, ef við ætlum að stöðva verðbólguna og ef við ætlum að fara að setja vísitölu á lán, þá eigum við ekki að byrja á verkamönnunum og þeim almenningi, sem er að reyna að byggja sér íbúð, heldur byrja ofan frá, byrja á þeim 900 millj., sem verzlunarauðvaldið í Reykjavík hefur bætt við sig á þessum síðustu 6 árum. Þetta vil ég segja, vegna þess að ef þetta er ekki gert, er meðvitandi verið að þjóna þessu verzlunarauðvaldi í Reykjavík, en ganga á jafnrétti almennings í þjóðfélaginu.

Nú veit ég, að þetta, sem hér er um að ræða, um vísitöluna í samningum, er atriði, sem verkalýðsfélögin og ríkisstj. hafa samið um. En ég vil taka fram, að það er atriði, sem ég álít að Alþ. eigi að breyta. Alþ. er til þess að reyna að koma á endurbótum á hag almennings og lífskjörum almennings. A. m. k. vil ég leyfa mér að setja þá spurningu fram, hvort það sé meining hæstv. ríkisstj., að endurbótalöggjöf í húsnæðismálum eigi einvörðungu að gerast með verkföllum, hvort það eigi einvörðungu að semja um það í sambandi við verkföll að knýja fram endurbætur á húsnæðismálalöggjöfinni. Ég held ég leyfi mér að svara fyrir hönd hæstv. ríkisstj., að það sé ekki hennar meining. Það sé ekki hennar meining, að það eigi að þurfa að gera verkföll til þess að knýja fram endurbætur á húsnæðismálunum, heldur líti hún svo á, að það sé einmitt eitt af þeim verkefnum, sem hún og Alþingi hefur. Og ég held, að hv. alþm. líti líka það stórt á sig og Alþ., enn sem komið er, vona ég, að þeir líti ekki á Alþ. eingöngu sem afgreiðslustofnun fyrir hæstv. ríkisstj. um

samninga, sem gerðir eru utan þess vébanda, heldur líti þeir á Alþ. sem æðstu stofnun landsins, sem löggjafarstofnun, sem eigi að setja löggjöf íbúum landsins til hagsbóta. Og allir eru sammála um, að eitt af því brýnasta í þeim efnum er löggjöf á sviði húsnæðismálanna. Það er aðeins sérstakt ástand, sem hefur skapað það, algert neyðarástand í þessum málum, að það skuli hafa gerzt, að verkalýðsfélög nokkrum sinnum nú upp á síðkastið hafa farið út í það að semja sérstaklega um þessi mál. Það er sem sé einvörðungu vegna þess, að Alþ. hefur vanrækt að gera þessa hluti, að við hér höfum vanrækt okkar skyldu, og verkalýðsfélögin utan vébanda Alþ. hafa þess vegna orðið að framkvæma þá skyldu, sem á okkur hvíldi. Það er tími til kominn, að við rækjum þá skyldu. Og ég held, að við eigum m. a. að sýna það nú með því að breyta einmitt þessu ákvæði og láta þar með um leið verkalýðsfélögin finna, að það eru ekki einvörðungu þau, sem eru vakandi í þessu efni, heldur sé Alþ. líka vakandi í þessum efnum og vilji gera þarna nauðsynlegar breytingar.

Ég skal ekki heldur segja, með fullri virðingu fyrir öllum mínum starfsbræðrum, sem í samningum eiga frá hálfu verkalýðsfélaga, að þeir geri sér allir ljóst, hvað svona vísitölubinding þýðir, svo fremi að verðbólga haldi áfram. Og ég vildi mjög mælast til þess við þá hv. n., sem fær þetta til umr., að hún athugi þennan hlut alveg sérstaklega og athugi ekki hvað sízt, hvernig þetta mál muni standa í þeim samningum, sem Alþýðusamband Íslands á nú í, um þann þátt í þessu, sem var hvað mest og merkilegast nýmæli, sem sé það, sem átti að vera aðstoð til láglaunafólks um lán upp á ⅘ hluta. Menn kunna kannske að segja, að þeir menn, sem einhvern veginn hafa slegið sér út ⅘ hluta af verði íbúðarhúss og fá aðeins ⅕ hluta að láni með vísitölubindingu, muni kannske einhvern veginn geta klárað sig, þó að slæm sé vísitalan á ⅕ hlutanum. En sá aðili, sem á að hafa vísitöluna, ef verðbólgan heldur áfram, á ⅘ hlutum og vera láglaunamaður þar að auki, hvernig fer um hann?

Ég býst við, að þegar verkalýðsfélög gera svona samninga, treysti þau á þau ummæli, sem hæstv. ríkisstj. hefur haft mjög uppi, að hún ætli að stöðva verðbólguna, og þá er mjög skiljanlegt að ganga inn á þetta. Og í því trausti, skil ég, að þessir samningar hafi verið undirskrifaðir. Ef staðreyndin er síðan sú, að verðbólgan heldur áfram hraðbyri, er verið að kippa grundvellinum undan öllum svona samningum. Ég vona þess vegna, að sú n., sem fær þetta til umr., kynni sér mjög vel, hvernig gangi núna með samningana um framkvæmdina á þessum hlutum, undirbúninginn að því. Ég er hræddur um, að þetta sé allt stöðvað sem stendur, það gangi ekkert áfram, vegna þess að menn reki sig á, hvað þetta þýðir. Það hvorki gengur né rekur, ef þessi ákvæði eiga að vera þarna í. Og ég vil minna menn á annað. Ef menn ætluðu að reyna að koma sér fram hjá að gera nokkuð í þessu á þessu þingi, er meiningin, að við verðum að heyja næsta verkfall til þess að fá þessi vísitöluákvæði afnumin úr lögunum? Verkamenn verða þá búnir að finna svo fyrir því, hvað þetta þýðir, að þeir vilja ekki hafa það. Og ég hef sagt það áður, að það er að vísu allt í lagi, að menn reyni að knýja fram ýmsar hagsbætur með verkföllum, og hefur gerzt lengi hjá okkur, en ég vil ekki gera það að eina „prinsipinu", að á Alþ. eigi aldrei að afgreiða önnur endurbótalög en þau, sem hafa verið knúin fram með verkföllum. Þá finnst mér hlutverk Alþ. vera orðið of lítið. Og það var ekki þannig, meðan Ísland var þó fátækara en það er í dag. Löggjöfin um verkamannabústaði var ekki sett með verkföllum. Alþ. leit þá á sig sem stofnun, sem ætti að vinna að hagsmunum almennings, án þess að það þyrfti að koma til, að verkalýðssamtökin berðu þetta í gegn með verkföllum.

Ég held þess vegna, að það sé alveg nauðsynlegt, að þessi vísitöluákvæði séu tekin til mjög alvarlegrar athugunar í n. nú. Mér finnst þar vera um tvennt að ræða: Annaðhvort að afnema vísitöluákvæðin, að þau séu ekki þarna í, sem sé að verkamenn hafi sama rétt og hinir, — ef verðbólga eigi að halda hér áfram, skuli verzlunarauðvaldið í Reykjavík ekki hafa einkarétt til að græða á verðbólgu, þá skuli almennir íbúðareigendur hafa sömu aðstöðu. Þá skulu ekki aðeins þeir, sem setja 500 millj. kr. í 16 verzlunarhús inn með Suðurlandsbraut, hafa þessi réttindi, þau skuli sá almenni íbúðareigandi hafa. Eða þá hitt, að setja þarna hámark, það skuli að vísu vera byggingarvísitala á þessi skuldabréf, en þó skuli hún aldrei fara fram úr t. d. 2—3% á ári. Það skuli aldrei vera leyfilegt að reikna hærri vísitölu á þessi bréf en t. d., skulum við segja, 3% á ári. Það mundi þýða, að ríkisstj. segði: Ég vil að vísu, ekki sízt af því að verkamenn hafa um leið vísitölu á kaupgjald, þá vil ég að vísu hafa vísitölu í þessum skuldabréfalánum. Ég álít hins vegar ekki eðlilegt, að verðbólga sé meiri en svo, að hún sé ca. 3% á ári. Sé hún meiri, eiga verkamenn og almennir íbúðarhúsaeigendur ekki að blæða fyrir það, heldur skulu þeir tryggðir þannig, að þeir þurfi ekki að borga hærri vísitölu af slíku en í mesta lagi 3% á ári.

Þarna þarf einhverja breytingu að gera, og ég efast ekki um, að ef hæstv. ríkisstj. gerir sér það fullkomlega ljóst, hvað þetta þýðir, ég tala nú ekki um, ef almennir íbúðareigendur, þeir sem nú eru að reyna að eignast íbúðir, fara að gera sér það ljóst, hvað þetta þýðir, þá verði þetta ákvæði, eins og það er núna, alveg óþolandi. Þess vegna beri að breyta þarna, annaðhvort með því að afnema þetta ákvæði úr lögum eða með því að setja hámark á það. Það er engin afsökun í þeim efnum, að það séu nógir til að taka lán, það veit ég vel, ef menn ætla að láta framboð og eftirspurn ráða í þessu. Jú, ég veit það, það eru nógir, sem vilja undirskrifa skuldabréf með svona vísitöluklásúlum í. En þeir menn gera sér bara ekki ljóst, hvað þeir eru að gera. Það er rétt eins og þegar sumir menn eru að taka okurlán hérna í bænum núna. Og það á ekki við, að ríkisstj. eða Alþ. svo að segja notfæri sér það, hve auðtrúa menn eru

eðlilega á það, sem kemur frá því opinbera. Menn hafa alltaf visst traust á því, sem hið opinbera er að gera, og mönnum dettur ekki í hug, að það sé raunverulega verið sama sem að fléfletta þá með slíkum ráðstöfunum. Þess vegna verður að vera einhver mórall í þeim ákvæðum, sem þannig eru sett. Hins vegar náttúrlega, ef það væri meiningin að stöðva verðbólguna, þá er þetta allt óþarfi, sem ég segi. Og við höfum öðru hverju komið hér að því, og það verður náttúrlega svo sem sama, hvaða mál við ræðum, þá komum við aftur og aftur að þessu. Hæstv. ríkisstj. viðurkennir, að hún hafi þar ekki fundið ráð enn. Það er ekki óeðlilegt. Þau ráð, sem eru til þess, eru svo harðvítug og koma ekki sízt við þá, sem grætt hafa á verðbólgunni, sem er meginið af atvinnurekendastétt landsins, að það er varla von til þess, að ríkisstj., sem sérstaklega styðst við þá atvinnurekendastétt, leggi út í annað eins.

Eitt af því fyrsta, sem þarf að gera til þess að stöðva verðbólguna á Íslandi, er að afnema það, sem kallað er frjáls verðlagning, að setja verðlagsákvarðanir og verðlagseftirlit, innleiða að nýju verðlagsákvarðanir ákveðinnar verðlagsnefndar og harðvítugt verðlagseftirlit, alveg þvert ofan í alla þá stefnu, sem ríkisstj. eða a. m. k. Sjálfstfl. hefur lýst yfir sem sinni höfuðstefnu í slíku og hefur eðlilega orðið ofan á í ríkisstj., þar sem hann er sterkari flokkur en hinn. Það er óhugsandi að stöðva verðbólguna hér á Íslandi, meðan hvaða heildsalar og kaupmenn í bænum sem eru hafa rétt til að hækka verðlag eins og þeim þóknast. Það er ekki til neins að vera að treysta á einhverja frjálsa samkeppni eða eitthvað þess háttar slagorð til þess að reyna að stöðva slíkt. Ef menn ætla sér að byrja á því að reyna að stöðva verðbólgu, þá á að taka upp verðlagstakmarkanir, innleiða það kerfi, menn mega kalla það haftakerfi eða hvað sem þeir vilja. Það er óhugsandi, meðan menn leyfa verzlunarauðvaldinu að hækka verð eins og það vill, að ætla að stöðva verðbólgu. Afnám hinnar svokölluðu frjálsu verðlagningar er fyrsta skilyrðið fyrir því að stöðva verðbólguna. Í öðru lagi má taka upp verðhækkunarskatt á öllu, sem ætti að hækka, á eftir, láta renna, eftir að búið væri að gera þetta, til þjóðfélagsins meginið af allri verðhækkun á fasteignum. Þær ráðstafanir, sem hægt er að gera í slíku, eru ráðstafanir, sem við þurfum að gera. En ég veit um leið, það er bezt að segja það alveg hreinskilnislega, að það eru einhverjar óvinsælustu ráðstafanir, sem nokkur stjórnarvöld á Íslandi gera. Það eru allir sammála um, hvað verðbólgan sé slæm, en sé ætlað að stöðva hana, þá koma flestir til með að kvarta. Það er, svo að maður taki ljóta samlíkingu, það er eins og að ætla að fara að prédika bindindi yfir manni, sem er orðinn sætkenndur, og hindra hann í því að verða blindfullur. Það er ekkert vinsælt. Sannleikurinn er, að það er engin von til þess, ef maður vill tala hreinskilnislega, að ríkisstj., sem er ekki sterkari en núv. hæstv. ríkisstj., treysti sér til þess að fara út í svona hluti. Hún heldur bara kenderíinu áfram. Það þarf svo sterka aðila til að standa saman um slíkt, að þeir þori að taka á sig óvinsældir í bili og treysti á það, að þeir geti sannfært almenning um, að þetta hafi verið nauðsynlegt, rétt eins og maður getur kannske sannfært mann, sem maður hefur getað bjargað frá því að verða blindfullur og fara sér að voða, að maður hafi kannske hjálpað honum eitthvað.

Ég varð að víkja að þessu, fyrst ég kom svona mikið inn á verðbólguna. En einhvern tíma kemur að því, að menn verða að taka það mál fyrir og þora að ræða það, og það er ekki til neins að ætla að fara að lækna þessa verðbólgu með því að fara að segja við verkamenn og almenna íbúðarhúsaeigendur: Heyrðu, vinur minn. Verðbólgan er svo vond, að nú verður þú að fá vísitölu á þín lán. Þú verður að fórna þessu í sambandi við það, að við ætlum að stöðva verðbólguna. — Og svo rýkur verðbólgan áfram upp og þeir verða að blæða fyrir og aðrir græða hins vegar á því. Svona getur það ekki gengið.

Ég get nú kannske ímyndað mér, að einhverjir muni segja, þegar ég tala svona mikið á móti vísitölu í sambandi við byggingarvísitöluna og skuldabréfalánin: Ja, verkamenn eru búnir að fá vísitölu á sitt kaupgjald og börðust mikið fyrir því, svo að þetta er ekki nema sanngjarnt, að fyrst þeir hafa vísitölu á sitt kaupgjald, verði þeir að borga vísitölu af þeim verðbréfum, sem ríkið lánar þeim. — Jú, það er alveg rétt. Verkamenn hafa fengið nokkra vísitölu á sitt kaupgjald, og verkamenn hafa líka nú árlega farið í ýmist verkföll eða haft stórfellda samninga til þess að knýja fram hækkun á sínu kaupgjaldi. En ég vil í því sambandi benda mönnum á að athuga, að ég hef nýlega lagt hér fram frumvarp, sem ég hef lagt hér fram áður, um áætlunarráð, og birt aftan við það frv. nýjustu töfluna um kaupgetu tímakaupsins og kaupgetu vikukaupsins eftir samningana í sumar, þar sem mönnum þóttu mjög miklar kauphækkanir fara fram. Það er miðað alltaf við lægsta taxta Dagsbrúnar. Ég skal fyllilega viðurkenna, að það eru færri nú en áður, sem vinna við þann taxta, og þeir menn, sem eru búnir að vinna meir en 2 ár, fá 5% uppbót á honum. En engu að síður er ástandið þannig, að svo að segja um leið og búið er að semja og sú raunverulega kaupgreiðsluvísitala stekkur þá nokkuð upp, byrjar hún strax að lækka aftur. Það fer lækkandi kaupið, m. a. í sambandi við útreikninginn á landbúnaðarverðinu, þar sem hækkun á kaupgjaldi bóndans kemur inn í landbúnaðarvöruverðið, en kemur hins vegar ekki inn í vísitölu verkamannsins. Þess vegna er það svo, að með vísitölu fyrir 1. taxta Dagsbrúnar er kaupmáttur tímakaupsins, sem komst upp í 98 og 99 í ágúst og september í ár, í nóvember kominn niður í 93, þegar maður miðar við tímakaupið eitt, og svo það sama, ef maður miðar við vikukaupið, því að nú gerðist það í fyrsta skipti síðan 1942, að vinnuvikan var stytt, þá lækkar sem sé kaupmáttur vikukaupsins úr 91, sem hann komst upp í í sept., niður í 86, sem hann er kominn niður í nú í nóvember. Enn sem komið

er stöndum við, og það meira að segja þótt við legðum 5% til manna, sem vinna í 2 ár, og þótt við tækjum 2. og 3. taxta Dagsbrúnar, svo að við fengjum alla þessa hækkun, sem gerzt hefur í gegnum flokkana, þ. e. úr 1. flokknum upp í 2. og 3. flokk, — þótt við legðum þetta allt saman við, þá erum við enn með lægri kaupmátt tímakaups en hvort heldur var á árinu 1959 eða 1949 eða 1945. Og svo skulu menn náttúrlega muna eftir því, að í öllum þessum kaupmætti tímakaups, sem við reiknum með, og allri vísitölu, sem við reiknum með, er húsaleiga ekki reiknuð með, þannig að sú gífurlega hækkun, sem þar hefur orðið, kemur ekki inn í neitt af þessum útreikningi. Þess vegna er ekki til neins út af fyrir sig að vitna til slíks, ef menn vildu nota það, að verkamenn hafi nú vísitöluuppbót á sitt kaupgjald, sem er ekkert á móti því að fella út ákvæðið um vísitölu eða takmarka það við eitthvað lágt.

Þetta var höfuðatriðið, sem gerði, að ég vildi nú við þessa 1. umr. beina því til hv. heilbr.- og félmn. að endurskoða þetta atriði í lögunum mjög rækilega og hafa nokkurt samráð við Alþýðusambandið og verkalýðsfélögin um endurskoðun þess.

Svo er það aðeins eitt atriði, sem ég vildi minnast á. Það er í sambandi við 6. gr. um að fella úr gildi l. frá 1952 í fyrsta lagi. Það var rétt, sem hæstv. félmrh. sagði, þau eru orðin úrelt þau lög og sumt í þeim stendur í vegi fyrir jafnvel vissum íbúðabyggingum þess opinbera til leigu og erfitt að ætla því opinbera að brjóta sín eigin lög. En við verðum að muna það, að þegar húsaleigulögunum var breytt, og meginið af þeim fellt úr gildi 1952 af Sjálfstfl. og Framsfl. hér á Alþ., þá var gerð að minu áliti einhver sú mesta skyssa, sem gerð hefur verið í dýrtíðarmálum á Íslandi. Þar með var hleypt lausu því mesta braski, sem nokkurn tíma hefur verið hleypt yfir íbúa þessa lands og sérstaklega íbúa Reykjavíkur. Þau húsaleigulög, sem þá giltu, voru að vísu úrelt, og þau voru til ýmissar hömlunar, en að fella þau úr gildi, eins og þá var gert, var illt verk. Það þýddi m. a., að íbúðir og húsaverð í öllum gömlum húsum þaut upp úr öllu valdi, og ég veit ekki af neinni höfuðborg á Norðurlöndum, sem hefur leyft sér að gera svona hlut. Ég veit að a. m. k. í Kaupmannahöfn er enn þá haldið húsaleigulögum, þar sem ákvæðin eru miðuð við hin ýmsu tímabil, tímabilið fyrir 1914, tímabilið milli 1914 og 1930 o. s. frv., og alls staðar ákveðin venjuleg byggingarvísitala, sem miðað er við, hvað hækka megi leigu í þessum íbúðum. Með því hins vegar að afnema húsaleigulögin svo að segja, eins og þá var gert, voru gömul hús, sem höfðu kannske kostað — við skulum segja 30 þús. kr., hús, sem höfðu verið byggð, segjum t. d. 1920, höfðu kannske kostað með 4 íbúðum um 30 þús. kr., þau voru sett upp í 1 millj. kr. undireins. Meginið af þeim falska kaupmætti, sem skapaður var á Íslandi þá, var skapaður með þeirri vitleysu að afnema þau lög. Það var kvartað yfir því af vitlausum hagfræðingum, að of mikil laun hjá verkamönnum sköpuðu of mikla eftirspurn eftir útlendum gjaldeyri. En það var ekki spurt að, hvað braskverðið á öllum gömlu húsunum, þegar farið var að selja þau, skapaði mikla kaupgetu hjá fólki, sem eyddi þeim peningum í allt mögulegt og kallaði á útlendan gjaldeyri. Og þeir hagfræðingar, sem hafa rannsakað þróunina á síðasta áratug, hafa aldrei farið út í það, hvað afnám húsaleigulaganna þá þýddi. Þau voru keyrð í gegn hér á Alþingi, án þess að nokkurt tillit væri tekið til þeirra tveggja flokka, sem þá voru í stjórnarandstöðu, Sósfl. og Alþfl. Við viðurkenndum fullkomlega gallana á húsaleigulögunum, eins og þau voru. En það, sem þurfti að gera, var að bæta úr þeim göllum, en ekki að hleypa öllu lausu í vitleysu. Og það á ekki heldur núna að stíga það spor að nýju að afnema þessi lög. Þau eru vitlaus, það er alveg rétt hjá hæstv. ráðh. En áður en þau eru afnumin, á að vera búið að setja ný. Og það er hægt að gera það núna, á meðan við erum með þessi lög hér í þinginu. Og það á, eins og hann líka minntist á, ef ég tók rétt eftir, að vera hægt að fella þau inn í þetta frv., og öðruvísi á ekki að afgreiða það. Og að mínu áliti, — það vil ég segja hérna, ég veit, að það er ákaflega óvinsælt, — að mínu áliti ætti að setja húsaleigulög, þar sem takmarkanir væru settar á, hvað leigja má fyrir. Það er kannske ekkert eins ólíkt í dag í Reykjavík og húsaleigan. Það er til fólk hér enn þá, hvort sem menn vilja trúa því eða ekki, skattyfirvöldin eiga ákaflega erfitt með að trúa því, — það er til fólk hér enn þá, prívatmenn, sem leigja út íbúðir í sínum húsum fyrir kannske það lágt verð, að það þykir hlægilegt eða vitlaust, leigja kannske tvö, þrjú herbergi fyrir kannske 500—1000 kr., þetta er til í Reykjavík, og hafa gert um árabil. Ég veit af fólki, sem hefur verið kallað upp á skattstofu til þess að yfirheyra það, vegna þess að það eru ekki allir menn þannig gerðir, að þeir kæri sig um að fylgjast með í öllu því braski, sem hér er framkvæmt, þannig að þessi mórall er til. Hins vegar vantar ekki, að reynt sé hins vegar að nota sér neyð manna. Það er vafalaust til, að menn séu ekki aðeins látnir borga fyrir þriggja herbergja íbúð 7000 kr., heldur látnir snara út milli 50 og 100 þús. kr., sem hvergi koma fram, sem aukaborgun, og fá samt aðeins leigt til eins árs. Það er þess vegna allt til í þessum málum, og það er engin ástæða til þess, að það sé fullt frelsi á þessu sviði.

Ef menn ætla að reyna að ráða við verðbólgu eða dýrtíð, er húsaleigan eitt af því, sem menn verða að þora að setja löggjöf um. Hitt skal ég fyllilega viðurkenna, að eftirlitið með því er afskaplega erfitt, og ég veit ósköp vel, að sú höfuðröksemd, sem kemur á móti, er þessi: Hvernig ætla menn að „kontrolera" þetta, vegna þess að það er ekki nema eitt virkilega sterkt ráð til þess, og það er ein húsaleigumiðstöð, og það þykir mönnum ákaflega mikið inngrip í það persónulega frelsi. Þetta eru mál, sem verður að taka fyrir að ræða og horfast í augu við, nema, og það hef ég gert hér tillögur um, nema það opinbera vilji fara út í það í mjög stórum stíl að byggja hér leiguíbúðir, byggja þær eða láta

byggja þær, hvernig sem það vill haga sér í því. Ég veit, að ef byggðar væru t. d. hér í Reykjavík 500 íbúðir, tveggja til þriggja herbergja, allar svo að segja eftir sömu teikningu og fullgerðar, þá mundi það gerbreyta öllu ástandi í þessum málum, hvort menn svo vildu heldur selja þær eða leigja. En þetta er mál, sem menn verða að taka svo alvarlega, að menn ráðist í þetta vandamál, og það er ekki staðurinn til þess að semja um þetta og til þess að ráða fram úr þessu, þegar verkföll standa yfir að sumri. Það er ekki ráðið að láta verkalýðssamtökin verða fyrst að grípa til þess annaðhvort að stöðva allan flotann eða stöðva alla vinnu svo og svo lengi til þess að fara að semja um mál, sem snerta alla þjóðina. Þessum málum eigum við að ráða fram úr hér á Alþingi, annars yrði að dauðadæma þessa stofnun. Þess vegna eigum við að ræða þetta í sambandi við afgreiðsluna á þessu.

Að síðustu, það er hér í 2. gr. bætt inn ákvæði um að sexfalda í staðinn fyrir að þrefalda fasteignaskatt. Það er mál, sem mun vera alveg óviðkomandi þeim samningum, sem verkalýðsfélögin gerðu, skilst mér, því sé bara bætt inn í þessi lög. Og ég vil mjög alvarlega skjóta því til hæstv. ríkisstj., hvort þetta sé sanngjarnt. Það er verið að reyna að hjálpa almenningi til þess að eignast fasteign, hverjum manni til að eignast íbúð yfir höfuðið. Er það um leið rétt að vera fyrst og fremst gagnvart slíkum mönnum að þyngja á þeim skattana? Þessi fasteignaskattur kemur jafnt niður á mönnum hvort sem þeir skulda svo að segja alla íbúðina eða hvort menn eiga hana skuldlausa. Þetta er ekki eignarskattur. (Gripið fram í.) Nei, er það eignarskattur? Er það alveg öruggt? Þá gegnir náttúrlega allt öðru máli þarna. En eitt er í þessu, sem ég vildi þó skjóta að um leið. Svo framarlega sem við viljum nú fara að hækka skattinn á íbúðarhúsunum, væri þá ekki ráð, að við reyndum að finna út aðferð til þess að láta þá bera einhvern dálitinn skatt í slíku sambandi, sem sleppa billegast í sambandi við tekju- og eignarskattinn annars? Við vitum, að verzlunarstéttin í Reykjavík skammtar sér svo að segja skattana sjálf, kannske ekki bara tekju- og eignarskattinn, heldur meira að segja eitthvað af söluskattinum líka. Og maður heyrir kvartað undan því, að það sé svo erfitt að komast að þessum mönnum. Hins vegar þeir sömu menn, sem borga kannske stundum ekki miklu meira en það, sem einu sinni var kallað með ljótu orði vinnukonuútsvar, þeir byggja því veglegri verzlunarhallir. Og mér finnst, að það ætti alvarlega að athuga það. Mér finnst satt að segja stundum, að þær verzlunarhallir, sem hér eru að rísa upp, hrópi á ríkið og ríkisstj. til að skattleggja sig. Ég gæti trúað, að 1% skattur á verzlunar- og skrifstofuhúsnæðið í Reykjavík, t. d. brunabótamatið á því, mundi setja dálitla stöðvun á það, sem allur almenningur hneykslast yfir í þessum efnum, hvað mikið af fjármagni þjóðfélagsins fer í fjárfestinguna í verzlunar- og skrifstofuhúsnæði núna, sem auðvitað er beint tekið frá öðrum nauðsynlegum hlutum. Það er kannske ekki mitt að leggja til við hæstv. ríkisstj., að hún eigi að leggja á skatta, en ef það kæmi að því, að hún færi að spyrja okkur um það, t. d. hæstv. fjmrh., er meira en nóg, sem hægt er að benda honum á, ef hann er í vandræðum, til þess að taka skatta á réttlátari máta og praktiskari en ýmsa þá, sem heyrzt hefur getið um, að eigi að fara að taka núna.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Eins og segir í aths. við þetta frv., er það flutt í samræmi við yfirlýsingu um húsnæðismál, sem hæstv. ríkisstj. gaf í sumar sem leið í sambandi við verkalýðsfélögin og samningana. Í sambandi við þá samninga voru gefnar út tvær yfirlýsingar af hendi hæstv. ríkisstj.: Önnur varðandi afskipti af atvinnuleysismálum þeirra staða á Norðurlandi og í Strandasýslu, sem harðast hafa orðið fyrir barði atvinnuleysis á þessum tímum árs, og fyrirheit gefin um að láta starfa að tillögugerð til þess að afstýra þeim voða, sem af þessu hlýzt, og einnig að afla fjár til þess að bæta þar nokkuð úr. Þetta var í sambandi við verkalýðssamtökin norðan og austan. En yfirlýsingin, sem er uppistaða þessa frv., var gefin í sambandi við samningana hér, aðallega samningana í Reykjavík.

Í frv. eru þó nokkur önnur efnisatriði, eins og t. d. það, sem felst í 2. gr. frv., þar sem farið er inn á fjáröflunarleið á þann veg, að í stað þreföldunar fasteignamats komi sexföldun. Ég hef ekki út af fyrir sig mikið að athuga við það, þó að fjáröflun sé reynd í formi fasteignaskatts, því að fasteignaeigendur, bæði ég og aðrir, auðgumst á verðbólgunni umfram þá, sem ekki eiga sér fasteignir, og ættum þess vegna að vera öðrum betur undir það búnir að taka á okkur einhverja byrði vegna þess hagnaðar, sem við njótum af verðbólguþróuninni öðrum fremur. En hitt er ég hræddur um, að það hafi ekki verið nægilega vandað til þessa útreiknings. Ég er hræddur um, að með því að sexfalda hér í staðinn fyrir þreföldun, sem nú er í lögum, verði aflað meira fjár en látið er skína í hér, sem sé aðeins 40 millj. kr. Ég held, að þarna sé um einhverja fjárútvegun að ræða umfram það, sem nú er látið uppi, hvort sem það er fyrir ógát eða af því að það sé haft í hyggju um leið að fá þarna svolítið í hinn fjárvana ríkissjóð. Ég skýt því til þeirrar n., sem fær þetta frv. til meðferðar, að láta athuga það, hvort þarna sé um vandaða og vel undirbyggða áætlun að ræða.

Það er rétt, að frv. er að einu leyti rýmra en yfirlýsing ríkisstj., þ. e. a. s. að því leyti, er varðar þær sérstöku aðgerðir, sem ríkisstj. lýsti yfir að hún vildi gera í húsnæðismálum og voru bundnar við Reykjavík, af því að þar voru að verki verkalýðsfélög, sem höfðu félagssvæði aðallega hér á Reykjavíkursvæðinu. Er þetta rýmra orðað í frv., og held ég, að það sé hyggilegt í raun og veru að gera þá breytingu og rýri ekki það gildi, sem frv. hefur fyrir Reykjavík og Reykjavíkursvæðið, því að ef til þess kæmi, að farið yrði út í innflutning tilbúinna húsa frá útlöndum, þá væri hægt að setja þau niður hvar sem væri, þar sem húsnæðisþörfin kallaði eftir, og væri jafnréttmætt að gera það utan

Reykjavíkursvæðisins sem á því. En meginhluti þeirra framkvæmda í húsnæðismálum, sem lofað er að ríkisstj. beiti sér fyrir á þeim grundvelli, sem segir í yfirlýsingunni, að komið verði við hagkvæmni við byggingarframkvæmdir og fyllsta tækni notuð, kallar það á, að byggt sé í allstórum stíl, mörg hús, og gerð þeirra stöðluð og ákveðnir húshlutar einnig staðlaðir til þess að draga úr byggingarkostnaði, og það er ekki sízt af öllu það, sem vakti fyrir samningamönnum verkalýðsfélaganna að reyna að draga úr byggingarkostnaði og reyna með þessu samkomulagi við ríkisstj. að hafa áhrif á, að byggingarkostnaður yrði sem hóflegastur. Og það er trú mín og þeirra, sem að þessu samkomulagi stóðu annars vegar gagnvart ríkisstj., að ef 200—250 hús kæmu hér inn á húsnæðismarkaðinn í Reykjavík á ári næstu 4—5 ár og tækist að koma þeim upp með lægri byggingarkostnaði en tíðkast nú, hlyti það að hafa áhrif til lækkunar á annan byggingarkostnað á þessu svæði. Það er vel og samvizkusamlega farið með það, sem um var samið, eða það, sem fólst í yfirlýsingu ríkisstj. Það er kannske ekki rétt að kalla þetta samning, því að hér var um einhliða yfirlýsingu ríkisstj. að ræða í sambandi við samningagerðina að öðru leyti. Ég tel, að það, sem felst nýtt í þessari yfirlýsingu, geti orðið mikils virði einmitt til þess að sníða af verstu annmarkana á húsnæðismálaástandinu hér, einkanlega suðvestanlands. Hér er um að ræða, að það eigi að koma 200 íbúðir á ári, sem efnaminni meðlimir verkalýðsfélaga eigi kost á öðrum fremur, þeir eigi að fá allt að 80% lán af verðmæti íbúðarinnar. Það er hliðrað nokkuð til um greiðslur þeirra útborgunarhluta, 20%, sem þeir leggja fram, 5% eiga þeir að leggja fram, áður en flutt er inn í húsið, en síðan 5% á ári næstu 3 árin. 20%, sem væntanlegur eigandi íbúðar á að leggja fram, mega þannig deilast niður á 4 ár, og á þessu tímabili hvíla ekki á viðkomanda afborganaskyldur. Þær hefjast fyrst, þegar þessu tímabili lýkur, og lánstíminn er 33 ár, ívið lengri en sá lánstími, sem nú er lögfestur samkv. hinni almennu húsnæðismálalöggjöf. En vissulega er mikið undir því komið, hvernig framkvæmdin tekst á þessari hugmynd, hvernig tekst að beita hinni fullkomnustu tækni með það fyrir augum að gera þessar byggingar ódýrari. Og a. m. k. á það að vera tryggt, að milliliðir, sem því miður græða allt of stórar fúlgur í sambandi við öflun húsnæðis hér á landi og það ekki sízt hér í Reykjavík, ættu ekki að koma sér við þarna í sambandi við byggingu þessara íbúða, þ. e. a. s. byggingu 1000 íbúða, sem verkafólk í Reykjavík ætti að fá á næstu árum. Þar ætti því rétt verð að koma til. Og það er von mín a. m. k., að þetta hafi lækkandi áhrif á almennan byggingarkostnað hér í borginni, skerði möguleika þeirra manna, sem nú hafa fingur í milli og láta loða við sína lófa ekki svo lítið af gulli í sambandi við hverja íbúð, sem byggð er.

Það er gert að umtalsefni það ákvæði frv., sem er þó í samræmi við yfirlýsingu ríkisstj., að lán þau, sem veitt verði, skuli vera með vísitölukvöð. Þegar við lögðum fram okkar hugmyndir um þetta sem viðsamningamenn ríkisstj., ætluðumst við til, að þessi lán yrðu án vísitölukvaðar. Nú er það hins vegar rétt, að við gengum inn á það í júnísamkomulaginu svokallaða, að vísitölukvöð væri sett á hin almennu húsnæðismálalán. Þá vorum við líka að gera samninga við hæstv. ríkisstj. um það að beita sameiginlegu afli verkalýðssamtaka og ríkisvalds til þess að reyna að stöðva verðbólgu og dýrtíð, og það var forsendan fyrir því, að við gengum inn á þetta. Við trúðum því þá, að góður árangur hlyti að nást af þeirri viðleitni slíkra tveggja aðila í þjóðfélaginu. En því miður, við höfum orðið fyrir verulegum vonbrigðum með þetta. Vísitalan hefur hækkað óskyggilega síðan, og verðbólgu- og dýrtíðarþróunin hefur ætt áfram, eftir að júnísamkomulagið var gert, ég vil segja: nálega eins og áður. Og það gerir það að verkum, að margir, sem eru nú bundnir skuldbindingum um vísitölukvöð á sínum húsnæðismálalánum, eru uggandi um það, að á nokkrum árum kunni þau að vera orðin svo óhagkvæm, að þeir rísi naumast undir þeim. En það verð ég að minna á, að forsendan var sú, að aðilar, sem að þessu stóðu, trúðu því, að það mundi allvel til takast um að draga úr verðbólguþróuninni, ef að því væri staðið af ríkisvaldi og verkalýðssamtökum og önnur öfl þjóðfélagsins auðvitað kölluð til, til þess að styðja að þeirri stefnu. Ef þessi forsenda brestur, er það mín skoðun, að þegar þessi lán eru orðin óhagstæðari en önnur lán, verður að gera þar bragarbót á, og það verður Alþ. auðvitað að gera, áður en í óefni er komið og fólk hefur unnvörpum sligazt undan þeim skuldbindingum, sem það tók á sig í góðri trú. Staðreynd er það, að í þeim uppköstum, sem við lögðum fram í samningunum í vor um endurbætur á húsnæðismálalöggjöfinni og þá sérstaklega þessi nýmæli, sem við fluttum þar fram og eru að meginefni í yfirlýsingu ríkisstj., lögðum við á það áherzlu, að lán vegna þessara íbúða yrðu án vísitölukvaðar. Og hvaða rökum studdum við það? Við studdum það m. a. þeim rökum, að verkamannabústaðalögin hefðu verið endurskoðuð, eftir að júnísamkomulagið var gert, og hæstv. ríkisstj. stóð að þeirri endurskoðun og hún hafði ekki sett vísitölukvöð á í þeirri endurskoðun verkamannabústaðalaganna, taldi sem sé rétt að setja ekki þessa vísitölukvöð á varðandi verkamannabústaði. Hér er sannarlega um að ræða nýja verkamannabústaðalöggjöf, og þess vegna töldum við óeðlilegt, að í þessari verkamannabústaðalöggjöf væri sett á vísitölukvöð, úr því að hæstv. ríkisstj. hafði einmitt ekki talið það ráðlegt varðandi hina gömlu verkamannabústaðalöggjöf. Ég harma það þess vegna, að ekki fékkst samkomulag um það við hæstv. ríkisstj. að hafa þetta eins og í verkamannabústaðal., sem hún lét endurskoða fyrir aðeins tveimur árum, og hefði mér fundizt bezt samræmi í því, að vísitölukvöðin væri ekki heldur á þessum lánum, fyrr en þá að vísitala hefði verið sett á allt lánsfé til lengri tíma.

Ég vil enn fremur benda á það, að varðandi lán til húsnæðismála í sveitum er ekki vísitölukvöð, það er ekki vísitölukvöð á þeim lán-

um. Það er um að ræða löggjöfina, sem almenningur á við að búa til sjávar og sveita, að því er verkamannabústaðalögin snertir í kaupstöðum og að því er snertir byggingarlánin í sveitunum. Þar er ekki um vísitölukvöð að ræða. Ég tel því, að það beri að harma, að gert er ráð fyrir því í þessu frv., að vísitölukvöð hvíli á þessum lánum. En ég segi eins og varðandi það, sem við gengum inn á í júnísamkomulaginu varðandi almennu húsnæðismálalánin, það var gert í góðri trú, og ef sú forsenda bregzt, verður ekki aðeins að leiðrétta þau lánakjör, heldur einnig að því er þessa kvöð varðar, sem verður vitanlega á svo löngum lánstíma sem 30 árum að alveg óbærilegri byrði á fátæku fólki, ef ekki tekst að sporna við verðbólguþróuninni og dýrtíðarvextinum. Ef menn hafa það sem forsendu, eins og mér heyrðist á hæstv. félmrh., að það verði í raun og veru að gera þetta, af því að skyldusparnaðurinn, sem er fjáröflun í sambandi við húsnæðismálin, sé til þess að tryggja hag unga fólksins, sem leggur á sig skyldusparnaðarkvöðina, það fólk verði að fá vísitölu til ávöxtunar síns fjár, þá vil ég segja: Væri þá ekki eðlilegra að ætla skyldusparnaðarféð til einhvers annars hlutverks, þar sem hægt væri að leggja þá kvöð á með réttlæti, heldur en leggja það á fátækt fólk í landinu í sambandi við þess húsnæðismál, láta það koma í annan og réttlátari stað niður, aðra fjáröflun til húsnæðismálanna, sem ekki hefur þessa kvöð tengda við sig?

Ég skal ekki fjölyrða frekar um þetta. Ég tek fyllilega undir það, sem hér hefur verið sagt, að það hefði verið mjög svo æskilegt, að þessi lán væru ekki með vísitölukvöð, og tel það í raun og veru óeðlilegt með tilliti til þess, að lögin um hina almennu verkamannabústaði eru ekki bundin þessari kvöð og ekki heldur lán til húsnæðismála í sveitum. En ég tel hins vegar, að þau nýmæli, sem hæstv. rkisstj. hefur með þessari yfirlýsingu sinni gengizt inn á að öðru leyti, séu stórmerk tilraun, sem ég vona að beri gifturíkan árangur fyrir þá, sem njóta eiga. Það var sagt hér áðan, að það væri í raun og veru að dauðadæma Alþ. að taka svona mál úr höndum þess og leysa þau í sambandi við verkföll. Það má til sanns vegar færa. En það verð ég þó að taka fram, að hv. Alþ. hefur sannarlega verið gefinn kostur á því að eiga frumkvæði í því að leysa húsnæðismálin og það hafi legið fyrir þing eftir þing till. til úrbóta, líkar þeim, sem við knúðum fram með samningunum um júnísamkomulagið, og líkar þeim, sem hér liggja fyrir í frv. En hv. Alþ. hefur fellt þessar till., og þegar það var búið að ganga af þeim dauðum, þá var málið tekið upp á öðrum vettvangi og knúið fram í sambandi við samninga um launamál verkafólks, og þar sem hæstv. ríkisstj. gaf þá kost á því, að vísu upp á það, að hún hefði einhver áhrif á þróun kaupgjaldsmálanna í landinu, sem fyrir henni var mjög stórt mál, sem allir skilja, var notað tækifærið til þess að reyna að þrýsta fram einmitt þeim tillögum mörgum, sem Alþ. var búið að drepa áður. Þess vegna held ég, að það beri ekki að harma, að umbæturnar hafa þó fengizt með þessum hætti, sem þær hafa fengizt, þegar Alþ. hafði ekki tekizt að bæta þarna úr. Alþ. hafði svo sannarlega fengið að spreyta sig á þessum málum áður og vonirnar verið drepnar þar, og þá fyrst voru málin tekin þessum tökum og reynt að þrýsta þeim í gegn með samtakaafli verkalýðssamtakanna.

Það hefur verið minnzt hér á gamalt húsnæði og þau kjör, sem fólk á hér í landi við að búa í sambandi við það, og það er rétt, við höfum í okkar þjóðfélagi ekki gert þær varnarráðstafanir í sambandi við leigu á gömlu húsnæði, sem nágrannaþjóðir okkar hafa gert, en þær hafa með löggjöf haldið mjög niðri leigu í eldri húsum. En við höfum heldur ekki gert annað. Við höfum ekki heldur gert neitt til þess að auðvelda fólki að geta endurbætt eldri hús, þó að þau mörg hver geti verið góðar íbúðir og þá með umbótum alveg fullkomlega forsvaranlegar íbúðir, og ekki heldur útvegað á neinn hátt lán til þess að kaupa eldra húsnæði, sem í mörgum tilfellum gæti orðið efnaminna fólki úrbót í húsnæðismálum fremur en að hírast í einhverju óhæfu leiguhúsnæði. Hér er opið svið, sem við verðum að sinna. Og ég vil í þessu sambandi gera fsp. til hæstv. félmrh. um það, hvort ekki hafi orðið af neinum framkvæmdum í þá átt að leysa þetta óleysta vandamál. Það hefur verið hvað eftir annað í sambandi við þessi húsnæðismál talað um þörfina á að sinna þessu hlutverki. Og svo var komið, að tekið var í mál að heimila veðdeildinni að gefa út nýjan flokk veðdeildarbréfa, jafnvel á þessu ári, sem sérstaklega ætti að vera lán til þess að greiða fyrir endurbótum á eldra húsnæði og til þess að auðvelda efnaminna fólki að kaupa eldri hús. Ég hef haft nokkrar spurnir af því, að þetta mál hafi verið undirbúið, sé jafnvel búið að semja reglugerð, sem heimili veðdeildinni útgáfu á nýjum flokki veðdeildarbréfa, og vonir standa til, ef ráðh. staðfestir þessa reglugerð, að slík lánastarfsemi geti hafizt nú jafnvel um þessi áramót. Ég vil spyrja hæstv. félmrh. um, hvað sé hæft í þessu og hvort þessar vonir séu að rætast eða hvort ekkert hafi þarna verið gert og ekki komi til neinna framkvæmda í þessum efnum.

Þrátt fyrir þennan annmarka, sem á lánskjörunum eru samkv. þessu frv., þ. e. a. s. vísitölukvöðina, fagna ég þó innihaldi þessa frv. að öðru leyti og tel þarna um allmerkan áfanga að ræða, sem verkalýðssamtökunum sé full sæmd af og ríkisstj. líka fullur sómi af að hafa sinnt, þó að með óeðlilegri hætti væri en með löggjafarsamþykkt af Alþ. án þrýstings eða þvingunar af Alþingi götunnar.

Ingi R. Helgason: Herra forseti. Þar sem komið er nú fram yfr venjulegan fundartíma í hv. d., mun ég ekki flytja hér langt mál, þótt nokkurt tilefni sé.

Hv. 3. þm. Reykv. ræddi hér áðan um vísitöluákvæðin og tæpti þar á spurningunni um jafnræði fyrir lögunum, hvernig þeir menn stæðu, sem yrðu að sæta vísitölulánum til íbúðarhúsabygginga, miðað við hina, sem geta fengið lán til að byggja aðrar byggingar, eins og t. d. þau hús, er hann nefndi, hús undir verzlunar- og

skrifstofuhúsnæði hér inn við Suðurlandsbraut. Mér þótti það ekki úr vegi þá fyrir hv. þd., að um leið og þessar umr. færu fram, gerðu menn sér tölulega grein fyrir þessum aðstöðumun. Ég leit í tilkynningu veðdeildar Landsbankans um vísitölugreiðslur á þau lán, sem fara gegnum það kerfi til íbúðarhúsabygginga, og vil leyfa mér — með leyfi hæstv. forseta — að lesa fyrir hv. þd. þær tölur, sem tala skýru máli um, hvað vísitöluuppbót á þessi lán þýðir raunverulega eða hefur þýtt á valdatíma núv. ríkisstj. Ég tek 10 þús. kr. bréf, sem er með raunvísitölu 173 stig. 1961 var vísitöluuppbótin á þetta bréf 1965 kr. Henni er þannig háttað, að hún er greidd á hverju ári miðað við framfærsluvísitöluna, eins og hún er 1. júní árið á undan. 1961 var sem sagt vísitöluuppbótin 1965 kr. 1962 hafði hún hækkað um 1388 kr. eða upp í 3353 kr., 1963 hafði hún hækkað um 1213 kr. eða upp í 4566.50 kr., hafði þá hækkað um 35% frá árinu á undan. Árið 1964 hækkar hún um 2312 kr. eða upp í 6878.60 kr. Árið 1965 er vísitöluuppbótin komin upp í 9132.90 kr. eða hefur hækkað um 2254 kr. frá árinu á undan, þá hækkað um 33%. Og á árinu 1966, þ. e. a. s. miðað við framfærsluvísitöluna í júní 1965, er vísitöluuppbót orðin 10693.60 kr. M. ö. o.: á þessu tímabili hefur lántakandi þessa vísitölutryggða láns greitt höfuðstólinn tvisvar auk vaxtanna. Sá, sem hefur þurft að sæta láni til byggingarframkvæmdanna inn við Suðurlandsbraut á sama tíma, hefur þó einvörðungu þurft að greiða vextina.

Ég vildi leyfa mér að lesa þessar tölur fyrir hv. þd., þannig að það lægi fyrir í tölum, hvað þetta vísitöluákvæði hefur þýtt á tímabilinu 1961—1965. Að öðru leyti er hér um að ræða upplýsingar um verðgildisrýrnun peninganna á tímabili hæstv. núv. ríkisstj., en peningarnir hafa fallið í verði samkv. þessari tilkynningu Landsbankans, sem sér um þessar greiðslur, um rúmlega 100%, þ. e. a. s. það er sú raunverulega gengislækkun, sem hæstv. ríkisstj. hefur staðið fyrir á valdaferli sínum.

Það er annað mál og heyrir ekki undir það, sem hér er á dagskrá, og ég skal ekki fara út í það, en hvað hefði skeð með þessa verðgildisrýrnun á peningunum innanlands, ef ekki hefði komið til verðhækkun á okkar útflutningsafurðum á þessu tímabili? Það geta menn hugleitt og velt þeirri spurningu fyrir sér, hvernig ríkisstj. hafi farið að því að verja þeim bættu viðskiptakjörum Íslendinga vegna verðhækkana á útflutningsafurðum okkar á tímabili í verðbólguhítina. En það er annað mál. Ég vildi leyfa mér aðeins að lesa upp þessar tölur, þannig að þegar þetta mál er rætt, vísitölugreiðslur á lán til íbúðarhúsabygginga einna allra bygginga í landinu, gerðu menn sér grein fyrir þessum tölum.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Það er ekki sérstök ástæða til þess fyrir mig að loknum þeim umr., sem þegar hafa átt sér stað, að tala langt mál. Þó eru örfá atriði, sem ég vildi víkja að, og sér í lagi þeim beinu spurningum, sem til mín hefur verið beint í þessum umr.

Ég vil í fyrsta lagi taka það fram, að þeirri yfirlýsingu hv. 3. þm. Reykv. ber að fagna, að hann býður fram liðsinni sitt til svo óvinsælla ráðstafana, sem hann talaði um áðan, að stöðva verðbólgu á Íslandi, og þess er að vænta, að fleiri gefi slíkar yfirlýsingar, því að það hefur verið réttilega bent hér á í sambandi við vísitöluákvæðið á lánunum og nú síðast af hv. 3. landsk. þm., að töluverðar álögur eru á lántakendur vegna þessa ákvæðis. Það er, eins og ég tók fram í framsöguræðu minni, fyrst og fremst komið inn í lögin samstiga því, að vísitölugreiðslur voru ákveðnar á laun að nýju, og svo hinu, að öllum þótti sýnt, sem að þessum málum stóðu, að þessi sjóður, byggingarsjóður ríkisins, mundi á skömmum tíma með sömu þróun ganga í sjálfan sig og verða einskis megnugur, eins og því miður átti sér stað um stofnlánasjóði landbúnaðarins. Menn vildu freista þess að halda í við verðbólguna í fyrsta lagi og tryggja sjóðinn gegn því, auk þess sem skyldusparnaðurinn er stórum aukinn liður í tekjuöflun sjóðsins og krefst, eins og fram hefur komið í umr., verðtryggingar, þá þótti einnig eðlilegt og sjálfsagt, að reynt væri að tryggja sjóðinn sjálfan, því að það, sem aðallega hafði verið að fundið undanfarin ár, var, hver biðröðin var eftir lánunum, hve langur biðtíminn var eftir að fá þar nokkra afgreiðslu. Þetta tel ég, að hafi verið meginundirstaðan undir því.

Hv. 3. þm. Reykv. spurði um það, hvort ríkisstj. hygðist koma þessu á viðar, og hygg ég, að það fari ekki fram hjá neinum, að það felist í frv., sem lagt hefur verið hér fram aftur nú og var lagt fram á síðasta þingi, um verðtryggingu fjárskuldbindinga, en þar segir í b-lið 4. gr.: „Verðtrygging skal fyrst og fremst heimiluð í fjárskuldbindingum, sem eru tengdar öflun fasteigna eða annarra fjármuna, sem ætla má, að hækki í verði með almennum verðlagsbreytingum. Skulu verðtryggð lán ætíð vera tryggð með veði í slíkum eignum eða öðrum verðtryggðum kröfum.“ Þetta er sú opinbera yfirlýsing, sem ríkisstj. hefur þegar gefið út um þetta mál.

Ég get vel tekið undir það með hv. 5. þm. Vestf., að allar meginbreytingarnar, sem átt hafa sér stað í þessum málum s. l. 2 ár, eru komnar til í gegnum samninga, og þar hefur verið knúið á um ýmis atriði vegna þess álits, sem forustumenn verkalýðshreyfingarinnar hafa haft á húsnæðismálum sem aflgjafa í bættri efnahagsafkomu verkafólksins, þau væru þar vaxandi liður, og væri eðlilegt, að þetta atriði yrði tekið upp í samningaviðræðum, með þeim árangri, sem þar hefur sýnt sig.

Og ég tel, að það hafi verið til góðs fyrir þetta málefni í heild, að menn reyndu að ræða þessi mál þar af þeim bezta kunnugleika, sem þeir höfðu, enda var samkomulag í báði þessi skipti, bæði 1964 og 1965, um þessi mál, að ég tel með ágætum, og hafði ég góða aðstöðu til þess að kynnast þeim samningaviðræðum, þar sem ég tók þátt í þeim í báði skiptin.

5. þm. Vestf. beindi þeirri sérstöku spurningu til mín, hvort engin áætlun væri um lán til

endurbóta á gömlum húsum eða til kaupa á þeim. Þetta er, eins og hann réttilega skýrði frá, gamalt áhugamál allra þeirra, sem nálægt þessum málum hafa komið á undanförnum árum. En ekki hefur verið talið fjárhagslega fært að ganga til móts við þessar óskir, þó að allir viðurkenndu réttmæti þeirra, eingöngu af fjárhagsástæðum. Þau verkefni, sem húsnæðismálastjórn eru falin með núverandi löggjöf, eru mikil og með þeim breytingum, sem hér eru til umr., er ekki bætt inn þessari heimild, vegna þess að menn telja, að enn þá sé ekki kominn sá fjárhagslegi grundvöllur, sem nauðsynlegt sé að skapa, sú aukning á lánsfénu, sem nauðsynleg væri til þess að opna þessar nýju lánsheimildir.

Varðandi það, sem hv. þm. minnti á í sambandi við nýjan lánaflokk veðdeildarinnar, verður að skýra frá því, eins og er, að það er eingöngu á vegum veðdeildarinnar sjálfrar og sjálfs Landsbankans, en óviðkomandi lögunum um húsnæðismálastjórn.

Ég tel, að önnur atriði, sem hér hafa komið fram, séu ekki þess eðlis, að þau krefjist beinna svara af minni hendi. En ég vil ítreka þá ósk mína, sem ég hafði frammi í framsöguræðu, að n. hraði svo störfum sem unnt er til að afgreiða þetta mál, því að það þarf nauðsynlega að fá afgreiðslu fyrir áramót. Einu atriði vildi ég þó víkja að, sem hv. 3. þm. Reykv. minntist á áðan, en það var varðandi afnám l. um hámark húsaleigu. Ég skýrði frá því í minni framsöguræðu, að húsnæðismálastjórn hefur verið falið það verkefni að endurskoða þetta ákvæði, einmitt með hliðsjón af þessari niðurfellingu, sem frv. þetta gerir ráð fyrir á þeim lögum. En það var þegar ljóst, að þegar sett var inn heimild, sem virðist mælast mjög vel fyrir hjá bæjarfélögunum, að mega lána þeim til byggingar litilla, en hagkvæmra leiguíbúða, barst þegar fjöldi umsókna frá bæjarfélögum víðs vegar um land um aðstoð í þessu efni. Ákvæði var í frv. um, að sérstök reglugerð um framkvæmd þessa máls skyldi sett. Strax og uppkast hafði verið gert að þessari reglugerð, var ljóst, að ekki var unnt að gefa hana út vegna þeirra ákvæða, sem í gildi eru um hámark húsaleigu. Það er því beinlínis val á milli þess að fresta öllum þeim aðgerðum, sem bæjarfélögin mæna nú á, að gert verði í þessum efnum varðandi leiguhúsnæðið og bæta úr þeirri sáru vöntun, sem er á þessari tegund húsnæðis, fresta því um óákveðinn tíma, meðan verið er að semja ný ákvæði um hámark húsaleigu, eða fella l. úr gildi, þannig að hægt væri að gefa þessa reglugerð út og hefja þessa nauðsynlegu starfsemi, sem heimiluð er með þessu lagaákvæði. Síðari leiðin var valin, en húsnæðismálastjórn, eins og ég áðan sagði, um leið falið að gera till. að nýjum lagaákvæðum um þetta atriði.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 24. fundi í Nd., 30. nóv., var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 30 shlj. atkv. og til heilbrigðis- og félagsmálanefndar með 32 shlj. atkv.

Á 30. fundi í Nd., 14. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 6, n. 172, 137, 168, 177).

Frsm. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Frv. þetta um breyt. á l. nr. 19 frá 10. maí 1965, um húsnæðismálastofnun ríkisins, er flutt í samræmi við yfirlýsingu þá, sem ríkisstj. gaf á liðnu sumri í sambandi við lausn á samningum verkalýðsfélaga og atvinnurekenda um kaup og kjaramál.

1. gr. frv. felur í sér, að ríkisstj. er heimilað að láta byggja hagkvæmar, ódýrar íbúðir í fjölbýlishúsum í samvinnu við hlutaðeigandi sveitarfélög.

Um 2. gr. frv. er það að segja, að í hinu svonefnda júnísamkomulagi á árinu 1964 var ákveðið, að ríkissjóður skuli árlega leggja byggingarsjóði ríkisins eða húsnæðismálastjórn til 40 millj. kr., sem aflað væri með skatti á fasteignir eða á annan hátt. Í framhaldi þessarar yfirlýsingar var sú ákvörðun tekin, að þessu framlagi úr ríkissjóði, að fjárhæð 40 millj. kr., skuli varið til húsnæðismálastofnunarinnar, og til þess að mæta þessum útgjöldum skal miða eignarskatt við gildandi fasteignamat þrefaldað, eins og segir í 4. gr. l. um húsnæðismálastofnun ríkisins frá 10. maí 1965. Í ljós hefur komið, að með þreföldu fasteignamati kemur þessi skattur til með að gera í tekjur aðeins 16—19 millj. kr., og vantar því 21—24 millj. kr. til þess að ná því framlagi, sem upprunalega var ákveðið, og er því í frv. lagt til, að í stað þrefaldaðs fasteignamats komi sexfaldað, og er með því talið, að þá verði þessar tekjur um 40 millj. kr.

3. gr. frv. er um það, að lánsfjárhæð til íbúða að upphæð 280 þús. kr. er miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar 1. júlí 1964 og skal framvegis hækka eða lækka, eftir því sem vísitalan kann að breytast. Samkv. þessu verður vísitöluákvæði reiknað á hverja árgreiðslu lántakanda, og það má segja, að eðlilegt sé, að vísitölureikningur sé tekinn upp í sambandi við þessi lán, þar sem á ný hefur verið tekinn upp vísitölureikningur á allar launagreiðslur. Enn fremur mætti ætla, að ef verðhækkanir ættu sér stað, hefði ráðstöfunarfé byggingarsjóðs orðið sífellt minna, þar sem árlegar tekjur sjóðsins, eins og skyldusparnaðurinn, sem hækkaði á s. l. ári úr 6% í 15%, eru verðtryggðar. Þá er það ákvæði, að láglaunafólk í verkalýðsfélögunum skuli hafa forkaupsrétt að íbúðum þeim, sem byggðar verða samkv. 1. gr. þessa frv., og jafnframt skuli veita þessu fólki lán, sem nemur allt að 80% af verðmæti íbúðanna.

Í 4. gr. frv. eru nánari ákvæði um lán, sem veitt eru meðlimum verkalýðsfélaganna, svo sem að lánstíminn sé 33 ár og lánin afborgunarlaus fyrstu 3 árin.

Í þau 10 ár, sem húsnæðismálastofnunin hefur starfað, hafa lán til íbúða tekið miklum breytingum. Fyrst var lánað almennt 70 þús. kr. á íbúð, síðan voru lánin hækkuð í 100 þús. kr., og eftir 1. ágúst 1961 voru þau hækkuð í 150 þús. kr. og giltu þau hámarkslán til íbúða, sem

byrjað var á fram til 1. apríl 1964, en þá voru hámarkslán hækkuð í 200 þús. kr. En frá síðustu áramótum er hámarkslánið komið í 280 þús. kr. Í ákvæðum til bráðabirgða í þessu frv. segir, að næstu 5 árin skuli lánsfjárhæðir samkv. 7. gr., 280 þús. kr., hækka um eigi lægri fjárhæð á ári hverju en 15 þús. kr., þó að vísitala byggingarkostnaðar valdi ekki svo mikilli hækkun lánsfjárhæðarinnar, og jafnframt, að þeir, sem hófu byggingarframkvæmdir á tímabilinu frá 1. apríl til 31. sept. 1964, skuli eiga kost á viðbótarláni hjá húsnæðismálastofnun ríkisins, sem nemur 50 þús. kr. Það verður ekki annað sagt en lánsfjárupphæðir og öll lánskjör lána húsnæðismálastofnunarinnar hafi tekið miklum breytingum til þess betra fyrir þá, sem eru að byggja og koma sér upp íbúðarhúsnæði.

Heilbr.- og félmn. hefur rætt þetta frv. á tveimur fundum og er sammála um að mæla með því, að það verði samþ., en 3 nm., Hannibal Valdimarsson, Jón Skaftason og Ágúst Þorvaldsson, áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja brtt., sem þeir hafa þegar flutt og munu að sjálfsögðu skýra, en allir nm. lýstu yfir samþykki sínu við frv., en gerðu þessar tilteknu aths., sem fram koma í þeirra brtt.

Persónulega hefði ég gjarnan viljað flytja brtt. við þetta frv. eða sérstaklega við l. um húsnæðismálastofnunina frá síðasta þingi, en þar segir, að húsnæðismálastjórn geti enn fremur veitt sveitarfélögum og Öryrkjabandalagi Íslands lán til byggingar leiguhúsnæðis í kaupstöðum og kauptúnum. Það kemur á daginn, að í hinum smærri sveitarfélögum hafa þau ekki forustu um það að byggja leiguhúsnæði, og hefði verið mjög eðlilegt, að það væru byggingarfélög, t. d. atvinnufyrirtæki á þeim stöðum. En ég vil ekki tefja fyrir þessu máli, af því að það er komið svo nærri þinghléi og það þyrfti þá að fara aftur til Ed., en vil mjög mælast til þess við hæstv. félmrh., að við næstu endurskoðun þessara l. yrði tekið meira tillit til þessara sjónarmiða gagnvart hinum smærri sveitarfélögum og atvinnufyrirtækjum á þeim stöðum, þar sem annar hvor aðilinn getur ekki ráðizt í slíkar byggingar, heldur þurfi í þessu tilfelli að hafa samvinnu og samstarf milli þessara aðila.

Ég ætla svo ekki að fjölyrða frekar um þetta mál, en legg til, að því verði vísað til 3. umr. að lokinni þessari umr.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Eins og þegar hefur verið greint frá, skilaði heilbr.- og félmn. d. sameiginlegu nál. um þetta frv., en ég og tveir aðrir nm. áskildum okkur rétt til þess að flytja eða fylgja brtt., sem fram kynnu að koma. Niðurstaðan af þessu er sú, að ég hef fyrir mitt leyti ákveðið að flytja eina brtt. við þetta frv. Hún er við 3. málsgr. 3. gr. frv. og er á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta, — hún er á þskj. 168:

„Láglaunafólk í verkalýðsfélögum skal hafa forkaupsrétt að íbúðum þeim, sem byggðar eru samkv. 3. málsgr. 3. gr. laga þessara, og eiga meðlimir verkalýðsfélaga rétt á lánum til kaupa á íbúðunum, og skal upphæð þeirra nema ⅘ hlutum af verðmæti íbúða og sé gatnagerðargjald þá talið með verðmæti íbúðanna. Lánin séu ekki vísitölubundin.“

Þetta frv. er byggt á yfirlýsingu, sem hæstv. ríkisstj. gaf í sambandi við samninga við stéttarfélög á s. l. vori. Yfirlýsingin er ekki byggð á samkomulagi, sem varð um þau mál, sem hún fjallar um, heldur um hugmyndir, sem fram voru bornar af sérstakri nefnd frá hálfu verkalýðsfélaganna. Yfirlýsingin fjallar því eingöngu um það, sem hæstv. ríkisstj. féllst á af þessum hugmyndum, og má segja, að yfirlýsingin sé alveg eins og ríkisstj. lofaði að beita sér fyrir, þegar samningarnr voru undirritaðir. En hún er vitanlega ekki í samræmi við þær kröfur, sem samningamenn verkalýðsfélaganna í sambandi við þessar hugmyndir gerðu. Lánin skulu vera allt að 80% af kostnaðarverði íbúða, og er það í samræmi við orðalag í yfirlýsingunni, en þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Þeir meðlimir verkalýðsfélaga, sem fá kost á að kaupa þær 200 íbúðir á ári, sem að framan greinir, skulu eiga kost á allt að 80% láni út á verðmæti íbúðanna að meðtöldu gatnagerðargjaldi.“ En síðan segir: „Útborgun sé þannig hagað, að 5% greiðist ári áður en inn er flutt, en síðan 5% á ári í 3 ár. Lán húsnæðismálastjórnar út á íbúðir þessar sé afborganalaust, meðan á útborgun stendur. Samið verði við atvinnuleysistryggingasjóð um lánveitingar út á þessar íbúðir, er komi til viðbótar lánum frá húsnæðismálastjórn. Í samningum þessum sé tryggt, að lán út á þessar íbúðir geti orðið a. m. k. til 33 ára, þ. e. a. s. 3 afborgunarlaus ár, en endurgreiðsla á 30 árum. Að öðru leyti séu kjörin þau sömu og á lánum húsnæðismálastjórnar á hverjum tíma.“

Af þessu sjá menn, að þarna er í raun og veru slegið föstu, hvernig þessi 20%, sem byggjendurnir eiga að leggja fram, skuli greiðast: 5% ári áður en inn er flutt, en síðan 5% á ári í 3 ár. Það byggist eiginlega á því, að það sé ekki hámarkstala, 80%, heldur sé 80% lán og 20% framlag frá einstaklingum, þó að það sé að hinu leytinu orðað sem hámark. Í samræmi við þetta er mín brtt. um, að kaupendur íbúðanna skuli eiga rétt á ⅘ hlutum af verðmæti íbúða að meðtöldu gatnagerðargjaldi. En það, sem er nýtt, og það, sem var ein af kröfum samningamanna verkalýðsfélaganna í vor, var, að þessi lán, eins og lán til íbúða í sveitum og eins og lán samkv. l. um verkamannabústaði, sem hafa verið endurskoðuð af hæstv. ríkisstj., eftir að júnísamkomulagið var gert, og vísitölukvöðin þar með lögð á hin almennu húsnæðismálalán, skuli vera óvísitölubundin. Það er kannske meginatriði þessarar brtt. minnar, af því að ég tel það sanngjarnt, vegna þess að hér er um sérstakar aðgerðir til lausnar á húsnæðismálum láglaunafólks í verkalýðsfélögum að ræða, og þá megi þau lán á engan hátt vera óhagstæðari en lán samkv. l. um verkamannabústaði.

Ágúst Þorvaldsson: Herra forseti. Eins og fram kemur í nál. og hv. frsm. n. gat um réttilega, höfum við fulltrúar Framsfl. í heilbr.- og félmn. skrifað undir nál. og viljum láta frv. ná fram að ganga. Hins vegar viljum við gera á

því nokkrar breytingar og höfum lagt fram um það till. á sérstöku þskj.

Við viljum ekki, að fasteignamat til álagningar eignarskatts verði sexfaldað, og teljum það hafa verið nógu mikið, sem gert var að því í fyrra að hækka fasteignamatið með því að þrefalda það, — viljum ekki láta ganga lengra í því efni. Í fyrra var sett ákvæði í löggjöf um húsnæðismálastofnun ríkisins til breytinga á eignarskattsl., eins og kunnugt er, og við viljum ekki láta ganga lengra í því efni en að fasteignamatið sé þrefaldað. Þá vil ég líka geta þess, að ég tel, að sveitarfélög landsins hafi ástæðu til þess að telja, að þeim hafi fyrir ekki löngu verið gefin fyrirheit um að mega sitja að fasteignaskatti, en með þessari innheimtu finnst mér, að það fyrirheit sé sniðgengið. Þess vegna leggjum við til, eins og fram kemur í till. okkar á þskj. 177, að 2. gr. verði felld niður úr frv.

Í 6. gr. frv. er ákvæði um, að húsaleigul. falli úr gildi. Það er rétt, að þessi húsaleigulög munu yfirleitt ekki mikils virt, enda hefur margt breytzt síðan þau voru sett. Þó hef ég heyrt, að Reykjavíkurborg muni fara eftir þessum l. og selja hús á leigu samkv. ákvæðum l. Við teljum, að það fari illa á því að afnema l., en teljum hins vegar, að það væri nauðsynlegt, að það færi fram endurskoðun á þessum l. og breytingar í samræmi við það, sem breyttir tímar kunna að krefjast. Okkur skilst, að ákvæðið um afnám þessara l. núna, án þess að hafa nokkurt tækifæri til endurskoðunar á þeim, sé sprottið af því, að það þurfi að gera strax löglegt að setja í reglugerð sérstök ákvæði vegna leiguhúsnæðis, sem sveitarfélög og Öryrkjabandalag Íslands reisa fyrir lán frá húsnæðismálastjórn samkv. 7. gr. húsnæðismálastofnunarl., og gert ráð fyrir endurskoðun húsaleigl. Eins og ég þegar hef tekið fram, byggjum við þessar brtt. á þeim skoðunum okkar, og eru brtt. skráðar á þskj. 177. Ég sé svo ekki ástæðu til þess að hafa um þetta fleiri orð.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Hér er rætt um breytingar á húsnæðismálalöggjöfinni. Margir þurfa að leita eftir byggingarlánum, og þeir eru dreifðir um land allt, en heimili húsnæðismálastjórnar er hér í Reykjavík, svo sem eðlilegt má þykja. Þangað þurfa menn hvaðanæva af landinu að senda lánaumsóknir og þau mörgu skjöl, sem þar með þurfa að fylgja. Þegar svo húsnæðismálastjórn hefur úthlutað lánum, skilst mér, að þau séu öll afgreidd á einum stað, í einum banka í Reykjavík. Hvar sem menn eru búsettir á landinu, þurfa þeir að koma til Reykjavíkur til að veita lánum sínum móttöku eða hafa þar umboðsmenn til að taka á móti lánunum. Mér kemur í hug, að með þessu fyrirkomulagi séu mörgum mönnum gerð óþarflega erfið viðskiptin við húsnæðismálastjórn. Bankaútibú eru nú starfandi mjög víða um land. Gæti það ekki verið hentugt, að húsnæðismálastjórn semdi um það við bankaútibúin, að þau veittu viðtöku lánaumsóknum hver á sínu viðskiptasvæði og þau afgreiddu einnig lánin, eftir að húsnæðismálastjórn hefði samþykkt lánveitingarnar? Starfsmenn bankaútibúanna eru sjálfsagt eins færir um að ganga frá lánsskjölum og starfsbræður þeirra í höfuðborginni. Mér sýnist, að ef þessi háttur væri upp tekinn, mundi það auðvelda mönnum víða um land að ná í byggingarlánin. Ég vildi nú leyfa mér að mælast til þess við þá hv. n., sem hefur fjallað um þetta frv., að hún íhugi fyrir 3. umr., hvort hún gæti ekki fallizt á að flytja till. um ákvæði í frv. um þessa milligöngu bankaútibúanna, sem ég hér hef nefnt.

Jónas Pétursson: Herra forseti. Ég lagði hér fram eina litla brtt. fyrir nokkru og vænti þess nú reyndar, að n. mundi taka hana upp og gera að sinni. Þetta hefur ekki orðið, en þetta er aðeins um eitt orð, sem ég lagði til að félli niður úr 1. gr., þar sem sagt er: „án óþarfa íburðar.“ Mér finnst þetta „óþarfa“ ekki eiga þarna að vera, vera eiginlega mjög til lýta. En nú er ætlunin, að þetta frv. verði lögfest fyrir jól, og það er mjög liðið á þingtíma, og enn fremur, þar sem mér hefur verið tjáð, að fyrir liggi enn heildarendurskoðun á þessari löggjöf, hef ég ákveðið að taka þessa till. aftur í góðu trausti þess, að þetta verði tekið til greina, þegar heildarendurskoðun á löggjöfinni fer fram.

ATKVGR.
Brtt. 137 tekin aftur.
1. gr. samþ. með 34 shlj. atkv.
Brtt. 177,1 felld með 20:15 atkv.
2. gr. samþ. með 20:11 atkv.
Brtt. 168 felld með 19:14 atkv.
3. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
4.—5. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.
Brtt. 177,2 felld með 20:10 atkv.
6. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 177,3 felld með 20:11 atkv.
Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 33 shlj. atkv.

Á 31. fundi í Nd., 15. des., var frv. tekið til 3. umr.

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Hv. 1. þm. Norðurl. v., Skúli Guðmundsson, óskaði þess við umr. hér í gær, að heilbr.- og félmn. athugaði fyrir 3. umr., hvort hægt væri að koma því ákvæði inn í l., að frá lánum húsnæðismálastjórnar yrði einnig gengið í útibúum banka víðs vegar um landið og að þau yrðu einnig greidd út þar.

Heilbr.- og félmn. kom saman til fundar í morgun og athugaði þetta atriði, en treysti sér ekki til að flytja till. við 3. umr., sem hefði þessa breyt. í för með sér. Hins vegar var rætt við fulltrúa veðdeildar Landsbankans varðandi þetta atriði, og benti hann á, að í reglugerð frá 25. maí 1965 væri til þess ætlazt, að lánastofnanir og sparisjóðir eða útibú bankanna veittu nokkra fyrirgreiðslu í sambandi við veðdeildarlánin.

15. gr. reglugerðarinnar hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Lán þau, sem veitt eru úr veðdeildarflokkum þessum, skulu greidd í peningum að frádregnum

gjöldum við lántökuna skv. reglum deildarinnar. Lántaki getur, ef hann óskar þess, fengið að undirrita skuldabréf fyrir lánum og fengið andvirði þeirra útborgað í þeim sparisjóði eða bankaútibúi, sem hann skiptir við. Ber honum þá að tilkynna veðdeildinni það. Enn fremur er honum heimilt að greiða vexti og afborganir af lánum á sama stað."

Fulltrúi veðdeildarinnar upplýsti, að það væri orðin mjög algeng regla og algengast nú, að bankaútibú og sparisjóðir víðs vegar um landið önnuðust þessa fyrirgreiðslu, þannig að lántakandi skilaði þessum aðilum þeim skjölum, sem tilskilin eru eða krafizt er í sambandi við veðdeildarlánin, — afhenti þessum aðilum þau skjöl, sem síðan sendu þau til veðdeildarinnar og fengju til baka útfyllt skuldabréfin, sem þá væru undirrituð í lánsstofnunum víða um landið og lánin greidd þar viðkomandi aðilum.

Það virðist því vera, að sú fyrirgreiðsla, sem hv. 1. þm. Norðurl. v. benti á að nauðsynleg væri, sé komin í praxis í mjög víðtækum mæli, þó að lánin séu enn þá reiknuð út og skuldabréfin skrifuð hjá veðdeild Landsbankans hér í Reykjavík. Fulltrúi veðdeildarinnar taldi, að það mundi vera mjög erfitt að koma því við og ekki víst, að bankaútibú úti á landi kærðu sig um að reikna þessi lán út og tryggja það, að öll skjöl og allir skilmálar í sambandi við lánin væru eins og til væri ætlazt. Hins vegar væri þetta orðin hin venjulegasta leið, sem lántakar færu, að þeir fengju þessa fyrirgreiðslu bæði hjá bankaútibúum og sparisjóðum.

Einnig tjáði fulltrúi veðdeildarinnar mér í þessu viðtali, að bæði bankaútibú og sparisjóðir úti um landið fengju alltaf lista yfir öll lán, sem veitt væru á því félagssvæði, þar sem þessar stofnanir störfuðu, þannig að aðilar gætu greitt afborganir og vexti af lánum bæði hjá sparisjóðum og bankaútibúum, og væri einnig þetta orðið langalgengast, að greiðslur lána kæmu í gegnum þessa aðila, sem þá einnig í því sambandi veittu þessa fyrirgreiðslu.

Eins og ég sagði áðan, treysti n. sér ekki, að fengnum þessum upplýsingum, til að flytja brtt. við frv. við 3. umr.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 26 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 197).

5. Almannatryggingar (stjfrv.).

Á 17. fundi í Ed., 16. nóv., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 40 30. apríl 1963, um almannatryggingar [68. mál] (stjfrv., A. 80).

Á 18. fundi í Ed., 18. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér um ræðir, er ekki mikið að vöxtum, en eins og fram kemur í aths. við frv. eru það einkum tvenns konar breytingar, sem frumvarpið felur í sér, ef samþykkt verður.

Með frv. er lagt til, að sjúkrasamlögunum verði skylt að greiða verulegan hluta af óhjákvæmilegum ferðakostnaði lækna, þegar ferð læknis til sjúklings er yfir ákveðnu marki, sem hér er ákveðið 10 km, eða nota verður skip eða flugvélar við ferðina, eins og þar segir, og flutningsþörf er brýn og líðan sjúklings svo varið, að hann verði ekki fluttur eftir venjulegum farþegaleiðum.

Hér er um að ræða skýrari ákvæði en eru í gildandi l. um læknavitjanasjóði og allverulega rýmkun frá því, sem þar er ákveðið, en það hefur verið álit manna, að þeir hafi komið að heldur litlum notum miðað við þær starfsreglur, sem þeim hafa verið settar á undanförnum árum.

Þá er einnig gert ráð fyrir því í frv. þessu, að Tryggingastofnun ríkisins annist styrkveitingar til örkumla manna og fatlaðra, sem þarfnast gervilima, umbúða eða annarra þess háttar tækja, svo og til lamaðra, sem þarfnast æfingarmeðferðar með viðeigandi nuddi og rafmagnsaðgerðum utan sjúkrahúss, sbr. annað stjórnarfrv., sem er 3. mál á dagskránni, um ríkisframfærslu, og væntanlega verður tekið fyrir hér á eftir.

Vegna þess að mörg sjúkrasamlögin eru svo fámenn, að gera verður ráð fyrir, að þau geti ekki ávallt risið undir þeim kostnaði, sem leitt gæti af ákvæðum þessa frv., er lagt til, að héraðssamlögin greiði sjúkrasamlögunum ¾ hluta þess kostnaðar, sem af 2. gr. frv. leiðir, en Tryggingastofnun ríkisins veitir í dag lífeyri og styrk til öryrkja, og virðist eðlilegt, að hún veiti einnig styrki þá til örkumla manna og fatlaðra, sem greinir frá í 3. gr. þessa frumvarps.

Ég tel á þessu stigi ekki frekar þörf á að útskýra frv. nánar. Með því er allýtarleg grg. ásamt yfirliti um, hvernig þessum útgjöldum hefur áður verið skipt milli læknavitjanasjóða og lífeyrisdeildar almannatryggingganna, og nægir í því efni að vísa til þeirra tölulegu upplýsinga, sem þar liggja fyrir.

Herra forseti. Ég legg til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og félmn.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Ég vildi aðeins leyfa mér að láta í ljós, að ég tel, að hér sé stórt mál á ferðinni. Ég álít þá breyt., sem felst í þessu frv., vera spor í rétta átt, og tel, að hér sé um að ræða endurbót á tryggingakerfinu. Ég tek alveg undir það, sem kom fram hjá hæstv. ráðh., að læknisvitjanasjóðirnir hafa reynzt ófullnægjandi, þó að það hafi að baki þeim búið góð hugsun, og ég tel þá breyt., sem ráðgerð er í þessu efni, eðlilega. Ég tel þess vegna sjálfsagt að veita þessu frv. allan stuðning og alla þá fyrirgreiðslu, sem hægt er, og ég get um leið látið í ljós, að hið sama á við um það frv., sem næst stendur hér á dagskrá á eftir.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 15 shlj. atkv.

Á 21. fundi í Ed., 29. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 80, n. 97).

Frsm. (Friðjón Skarphéðinsson): Herra forseti. Frv. þetta fjallar um viðauka við 49. gr. l. nr 40 1963, um almannatryggingar, og breyt. og viðauka við 78. gr. sömu laga. Þegar 1. umr. fór fram hér í þessari hv. deild, gerði hæstv. ráðherra grein fyrir efni frv. Til upprifjunar skal þó enn rakið efni þess í höfuðdráttum.

Efnisatriði má segja að séu í fyrsta lagi þrjú, og þá fyrst og fremst, að í frv. felst það, að sjúkrasamlögum skuli skylt að greiða verulegan hluta af óhjákvæmilegum ferðakostnaði lækna til sjúklinga og flutningskostnað með sjúklinga í sjúkrahús. Héraðssamlögin skulu síðan endurgreiða sjúkrasamlögunum ¾ hluta þess kostnaðar, sem á þau fellur vegna ferðakostnaðar samlagslækna og flutningskostnaðar sjúklinga, eftir sömu reglum og það endurgreiðir sjúkrahúskostnað. Sum sjúkrasamlög munu nú þegar greiða hluta af þessum kostnaði, en slíkt hefur þó ekki verið lögskipað, svo sem ráð er fyrir gert í frv. Kostnaður sá, sem hér um ræðir, er að sjálfsögðu nauðsynlegur, eins og læknisþjónustan sjálf, og því eðlilegt, að sjúkratryggingarnar nái einnig yfir hann.

Í öðru lagi gerir frv. ráð fyrir, að læknisvitjanasjóðir verði lagðir niður. Skulu þeir renna til viðkomandi héraðssamlaga eða sjúkrasamlaga. Er það eðlileg afleiðing þess, að frv. gerir ráð fyrir, að sjúkrasamlögin taki að sér hlutverk læknisvitjanasjóða, og ekki þykir æskilegt, að fleiri aðilar hafi með höndum sama hlutverk á þessu sviði.

Í þriðja lagi gerir frv. ráð fyrir, að Tryggingastofnun ríkisins annist styrkveitingar til örkumla manna og fatlaðra til kaupa á gervilimum, umbúðum og öðrum slíkum tækjum, svo og til lamaðra, sem þarfnast æfingarmeðferðar, nudds og rafmagnsaðgerða utan sjúkrahúsa. Þessar styrkveitingar eru nú á vegum ríkissjóðs skv. l. um ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla. Talið er eðlilegt, að Tryggingastofnun ríkisins hafi á sínum vegum kostnað þann, sem l. um ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla leggja á ríkissjóð, og er því frv. þetta spor í þá átt, að Tryggingastofnunin taki þetta verkefni að sér.

Heilbr.- og félmn. hefur fjallað um frv. og leggur einróma til, að það verði samþ. Einn nm., hv. 4. þm. Vestf., var fjarstaddur, þegar n. afgreiddi málið frá sér. Gildistökuákvæði frv. er 1. jan. 1966. Tími til stefnu er því skammur og því æskilegt, að frv. sæti ekki ástæðulausum töfum í meðferð Alþingis.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 22. fundi í Ed., 30. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 23. fundi í Ed., 6. des., var frv. aftur tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 25. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 26. fundi í Nd., 7. des., var frv. tekið til 1. umr.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér um ræðir, er komið frá hv. Ed. eftir mjög skjóta og góða afgreiðslu þar, þar sem d. var einróma samþykk að mæla með samþykkt frv. óbreytts, eins og það var lagt fyrir.

Frv. þetta ber að skoða í nánu samhengi við næsta lið á dagskránni, þ. e. a. s. að hafa hliðsjón af frv. um ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla, en bæði frv. eru niðurstaða af endurskoðun, sem á sínum tíma var samþ. á Alþ. að láta fram fara á þessum lögum.

Meginefni þessa frv. er það, að sjúkrasamlögum verði skylt að greiða verulegan hluta af óhjákvæmilegum ferðakostnaði lækna, og er þá höfð hliðsjón af því, að læknavitjanasjóðir, sem stofnaðir voru með l. frá 1942, hafa reynzt vera þess illa færir að gegna því hlutverki, sem þeim var ætlað, vegna fjárskorts.

Í öðru lagi er það efni frv., að Tryggingastofnun ríkisins annist styrkveitingar til örkumla manna eða fatlaðra, sem þarfnast gervilima, umbúða eða annarra þess háttar tækja, svo og til lamaðra, sem þarfnast æfingameðferðar með viðeigandi nudd- og rafmagnsaðgerðum utan sjúkrahúsa.

Ég tel ekki þörf á því, svo nákvæm grg. sem er með frv. þessu, að hafa um þetta lengri framsöguræðu, en óska þess eindregið, að n. hraði svo afgreiðslu málsins, að frv. megi hljóta endanlega afgreiðslu fyrir jólafrí, og legg til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og heilbr.- og félmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 22 shlj. atkv.

Á 30. fundi í Nd., 14. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 80, n. 156).

Frsm. (Birgir Finnsson): Herra forseti. Heilbr.- og félmn. d. mælir einróma með samþykkt þessa frv. og telur þær breytingar, sem í því felast, vera til bóta. En þær eru einkum tvenns konar: Í fyrsta lagi, að sjúkrasamlögunum verði skylt að greiða verulegan hluta af óhjákvæmilegum ferðakostnaði lækna, þegar ferð læknis til sjúklings er lengri en 10 km, og í öðru lagi, að Tryggingastofnun ríkisins annist styrkveitingar til örkumla manna eða fatlaðra, sem þarfnast gervilima, umbúða eða annarra þess

háttar tækja, en slíkir styrkir hafa áður verið greiddir af ríkisframfærslunni. Báðar þessar breyt. er heilbr.- og félmn. sammála um að séu til bóta, og í einstökum atriðum hefur n. ekkert við frv. að athuga.

Það kom þó fram við umr. í n. í sambandi við 2. gr., i-lið, að einhver kynni að misskilja orðalag niðurlagsins á gr., þar sem stendur svo: „Óhjákvæmilegan flutningskostnað sjúks samlagsmanns í sjúkrahús innanlands að ¾ hlutum, enda sé flutningsþörf svo bráð og heilsu hins þjáða svo varið, að hann verði ekki fluttur eftir venjulegum farþegaflutningaleiðum að dómi samlagslæknis og sjúkrasamlagsstjórnar.“ Um það var rætt í heilbr.- og félmn., að þetta mætti ekki skilja svo, að þegar þyrfti að flytja fársjúkan mann, væri nauðsynlegt að kalla saman sjúkrasamlagsstjórn hverju sinni. Það gæti orðið þungt í vöfum. Hins vegar voru nm. sammála um að leggja þann skilning í þetta orðalag, að það væri fyrst og fremst læknirinn, sem tæki ákvörðunina um flutning sjúklingsins, þegar með þyrfti, en sjúkrasamlagsstjórnin, sem úrskurðaði síðar um greiðsluna, þótt þetta sé orðað í frv. í einni setningu. Með þessum skilningi á þessari tilvitnuðu gr. mælir heilbr.- og félmn. eindregið með því, að frv. verði samþykkt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 29 shlj. atkv
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 31 shlj. atkv.

Á 31. fundi í Nd., 15. des., var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 28 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 198).

---

6. Ríkisframfærsla sjúkra manna og örkumla.

Á 17. fundi í Ed., 16. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 78 7. maí 1936, um ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla [69. mál] (stjfrv., A. 81).

Á 18. fundi í Ed., 18. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Með afnámi skerðingarákvæðanna í l. um almannatryggingar, sbr. l. nr. 86 28. des. 1960, var opinberlega staðfest, að efnahagur bótaþega skyldi sem meginregla ekki hafa áhrif á upphæð bóta.

Með þessu frv. er einnig lagt til, að efnahagsviðmiðun verði felld niður í sambandi við ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla. Þá er enn fremur lagt til með frv., að úr þessum l. verði fellt ákvæði um styrki til þeirra, er þarfnast gervilima, umbúða og annarra þess háttar tækja, svo og þá styrki til sömu aðila, sem frá var greint í framsögu fyrir næsta dagskrármáli hér á undan, um breyt. á l. um almannatryggingar. Þess í stað er nú samhliða þessu frv. flutt það frv. og gert ráð fyrir því, að Tryggingastofnun ríkisins greiði framvegis umrædda styrki og þá aðstoð, sem þar er frá greint.

Upphaflega var ríkisframfærslunni ætlað að aðstoða einungis í baráttunni við berklaveiki. Með árunum var starfssvið hennar stækkað, vegna þess að sjúkratryggingar voru annaðhvort engar eða mjög ófullnægjandi. Endanlegt mark í þessum efnum hlýtur hins vegar að vera það, að sjúkrasamlögin taki alveg að sér hjálp vegna sjúkra og sú verkefnaskipting, sem ríkt hefur í þessum málum, verði afnumin. Með því mætti væntanlega spara vinnu og óþarfa skriffinnsku án þess að skerða í raun og veru aðstoðina við hina sjúku, nema síður sé.

Síðari breyt. frv. er varðandi hina svonefndu gervilimastyrki og styrki vegna æfingameðferðar. Tryggingastofnun veitir lífeyri og styrki til öryrkja, og virðist jafnframt eðlilegt, að hún sjái um styrkveitingar í þessu skyni, svo sem frá var greint í framsögu fyrir breyt. á l. um almannatryggingar.

Á árinu 1965 voru áætlaðir gervilimastyrkir taldir nema um 2.5 millj. kr. Það er nú með frv. þessu gert ráð fyrir að létta þessum útgjöldum beint af ríkissjóði. Sú styrkjaaukning, sem kann að leiða af tilfærslum þessum, á því ekki að þurfa að auka útgjöld ríkissjóðs, nema síður sé.

Svo sem fram er tekið í grg. fyrir frv., hefur ríkisstj. nú til athugunar, að ríkisframfærslan sem slík verði lögð niður, a. m. k. í því formi, sem hún nú er. Þess í stað verði Tryggingastofnun ríkisins falið að hefja undirbúning að því, að sjálfar sjúkra- og lífeyristryggingarnar geti tekið við hlutverki ríkisframfærslunnar ekki síðar en á árinu 1967. Ef það þætti þó eftir þá endurskoðun betur henta, mætti áfram greiða kostnað vegna berklasjúklinga, geðveikra og fávita af ríkisframfærslunni.

Ég legg til, herra forseti, eða það er ósk mín, að afgreiðslu þessara frv. beggja verði hraðað svo sem unnt er, þannig að það megi hljóta endanlega afgreiðslu hér á hv. Alþingi fyrir n. k. áramót. Ég ætla að gera það að till. minni, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. heilbr.- og félmn.

Alfreð Gíslason: Herra forseti. Þess ber að geta, sem vel er gert, og ég vil láta í ljós ánægju mína með framkomu þessa frv. Með því er stigið fyrsta skrefið í þá átt að afnema úrelt og ranglát ákvæði í l. um ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla.

Aðalefni þessa frv. er, eins og hæstv. félmrh. tók fram, afnám skerðingarákvæðis, þess ákvæðis, að langlegusjúklingar skuli ekki njóta ríkisframfærslu, nema þeir séu örsnauðir. Þetta er í sjálfu sér mikilsvert atriði, að færa það til

rétts vegar og til samræmis við það, sem gildir um sams konar tilvik í almannatryggingalögunum.

Hitt er þó ekki minna virði en efni sjálfs frv., það sem kemur fram í grg., en þar er því eindregið heitið af hálfu hæstv. ríkisstj., að áfram skuli haldið á þessari braut og að önnur úrelt og óréttlát ákvæði í þessum l. um ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla skuli afnumin og l. í heild samræmd l. um almannatryggingar. En þetta á að ske ekki síðar en á árinu 1967. Ég sem sagt þakka hæstv. ríkisstj. fyrir að hafa flutt þetta mál inn í þingið nú og fagna því, að lofað skuli fullu afnámi þessara úreltu ákvæða.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 15 shlj. atkv.

Á 21. fundi í Ed., 29. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 81, n. 98).

Frsm. (Friðjón Skarphéðinsson): Herra forseti. 1. gr. frv. felur í sér þá breyt. á l. um ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla, að niður verði felldur 3. tölul. 1. gr. l. nr. 78 1936, um ríkisframfærsluna, sem kveður svo á, að styrkur skv. l. skuli veittur örkumla mönnum, sem þarfnast gervilima, umbúða og annarra þess háttar tækja. Er þetta í samræmi við frv. um breyt. á l. um almannatryggingar, sem var hér til 2. umr. næst á undan þessu frv., þar sem gert er ráð fyrir, að sjúkratryggingarnar taki að sér þetta hlutverk.

Í grg. frv. er þess getið, að ríkisstj. hafi nú ákveðið að vinna að því, að Tryggingastofnun ríkisins taki að sér að mestu eða öllu leyti hlutverk l. um ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla, og er þetta þá spor í þá átt, sem hér er verið að stíga.

Í 2. gr. frv. felst sú meginbreyt., að afnema skuli efnahagsviðmiðun í sambandi við ríkisframfærsluna, og er það í samræmi við þá meginreglu, sem upp var tekin í l. um almannatryggingar, nr. 86 28. des. 1960, að efnahagur bótaþega skuli ekki skipta máli í sambandi við greiðslur frá tryggingunum.

3. gr. frv. gerir ráð fyrir breyt. á 3. gr. l. til samræmis breyt. á 2. gr. um niðurfellingu efnahagsviðmiðunar. Af því leiðir m. a., að ekki verður lengur þörf fyrir efnahagsskýrslur sjúklinga, sem þeir verða að láta í té skv. gildandi lögum.

4., 5. og 6. gr. fjalla um nauðsynlegar breyt. á 6., 7. og 8. gr. l. til samræmis við meginbreyt í 1. og 2. gr. frv.

Í 7. gr. er ákveðið, að 9. gr. l. falli niður, en í því felst það, að framfærslusveit styrkþega skv. l. um ríkisframfærslu svo og ríkissjóður skuli ekki eiga rétt á endurgreiðslu úr dánarbúi þeirra, sem ríkisframfærslu hafa notið, en slíkan rétt eiga þessir aðilar nú í vissum tilfellum.

8. gr. fjallar um gildistöku l., sem er 1. jan. 1966, og gegnir því sama máli um þetta frv. og það, sem var hér síðast til 2. umr., að æskilegt er, að það fái greiða meðferð hér í Alþ., vegna þess að tími til gildistöku er stuttur.

Heilbr.- og félmn. hefur athugað frv., borið það saman við l. og leggur til einróma, að það verði samþ. Einn nm., hv. 4. þm. Vestf., var fjarstaddur, þegar n. afgreiddi málið.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2.—8. gr. samþ. með 16 shlj. atkv
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Á 22. fundi í Ed., 30. nóv., var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 23. fundi í Ed., 6. des., var frv. aftur tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 25. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 26. fundi í Nd., 7. des., var frv. tekið til 1. umr.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Svo sem fram kom í forspjalli mínu fyrir frv. hér næst á undan á dagskránni um almannatryggingar, er frv. þetta einnig í nánu samhengi við það frv. Með afnámi skerðingarákvæða í l. um almannatryggingar, sbr. lög frá 28. des. 1960, var opinberlega staðfest, að efnahagur bótaþega skyldi sem meginregla ekki hafa áhrif á upphæð bóta. Með þessu frv. er einnig lagt til, að efnahagsviðmiðun verði felld niður í sambandi við ríkisframfærsluna. Þá er enn fremur lagt til með frv., að úr þessum l. verði fellt ákvæðið um styrki til þeirra, sem þarfnast gervilima og umbúða af því tagi, svo og aðra styrki til sömu aðila, þar sem sjúkrasamlögunum og Tryggingastofnuninni er ætlað að taka við því verkefni.

Upphaflega var ríkisframfærslunni ætlað að aðstoða í baráttu við berklaveiki, en með árunum var starfssvið hennar stækkað, vegna þess að sjúkratryggingar voru annaðhvort engar eða mjög ófullnægjandi. Endanlegt mark í þessum efnum hlýtur hins vegar að vera það, að sjúkrasamlögin taki alveg að sér hjálp vegna sjúkra og sú verkefnaskipting, sem ríkt hefur í þessum málum, verði afnumin. Með því ætti að mega spara vinnu og óþarfa skriffinnsku án þess að skerða í raun og veru aðstoðina við hina sjúku.

Svo sem tekið er fram í grg. fyrir frv., hefur ríkisstj. nú til athugunar, að ríkisframfærsla sem slík verði lögð niður, a. m. k. í því formi, sem hún nú er, þess í stað verði Tryggingastofnun ríkisins falið að hefja undirbúning að því, að sjálfar sjúkra- og lífeyristryggingarnar geti tekið við hlutverki ríkisframfærslunnar eigi síðar en á árinu 1967.

Frv. þetta var eins og hið fyrra samþ. einróma og mjög skjótlega í Ed. Alþ. og alger ein-

hugur um málið þar. Ég vænti, að það sama geti átt sér stað í þessari hv. þd. og málið fái skjóta afgreiðslu, þannig að það hljóti einnig afgreiðslu þessarar hv. d., áður en jólafrí verður gefið.

Ég legg til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og félmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 24 shlj. atkv.

Á 30. fundi í Nd., 14. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 81, n. 157).

Frsm. (Birgir Finnsson): Herra forseti. Heilbr.- og félmn. hefur fjallað um þetta frv. Það stendur í flestum atriðum í beinu sambandi við það frv., sem hér var áðan afgr. til 3. umr. Frv. felur það í sér, að horfið verði frá efnahagsviðmiðun í sambandi við ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla, enn fremur er lagt til, að niður verði felldir styrkir þeir, sem ríkisframfærslan hefur veitt til örkumla fólks, þar sem almannatryggingar taka nú við því hlutverki samkv. hinu frv.

Það má geta þess, að í sambandi við bæði þessi frv. hefði e. t. v. verið ástæða til að færa þær upphæðir, sem um er að ræða, á milli liða á 17. gr. fjárl., en í fjvn. var horfið frá því, þar sem sundurliðanir á þeim upphæðum, sem um er að ræða, annars vegar hjá Tryggingastofnuninni, en hins vegar hjá ríkisframfærslunni, eru ekki á 17. gr. fjárl. En fjvn. treystir fullkomlega þeim aðilum, sem um þetta fjalla, til þess að færa þessar upphæðir á milli í réttum upphæðum samkv. þessum tveimur frv., sem nú er verið að afgreiða frá þinginu.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta mál. Heilbr.- og félmn. leggur einróma til, að frv. verði samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.
2.—8. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 31 shlj. atkv.

Á 31. fundi í Nd., 15. des., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 28 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 199).

---

7. Vegalög (stjfrv.).

Á 21. fundi í Nd., 23. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 71 30. des. 1963 [76. mál] (stjfrv., A. 92).

Á 22. fundi í Nd., 25. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Um leið og lagt er fram frv. til l. um breyt. á vegal., nr. 71 30. des. 1963, um hækkun á aðflutningsgjöldum á benzíni og til samræmis við það hækkun á þungaskatti af þeim bifreiðum, sem hafa dísilvélar, þykir mér rétt að fara nokkrum orðum um ýmis atriði, sem snerta vegamálin almennt, um leið og það frv., sem hér hefur verið lagt fram, verður rætt.

Með vegal. 1963 var stigið stórt spor til betri vinnubragða í vegamálum, um leið og framlög til þeirra mála voru aukin um rúmlega 100 millj. kr. árlega með þeim ráðstöfunum, sem vegal. fela í sér. Með vegal. var ákveðið að skipuleggja vegagerðina og gera áætlanir, sem framkvæmdir eru byggðar á. Með því verður það fé, sem til vegamálanna er veitt, drýgra en áður. Áætlun til framkvæmda í vegamálum er gerð til fjögurra ára. Heimilt er að endurskoða áætlunina á tveggja ára fresti. Vegáætlun fyrir árin 1965—1968 er því heimilt að endurskoða haustið 1966. Samkv. vegáætlun eru í fjárl. fyrir árið 1965 veittar 47.1 millj. kr. til viðbótar þeim tekjum, sem vegasjóður fær samkv. vegal. Á árinu 1965 var 20% dregið af þessari upphæð vegna frestunar á verklegum framkvæmdum, sem ríkisstj. ákvað að skyldi snerta fjárfestingarliði fjárl. Í frv. til fjárl. fyrir árið 1966 eru áður nefndar 47.1 millj. kr. ekki teknar með í frv. Hefur hæstv. fjmrh. lýst því í fjárlagaræðu, hver ástæðan er fyrir því, að upphæðin var tekin út. Er því ekki ástæða til að fjölyrða um það atriði nánar að sinni.

Það munu allir vera sammála um, að nauðsyn beri til að afla vegasjóði tekna, sem nemur a. m. k. þessari upphæð, til þess að unnt verði að standa við vegáætlun þá, sem samþ. var á síðasta þingi. Til þess að svo megi verða, hefur ríkisstj. verið sammála um að leggja fram það frv., sem hér er um að ræða, þ. e. að hækka innflutningsgjald af benzíni um 90 aura á lítrann og þungaskatt af bifreiðum, sem nota annað eldsneyti en benzín, um 30—35%. Innflutningsgjald af benzíni verður því, ef frv. þetta verður lögfest, 3.67 kr. pr. lítra, sem rennur allt í ríkissjóð.

Flestir þm. munu hafa reiknað með því, að benzínverð yrði hækkað hér á landi til samræmis við það, sem er í nágrannalöndum. Sjálfsagt er, að þungaskattur verði hækkaður til samræmis við benzínhækkunina. Margir munu hafa talið, að benzínhækkunin biði til haustsins 1966 og væri látin fram fara í sambandi við endurskoðun vegáætlunarinnar. Að athuguðu máli munu menn verða sammála um, að það sé út af fyrir sig ekki mikið atriði, hvort hækkunin fer fram haustið 1965 eða tæplega ári seinna. Það, sem máli skiptir, er vitanlega það,

að staðið verði við að framkvæma vegáætlunina, eins og hún er úr garði gerð á hverjum tíma.

Verði þetta frv. að l., mun útsöluverð á benzíni verða um 6.90 kr. pr. lítra. Lætur þá nærri, að það sé hið sama og hjá mörgum nágrannaþjóðum okkar, en þó lægra en hjá nokkrum þeirra. Er vart við því að búast, að Íslendingar, jafnfáir sem við erum og í stóru og illa veguðu landi, höfum efni á að selja benzínið á lægra verði en þær þjóðir, sem búa í þéttbyggðum löndum. Á Íslandi er 1.9 manns á hvern ferkm lands, en til samanburðar eru um 80 manns á hvern ferkm í Danmörku. Ef við viljum hafa góða vegi, eins og vitanlega ber að stefna að, er augljóst, að hver einstaklingur í strjálbýlu landi verður að leggja meira fram til vegamálanna heldur en þar sem þéttbýlið er. Í Danmörku er útsöluverð á benzíni kr. 6.66 og hefur komið til umræðu þar að hækka benzíntollinn verulega. Í Írlandi er benzínverðið 7.28 kr., í Finnlandi 6.83 kr., í Frakklandi 8.26 kr., í Belgíu 6.49 kr., í Noregi 6.26 kr., í Svíþjóð 6.28, í Bretlandi 7.77 kr. og í Ítalíu 7.59 kr., svo að nokkur lönd séu nefnd. En vitað er, að benzínverð er oft til endurskoðunar í áðurnefndum löndum og þá ávallt í hækkunarátt.

Þær tekjur, sem gera má ráð fyrir, að fáist samkv. þessu frv., eru sem hér segir:

Ef gert er ráð fyrir 65 millj. lítra benzínsölu á næsta ári, verður tekjuaukningin af benzínsölunni 58.5 millj. kr., tekjuaukning af þungaskatti dísilbifreiða 12.2 millj. kr., eða samtals 70.7 millj. kr. á árinu 1966. En frá þessu dragast endurgreiðslur, sem byggðar eru á undanþágum á sama hátt og nú eru í gildi. Tekjuaukning af benzíni kemur ekki til nota á næsta ári nema fyrir 10 mánuði, þar sem innheimtan er alltaf ca. tvo mánuði eftir á. Nettótekjur af hækkuninni á árinu 1966 eru áætlaðar 56.5 millj. kr. Nettótekjur vegasjóðs verða því áætlaðar fyrir næsta ár 282.9 millj. kr. Tekjuöflun til vegamála samkv. vegáætlun mun hins vegar, ef frv. þetta verður að l., verða allmiklu meiri síðari tvö ár þess tímabils, sem vegáætlun nær yfir, þ. e. árin 1967 og 1968, vegna aukinnar benzínsölu og fjölgunar bifreiða, svo og koma 12 mánuðir ársins alveg fram. Þessar umframtekjur ásamt öðrum fjáröflunum til aukningar framkvæmdafjár vegamála verða til ráðstöfunar við endurskoðun vegáætlunar, sem heimilt er að framkvæma fyrir árslok 1966, og athugað verður gaumgæfilega, hvort sú heimild verður notuð. Gerðar hafa verið ráðstafanir til þess, að rækileg athugun fari fram á því, hvernig auka megi fé vegasjóðs verulega og hvernig afla megi fjár til þess að ýta undir framkvæmdir í hraðbrautum og öðrum vegum, sem mest nauðsyn er að hraða, svo og til aukins viðhalds. Ríkisstj. mun skipa nefnd til að vinna að því, á hvern hátt hagkvæmast er að fá tekjur til vegamálanna.

Það hefur verið að því fundið, að áður nefndar 47 millj. kr. hafi verið teknar út úr fjárlagafrv. Hefur því jafnvel verið haldið fram, að með því væri stefnt að því að draga úr vegaframkvæmdum og minnka það fé, sem til vegamála verður aflað. Þetta er vitanlega fjarstæða. Ríkisstj. hefur gert sér grein fyrir því, að mikil þörf er á auknu fjármagni til vegaframkvæmda í landinu. Það er einnig ljóst, að tekjur vegasjóðs verða ekki auknar á næsta ári með því að hækka gjald af benzíni eða hækkun á þungaskatti. Telja verður, að sú hækkun, sem er fyrirhuguð á þessum liðum, sé það, sem eðlilegt má telja, og því ekki hæfilegt að ganga lengra að svo stöddu í þá átt. Tekna til vegamálanna verður því að afla með öðrum hætti, og því verður skipuð n. til að vinna að því máli. Væntanlega verður sú n. búin að ljúka störfum svo fljótt á næsta ári, að fyrir liggi, hvort um raunhæfa fjáröflun verður að ræða miðað við hennar till.

Það er augljóst, að þótt fyrrnefndar 47 millj. kr. verði ekki á fjárl. næsta árs, hefur enginn skaði orðið þess vegna. Fjár til vegáætlunar verður aflað með öðrum hætti, og framkvæmd vegamálanna mun því ekki bíða neinn hnekki af því, ef þetta frv. verður að lögum.

Ég mun innan fárra daga leggja fram skýrslu um vegaframkvæmdir á því ári, sem nú er að líða, eins og vegalög gera ráð fyrir. Mun ég því ekki að þessu sinni rekja þær framkvæmdir, sem unnið hefur verið að á þessu ári. En í tilefni af því, að oft heyrist talað um, að framkvæmdir gangi hægt og litlu fé sé varið til vegamála, má geta þess, að á þessu ári mun verða unnið að vegamálum fyrir 393 millj. kr. auk þess fjár, sem notað er vegna Búrfellsvirkjunar til endurbyggingar á Skeiðavegi og Hreppavegi. Gert er ráð fyrir, að sú vegaframkvæmd muni kosta um 20 millj. kr., en hversu mikið af þeirri upphæð verður notað á þessu ári, liggur ekki enn fyrir. Það verður því ekki sagt, að litlum fjárhæðum hafi verið varið á yfirstandandi ári til vegamála, þótt flestir geti verið sammála um, að æskilegt væri að hafa meira fjármagn til umráða vegna hinna mörgu verkefna, sem fram undan eru.

Menn geta deilt um, með hverjum hætti eðlilegast sé að afla fjárins. Ýmsir halda því fram, að til vegamálanna eigi að verja öllu því fé, sem inn kemur af aðflutningsgjöldum af bifreiðum, varahlutum, og öðrum tekjum, sem kallaðar eru tekjur af umferðinni, eins og oft er sagt. Ríkissjóður þarf á sínu að halda nú eins og áður, þar sem allir gera kröfur á hendur honum. Þannig hefur það alltaf verið, þar sem ríkissjóður hefur lengst af tekið í sinn hlut talsverðan hluta af benzínskattinum. Það er skoðun mín, að á þessum vanda finnist lausn. Það er almennur skilningur fyrir því að leggja aukið fjármagn til vegamálanna. Reykjanesbraut hin nýja mun þrýsta á, að hraðbrautir verði gerðar með varanlegu slitlagi, enda er svo komið, að malarvegir, þar sem umferðin er mest, verða ófærir vegna þess, að þeir þola ekki umferðina.

Vera má, að ýmsum finnist, að benzínverðið verði nú í hærra lagi og þungaskatturinn verði tilfinnanlegur af dísilbifreiðum. Eins og áður er að vikið, mun útsöluverð á benzíni ekki verða hærra hér en almennt gerist annars staðar. Þungaskatturinn er af ýmsum talinn vera í lægra lagi miðað við benzínverðið. Það þykir þó ekki

fært eða réttmætt að hafa þungaskattinn hærri, þar sem þeir, sem nota bílana lítið, verða að greiða jafnmikinn þungaskatt og hinir, sem aka flesta daga og slita vegunum mest. Norðmenn hafa í nokkur ár haft það fyrirkomulag að setja mæla í bifreiðarnar og reikna þungaskattinn eftir því, hversu mikið er ekið. Miðast greiðslan þá við það, hversu vegunum er mikið slitið af hverju ökutæki. Segja má, að þetta sé réttlátt, að þeir borgi hæstu upphæðina, sem nota vegina mest. Hætt er við, að okkur hér þætti þetta fyrirkomulag þungt í vöfum og erfitt í framkvæmd. Norðmenn segja, að framkvæmdin sé auðveld og þeim komi ekki til hugar að hætta að taka gjaldið samkv. mæli. Vegagerð ríkisins mun kynna sér nánar þetta fyrirkomulag, og verður síðan tekið til athugunar, hvort tiltækilegt þykir að taka það upp hér.

Verkefnin eru mörg fram undan. Allir eru sammála um það. Menn eru einnig sammála um það, að framkvæmdirnar eru miklar, það miklar, að oft skortir vinnuafl til þess að vinna að hinum miklu framkvæmdum. Félag ísl. bifreiðaeigenda hefur stundum látið til sín heyra og gert till. í vegamálunum. Segja þeir, að það sé það minnsta að verja 100 millj. kr. árlega til hraðbrauta. Þeir segja enn fremur, að það sé eðlilegt, að til vegamálanna komi allt það fé, sem nú rennur í ríkissjóð og eru tollar af bifreiðum og varahlutum. Þeir hafa hins vegar ekki, sem kannske er ekki von, komið með till. um, hvað eigi að koma í staðinn í ríkissjóð og hvernig eigi að afla þeirra tekna, sem ríkissjóður mundi missa. E. t. v. mundi einhver segja: Það þarf ekki að afla tekna í ríkissjóð, sem þessu nemur. Það er ekkert annað en að draga úr útgjöldum. En þegar menn hafa verið spurðir um það, hvar þeir vildu spara, hefur flestum orðið svarafátt og ekki verið um stórar upphæðir að ræða, sem nefnt hefur verið. Hvað sem þessu líður, er enginn vafi á því, að ríkisstj. og stjórnarflokkarnir hafa hug á því að auka framlag til vegamálanna, eftir því sem mögulegt er. Og verði vegáætlunin endurskoðuð haustið 1966, eins og stefnt er að, þarf í leiðinni að útvega aukið fé, til þess að endurskoðunin komi að nokkru gagni. Með því nú að skipa n. til þess að gera till. í þessum málum, er stigið fyrsta sporið í þá átt að afla fjár, sem nota má við væntanlega endurskoðun. Það er von mín, að það megi takast með eðlilegum hætti og án þess að íþyngja ríkissjóði eða skattþegnunum um of að afla aukins fjár til vegaframkvæmdanna og það þyki fært að endurskoða vegáætlunina fyrir árslok 1966, þannig að þá verði meira fé til ráðstöfunar á seinni tveimur árum áætlunartímabilsins heldur en tveimur hinum fyrri.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um frv. þetta að svo stöddu, en legg til, að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til 2. umr. og hv. samgmn.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Á þskj. 92 flytur hæstv. ríkisstj. frv. til l. um breytingar á vegal., sem hæstv. samgmrh. var að gera grein fyrir rétt áðan. Samkv. þessu frv. er gert ráð fyrir því að hækka skattinn á benzínlítra um 90 aura og hækka þungaskatt af bifreiðum um 30—35%. Hæstv. ráðh. gerði grein fyrir því, að með þessari breytingu færi benzínverðið hér á landi að verða svipað og í nágrannalöndunum, þó að eitthvað væri af löndum, þar sem það væri hærra. Hins vegar gat ekki hæstv. ráðh. um það eða láðist að gera samanburð á vegakerfi annarra landa og vegakerfi því, sem við Íslendingar búum við. Ég held, að þeim, sem hafa kynnzt hvoru tveggja, finnist þar æðimikill munur á vera.

Hæstv. núv. stjórnarflokkar hafa þá hækkað benzínskattinn um 225% á því tímabili, sem þeir hafa setið að völdum. Um þessa hækkun er það að segja, að það hefur verið stefna okkar hér á hv. Alþ., að það yrði að leggja nokkuð hart að sér um hækkun á benzínskatti og álögur á umferðina í landinu til þess að bæta úr ástandi vegakerfisins, sem svo mjög er ábótavant í okkar landi. Það var því hér á hv. Alþ. fyrir tveimur árum samstaða um að leggja 100 millj. kr. í nýjum álögum á umferðina í landinu til þess eins að bæta úr vegamálunum, en ekki til annars. Um það var samstaðan. Nú er rétt að víkja nokkuð að því, hvernig viðskipti ríkissjóðs annars vegar og umferðarinnar hins vegar hafa verið hin síðustu ár, og það er orðin allmikil breyting á því einmitt á síðustu árunum, og í skýrslu, sem Félag ísl. bifreiðaeigenda lét frá sér fara á s. l. hausti, kemur fram, að gert er ráð fyrir, að á árinu 1964 hafi tekjur ríkissjóðs umfram það, sem fór til umferðarinnar, verið 395 millj. kr. Á árinu 1963 voru þetta 325 millj. kr. Og eftir upplýsingum, sem ég hef síðast fengið, munu þessar tölur þó heldur vera of lágar en hið gagnstæða. Vitanlegt er, að á árinu 1965 er þetta hærri upphæð en fyrr, m. a. vegna þess, að á fjárl. yfirstandandi árs voru tekjur af leyfisgjöldum hækkaðar.

Ég hef áður lýst því hér á hv. Alþ. og minn flokkur, að það, sem stefna bæri að í vegamálunum, væri það, að allir sérskattarnir, sem á umferðina væru lagðir, gengju beint til vegamálanna, og við höfum einnig lýst því yfir, að við værum til viðtals um það, Framsfl.-menn, að hækka gjöldin á umferðinni, ef þau gengju beint til vegaframkvæmda í landinu. Það er til þess að undirstrika þá skoðun okkar, hvað við eigum mikið vangert í vegamálunum, að við höfum lýst þessu yfir. Hins vegar höfum við ekki lýst yfir þeirri stefnu okkar, að við vildum fylgja þeirri þróun, sem er að eiga sér stað í ríkum mæli, að ríkissjóður taki æ meira og meira af umferðinni til sinna þarfa án tillits til vegagerðar í landinu. Nú hefur, jafnhliða því sem álögurnar á umferðina hafa verið svo hækkaðar sem raun ber vitni um og ríkissjóður tekið æ meira og meira í sinn hlut, á s. l. hausti verið lagður sérstakur skattur á þá, sem aka til Keflavíkur, sérstakur skattur er nú boðaður á alla bifreiðaeigendur í sambandi við fyrirhugaða breytingu í hægri handar akstur, og nú lýsti hæstv. ráðh. yfir í ræðu sinni hér áðan, að hann væri að skipa n. til þess að finna einn skattinn enn þá, því að hún átti að finna tekjur handa vegagerðinni, án þess að þær kæmu við ríkissjóð. Þess

vegna held ég, að henni muni reynast það erfitt nema búa til einn skattinn enn þá. Og þá er ráðh. hæstv. sjálfur þrotinn að hugkvæmni og leitar nú til n. til þess að leysa þetta verkefni fyrir sig.

En hver er ástæðan til þess, að frv. það, sem hér er flutt og nú er verið að ræða hér í hv. d., er flutt? Er það til þess að auka fé til vegagerðar í landinu? Í upphafi athugasemdanna við lagafrumvarp þetta segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Með frv. þessu er að því stefnt að afla fjár til vegaframkvæmda í þeim mæli, sem gildandi vegáætlun gerir ráð fyrir árin 1965 og 1966."

Hvaða ástæða er til þess að fara að afla sérstaks fjár til þess að standa við vegáætlunina? Við skulum líta á vegáætlunina sjálfa. Þar sjáum við, að það er fyrir þessu séð. Vegáætlunin er byggð upp með þeirri fjárþörf, sem útgjöldin eru miðuð við. En hvernig hefur orðið framkvæmdin á vegáætluninni? Að því ætla ég nú nokkuð að víkja, en vil þó, áður en ég geri það, minna á það, sem ég kom hér að áðan, að þegar frv. að vegal. var hér til meðferðar í des. 1963, var alger samstaða um að afgreiða það mál á mjög stuttum tíma, óvenjustuttum tíma og raunverulega allt of stuttum tíma til þess að afgreiða svo veigamikið mál sem þar var á ferðinni. En samstaðan var um það að leggja á þjóðina 100 millj. kr. í nýjum sköttum vegna þess ástands, sem var í vegunum. En þá varð líka nokkur umr. um það, hvort það væri ekki tryggt, að á þessu tímabili mundi ríkissjóður aldrei leggja fram minna fé en þær 47 millj. kr., sem í vegal. var greint að hann mundi gera. Og í sambandi við það þótti það ekki nógu tryggt, svo að einn af hv. þm. hér, hv. 5. þm. Austf., flutti till. á þskj. 145, sem var svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta: „Við greinina bætist (þ. e. 89. gr.): og sé það eigi lægra en ¼ hluti þess fjár, sem fæst samkv. 85. og 87. gr. frv." Þær tekjur, sem eru samkv. 85. og 87. gr. vegal., eru tekjurnar af benzínskattinum, þungaskattinum og gúmmígjaldinu. En aftur í 89. gr. segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Til greiðslu kostnaðar samkv. l. þessum skal auk þeirra gjalda, sem um getur í 85. og 87. gr., veita árlega sérstakt framlag á fjárl."

Þessi tillaga átti að tryggja það, að sama hlutfall væri í fjárveitingu ríkissjóðs samkv. fjárl. og gert var ráð fyrir á hinni fyrstu vegáætlun, sem afgr. var samhliða eða í kjölfar vegal. Um þetta urðu nokkrar umr., og í því sambandi langar mig að leiða fram vitni til þess að sýna viðhorf hv. Alþ. til þessa atriðis í vegalagafrv. og í vegal. Það er, að fjárveiting samkv. fjárl. til vegamálanna verði ekki minni en þar er greint.

Hæstv. vegamálaráðh. sagði hér áðan, að hann sæi ekki ástæðu til þess að fjölyrða um það, þó að felld hefði verið niður greiðsla af fjárl. Það er kannske ástæða til, að hæstv. vegamálaráðh. hafi ekki viljað fjölyrða um það, þegar það er haft í huga, sem fram kom í þessum umr. fyrir tveimur árum hér á hv. Alþ., en þar segir svo í ræðu, sem flutt var 14. des. 1963, með leyfi hæstv. forseta:

„Ég hygg, að úr því að þessu sinni er ákveðið, að framlag ríkissjóðs skuli vera 47 millj., þurfi varla að óttast það, að sú upphæð verði lækkuð. Ef miða á við reynslu undanfarinna ára, er miklu líklegra, að sú upphæð verði hækkuð."

Hver haldið þið, að hafi sagt þetta? Haldið þið, að það hafi verið einn úr stjórnarandstöðunni, sem þannig talaði? Þetta er tekið upp úr ræðu hæstv. samgmrh., Ingólfs Jónssonar, þegar hann var að tala um þessa till. En það eru ekki öll kurl komin til grafar, því að hæstv. ráðh. sagði meira um þetta mál á Alþ. fyrir tveim árum. Í ræðu, sem hann flutti hér í hv. d. 17. des. 1963, sagði hann m. a. þetta, með leyfi hæstv. forseta:

„Og ég held, að reynslan kenni hv. þm. þarfa lexíu um þetta allt saman, því að þótt allir hafi kvartað undan of litlu framlagi til vegamála á undanförnum árum, hafa framlög þó alltaf stöðugt farið hækkandi, stöðugt hækkandi á öllum fjárl., og þess vegna er ég sannfærður um það, að það verður ekki barátta um það, hvort þessi útgjaldaliður fjárl. eigi að lækka í framtíðinni, heldur snýst baráttan um það, hversu mikið hann eigi að hækka."

Ég vil benda á, að samkomulag það, sem gert var hér á Alþ. fyrir tveimur árum, var m. a. gert út frá þessum yfirlýsingum hæstv. vegamálaráðh. En hvernig hefur svo framkvæmdin orðið á vegáætluninni þennan stutta tíma, sem hún hefur gilt? Á árinu 1964 má segja, að hún væri áfallalaus hvað fjármálunum viðvíkur. En strax á árinu 1965 eða á fyrsta ári fjögurra ára vegáætlunarinnar er gerbreyting á þessu. Hæstv. ríkisstj. taldi sig hafa heimild í fjárl. til þess að fresta verklegum framkvæmdum um allt að 20%, fjárveitingum til þeirra. Og hún notaði þessa heimild til þess m. a. að skera niður framlagið, sem ríkissjóði var ætlað að greiða á vegáætlun. Nú leyfist mér að spyrja: Hvaðan hefur hæstv. ráðh. eða þeir, sem því hafa ráðið, heimild til þess að fella algerlega niður framkvæmd verka, sem ákveðin voru samkv. vegáætlun? Hvaðan er sú heimild? Ég vil í því sambandi nefna brú eins og brú á Norðurá í Mýrasýslu. Það var ákveðið á vegáætluninni, að hún skyldi byggð á árinu 1965, og það var lögð sérstök áherzla á það við okkur þm. Vesturlandskjördæmis að gera ekki breytingu á þeirri till., þegar málið var hér til meðferðar, vegna þess, hvað þessi brú er orðin gömul. En það hefur verið frestað framkvæmdinni. Hvaðan er heimildin? Ég treysti hæstv. ráðh. til þess að gefa okkur skýringu á því. Heimildina er ekki að finna í vegáætlun. Og hvað gerist svo eða á að gera á næsta ári, þetta fyrsta áætlunartímabil vegáætlunarinnar? Það á að fella algerlega niður þessar 47 millj. kr., sem hæstv. samgmrh. sagði okkur hér í desember, að slagurinn yrði um að hækka, hitt yrði öruggt, að þær yrðu ekki felldar niður eða lækkaðar. Og hæstv. ráðh. benti á það þá, að þörfin fyrir aukið vegafé mundi fara vaxandi, enda er svo, því að þótt ekki sé á annað litið en kostnaðinn við að gera framkvæmd í vegagerð nú og þá, þegar við vorum að afgreiða vegalagafrv. fyrir tveim árum, hefur hann í nýbyggingu vaxið um

20%, í vegaviðhaldi um 27% og í brúargerðinni um 34%. Það er því ekki ástæða til, þegar á það er litið, annað en að í heiðri sé höfð sú skoðun, sem kom fram hjá hæstv. ráðh. þá, og ég vil til viðbótar því, sem ég hef áður greint, segja það máli mínu til stuðnings og vitna hér enn í ræðu hans frá 17. des. 1963, en þá sagði hann um þetta m. a.:

„Fjárþörfin verður þess vegna vaxandi, og þessi gjöld, sem nú er verið að lögfesta, eru undirstaða undir því, sem við ætlum að gera. En ég er sannfærður um, að við höldum uppi kröfu um það, að ríkissjóður auki framlög sín úr 47 millj. kr. til mikilla muna."

Nú vil ég spyrja hæstv. ráðh.: Er hann kröfugerðarmaðurinn um að auka þessar fjárveitingar samkv. fjárl. til mikilla muna? Hér á hv. Alþ. er ekki hæstv. ráðh. að leggja til að auka fé til vegamála. Hann er að leggja til, að umferðin sé látin greiða það, sem ríkissjóður átti að greiða og var lýst yfir af honum að hann mundi greiða til vegamálanna og gert var ráð fyrir í vegáætlun að hann gerði 1965 og 1966. Hér er á ferðinni miklu stærra mál en raunverulega þetta frv., sem er þó nokkurt mál, því að það eru ekki orðnar litlar álögurnar á umferðina í landinu og fara árvaxandi og boðað enn þá meira, en stærsti hluturinn í þessu er þó það, að það var samkomulag um að leysa þetta mál hér á hv. Alþ. fyrir tveim árum. Samkomulagið byggðist m. a. á því og margyfirlýst í ræðum hæstv. ráðh., að fjárveiting samkv. fjárl. yrði aldrei minni en 47 millj. kr. Það er þetta samkomulag, sem nú er vikið frá. Hér er stærsta atriðið í málinu, að hæstv. ráðh., sem stóð hér fyrir tveimur árum og lýsti því yfir oft og mörgum sinnum, að það yrði ekki minna varið af fjárveitingum samkv. fjárl. til vegamála en 47 millj. kr., hann talar nú fyrir frv. um að leggja á umferðina í landinu þessar 47 millj. kr., til þess að hægt verði að halda uppi framkvæmdunum, af því að ríkissjóður á að sleppa við sitt. Hér er því meira en fjárhagsmál á ferðinni. Hér er um það að ræða, hvort á að halda samkomulag, sem gert er hér á Alþ. af öllum hv. þm. Og ef menn vilja draga það í efa, að þetta hafi verið nægjanlega undirstrikað af hæstv. ráðh. í des. 1963, vil ég bæta við einu enn þá úr ræðu hans 17. des. það ár, með leyfi hæstv. forseta, en þar segir hæstv. ráðh. enn fremur:

„Engin hætta er á því og alveg útilokað, að ríkissjóðsframlag til veganna verði lækkað. Það er alveg útilokað. Þörfin fyrir aukið vegafé frá ríkissjóði verður fyrir hendi, þótt vegamálunum hafi verið tryggt fé með benzíngjaldi, þungaskatti og gúmmígjaldi."

Það er rétt hjá hæstv. ráðh., þörfin fyrir fé til vegaframkvæmda er mikil og óumdeilanleg, þótt þessir skattar hafi verið upp teknir og þeir gerðir verulega háir. En það, sem var útilokað 1963, alveg útilokað, segir hæstv. ráðh., er, að ríkisstj. eða ríkisvaldið felli nokkurn tíma niður þessa fjárveitingu á fjárl. Það er þetta, sem hæstv. ráðh. verður að standa við, því að um þetta varð samkomulag 1963 og það er brostið, ef ríkissjóður stendur ekki við sitt framlag samkv. fjárlögum.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Mér þykir rétt að segja nokkur orð um þetta mál, sem fjallar um það að hækka benzínskatt eða innflutningsgjald af benzíni og þungaskatt til þess fyrst og fremst að mæta þeirri niðurfellingu á 47 millj. kr. fjárveitingu til vegaframkvæmda, sem var í fjárl. þessa árs, af þeirri ástæðu, að í fjárlagafrv. fyrir 1966 er gert ráð fyrir, að þetta framlag sé fellt niður. Þó að ég efist ekkert um það, að kollegi minn, hæstv. samgmrh., þurfi ekki neinnar aðstoðar við til að útskýra það, sem hér er verið að gera, þykir mér sjálfsagt, að það komi hér fram, að þetta er að sjálfsögðu ein af till. mínum til þess að jafna hallann á fjárl., og vitanlega hefur ekki samgmrh. verið neinn baráttumaður fyrir því, að þetta verði gert, enda þótt hann hafi á það fallizt til þess að mæta þeim mikla vanda, sem hér var við að glíma.

Ég gerði grein fyrir því við 1. umr. fjárl., hversu horfði með ríkisbúskapinn, hver hefði orðið staða hans á s. l. ári, þar sem um var að ræða stórkostlegan halla, sýnilegan halla á þessu ári og útilokað með öllu að afgreiða greiðsluhallalaus fjárlög á árinu 1966 nema með alveg sérstökum ráðstöfunum. Efast ég ekki um, að hv. 3. þm. Vesturl., sem á sæti í fjvn. Alþ. og er með fróðari mönnum hér um fjárreiður ríkisins, sé þetta fullkomlega ljóst, að ráðstafanir hafi þurft að gera í þessa átt. Við getum auðvitað haft mismunandi skoðanir á því, hvernig þetta hafi átt að gerast, og það getur vel verið, að hann eða einhverjir aðrir hv. þm. hafi um það aðrar hugmyndir. Og eins og ég sagði í framsöguræðu minni við fjárl., er það að sjálfsögðu ekkert sáluhjálparatriði, hvaða leiðir eru farnar í þessu efni. En það er höfuðatriði, sem ekki er hægt að una við annað en verði framfylgt í reynd, að afgreiða greiðsluhallalaus fjárl., þannig að ef það er skoðun manna, að þá ráðstöfun, sem hér er lagt til að gera í þessu sambandi m. a., þá ráðstöfun, sem felst í þessu frv., — ef menn eru þeirrar skoðunar, að þá leið eigi ekki að fara, hvílir á þeim tvímælalaust sú skylda að benda á það, hvaða önnur úrræði eigi að velja. Það er ekki nóg að mótmæla því, sem lagt er til að gert verði, heldur verða þá ábyrgir þm. um leið að svara því til, hvað eigi að gera í staðinn. Og sannast sagna þótti mér það nokkuð einkennilegt í ræðu þessa hv. þm., sem er glöggur og gætinn maður, að í ofanálag að mótmæla með þeirri hörku, sem hann gerði, þeim till., sem hér liggja fyrir, skildist mér helzt, að hann teldi, að það væri tímabært að gera nú sérstakar ráðstafanir í þá átt, eins og hann orðaði það, að tekjur af umferðinni rynnu yfirleitt allar til vegamála, þ. á m. eins og hann nefndi leyfisgjald bifreiða, sem er mjög stór tekjuliður og er að sjálfsögðu engar sérstakar tekjur af umferð. Það er sérstakt leyfisgjald, sem lagt er á innflutning tiltekinna vara, aðskilið við umferðina. Það mætti alveg eins velja einhvern annan vöruflokk í þessu sambandi. Og almennir tollar auðvitað á þessum vörum sem öðrum, það má endalaust auðvitað útfæra það og segja t. d., að tollar af byggingarefni eigi að falla niður og renna til húsnæðismálastjórnar eða eitthvað

slíkt. Þannig má flokka niður flesta tekjustofna ríkisins, þannig að auðvitað gefur auga leið, að við lendum í algerum ógöngum, ef við ætlum að fylgja út í yztu æsar slíkum kenningum. En ef í ofanálag við það að vera á móti þessu frv. bættist svo, að það ætti að taka hundruð millj. af ríkissjóði, af öðrum tekjum hans, miðað við ástandið, sem nú er, skil ég ekki, hvernig þeir menn, sem slíkri kenningu halda fram, ætlast til þess, að þeir séu teknir alvarlega.

Hér er talað um það, að séu mikil brigð á ferð, vegna þess að það er lagt til að fella niður þetta 47 millj. kr. gjald, og hér sé beitt einhverri sérstakri hörku gegn vegagerð umfram aðrar þjóðfélagsþarfir. Ég vil algerlega mótmæla þessari kenningu. Talað er um það, að með því að fara þessa leið, að hækka benzíngjald, í stað þess að ríkissjóður leggi það fram, þá sé verið að létta kvöðum af ríkissjóði. Jú, það má til sanns vegar færa. En hvernig fær ríkissjóður sínar tekjur nema með því að afla þeirra með sköttum eða tollum? Ef hann vantar 47 millj. kr. til þess að greiða í þessar þarfir eða aðrar, þá verður hann að sjálfsögðu að gera ráðstafanir til að afla þeirra með sköttum á landsmenn í einhverju formi, og ég er ekki kominn til með að segja, að það sé réttlátara form í því heldur en sú leið, sem hér er valin. Það hefði auðvitað mátt hugsa sér þá leið, að benzínskattur hefði verið hækkaður og látinn renna í ríkissjóð til þess að mæta þessum 47 millj. kr., en þá hefði ríkið vissulega lagt það fram. Ég álít hins vegar, að það væri hreinn orðaleikur.

Hv. þm. vita væntanlega, að því hefur oft verið haldið fram af ýmsum okkar efnahagsráðunautum, bæði fyrr og síðar, að það væri rétt að nota benzínið sem tekjustofn fyrir ríkissjóð. Á það hefur ekki verið fallizt, og ég tel ekki rétt að fallast á það. Ég tel það hins vegar vera veruleg hlunnindi og geysimikið hagsmunamál fyrir vegagerð í landinu að fá afhentan tekjustofn sem þennan, og þegar við lítum á það, hversu ástatt er um ýmsar aðrar opinberar framkvæmdir, sem hafa orðið að búa við það að njóta eingöngu framlaga úr ríkissjóði í gegnum áranna rás, svo sem t. d. hafnargerðir og flugvelli, sem hafa enga tekjustofna, þá sjáum við þann reginmun, sem á því er eða hefur orðið á vegagerðunum við það, að þeim hefur verið afhentur tekjustofn, sem til skamms tíma rann að vissu leyti í ríkissjóð.

Það má vafalaust deila um það og auðvitað hv. stjórnarandstæðingar halda því fram, að það hafi verið óhæfa að skera niður verklegar framkvæmdir í ár og það eigi að hækka þær mikið frá því, sem nú er. Þessu er auðvitað hægt að halda fram í orði. En ekki tjóar að segja ríkinu skylt að greiða þetta eða hitt, ef ríkissjóður hefur ekki fé. Þá verður að gera einhverjar ráðstafanir. Það verður ekki borgað meira úr kassa en í honum er, og það verður þá að leggja á nýja skatta til þess að mæta þessum þörfum. Þannig standa sakir í ár um verklegar framkvæmdir, þ. á m. hafnir og flugvelli og fleiri þarfir slíkar ásamt vegunum, að framlag ríkissjóðs til þeirra var lækkað um 20% samkvæmt heimild fjárl., og ég held, að það efist enginn um, að sú heimild sé lögleg. Og það hefur jafnframt komið í ljós við samningu fjárl. fyrir árið 1966, að það yrði óumflýjanlegt að halda þeirri skerðingu áfram, vegna þess að ella yrði að afla stórfelldra nýrra skatta til þess að mæta þessum útgjöldum. Með þessum aðferðum hafa almennir fjárfestingarliðir orðið fyrir því áfalli, að þeir hafa verið skornir niður um 20%, vegamálin að vísu líka í ár, sem veldur því, að framlög til þeirra lækka um nærri 9 millj., hefðu lækkað um annað eins á næsta ári, ef engar ráðstafanir hefðu verið gerðar. Með þeirri ráðstöfun, sem hér er gerð af hálfu ríkisstj. með hækkun á benzínskatti, er þetta ríflega jafnað, þannig að vegaframkvæmdir geti, eins og hæstv. samgmrh. sagði, haldið áfram með fullum hraða, þannig að hér er ekki um skerðingu að ræða, enda þótt aðrar verklegar framkvæmdir verði við slíka skerðingu að búa.

Mér er það fullkomlega ljóst, þekkjandi vel til úti um land, að vegamál eru auðvitað eitt af okkar stærstu vandamálum. Um það er engum blöðum að fletta, og það er þess vegna nauðsynlegt að halda þeim áfram með fullum krafti, og það er ástæðan til þess, að það hefur verið gerð ráðstöfun til þess að afla fjár með skattlagningu á benzín. Það getur vel verið, að hv. þm. segi: Það á að afla þess með skattlagningu á eitthvað annað. — Það er sjónarmið út af fyrir sig, sem er vert að íhuga. En það hefur verið gerð ráðstöfun til að afla þessa fjár með þessum skatti, eins og gerðar hafa verið ráðstafanir til þess að mæta ýmsum öðrum þörfum með nýjum skatti, og framkvæmdir eða útgjöld ríkissjóðs geta auðvitað aldrei orðið leyst með öðrum hætti, ef fé vantar. Og hér hafa vegirnir verið settir í sérflokk. Það eru skertar áfram aðrar opinberar framkvæmdir, en hins vegar gerðar ráðstafanir til að afla tekna til þessara sérstöku þarfa.

Ég get ekki séð, að við það sé neitt að athuga, að þjónustustarfsemi á einu eða öðru sviði sé haldið uppi að verulegu leyti með gjöldum á þá, sem fyrst og fremst nota þessa þjónustu. Það er í ótal greinum og jafnvel þær stofnanir algerlega látnar standa undir öllum sínum tilkostnaði, bæði stofn- og rekstrarkostnaði. Við skulum taka til dæmis póst og síma, sem innir af hendi mjög mikilvæga þjónustu fyrir þjóðfélagsborgarana. Það er ætlunin, að þeir, sem nota þá starfsemi, beri hana uppi. Sama er um ríkisútvarp og margar aðrar greinar í þjóðfélaginu. Og ég sé ekki, að það sé með neinum hætti hægt að segja, að það sé forkastanlegt, að fjár til vegagerða sé aflað með þeim hætti að skattleggja vissar nauðsynjar, sem eru í þágu þeirra, sem fyrst og fremst nota vegina og þurfa á þeim að halda. Þjóðin öll hefur auðvitað sitt gagn af því, því er ekki að leyna, en engu að síður og með hliðsjón af, eins og ég sagði, mörgum öðrum hliðstæðum dæmum í því efni, þá held ég ekki, að það sé með neinum rökum hægt að halda því fram, að það sé eðlilegra að afla slíks fjár með almennum sköttum á alla þjóðfélagsborgara heldur en að afla þess

með sköttum á sérstakar þarfir, sem eiga við í því sambandi.

Ég geri alls ekki ráð fyrir því, að hv. 3. þm. Vesturl. eða raunar neinn hv. þm., sem hefur haft aðstöðu til þess að kynna sér, hversu ástatt er um fjárhag ríkissjóðs, muni í alvöru leyfa sér að neita því, að það hafi þurft að gera sérstakar ráðstafanir til þess, að auðið væri að afgreiða greiðsluhallalaus fjárl. Og ég geri ekki heldur ráð fyrir því, að neinn hv. þm. haldi því í alvöru fram, að það sé frambærilegt að afgreiða fjárlög með greiðsluhalla. Við getum, eins og ég áðan sagði, haft mismunandi meiningar um það, hvort það eigi að afla þessa fjár, sem til þarf, með þeim hætti, sem lagt er til í sambandi við fjárlfrv., eða með einhverjum öðrum hætti. En ég álít, að það verði að krefjast þess og sé með fullri sanngirni hægt að krefjast þess af hv. þm., sem deila með hörku á þær tillögur, sem fram koma í þessu efni, a. m. k. gera með fullum rétti kröfu til þeirra, sem hafa með höndum að annast um endanlega afgreiðslu fjárl. af þingsins hendi, að þeir bendi þá á á móti, hvaða úrræði önnur á að hafa til þess að jafna fjárl. Á annan hátt er ekki hægt að taka orð þeirra háalvarlega. Og eins og ég áðan sagði, ef menn endilega vilja fara út í þann ordaleik, að það sé verið að svikja eitthvað í sambandi við vegamálin með því að útvega fullkomlega það fé til þeirra, sem lofað var, með þessum hætti, sem hér er hafður, að hækka benzínskattinn og láta hann renna beint í vegasjóð, þá, eins og ég sagði áðan, ef menn vilja forðast slíkan orðaleik, þá mátti auðvitað hafa þá aðferð, sem enginn gat hindrað, að Alþingi hækkaði benzínskattinn og léti það renna í ríkissjóð til tekjuöflunar og borgaði síðan þær 47 millj. aftur til veganna. Ég held því, að það þjóni ekki ákaflega miklum tilgangi brigzlyrði til og frá um það, að einn eða annar hafi svikið eitthvað í því efni. Það, sem höfuðmáli skiptir, er, að fjárins sé aflað til þess að koma vegagerðunum áfram, og það álít ég að sé fullkomlega gert með þessum hætti og því ástæðulaust að halda uppi neinum brigzlyrðum um, að þar séu einhver svik á ferð.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Það er nú ekki að ástæðulausu, að hæstv. fjmrh. talar strax fyrir því frv., sem hér hefur verið lagt fram, enda sýnist mér, að það hefði verið í raun-inni miklu réttara, að hann hefði lagt fram þetta frv. og talað fyrir því frá upphafi, en ekki hæstv. samgmrh., því að eins og hér hefur þegar komið fram í þessum umr., getur það ekki farið fram hjá neinum hv. þm., að hér er um tekjuöflunarfrv. fyrir ríkissjóð að ræða fyrst og fremst, en ekki neina sérstaka tekjuöflun fyrir vegagerðina í landinu. Hins vegar hefur hæstv. ríkisstj. talið það hentugra, ekki aðeins í þessu tilfelli, heldur einnig í ýmsum fleiri, að fara þá leiðina nú, þegar hún þykist þurfa að afla ríkissjóði nýrra tekna upp á nokkur hundruð milljónir króna, að leggja ekki á nýjar álögur fyrir ríkissjóð á þennan beina og almenna hátt, sem gert hefur verið, heldur er hin leiðin valin, að ríkissjóður hættir að borga ýmsar greiðslur, sem á ríkissjóði hafa hvílt og ríkissjóður hefur fengið áður sínar tekjur til þess að standa undir, — ríkissjóður hættir að greiða þessar greiðslur, og svo þarf að leggja á nýjar álögur til þess að standa undir þessum sérstöku útgjöldum, sem heita í sumum tilfellum framlög til vegamála, í öðrum tilfellum heitir þetta að standa undir rekstri rafveitna ríkisins og í enn öðrum tilfellum heitir þetta eitthvað annað, og skal ég kannske víkja nokkru nánar að því síðar, hvernig er ætlað á öllum sviðum hjá hæstv. ríkisstj. að fara þessa leið.

Ég veit, að hæstv. fjmrh. heldur því fram, eins og greinilega kom fram í ræðu hans nú, að það sé orðið svo ástatt hjá ríkissjóði, að það verði að afla nýrra tekna. Ríkissjóður hafi ekki lengur handbært fé til þess að standa undir þeim útgjöldum, sem lögð hafa verið á ríkissjóð. Þetta er málefni út af fyrir sig, sem hv. þm. verða að gera sér fulla grein fyrir: Hvernig stendur á því, að þeir tekjustofnar, sem ríkið hefur fengið og áttu að duga og dugðu allvel fyrir nokkrum árum, duga ekki nú? Hvað hefur gerzt? Hver er ástæðan til þess arna? Það tel ég vera fyrsta atriðið, sem hv. þm. verða að glöggva sig á, hvað hefur raunverulega verið að gerast, sem því hefur valdið, að ríkissjóður hefur ekki nægilegar tekjur og getur ekki staðið undir þeim útgjöldum, sem honum hefur verið ætlað að standa undir og hann hefur staðið undir á undanförnum árum.

Það þarf ekki lengi að leita. Það er ekkert um það að villast, að tekjustofnar ríkisins á undanförnum árum hafa ekki farið minnkandi, þeir hafa miklu frekar farið hækkandi, tekjurnar hafa verið að vaxa. En útgjöldin hafa vaxið enn þá meir, er sagt. Það er rétt. Og þeir útgjaldaliðirnir, sem vaxa greinilega mest, standa í nánu sambandi við dýrtíðina í landinu, við verðbólguna. Greiðslur ríkisins í formi útflutningsuppbóta á útfluttar landbúnaðarafurðir, greiðslur ríkisins til þess að lækka vöruverð innanlands, þessar greiðslur hafa vaxið. M. ö. o.: það vita allir menn, að þetta stendur í beinu sambandi við dýrtíðarvöxtinn í landinu. Auðvitað kemur þarna fleira til um hækkandi útgjöld ríkisins, án þess að ég fari frekar út í það að sinni.

En ég hygg líka, að allir þm. séu sammála um, að allar horfur séu á því, að þetta haldi svona áfram, dýrtíðin muni halda áfram að vaxa, verðbólgan aukist almennt, og það er þá alveg rakin leið, að við eigum von á því, að það komi fram nýtt frv. á eftir nýju frv. um það að leggja niður skylduna á ríkissjóð að standa undir þessum útgjöldum og hinum. Næst á maður eflaust von á því, að hér komi fram frv. um það, að af ríkissjóði verði létt þeim mikla bagga að þurfa að standa undir fræðslumálum í landinu og það eigi að leggja á sérstakan skatt til þess að standa undir kostnaðinum af fræðslumálum. Þar á eftir kemur auðvitað frv. um, að það eigi að létta af ríkissjóði útgjöldum af heilbrigðismálum, og svo á að leggja á sérstakan skatt til þess að standa undir þeim útgjöldum. Og þetta verður vitanlega að gerast,

eftir því sem dýrtíðin heldur áfram að vaxa og útgjöld ríkissjóðs í sambandi við dýrtíðarvöxtinn aukast. Það er sýnilegt, í hvaða átt þetta stefnir. Þetta álít ég, að hæstv. ríkisstj. hefði átt að segja alveg hreinlega og umbúðalaust, að svona væri þessu háttað, að það væri sem sagt dýrtíðarstefnan, sem hér væri að ríða öllu á slig. En hæstv. ríkisstj. hefur ekki viljað horfast í augu við þennan vanda á þennan hátt og reyna síðan að finna brúkleg ráð til þess að hamla gegn vexti dýrtíðarinnar, því að ég álít, að hún styðji enn þá stefnu í framkvæmd, sem hlýtur raunverulega að leiða af sér vaxandi dýrtíð frá mánuði til mánaðar, alveg óhjákvæmilega. Það er enginn vafi á því, að á meðan sá háttur er á hafður, að allir þeir aðilar í landinu, sem hafa með höndum einhver viðskipti, eru frjálsir að því að verðleggja það, sem þeir selja, svo að segja, þá hækkar dýrtíðin í landinu, a. m. k. á meðan almennt árferði er eitthvað svipað því, sem nú er, og framkvæmdir eru miklar í landinu. Á meðan ríkisstj. vill ekki taka að einhverju leyti undir eftirlit fjárfestingu fyrirtækja og einstaklinga í landinu og strangt eftirlit á verðlagningu í landinu, þá hlýtur dýrtíðin að halda áfram að vaxa, eins og framkvæmdum er háttað í okkar landi, og er ekki auðvelt að stöðva, því að eins og ég hef bent hér á nokkrum sinnum áður í umr., þá er ég fyrir mitt leyti ekki í neinum vafa um það, að sem betur fer er ástandið þannig í okkar þjóðlífi, að það eru öll skilyrði til þess, að framleiðsla þjóðarinnar geti farið ört vaxandi, og það eru einnig skilyrði á erlendum mörkuðum til þess, að þjóðartekjurnar hljóti að vaxa. En þetta tvennt mun leiða það af sér, að það er engin leið, eins og nú standa sakir, að koma í veg fyrir það, að ýmsir notfæri sér þetta ástand. Sé þeim boðið upp á það að verðleggja sína þjónustu eins og þeir vilja, hækka, þegar þeim dettur í hug að hækka, og braska, eftir því sem þeim býður hugur til, þá mun verðlagið halda áfram að hækka í landinu eins og það hefur gert. Þessi stjórnleysisstefna ríkisstj. í þessum efnum hlýtur að leiða af sér þetta á þann hátt, sem við höfum staðið frammi fyrir.

Svo segir hæstv. fjmrh., þegar hann gerir grein fyrir þessum vanda og er að afsaka þennan frumvarpsflutning hér, að allir ábyrgir þm. verði að horfast í augu við vanda ríkissjóðs og leggja fram tillögur um nýja tekjustofna ríkissjóði til handa. En væri nú ekki nær að snúast gegn aðalvandamálinu sjálfu, því vandamáli, sem skapar þessa erfiðleika í greiðslum ríkissjóðs? En til þess þarf ríkisstj. að fallast á að endurskoða stefnu sína í efnahagsmálum. Hún kemst ekki út úr þessum vanda öðruvísi.

Auk þess vil ég svo segja það, að ríkisstj. hefur ekki leyfi til þess að mínum dómi að leggja fram fjárlfrv. upp á um 4000 millj. eða 4 milljarða kr., þar sem hún er búin að ákveða, að þetta skuli útgjöldin vera í hverri einstakri grein, því að það er vitanlega ríkisstj. eða meiri hlutinn, sem hefur ákveðið þessi útgjöld, og þegar búið er að ráðstafa allri þeirri upphæð af ríkisstj. og hennar þingmeirihluta, þá kemur ríkisstj. og segir við minni hlutann hér á Alþingi: Ef á að eyða einhverju umfram þetta, þá verðið þið að útvega peninga upp í það. — Við teljum í minni hlutanum, að við eigum nokkurn rétt til þess að ráðstafa þessum 4000 milljónum ekki síður en meiri hlutinn á Alþingi, við megum a. m. k. gera okkar tillögur um það. Við erum sannarlega ekki sammála um öll þau útgjöld, sem þarna eru tilfærð, og það höfum við oft bent á áður. Þegar bent er á ýmis útgjöld á fjárlfrv., sem auðvelt væri að lækka, þá er það venjulega viðkvæði ríkisstj.: Þetta dregur svo skammt, þetta dregur svo skammt, það tekur því ekki að tala um það. — Þó að tilgreindar séu útgjaldatillögur, sem sveiflast upp á nokkra tugi milljóna, þá er viðkvæðið þetta, að þetta dregur svo skammt. En ríkisstj. hefur sjálf nú farið inn á þá leið að afla sér tekna á þann hátt, að hún reynir að dreifa upphæðunum. Hún ætlar að taka 22 millj. kr. í auknum tekjum á því að hækka aukatekjur ríkissjóðs. Hún ætlar að taka 14 eða 16 millj. kr. á sérstökum vegatolli á Reykjanesbraut. Hún ætlar að leggja á sérstakan farmiðaskatt upp á 25 millj. kr. Hún ætlar að leggja á sérstakan benzínskatt upp á 50—60 millj. kr. Hún ætlar að leggja á sérstakan skatt á raforkusölu upp á 40 millj. kr. Og hún ætlar að hækka eignarskattinn um 20 millj. kr. til þess að hafa þar upp í 40 millj. kr. sérstök útgjöld, sem samþ. höfðu verið hér á Alþingi. Þannig hefur ríkisstj. hugsað sér að ná þessu í mörgum mismunandi smáskömmtum til þess að fylla upp í upphæðina. Ætli þessu sé ekki nokkuð svipað varið með útgjöldin, að þar dragi hver milljónatugurinn fyrir sig?

En hæstv. ríkisstj. hefur samt ekki verið til viðtals um það að létta af ýmsum útgjöldum, sem algerlega verða að teljast óþörf. Ég fyrir mitt leyti tel t. d. algera óhæfu, að ríkissjóður sé að borga 6.8 millj. kr. á hverju ári til löggregluhalds innan girðingarinnar á Keflavíkurflugvelli, því að ég held, að þeir, sem þar eru, geti passað sig sjálfir, og við eigum ekki að vera að leggja á arma ríkissjóðs þessi útgjöld. Þetta hef ég bent hér á ár eftir ár, en svörin frá hæstv. ráðherrum eru alltaf þessi: Þessi upphæð dregur ekkert, það skiptir engu máli.

Sama er um það að segja, að hér er, ætla ég, meiri hl. þm. búinn að viðurkenna það í yfirlýsingum um afstöðu sína til þriggja sendiráða á Norðurlöndum, að það sé raunverulega hér þingmeirihluti á móti því að vera að eyða í dýr sendiráð á öllum Norðurlöndum, og það ætti að vinna að því að sameina þetta í eitt sendiráð og spara þannig nokkrar milljónir króna á hverju ári, og ég hef a. m. k. tillögu um, að það megi að mestu leyti spara þær 5.5 millj., sem varið er á ári hverju til hins sérstaka NATO-sendiráðs suður í París. Ég álít líka, að það eigi stórkostlega að draga úr upphæð eins og þeirri, sem er á núv. fjárlfrv. um það að eyða 4 millj. kr. í sérstakan fyrningarsjóð ríkisbifreiða. Ég álít, að þarna séu orðin útgjöld langt umfram það, sem þörf er á.

Ég skal ekki, af því að ég hef gert það áður, að fara að telja hér upp miklu fleiri liði. Það er

auðvitað auðvelt að telja upp marga liði, sem ættu að takast til endurskoðunar í sambandi við útgjöld ríkissjóðs. En svo kemur hitt, sem ekki skiptir þó minna máli, að það leikur auðvitað enginn vafi á því, eins og sumir hæstv. ráðh. hafa viðurkennt hér í umr. á Alþingi, að því fer víðs fjarri, að þeir tekjustofnar, sem Alþingi hefur þó samþykkt, skili sér að fullu og öllu í ríkiskassann. Trúir því nokkur maður, að tekju- og eignarskatturinn komi í þeim mæli inn í ríkissjóð, sem hann ætti að koma, ef vel væri á framkvæmd þeirra mála haldið? Ég er ekki í neinum vafa um, að það er skoðun meiri hluta alþm., að eins og framkvæmdinni er nú háttað, þá sleppi þar undan mörg hundruð milljónir króna á ári, sem raunverulega ættu að koma inn í auknum tekjuskatti til ríkissjóðs. Þarna er fyrir hendi tekjustofn, sem ekki er séð um að skili öllum þeim tekjum í ríkissjóð, sem hann ætti að skila. Ég tel, að það væri nær að taka til endurskoðunar framkvæmdina á þessum lögum heldur en að fara að leggja á nýjan skatt, eða trúir hæstv. ríkisstj. því, að sá söluskattur, sem almenningur í landinu er látinn borga í gegnum sín viðskipti, komi allur í ríkiskassann? Trúir hæstv. ríkisstj. því? Ég held hún trúi því ekki, ég er alveg viss um það, að hún er þar á svipaðri skoðun og almenningur í landinu, að þar sé miklum fjárhæðum skotið fram hjá og það væri hægt að drýgja tekjur ríkisins mikið með því að taka þar á málum fastari höndum en gert hefur verið. Það er því hægt að bæta hag ríkissjóðs nú á þann hátt að nýta betur þá tekjustofna, sem fyrir hendi eru, og það er einnig hægt að draga úr útgjöldum ríkissjóðs á ýmsum sviðum, ef vilji er fyrir hendi. En sannleikur málsins er sá, að hæstv. ríkisstj. hefur litið þannig á málið nú eins og oft áður, að hún víkur frá sér öllum þessum vanda og fer hægu leiðina undan brattanum og segir: Við verðum bara að leggja ný gjöld á þjóðina, við verðum bara að finna út nýjar álögur. Það er leiðin. — Og þegar sérfræðingar ríkisstj. í efnahagsmálum höfðu lýst því yfir opinberlega, að það mundi ekki vera ráðlegt að hækka söluskattinn öllu meir en búið er að gera og það væri einnig erfitt um vik að hækka aðflutningsgjöldin eða þessa megintekjustofna, þá hverfur ríkisstj. að því ráði að reyna að finna út nýja skattstofna, finna út nýjar aðferðir til skattheimtu, og ein leiðin, sem þarna hefur verið fundin, er þessi, sem kemur fram í flutningi þessa frv., að ríkisstj. ákveður: Við skulum spara ríkissjóði þau útgjöld, sem nú hafa gengið til vegamálanna í landinu, 47 millj. kr. á ári, við skulum hætta að greiða þessa upphæð til vegagerðarmála, en til þess þó að minnka ekki framkvæmdirnar í vegamálum, skulum við bara leggja á sérstakan benzínskatt í staðinn. — Þetta vitanlega jafngildir því, sem hæstv. fjmrh. var að viðurkenna í sinni ræðu, að ríkissjóður hefði sjálfur tekið þennan tekjustofn. Hér er því um það að ræða að afla ríkissjóði nýrra tekna á þennan hátt.

Nú hafði verið mikið talað um það hér á Alþingi, að ástandið væri þannig í vegagerðarmálum okkar, að þar þyrfti á miklu meiri fjármunum að halda en við höfum haft þar til framkvæmda. Alls staðar var kallað á framkvæmdir, og uppi voru miklar kröfur um það, að raunverulega ætti umferðin í landinu að fá talsvert af þeim tekjum til vegagerðarmálanna, sem nú eru teknar af umferðinni í þágu ríkissjóðs. En það er nú ekki svo, að ríkisstj. hafi viljað fallast á að láta umferðina fá þessar tekjur, sem hún greiðir nú í ríkissjóð til þess að leysa þessi miklu og aðkallandi mál, heldur lítur ríkisstj. svo á, að ástandið í vegamálum okkar sé þannig, að það sé ástæða til þess að afla ríkissjóði, eins og nú standa sakir, sérstakra tekna á kostnað umferðarinnar í landinu. Ég verð að segja það, að ég lýsi undrun minni á þessari niðurstöðu hjá ríkisstj., ég lýsi undrun minni á því. Og ég skal aldrei trúa því, að hæstv. samgmrh. hafi í rauninni fallizt á þessa leið ógrátandi í ríkisstj. Miðað við það, sem hann þekkir til í þessum efnum, og miðað við það, sem hann hefur sagt í umr. um þetta mál, trúi ég því varla, að hann hafi fallizt á það ógrátandi í ríkisstj., að ríkissjóður eigi nú að fara að afla sér tekna til þess að standa undir sínum almennu útgjöldum með því að skattleggja enn meira en orðið er umferðina í landinu. Ég veit, að hæstv. samgmrh. hefur auðvitað gert sér grein fyrir því, að þetta var alveg öfugt við það, sem þarfirnar kölluðu á, og auk þess vissi hann, að hér var verið að ákveða það, sem jafngilti því að ómerkja hans orð hér á Alþingi, því að hæstv. samgmrh. hafði gert samkomulag við minnihlutaflokkana á Alþingi í árslok 1963 um þessi mál og gefið, eins og fram hefur komið í þessum umr., hinar sterkustu yfirlýsingar um það, að til þess gæti aldrei komið, að ríkisframlagið, 47 millj. kr., yrði minnkað frá því, sem það var þá. Ég hafði þá verið með þær kröfur uppi hér, að það yrði ekki aðeins látið sitja við það, að ríkissjóður greiddi áfram árlega þessar 47 millj. króna til vegasjóðs og til vegaframkvæmdanna í landinu, heldur yrði vitanlega að tryggja það, að ríkissjóður hækkaði þessar 47 millj. kr. á hverju ári nokkuð, eins og útgjöld hans til annarra málefna í landinu hækkuðu um, og af því flutti ég þá till., sem hér hefur verið gerð grein fyrir af öðrum, um það, að þetta yrði tryggt. Hæstv. samgmrh. treysti sér þá ekki til þess að láta samþ. slíka till., sem tryggði beinlínis hækkun árlega á þessu framlagi, en hann gaf hins vegar yfirlýsingar um, að til þess gæti aldrei komið, að þetta fasta framlag ríkissjóðs yrði minnkað. En nú er hann, ég vil segja: látinn tala hér fyrir frv. um að fella þetta tillag að öllu leyti niður og að í staðinn skuli lagður á sérstakur nýr benzínskattur. Ég hefði vel skilið það, að hæstv. samgmrh. hefði talað fyrir frv. svipuðu og þessu, ef það hefði verið tryggt, að þær fjárhæðir, sem kæmu inn í gegnum hækkaðan benzínskatt, ættu að fara til vegagerðarmálanna í landinu umfram þær fjárveitingar, sem fyrir voru, til aukningar á vegaframkvæmdum, en því er ekki að heilsa.

Það er ekkert um það að villast, að það samkomulag, sem hér var gert við stjórnarandstöðuflokkana, þegar vegalögin voru sett 1963,

hefur alveg tvímælalaust verið rofið með þeim till., sem nú koma hér fram um þetta mál frá ríkisstj. Fram hjá því verður ekki gengið á neinn hátt, að jafnvel þó að sú leið hefði verið farin, sem hæstv. fjmrh. var hér að minnast á, að það hefði verið hægt að leggja þennan nýja benzínskatt þannig á, að hann hefði verið látinn renna í ríkissjóð og ríkissjóður hefði síðan staðið við sitt fyrra fyrirheit um að greiða 47 millj. á ári til vegasjóðsins, þá hefði samkomulagið einnig verið rofið, vegna þess að það kom hér mjög greinilega fram, þegar verið var að afgreiða vegalögin 1963, að til þess var ætlast, að vegagerðarmálin í landinu fengju þær tekjur, sem inn yrðu heimtar í sambandi við hækkun á benzínskatti. Það var beinlínis gert ráð fyrir því, að allur benzínskatturinn ætti að renna í vegasjóð, og einnig var gert ráð fyrir því, að hugsanlegar hækkanir rynnu þangað líka. Það gat því aldrei verið um það að ræða, að sá möguleiki væri fyrir hendi hjá ríkisstj. að hlaupa inn á þessa skattlagningarbraut til þess að bjarga ríkissjóði almennt, án þess þá að bregða út af þeim samkomulagsgrundvelli, sem lagður var með samþykkt vegalaganna 1963.

Ég hef minnzt hér aðeins á það, að þetta frv. er að mínum dómi raunverulega eitt af mörgum, sem ríkisstj. hefur verið að boða hér til sérstakrar tekjuöflunar fyrir ríkissjóð. Ætlunin er, að ríkissjóður hafi a. m. k. tekjur samkvæmt þessari leið, sem nemur 47 millj. kr., með því að fella niður framlag ríkissjóðs til vegamála. Og það er á sama hátt ætlunin, að ríkissjóður skjóti sér nú undan þeim vanda að borga hallann, sem allir hv. þm. hafa vitað um í mörg ár að mundi verða af rekstri ríkisrafveitnanna. Nú er það boðað, að ríkissjóður ætlar sér að hætta að borga þarna um 40 millj. kr. halla á rekstri ríkisrafveitnanna á hverju ári, og í staðinn á svo að leggja sérstakan rafmagnsskatt á alla landsmenn, því að ekki dettur mér í hug að trúa því, að ætlunin sé að láta þá landsmenn, sem nú búa við langhæst raforkuverð í landinu, þá, sem skipta við rafveitur ríkisins, standa eina undir allri þessari upphæð. Ég reikna alveg með því, að ætlunin sé að dreifa þessum nýja skatti á alla rafmagnsnotendur í landinu. En þá er líka gefið mál, að ríkisstj. verður að leggja á sérstakan raforkusöluskatt, því að hún þarf að ná þessum greiðslum frá sjálfstæðum fyrirtækjum eins og Laxárvirkjuninni og Skeiðsfossvirkjuninni og Landsvirkjuninni og öðrum þeim sjálfstæðum fyrirtækjum, sem ríkið á ekki eitt eða rekur. Á þennan hátt, að hækka allt rafmagnsverð í landinu, sem nemur 40 millj. kr., er ætlunin að drýgja tekjur ríkissjóðs frá því, sem verið hefur, á þennan hátt um þessar 40 millj.

Á sama hátt er það svo, að þegar íbúðalánakerfið í landinu þarf á nokkru meira fjármagni að halda en ríkissjóður treystir sér til að greiða skv. loforðum, sem gefin hafa verið, og lögum, sem þar gilda um, þá koma fram till. um að hækka með alveg sérstökum hætti eignarskatt í landinu, sem nemur þessari fjárhæð, og á þann hátt á að drýgja tekjur ríkissjóðs sem nemur 20 millj. kr. á ári.

Það sama er að gerast í sambandi við þann stuðning, sem hefur verið veittur árlega til útflutningsframleiðslunnar, til vissra greina sjávarútvegsins. Ríkissjóður hefur fengið nokkra sérstaka tekjustofna til að standa undir vissum greiðslum til fiskframleiðslunnar í landinu. En nú er hugsunin sú, að ríkissjóður hirði þessa tekjustofna fyrir sig, en hætti að greiða þær bætur til þessara greina sjávarútvegsins, sem ríkið átti að greiða.

Að vísu hefur verið á það minnzt, að ef það komi í ljós, að það þurfi að halda þessum greiðslum áfram til þessara greina sjávarútvegsins, þá muni verða að leggja á nýja skatta í því skyni. Á þennan hátt á raunverulega að breyta fjárhag ríkissjóðs með því að finna upp nýja tekjustofna, sem kenndir eru við hina einstöku framkvæmdaþætti í landinu, og mér sýnist, að þeir ætli á þessu þingi að verða býsna margir. Ég vil fyrir mitt leyti vara við þessari leið. Ég tel, að þarna sé ríkisstj. á alrangri leið. Ég held, að þó að ríkisstj. reyni að bjarga sér út úr þessum vanda, sem hún er alltaf að lenda meira og meira í vegna verðbólguþróunarinnar í landinu, eitt árið á þann hátt að losa ríkissjóð við að greiða ýmis útgjöld, sem ríkissjóður hefur staðið undir og var ætlað að standa undir, og annað árið með þeim hætti, að ákveðið er að skera niður allar fjárveitingar til verklegra framkvæmda um 20%, stoði þetta ekkert. Ég er alveg sannfærður um, að hæstv. fjmrh., sem nú er nýr í því embætti, mun standa frammi fyrir þeim vanda að koma hér aftur á næsta þingi og skera aftur niður verklegar framkvæmdir um 20% og þar næsta árið á eftir enn um 20%, og hann verður að flytja nýtt og nýtt frv. um að ryðja að ríkissjóði ýmsum útgjöldum og leggja á nýjar álögur, ef hann ætlar yfirleitt að fara eftir þessari götu. Ég held því, að hann ætti að hugsa sig um strax í upphafi, hvort ekki væri hyggilegra að taka á þessum málum með öðrum hætti og reyna að finna hér samkomulagsleiðir um það, hvernig hömlur verði reistar gegn vaxandi verðbólgu í landinu. Ég skal alveg játa, að það er ekkert höfuðatriði í þeim málum, þó að við í stjórnarandstöðunni drögum ríkisstj. til ábyrgðar fyrir vaxandi dýrtíð, og þeir vitanlega kenna okkur um það, að dýrtíðin hafi vaxið. Aðalatriði málsins er það, að snúizt sé gegn vandanum og reynt sé að finna samkomulagsleiðir um það, hvernig á að komast fram hjá þessu vandamáli. En þessar leiðir, sem ríkisstj. hefur valið, eru í rauninni jafngildi þess, sem kallað hefur verið að pissa í skó sinn. Það vermir tiltölulega stuttan tíma og getur aldrei bjargað ríkisstj. í þessu vandamáli.

Ég mundi fyrir mitt leyti hafa fallizt á frv. eins og þetta um það að hækka benzínskattinn og þungaskattinn á bifreiðum, ef það hefði verið tryggt, að það fé, sem fengizt hefði inn með þessum hætti, hefði gengið til aukinna vegaframkvæmda í landinu. En þegar ætlunin er að fella niður tilskilið framlag ríkissjóðs til vegaframkvæmda þar á móti og þegar ég sé það, að hér er aðeins um lið að ræða í ákveðnum tiltektum ríkisstj. í fjárhagsþrautum ríkissjóðs,

og það er staðið að þeim málum á þann hátt, sem ég tel alveg rangt, er ég á móti slíku frv. sem þessu, tel, að það eigi ekki rétt á sér.

Ég skal ekki orðlengja þetta frekar, en beini því aðeins til hæstv. ráðh., að þeir hlutist nú til um það, að ríkisstj. endurskoði afstöðu sína til þessara mála allra.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Máske einkum vegna þess, að ég átti nokkurn hlut að því að ná samkomulagi um afgreiðslu vegal., þykir mér ástæða til þess að segja nú fáein orð.

Ég verð að segja, að mér hnykkti við, þegar ég sá fjárlagafrv. að þessu sinni og uppgötvaði, að þær 47 millj., sem þar áttu að vera til vegaframkvæmda, voru þurrkaðar út. En það var einn liður í þeim samningum, sem gerðir voru um afgreiðslu vegal. á vegum allra flokka í þinginu, að framlag ríkissjóðs sjálfs til vegagerðanna skyldi ekki lækka niður úr 47 millj. kr. Það skyldi haldast a. m. k. þessi fjárhæð til veganna. Ég ætlaði ekki að trúa mínum eigin augum, þegar ég sá, að þetta hafði fullum fetum verið strikað út af fjárlagafrv. og því var lýst yfir, að þetta skyldi niður falla.

Það þarf ekki að fara í neinar grafgötur um það, hvað gerðist, þegar samið var um vegal., því að það komu fram alveg skýrar yfirlýsingar frá hæstv. samgmrh. hér í þinginu, sem áðan voru lesnar mjög skilmerkilega, og það var ekkert smáræði, sem við var lagt af ráðh. hendi, enda á bak við þetta samkomulag, sem ég var að lýsa og aðrir hv. þm. hafa einnig upplýst. Hæstv. ráðh. tók líka þannig til orða, að það væri alveg útilokað, að ríkissjóðsframlag til veganna yrði lækkað, — alveg útilokað, endurtók hæstv. samgmrh. En nú á þessi sami hæstv. samgmrh., sem samdi um þetta fyrir hönd ríkisstj. við stjórnarandstöðuna og gerði þetta að lið í samningunum, hlut að því að svíkja þetta samkomulag alveg kalt og ákveðið og taka þessar 47 millj. út af fjárl.

Það er engin afsökun, að hæstv. ráðh. hafi skort siðferðisþrek til þess að standa við það, sem hann samdi um, og neita félaga sínum í ríkisstj., fjármálaráðherranum, um að láta hann hafa þessar 47 millj. Það er engin afsökun fyrir hæstv. samgmrh., og ég fullyrði, að í nálega öllum öðrum lýðræðislöndum hefði ráðh., sem væri orðinn uppvís að öðru eins og þessu, hreinlega orðið að segja af sér. Og það ber hæstv. samgmrh. að gera. Honum ber hreinlega að segja af sér eftir að hafa komið þannig fram.

Hér er nefnilega ekki um neitt hégómamál að ræða, því að þótt það sé stórmál að taka 47 millj. af vegafénu og stinga því í eyðsluhít ríkissjóðs, er þó hitt enn þá meira mál, að það skuli ekki vera hægt að treysta samningum, sem gerðir eru við hæstv. samgmrh., eins og nú er upplýst orðið, og hann skuli heldur þeygja sig fyrir óskum í þessa átt en standa við þá samninga, sem gerðir hafa verið, og þær yfirlýsingar, sem hann hefur sjálfur gert í heyranda hljóði á hv. Alþ. Það er ekki hægt að slá þessu upp í grín, hér er ekki neinn hégómi á ferðinni.

Hæstv. fjmrh. segir í þessum umr., að hann þurfi að fá þessa peninga til að jafna hallann á fjárl. Maður hefur heyrt þetta núna undanfarið, að ef þeir fái skattana sína eins og vant er, muni þeir geta haldið áfram með ríkisbúskapinn í þessu horfi. Ef þeir fái t. d. allt vegafé, ferðaskattinn og vegaskattinn og hækkaðar aukatekjurnar og hækkað raforkuverð og sitt hvað fleira, geti þeir haldið áfram með ríkisbúskapinn. En ég held, að það væri mjög þýðingarmikið fyrir hæstv. fjmrh. að gera sér grein fyrir því strax, af því að hann er nýlega tekinn við þessum málum, að þessi verðbólgubúskapur ríkissjóðs er vonlaus, og ekki aðeins, að það sé vonlaust að halda áfram svona með ríkisbúskapinn, heldur eru fjöldamörg fyrirtæki í landinu og stofnanir að lenda í sömu fordæmingunni og ríkissjóðurinn vegna þess, hvernig almennt horfir í fjárhagsmálum landsins. Það er verðbólgudraugurinn, sem étur jafnótt það, sem hæstv. fjmrh. skrapar saman, og það, sem hæstv. ríkisstj. hefur verið að skrapa saman á undanförnum árum og er nú komið upp í 4000 millj. En þrátt fyrir þessar 4000 millj. tekjur og þó að hæstv. fjmrh. fái hæstv. samgmrh. til þess að ganga á bak orða sinna til að láta sig fá 47 millj. af vegafénu, kemur þetta allt fyrir ekki. Þetta fer allt sömu leiðina að óbreyttum vinnuaðferðum.

Reynslan í þessu tilliti er ólygnust, þannig að um þetta þarf ekki að deila, því að nú er orðin svo hörmuleg myndin af þessum málum, eins og hér var skilmerkilega sýnt fram á við 1. umr. fjárl. og hæstv. fjmrh. gat vitaskuld ekki í neinu hnekkt og á eftir að koma fram í enn skýrari mynd við afgreiðslu fjárl., sem stendur fyrir dyrum á næstu dögum. Það fer sífellt lækkandi tiltölulega, sem hægt er að verja af þessu mikla fjármagni til verklegra framkvæmda í landinu. Og með þessu áframhaldi er hæstv. ríkisstj. með aðstoð verðbólgunnar vel á vegi með að þurrka verklegar framkvæmdir út af fjárl. Nú á allt vegafé að fara út af fjárl. Og hver er þróunin í hafnarmálunum, þar sem ráðgert er að veita 700 þús. kr. sem hæsta framlag í eina hafnargerð, þó að þar séu framkvæmdir upp á 10—20 og allt upp í 30 millj. kr. og þannig komið, að ríkissjóður dregur þannig á eftir sér halann af óborguðum hafnargerðarframlögum? Það tekur kannske 10—15 ár með sama áframhaldi að standa við að borga upp það, sem búið er að gera, hvað þá heldur hitt, sem fram undan er að framkvæma. Og svo er farið að ráðgera, eins og hæstv. fjmrh. gerði í fjárlagaumr. hér í byrjun þings, að taka lán til þess að halda áfram með framlög t. d. til skólabygginga. M. ö. o.: það fer óðfluga í þá átt, að bróðurparturinn af ríkissjóðstekjunum fer í verðbólguhítina, en verklegar framkvæmdir þurrkast út af fjárl.

Á meðan almennt gengur í landinu um vöxt verðbólgunar, eins og verið hefur á undanförnum missirum og undanförnum árum, er þessi búskapur vonlaus, og það hefur enga þýðingu að afhenda hæstv. fjmrh. vegafé eða fara að samþykkja fyrir hann þessar nýju álögur. Það kemur allt í einn stað niður, því að það er ekki

hægt að halda áfram á þennan hátt. Hér þarf að ráðast að rótum meinsins og leggja sig fram um að ná tökum á verðbólguvandamálinu, stöðva verðbólguna. Hitt er álíka viturlegt og það, ef hæstv. ríkisstj. ætlaði að fara að stöðva Þjórsá eða annað meiri háttar vatnsfall með því að standa fyrir henni eða með álíka þýðingarmiklum ráðstöfunum. Og rætur meinsins eru vitaskuld þær, að í landinu er í raun og veru engin stjórn á efnahagsmálum. Það verður allt áfram stjórnlaust og botnlaust, sem dæmin sýna, svo að segja hvert sem litið er. Afleiðingin verður svo magnað vantraust á stefnu ríkisstj. og henni sjálfri, sem leiðir til þess, að menn reyna að bjarga sér sem bezt þeir geta undan verðbólgunni með aðferðum, sem auka sjálfa verðbólguna sífellt meir og meir. Menn eru þannig á ofsafengnum flótta undan verðbólguholskeflunni, en hún magnast sífellt, því að flóttinn hefur í för með sér sífellt meiri og meiri þenslu. Ríkisstj. er að reyna að lækna þetta með því að auka álögurnar og með því að skora á fólk að hækka ekki kaupið og með því að láta bankana takmarka útlánin. En það verkar aftur á móti á þá lund, að mörg fyrirtæki, sem eru þýðingarmest í landinu, skortir rekstrarfé og lenda í vaxandi vandræðum eins og fjmrh. með sinn búskap.

Þessi vandi verður ekki leystur með þeim aðferðum, sem viðhafðar hafa verið. Það verður að finna aðrar leiðir, það verður að taka upp nýja stefnu, það verður að fara aðra leið, við getum kallað það „hina leiðina", eins og ég gerði hér um daginn, af því að það virðist vera vinsælt og hafa fengið góðan hljómgrunn að kalla þetta einmitt „hina leiðina". Það er ágætt nafn til aðgreiningar frá þeim slóðum, sem hæstv. ríkisstj. er á og hafa leitt hana út í þessa ófæru. En nýja stefnan verður vitaskuld fyrst og fremst að vera fólgin í því að snúa sér að kjarna málanna, gera sér grein fyrir, að það eru takmörk fyrir því, sem þjóðin getur tekið fyrir í einu. Það er ekki hægt að gera allt í einu, og ekki má reka stjórnlaust. Það verður að reyna að gera sér heilbrigða og skynsamlega grein fyrir því, hvað miklu framkvæmdaafli þjóðin ræður yfir, vinnuafli og vélaafli, framkvæmdaafli í heild, og hvernig það kemur heim við þau verkefni, sem fyrst og fremst þarf að vinna, síðan að reyna að raða verkefnunum niður og láta þau sitja fyrir, sem hafa mesta þýðingu, en hin sitja á hakanum, sem frekar mega bíða frá almennu sjónarmiði, til þess að þetta gangi ekki eins og nú, að þær framkvæmdir hafa framgang mestan og skapa ofþensluna, sem í raun og veru mættu helzt bíða, en öðrum er skákað til hliðar, sem fyrst og fremst þurfa að eiga sér stað, eins og t. d. þeim opinberu framkvæmdum, sem hæstv. ríkisstj. er að skjóta til hliðar, eins og skólaframkvæmdum, framlögum til vegamála og öðru slíku, sem hæstv. ríkisstj sker niður og þykist með því vera að vinna gegn verðbólgunni.

Ég get sagt ykkur dálítið dæmi um, hvernig þessi stefna, sem nú hefur verið haldið, verkar, sem sé að reyna að stjórna með þeim ráðstöfunum, sem ég var að lýsa, með skattaálögum og takmörkunum á útlánum. Það var verið að vinna að mjög nauðsynlegri vegagerð með stórri ýtu, og voru fáir menn við þá framkvæmd, mjög fáir, en þarna var á ferðinni þýðingarmikil vegagerð, og fólkið í byggðarlaginu var búið að afla sér lánsfjár til þess að standa undir þessum framkvæmdum, svo að þær gætu gengið með meiri hraða. En þá er það ákveðið einhvers staðar í „apparatinu" á vegum hæstv. ríkisstj., að nú megi ekki eftir einhverja vissa dagsetningu vinna meira í vegagerðum fyrir lánsfé, — til þess að draga úr verðbólgunni! Og í landi frelsisins er þessi boðskapur látinn út ganga. Þá verða þeir, sem eru að vinna með þessa stóru og dýru ýtu, að hætta á stundinni, — til þess að draga úr verðbólgunni, — og það verður að hætta við vegagerðina, þar sem menn eru staddir, í stað þess að halda áfram fyrir það fé, sem hægt er að fá. Þeir verða að hætta til þess að draga úr verðbólgunni! Stóru ýtunni er lagt, og þar liggur hún. Þetta er í landi frelsisins, og þetta er aðeins lítið sýnishorn af því, hvernig þessar hagstjórnaraðferðir verka, sem nú eru kallaðar frelsi og hafðar eru við til þess að draga úr verðbólgunni, að sagt er, en ná ekki því marki á nokkurn hátt að draga úr verðbólgunni, en verða til þess sífellt og í æ ríkara mæli, að þau verkefni, sem þurfa að ganga fram, verða útundan, en annað hefur sinn gang.

Á sama hátt verkar þetta fyrir framleiðsluna. Það minnkar rekstrarfé framleiðslufyrirtækjanna. Þau lenda í stórkostlegum erfiðleikum, þau fá ekki vinnuafl, en vinnuaflið er á vegum þeirra, sem eru á flótta undan ríkisstj. til þess að koma peningum sínum í fast. Vinnuaflið er á vegum þeirra, sem hafa peningana, og þeir verða að vera frjálsir, en hitt verður að vikja.

Ég segi ykkur satt, að það er algerlega vonlaust að halda áfram með þessu móti, og þó að hæstv. fjmrh. fái vegaféð og þó að samþykktur verði farmiðaskatturinn og aðrar álíka viturlegar skattöflunaraðferðir ofan á hér í hv. Alþ., er þetta gersamlega vonlaust.

Það er sagt, að með því að benda á þetta og með því að halda því fram, að það þurfi að fara aðra leið, sem ég hef kallað hina leiðina, sé verið að prédika höft. En ég segi: það verða ekki meiri höft við framkvæmd þeirrar leiðar en þau höft, sem við búum við nú, og þó miklu minni, því að það er hægt með margvíslegu móti, ef framkvæmdunum er skynsamlega raðað, að koma því til leiðar, að þau verkefni séu tekin fyrir, sem mest nauðsyn er á að verði unnin. Það er hægt að gera það með ótalmörgum öðrum aðferðum en höftum eða bönnum. Það er t. d. sjálfsagður liður í slíkri stefnu, að ríkisvaldið hafi samvinnu við einkaframtakið í landinu og félagsframtakið um, að tekið sé fyrir á vegum þeirra sem allra mest af þeim verkefnum, sem þýðingarmest er að verði unnin. Það er þetta, sem verið er að gera í öðrum löndum, þar sem skynsamlegri stefna er framkvæmd en sú, sem hér hefur verið fylgt. Ríkisvaldið hafi þannig raunverulega forustu í þessum efnum og hafi raunverulega samvinnu við einkaframtakið og við félagsframtakið um, að það sé unnið, sem mest á ríður, — taki upp

samstarf og samvinnu innan skynsamlegrar áætlunar, ekki pappírsáætlunar, sem gerð er í blekkingarskyni og síðan fleygt út í horn, eins og framkvæmdaáætluninni, sem ríkisstj. gerði hér um árið og aldrei hefur verið farið eftir, en þess í stað látið verða það öngþveiti, sem við nú búum við, — gerðar séu skynsamlegar áætlanir, menn setji sér markmið og verkefnunum verði raðað og síðan sett efst á blað að hafa forustu um, að þau verkefni séu tekin fyrir, sem mest á ríður. Þá kemur auðvitað sá liður að nota skynsamlega fjármagn bankanna og lánsstofnana í landinu til þess að greiða fyrir þeim fyrirtækjum, sem þýðingarmestu þjónustuna annast, t. d. framleiðsluna, í stað þess að nota bankana til að skera niður rekstrarfé framleiðslufyrirtækjanna og hefta þau í samkeppninni við hina, sem eru að flýja undan verðbólgu ríkisstj. með peninga sína í fast, eins og nú er gert, — nota bankana og þau ráð, sem ríkisvaldið hefur í bönkunum, hyggilega til þess að ýta undir, að það verði framkvæmt, sem nauðsynlegast er, og þau fyrirtæki geti notið sín, sem þýðingarmestu starfsþættina annast í þjóðfélaginu. Sama er að segja um samvinnu við bæjarfélög og sveitarfélög um þeirra verkefni, og þá kemur inn í þetta sjálfur ríkisbúskapurinn og fjárveitingar á vegum ríkisins til þess að greiða fyrir því, sem ríkið þarf að taka að sér.

Það er náttúrlega fjöldamargt fleira, sem kemur til greina í þessu sambandi, eins og t. d. heilsteypt og skynsamleg áætlun um aukna tækni í öllum greinum, auknar rannsóknir og um skólamál, þar sem m. a. væri gerð áætlun um, hversu mikið af tæknimenntuðu fólki þjóðin mundi þurfa á að halda á næstu árum, og reynt að haga undirbúningi æskunnar undir verkefnin í nokkru samræmi við það.

Marga fleiri þætti mætti nefna, sem yrðu að koma inn í þessi mál, en ég skal ekki fara að tefja hér tímann með því að nefna fleiri þætti. En ég mundi vilja setja aftast á þann lista ráðstafanir til þess að fresta framkvæmdum, ef það sýndi sig, að þau verkefni, sem menn vilja vinna að, eru meiri en hægt er að ráða við. Þá má kalla slíkt höft, ef menn vilja, en slíkar ráðstafanir væru ólíkt viturlegri en þær ráðstafanir, sem nú eru frammi hafðar til þess að draga úr framkvæmdahraðanum og koma niður þar, sem síst skyldi, eins og margbúið er að sanna í umr. síðustu missirin.

Þessi fáu orð vildi ég segja í sambandi við þetta, vegna þess að hér er um að ræða tekjuöflunarfrv. fyrir ríkissjóð.

Hér er um það að ræða að láta ríkissjóð hafa vegaféð í venjuleg útgjöld, en hér er ekki um það að ræða að afla nýrra fjármuna til vegagerðarinnar í landinu. En það er alveg víst, að það er ekki til neins að halda áfram þessum leik, að samþykkja nýjar álögur eða taka framkvæmdaféð til þess að kasta í verðbólguhítina. Það leiðir ekki til neinnar niðurstöðu.

Ég endurtek loks, að þýðingarmesti eða alvarlegasti þátturinn í sambandi við þetta mál er þó sá, að það er verið að svíkja samkomulagið, sem gert var um vegal. Ég held, að það sé ekki giftusamleg leið fyrir hæstv. fjmrh. að vera að reyna að jafna hallann á fjárl. með svikum ríkisstj. Ég held, að það muni ekki reynast heppileg leið fyrir hæstv. fjmrh. að knýja slíkt fram.

Ég vil svo skora á hæstv. samgmrh. að gera annaðhvort: ganga fram í því, að 47 millj. kr. framlagið til veganna sé sett aftur inn á fjárl., eða segja af sér að öðrum kosti.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21:1 atkv. og til samgmn. með 27 shlj. atkv.

Á 25. fundi í Nd., 6. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 92, n. 125, 132 og 139, 138).

Frsm. meiri hl. (Guðlaugur Gíslason): Herra forseti. Samgmn. hefur haft til athugunar frv. það, sem hér liggur fyrir á þskj. 76, um breyt. á vegal. Varð n. ekki sammála um afgreiðslu málsins, og hefur minni hl. n. skilað séráliti á þskj. 132 frá 1. minni hl. og þskj. 139 frá 2. minni hl.

Breyting sú, sem hér er lagt til að gerð verði á vegal., er þess efnis, að innflutningsgjald af benzíni verði hækkað um 90 aura á hvern lítra, og einnig, að þungaskattur af þeim bifreiðum, sem nota annað eldsneyti en benzín, verði hækkaður um 30—35%. Eins og fram kom hjá hæstv. samgmrh. og einnig hjá hæstv. fjmrh. við 1. umr. um frv. í þessari hv. d., er gert ráð fyrir, að tekjur þær, sem frv. gerir ráð fyrir, renni óskertar til vegaframkvæmda samkv. vegal. og komi í stað þeirra 47 millj. kr., sem verið hafa á fjárl. til vegamála, en ekki eru teknar inn á fjárl. fyrir árið 1966. Samkv. grg. frv. er gert ráð fyrir auknum tekjum til vegamála, 64.2 millj. kr. árið 1966, ef frv. verður samþ. Þó er ekki reiknað með, að meira en 56.5 millj. kr. innheimtist af þessari upphæð á árinu 1966, þar sem tekjur af innflutningsgjaldi af benzíni síðustu tvo mánuði ársins munu ekki innheimtast fyrr en í ársbyrjun 1967. En þrátt fyrir þetta er ljóst, að hér er um auknar tekjur að ræða til vegaframkvæmda þegar á næsta ári, þótt ekki sé reiknað með sérstöku framlagi á fjárlögum til vegamála, og fyrirsjáanlegt er, að aukning verður enn meiri þegar á árinu 1967. Hlýtur þetta að vera aðalatriði, en minna máli skipta, hvort fé til vegaframkvæmda er tekið inn á fjárlög eða aflað eftir öðrum leiðum, eins og frv. þetta gerir ráð fyrir. Munu allir hv. þm. sammála um, að aukið fé til vegaframkvæmda sé spor í rétta átt og undirstaða aukinna framkvæmda í vegamálum.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til lengri framsögu um málið, þar sem hæstv. samgmrh. gerði ýtarlega grein fyrir því í framsöguræðu sinni, er hann fylgdi frv. úr hlaði við 1. umr. þess hér í þessari hv. d., en eins og fram kemur á þskj. 125, leggur meiri hl. samgmn. til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Frsm. 2. minni hl. (Sigurvin Einarsson): Herra forseti. Samkomulag náðist ekki í sam-

gmn. um þetta mál. Stuðningsmenn hæstv. ríkisstj. vilja samþykkja frv., en við hv. 5. þm. Norðurl. v. erum andvígir frv. Hins vegar teljum við þörf á að gera nokkrar breytingar á vegal. og höfum leyft okkur að flytja brtt. við þau á þskj. 138. Í 3. till. á því þskj. kemur fram afstaða okkar til þessa frv. Ég mun þess vegna víkja að þessum brtt. nú og gera grein fyrir afstöðu okkar að lokum til þessa máls.

Það er stjfrv., sem hér er til umr. 1. till., sem við flytjum, er við 15. gr. vegal., en í fyrri mgr. hennar segir, með leyfi hæstv. forseta: „Í upphafi hvers reglulegs Alþ. skal ráðh. leggja fyrir þingið skýrslu um framkvæmd vegáætlunar.“ Nú eru tvö ár liðin síðan vegal. voru sett, og þess vegna hafa þessar skýrslur verið lagðar tvisvar fyrir Alþ., á þinginu í fyrra fyrir árið 1964 og fyrir nokkru hefur slík skýrsla verið lögð fyrir þetta þing fyrir árið 1965. Í þessum skýrslum er gerð mjög ýtarlega og skilmerkilega grein fyrir framkvæmdum í nýbyggingum vega, og veit ég ekki til, að neitt sé að þeirri skýrslu að finna hvað þetta snertir. Hins vegar er engin grein gerð fyrir því í vegaskýrslunni, hvernig viðhaldsfé hefur verið ráðstafað hvað snertir einstaka vegi. Nú er það öllum ljóst, að það skiptir ekki minna máli, hvernig viðhaldsfénu er ráðstafað, þar sem það er miklu hærri upphæð en nýbyggingarfé er, utan kaupstaða. Á yfirstandandi ári er t. d. nýbyggingarfé utan kaupstaða 60 millj. 350 þús. kr., en viðhaldsféð 93½ millj. kr. Þegar maður fer um landið, heyrir maður sífellt gagnrýni á viðhaldi veganna. Menn kvarta um, að þessum vegi sé ekki haldið við og hinum ekki heldur og það skorti ákaflega mikið á, að unnt sé að una við þetta ástand. En ég held, að það væri öllum fyrir beztu, að það væri árlega gerð grein fyrir því, hver viðhaldskostnaðurinn hefur orðið á hverjum vegi, svo að það sé öllum augljóst mál, hvernig viðhaldsfénu hefur verið varið. Þetta er ekki hin minnsta gagnrýni frá minni hálfu á vegamálastjórnina um ráðstöfun viðhaldsfjárins, heldur aðeins það, að það komi fram í hinni árlegu vegaskýrslu, hver viðhaldskostnaðurinn hefur orðið. Till. okkar er því á þá leið, að við fyrri mgr. 15. gr. bætist: „Skal þar m. a. greint frá viðhaldskostnaði á hinum einstöku hraðbrautum, landsbrautum og þjóðbrautaköflum samkv. nánari ákvörðun vegamálastjóra.“ Hraðbrautir eru fáar og yfirleitt stuttar, og er mjög einfalt mál að gera grein fyrir, hver hefur orðið viðhaldskostnaður hverrar hraðbrautar. Landsbrautir eru aftur á móti margar, en þær eru ekki langar, og ef aðeins er nefndur viðhaldskostnaður hverrar landsbrautar, teljum við það alveg nægjanlegt. En það gegnir nokkuð öðru máli um þjóðbrautir. Þær eru nokkuð margar, en þær eru auk þess margar hverjar mjög langar, ná jafnvel yfir tvö eða fleiri sýslufélög. Þess vegna höfum við orðað þetta svo, að þar skuli gerð grein fyrir viðhaldskostnaði á hverjum kafla þjóðbrautar, og þá eigum við við það t. d., að greint sé frá viðhaldskostnaði þjóðbrautar í hverju byggðarlagi eða eitthvað þess háttar, eftir nánari ákvörðun vegamálastjóra. Við teljum, að það væri til verulegra bóta, að þannig yrði vegaskýrslan enn fullkomnari og nákvæmari heldur en hún er núna, og þá yrði margs konar óánægju útrýmt, ef þetta væri gert, enda geri ég ekki ráð fyrir því, að neinn hafi á móti slíkri leiðréttingu sem þessari.

Þá er 2. brtt. okkar á þessu sama þskj. við 88. gr. vegal. Þessi lagagr. er um það, hvaða bifreiðar skuli undanþegnar þungaskatti til vegasjóðs: skólabifreiðar, bifreiðar erlendra sendisveita, slökkvibifreiðar, sjúkrabifreiðar, snjóbifreiðar o. s. frv. En niðurlag þessarar gr. hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta: „Eigendur jeppabifreiða eiga rétt á endurgreiðslu skatts samkv. a- og b-liðum 87. gr. (þ. e. þungaskattsins), ef þeir sanna með vottorðum frá hlutaðeigandi skattstjóra eða umboðsmanni hans samkv. nánari ákvæðum í reglugerð, er fjmrh. setur, að bifreiðarnar hafi verið notaðar næstliðið ár að mestu eða öllu leyti við framleiðslu- og jarðyrkjustörf.“ Þessi ákvæði um endurgreiðslu á þungaskatti af bifreiðum eða mjög svipuð þessu hafa verið í gildi frá 1949, svo að þetta var ekkert nýmæli í vegal. frá 1963. Þetta á sérstaklega við landbúnaðarjeppa svokallaða. Það þykir ekki við hæfi að innheimta þungaskatta í vegasjóð af þessum bifreiðum, þar sem þær slíta vegunum sáralítið. Þær eru notaðar heima fyrir, og hafa þær lítil áhrif á skemmdir veganna. Hins vegar verða eigendur slíkra bifreiða að sjálfsögðu að greiða skatta í ríkissjóð, eins og menn greiða af öðrum bifreiðum, svo sem tolla, söluskatt, innflutningsgjöld og svo skoðunargjöld o. s. frv. En menn hafa yfirleitt verið sammála um það, að ekki sé við hæfi að innheimta af þeim sérstakan þungaskatt til vegasjóðs. En nú verður gerbreyting á þessu fyrirkomulagi um fjármál vegasjóðs og vegamálin í landinu með l. frá 1963. Þá er lagður nýr skattur á allar bifreiðar, þ. e. a. s. þyngdur benzínskatturinn, þyngdur þungaskattur og lagt á gúmmígjald, og allir þessir skattar eiga að ganga beint í vegasjóð. Nú er það svo, að þungaskattur á benzínjeppa, sem t. d. vegur 1100 kg, er 792 kr. á ári. En þungaskattur á dísiljeppa er samkv. þessu frv. 11050 kr. Báðir þessir jeppar, ef þeir eru notaðir í þágu landbúnaðar, fá þetta endurgreitt, þannig að það er ekki greiddur þungaskattur af benzínjeppunum og ekki heldur af dísiljeppunum. En benzínskatturinn, sem eigandi benzínjeppans verður að greiða, er ekki endurgreiddur og nú er sá skattur þyngdur mjög með þessu frv., sem hér liggur fyrir, svo að þarna kemur fram alveg óviðunandi misræmi milli þeirra bænda, sem eiga dísiljeppa, annars vegar og hinna, sem eiga benzínjeppana. Við skulum hugsa okkur tvo bændur hlið við hlið. Annar á dísiljeppa og greiðir þar af leiðandi ekki einn einasta eyri til vegasjóðs. Hinn bóndinn á benzínjeppa, og ef hann notar t. d. 3500 lítra af benzíni yfir árið, greiðir hann til vegasjóðs samkv. þessu frv. sem hér liggur fyrir, 12845 kr. í skatt, en hinn bóndinn borgar ekki neitt. Það er þetta misrétti, sem við viljum að verði nú lagfært, því að þetta er með öllu óviðunandi. Við höfum þó ekki farið lengra í okkar till. en það, að eiganda benzínjeppans skuli þó aldrei endurgreitt meira

en sem svarar ¾ hlutum af þeirri endurgreiðslu, er eigandi dísiljeppa fær, svo að þótt þessi till. okkar yrði samþ., greiðir þessi eigandi benzínjeppans sannarlega þó nokkurn skatt í vegasjóð þrátt fyrir þetta. Ég neita því ekki, að svo varlega fórum við í þessar sakir, að við töldum meiri líkur til, að hv. Alþ. féllist þá á till., ef hún væri svona hófleg. En við erum líka þeirrar skoðunar, að það megi gera dálítinn mun á þessu vegna þess, hve dísiljeppi er dýrari í innkaupi heldur en benzínjeppi og hvað varahlutir til hans eru dýrari. Ef benzínjeppi notar þetta benzínmagn, sem ég nefndi áðan, um 3500 lítra, mundi eigandi hans samt greiða í skatt til vegasjóðs á ári um 5400 kr., þegar eigandi dísiljeppans greiðir ekki neitt, svo að hér sýnist vera hóflega farið í sakirnar að leiðrétta þetta misræmi, sem á er orðið og verður enn meira, ef samþ. verður þetta frv., sem hér liggur fyrir. Ég vona því, að hv. Alþ. geti fallizt á að leiðrétta það misræmi, sem verið hefur á milli þessara tveggja tegunda bifreiða og eykst stórum við þetta frv.

Þá kem ég að 3. brtt. okkar, sem er við 89. gr. vegal., en þessi gr. fjallar einmitt um meginefni þessa stjórnarfrv., sem hér er til umr. 89. gr. vegal. hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Til greiðslu kostnaðar samkv. l. þessum skal auk þeirra gjalda, sem getið er um í 85.—87. gr., veita árlega sérstakt framlag á fjárl.“

En 85.—87. gr. l., sem þarna er vitnað til, eru um skatta, þungaskatt og gúmmígjald til vegasjóðs. Greinin sýnist vera sæmilega ljós. Þar segir, að auk þessara skatta skal ríkissjóður leggja til vegamálanna framlag á fjárl. Og ég vek athygli á því, að í þessu stjfrv., sem hér er til umr., er ekki gert ráð fyrir að hreyfa við þessari gr. Hún á að standa svona áfram. Á Alþ. 1963, þegar vegal. voru samþykkt, náðist samkomulag milli hæstv. ríkisstj. og þingflokkanna um það, að ríkissjóður legði fram árlega a. m. k. 47 millj. kr. á fjárlögum til vegamála í landinu. Það kom fram þá í þeim samningum, að þm. töldu þetta nokkuð langt gengið og hart að þurfa að leggja slíka skatta á benzín og bifreiðaeigendur, sem þá var gert, til þess að auka fjármagnið til vegamála. En þegar það reyndist árangurslaust að fá meira framlag úr ríkissjóði til veganna, vildu menn heldur hlíta því að hækka þessa skatta, eins og þá var gert, en að verða af þeirri fjármagnsaukningu, sem þá var gert ráð fyrir til vegamála. En hækkun benzínskattsins þá var kr. 1.30 á lítra, auk þess sem þungaskattar voru á lagðir. Þetta samkomulag, sem þá náðist um framlag ríkissjóðs, var síðan staðfest með vegáætlun, sem gildir til 1968. Þar eru bein fyrirmæli um það, að ríkissjóður skuli leggja fram þessa upphæð á ári til vegamálanna í landinu, og vitna ég í þessa lagagr., 89. gr. vegalaga. Og af því að ég tók þátt í þessum samningum þá um þessi lög, þá man ég mjög vel, að það var bókstaflega enginn ágreiningur um það milli ríkisstj. og þm., að þetta framlag skyldi koma úr ríkissjóði til vegamálanna. Hitt var aftur á móti nokkuð rætt um, hvort ekki væri þá þegar hægt að hafa þetta framlag hærra. Það getur því varla farið neitt á milli mála, að þetta samkomulag var gert, enda hefur hæstv. samgmrh. staðfest það í umr. hér á hæstv. Alþingi í desembermánuði 1963, eins og hér hefur verið vitnað til, í umr. um fjárlög og ég þarf ekkert að vera að endurtaka.

Nú hefur því verið svarað til á hæstv. Alþ. í umr. um þetta atriði, að hæstv. ríkisstj. hafi ekki rofið þetta samkomulag, vegna þess að hún sjái fyrir fjármagni í staðinn með sköttum. En ég vil benda á, að það var alls ekki samið um það, að ríkissjóður skyldi annaðhvort leggja þessa upphæð fram sjálfur eða leggja á skatta fyrir því, heldur var bókstaflega samið um það, að þarna skyldu ekki koma til skattar umfram það, sem þá var gert, heldur þessi upphæð koma úr ríkissjóði. Og ég fullyrði það alveg, að ef því hefði verið hreyft þá að hafa skattana hærri og fella niður þetta framlag, annaðhvort þá eða þá tveimur árum seinna, eins og nú er komið á daginn, þá hefði alls ekki náðst samkomulag á þinginu í árslok 1963 um þessi lög.

En er það þá í samræmi við vegalögin að fella niður framlag á fjárlögum? Er það í samræmi við 89. gr. vegalaganna, að ríkissjóður hætti framlögum til vegamála? Ég get ekki litið svo á, að það sé í samræmi við þessa gr., þar sem í henni stendur, að skv. lögum þessum skal veita árlega sérstakt framlag á fjárlögum. Þetta er sannarlega skilmerkilega orðað. Nú er þetta framlag fellt niður á því fjárlagafrv., sem er komið til 3. umr. hér á Alþ. Það kann að verða einhver ágreiningur um það, og þó held ég, að hann geti varla komið til. Ég sé að vísu, að í frv. í 13. gr. stendur: A. Vegamál: 1. Styrkur til að halda uppi byggð og gistingu handa ferðamönnum 170 þús. 2. Til nýbýlavega 160 þús. Samtals 330 þús.

Litur hæstv. ríkisstj. svo á, að með þessum tveimur smávægilegu liðum á fjárlagafrv. hafi hún fullnægt ákvæðum 89. gr. vegalaganna um framlag úr ríkissjóði til vegamála? Ég held, að alþm. líti þannig á, að það sé ekkert framlag til vegamála á fjárlagafrv. þrátt fyrir þessar smávægilegu upphæðir. Gisting handa ferðamönnum, það eru nú engir vegir, og nýbýlavegir eru heldur engir þjóðvegir. En hvað segir hæstv. ríkisstj. sjálf um þetta í athugasemdum með fjárlagafrv.? Hún segir á bls. 93 í athugasemdum með fjárlagafrv., með leyfi hæstv. forseta:

„Sú breyting verður á tillögum til fjárveitinga skv. þessari grein, að niður fellur framlag til vegamála skv. 89. gr. vegalaga, nr. 71 1963, að fjárhæð 47 millj. kr.“

Þarna segir hæstv. ríkisstj. sjálf, að hún felli framlagið með öllu niður, 47 millj. kr. Þar með er fallinn burt hver einasti eyrir. Ég held því, að hæstv. ríkisstj. sé sömu skoðunar og ég um þetta, að framlagið er fellt niður með þessari ráðstöfun. En ef á að líta þannig á þetta, hvað er þá um ákvæði 89. gr. vegalaganna, að ríkissjóður skuli leggja fram á fjárlögunum fé til vegamála? Það er ekki af neinni tilviljun, að þetta orðalag er á þessari lagagr., 89. gr. vega-

laganna. Það var nefnilega um þetta samið, og því er þetta orðalag haft svona í vegalögunum. Og þetta staðfestir líka vegáætlunin, sem búið er að samþ. til 5 ára, fyrst vegáætlun fyrir 1 ár, 1964, síðan vegáætlun til 4 ára, fyrir árin 1965—1968. Þar stendur, að framlagið, 47 millj. kr. á ári, sé skv. 89. gr. vegalaganna.

Ég lít því svo á, að með því að fella niður þetta framlag ríkissjóðs hafi bæði verið rofið samkomulag, sem gert var á Alþ. fyrir tveimur árum, og líka gangi þetta í berhögg við ákvæði 89. gr. vegalaganna.

En hvernig stendur á því, að þessi upphæð er 47 millj. kr.? Ef litið er á vegalagafrv., sér maður mjög glögglega gerða grein fyrir því, hvernig á þessari upphæð stendur. Þar gerði ríkisstj. grein fyrir þessu mjög nákvæmlega, og hún er sú, að þegar breytt var um þetta fyrirkomulag við fjármál vegamálanna, þá tapaði ríkissjóður tekjustofnum, þ. e. a. s. sköttum, sem námu um 92 millj. kr. rúmlega. En hann slapp líka við útgjöld, sem námu rúmlega 139 millj. kr. Mismunurinn á þessum upphæðum eru þessar 47 millj.

Um þetta sagði hæstv. ríkisstj. í athugasemdum við vegalagafrumvarpið, þegar hún lagði það fram fyrir tveimur árum, með leyfi hæstv. forseta:

„Með frv. þessu, ef að lögum verður, missir ríkissjóður nokkra tekjustofna, en losnar á móti við útgjöld sem því nemur á 13. gr. A fjárlaga. Gert er ráð fyrir, að hagnaður ríkissjóðs af breytingunni, miðað við frv. til fjárlaga fyrir 1964, komi sem sérstakt framlag á 13. gr. A fjárlaga, skv. 89. gr. frv. þessa."

Þarna gerir hæstv. ríkisstj. nákvæmlega grein fyrir því, að þessar 47 millj. kr. sparast ríkissjóði við breytinguna og þann sparnað skuli ríkissjóður leggja fram ár hvert.

Hvernig sem á þetta mál er litið, verður ekki hjá því komizt, að menn sannfærist um, að það sé lagaskylda og einnig samkvæmt samningum, að þetta framlag komi áfram beint úr ríkissjóði.

En nú skulum við hugsa okkur, að fjárlögin verði afgreidd, og má telja víst, að þau verði afgreidd þannig, að framlagið falli niður. Þá stendur vegáætlunin samt eftir. Fjárlagafrv. fyrir árið 1966 verður ekki með framlag til vegamála, en vegáætlun, sem gildir til 1968, verður áfram með 47 millj. kr. tekjur samkvæmt fjárlögum.

Nú vil ég spyrja hæstv. ríkisstj.: Hvort hefur nú meira gildi, vegáætlun, sem á að gilda til 1968, eða fjárlög, sem eiga að gilda fyrir næsta ár? Þessu ber ekki saman, ef fjárlögin verða þannig afgreidd eins og hæstv. ríkisstj. gerir ráð fyrir.

Ég hef verið þeirrar skoðunar og lít enn svo á frá leikmannssjónarmiði, að vegáætlunin hafi lagagildi, hún sé partur af vegalögum, þar sem hún er sett skv. ákvæðum í þeim lögum. Að sjálfsögðu kunna lögfræðingar að líta öðruvísi á þetta, og ég skal ekkert fullyrða um, að ég hafi rétt fyrir mér í þessu. En ég held, að þm. hafi litið þannig á, að vegáætlunin hefði lagagildi, fyrst hún væri sett skv. beinum fyrirmælum í vegalögunum. En ef svo er, að vegáætlunin hafi lagagildi, þá tel ég hæpið, að það sé hægt að breyta henni með fjárlagaafgreiðslu, því að ekki breyta fjárlagaákvæði öðrum lögum. Ég vil því mælast til þess, að hæstv. samgmrh. eða einhver ráðh. vilji svara þessu, láti í ljós skoðun sína á þessu.

En við skulum hugsa okkur, að nú svari hæstv. ríkisstj. því, að vegáætlunin sé engin lög, hún hafi ekkert lagagildi, hún sé bara þál. En ef hún er venjuleg þál., hvaða gildi hefur hún þá? Reyndar mun ríkisstj. vera skylt að framkvæma þál. En hitt er ljóst, að sé hægt að breyta þannig vegáætlun með fjárlagafrv., eins og hæstv. ríkisstj. ætlar að gera núna, þá stendur það opið hér eftir, að Alþ. getur á hverju einasta þingi breytt vegáætluninni með ákvæðum í fjárlögum. Eftir það verða fjárlögin opin handa hvaða þm. sem er að gera brtt. við vegáætlunina, því að það er það, sem hæstv. ríkisstj. er að gera núna. Þá hlýtur öllum að vera það heimilt.

Ég vil vekja athygli á þessu, að þarna er verið að opna vegáætlunina upp á gátt til breytingar á hverju einasta þingi. En þá vil ég spyrja: Hver var þá tilgangurinn með þessari 4 ára vegáætlun? Til hvers var hún þá gerð, ef menn geta nú breytt henni með till. í fjárlögum á hverju þingi? Ég held, að þá hefðu fjárveitingar mátt vera kyrrar á fjárlögunum, eins og þær voru, þegar þetta kemur svo á daginn, þegar málið er krufið til mergjar. En ég endurtek þá skoðun mína og vildi gjarnan fá gagnrýni á þá skoðun, að hér eftir verður vegáætlunin opin fyrir hvern þm. sem er til breytinga á hvaða þingi sem er, þar sem fengið er það fordæmi frá hæstv. ríkisstj., sem hér á að skapa með því að taka út af vegáætlun fjárveitingar með ákvæði í fjárlögum.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Þar sem sá fulltrúi Alþb., sem sæti átti í samgmn. við afgreiðslu þessa máls, á ekki sæti hér á þingi lengur, mun ég segja hér nokkur orð um þetta frv. og afstöðu okkar Alþýðubandalagsmanna til þess.

Við Alþb.-menn erum andvígir þessu frv., eins og það liggur fyrir. Við teljum, að það sé alveg augljóst, að með þessu frv. er fyrst og fremst verið að leggja á nýjan skatt fyrir ríkissjóð, vegna þess að þessi tekjuöflun á að koma í staðinn fyrir fast framlag frá ríkissjóði til vegasjóðs.

Það er enginn vafi á því, að út frá því hafði verið gengið, að ríkissjóður héldi áfram að leggja a. m. k. 47 millj. kr. á ári til vegasjóðs, og það leikur heldur enginn vafi á því, að samkomulag var um það á milli þingflokkanna, þegar gengið var frá vegalögunum í árslokin 1963. En nú sem sagt virðist það vera augljóst, að hæstv. ríkisstj. ætlar að halda þannig á málunum að fella niður framlög ríkissjóðs til vegamála, en leggja þess í stað á nýjan eða hækkaðan benzinskatt. Skv. frv. er gert ráð fyrir, að hinn nýi benzinskattur muni gefa vegasjóði á næsta ári í kringum 56 millj. kr., en á sama tíma tapar vegasjóður þessu 47 millj. kr. framlagi úr ríkissjóði. Skv. áætluninni lítur

þá dæmið þannig út, eins og vegasjóður muni hagnast um 9 millj. kr. út af fyrir sig á þessu. En það er mjög vafasamt, að svo verði, vegna þess að það er augljóst, að um leið og þetta frv. verður samþ. og þungaskattur aukinn á bifreiðum og benzínið hækkað í verði, þá vitanlega hækka einnig útgjöld vegasjóðs stórlega, því að vegagerðin þarf mjög að halda á bifreiðum og öðrum slíkum tækjum, og það má því telja alveg fullvíst, að einnig þessar 9 millj. tapast strax og geta vegasjóðs til þess að standa undir vegagerðarmálunum verður minni eftir en áður.

Eins og ég hef sagt áður í umr. um þetta mál, gat vissulega komið til greina að fallast á það að hækka gjöldin á bifreiðum eins og ráðgert er með þessu frv., ef tryggt hefði verið, að þessar nýju álögur á umferðina í landinu hefðu allar verið látnar renna til aukinna framkvæmda í vegamálum. En því er ekki að heilsa, eins og ég hef nú skýrt frá. Ætlunin er raunverulega að taka með nokkuð sérstökum hætti þennan nýja skatt inn í ríkissjóð.

Varðandi till., sem hér liggja fyrir á þskj. 138, frá 2. minni hl. n., vil ég segja það, að ég tel rétt að styðja fyrstu till. Það er mjög eðlilegt, að gerð sé skýr grein fyrir því í sambandi við grg. um vegaframkvæmdir, hvernig hefur verið háttað viðhaldskostnaði á helztu vegunum, og ég get því stutt þá till.

Ég get ekki fallizt á a-lið 2. till., sem fjallar um endurgreiðslu á benzínskatti af jeppabifreiðum sérstaklega, eins og till. liggur fyrir. Ég tel, að þessi till. fjalli um mesta vandræðamál, sem hefði þurft að leysa á allt annan hátt en gert hefur verið, og ég tel satt að segja, að þessi till. geri þar litlar bætur á. En ég mundi styðja b-lið sömu till. Þar er stefnt að því marki að slá föstu, hve miklu skuli nema það framlag, sem beinlínis er gert ráð fyrir að ríkið inni af höndum til vegasjóðs samkv. vegalögum.

Ég skal svo ekki frekar eyða tíma í sambandi við umræður um þetta mál. Afstaða okkar Alþb.-manna til málsins hefur komið skýrt fram áður í umræðum um málið, og hún er sú, að við getum ekki fallizt á frv. í þeim búningi, sem það er.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 26. fundi í Nd., 7. des., var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 138,1 tekin aftur til 3. umr.

1. gr. samþ. með 17:15 atkv.

2. gr. samþ. með 17:14 atkv.

Brtt. 138,2.a tekin aftur til 3. umr.

— 138,2.b felld með 18:15 atkv.

3. gr. samþ. með 18:9 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 18:14 atkv.

Á 27. fundi í Nd., 9. des., var frv. tekið til 3. umr. (A. 92, 138,1—2.a).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Brtt. 138,1 felld með 18:15 atkv.

— 138,2.a felld með 19:11 atkv.

Frv. samþ. með 18:16 atkv. og afgr. til Ed.

Á 25. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 26. fundi í Ed., 10. des., var frv. tekið til 1. umr.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 71 1963, hefur fengið afgreiðslu í hv. Nd. Þar hefur talsvert verið rætt um málið, og er hv. þdm. þessarar d. málið þess vegna kunnugt.

Frv. þetta er flutt til þess að afla vegasjóði tekna í stað 47 millj. kr., sem eru á fjárl. ársins 1965, en verða ekki teknar upp á fjárl. fyrir næsta ár. Til þess að geta staðið við vegáætlun þá, sem samþ. var 2. apríl s. l., verður því að afla tekna, sem nema a. m. k. þeirri upphæð. En samkv. þessu frv. verður aflað allmiklu meiri tekna. Það er gert ráð fyrir, að innflutningsgjald af benzíni verði nú 3.67 kr. í stað 2.77 kr. í gildandi lögum. Hækkun er þess vegna 90 aurar á lítra. Með því að gert er ráð fyrir, að benzínsala verði 65 millj. lítrar, verða tekjur af benzínsölunni vegna þessarar hækkunar 58 millj. Þá er gert ráð fyrir hækkun á þungaskatti 30—35%, og verða auknar tekjur af þungaskattinum samkv. þessu um 12 millj. Þegar tekið hefur verið tillit til endurgreiðslna samkv. gildandi l., en þær vitanlega hækka, um leið og þungaskatturinn hækkar og benzínið hækkar, er gert ráð fyrir, að nettó-tekjur af þessum gjaldaauka nemi 64 millj. kr. En þar sem ekki má gera ráð fyrir því, að full innheimta komi til á þessari hækkun á öllu árinu 1966, vegna þess að benzíngjaldið innheimtist ekki til vegagerðarinnar fyrr en 2 mánuðum eftir á, og vegna þess að gera má ráð fyrir, að einhverju verði lagt af dísilbílum, eru nettó-tekjur áætlaðar á árinu 1965 56.5 millj. kr. En þessi upphæð nægir til þess að koma í stað áðurnefndra 47 millj. kr. og til þess að unnt verði að vinna að þeim framkvæmdum, sem frestað var skv. heimild í fjárl. 1965, þ. e. 20% af því framlagi. Það nægir til þess að bæta upp 47 millj. og þær framkvæmdir, sem var frestað á þessu ári. Tekjur vegna þessa frv., ef að lögum verður, verða svo allmiklu meiri á árunum 1967 og 1968, sem kemur vegasjóði þá til góða.

Samkv. vegalögunum er heimilt að endurskoða vegáætlunina að hálfnuðu tímabilinu. Það er þess vegna heimilt að endurskoða gildandi vegáætlun næsta haust, fyrir árslok 1966. Endurskoðun á vegáætlun er vitanlega tilgangslaus, nema það sé eitthvert nýtt fé til ráðstöfunar í sambandi við þá endurskoðun. Sé gert ráð fyrir, að þetta frv. gefi um 70 millj. kr. miðað við heilt ár, er 23 millj. kr. tekjuaukning samkv. því fram yfir það, sem hefði verið, ef 47 millj. hefðu verið kyrrar í fjárl. og engar ráðstafanir gerðar. Ég tel, að 23 millj. kr. séu of lítið nýtt fé til þess að fullnægja þörfinni og til þess að fullnægja því markmiði, sem hlýtur að vera viðhaft, þegar vegáætlun er

endurskoðuð. Þess vegna þarf meira fjármagn fyrir árið 1967 til ráðstöfunar í vegasjóði. Verður að gera ráðstafanir til þess af hendi ríkisstj. að afla þess fjár, annaðhvort fá það hjá ríkissjóði, hluta af innflutningsgjöldum af bifreiðum eða varahlutum, eða þá með öðrum hætti. Það hefur verið talað um, að það stæði til að leggja á nýjan skatt. Það má vel vera. En engin vissa er hér fyrir því. Allt fer það vitanlega eftir því, hvernig ríkisbúskapurinn verður. Æskilegast væri, að ríkissjóður væri svo vel stæður í árslok 1966, að hann gæti misst hluta af innflutningsgjöldum bifreiða eða tollum af varahlutum, án þess að lagðir væru á nýir skattar. En ég ætla ekki nú að vera með neina spádóma um það.

Ég vil aðeins segja það, sem ég veit að allir hv. þm. eru sammála um, að það er nauðsynlegt að afla vegasjóði aukinna tekna. En hvort það er gert með því að láta tekjurnar fyrst ganga inn í ríkissjóðinn og hafa svo á útgjaldahlið fjárl. einhverja upphæð, sem samsvarar þessum nýju tekjum, eða með því að láta nýju tekjurnar ganga beint í vegasjóðinn, það skiptir ekki máli fyrir vegaframkvæmdirnar. Það, sem skiptir máli fyrir vegaframkvæmdirnar, er, að fjármagnið verði aukið og að það verði vaxandi, en ekki það, hvort það er greitt fyrst úr ríkissjóði eða hvort það er greitt beint í vegasjóð.

Ég tel ekki ástæðu til að fjölyrða öllu meira um þetta frv. Hv. þdm. þekkja það. Þeir vita, hvers vegna það er flutt. Hv. þm. gera sér ljósa grein fyrir þörfinni á því. Og vitanlega er það matsatriði, hvort þær viðbótartekjur, sem koma samkv. þessu frv., eiga að ganga í ríkissjóð eða vegasjóð. Það er matsatriði. Ef það hefði verið ákveðið strax, að þessar viðbótartekjur væru látnar ganga í ríkissjóð og á útgjaldahlið fjárl. fyrir árið 1966 hefðu ekki verið 47 millj. til veganna, heldur 56.5 eins og nettótekjur þessa frv. ákveða, þá er alveg víst, að ekki hefðu heyrzt svikabrigzl úr munni hv. þm. Ég veit ekki, hvort það má eiga von á því hér í hv. Ed., og geri alls ekki ráð fyrir því fyrir fram. En ég veit, að hv. þm. þessarar d. hafa séð á prenti og jafnvel heyrt, að það hefur verið talað um brigðmæli í sambandi við það, að 47 millj. kr. eru ekki teknar upp á fjárl. 1966. En það er ekki hægt að fullnægja óskum hv. Nd.-manna sumra með því að láta tekjurnar, sem þetta frv. gefur, ganga í ríkissjóð og hækka svo útgjaldahlið fjárl., ekki um 47 millj., heldur 56.5, eins og þetta frv. gefur.

Hv. þm. hafa stundum uppi orðaleiki, þótt oft sé það alvara, sem ræður, og það er öruggt mál, að þótt hv. alþm. deili um þetta mál eins og mörg önnur, þá er í rauninni, held ég, ekkert, sem á milli ber, þegar um vegamálin er að ræða. Það fer ekki eftir því, í hvaða stjórnmálaflokki hv. þm. eru, hvort þeir hafa áhuga á vegagerð og auknu fjármagni til vegagerðar eða ekki. Menn geta vitanlega haft skiptar skoðanir um það, hversu miklu fjármagni sé mögulegt að verja á hverjum tíma. En alltaf hefur það verið svo, síðan hér var farið að gera vegi, að það hefur verið þörf á auknu fjármagni og miklu meira fjármagni en unnt hefur verið að láta af hendi. Og hverjir sem hafa verið í ríkisstj., hvaða stjórnmálaflokkar sem hafa myndað ríkisstj., hefur þetta alltaf verið svona. Það hefur verið minna fé til þessara mála en æskilegt hefði verið.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða meira um þetta frv. við þessa umr., en vil leggja til, að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. samgmn.

Helgi Bergs: Herra forseti. Í desembermánuði 1963, — ætlar hæstv. samgmrh. ekki að vera við umr., herra forseti? (**Forseti:** Hann er upptekinn í Nd. Hins vegar er fjmrh. hérna.) Ég hef nokkra tilhneigingu til þess að fara fram á, að það verði hlutazt til um, að hæstv. samgmrh. verði við þessar umr. Vill ekki hæstv. forseti fresta umr., þangað til hæstv. samgmrh. getur verið við? (**Forseti:** Það gæti orðið nokkuð langt.) Já, ég tel ekki æskilegt að ræða þetta mál, ef hæstv. samgmrh. getur ekki verið við umr. Ég verð þá, ef forseti fæst ekki til þess að fresta umr., bara að fresta ræðu minni til 2. umr. (**Forseti:** Ég skal fresta umr. í bili.)

Umr. frestað um sinn, en var fram haldið síðar á fundinum.

Helgi Bergs: Herra forseti. Það var í desembermánuði árið 1963, að almennt samkomulag var gert á hv. Alþ. um ný vegalög. Samkomulagið byggðist á því, að í því lagafrv. voru margvíslegar umbætur ákveðnar á þessum málum og m. a. veitt til þeirra meira fé en áður hafði verið. Og samkomulagið, sem gert var, byggðist að sjálfsögðu á því að finna jafnvægi milli ýmissa fjáröflunarþátta, sem þm. gætu almennt sætt sig við. Vegasjóður fékk með 85., 86. og 87. gr. þeirra l. ákveðna tekjustofna. Hann skyldi fá óskert innflutningsgjald af benzíni, innflutningsgjald af hjólbörðum og gúmmíslöngum í bifreiðar og þungaskatt. Og á móti þessum tekjum, sem vegasjóður á þennan hátt tók af umferðinni í landinu, skyldi ríkissjóður leggja af öðrum tekjustofnum samkv. 89. gr. ákveðið framlag, og það var þá gert ráð fyrir því, að það framlag væri 47 millj. kr. Þetta jafnvægi í tekjuöflunarþáttunum samdi hæstv. samgmrh. um við Alþ. Það leiðir af sjálfu sér, að hækkun, sem verða kynni á þeim tekjustofnum, sem vegasjóði voru afhentir, hlyti að renna til vegasjóðs og ekki annað. En ýmsir óttuðust, að þetta jafnvægi kynni að raskast síðar meir, með því að framlagið úr ríkissjóði yrði rýrt. Við 3. umr. málsins í Nd. 17. des. 1963 gaf hæstv. samgmrh. yfirlýsingu um þetta efni, sem verður ekki komizt hjá að minna á. Hann ræddi um nauðsyn vaxandi tekna til vegamála og sagði síðan:

„Einmitt þess vegna er engin hætta á því og alveg útilokað, að ríkisframlagið verði lækkað. Það er alveg útilokað. Þörfin fyrir aukið vegafé frá ríkissjóði verður fyrir hendi, þótt vegamálunum hafi verið tryggt fé með benzíngjaldi, gúmmígjaldi og þungaskatti.“ Og síðar í sömu ræðu sagði hæstv. samgmrh.: „Fjárþörfin verður þess vegna vaxandi, og þessi gjöld, sem við

nú erum að lögfesta, eru undirstaða undir því, sem við ætlum að gera. En ég er sannfærður um, að við höldum uppi kröfum um það, að ríkissjóður auki framlög sín úr þessum 47 millj. til mikilla muna, vegna þess að við verðum sammála um þessar miklu þarfir, sem hvarvetna bíða.“

Yfirlýsing hæstv. samgmrh. um nauðsyn þessa framlags úr ríkissjóði og yfirlýsing hans um, að það sé alveg útilokað, að það framlag mundi síðar verða rýrt, eru gersamlega ótvíræðar, algerlega. Nú er það bersýnilegt af fjárl. og boðað með þessu frv., að það eigi ekki aðeins að rýra þetta ríkissjóðsframlag, heldur fella það með öllu niður, en í staðinn fyrir það eigi að taka meiri tekjur af umferðinni. Tekjurnar samkv. þessu frv. eiga þess vegna að koma í staðinn fyrir ríkissjóðsframlagið, en þá tekjustofna, sem hér er um að ræða að nota, áttu vegamálin fyrir samkv. ótvíræðum yfirlýsingum og skoðunum hv. þm. og ráðh., þegar vegal. voru til umr. Þetta mál, sem hér liggur fyrir á þskj. 92, er þess vegna frv. að aflátsbréfi til handa hæstv. samgmrh. fyrir þá brigð, sem orðin er á því, að við yfirlýsingu hans verði staðið og framlag komi frá ríkinu, eins og ráð var fyrir gert. Slíkt aflátsbréf verður ekki samþ. eða undirritað af framsóknarmönnum. Með þessu er ótvíræð yfirlýsing hæstv. samgmrh. ómerkt. Nú hlýtur hæstv. samgmrh. sjálfur að ráða því eins og aðrir menn, hvaða samræmi hann telur hæfilegt milli orða sinna og athafna. En Alþ. getur ekki fallizt á að veita syndakvittun í þessu formi.

Það er vissulega þörf á því, að framlög til vegamála verði stórlega aukin. Við gerum okkur allir ljóst, og eins og hæstv. samgmrh. sagði áðan, er ég honum sammála um, að ekki muni skoðanir manna skiptast eftir flokkum né raunar öðru um það, að verkefnin, sem fram undan eru í vegamálum, eru svo stórfelld, að nýir möguleikar, ný úrræði verða að koma til, til þess að þeim verði fullnægt með viðunandi hætti. Ef við í örfáum orðum rifjum upp, hvað gert hefur verið í vegamálum undanfarna 3 áratugi, hljótum við að verða sammála um það einnig, að þar hafa verið unnin stórvirki. Fyrir u. þ. b. þremur áratugum var hafizt handa um það verkefni að leggja akfæra vegi til sem allra flestra byggðarlaga þessa lands og að lokum allra. Viðfangsefnið var að gera bílfært, kröfurnar voru þá ekki meiri. Þessu verkefni er að vísu ekki lokið. Það er mjög langt á veg komið, og því verður auðvitað haldið áfram og því verður að ljúka. En það, sem ég vildi minna á í sambandi við það, er, að þetta verkefni hefur nær eingöngu alla tíð verið unnið fyrir samtíma tekjur þjóðarinnar, fyrir tekjur, sem komið hafa frá sameiginlegum sjóðum þjóðfélagsþegnanna, frá ríkissjóði í gegnum fjárl. Nú stöndum við frammi fyrir nýjum verkefnum, sem menn dreymdi varla um þá, verkefnum, sem mótast af mjög örri þróun umferðarmálanna. Fyrir 10 árum voru hér í landinu 16 þús. bílar, í árslokin nú eru þeir væntanlega um 35 þús., og eftir 10 ár verða þeir væntanlega um 70 þús., ef við gerum ráð fyrir svipaðri þróun og verið hefur bæði hér og í nágrannalöndum okkar. Verkefnið er þess vegna að byggja upp nýtízku vegakerfi sem efnahagslega hagkvæmar flutningaæðar fyrir þjóðina. Vegal. viðurkenndu þetta verkefni. Þar voru tekin upp ákvæði um hraðbrautir, sem ég þarf ekki að rifja upp hér, það er mönnum minnisstætt. Og þarna eru stór verkefni fram undan, og þau eru miklu stærri en vegáætlunin ber með sér, vegna þess að þótt nokkrar hraðbrautir séu á vegáætlun, eru allmargir fleiri vegir og vegakaflar heldur en þar eru, sem ástæða er til að ætla og jafnvel má raunar telja víst, að uppfylli nú þegar þau skilyrði, sem vegal. gera til hraðbrauta, og ættu þess vegna að takast inn á vegáætlun sem slíkar.

Ég ætla ekki að eyða löngu máli í að rekja þessi verkefni. Við gerum okkur allir ljóst, hvað þau eru stórkostleg. En hins vegar hefur ekki verið séð fyrir fjárframlögum til þess að inna þetta verkefni af höndum. Í vegáætlun er gert ráð fyrir 10 millj. kr. til þessara þarfa, og við vitum, að það dugir ekki nema að nokkru leyti fyrir þeim fjármagnskostnaði, sem þegar er orðinn. Það verður þess vegna að ætla, ef ekki verður þarna um stefnubreytingu að ræða, að ráð sé fyrir því gert, að þessar framkvæmdir séu að mestu eða öllu leyti unnar fyrir lánsfé, og sú hefur verið raunin um þær framkvæmdir, sem unnar hafa verið á þessu sviði fram að þessu. Ég er þeirrar skoðunar og skal ekki eyða tíma hér til þess að rökstyðja það, ég gerði það að nokkru við 2. umr. fjárl. í hv. Sþ., að það sé ekki réttlætanlegt fyrir okkur að gera ráð fyrir því, að við getum unnið framkvæmdir af þessu tagi að staðaldri fyrir lánsfé. Ástæðan til þess er í fyrsta lagi sú, að hér er ekki um svo afmörkuð verkefni að ræða. Við hljótum að gera ráð fyrir, að á þeim verði áframhald um áratugi, og í öðru lagi, að þessi mannvirki munu ekki gefa beinar tekjur til þess að standa undir lánsfénu. Ég er og hef verið þeirrar skoðunar, að vegaskattur muni ekki verða notaður til frambúðar til þess að standa undir slíkum framkvæmdum, og mér er ánægja að því að rifja það upp, að það mun líka vera skoðun hæstv. samgmrh., eftir því sem fram kom í umr., sem við áttum hér í þessari hv. d. í des. 1963.

Við hljótum að gera ráð fyrir því, að á næstu árum verðum við að leggja árlega í kringum 40—50 km af slíkum brautum. Og það vinnst ekki, nema fundin séu ný úrræði til þess að skapa til þess fjármuni. Ég er þeirrar skoðunar, eins og ég hef oft gert grein fyrir, að þeir fjármunir verði að vera að verulegu leyti samtíma tekjur þjóðarinnar, en ekki lánsfé. Þess vegna er það óumdeilanlegt, að það verður að koma meira fé til vegamála, og það kom raunar fram hjá hæstv. samgmrh. hér áðan, að hann er sammála í þessu sjónarmiði, og ég get tekið undir það með honum, að 23 millj., sem hann talaði um að gætu orðið árangur af þessu frv. eftir tvö ár, eru auðvitað engin lausn á þeim viðfangsefnum. Það verður að koma meira fé til vegamálanna og til þess verður að koma hækkun á gjöldum, sem eru viðurkenndir tekjustofnar vegasjóðs. Þeir verða að koma raun-

verulega til hækkunar á vegafé, en ekki fara til þess að bæta fyrir það, sem hæstv. ríkisstj. hefur svikið í þessum efnum.

Hæstv. samgmrh. sagði hér áðan, að það væri í sjálfu sér matsatriði, hvort þetta hækkaða gjald gengi til vegasjóðs eða hvort það gengi til ríkissjóðs og þaðan aftur til vegasjóðs, en hefði síðari leiðin verið valin, taldi hæstv. ráðh., að öllu réttlæti hefði verið fullnægt. Hér er auðvitað um mesta misskilning að ræða, og vænti ég, að hæstv. samgmrh. viti sjálfur betur. Með þeim hætti, sem nú er á hafður, eru sviknar yfirlýsingarnar um það, að úr ríkissjóði skuli koma 47 millj. kr. Ef hinn hátturinn hefði verið hafður á, að ríkissjóður hefði tekið til sín það, sem kæmi úr hækkuðum benzínskatti og þungaskatti, hefði hitt meginatriðið í samkomulaginu um vegl. verið svikið, en það var, að þessir tekjustofnar skyldu vera tekjustofnar vegasjóðs. Það má vera, að hæstv. samgmrh. finnist það matsatriði, hvort þessara atriða er svikið, og það má segja, að það sé meinlaust af minni hálfu, að hann velji þar á milli. En ég tel hins vegar alveg ljóst, að í báðum tilfellum er um brigðmæli að ræða á því, sem gert var ráð fyrir, þegar vegal. voru samþ.

Það er vitað mál, sem er öllum hv. þm. kunnugt, að ríkið notar umferðina í landinu, bifreiðar og rekstrarvörur þeirra, mjög mikið sem skattstofn og miklu meira en til vegakerfisins. Verulegur hluti þeirra tekna rennur til annarra þarfa. Aðrar þjóðir hafa á þessu annan hátt. Það mun meðal flestra nágrannaþjóða okkar, a. m. k. þeirra, sem ég þekki nokkuð til, vera lagt meira fé í vegakerfið og til umferðarmálanna heldur en tekið er með þessum tekjustofnum. En hér á landi hefur þetta verið þannig, að á undanförnum 5 árum hefur verið tekið af umferðinni til ríkissjóðs og vegamála 2046 millj. og þar af hafa aðeins 750 millj. farið til vegamálanna, en 1296 millj. hafa orðið eftir í ríkissjóði. Þetta er samkv. athugun, sem FÍB hefur gert.

Nú hef ég heyrt þeirri skoðun haldið fram, að það sé í sjálfu sér ekki eðlilegt annað en ríkissjóður fái einhverja tolla af bifreiðum og rekstrarvörum þeirra til almennra þarfa, rétt eins og hverjum öðrum innflutningi. Þessi skoðun orkar vissulega tvímælis. En þótt fallizt væri á þetta sjónarmið, er það þó alveg ljóst, að slíkir tollar ættu ekki að vera meiri en tollar á þurftarvörum og aðeins brot af því, sem raun er á. Tollar á benzíni, sem renna beint í ríkissjóð, eru 50% og námu á s. l. ári 28 millj. kr. Tollar á bifreiðum eru upp í 90%, og svo mætti áfram telja.

Það er þess vegna alveg ljóst, að ríkið hefur tekið til annarra þarfa á óeðlilegan hátt af umferðinni a. m. k. 1000 millj. kr. á seinustu 5 árum. Það svarar til um 200 millj. kr. á ári. Samkomulagið fyrir 2 árum var í rauninni um það, að 47 millj af þessum ca. 200 millj. skyldi skilað aftur til vegasjóðs, en nú þykir það ekki lengur fært.

Sá háttur, sem hér hefur verið hafður á í þessu máli, er þannig, að það verður ekki hægt fyrir Alþ. að þola það. Alþ. hefur samið við ráðh. um ríkissjóðsframlag á móti ákveðnum tekjustofnum. Það samkomulag hefur ekki verið staðið við, og í staðinn er beðið um syndakvittun í formi nýrra og meiri tekna af umferðinni. Þetta getur Alþ. ekki látið bjóða sér og hlýtur að fella þetta frv.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Hv. 6. þm. Sunnl. (HB) vildi ekki ræða þetta mál, á meðan ég var upptekinn í Nd. Ég hafði nú haldið, að hæstv. fjmrh. væri gjaldgengur til þess að hlusta á málflutning hv. 6. þm. Sunnl., en satt að segja þykir mér vænt um það, að ég hafði tækifæri til að hlusta á þessa ræðu. Það er stundum sagt, að þó að maður starfi lengi með sumum mönnum, sé erfitt að kynnast þeim, en á þessum 20 mínútum, sem hv. 6. þm. Sunnl. stóð hér í ræðustólnum og flutti sína ræðu, kynntist ég honum talsvert fram yfir það, sem áður hefur verið, og það út af fyrir sig er gott, þótt ég hefði óskað eftir, að myndin hefði orðið önnur, sem við mér blasti í sambandi við málflutning hv. þm.

Það er auðheyrt, að hv. 6. þm. Sunnl. leggur mikið upp úr því að halda því fram, að samkomulag, sem gert var um vegalögin, hafi verið svikið og samgmrh. sé svikarinn. Þetta var inntakið í ræðunni, þetta var byrjunin, og utan um hana var spunnið, þetta var í miðri ræðunni og utan um það var spunnið, þetta var í lokin, og um það voru einnig vafðir margs konar þræðir. Og hv. þm. segir, að það sé tilgangslaust fyrir samgmrh. að koma til Framsfl. og biðja um aflátsbréf, biðja um syndakvittun. Hverjir voru það, sem gáfu aflátsbréf? Hv. 6. þm. Sunnl. hefur tæplega gert sér grein fyrir því, hvers konar vald var á bak við það, og ég hefði ekki gert ráð fyrir því, að hv. 6. þm. Sunnl. gerði ráð fyrir, að þm. Framsfl. hefðu það vald, sem talið var að væri á bak við þá, sem áður gáfu aflátsbréf. Mér hefði aldrei dottið í hug að koma til þessara hv. þm. og biðja þá um syndafyrirgefningu eða aflátsbréf. En úr því að svo er komið, að hv. 6. þm. Sunnl. telur, að hann sé jafnvel kominn í tölu þeirra manna, að hann sé bær um það að gefa syndakvittun, að gefa aflátsbréf, og hans flokkur, þá er náttúrlega ekkert skrýtið, þótt málflutningurinn sé í samræmi við það, því að matið á flokknum og stöðu þessara manna hér í hv. þingi og annars staðar er vitanlega algerlega rangt, eins og fram kemur af hans áliti. En þrátt fyrir það, þótt þetta hafi komið fram og sýnilegt sé, að hlutirnir eru allir skoðaðir í skökku ljósi, þykir mér sjálfsagt að fara nokkrum orðum um þetta samkomulag margumtalaða 1963 og sýna fram á, að hér er ekki um brigð eða svik að ræða.

Ég sagði það áðan, að ef tekjuaukinn, sem kemur í sambandi við þetta frv., hefði verið færður til tekna á fjárl. og útgjöld á fjárl. hefðu verið færð á sama hátt til vegasjóðs, hefði ekki verið talað um nein brigð eða svik. En hv. 6. þm. Sunnl. er ekki á sömu skoðun. Hann bara býr til eina óþekkta, eitt x og segir, að það hafi verið í samkomulaginu 1963, að

vegasjóður fengi eftirleiðis og alltaf allar hækkanir, sem yrðu á benzíni, þungaskatti og gúmmígjaldi. Hv. 6. þm. Sunnl. segir, að það hafi verið um þetta samið og um þetta gefnar yfirlýsingar, til þess að geta sagt: Þetta eru í rauninni tvöföld svik, ekki einföld svik, heldur tvöföld svik. — En það, sem ég vil halda fram, er, að það sé ekki ástæða til í þessu sambandi að vera með orðaleik, því að þótt svo hafi verið komizt að orði í des. 1963, að baráttan stæði um það, að framlög jafnvel á fjárl. yrðu hækkuð, en ekki lækkuð, var vitanlega alltaf meiningin sú, að baráttan væri um það, að framlög til vegamálanna yrðu hækkuð. Og það er hreint bókhaldsatriði, hvernig þetta er fært upp, hvort það er fært fyrst ríkissjóði til tekna á fjárl. og síðan útgjaldamegin eða hvort það er fært beint í vegasjóðinn. Hitt vita svo allir hv. þm., að um það var ekkert samið, að um alla framtíð og alltaf skyldu hækkanir á benzíni, gúmmígjaldi og þungaskatti ganga til vegasjóðs.

Nú er ég sannfærður um það, að hv. alþm. hafa yfirleitt gengið út frá því, að þessi gjöld yrðu hækkuð á áætlunartímabilinu við endurskoðun vegáætlunarinnar. Ég veit einnig, að hv. þm. eru sammála um, að það er ekki unnt að breyta vegáætluninni fyrr en eftir tvö ár. Nú ber enginn brigður á það, að meiningin er að standa við vegáætlunina og vinna tvö fyrstu árin eins og gert var ráð fyrir. Ég hef ekki heyrt nokkurn mann efast um það, og þetta frv. er lagt fram til þess að tryggja það, að svo megi verða. Það er einnig í ráði að endurskoða vegáætlunina og afla aukinna tekna í sambandi við þá endurskoðun. En eins og ég sagði áðan, hvernig þeirra tekna verður aflað, hvort það verður með því, að ríkissjóður láti af hendi eitthvað af þeim tekjum, sem talið er að hann hafi nú af umferðinni, verður ekki ákveðið fyrr en á næsta ári. En þá mætti reikna með því, og er þá allt undir ríkisbúskapnum komið, að það þurfi til þess að jafna fjárl. fyrir árið 1967 að koma með einhverjar nýjar tekjur ríkissjóði til handa. En allt er það undir árferðinu komið og þeim tekjum, sem núverandi gjaldstofnar gefa ríkissjóði.

Ég sé ekki ástæðu til að vera að deila við hv. 6. þm. Sunnl. um þetta. Það má vel vera, að hv. þm. finnist einhver fróun í því að tala um brigð og að tala um svik og búa til það, sem enginn hv. þm. í Nd. gerði að forsendu, og segja, að það séu tvöföld svik. Ef honum þykir það betra, hv. þm., þá hann um það. En um brigð er ekki að ræða í þessu sambandi, ef staðið er við vegáætlunina, ef staðið er við það, sem talað var um 1963 og ég lýsti yfir, að baráttan stæði um það að fá aukið fé til vegamálanna. Ef unnið verður að þessum málum þannig og stefnt í þá átt, er ekki um nein svik að ræða. Og þegar hv. 6. þm. Sunnl. talar um það, að nú síðustu 2 árin hafi ríkissjóður tekið margfalt meira af umferðinni heldur en til veganna er látið, held ég, að hv. þm. hefði átt að tala um fleiri ár, því að hv. þm. veit, að það hefur alltaf verið látið í ríkissjóð drjúgt og mikið af umferðinni umfram það, sem hefur farið til veganna. Og hv. þm. veit, að hluti af benzínskattinum fór beint í ríkissjóð, þangað til nú fyrir tveimur árum. Þess vegna er ástæðulaust að tala um þessi mál eins og þau hafi fyrst verið fyrir hendi nú síðustu 5 árin. Og ég er alveg viss um það, en hv. 6. þm. Sunnl. var ekki kominn á þing 1958, — ég er alveg handviss um það, að ýmsir, sem studdu þáv. ríkisstj., hefðu viljað láta meira en 80 millj. til vegamála 1958. En af hverju var það ekki gert? Það var vegna þess, að ríkissjóður þurfti að fá stóran hluta af þeim tekjum, sem umferðin gaf.

Og svo koma ýmsir hv. stjórnarandstæðingar nú og tala eins og það hafi ekki verið verkefni áður til þess að uppfylla í vegamálum. Dettur nokkrum manni í hug, að það hefði ekki verið æskilegt og það hefði ekki verið nauðsynlegt að fá meira en 80 millj. 1958 til vegamálanna? Vitanlega. Vegagerðarvísitalan síðan 1958 hefur hækkað milli 85 og 90%, ég man ekki nákvæmlega, hún var 85% á s. l. vori, er nú einhvers staðar milli 85 og 90%, og það sjá því allir, að það er tiltölulega miklu meira varið til vegamála nú en 1958, þótt ég geti tekið undir það, að æskilegt væri, að það væri miklu meira, og að því er stefnt, að svo verði. Það leysir ekki neinn hnút í þessu sambandi, þótt hér sé verið að tala um brigð og snúa við orðum og búa til nýjar forsendur til þess að geta sagt, að svikin séu tvöföld, og ganga lengra en nokkur hv. þm. í Nd. leyfði sér að gera. Það leysir ekki vandann. En út af fyrir sig skiptir mig það engu máli, hvað hv. 6. þm. Sunnl. vill kalla þetta. Það, sem mig skiptir máli, er það, að tekjur vegasjóðs verði auknar, það verði unnt á næstu árum að gera stór átök í vegamálunum.

Helgi Bergs: Herra forseti. Það voru aðeins örfá orð í tilefni af fáeinum atriðum í ræðu hæstv. samgmrh.

Ég hafði líkt þessu máli við frv. af aflátsbréfi til handa hæstv. samgmrh. frá Alþ., en hæstv. ráðh. þóttist nú ekki aldeilis þurfa að sækja um aflát til Alþ. Viðhorf hæstv. ráðh. til þessarar hv. stofnunar kom greinilega í ljós. Það var ekki mikil ástæða til þess að fá neitt aflát eða syndafyrirgefningu þar, hvað sem á undan var gengið.

Það er aðallega eitt atriði, sem ég sé ástæðu til þess að ræða hér um örfá orð, vegna þess að hæstv. samgmrh. endurtók það hér, sem við höfðum raunar heyrt áður, að ef þessar nýju tekjur, sem á að afla með þessu frv., hefðu verið færðar gegnum ríkissjóð, hefði ekki verið um neina brigð að ræða, og kemur þannig í ljós, að hæstv. samgmrh. er ekki alveg fjarri því að viðurkenna, að með þessum hætti, sem hafður er, hafi þó verið um brigð að ræða. Ég vildi leyfa mér að benda aftur á, að það var tvímælalaus skilningur alþm., að þeir tekjustofnar, sem um ræðir í 85., 86. og 87. gr. vegal., skyldu renna til vegamála í heild sinni, þó að þeir yrðu hækkaðir. Alþm. gengu út frá því, sagði hæstv. ráðh. hér áðan, að þessi gjöld mundu verða hækkuð á tímabilinu. Ég er alls ekki fjarri því, að þeir kunni að hafa gengið út frá því, en þeir gengu þá út frá því, að það

fé mundi renna til vegamálanna, en ekki til þess að koma í staðinn fyrir fjárveitingar, sem ríkissjóður sveikst um að koma með.

Þetta mál er alveg ljóst. Það er auðvitað hægt að stagla eitthvað um það, að hér sé um form og orðaleiki að ræða. En það breytir ekki því, að hér er um grundvallaratriði að ræða. Þær tekjur, sem fara yfir fjárl., eru annars eðlis. Það eru almennar tekjur, sem falla á þjóðina alla, en hér er um að ræða skatt á umferðina eina í 85., 86. og 87. gr. vegalaganna.

Hæstv. ráðh. rifjaði það upp, að ég hefði haldið því fram, að ríkið hefði tekið stórfé af umferðartekjunum í ríkissjóð til annarra þarfa, og taldi, að ég hefði átt að tala um fleiri ár í því sambandi, vegna þess, eins og hæstv. ráðh. sagði, að svona hefði þetta alltaf verið, að ríkissjóður hefði tekið stórfé af þessum umferðartekjum inn í ríkissjóð til annarra þarfa. Ég held, að það væri þarft fyrir hæstv. samgmrh., sem hefur gegnt því háa embætti nú um 6 ára skeið, að lesa grein, sem fyrrv. vegamálastjóri, Geir heitinn Zoëga, skrifaði í Fjármálatíðindi árið 1956, þar sem hann ræðir m. a. þessi mál og sýnir fram á, að fram til ársins 1954, þegar hæstv. núv. samgmrh. var viðskmrh., ef ég man rétt, hafi framlög á fjárl. til vegamála alltaf numið hærri upphæðum en tekjur af umferðinni námu, og telur hann þá tekjur af umferðinni og reiknar út með svipuðum hætti og gert er í skýrslu Félags ísl. bifreiðaeigenda, sem ég vísaði til áðan. Óraði mig ekki fyrir, að hæstv. samgmrh. mundi ekki vita þetta. Ég gerði satt að segja ráð fyrir því, að það þyrfti ekki að taka fram, enda tók ég það af þessum ástæðum ekki fram áðan. (Gripið fram í.) Það hefur alltaf verið svona, sagði hæstv. samgmrh. Árið 1954 breytist þetta, vegna þess að þá er farið að taka togaragjald á bifreiðar, en það rann ekki í ríkissjóð, það var þar um nokkurs konar gengislækkunarráðstöfun að ræða, rann til sérstaks sjóðs, sem úr voru veittar uppbætur. Það er ekki fyrr en síðar, að sá háttur hefur verið hafður á um þetta efni, sem nú hefur náð hámarki sínu.

Það skiptir mig ekki máli, sagði hæstv. ráðh., annað en það, að vegasjóður fái auknar tekjur, svo að við getum komizt lengra áfram í vegamálunum. Þannig lauk hæstv. ráðh. ræðu sinni, og ég vil vissulega taka undir þetta, að öðru leyti en því, að mig skiptir það nokkru máli, hvernig þetta fé er tekið. Og ég mundi ekki og er ekki reiðubúinn, hvorki nú né fyrr, til þess að fallast á það, að bara ef peningarnir komi í vegasjóðinn, skipti ekki máli, hvort þeir séu fengnir með þeim hætti, sem áður var gert ráð fyrir, eða einhverjum öðrum.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10:1 atkv. og til samgmn. með 16 shlj. atkv.

Á 27. fundi í Ed., 14. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 92, n. 169, 173 og 178).

Frsm. meiri hl. (Bjartmar Guðmundsson): Herra forseti. Samgmn. hefur athugað þetta frv. á fundi og ekki orðið sammála um afgreiðslu þess, og hefur n. þríklofnað, eins og gerð er grein fyrir í nál.

Við 1. umr. þessa máls hér í d. flutti hv. 6. þm. Sunnl. (HB) gagnrýnisræðu við frv. Ég tel, að sú ræða hafi verið góð, ef hún er borin saman við sumt af því, sem um málið var talað í Nd. og Sþ. í sambandi við skýrslu hæstv. samgmrh. um vegáætlunina 1965. Við hv. 6. þm. Sunnl. erum alveg sammála um það, að vegalögin frá 1963 séu að mörgu leyti góð og mikil umbót frá því, sem áður var, og vil ég sérstaklega þakka honum fyrir ummæli, sem hnigu í þessa átt. Slík viðurkenning frá stjórnarandstæðingi er drengileg, svo að orð er á gerandi. Og ég tek líka undir það með honum, að það, sem er einkanlega að á sviði vegamálanna, er, að til þeirra er ekki ætlað nægilega mikið fé, hvorki nú né nokkurn tíma áður, eins og brýnar framkvæmdir í vegamálum eru víða aðkallandi og þyrfti sem allra mest að hraða. Á síðustu árum hefur þó unnizt meira á á þessu sviði en nokkurn tíma áður á jafnlöngum tíma. En þetta er ekkert einstakt um vegamálin. Öllum finnst víst á öllum sviðum, að of lítið sé af hinum „þétta leir", eins og meistari Jón nefnir fjármunina, þrátt fyrir alla okkar velmegun.

Ég hlustaði allmikið á umr. um þetta mál í Nd., sem voru þó mjög óskemmtilegar og óþinglegar, að því er mér fannst. Orðbragðið var þannig af hálfu andstæðinga hæstv. samgmrh., að mér sannast að segja ofbauð sumt af því. Aðalkjarninn í ræðum andúðarmanna, fyrir utan ókvæðisorð, var sá, að ekki mætti leggja á benzíngjald og þungaskatt, sem gengi beint inn í vegasjóð, því að það væru svik og brot á vegáætlun, sem var gerð í fyrra til 4 ára, 47 millj. plús 9.4 millj. ættu að koma frá ríkissjóði, en ekki sem beinar tekjur inn í vegasjóð skv. sérstökum ákvæðum í l., sem samin væru eftir 1963.

Nú vil ég spyrja: Mundi nokkur hafa haft við það að athuga frá þessu sjónarmiði, — ég endurtek: frá þessu sjónarmiði, — þótt lagður hefði verið á nú t. d. ½% söluskattur, sem nema mundi 60—70 millj. eða viðlíka upphæð og hér er um að ræða, 47 millj. plús 9.4 millj., það eru þær upphæðir, sem vegagerðin þarf að fá, þegar með er tekið það, sem upp á vantaði í fyrra? (**HermJ:** Kom það til orða.) Það kom fram í ræðu hæstv. samgmrh., að það yrði séð fyrir peningum, ef þessi lög verða samþ., til þess að bæta það upp. Þessi aðferð hefði leitt til sömu niðurstöðu tölulega á fjárl. og verið er að leitast við að ná með því frv., sem hér liggur fyrir. Það hefur aldrei verið borið upp á hæstv. samgmrh., að hann hafi lofað því, að aldrei yrði bætt við neinum sköttum á fjárl. eða til að auka tekjur fjárlaga. — Ég spyr aftur: Mundi nokkur hafa getað talað um, að vegasjóður hefði verið svikinn um tekjur frá ríkissjóði, ef þessi leið hefði verið farin? Ég veit, að svar allra verður nei.

Svo skulum við setja dæmið upp svolítið öðruvísi, án þess þó, að þar sé nokkur eðlismunur á. Setjum svo, að ríkisstj. hafi ekki af einhverj-

um ástæðum viljað taka upp aukinn söluskatt eða aðra tekjuöflun til handa ríkissjóði, heldur annan skatt til að mæta óhjákvæmilegum útgjöldum, t. d. benzínskatt, og til að láta dæmið ganga upp sem allra fyrst, skulum við nefna aukið benzíngjald og þungaskatt handa ríkissjóði, svo að hann ætti til þessar 47 millj., og við skulum hugsa okkur sömu sölu og þetta frv. gerir ráð fyrir, aðeins þann mun á, að peningarnir rynnu beint og krókalaust inn í ríkiskassann, ekki inn í vegasjóð, síðan þaðan til vegamálastjóra til framkvæmda í vegunum, enda stæðu 47 millj. á fjárl., ef þessi leið hefði verið farin. Enginn mundi heldur dirfast að telja, að vegasjóður væri svikinn um 47 millj., ef þessi aðferð hefði verið höfð.

Það er auðvitað hægt að mögla og vera óánægður með þessa skattlagningu eins og öll önnur álög eða útgjöld, en svik — nei, góðir menn, orðið svik og sviksemi eiga menn að nota með fullri varfærni, þeir a. m. k., sem vilja láta taka mark á orðum sínum.

Þó að okkur sé að sjálfsögðu öllum þungt um að þurfa að auka skattálagningu, þá skal ég játa, að mér er enn þyngra um að standa að því að afgreiða fjárl. með halla. Því segi ég eins og Jóhannes á Fjalli sagði um vinnuna, og er ég honum þó ekki sammála að öllu leyti: „Hún er ill nauðsyn."

Þær álögur, sem hér um ræðir, eru að vísu ill nauðsyn eins og allar álögur, en að mínu áliti óhjákvæmilegar í einhverri mynd til þess að afgreiða hallalaus fjárl. Ég sé ekki, að eðlismunur sé á því, hvort leiðin, sem ég nefndi, er valin eða sú, sem ríkisstj. kaus að ganga. Þær stefna að einni og sömu endastöð, mismunandi leiðir að sama markinu.

Í þeim miklu umr., sem ég hlýddi á að sumu leyti í Nd. og las að öðru leyti um í blöðum, komu þessi sjónarmið ekki skýrt fram. Þess vegna drep ég á þau hér, þótt mér sé ljóst, að hv. 6. þm. Sunnl. skilur þetta vel, jafnglöggur maður, enda sagði hann miklu minna ljótt í sinni ræðu en sumir aðrir um hæstv. samgmrh., sem töluðu um þetta mál í Nd., enda veit hann vel, að hæstv. samgmrh. er mjög ötull maður og öruggur í því starfi, sem hann er nú í sem samgmrh., og líklegt, að hv. 6. þm. Sunnl. sé það ekki ljósara en mörgum öðrum hér í d., því að báðir eru þeir af Suðurlandi.

Herra forseti. Ég hef ekki séð ástæðu til að rekja efni þessa frv. eða einstakar greinar, því að hæstv. samgmrh. gerði það í ræðu sinni við 1. umr. málsins, enda er málið mjög kunnugt orðið af umr. í Nd. og í Sþ. og í blöðum.

Fyrir hönd meiri hl. samgmn. legg ég til, að frv. verði samþ.

Frsm. 1. minni hl. (Björn Jónsson): Herra forseti. Þetta frv., sem hér er á ferðinni, er að mínu viti eitt af mörgum dæmum um það fjármálaöngþveiti, sem nú einkennir flestu fremur ríkisreksturinn, og tilraunir hæstv. ríkisstj. til þess að klóra í bakkann til þess að halda sér á floti á næsta ári í því dýrtíðarfeni, sem hún hefur skapað með efnahagsaðgerðum sínum.

Eins og hefur greinilega komið fram, er hér um það að ræða að leggja á aukinn benzínskatt til þess að mæta nokkru af tekjuþörfum ríkissjóðs, en ekki til þess að framlög til samgöngumálanna í landinu aukist, því að þau breytast ekki, svo að nokkru nemi, við þessa skatthækkun, sem hér er um að ræða. Á þessu tvennu er auðvitað reginmunur, sem hlýtur að skera úr um afstöðu manna til þessa frv.

Þörfin fyrir stórfelld átök í sambandi við samgöngumálin fer vaxandi með hverju árinu sem líður. Vegleysi og ófullkomnir vegir, skortur á flugvöllum, allt verkar þetta eins og spennitreyja, sem þrengist í sífellu, spennitreyja á atvinnulífið og eðlilega þróun þess, og verður í raun og veru æ ósamrýmanlegra öllum nútímaháttum, bæði atvinnulegum og félagslegum, eftir því sem lengra líður. Enda eru samgöngumál okkar í því horfi, að þar er um algerlega ósambærilega hluti að ræða við önnur þau þjóðlönd, sem þó búa ekki við öllu þróaðra atvinnulíf heldur en við gerum nú. Miðað við síhækkandi framkvæmdakostnað í samgöngumálunum og sífellt brýnni þarfir er því óhætt að fullyrða, að ekki er haldið í horfinu og fyrr eða síðar verður óhjákvæmilega að leggja miklu stærri hluta af þjóðartekjum okkar til samgöngumálanna heldur en nú er gert, þ. e. a. s. ef við eigum ekki að dragast aftur úr einnig á öðrum þeim sviðum, sem hafa úrslitaþýðingu um efnahagslegar og menningarlegar framfarir.

Það má vel vera, að ekki verði hjá því komizt, að þegar til þeirra átaka kemur, sem ég held að verði að vera frekar fyrr en seinna, við ófullnægjandi og úrelt samgöngukerfi, reynist nauðsynlegt að þrengja að á einhverjum öðrum sviðum í bili, e. t. v. með því að auka álögur á samgöngutækin og skapa þannig grundvöll til mikilla framkvæmda, sem þó virðist eðlilegra með því, að ríkið afsali sér jafnvel algerlega þeim tekjustofnum, sem það nú hefur af aðflutningsgjöldum o. fl. í sambandi við samgöngutækin, og fái þá tekjustofna í hendur vega- og flugvallaframkvæmdum. Ef það væri ætlunin að ráðast af karlmennsku gegn einu hinna stóru vandamála þjóðarinnar, samgöngumálunum, þykir mér líklegt, að ekki yrðu harkalegar deilur uppi um það, þó að nokkur hækkun yrði á benzíni eða einhverri hliðstæðri skattheimtu í sambandi við samgöngutækin. Menn mundu þá skilja, ef svo væri á málum haldið, að álögurnar skiluðu sér aftur, jafnvel jafnharðan að meira eða minna leyti, í bættum samgöngum, lækkuðum rekstrarkostnaði farartækjanna og aukinni hagkvæmni í þeim þætti atvinnumála, sem háður er samgöngum.

En hér er því ekki að heilsa, að um neitt slíkt sé að ræða. Hér er ekki efnt til meiri framkvæmda í vegamálum með þessari skattahækkun. Hér er ekki um það að ræða, að ríkið sé að afsala sér tekjum af umferðinni til aukinna vegaframkvæmda. Hér er málum í rauninni alveg öfugt farið. Hér er verið að seilast enn freklegar en áður til umferðarinnar sem skattstofns fyrir almenna eyðslu ríkissjóðs. Fyrir

mig skiptir það í þessu sambandi engu höfuðmáli, að hæstv. ríkisstj. og hæstv. samgmrh. gengur með þessu frv. á gert samkomulag við þingflokkana og þ. á m. stjórnarandstöðuna, þó að það sé ekki gott afspurnar. En sá hæstv. ráðh., sem hér hefur mest um fjallað, verður auðvitað að meta sjálfur, hvers virði hans orðheldni er, og það verð ég að segja, að ólíkt hefst hann nú að í sambandi við það að efna orð sín eða hæstv. forsrh., þegar hann lækkaði söluskattinn fyrir rúmu ári um 60 millj., til þess að enginn vafi gæti á því leikið, að hann hefði staðið við orð sín. Slík framkoma af hálfu hæstv. ráðh. og ríkisstj. er auðvitað verst fyrir hana sjálfa og hlýtur að veikja traust hennar, jafnt utan þings sem innan. En hitt er þó í sjálfu sér miklu lakara, að hér er öllu snúið til rangs vegar og í öfuga átt við það, sem heppilegt er fyrir samgöngumálin í landinu.

Þegar þetta bætist ofan á þær ráðstafanir, sem gerðar hafa verið á undanförnum árum til að minnka svo að segja árlega hlut vegaframkvæmdanna af þeim tekjum, sem hið opinbera heimtir af umferðinni, verður að segja, að mælirinn er vissulega fullur. En sagan um þetta, hvernig hlutur vegamálanna af tekjum af umferðinni hefur verið, er sú, að 1960 var lagt til umferðarinnar, lagt til vegamálanna 42.3% af skattheimtunni og það fer síðan lækkandi, þangað til 1963 er það komið niður í 29.5% og 1964 verður þá um hækkun að ræða upp í 38%, en að jafnaði er þarna um árlega lækkun að ræða. En tekjur ríkissjóðs af umferðinni umfram framlag til vega var þannig árið 1960 um 150 millj., en 1964 395 millj. kr., og á 5 árum er sá mismunur, sem hér er um að ræða, 1295 millj. kr. Þetta svarar t. d. til þess fjármagns, sem þurft hefði til að malbika og gera varanlega vegi að lengd 650 km á 5 árum, ef allt það fé, sem þarna hefur verið tekið af umferðinni, hefði verið lagt í slíkar framkvæmdir. En slíkt átak eða annað hliðstætt hefði vitanlega gerbreytt rekstri farartækjanna í landinu, sparað óhemju upphæðir í rekstrarkostnaði og ég vil segja aukið um ótaldar upphæðir framleiðslu landsmanna og létt undir með atvinnuvegunum. Í þess stað hefur verið hjakkað í sama farinu, og er tæpast unnt að tala um nokkrar framfarir í vegamálum á síðari árum. Nýbyggingar eru sáralitlar, miðað við þarfirnar, og hinir gömlu vegir, jafnvel aðalleiðir milli landshluta, eru að niðast niður. Gott dæmi um það er t. d. norðurleiðin svokallaða, sem ekki hefur verið lagt fé í, svo að nokkru nemi, jafnvel áratugum saman og fer árversnandi til umferðar. Hér þarf vissulega að verða á gerbreyting, ef ekki á svo að fara, eins og ég áður sagði, að skortur á viðunandi vegakerfi verki eins og spennitreyja á atvinnulíf okkar, á efnahagslegar framfarir og raunar á mjög viðtæk svið í þróun okkar þjóðlífs.

Nú er sagt aftur og aftur hér á hv. Alþ. við hvert nýtt skattafrv., sem fram er lagt, að ríkissjóð vanti meiri tekjur, endarnir nái ekki saman og eitthvað verði að gera. Verðbólgan er orðinn sá grimmi yfirdrottnari yfir hæstv. ríkisstj. og yfir rekstri hennar á fjármálum ríkisins, sem krefst svo að segja daglegra fórna, en fær þó aldrei nægju sína. En ríkisstj. virðist fús til þess að færa þessum drottnara sínum hverja fórnina af annarri, en hefur e. t. v. ekki kjark og e. t. v. ekki heldur getu til að ráðast að þessum yfirdrottnara sínum og reyna að hafa hann undir, hætta að ala hann á hverri nýrri skattlagningunni af annarri, hverri skattlagningu, sem hugvit hennar getur upp hugsað, en jafnvel það hugvit í þessum efnum virðist vera á þrotum, eins og nýjustu dæmin sanna um gjaldeyrisskattinn.

Með slíkum úrræðum er í rauninni aukið á allan vanda í okkar efnahagsmálum og í fjármálum ríkisins. Úrræðin, ný og ný skattheimta, duga skemmri og skemmri tíma, en hin efnahagslega meinsemd vex að umfangi og sýkir út frá sér í æ ríkara mæli. Að því hlýtur að koma fyrr eða síðar, að meiri hl. þings og þjóðar geri sínar ráðstafanir til þess, að hér verði öfugt farið og reynt verði að skera á rætur meinsins í stað þess nú stöðugt að vera með bráðabirgðaráðstafanir, sem ekkert hald er í, ráðstafanir eins og þær, sem felast í þessu og öðrum tekjuöflunarfrv., sem nú liggja fyrir hv. Alþ. Samþykkt slíkra frv. sem þessara væri aðeins fallin til þess að fresta þeim aðgerðum, sem óhjákvæmilega verður að gera, ef heilbrigð efnahagsstefna og skattastefna á að ríkja í landinu. Þess vegna ber að fara eins að við öll þessi frv., að fella þau.

Frsm. 2. minni hl. (Páll Þorsteinsson): Herra forseti. Þetta frv. sýnir í skýru ljósi aðferðir hæstv. ríkisstj. Efni þessa frv. er það, að hækka skuli frá næstu áramótum benzínskatt, sem nemi 90 aurum á hvern benzínlítra, jafnframt skuli hækka þungaskatt á dísilbifreiðum og sú hækkun nemi 30—35%. Þetta er ekki í fyrsta sinn á valdaferli þeirrar ríkisstj., sem nú situr, eða réttara sagt þeirra flokka, sem nú fara með meirihlutavald á Alþ., sem þessi skattur er hækkaður. Þegar þeir flokkar, sem nú fara með meirihlutavaldið, mynduðu ríkisstj. 1959, var benzínskatturinn 1.13 kr. á hvern lítra. Með efnahagsmálalöggjöfinni 1960 var þessi skattur hækkaður um 34 aura á lítra. Með vegal. 1963 er þessi skattur enn hækkaður um 1.30 kr. á lítra. Og nú með þessu frv. á enn að hækka þennan sama tekjustofn um 90 aura á lítra. Þetta er því í þriðja sinn á valdaferli núv. stjórnarflokka, sem vegið er í þennan sama knérunn, og fyrir atbeina þeirra hefur þessi skattur meira en þrefaldazt, eða hækkunin frá 1959 er 222%.

Þetta frv. varpar einnig ljósi á þá starfsaðferð að skattleggja sömu vöruna á marga vegu. Það er ekki svo, að þessi benzínskattur, sem hér er til umr., sé einu gjöldin eða álögurnar, sem lagðar eru á benzínið. Af benzíni er greiddur 50% tollur, og árið 1964, ætla ég, að sú tollgreiðsla af benzíni einu hafi numið um 28 millj. kr. Af benzínsölu er síðan innheimtur söluskattur eins og öðrum varningi, og ef miðað er annars vegar við það magn af benzíni,

sem flutt var inn 1964, — tölur fyrir þetta ár hef ég ekki við höndina, — og hins vegar við þann gjaldstofn, sem söluskatturinn er, má ætla, að söluskattur af benzíni nemi yfir 20 millj. kr. á árinu 1964.

Þannig eru aðferðir ríkisstj. við að reyta saman álögur, að sama varan er skattlögð á marga vegu. Þessi hækkun, sem á að ákveða samkv. þessu frv., á að renna í vegasjóð og ganga til samgöngumála. En samt er svo um hnúta búið í þessu kerfi hæstv. ríkisstj., að við þessa skatthækkun, sem hér á að ákveða, mun söluskatturinn af benzíni einnig hækka og drjúpa þannig nokkuð í sjóð þann, sem hæstv. fjmrh. hefur umsjá með nú í bili, í sambandi við þá hækkun, sem hér er verið að lögfesta. Þannig er þetta álögunet hæstv. ríkisstj., sem hún dregur utan um skattborgara landsins, orðið svo þéttriðið, að þar á enginn að sleppa í gegn.

Um leið og þessu fer fram, er umferðin í landinu höfð að allgildum tekjustofni fyrir ríkissjóð sjálfan. Má í því sambandi nefna leyfisgjald af bifreiðum eða það, sem er í fjárl. 10. lið í tekjuáætluninni, gjald af bifreiðum og bifhjólum samkv. 16. gr. l. nr. 4 1960, 124 millj. kr. Þessi skattur er tekinn af umferðinni beint til almennra þarfa ríkissjóðs, og það er minnt á það í sjálfum fjárl., af hvaða rótum megi rekja þennan skatt, því að þar er vitnað réttilega í efnahagsmálalöggjöfina 1960, sjálfa viðreisnarlöggjöfina. Jafnframt því, að svona er farið að, er mjög mikið af framkvæmdum í samgöngumálum unnið fyrir lánsfé. Það á að velta því á framtíðina að standa straum af þeim kostnaði, og þegar málin horfa svona, þykir hæstv. ríkisstj. það tímabært og viðeigandi að fella niður úr fjárl. einar 47 millj. kr., beint framlag úr ríkissjóði til samgöngumálanna.

En þetta frv. sýnir einnig þá hliðina, sem snýr að hæstv. ríkisstj. sjálfri, þó að hún kannske sé blind í sjálfs sín sök, því að hún er sjálf orðin í nokkurri hættu af sínu eigin álöguneti. Í grg. þessa frv. er sagt, að með þeirri hækkun, sem hér á að lögfesta, sé benzínverð hér á landi fært upp í það, sem tíðkast eða menn vita að sé í nágrannalöndunum. Þegar svo er komið, hlýtur að verða erfitt um vik framvegis að vega oft og með jafnstuttu millibili í þennan knérunn, eins og gert hefur verið á valdaferli núv. stjórnarflokka. En samt sem áður er augljóst og viðurkennt af öllum, að í samgöngumálum er þörf stórframkvæmda, og sú þörf eykst með hraðvaxandi umferð, stækkandi ökutækjum, breyttum atvinnuháttum og vaxandi fólksfjölda hér á landi. Einhvern tíma kemur líka að því, að það verður að fara að borga lánin, sem nú er unnið fyrir í samgöngumálum.

Dýrtíðin er ógnvaldur ríkissjóðs, heyrði ég hæstv. fjmrh. segja í hv. Sþ. fyrir nokkrum dögum. Ég tek alveg undir þetta. En þetta mál er einn þáttur, þó að hann sé ekki mjög stór, er það þáttur í því að auka enn dýrtíðarvöxtinn, að gera erfiðleikana enn meiri á því sviði en verið hefur og gera ógnvald ríkissjóðs, sjálfa dýrtíðina, enn óviðráðanlegri en hún hefur verið til þessa, því að vitanlega færist sá skattauki, sem hér á að lögfesta, yfir í verðlagið eftir ýmsum leiðum. Flutningsgjöldin hækka og sennilega millilíðakostnaður eða dreifingarkostnaður landbúnaðarvara í sambandi við það. Þjónusta, sem veitt er, bæði með langferðabifreiðum og bifreiðum frá bifreiðastöðvum, leigubifreiðum, hlýtur einnig að hækka, og þannig verður hinn almenni skattborgari eftir ýmsum leiðum var við þá hækkun, sem hér á að lögfesta.

En þetta mál er ekki eingöngu fjárhagsmál, þótt ég hafi nú um sinn gert þá hliðina eða þann þáttinn að umræðuefni. Þetta mál hefur einnig sérstöðu meðal þingmála. Þegar vegal. voru sett 1963, var gert um það víðtækt samkomulag hér á hv. Alþ. að ganga frá vegal. í því formi, sem þau eru úr garði gerð. Ég taldi það mjög ánægjulegt, — ég átti þá sæti í þeirri n., sem fjallaði mest um þessa lagsetningu og raunar gekk frá því samkomulagi, sem gert var, — og ég taldi það mjög ánægjuleg vinnubrögð að mörgu leyti, hvernig þá var staðið að afgreiðslu þess máls, og ég hygg, að það megi með fullum rétti segja, að það sé óvanalegt, að stjórnarandstaða taki á sig ábyrgð á því að standa að álögum um 100 millj. kr. á þjóðina, en þetta gerði stjórnarandstaðan á þingi 1963, vegna þess að það er almennur skilningur á því meðal allra þm. og þingflokka, að stórátök þurfti og þarf enn að gera í samgöngumálum þjóðarinnar. Þetta samkomulag var staðfest, ég leyfi mér að segja: bæði í vegal., fjárlögum og vegáætlun, því að í 89. gr. vegal. segir, að til greiðslu kostnaðar samkv. l. þessum skal auk þeirra gjalda, sem um getur í 85. og 87. gr. og fjallað er um í þessu frv., veita árlega sérstakt framlag í fjárl. Þetta sérstaka framlag í fjárl. var því algerlega einn þátturinn í tekjuöfluninni til vegamálanna. Nú stendur þessi grein, þrátt fyrir samþykkt þessa frv., eftir í vegal. Ef ákvæði hennar eru svo borin saman við fjárl., sem verið var að samþykkja fyrir nokkrum mínútum, er á greininni um vegamál, 13. gr. A í fjárl., einungis styrkur til að halda uppi byggð og gistingu handa ferðamönnum og í öðru lagi framlag til nýbýlavega 160 þús. kr. Mér er það ekki ljóst, hvort hæstv. ríkisstj. telur sig fullnægja ákvæðum vegal. um sérstakt framlag ríkissjóðs til vegamála með þessari lágu fjárhæð til nýbýlavega, sem nú er í fjárl. næsta árs. Mér er það ekki ljóst, en e. t. v. fást skýringar á því. Í samræmi við vegal. hefur verið í fjárl., t. d. þess árs, sem nú er að líða, ákveðin 47 millj. kr. greiðsla í þessu skyni. Þetta var enn fært inn í vegáætlunina, sem gildir fyrir árin 1965—1968, þannig að í tekjuhlið vegáætlunarinnar öll þessi ár er þetta sérstaka framlag úr ríkissjóði, 47 millj. kr. En þetta allt þótti þó ýmsum þm. ekki nóg, og það var því rætt, þegar vegal. voru sett, að það þyrfti að setja í löggjöfina aukna tryggingu fyrir því, að frá þessu yrði ekki hvikað. Þetta var bæði rætt í n. þeirri, sem fjallaði um vegal., og það mun hafa komið bein till. fram um það í hv. Nd.

En í sambandi við það gaf hæstv. samgmrh. yfirlýsingu, og þá fórust honum þannig orð:

„Engin hætta er á því og alveg útilokað, að ríkissjóðsframlag til veganna verði lækkað. Það er alveg útilokað. Þörfin fyrir aukið vegafé frá ríkissjóði verður fyrir hendi, þótt vegamálunum hafi verið tryggt fé með benzíngjaldi, þungaskatti og gúmmígjaldi."

Þetta voru svo skýr og afdráttarlaus ummæli, að þm., sem stóðu að þessari lagasetningu með samkomulagi, hlutu að taka þessi ummæli gild. Og ég segi það, — ég vil ekki hafa nein stór orð hér uppi um þetta mál, — en ég segi það, að ég harma það, að reynslan skuli nú sýna, að þessum ummælum mátti ekki treysta. Það hefur ávallt með þessari þjóð verið mikils metið, að menn stæðu við orð sín. Eitt sinn var svo að orði komizt, að sá væri mikill maður, sem hagaði sér þannig, að heit hans væru betri en handsöl annarra manna. Ráðherraloforð, hygg ég, að hafi ávallt haft sérstakt, ákveðið gildi. Ég veit ekki til og get ekki vitnað til þess, að um það standi ákvæði í stjórnarskrá eða lögum. En það eru í þingvenjum og stjórnarfari ýmis óskráð lög, sem menn vilja gjarnan hafa í heiðri. Og ég hygg, að í framkvæmdinni hafi það verið svo, að ef ráðh. einhvern tíma hafi gefið loforð um lausn ákveðins máls eða ákveðna fyrirgreiðslu, hafi jafnvel eftirmaður hans ógjarnan viljað hvika frá því, þó að mannaskipti verði. Hvað skyldi þá um mann, sem situr í sama stól, þegar ákveðin yfirlýsing er gefin og til þess kemur svo að ráða framkvæmdinni?

Þetta frv. er því auk þess að vera fjárhagsmál vottur þess, að yfirlýsingar þær, sem hæstv. samgmrh. gaf í sambandi við vegal., hafa því miður lítið gildi. Með þessu frv. er stefnt að því, í bili a. m. k., að greiða fyrir hinni hröðu hringferð ríkisstj. á dýrtíðarbrautinni, en sú för hæstv. ríkisstj. er öll ákaflega óheillavænleg. Og þáttur hæstv. samgmrh. í þessu máli, sem ég hef lítils háttar vikið að, er með þeim hætti, að hann ætti að dómi okkar, sem stöndum að nál. 2. minni hl., að vera til viðvörunar og Alþ. ætti af þeim sökum að synja ríkisstj. um samþykkt þessa frv. Við, sem stöndum að nál. 2. minni hl., viljum því ekki samþykkja þetta mál, eins og það er vaxið, en leggjum til, að frv. verði *fellt*.

Helgi Bergs: Herra forseti. Í framsöguræðu sinni áðan vék frsm. meiri hl. samgmn., hv. 8. landsk. þm., nokkuð að ræðu þeirri, sem ég flutti við 1. umr. þessa máls, á þann hátt, að ég sé ástæðu til þess að gera við það örfáar aths. Ég tók kannske ekki nógu vel eftir í upphafi ræðu hv. 8. landsk. þm., en ef ég hef ekki tekið alveg skakkt eftir, fór hann heldur hlýlegum orðum um þessa ræðu mína og taldi hana a. m. k. allmiklu sanngjarnari en málflutningur um þetta mál hefði verið hjá flokksbræðrum mínum í Nd. Þessi ummæli hv. 8. landsk. þm. þykja mér að sjálfsögðu góð, og sýna þau sanngirni hans og skynsamlegt mat á mínum málflutningi. En heldur tók nú að kárna það gaman, þegar á leið ræðu hans, því að þá kom í ljós, að hann hafði ekki hlustað allt of vel á það, sem ég hafði sagt.

Það hefur ekki verið um það deilt í umr., sem um þetta mál hafa farið fram, að við yfirlýsingu hæstv. samgmrh. um framlag ríkissjóðs á fjárl. til framkvæmdar vegáætlunar hefur ekki verið staðið. Um það er ekki deilt. En á hinn bóginn hafa menn reynt að þvæla málið þannig, að í staðinn hafi komið annað, sem sé í rauninni jafngott. Þetta gefur tilefni til þess að hugleiða á nýjan leik, hvernig stóð á því, að Alþ. sótti það svo fast að fá um það yfirlýsingu, að 47 millj. a. m. k. skyldu koma á fjárl. til vegamálanna. Ástæðan til þess var sú, að þm. litu þannig á, að það væri ekki eðlilegt, að vegamálin fengju eingöngu fé frá sérsköttum á umferðinni, a. m. k. ekki meðan töluvert mikið af þessum sérsköttum rann beint í ríkissjóð, eins og sýnt hefur verið fram á. Þess vegna vildu þm. fá því slegið föstu, að ríkissjóður skyldi skila til vegamálanna a. m. k. 47 millj. umfram þá sérskatta á umferðina, sem vegasjóði voru ætlaðir skv. ákvæðum vegalaganna. Þeir vildu með þessum hætti skapa svolitið jafnvægi milli tekjuöflunar vegasjóðs af sérsköttum á umferðina annars vegar og af almennum tekjum ríkissjóðs, þar með töldum þeim hluta umferðartekna, sem hann tekur til sín, hins vegar. En með þessu frv., sem hér liggur fyrir, er þessu jafnvægi raskað, um það þarf ekki að deila. Benzíngjaldið, gúmmígjaldið og þungaskatturinn voru sett inn í vegalögin sem tekjustofnar vegasjóðs. Hæstv. samgmrh. og ég vorum báðir sammála um það við 1. umr. þessa máls, að þm. hefðu gert ráð fyrir því, að þessi gjöld kynnu síðar að verða hækkuð, en þá til eflingar vegasjóði. Að ríkið gengi á þessa tekjustofna, tæki þá inn í sinn stóra ríkissjóð, það fullyrði ég, að þm. gerðu engan veginn ráð fyrir, — alls ekki. Og það liggur líka í hlutarins eðli, því að ef þeir hefðu gert ráð fyrir því, þá hefðu þeir ekki sótt svo fast að fá yfirlýsingarnar um 47 millj., sem ég var að ræða. Það segir sig alveg sjálft. Þess vegna álít ég, að það hefði í sjálfu sér verið eins mikið brot á því samkomulagi, sem gert var á sínum tíma um vegalögin, í því fólgið, ef ríkissjóður hefði farið að ganga á þessa sömu tekjustofna, sem vegasjóður á að hafa, eins og í því, sem nú er að ske, að 47 millj. kr. framlagið er niður fellt.

Dæmi þau, sem hv. 8. landsk. þm. tók í ræðu sinni til þess að reyna að sýna fram á, að hér væri í rauninni meira um forms- en efnisatriði að ræða, skal ég fara um örfáum orðum.

Hv. þm. sagði, að ef ríkisstj. hefði ákveðið að hækka söluskattinn um ½% og haldið á fjárlögunum þessu 47 millj. kr. framlagi, þá hefði engum dottið í hug að tala um brot á samkomulaginu um vegamálin. Þetta er alveg rétt, það hefði engum dottið í hug að gera það. Það hefði bara verið venjulegt framhald af skattstefnu stjórnarinnar. Hún byrjaði með 3% söluskatt, en svo fór hún upp í 5½%, svo fór hún upp í 7½%, og þótt hún hefði farið upp í 8%, væri það í sjálfu sér ekki annað en framhald af þeirri

stefnu, sem stjórnin hefur haft. Og það er svo sem ekki útséð nema hún fari það einhvern tíma. En svo færði hv. þm. dæmi sitt yfir á svolítið annað svið og sagði, ef í staðinn fyrir ½% aukningu söluskatts yrðu teknar tekjurnar með benzíngjaldi, gúmmígjaldi og þungaskatti, var það alveg sama, engum mundi detta í hug að tala þá um, að samkomulaginu hefði verið rift. En þarna var það fyrst og fremst, sem hv. þm. hefur ekki tekið vel eftir því, sem ég sagði við 1. umr., vegna þess að ég hélt því einmitt fram, að það, að ríkissjóður gengi á þessa tekjustofna, sem vegasjóði höfðu verið ætlaðir, það væri brot á anda og efni þess samkomulags, sem gert var hér í des. 1963. Þessu tók hæstv. samgmrh. vel eftir við 1. umr. þessa máls, því hann hélt því fram, þvert ofan í það, sem hv. 8. landsk. þm. heldur nú fram, að ræða mín um þetta mál hefði verið öllum ósanngjarnari, vegna þess að í Nd. hefði þó enginn borið á hann, að hann væri nema einfaldur svikari, en hann taldi mig hafa borið á sig, að hann væri tvöfaldur svikari. Það voru að vísu aldrei mín orð, heldur frjálsleg túlkun hæstv. samgmrh. á orðum mínum, en það, sem hann átti við, var einmitt þetta, sem ég hef nú verið að lýsa.

Með þessu frv. er augljóst, að hvernig sem því er snúið, hvort sem það væri tekið inn í gegnum ríkissjóðinn og inn á ríkisreikning, þá er ríkissjóður með þessu að taka til almennra þarfa stærri hluta af sérsköttunum á umferðina en áður var, og álít ég, og ég veit raunar, að þegar allt kemur til alls, erum við hv. 8. landsk. þm. sennilega sammála um, að þar er gengið í öfuga stefnu.

Ég get vel lokið þessum orðum mínum á svipaðan hátt og hv. 8. landsk. gerði, að láta í ljós traust mitt á því, að jafnskýr og greinagóður maður og hann skilji þessi sjónarmið. En ég hefði kosið, að áður en hann gerði ræðu mína svo mjög að umræðuefni sem hann gerði, hefði hann hlustað örlítið betur á hana.

Frsm. meiri hl. (Bjartmar Guðmundsson): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð, því að ég hef í sjálfu sér ekki miklu að svara viðvíkjandi þeim ræðum, sem hér hafa verið fluttar, síðan ég sagði orð mín hér áðan.

Hv. 6. þm. Sunnl. taldi, að ég mundi hafa hlustað illa á sína ræðu við 1. umr. málsins. Ég einmitt hlustaði mjög vandlega á hana. Og ég tók eftir því hjá honum, sem ekki er venjulegt, að hann brá sér inn á líkingamál og talaði um, að hann vildi ekki skrifa undir syndakvittun eða aflátsbréf eins og þau, sem seld voru hér á miðöldum fyrir peninga, og komst nokkuð vel að orði í þessu sambandi, svo að ég tók sérstaklega eftir því. Mér virðist nú, að okkur greini ekki ýkjamikið á um það, hann gekk alveg inn á mína skoðun, að það mundu engin svik hafa verið nefnd, ef önnur leið hefði verið valin og farið út í það að afla ríkissjóði tekna með öðru móti en hér er gert ráð fyrir og leggja það svo til veganna. Hann féllst alveg á mína skoðun í því efni, að ef þetta hefði verið söluskattur, þá væri þetta alveg hliðstætt, en það væri ekki hliðstætt, ef það væri benzíngjald. Um þetta er hægt að deila. En aðalatriði þessa máls er, að það hefur verið staðið við eða á að standa við að láta vegagerðina fá eins miklar tekjur og vegáætlunin gerir ráð fyrir. Og í því frv., sem hér er lagt fram, vék hv. 4. þm. Austf. að því, sem er alveg rétt, að það væri ekki verið að gera ráð fyrir því að breyta vegalögunum að öðru leyti, en benti á, að á fjárl. nú væri 47 millj. kr. minna en á fjárl. síðasta árs. Þetta er alveg rétt. Það liggur hér ekki fyrir nein önnur breyting á vegalögunum, og ég lít á það fyrirbæri nú, að taka þessar 47 millj. út, sem stundarfyrirbæri, á meðan vegalögunum hefur ekki verið breytt. Annars má endalaust karpa um það, hvort þarna hafi verið farin rétt leið í fjáröflun. En eins og hæstv. samgmrh. vék hér að í sinni ræðu við 1. umr., gerði hann ráð fyrir, að það yrði einmitt reynt að auka það fé, sem til vega gengi 1967 og 1968, með einhverju móti, en ekki minnka það.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 28. fundi í Ed., 15. des., var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11:9 atkv.
2.—3. gr. samþ. með 11:9 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11:9 atkv.

Á 29. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 92, 186).

Of skammt var liðið frá 2. umr. og útbýtingu brtt. 186. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. 2. minni hl. (Páll Þorsteinsson): Herra forseti. Við, sem stóðum að nál. 2. minni hl. samgmn., lögðum til, að frv. þetta yrði fellt. Við atkvgr. hefur komið í ljós, að það hefur meirihlutafylgi hér í hv. þd. Ég vil leyfa mér við þessa umr. að bera fram brtt. ásamt Ásgeiri Bjarnasyni, hv. 1. þm. Vesturl., og freista þess að fá nokkrar lagfæringar á þessu máli.

Í 15. gr. vegal. er svo fyrir mælt, að í upphafi hvers reglulegs Alþ. skuli ráðh. leggja fyrir þingið skýrslu um framkvæmd vegáætlunar. Í 1. brtt., sem við flytjum á þskj. 186, er kveðið nokkru nánar á um það, hvað í skýrslu ráðh. skuli tekið fram, en í brtt. segir svo:

„Skal þar m. a. greint frá viðhaldskostnaði á hinum einstöku hraðbrautum, landsbrautum og þjóðbrautarköflum samkv. nánari ákvörðun vegamálastjóra."

Önnur brtt. okkar er við 88. gr. vegal., en þar er svo ákveðið, að eigendur jeppabifreiða, sem nota annað eldsneyti en benzín, eigi rétt á endurgreiðslu á þungaskatti, ef þeir sanna með vottorðum frá hlutaðeigandi skattstjóra eða umboðsmanni hans samkv. nánari ákvæðum í reglugerð, er fjmrh. setur, að bifreiðarnar hafi verið notaðar næstliðið ár að mestu eða öllu leyti við framleiðslu- og jarðyrkjustörf. Í brtt. okkar felst það, að eigendur jeppabifreiða eigi

einnig rétt á endurgreiðslu á benzínskatti, ef bifreiðarnar nota benzín, en þó skuli endurgreiðsla til þeirra ekki nema meira en ¾ hlutum þeirrar upphæðar, sem endurgreidd er eigendum jeppabifreiða, er nota annað eldsneyti. Með því að haga lagaákvæðum svo sem nú er, er að okkar dómi gerður of mikill munur milli þeirra manna, sem eiga annars vegar jeppabifreiðar með dísilvélum, og hins vegar þeirra, sem eiga jeppabifreiðar, sem knúðar eru benzínhreyflum. Hins vegar er á það að líta, að dísilbílar eru yfirleitt nokkru dýrari í innkaupi, og með tilliti til þess er þetta ákvæði, að endurgreiðslan af benzínskatti skuli einungis nema ¾ hlutum þeirrar upphæðar, sem endurgreidd er vegna dísilbifreiða.

Síðasta brtt., þ. e. b-liður 2. brtt., er við 89. gr. vegal., en þar er kveðið svo á, eins og gert hefur verið að umræðuefni í sambandi við þetta frv., að við greiðslu kostnaðar samkv. l. þessum skal auk þeirra gjalda, sem um getur í 85. og 86. gr., veita árlega sérstakt framlag á fjárl. Í brtt. okkar er kveðið svo á, að þetta framlag skuli a. m. k. nema helmingi viðhaldskostnaðar á þjóðvegum, og er þá, ef þessi till. verður samþ., í senn tryggð allverulega aðstaða vegasjóðs og að hinu leytinu komið í veg fyrir slíkan ágreining eins og þann, sem upp hefur risið hér í sambandi við þetta frv.

ATKVGR.
Brtt. 186,1 felld með 11:7 atkv.
— 186,2.a felld með 12:5 atkv.
— 186,2.b felld með 11:6 atkv.
Frv. samþ. með 11:8 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 200).

8. Aukatekjur ríkissjóðs.

Á 10. fundi í Ed., 2. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um aukatekjur ríkissjóðs [51. mál] (stjfrv., A. 54).

Á 11. fundi í Ed., 4. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, er flutt í samræmi við og í framhaldi af því, sem tilgreint er í fjárlfrv. og ég gerði nánar grein fyrir í fjárlagaræðu við 1. umr. þess frv., að nauðsyn bæri til að gera sérstakar ráðstafanir til að afla ríkissjóði viðbótartekna, svo að auðið væri að afgreiða greiðsluhallalaus fjárlög.

Í fjárlfrv. er gert ráð fyrir því, að meðal þessara ráðstafana verði aukatekjur ríkissjóðs hækkaðar svo, að þær gefi 22 millj. kr. viðbótartekjur við það, sem áætlað er að þær hefðu gefið að óbreyttum þessum gjaldstofnum. Það er gert ráð fyrir, að hækkunin verði krónulega séð úr 48 millj., sem þessi tekjustofn hefði gefið að óbreyttum lögum, en áætlað nú, að hann gefi um 70 millj. kr. eða rúmlega það. Með l. frá 1960 var ákveðið, að þessar aukatekjur skyldu innheimtar með 50% álagi. Síðan hafa engar breytingar verið á þeim gerðar, og með hliðsjón af því, að ýmiss konar ósamræmi var orðið í aukatekjulögunum, þannig að ástæða þótti til að gera frekar breytingar í ýmsum einstökum atriðum þeirra heldur en hafa þá aðferð, sem mátti teljast einföld, að hækka álagið, þá var sú leið farin að endurskoða l. í heild, og liggja þau þannig hér fyrir

Svo sem gerð er grein fyrir í aths. með frv., er í langflestum tilfellum gengið út frá því, að gjöldin, eins og þau eru í dag, verði innheimt með 50% álagi, þ. e. a. s. að gjöldin hækki um það bil um ⅓ frá grunngjaldinu. Þar sem frekari hækkun er gerð á gjöldunum, er gerð nákvæm grein fyrir því í aths. með einstökum greinum frv., og tel ég ekki ástæðu til að rekja það, því að hv. þm. fá þar mjög skýran samanburð á því, sem í gildi er nú, og þeim breytingum, sem í frv. felast. En það má segja, að meginbreytingin sé þessi, að það er gert ráð fyrir í langflestum tilfellum, að komi til um þriðjungshækkun á gjöldunum, en þó þannig, að þar sem um prósentugjöld er að ræða, þar er ekki gert ráð fyrir hækkun á prósentuupphæð, en þær upphæðir hafa að sjálfsögðu hækkað með hækkuðum þeim fjárhæðum, sem við er miðað.

Ég sé ekki ástæðu til, herra forseti, að fara um þetta fleiri orðum eða rekja það í einstökum atriðum. Sú hv. n., sem fær frv. til meðferðar, getur að sjálfsögðu fengið allar frekari skýringar, ef talið er vanta skilgreiningu á einhverjum einstökum atriðum frv., en á þessu stigi hygg ég, að það mundi aðeins lengja óþarflega umr. og yrði hv. þm. til engrar sérstakrar uppbyggingar, að ég færi að lesa upp í einstökum atriðum þær breytingar, sem af frv. leiðir, umfram þá meginreglu, sem ég hef hér gert grein fyrir. Legg ég svo til, herra forseti, að frv. þessu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Hér er á ferðinni enn eitt skattahækkunarfrv. Það frv. felur í sér stórkostlega hækkun á þeim gjöldum, sem kölluð eru aukatekjur ríkissjóðs. Þar er um að tefla margvísleg dómsmálagjöld, þinglýsingargjöld, alls konar leyfisbréfa- og skírteinagjöld, skipunarbréfaskatt o. fl., o. fl. Sú stórfellda hækkun, sem í frv. þessu felst, er að mínum dómi mjög óskynsamleg og varhugaverð. Og ég verð raunar að segja það sem mína skoðun, að sú fjáröflunarleið til ríkissjóðs, sem felst í innheimtu ýmissa þessara aukatekjugjalda, er ósköp ógeðfelld og það einnig að allri hækkun slepptri, hvað þá þegar svona stórkostleg hækkun kemur til greina. Ég verð að segja það, að ég álít, að a. m. k. ættu þessi gjöld aldrei að vera hærri en svo, að þau samsvöruðu réttmætu andvirði fyrir þá þjónustu, sem af opinberri hálfu er í té látin hverju sinni. Og þó vil ég segja það, að í ýmsum þessum tilfellum ætti vitaskuld sú þjónusta að vera algerlega

ókeypis af hendi leyst, eins og ýmis sú þjónusta, sem í té er látin af opinberri hálfu.

Þetta er nú ekki í fyrsta skipti, eins og hæstv. fjmrh. réttilega drap á, sem þessi hæstv. ríkisstj. beitir sér fyrir hækkun á aukatekjugjöldum. Það var gert, eins og hann skýrði frá, með efnahagslögunum nr. 4 frá 1960. Þá voru þessi gjöld yfirleitt, að undanteknum prósentugjöldum, hækkuð um 50%, þannig að það var engin smáræðishækkun, sem þá átti sér stað á þessum gjöldum, og hún átti efalaust sinn þátt, kannske ekki mikinn þátt, en þó nokkurn þátt í aukinni dýrtíð, sem ýmsar þær ráðstafanir, sem gerðar voru með þessum efnahagslögum nr. 4 frá 1960, stuðluðu að. Nú er vegið í sama knérunn aftur, og það er aldrei gott, þegar svo er gert. Nú er ráðgerð hér stórkostleg hækkun, yfirleitt 100% hækkun frá grunngjaldi, segir í aths. frv., í nokkrum tilfellum þó 200% álagi. Lausleg athugun og yfirferð yfir frv. og athugasemdirnar, þar sem það er greinilega tekið fram við hverja grein, hver hækkunin er, sýnir, að það er talsvert víða um 200% álag að ræða í þessum tilfellum og jafnvel stundum er álagið 300%.

Eins og hæstv. ráðh. rakti, gerir það fjárlfrv., sem nú hefur verið lagt fyrir þingið, ráð fyrir 70 millj. kr. tekjum af þessum tekjulið, þar sem hann aftur á móti í fjárlögum fyrir yfirstandandi ár er aðeins áætlaður á 48 millj. kr.

Allt gefur þetta hugmynd um, hversu stórkostlega hækkun þarna er um að ræða, og án þess að ég ætli að fara langt út í það, þá er í þessu frv. komið mjög víða við. Það eru mjög mörg gjöld, sem þarna eiga að hækka, og þess vegna í mjög mörgum tilfellum um að ræða aukinn tilkostnað í ýmsum myndum, að vísu mismunandi mikinn, en allt hnígur það þó í sömu átt. Og sá aukni tilkostnaður verður vitaskuld, eins og aukinn tilkostnaður yfirleitt, til þess að ýta undir þá dýrtíðarflóðbylgju, sem nú flæðir yfir þetta land. Mér finnst þess vegna ástæða til, þegar frv. kemur til 1. umr. hér, að athuga lítillega, í hverju þau gjöld eru fólgin, sem þarna er um að tefla, eða um hvers konar gjöld er að ræða, sem hér á að hækka svona stórlega, í því trausti, að sú hv. n., sem frv. fær til meðferðar, leiði dálítið hugann að því, hversu heppilegt það muni vera að hækka þessi gjöld svo stórlega sem hér er gert ráð fyrir.

Þegar maður lítur yfir frv., verða þar fyrst fyrir dómsmálagjöld, sem svo eru kölluð, en það má segja, að fyrstu 4 kaflar frv. fjalli um slík dómsmálagjöld, og það eru vitaskuld mjög margvísleg gjöld. Það má segja, að í 1. gr. sé um að ræða ýmis dómsmálagjöld í venjulegum einkamálum í héraði, og þar eru þau gjöld yfirleitt með 200% álagi. Fyrir hæstarétti eru gjöldin hins vegar með 100% álagi. Ef litið er á fógetaaðgerðirnar, verður sama upp á teningnum. Þá er gert ráð fyrir því, t. d. varðandi 4. gr., að þar sé um að ræða 200% álag á þær gerðir, sem þar er um að tefla. Um skiptagjöldin er þess að vísu að gæta, að þar er í mörgum tilfellum um prósentugjald að ræða og þau breytast út af fyrir sig ekki. Um uppboðsgerðirnar er þess að geta, að þar jafnvel skýzt þetta álag upp í 300%, eins og t. d. í 15. gr., og í sumum tilfellum er þar um 200% álag að ræða.

Ég held það sé almennt viðurkennt í siðuðum ríkjum, sem vilja láta telja sig til réttarríkja, að það sé mjög mikið atriði, að dómsmálameðferð sé þar greið, ekki allt of seinfarin og ekki heldur allt of kostnaðarsöm. Það er sá hængur, sem víða er við að glíma, því að víða um lönd gerist það, að dómsmálameðferðin vill verða nokkuð kostnaðarsöm, þannig að efnaminni borgurum veitist oft erfitt að ná rétti sínum með þeim hætti. Ég hygg, að það sé nokkuð almennt viðurkennt hér á landi, að við eigum að haga meðferð dómsmála á þá lund, að hún geti verið hverjum borgara nokkuð greið til þess að ná rétti sínum. Því miður hefur verið svo hér á landi að undanförnu, að dómsmálameðferðin hefur ekki verið í því horfi, sem æskilegt væri. Dómsmálin hafa tekið allt of langan tíma. Hitt er líka vitað, að dómsmálameðferðin er kostnaðarsöm, þannig að það er áreiðanlegt, að efnaminni menn hika oft við, áður en þeir leggja út í að stofna til dómsmála til þess að reyna að ná rétti sínum, jafnvel þótt þeir telji hann nokkuð tvímælalausan. Þetta hefði þurft að laga, og þetta þarf að laga. Það er þess vegna sízt af öllu ástæða til þess að fara að bæta nýjum kostnaðarliðum hér ofan á. En með þeirri hækkun á dómsmálagjöldunum, sem hér er gert ráð fyrir, er tvímælalaust um það að tefla, að efnalitlum mönnum er gert miklu erfiðara en áður að leita réttar síns fyrir dómstólunum.

Mér sýnist hér vera ráðizt nokkuð á lamb hins fátæka manns. Ég held, að það sé mjög illa farið. Mér dettur að vísu ekki í hug að halda neinum öfgum fram í þessu sambandi. Mér dettur ekki í hug að halda því fram, að þessi hækkun, sem þarna er um að tefla, sé svo mikil, að hún hafi það í för með sér, að við verðum ekki eftir sem áður taldir til réttarríkja. En þetta er spor í öfuga átt að mínum dómi, — alveg í öfuga átt. Ég álít, að þessi dómsmálagjöld ættu miklu fremur að hverfa úr sögunni, það væri sá háttur, sem siðuðu ríki bæri að stefna að, að dómsmálameðferðin yfirleitt sé sú þjónusta, sem hið opinbera lætur að öllu leyti í té ókeypis. En ef það hefur ekki þótt fært að þessu leyti, þá á að reyna að stilla þessum gjöldum í hóf sem allra mest. Ég vil þess vegna vænta þess, að hv. nefnd, sem fær þetta mál til meðferðar, íhugi nú nokkuð, hvort það sé heppilegt að hækka þessi dómsmálagjöld svo mjög sem hér er gert ráð fyrir.

Svo er í V. kafla um gjöld fyrir notarialgerðir að tefla. Ég skal ekkert segja um það, það eru kannske gjöld, sem út af fyrir sig skipta ekki svo miklu máli, hvort nokkuð eru hærri eða lægri, ef þau á að taka á annað borð.

Í VI. kafla er fjallað um gjöld til þinglýsingar. Þar er um hækkun á grunngjöldum að ræða, og má kannske segja, að sú hækkun skipti ekki gífurlega miklu máli, af því að þinglýsingargjöldunum er yfirleitt hagað þannig, að þar er um prósentugjald að ræða. En sannleikurinn er sá, að vegna breytts verðlags hefðu þau að réttu lagi átt að lækka, vegna

þess að þau hafa í raun og veru hækkað mjög mikið, og það vita allir, sem nokkuð koma nálægt þeim málum, að það eru orðin talsvert tilfinnanleg gjöld fyrir þá aðila, sem þar eiga hlut að máli, fyrir þann, sem kaupir íbúð, fyrir þann, sem tekur lán, o. s. frv. Öll þau þinglýsingargjöld, sem verður að inna af hendi í sambandi við það, eru tilfinnanleg. Ég tala nú ekki um, þegar stimpilgjöldin bætast þar ofan á. Mér sýnist því, að það hefði frekar mátt stefna að því að reyna að lækka þau gjöld og draga þannig úr kostnaði, sem er ákaflega tilfinnanlegur hjá mönnum, sem mega ekki við því, að á þá leggist aukakostnaður í sambandi við þær fjárráðstafanir, sem þar er yfirleitt um að ræða, kaup eða lántöku eða því um líkt.

Í VII. kaflanum er um að ræða ákaflega mörg og ýmiss konar leyfisgjöld, skírteinagjöld, gjöld fyrir skipunarbréf í embætti o. s. frv. Þetta er í 29., 30. og 31. gr. Ég skal ekki þreyta hv. deildarmenn með því að fara út í þá liði, sem þar eru upp taldir, og öll þau leyfi, sem þar eru greind, en það er fróðlegt fyrir alla að lesa það yfir og kynna sér, um hvers konar leyfisbréf þar er að ræða. Það er náttúrlega um mjög margvíslega tolla að ræða þar, eins og t. d. hjónavígslutolla, lögskilnaðartolla, ættleiðingarleyfi og því um líkt. Manni getur nú orðið hugsað til þess, hvaða ástæða sé til þess að taka það út úr, hvers vegna þá ekki eigi að taka með allt það, sem opinberan atbeina þarf til, hvort það eigi ekki að koma til skírnartollar og jarðarfarartollar o. s. frv., en sleppum því. Þarna er í mörgum tilfellum um að ræða nauðsynleg leyfi og nauðsynleg leyfisbréf, sem menn verða að hafa til að geta stundað tiltekna atvinnu.

Þessi leyfisbréf hækka yfirleitt um 100%. Mér finnst sú hækkun vera mikil, og ég held það sé vafasamt að vera að áskilja það í ýmsum tilfellum, að menn verði að greiða jafnháar upphæðir og þarna er gert ráð fyrir fyrir þau atriði, sem þar er um að ræða. Það kemur þar til, að þessi leyfisgjöld, sem þarna er um að ræða og hækka svona mikið, bitna yfirleitt og koma niður á þeim, sem eru að koma sér fyrir, hefja starf eða atvinnu eða eitthvað því um líkt, en koma ekki með sama hætti við þá, sem þegar hafa öðlazt þessi réttindi, þó að þeir kannske á sínum tíma hafi orðið að greiða eitthvað fyrir þau.

Ég bendi t. d. á, að skv. 16. liðnum í 29. gr. á að greiða 6000 kr. fyrir leyfi til málflutnings fyrir hæstarétti. Menn segja kannske sem svo, að þeir menn séu ekki of góðir til þess og þeirra tekjur séu það góðar, að þeir hafi ráð á þessu. En ég held, að þetta sé samt nokkuð sérstaks eðlis og nokkuð óeðlilega hátt, miðað við ýmislegt annað.

Ég vil líka aðeins benda nefndinni, sem fær þetta til athugunar, á, að 12. liður í 29. gr. á ekki þar að vera eða þá að það á að koma einhver viðbót þar við hann. Í 12. lið segir aðeins: „Leyfisbréf til gistihússhalds, veitinga o. fl., sjá lög nr. 53 1963, 22. gr.“ Svo segir ekkert meira um það. En í 22. gr. laganna um veitingar og gistihúsahald eru náttúrlega ákveðin gjöld fyrir veitingaleyfi, og þau eru þar ákveðin mismunandi há, 3000 kr., 1500 kr. og 1000 kr. o. s. frv. Því á sýnilega ekki að breyta. Á því náttúrlega ekkert að geta um þau í þessum lögum. En ef það þykir samræmisins vegna eðlilegra, að þessi gjöld séu í þessum lögum, ætti náttúrlega að taka þau þarna upp undir þessum lið.

Svo vil ég benda á 31. gr., sem mér er sérstakur þyrnir í augum. Þar er sem sagt ákveðið, að þeir, sem fá skipunar- og veitingabréf, eins og það er kallað, fyrir embættum og sýslunum í þágu ríkisins, skuli greiða gjald fyrir það, og þessi gjöld eru mismunandi há eftir því, í hvaða launaflokki maðurinn er, og má segja, að það út af fyrir sig sé ekki óeðlilegt. En ég verð að láta í ljós þá skoðun mína á þessu, að þetta sé hrein ómynd og ekkert annað, að láta þá menn, sem skipaðir eru til starfa og fá skipunarbréf, vera að greiða eitthvert sérstakt gjald fyrir það. Mætti þá ekki alveg eins láta hv. þm. fara að greiða gjald fyrir sín kjörbréf, þegar þeir fá þau, og mætti þá ekki alveg eins fara að láta bæjarstarfsmenn greiða gjöld fyrir þau ráðningarbréf, sem þeir hafa, eða greiða gjöld af ráðningarsamningum yfirleitt? Ég veit ekki eiginlega, hvar menn hafa haft fyrirmynd fyrir þessu. En hvort sem menn hafa haft einhverja fyrirmynd eða ekki, þá held ég, að sú fyrirmynd hafi ekki verið góð og við ættum ekki að vera að halda í þetta, og í sambandi við það má líka benda á það, að nú er fellt niður ákvæði, sem er þó í tilsvarandi grein í núgildandi aukatekjulögum, þar sem segir þó, að ekkert gjald skuli greiða af veitingarbréfi, ef áður hefur verið greitt gjald af veitingarbréfi í sama gjaldflokki. Þessu er nú sleppt, ég veit ekki af hvaða ástæðu.

Í VIII. og IX. kafla eru ákvæði um skrásetningar í VIII. kaflanum og ýmis gjöld í þeim IX., og ég skal ekki lengja tímann með því að ræða neitt sérstaklega um þau. Ég skal ekki hafa þessi orð öllu fleiri, en sem sagt, ég get ekki fallizt á þá hækkun, sem þetta frv. felur í sér. Ég tel hana allt of stórkostlega, og ég tel, að hún bitni fyrst og fremst á hinum yngri þjóðfélagsþegnum, sem eru að koma fyrir sig fótunum. Ég tel ekki heldur rétt að vera að samþykkja nýja og nýja skatta, aukna skatta, á meðan haldið er áfram óbreyttri þeirri stefnu í fjármálum ríkisins, sem fylgt hefur verið að undanförnu. Ég tel það litla þýðingu hafa, því að slíkar auknar tekjur, sem ríkissjóði eru samþykktar þannig til handa, fara jafnóðum í eyðslu og verðbólgu. Og ég held það sé hæstv. ríkisstj. fyrir beztu, að henni skiljist sem allra fyrst, að hún getur ekki endalaust haldið áfram á þeirri braut að stofna til útgjalda og eyða í trausti þess, að það sé hægt að sækja það, sem á móti þarf, í vasa almennings.

Ég held þess vegna, eins og ég hef tekið fram áður, að í fjármálum ríkisins þurfi að verða stefnubreyting, að það þurfi að fara að spara þar. Ég veit reyndar, að það hefur komið fram hjá hæstv. fjmrh., hann er mér sammála í því efni. Mér er hins vegar ljóst og honum þó sjálfsagt enn þá ljósara, af því að eldurinn brennur

nú heitar á honum, að það er ýmsum erfiðleikum bundið, og þó að góður vilji sé hjá honum í þá átt, þá strandar það kannske á öðrum ráðamönnum og öðrum ráðunautum og ráðuneytum, sem kannske í þessu sambandi mætti kalla eyðsluráðuneyti. En það verður hér að sporna við, það er alveg sýnilegt. Það er ekki hægt að halda áfram á þessari braut. Ég get búizt við því, að hæstv. fjmrh. bendi á það, að við gerðum ekki sparnaðartill., og það er satt. Það tel ég ekki vera í verkahring stjórnarandstöðunnar sérstaklega. Hins vegar hygg ég, að við mundum taka vel og fylgja sparnaðartill., ef þær kæmu frá hæstv. ríkisstj. Og það er sú leið, sem ég held að eigi að fara, en ekki þessi leið, að leggja alltaf á nýja og nýja skatta.

Friðjón Skarphéðinsson: Herra forseti. Þegar fjallað er hér um nýtt frv. til l. um aukatekjur ríkissjóðs, sökum þess að nauðsynlegt er talið að afla aukinna tekna í ríkissjóð, þá teldi ég rétt, að tækifærið væri notað til þess, að lagfærð verði smáatriði í frv., sem gengið hafa aftur í hvert skipti, sem lögunum hefur verið breytt. Þessi atriði voru í fyrstu lögunum, sem Alþingi setti um þessi efni 1894, en þau lög voru sniðin eftir aukatekjureglugerð fyrir réttarins þjóna frá 1830, sem var fyrsta heildarlagasetning um þessi efni. Þessi atriði, sem ég vildi benda á, eru í 22. gr. frv. Þar er talað um í 1. tölul. eitthvað, sem kallað er „svarkröfur", sem gjald skal taka fyrir, og 4. tölul. sömu gr. er um gjald fyrir „skipstjóramótmæli" svokölluð.

Í íslenzku réttarfari eða stjórnsýslu er, eftir því sem ég bezt veit, engin réttargerð eða stjórnsýsluathöfn, sem heitir þessum nöfnum, og hefur e. t. v. aldrei verið. Gera má ráð fyrir, að upphaflega hafi þetta komið þannig inn í aukatekjulög, að aukatekjureglugerðin fyrir réttarins þjóna frá 1830 hafi á sínum tíma verið það nákvæmlega sniðin eftir dönskum lögum um þessi efni, að þess hafi ekki verið gætt að sníða burt allt það, sem ekki átti við á Íslandi. Þeir, sem síðar hafa endursamið þessar reglur, hafa ekki vitað eða veitt því athygli, að þessum orðum var ofaukið.

Þá vil ég benda á til athugunar, hvort ekki væri rétt að fella niður það, sem kallað er leyfisbréf til tilboðasöfnunar, sem er 9. liður 29. gr. Verzlunarleyfi eru ýmist heildverzlunarleyfi, umboðssöluleyfi, smásöluleyfi eða lausaverzlunarleyfi. Ég hef aldrei orðið þess var, að gefið hafi verið út leyfisbréf til tilboðasöfnunar. Svo kann þó að hafa verið áður fyrr. Tilboðasöfnun er þýðing á erlenda orðinu „agentur" og er getið í lögum um verzlunaratvinnu frá 1925, og má því vera, að orkað geti tvímælis, hvort rétt sé að fella það úr aukatekjulögum, þó að þetta sé að minni hyggju orðið úrelt.

Ég mælist til þess, að n. sú, sem væntanlega kemur til með að fjalla um þetta frv., taki þessar ábendingar mínar til athugunar. Að mínu viti er ekki aðeins óþarfi, heldur einnig óviðkunnanlegt að hafa í gjaldskrá aukatekjulaga hluti, sem ekki eru til og hafa e. t. v. aldrei verið til á Íslandi, og því sé nú rétt að nota tækifærið og lagfæra þetta.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Út af þeim aths., sem hér komu síðast fram frá hv. 9. landsk. þm. (FS), þá er auðvitað sjálfsagt, að n. athugi þessi atriði, sem hann benti á. Það, sem úrelt kann að vera, er auðvitað ekki nema rétt og eðlilegt að fella úr löggjöf. Við endurskoðun laganna núna hygg ég, að það hafi ekki verið sérstaklega athugað um einstaka þætti þessara gjalda, hvort eitthvað væri þar úrelt, þótt að vísu hafi hér um fjallað menn, sem eru þaulkunnugir þessum málum. En ég tel sjálfsagt, að þetta verði athugað í nefnd.

Um ræðu hv. 3. þm. Norðurl. v. (ÓlJ) mætti margt segja. Hún var raunar að vissu leyti klassísk, sem má segja að sé ekki last um ræður, en hún var klassísk að því leyti til, að hún er í nánu samræmi við þá stefnu hans flokks að vera á móti öllum úrræðum, sem ríkisstj. flytur fram til þess að jafna greiðsluhalla á fjárl. og afla tekna fyrir ríkissjóð, en hins vegar að telja í flestum eða ég held næstum öllum tilfellum, þegar um er að ræða einhver þau mál, sem líkleg eru til vinsælda og útgjaldaauka, að þar sé allt of skammt gengið.

Nú veit ég ekki, hvort hv. þm. fellur svo ákaflega vel að flytja ræðu sem þessa. Ég efast stórlega um það, af því að ég held, að hann sé miklu raunsærri maður í eðli sínu en svo, að hann telji nokkra heila brú í málflutningi sem þessum. Það er í rauninni varla hugsanlegt, held ég, að leggja fram tillögur til fjáröflunar hér á hinu háa Alþingi, sem sé hægt að flokka undir það að teljast vinsælar og líklegar til almannafylgis, og þess vegna er það ákaflega auðvelt verk, þegar um það er að ræða að flytja fjáröflunartillögur, eins og allir hv. þm. vita, að nú er óumflýjanlegt að flytja, ef á að skapa aftur greiðsluhallalausan ríkisbúskap, þá er það vitanlega mjög auðvelt mál að gera allar slíkar tillögur tortryggilegar og segja, að þær séu, eins og hv. þm. orðaði það, „óskynsamlegar, ógeðfelldar" og þar fram eftir götunum. Vissulega er það miklu geðfelldara að vera ekki að leggja á borgarana álögur, það er rétt. En hversu geðfellt það er, ef ég má nota það orð, af ábyrgum hv. þm. að leika þann leik að nota þessa aðferð í öllum tilfellum, um það má aftur á móti deila, og raunar er ekki um það deilt, að hér er um óhæfilegt framferði að ræða, ef ekki er samræmi í málflutningnum á þá leið, að menn vilji þá standa að því að hafa hemil á útgjöldum ríkisins. Ef það færi saman, væri vissulega um að ræða málflutning, sem vert væri að taka alvarlega og rökræða. En eins og málarekstrinum nú er uppi haldið, þá er í rauninni ekki tilefni til þess að fara um hann efnislega mörgum orðum, því að hann dæmir sig sjálfur, og mér finnst það ekki viðkunnanlegt úr munni ábyrgra manna, sem vitanlega skilja, að hér er um að ræða óumflýjanlegar ráðstafanir, að vera að gera tilraunir til þess að leika á tilfinningar manna, eins og það, að þessi og hin gjöldin komi illa við þá yngri, það sé jafnvel verið að tefla réttargæzlu í landinu í voða, að menn geti ekki sótt mál sín fyrir dómstólum, þó að það sé smávægileg hækkun á dómsmála-

gjöldum, — það finnst mér ekki sæma ábyrgum þingmönnum.

Um það má hins vegar ræða, efnislega, hvort á að fara þá leið við tekjuöflun að leggja ekki á sérgjöld, þ. e. a. s. að greiða úr almannasjóði — við skulum segja öll þau gjöld fyrir alla þá þjónustu, sem hér er veitt, og innheimta ekki hjá borgurunum neina sérstaka þóknun fyrir þau, heldur hafa þá aðferð að afla fjár með almennum óbeinum eða beinum sköttum til ríkisins til að standa undir þessari þjónustu. Gjöld, sem hér er um að tefla, eru í fjölmörgum greinum í okkar þjóðfélagi fyrir alls konar þjónustu, sem borgurunum er veitt. Við getum auðvitað endalaust deilt um það, hvort gjöldin eru sanngjörn, hvort þau eru hæfilega há, eða annað þess konar. En þessi leið hefur verið farin af öllum ríkisstj. heldur en að fara hina leiðina, að greiða þetta allt úr ríkissjóði og afla til ríkissjóðs tekna með almennri skattlagningu á þjóðfélagsborgarana, í stað þess að láta þá sérstöku aðila, sem njóta tiltekinna hlunninda, borga fyrir þau. Um þetta geta menn haft skoðanir til og frá, og ég skal ekki fullyrða um það, hvort er réttara í þessu efni. Hingað til hefur þó hinni stefnunni verið fylgt, og það eru vissulega margvísleg rök fyrir henni, að það sé eðlilegt, að þeir menn, sem fái sérstaka þjónustu frá hinu opinbera, beri að verulegu leyti kostnaðinn við þá þjónustu.

Ég held ekki, að hér sé um neina óhæfilega skattheimtu að ræða, og ég segi það, að úr því að menn geta haft sig til að standa hér upp til þess að hafa í frammi mótmæli gegn tekjuöflun sem þessari, sem mér sýnist nú ekki að ætti að geta valdið neinum sérstökum ágreiningi, svo fremi sem menn viðurkenna, að ríkissjóður þurfi yfirleitt á nokkrum tekjum að halda, þá er auðvitað ekki að undra, þó að menn óskapist nú yfir ýmsum öðrum gjöldum, sem á þarf að leggja. En þetta er, eins og ég áðan sagði, í rauninni ekki tilefni til þess að ræða að öðru leyti en því, að þetta er málflutningur, sem hv. framsóknarmenn hafa tamið sér að fylgja hér á hinu háa Alþingi í allri tíð núv. ríkisstj. eða síðan þeir fóru úr stjórn, að það væri aldrei þörf á því fyrir ríkið að fá peninga til sinna þarfa, en hins vegar væri þörf á og stórvitavert, að stjórnin hverju sinni verði ekki margfalt hærri fjárhæðum til alls konar hluta, sem líta vel út og borgararnir gjarnan óska eftir. Þetta hefur verið tónninn í öllum þessum ræðum, sem ég held því að séu ekki neinar öfgar að fara að telja klassiskar úr þessu, því að svo óbreytilegur hefur þessi tónn verið.

Það fer svo auðvitað ekki á milli mála, eins og hv. þm. sagði í lokin og ég hygg þó að hafi verið miklu nær hans hjarta, af því að hann hafi ekki verið ákaflega hrifinn af tóni sinnar ræðu og viljað breyta nokkuð til út í aðra sálma, og þó að það væri nú að vísu ekki með sérstaklega raunhæfum orðum, sem það var gert, og ég er auðvitað honum fullkomlega sammála um, að það þurfi að leggja áherzlu á að spara í ríkisbúskapnum. Við vitum það hins vegar mætavel báðir, bæði ég og hv. 3. þm. Norðurl. v., að hér er miklu hægara að tala í ræðustólum um þessa hluti heldur en að eiga að framkvæma þá, þegar farið er að fletta fjárlfrv. Ég hef sjálfur átt sæti í sparnaðarnefndum undir forustu formanns hans flokks og unnið með honum æðioft að undirbúningi og samningu fjárlfrv. og hlýtt á málflutning hans um nákvæmlega þetta sama atriði, þar sem hann hefur vakið athygli á því sama, sem ég geri nú, að það getur litið ósköp fallega út á pappírnum að tala um þennan sparnað, en ef menn vilja ekki sameinast um það að skera stórlega niður margvíslega þjónustu, sem þjóðfélagsborgurunum er veitt, þá getur þessi sparnaður aldrei numið neinum þeim fjárhæðum, að úrslitum ráði. Það breytir engu um það, að það verður að hafa aðhald í öllum efnum, svo sem mögulega er hægt, og ég held í sannleika sagt, að það hafi verið reynt að gera það á öllum tímum af fjmrh., hverjir sem þeir hafa verið, kannske með mismunandi árangri, en það hefur verið áreiðanlega sameiginlegur vilji þeirra allra að fara sem skaplegast og sparlegast með ríkisfé, en sporna gegn öllum ónauðsynlegum útgjöldum. Ég held t. d., að það verði ekki sagt, að starfsmannahald íslenzka ríkisins sé óeðlilegt, og það hefur verið reynt sannarlega að skoða það hverju sinni niður í kjölinn, hvort væri þörf á því að bæta við starfsmönnum í þessari og þessari grein, áður en það hafi verið gert. Hv. þm. vék hér einmitt að einum þætti þessara mála, þar sem má segja að hafi verið sýnd of mikil sparsemi í þessu efni. Það er í sambandi við dómsmálin, að það er kvartað yfir því, að rekstur dómsmála gangi of hægt, og því er borið við af viðkomandi embættum, að þau hafi of fátt starfslið, og það má vel færa rök að því, að þetta sé rétt. En þetta á við á mörgum sviðum, og það er stöðuglega, sem fjmrn. eru að berast kvartanir frá ótal embættum um það, að þau geti í rauninni alls ekki sinnt sínu hlutverki, af því að þau hafi of fátt starfslið.

Hitt er svo annað mál, að útgjöld ríkisins hafa verið stöðugt að vaxa meira og meira. Vissulega hefur það verið líka á sviði ríkisrekstrarins eða stjórnsýslunnar, sem byggist á því, hversu launahækkanir hafa verið miklar. Það má segja, að auðvitað hefur leitt af efnahagsþróuninni þessar launahækkanir, og ég skal ekki fara út í þá sálma að ræða hana almennt hér. Hv. stjórnarandstæðingar segja, að sú þróun sé öll að kenna ríkisstj. Ég held, að ekki ákaflega margir hér í landinu trúi á slíkar kenningar. Við vitum, að þetta hefur verið því að kenna, að menn hafa ekki almennt, þjóðfélagsborgararnir, haft skilning á vissum undirstöðuatriðum, sem ráða því, hvort er dýrtíðarþróun eða ekki, og við höfum farið í ýmsum efnum geystara en hefði átt að fara. En að það sé stefna ríkisstj., í rauninni hvaða ríkisstj. sem er, að halda uppi dýrtíð og efla dýrtíð, það þarf mikið hugmyndaflug til að halda því fram, því að sannleikurinn er sá, að dýrtíðarvandamálið hefur verið það vandamál, sem hefur orðið undanförnum ríkisstj. flestum að fjörtjóni, ef svo má segja, þannig að það er engum efa bundið,

að allar hafa þær haft áhuga á að hindra hana og engu síður sú ríkisstj., sem nú situr í dag, þannig að halda því fram, að það sé ekkert annað að gera en að neita ríkisstj. um fé til þess að standa undir nauðsynlegum útgjöldum ríkissjóðs og þeim skuldbindingum, sem þessir sömu hv. þm. þó heimta að ríkið standi undir, það er gersamlega út í hött að leyfa sér slíkan málflutning, halda, að það leysi nokkurn vanda. Það mundi skapa algert öngþveiti. Það eru því haldlítil rök að vera á móti allri tekjuöflun til ríkisins bara á þeim einum grundvelli. Þegar menn finna, að auðvitað er ekki efnislega mögulegt að rökstyðja slíka afstöðu, þá er horfið yfir á þann grundvöll að segja: Jú, við höfum þessa afstöðu vegna þess, að við getum ekki látið þessa ríkisstj. hafa peninga. — Það er sjálfsagt að neita henni um peninga, til þess að allt fari í vandræði. Það er kannske leið út af fyrir sig til að koma ríkisstj. frá. En ef þessi yfirlýsing liggur fyrir, þá er auðvitað sjáanlegt, að það er ekki nokkur möguleiki til að taka mark á efnislegum svokölluðum röksemdum hv. þm., sem halda uppi þessari kenningu, því að þá eru þeir ekki á móti málunum vegna þess, að þau séu efnislega röng, heldur vegna allt annarra ástæðna. Þeir vilja ná því fram að skapa öngþveiti, til þess að ríkisstj., sem þeim er illa við, fari frá. Þá auðvitað hljóta allir borgarar þjóðfélagsins að meta afstöðu þessara manna með allt öðrum hætti.

Ég held ekki, að í ræðu hv. þm. hafi verið nokkur sérstök atriði, sem ástæða er til þess að fara orðum um, enda var ræðan yfirleitt öll byggð upp á þeim grundvelli að tala um, að öll þessi gjöld væru óhæfileg og ýmis þeirra væru fráleit, svo sem gjald af skipunarbréfum í embætti. Þessa hluti má auðvitað rökræða fram og aftur. En þetta er ekki sérstök hugmynd, sem er komin með þessu frv., að leggja gjöld á þessi skipunarbréf, það er miklu eldra mál. Það má svo aftur segja, að það hefur alla tíð verið spurning um það, hvort þessi gjöld ætti að innheimta eða ekki.

Þannig má auðvitað endalaust tala um smáatriði í þessu máli, sem ég sé enga ástæðu til, eins og ég sagði í frumræðu minni, að vera að fara út í hér. Það er auðvitað sjálfsagt, að það verði athugað í n., ef einhver einstök atriði eru þess eðlis, að það sé talið sjálfsagt að leiðrétta þau og það sé um einhverja sérstaka ósanngirni að ræða. En meginefni málsins er að afla þeirra tekna, sem óumflýjanlegt er að afla til þess að afgreiða greiðsluhallalaus fjárl. og þetta frv. er þáttur í. Það meginatriði málsins legg ég áherzlu á að verði að afgreiðast á þann veg, sem í frv. greinir, því að ella verður þeim tilgangi ekki náð, sem er höfuðnauðsyn, að afgreiða greiðsluhallalaus fjárl. Það kann hins vegar vel að vera, ef ég sjálfur mætti segja um það, hvaða liði ég vildi þar greiða og hvaða liði ekki, og það væri ekki meira og minna bundið af fyrirmælum Alþingis sjálfs fyrst og fremst, þá væri kannske hægt að setja fjárl. upp með nokkuð öðrum hætti en þau eru sett upp nú. En það veit hv. 3. þm. Norðurl. v. mætavel, að þannig liggur málið ekki fyrir. Fjmrh. eru ákaflega bundnar hendur um það, nema því aðeins að samkomulag fáist um að gerbreyta viðtækri skipan mála, ef á að vera hægt að leysa þann vanda, sem nú er við að glíma í þessu efni og ég er þess fullviss að allur almenningur í landinu gerir sér fulla grein fyrir.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Það var aðeins eitt atriði í ræðu hæstv. fjmrh., sem ég vildi ekki láta standa, án þess að gera aths. við. Hann sagði, ef ég skildi hann rétt, að ég hefði haldið því fram, að hæstv. ríkisstj. vildi viðhalda mikilli dýrtíð. Ég þarf að tala oft miður vingjarnlega um ríkisstj., og ég vil þess vegna ekki láta þessi orð standa, því að ég hef aldrei haldið því fram, að ríkisstj. vildi halda uppi dýrtíð. Hitt er staðreynd, að ríkisstj. hafði það að sínu höfuðmarkmiði að halda dýrtíð í skefjum og vinna á móti verðbólgu. Það er hins vegar aftur staðreynd, að það hefur ríkisstj. ekki tekizt, af því að verðbólgan og dýrtíðin hefur aldrei verið meiri en einmitt nú.

Það er einnig önnur staðreynd, sem ég aðeins vildi minna á í þessu sambandi vegna þess tóns, sem var í ræðu hæstv. fjmrh., að á þeim árum, sem núv. hæstv. ríkisstj. hefur setið hér að völdum, hefur verið meira góðæri í þessu landi en nokkru sinni fyrr, og lengi vel var okkur sagt það hér á Alþingi, að allt væri í lagi með fjármálastjórn ríkisins. Nú fyrst kemur það fram, að það sé ekki í lagi og það sé greiðsluhalli og það þurfi að leggja á nýja og nýja skatta til þess að koma í veg fyrir greiðsluhalla.

Ég held, að það fari ekki á milli mála, að það hljóti að vera eitthvað meira en lítið bogið við þá fjármálastjórn, sem þannig hefur farið fyrir í mesta góðæri, sem hér hefur heyrzt getið um. Og það er af þeim ástæðum, sem við teljum, að það sé ekki hægt að halda áfram á þessari braut, sem gengin hefur verið, heldur verði að taka upp nýja stefnu í þessum efnum, og í því var raunar hæstv. fjmrh. mér samþykkur, þó að hann léti ýmislegt fylgja með til bragðbætis í málflutningnum.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Mér þykir það mjög leitt, ef ég hef verið að gera hlut hv. þm. of slæman, það var ekki ætlun mín, eða ég hef komizt eitthvað skakkt að orði, en það kann vel að vera, að hann hafi ekki sagt það, að ríkisstj. vildi viðhalda dýrtíð. En ég man ekki betur en bæði hann og yfirleitt hans flokksbræður allir tali um þá dýrtíðarstefnu, sem ríkisstj. fylgi. Hvort hann meinar með því, að hún fylgi annarri stefnu en hún vill fylgja, út í þann orðaleik skal ég ekki fara, en ég hef ekki heyrt því haldið fram yfirleitt um neina stjórn, að hún fylgi þveröfugri stefnu við þá stefnu, sem hún vill fylgja. Það held ég gildi ekki um neinar stjórnir. Það lætur þá ákaflega nærri, að það megi segja, að í þeirri fullyrðingu, að ríkisstj. fylgi dýrtíðarstefnu, felist það nokkurn veginn, að henni þyki það ekki svo ákaflega slæmt, því að hún miði sínar ráðstafanir við það, eins og oft hefur verið haldið fram af hv. framsóknarmönnum, að það

leiddi allt til aukinnar og meiri dýrtíðar, og annaðhvort eru þá mennirnir, sem í stjórnarsessunum sitja, meiri fábjánar en ég jafnvel vil halda að þeir séu eða þá að það hlýtur að vera í samræmi við þeirra vilja, að þessar afleiðingar verði, sem hér um ræðir. Ég held því, að þetta sé ekki fjarri lagi, þó að ég kunni að hafa komizt ekki nákvæmlega rétt að orði um það, sem hv. þm. segir, og er þá sjálfsagt, að ég viðurkenni það, og mér dettur ekki í hug að mótmæla því, sem hann sagði, að hann hefði ekki viðhaft beinlínis þau orð.

Varðandi hitt atriðið má auðvitað ræða langt mál og hefur oft verið gert, dýrtíðar- og verðbólguþróunina sjálfa og það sé ekki hægt að halda áfram á þeirri braut. Ég er nákvæmlega sammála hv. þm., og þar erum við farnir að tala sama tungumál, að þessi þróun má auðvitað ekki halda áfram með þeim hætti, sem verið hefur, og þessi verðbólguþróun hefur verið allt of mikil. Og varðandi það, að það sé einhver fordæming á hæstv. núv. ríkisstj., að hún hafi sagzt vilja vinna gegn verðbólgunni og að stöðvun hennar og það hafi ekki tekizt, — ja, ég spyr bara: Hefur nokkur ríkisstj. verið mynduð núna síðustu áratugina, að hún hafi ekki lýst því yfir í byrjun, að hún vildi vinna gegn verðbólguþróuninni og sannast sagna oft og tíðum með sáralitlum árangri? Ég er ekki að saka þær ríkisstj. um það, að þær hafi ekki viljað vinna gegn þessari þróun. Hér er bara um að ræða þann vanda í þjóðfélaginu, að menn hafa ekki viljað beygja sig fyrir vissum staðreyndum, og það má kannske segja, að það sé fyrst nú tvö síðustu árin, sem þó örlar á því, að menn séu farnir að viðurkenna það almennt, að þessi dýrtíðarþróun sé ekki almenningi til góðs, heldur af hinu illa, og á ég þar við, að verkalýðssamtökin hafa tekið upp annað viðhorf í sínum kjaramálum nú tvö síðustu árin heldur en þau hafa áður gert, og tel ég, að það sé allt til góðs, þó að því miður hafi ekki tekizt samt enn sem komið er sem skyldi að stöðva þessa óheillavænlegu þróun. En ég held, að það sé alveg augljóst, að eina leiðin í okkar þjóðfélagi til þess að stöðva þessa þróun er að skapa þann skilning milli þjóðfélagsstéttanna, að hér sé farið með hófsemi og varúð í kröfugerð á öllum sviðum og hún miðuð við það, sem aukning okkar útflutningsframleiðslu þolir á hverjum tíma.

Það er alveg rétt, að það, sem hefur bjargað því þrátt fyrir þessar kröfur, sem hefur ekkert verið farið dult með af ríkisstj. hálfu að séu allt of miklar, eins og þegar það gerist, að kaup er hækkað um milli 30 og 40% á einu ári, sem ég veit ekki til að nokkurt hagkerfi hafi þolað, engu að síður hefur þó tekizt til þessa dags án þess að framkvæma gengisbreytingu að halda atvinnuvegunum gangandi án verulegra styrkja, og það auðvitað byggist m. a. á því, að það hefur verið um að ræða stórkostlega framleiðsluaukningu og hækkað verð á okkar útflutningsvörum. Ef hins vegar þróunin verður í aðra átt, og ég tala nú ekki um, ef lækkar verð á útflutningsvörum, ef framleiðslan dregst saman, þá hlýtur þetta auðvitað að verða öngþveiti. Það þýðir ekkert að vera að loka augunum fyrir því. Vitanlega erum við hér á yztu nöf með okkar kröfugerð, og miðað við t. d. þær kauphækkanir, sem eru framkvæmdar árlega í öðrum löndum, þar sem hófsemi er í þessum efnum, og miðað við þá hækkun, sem þar er á verðlagi frá ári til árs, þá erum við auðvitað á ákaflega óheppilegri braut. Og sú skipan, sem er í samtengingu verðlags og vísitöluskrúfu, sem oft er talað um hjá okkur, hefur leitt til margvíslegra vandræða. Um þetta þurfum við í rauninni ekki að deila, og mér dettur ekki í hug að mótmæla orðum hv. þm. um það, að hér sé við vandamál að glíma, vandamál, sem ríkisstj. hafi ekki fullkomlega ráðið við, það er rétt. En hún hefur þó gert það, sem er kjarni málsins, að hún hefur forðað frá stöðvun atvinnuveganna, þannig að hér hefur orðið stórvaxandi framleiðsla, og það má segja að sé náttúrlega höfuðvandamálið og þýðingarmesta, sem við er að fást í þjóðfélaginu hverju sinni.

Það er rétt, að ríkisstj. hefur búið við góðæri. Vissulega hefur hún gert það. En ég vil ekki láta hjá líða að minna á það, að mesta góðæri, sem hafði komið yfir landið til þess tíma, var árið 1958, þegar vinstri stjórnin varð að gefast upp, vegna þess að hún réð ekki við verðbólgu, — ekki einu sinni í góðæri gat hún ráðið við hana. Ég er ekkert að ásaka hana fyrir það. Hún stóð andspænis þeim mikla vanda, að það náðist ekki samkomulag um þau úrræði, sem hún vildi beita sér fyrir. Og það var sjáanlegt, að af þessu hlyti að leiða strand, ef áfram yrði haldið á þeirri braut, sem þá var farin. Og það tókst ekki að fá þann skilning, sem ég tel að sé alveg jafnnauðsynlegur nú eins og hann var þá, á því að óhæfileg kröfugerð hlýtur að hitta menn aftur í höfuðið með einhverjum hætti. Það er ekki til nein gullkista, sem mokað verður úr, en enginn þurfi í að láta. Þetta er auðvitað allt við það bundið, að atvinnuvegirnir fái undir þessu risið.

Varðandi svo hitt atriðið, að mönnum hafi verið sagt, að allt væri í lagi með fjármálastjórnina og þess vegna þyrfti engar áhyggjur að hafa af afkomu ríkisins, þá er það ekki rétt. Fyrirrennari minn, hæstv. fjmrh., vék mjög oft að því á síðasta þingi, að það væri teflt á yztu nöf með afkomu ríkissjóðs. Og það liggur nú fyrir í dag, að kröfurnar á hendur ríkissjóði og sú þróun í verðlagsmálum og kaupgjaldsmálum, sem hefur leitt til þessarar stórfelldu aukningar útgjalda hjá ríkinu, það er nú þegar komið á yztu nöf, þannig að það er orðinn stórfelldur halli hjá ríkissjóði, svo að um þetta þarf ekki að deila. Á síðasta þingi héldu hv. framsóknarmenn því fram um allar þær till., sem þeir fluttu um á þriðja hundrað millj. kr. ný útgjöld ríkissjóðs, að þetta væri allt í lagi, vegna þess að ríkið hefði svo geysilegar tekjur, það gæti vel undir þessu risið öllu saman. Nú er þessi glæpur frá þeim tekinn, þeim ágætu vinum mínum, þannig að menn standa andspænis þessu, að það er halli hjá ríkissjóði. Og við stöndum nú með þann vanda fram undan okkur á þessu Alþ. að verða að jafna þann halla,

og til þess er verið að gera þessar ráðstafanir, sem nú er verið að gera til að afla aukinna tekna, að því er ég held. Og ég efast ekkert um það, að hv. 3. þm. Norðurl. v. er mér sammála um það, að það þurfi að vera hallalaus ríkisbúskapur.

Helgi Bergs: Herra forseti. Ég skal nú ekki lengja þessar umr. mikið, enda gefur það mál, sem hér er til umr., ekki tilefni til langrar efnislegrar umr. um frv. sjálft, áður en það fer í n. En ég get hins vegar ekki stillt mig um að láta í ljós sár vonbrigði mín yfir því, hvern málflutning hæstv. fjmrh. hefur nú eftir sína nýju upphefð farið að temja sér hér í þessari hv. deild.

Hæstv. fjmrh. hefur haft það orð á sér til skamms tíma að vera manna sanngjarnastur í málflutningi og temja sér hófsamlegt tal. En það bregður heldur öðruvísi við núna og þá ekki síst í fyrri ræðu hæstv. fjmrh., — hann reyndi heldur að draga í land í þeirri síðari.

Ég vil lýsa vonbrigðum mínum yfir því, að hv. 3. þm. Norðurl. v. (ÓlJ) skuli fá þær kveðjur frá hæstv. fjmrh., sem hann fékk hér í fyrri ræðu hans áðan, eftir þá ræðu, sem hann hafði flutt hér. Hv. 3. þm. Norðurl. v. lét í ljós í ræðu sinni, að það yrði ekki haldið áfram á sömu braut og gert hefur verið, og það var ekki fyrr en undir lok síðari ræðu sinnar, sem hæstv. fjmrh. fékkst til þess að taka undir það og telja sig geta talað sama tungumál og hv. 3. þm. Norðurl. v. um þetta efni.

Hæstv. fjmrh. var ákaflega hneykslaður yfir því, að hv. 3. þm. Norðurl. v. hefði talað um. að ríkisstj. vildi dýrtíð. Það kom í ljós, að þetta hefur sá hv. þm. auðvitað aldrei sagt, heldur hitt, að sú stefna og vinnubrögð, sem hæstv. ríkisstj. hefur á undanförnum árum haft um hönd, hafa leitt til þeirrar dýrtíðarþróunar, sem okkur er öllum kunnugt um.

Hæstv. fjmrh. þarf þess vegna ekki að vera neitt hissa á því, þó að stefna, sem leiðir af sér þá þróun í verðlagsmálum, sem hér hefur verið að undanförnu, sé kölluð dýrtíðarstefna. Í því þarf alls ekki að vera fólgið það, að það sé sagt, að ríkisstj. vilji dýrtíð, heldur hitt, að stefnan hefur haft dýrtíðina í för með sér.

Hæstv. fjmrh. var ákaflega hneykslaður á þeim orðum, sem hv. 3. þm. Norðurl. v. hafði þó aldrei haft um hönd í þessu efni, en hann kinokaði sér ekki við það að segja, að Framsfl., næststærsti flokkur þjóðarinnar, sem hefur að baki sér meira en fjórðung íslenzkra kjósenda, stefndi að því að skapa öngþveiti, — „Framsfl. vill neita ríkisstj. um eðlilegar tekjur til þess að skapa öngþveiti og koma henni frá.“ Ég vil vara hæstv. fjmrh. við slíkum málflutningi, hann er ekki sæmilegur.

Hv. 3. þm. Norðurl. v. gerði grein fyrir því, sem við framsóknarmenn erum sammála um, að það er ekki hægt að halda áfram á sömu braut og gert hefur verið í fjármálum og efnahagsmálum íslenzku þjóðarinnar, og ég fékk ekki betur heyrt undir lokin í ræðu hæstv. fjmrh. en hann væri í rauninni sammála þessu sjónarmiði.

Hæstv. fjmrh. þarf ekki að vera hissa á því, þó að það hafi komið fram á undanförnum árum ýmsar kröfur um framkvæmdir á vegum ríkisins frá stjórnarandstöðunni, þegar greiðsluafgangur hjá ríkissjóði nam hundruðum milljóna á hverju ári nokkur ár í röð, og það er ekki því að kenna, að þessar till. framsóknarmanna hafi fengið allt of góðar undirtektir hjá stjórnarliðinu, að það kemur nú og segir okkur frá því, að það sé komið á þriðja hundrað millj. kr. undir hjá ríkissjóði.

Hv. 3. þm. Norðurl. v. sagði í ræðu sinni áðan, að ef ríkisstj. vildi leggja fram skynsamlegar till. til sparnaðar í ríkisrekstrinum, þá mundi ekki standa á okkur framsóknarmönnum að skoða þær af skilningi og velvilja. Ég vil taka undir þetta hjá hv. þm. og láta í ljós vonbrigði mín yfir því, að þegar slík yfirlýsing kemur frá einum aðalleiðtoga stjórnarandstöðunnar, eins og hv. 3. þm. Norðurl. v. er, þá skuli það fá þær undirtektir, sem það fékk hér í fyrri ræðu hæstv. fjmrh. áðan.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjhn. með 13 shlj. atkv.

Á 22. fundi í Ed., 30. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 54, n. 103, 108 og 115, 109, 110).

Frsm. meiri hl. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Fjhn. hefur haft mál það, sem hér liggur fyrir, til meðferðar, en eins og þskj. þau, sem útbýtt hefur verið, bera með sér, hefur n. ekki náð samstöðu um afgreiðslu málsins. Eins og nál. meiri hl. á þskj. 108 ber með sér, leggjum við, sem að því áliti stöndum, til, að frv. verði samþ. með brtt., sem við flytjum á þskj. 110. Einstakir okkar, sem að meirihlutaálitinu stöndum, höfum þó áskilið okkur rétt til þess að flytja eða fylgja frekari brtt., og á þskj. 109 hefur hv. 4. landsk. þm., Jón Þorsteinsson, borið fram brtt., en um hana hafa aðrir, sem að meirihlutaálitinu standa, óbundnar hendur. Tveir hv. nm., þeir hv. 6. þm. Sunnl. og hv. 1. þm. Norðurl. e., hafa skilað sérálitum og tjáð sig andvíga frv., en hv. 4. þm. Norðurl. e. var fjarstaddur, þegar n. afgreiddi málið, og hefur hann því auðvitað óbundnar hendur um það.

Ég ætla aðeins að víkja að þeim brtt., sem meiri hl. flytur á þskj. 110. Veigamest þessara brtt. er 1. brtt., sem fólgin er í því að ákveða, að ekki skuli greiða réttargjöld af málum um innheimtu vinnulauna. Það var hv. 4. landsk. þm., Jón Þorsteinsson, sem frumkvæði átti að því, að þessi brtt. var flutt, en hann hefur um skeið verið lögfræðingur A. S. Í. og er því þessum málum kunnugur. En þannig mun vera, að töluvert ósamræmi mun vera í framkvæmd varðandi þetta á ýmsum stöðum á landinu, en kröfur þessar eru þess eðlis, að telja má eðlilegt, að ekki séu greidd réttargjöld í málum um innheimtu vinnulauna. Um það var meiri hl. sammála.

Hvað snertir aðrar brtt., sem meiri hl. flytur, eru þær meira til leiðréttingar og flestar þannig til komnar, að þar er komið til móts við á-

bendingar, sem hv. 9. landsk. gerði við 1. umr. frv. Sé ég ekki ástæðu til að rekja það nánar. Að öðru leyti hefur meiri hl. fallizt á þau sjónarmið, sem eins og lýst er í grg. frv. liggja því að baki, að frv. þetta er flutt, og hæstv. fjmrh. hefur einnig gert grein fyrir í framsögu sinni við 1. umr. málsins. En í grg. frv. segir svo, með leyfi hæstv. forseta, m. a.:

„Með tilliti til breytinga, sem orðið hafa á verðlagi og kaupgjaldi undanfarin ár, og þarfa ríkissjóðs fyrir auknar tekjur, þykir nú nauðsynlegt að hækka ýmsa tekjuliði aukatekjulaganna, einkum þá, sem eru fastákveðnir í l., en fylgja ekki breyttu verðlagi á hverjum tíma."

Núgildandi lög um þessi efni eru frá því í febrúar 1960. Þau voru sett um það bil sem efnahagsráðstafanirnar voru gerðar á því ári, en eins og kunnugt er, hefur verðlag hækkað um 80% síðan, ef miðað er við vísitölu framfærslukostnaðar, og mun sú hækkun, sem hér er gert ráð fyrir, upp og ofan varla nema meira og í mörgum tilfellum minna. En annars er ýtarleg grein gerð fyrir því í grg. fyrir frv., hve miklu þessar hækkanir nema á einstökum liðum. Þá má auðvitað um það deila, bæði hvenær greiða skuli slík réttargjöld og enn fremur hve há þau séu, en þegar þessi gjöld hafa verið ákveðin, verður að telja eðlilegt, að þau fylgi hinu almenna verðlagi. Hér kemur líka annað sjónarmið til heldur en tekjuöflunarsjónarmiðið eitt, en það er þetta, að ef þessi gjöld verða óeðlilega lág, freistar það fólks óneitanlega til þess að leita til dómstóla með lítilvæg mál.

Hv. 4. landsk. hefur flutt brtt., sem ég nefndi, á þskj. 109, sem hann mun gera grein fyrir, en þar er gengið lengra í því efni en frv. gerir að hækka gjöld fyrir fyrirtekt mála, og skilst mér að þetta sjónarmið, sem ég hef nefnt, liggi því að baki. Nú er það auðvitað álitamál, hversu langt skuli ganga í þessu efni, og eins og ég sagði, hafa aðrir, sem að meirihlutanál. standa, óbundnar hendur í þessu efni. En sjónarmiðið á að mínu áliti fullan rétt á sér, og á það má benda í þessu sambandi, að fyrir fáum árum var ákveðin allmikil hækkun á þóknun til lækna, sem gegndu kvöld- og næturþjónustu, og sú hækkunin á þóknuninni skyldi einmitt greiðast af þeim, sem vitjuðu læknanna, ekki af sjúkrasamlögunum. En það var út frá því sjónarmiði, að þessi gjöld væru orðin svo óeðlilega lág, að það beinlínis freistaði fólks til þess að leita læknis, þegar það var óþarft. Ég hygg, að um það hafi ekki neinn ágreiningur verið, að þetta væri réttmætt. En eigi það við um læknaþjónustuna, ætti þetta í enn ríkara mæli að mínu áliti að eiga við um aukatekjurnar.

Herra forseti. Eins og ég hef gert grein fyrir, leggur meiri hl. til, að frv. verði samþ. með þeim brtt., sem hann flytur á þskj. 110.

Frsm. 1. minni hl. (Helgi Bergs): Herra forseti. Hv. 1. þm. Norðurl. e. og ég, sem stöndum að áliti 1. minni hl. fjhn., teljum ekki tímabært að samþykkja frv. af þessu tagi. Við teljum ekki tímabært að heimila ríkisstj. að grípa eftir nýjum tekjum til þess að halda áfram óbreyttri fjármálastefnu. Sú fjármálastefna, sem hefur verið fylgt, verður að okkar dómi að breytast, og við viljum ekki eiga þátt í því að leggja ríkisstj. til meira af fjármunum almennings til þess að halda áfram óbreyttri stefnu.

Ég þarf ekki að fara mjög mörgum orðum um einstök atriði þessa frv., sem hér liggur fyrir. Hv. 3. þm. Norðurl. v. gerði mjög góða grein við 1. umr. þessa máls fyrir einstökum atriðum, sem orka tvímælis í þessu lagafrv., og það eru vissulega ýmsir af þeim tekjustofnum, sem hér er um að ræða, sem orka verulega tvímælis sem tekjustofnar fyrir ríkissjóð. Það er t. d. næsta broslegt, að ríkissjóður skuli taka fé fyrir það að skipa menn í stöður hjá ríkinu. En vissulega er þetta ekki neitt nýmæli í þessu frv., sem hér liggur fyrir, og ég sé þess vegna ekki ástæðu til þess að gera það frekar að umræðuefni.

Það kemur fram í grg. þessa frv., eins og hv. frsm. meiri hl. benti raunar á, að nú þykir nauðsynlegt að hækka ýmsa tekjuliði aukatekjulaga, einkum þá, sem eru fastákveðnir í krónum, en fylgja ekki breyttu verðlagi á hverjum tíma. Og ég skildi hv. frsm. meiri hl. þannig, að hann liti svo á, að frv. væri í sjálfu sér slíkt, að þar væri verið að færa þá hluti til breytts verðlags, sem fastákveðnir eru í upphæðum, en ekki prósentum í lögum. Ég hlýt þess vegna að benda á það, að frv., eins og það liggur fyrir, er alls ekki sjálfu sér samkvæmt í þessu efni. Ég vil t. d. benda á 3. mgr. 2. gr., þar sem stendur: „Í málum, þar sem fjárhæð nemur ekki 1000 kr., greiðast hálf réttargjöld." Þessar 1000 kr. eru óbreyttar frá gildandi l. Ef menn væru sjálfum sér samkvæmir með að vilja færa hlutina til breytts verðlags, hefði þessi upphæð að sjálfsögðu einnig átt að hækka. Sams konar ákvæði er að finna í 3. gr., þar sem stendur: „Þegar fjárhæðin er 1000 kr. eða minni, greiðast 120 kr." Þetta var áður þannig, að það stóð: „Þegar fjárhæðin er 1000 kr. eða minni, greiðast 60 kr." Þarna hefur verið tvöfaldað grunngjaldið án þess að breyta þeirri upphæð, sem grunngjaldið er miðað við. Eg skal ekki eyða tímanum í að rekja dæmi af þessu tagi, þau eru mjög mörg í frv. T. d. í 23. gr., um þinglýsingar, eru grunnupphæðir, viðmiðunargrunnupphæðir óbreyttar. Fyrir að þinglýsa skjölum t. d. var gjaldið fyrir 5000 kr. áður 50 kr., en verður nú 100 kr. Ef menn hefðu verið sjálfum sér samkvæmir í að færa til breytts verðlags, hefði verið rétt að tvöfalda slíkar grunnupphæðir eða slíkar viðmiðunar- eða lágmarksupphæðir einnig. En hér er verið að nota sömu aðferðina og tíðkaðist í tekjuskattsl. fram til seinasta árs, þegar dýrtíðin var gerð að skattstjóra með þeim snjalla hætti að hafa fastar upphæðir í tekjustigunum, skattstigunum, sem breyttust ekki með breyttu verðgildi. Það atriði hefur nú verið lagfært í tekjuskattsl., en nú er verið að taka upp hliðstæða aðferð hér.

Ég skal ekki fara langt út í einstök efnisatriði frv., en mig langar til þess að fara örfáum orðum um brtt., sem fram hafa komið. Brtt. frá meiri hl. fjhn. eru þess eðlis, að þær eru

allar nema ein hreinar leiðréttingar, ýmist á prentvillum eða augljósum atriðum, sem hefur þurft að leiðrétta, en 1. brtt., sem er efnisleg, er að mínum dómi til bóta, og það hefði í sjálfu sér ekki verið neinn vandi að ná samstöðu í n. óklofinni um flutning þessara brtt. En það gegnir öðru máli um till. hv. 4. landsk. þm. á þskj. 109. Hv. 4. landsk. þm. þykir ekki nóg að gert með þeim hækkunum, sem lagðar eru til í frv. ríkisstj., og leggur til, að gjöld fyrir fyrirtekt mála séu hækkuð meira. Mér er kunnugt um það, að til grundvallar þessum till. hv. 4. landsk. þm. mun liggja sú hugsun, að með þessu sé bægt frá málum, sérstaklega víxilmálum og öðrum smávægilegum fjárkröfum, sem menn geri of mikið af að ónáða dómstólana með að ástæðulausu. Það er raunar svipuð hugsun og fram kom hjá hv. frsm. meiri hl., hv. 8. þm. Reykv., hér áðan, þegar hann lét í ljós þá skoðun, að of lág gjöld af þessu tagi mundu freista fólks til þess að leita til dómstólanna að ástæðulausu. En menn verða bara að gá að því í þessu sambandi, að hækkuð gjöld hitta fleiri en þá, sem eru að ónáða dómstólana að ástæðulausu. Þau hitta líka alla þá, sem þurfa að leita réttar síns af eðlilegum ástæðum og með eðlilegum hætti. Og ég er þeirrar skoðunar, að ef það vakir fyrir hv. 4. landsk. þm. að refsa með þessu vanskilamönnum og láta þá borga nokkur hundruð kr. meira í málskostnað, þá eru aðrar aðferðir hentugri til þess að refsa vanskilamönnum heldur en gera allt dýrara í sambandi við réttarfarsgjöld og hitta þannig einnig hina, sem þurfa að ná rétti sínum fyrir dómstólum landsins.

Ég skal ekki fara fleiri orðum um einstök atriði frv., en undirstrika það, að við í 1. minni hl. fjhn. teljum alveg óhjákvæmilegt að breyta nú um stefnu í fjármálum ríkisins. Hin mikla skattheimta undanfarinna ára leiddi af sér mikla tekjuafganga hjá ríkissjóði á árunum 1961—1963 og jafnvel 1960 líka. Árið 1961 var greiðsluafgangur ríkissjóðs 72 millj., árið 1962 var hann 163 millj., og árið 1963 var hann 124 millj. kr., allt miðað við aðferð Seðlabankans við uppgjör greiðsluafgangs. En þrátt fyrir það, þó að þannig hafi verið innheimtir skattar og því haldið áfram, hefur afkoman samt snúizt á þann veg, að á árinu 1964 varð greiðsluhalli hjá ríkissjóði, gerður upp eftir sömu aðferð, 258 millj. kr.

Frv. þetta er liður í þeirri viðleitni hæstv. ríkisstj. að krækja í meira fé til þess að geta haldið þessari fjármálastefnu áfram. Við viljum ekki eiga þátt í þeim leik, og við lýsum í staðinn eftir marglofuðum till. um sparnað í ríkisrekstrinum. Við teljum okkur skylt vegna umbjóðenda okkar að verja fé þeirra gegn slíkri fjármálastefnu og fjármálastjórn, sem hér hefur verið á undanförnum árum. Það fer raunar ekki milli mála, að sú fjármálastefna, sem á fáum árum hefur breytt stórfelldum greiðsluafgöngum í enn þá stórfelldari greiðsluhalla, þarf endurskoðunar frá rótum. Sú meinsemd, sem þar er um að ræða, verður ekki læknuð með því að grípa eftir nýjum tekjum hér og þar án nokkurrar heildaráætlunar. Raunar geri ég ráð fyrir, að hv. þdm. hafi tekið eftir því með nokkurri ánægju, að við 1. umr. þessa máls viðurkenndi hæstv. fjmrh. þetta, að nauðsyn væri á breyttri fjármálastefnu og fjármálastjórn, og það ber að taka eftir því og minnast þess, þó að ræða hæstv. fjmrh. við þá umr. hafi að öðru leyti verið nokkur vonbrigði. Við teljum því, að það sé ekki tímabært að samþykkja þetta frv., og við leggjum til, hv. 1. þm. Norðurl. e. og ég, að frv. verði fellt.

Frsm 2. minni hl. (Björn Jónsson): Herra forseti. Ég tel ekki ástæðu til að fara mörgum orðum um efnisatriði þessa fjáröflunarfrv. hæstv ríkisstj., enda eru þau ekki ýkjaflókin. Það, sem hér er á ferðinni, er það, að ríkisstj. hyggst afla tekna, um það bil 22 millj. kr., með því að hækka ýmiss konar gjöld, sem standa í sambandi við réttarfarsaðgerðir, ýmiss konar viðskipti, leyfisveitingar o. fl., um 1/3 hluta hið minnsta, en allmiklu meira í einstökum tilvikum. Hér er almennt um að ræða gjöld, eins og fram hefur komið, sem mönnum er gert að greiða fyrir þjónustu yfirvalda, sem í mörgum tilfellum er veitt, til þess að menn fái neytt réttar síns eða réttinda, allt frá því að leyst eru út ökuskírteini eða sveinsbréf eða annað slíkt og til þess er menn gjalda fyrir hjónavígslubréf eða veitingarbréf fyrir embætti, skrásetja dráttarvél eða mótorhjól eða að stefna einhverjum, sem þeir eiga mál að sækja gegn. Upphaflega og lengi vel munu greiðslur fyrir slíka þjónustu hafa verið miðaðar við það, að sanngjörn þóknun kæmi fyrir tiltekna fyrirhöfn, fremur en hér væri upphugsuð tekjulind fyrir ríkissjóð til þess að mæta almennum fjárþörfum hans. En það mun þó ekki vera svo, að núv. hæstv. ríkisstj. muni eiga þá uppfinningu, en hún hefur hins vegar kunnað vel að meta hana, því að þetta er í annað skiptið, sem þessi gjöld eru hækkuð.

Það var meðal fyrstu verka fyrrv. hæstv. fjmrh. að hækka þessi gjöld um 50%, og nú er fordæmi hans fylgt eftir með því að hækka þau svo, að þau verði a. m. k. tvöföld við það, sem þau voru við upphaf viðreisnarinnar. Þessi hækkun er svo talin eðlileg og rökstudd af hálfu hæstv. ríkisstj. með því, að ekki hafi betur tekizt til almennt að halda á verðlagsmálum þjóðarinnar. Í augum margra annarra er þetta þó lélegur rökstuðningur um ágæti þessarar skattheimtuaðferðar umfram aðrar, sem til greina gætu komið, ef óhjákvæmilegt reynist að leggja á nýja skatta til þarfa ríkisins, m. a. vegna þess, hvers eðlis þessi gjöld eru og hver tengsl þeirra eru við réttarfarsaðgerðir og réttindi borgaranna. Það má vel vera, að þrátt fyrir þessar fyrirhuguðu hækkanir séu þessi gjöld ekki svo há, að þau hindri menn í því að neyta réttar síns eða réttinda, a. m. k. ekki almennt. En hitt er þó alveg augljóst, að því eru fullkomlega takmörk sett, hve langt má ganga í takmörkun slíkra gjalda, svo að raunveruleg réttarfarsleg mismunun stafi ekki af milli hinna efnaminni og hinna efnameiri í þjóðfélaginu.

Og ég hygg, að þegar allt kemur til alls og öll útgjöld eru reiknuð, sem menn þurfa að inna af höndum í sambandi við það að ná rétti sínum með ýmsum hætti, sé hér komið á yztu nöf, því að í mjög mörgum tilvikum nemur kostnaður við málarekstur hærri upphæðum en um er að tefla, þannig að mér er kunnugt um það, að í mjög mörgum tilvikum hörfa menn frá því að leita réttar síns vegna þess kostnaðar, sem því fylgir, og þekki nokkuð mörg dæmi um það. Það verður því að teljast ákaflega óeðlilegt, að ríkisvaldið leggist hér á sveifina með öðru, sem þarna kemur til greina, til þess að gera mönnum erfiðara fyrir um að reka réttar síns. Ég vil því segja, að að þessu leyti er óbragð að þessari fjáröflunarleið, sem nú á að fara til þess að öngla saman úr mörgum áttum röskum tveim milljónatugum í — ég vil segja botnlausa hít, sem fjárhirzla ríkisins er orðin undir stjórn þeirra viðreisnarmanna, — hít, sem þeir sjálfir standa nú ráðalausir við að fylla. Með fjárlagafrv. nú boðaði hæstv. fjmrh., að hann hygðist tryggja hallalausan ríkisbúskap, í fyrsta lagi með áframhaldandi niðurskurði á verklegum framkvæmdum, í öðru lagi með hækkun benzínskatts og niðurfellingu ríkisframlags til vegáætlunar, í þriðja lagi með skatti á rafmagnsnotkun í landinu, í fjórða lagi með hækkun þeirra gjalda, sem hér er rætt um, í fimmta lagi með farmiðaskatti og í sjötta lagi með auknum fasteignaskatti í sambandi við húsnæðismál. Hér var að sögn hæstv. ráðh. tekin upp sú stefna að forða greiðsluhalla án þess að grípa til almennra skattahækkana, en látið yrði nægja að hækka skatta á takmörkuðum sviðum. Hér var greinilega verið að gefa því undir fótinn, að þær skattahækkanir, sem nú á að framkvæma, séu almenningi léttbærari en aðrar þær hækkanir, sem núv. hæstv. ríkisstj. hefur stundað að framkvæma undanfarin ár og nú eru kölluð á hennar máli og með réttu almennar skattahækkanir til aðgreiningar frá þeim, sem nú er verið að framkvæma. Þessa skoðun um það, að hér sé um miklu léttbærari gjöld heldur en önnur að ræða, verður þó að draga mjög í efa, hvort heldur sem litið er til hækkunar aukateknanna, sem hér er rætt um, benzínskattsins, rafmagnsskattsins eða jafnvel farmiðaskattsins, og þó kannske hans sízt. Þar er um gjöld að ræða, sem lenda óhjákvæmilega með fullum þunga á öllum almenningi, þó að ekki sé hér í öllum tilfellum um að ræða dagleg útgjöld hvers manns. Þessar hækkanir eru því greinilega almennar skattahækkanir að því leyti, að það er almenningur, sem ætlazt er til að borgi brúsann, þó að það sé ekki í því formi, að hver biti og sopi sé skattlagður, eins og t. d. ef um söluskattshækkun væri að ræða. En það er líka sameiginlegt einkenni á öllum þessum nýju viðreisnarsköttum, að hækkun þeirra snertir ýmist mjög lítið eða ekki vísitölu framfærslukostnaðar, sem kaupgjald er nú miðað við samkv. lögunum. Og það virðist alveg greinilegt, að hér sé að ganga aftur sú gamalkunna aðferð stjórnarvalda að rangfæra vísitöluna með þessum hætti í þeim tilgangi að hindra það, að almenningur fái með kaupbreytingum aukinn raunverulegan framfærslukostnað sinn. Með samanlögðum þeim skattahækkunum á takmörkuðum sviðum, skulum við segja, sem nú á að framkvæma, eru lagðar á herðar almennings nokkuð á 3. hundrað millj. kr. Ef slík útgjaldaaukning hjá almenningi hefði eðlileg áhrif á kaupgjaldsvísitöluna, næmi sú hækkun vafalaust mörgum stigum, sennilega varla undir 5 stigum, og ég vil þó taka fram, að þar er um mjög lauslega ágizkun að ræða. En eins og nú er í pottinn búið, er það sjálfsagt vafamál, að vísitalan hreyfist einu sinni um eitt stig vegna þessara aðgerða auk heldur meira, og það er þessi mismunur, sem þarna er um að ræða, sem greinilega er tekinn algerlega bótalaust af almenningi og verkar þannig sem raunveruleg launalækkun.

Þessi hlið á hinni nýju skattheimtu, sem nú er verið að framkvæma, er vissulega ekki til þess fallin að ýta undir okkur í stjórnarandstöðunni hér á hv. Alþ. að rétta ríkisstj. hjálparhönd til að koma þessum sköttum á. Hitt er líka ljóst, að með þessum svokölluðu skattahækkunum á takmörkuðum sviðum, sem nú eru boðaðar og hér er einn anginn af, nær hæstv. ríkisstj. ekki því marki, að endar komi saman við fjárlagaafgreiðslu, ekki a. m. k, í reyndinni, þó að svo verði kannske nú sem stundum áður við afgreiðslu fjárl., að fyrirsjáanleg útgjöld eru tekin út úr fjárlögum við afgreiðslu þeirra, en svo virðist sem þeirri aðferð eigi nú að beita til þess að leyna því, að um raunverulegan halla er að ræða við afgreiðsluna. Það virðist ekki vera meiningin nú t. d. í sambandi við fjárl. að taka upp neinar greiðslur vegna aðstoðar við sjávarútveginn, og þær greiðslur eru að mestu niður felldar í frv. eins og það liggur nú fyrir. Þar er bæði um að ræða svokallað framleiðniaukningarfé til frystihúsanna og ríkisstyrk til línuútgerðarinnar, en þessir póstar námu á s. l. ári sennilega milli 60 og 70 millj. kr. Nú hygg ég, að flestum þyki það ekki sennilegt, að mögulegt sé að fella þessi útgjöld niður, en hitt miklu trúlegra, að hér þurfi auknar styrkveitingar að koma til, áður en lýkur. Og viðbrögð útvegsmanna á nýafstöðnum fundi L. Í. Ú. og kröfur, sem þar voru bornar fram um allt að 50% hækkun á fiskverði og jafnvel hótanir um rekstrarstöðvanir nú á áramótum, ef ekki yrði orðið við því, benda vissulega ekki til þess, að hér þurfi engin afskipti ríkissjóðs að koma til á næsta ári. Og fleira mætti raunar nefna af þessu tagi. Það er þess vegna nú þegar komið á daginn, að þær handahófsskattlagningar, sem nú er verið að taka í tízku, leysa ekki einu sinni til algerra bráðabirgða þann vanda, sem vissulega er fyrir hendi varðandi afkomu ríkissjóðs, eins og stefna hæstv. ríkisstj. hefur komið þeim málum nú. Því er ekki að heilsa, að það öngl úr öllum áttum, sem nú er tekið að stunda af svo miklum ákafa af ríkisstj., nægi henni einu sinni til næsta málsverðar. Það er því vissulega fyllsta ástæða til þess, að stjórnarandstaðan og raunar allur þingheimur

krefjist skýrra svara við því nú, áður en nokkurt tekjuöflunarfrv. ríkisstj. fær afgreiðslu, hvernig hún hyggst leysa fjárhagsvandamál ríkisins á næsta ári, þau sem nú þegar eru algerlega fyrirsjáanleg og óumflýjanlega verður að leysa með einhverjum hætti. Fyrr en þau svör liggja a. m. k. að einhverju leyti fyrir og sæmilega skýr, ætti hæstv. ríkisstj. ekki að mega vænta þess, ekki einu sinni af skyldurliði sínu hér á hv. Alþ., að hún fengi nokkurn stuðning við slík frv. eins og það, sem hér er á ferðinni, hvað þá heldur annarra.

Það ber auðvitað að viðurkenna, að eins og nú er komið, eru viðfangsefni, sem við er að fást varðandi fjármál ríkisins, allt annað en auðveld úrlausnar. Skattar og tollar hafa hækkað á viðreisnartímanum. Þeir hafa hækkað þannig, að þeir eru nú a. m. k. sex- eða sjöfaldir miðað við það, sem var fyrir 1960, en á sama tíma hefur kaupgjald tæplega tvöfaldazt að krónutölu. Það fer auðvitað ekki hjá því, að þetta segi sína sögu um það, hvernig skattarnir verka á almenning. Við það bætist svo, að þessir margföldu skattar eru í miklu ríkara mæli en áður teknir af almennri neyzlu, en fyrirtækin í landinu, þau sem einhverja hafa möguleika til þess að safna gróða, hafa á sama tíma verið gerð svo til skattfrjáls. Eyðslukerfið hefur verið þanið út af meiri hraða en nokkru sinni áður og þannig hefur ríkisbúskapurinn nú með hverju ári orðið almenningi þyngri í skauti, jafnframt því sem hann og skattheimtan til hans hefur orðið æ meiri gerandi, vil ég segja, í verðlagsþróuninni, sem aftur knýr svo á um aukna skattheimtu miðað við getu almennings á hverju ári. Úr þessum vítahring þurfum við að losna, ef árlegar aðgerðir í þessum efnum eiga ekki að verða samfelld röð af nýjum og nýjum bráðabirgðaúrræðum og óyndisúrræðum, sem duga ekki stundinni lengur og raunar alltaf til skemmri og skemmri tíma.

Það er því vissulega rétt, að hér þarf að koma til stefnubreyting, eins og oft hefur verið rætt um, ef á að forða nýrri kollsteypu í formi t. d. gengisfellingar eða annarra álíka aðgerða. Ýtrasti sparnaður og aðhald þarf að koma til varðandi eyðslu og útgjöld, ekki fyrst og fremst á þeim framkvæmdaliðum, sem nú hafa sérstaklega orðið fyrir barðinu á hæstv. ríkisstj. og eru þess eðlis í raun og veru, að niðurskurður til þeirra gerir í raun og veru ekkert annað en að frestað er því, sem óhjákvæmilega verður að framkvæma á allra næstu tímum, eins og t. d. framkvæmdum í skólamálum, og er þess vegna raunverulega aðeins dulbúin skuldasöfnun. Það hefur oft verið sagt, að sá sparnaður, sem þyrfti að koma til í sambandi við ríkisreksturinn, þyrfti mikils undirbúnings við og í ýmsum tilfellum þyrftu þar að koma til lagabreytingar og margvíslegar athuganir. Þetta hefur okkur verið sagt á hverju ári. Þess vegna væri nú ekki tímabært að taka upp sparnaðinn núna, það yrði að bíða næsta árs, þannig að tími ynnist til þess að athuga málin nógu vel. En ég held, að núna, eftir 6 ára valdatímabil, verði því tæpast lengur borið við, að ekki hafi verið nægur tími til slíks undirbúnings. En það er ástæða til að spyrja: Hvar er árangurinn? Hvar er sparnaðurinn? Hvar er árangurinn af hagsýslunni, sem nú þegar hefur verið eytt í jafnvel millj. kr. á ári undanfarin ár? Hvar er árangurinn af henni? Hvar kemur hann fram í fjárl. og í ríkisbúskapnum, eins og hann kemur okkur nú fyrir sjónir? Eða er það svo, að sparnaðarathuganirnar og hagsýslan séu orðin einn af mörgum tilgangslausum eyðsluliðum ríkissjóðs? Í annan stað þarf svo að koma til gerbreyting á skattakerfinu sjálfu, þannig að það verði að einhverju leyti a. m. k. stjórntæki til auðjöfnunar og tekjujöfnunar í þjóðfélaginu, um leið og það sér fyrir þörfum ríkisbúskaparins. Skattfrelsi gróðafélaganna, sem nú er vafalaust einn allra mikilvirkasti verðbólguhvatinn, þarf að afnema og leggja skattabyrðarnar í ríkari mæli á breiðu bökin heldur en nú er gert. Þannig mætti ná fram raunverulegum kjarabótum handa launþegum, a. m. k. í lægri launahópum, og hindra jafnframt verðbólguaðgerðir og verðbólgufamkvæmdir gróðaaflanna, sem nú njóta skattfrelsis, m. a. í gegnum þær reglur, sem hæstv. ríkisstj. hefur komið fram með varðandi fyrningarreglur og fleiri breytingar á skattal. Síðast, en ekki síst, þarf svo að koma til virkt skattaeftirlit, eins og við Alþb.-menn höfum barizt fyrir hér á Alþ. ár eftir ár. Sú smávægilega tilraun, sem gerð hefur verið í þessa átt, m. a. fyrir okkar baráttu og fyrir þrýsting frá almenningsálitinu, sannar það, að ef á þeim málum væri tekið af fullkominni alvöru og skattaeftirlitið væri eflt, því sköpuð fullkomin starfsskilyrði og því búnar í hendur slíkar starfsreglur, að skattþjófnaður yrði raunverulega hættulegt afbrot og með hann farið samkv. því, mundu tekjustofnar ríkissjóðs skila ótrúlegum upphæðum til almenningsþarfa umfram það, sem þeir nú gera. Slíkar aðgerðir mundu líka verka sem hemill á verðbólguþróunina, sem nú æðir taumlaust áfram. Ég álít, að hver sú ríkisstj., sem í raun og veru ætlaði sér annað og meira hlutskipti heldur en að láta reka á reiðanum og horfði lengra en til næsta dags, mundi telja það skyldu sína að snúa sér að þessum verkefnum í stað þess að gleyma sér við það verkefni eitt að reyta saman úr öllum áttum ný og ný gjöld af almenningi, vitandi, að það leysir engan vanda nema á líðandi stundu og varla það.

Jón Þorsteinsson: Herra forseti. Eins og frsm. fyrir meiri hl. fjhn. gerði grein fyrir, áskildum við, sem skipum meiri hl. n., okkur rétt til þess að flytja brtt. við frv. eða fylgja brtt., er fram kynnu að koma. Ég hef leyft mér að flytja á þskj. 109 brtt. við 1. gr. frv., þess efnis, að í a-lið, það eru dómsmálagjöld í einkamálum fyrir félagsdómi, hækki gjöldin fyrir fyrirtekt máls úr 250 kr. í 500 kr. í undirrétti og í hæstarétti hækki þau gjöld fyrir fyrirtekið mál úr 400 kr. í 600 kr. Með þessari till. minni hefur það ekki vakað að auka tekjur ríkissjóðs sérstaklega af þessum gjöldum, þó að afleiðingar samkv. þessari till. mundu vissulega verða þær,

að tekjur ríkissjóðs mundu hækka eitthvað, og tel ég það út af fyrir sig góðra gjalda vert.

Tilgangur minn með flutningi þessarar till. er fyrst og fremst sá, að ég tel, að með hækkun þessara gjalda mætti stuðla að því, að meðferð mála fyrir dómstólum og einkanlega fyrir undirrétti yrði greiðari og tæki skemmri tíma. En eins og hv. dm. sjálfsagt muna, var hér fyrir tveimur árum, að mig minnir, samþ. þáltill. í sameinuðu þingi á þá leið að skora á ríkisstj. að gera ráðstafanir til þess að hraða meðferð dómsmála, sem sannarlega var ekki vanþörf á. Langflest einkamál í héraði, yfirgnæfandi meiri hl. þeirra er rekinn hjá borgardómaraembættinu í Reykjavík, og á þessu ári er það þegar séð fyrir, að þingfest mál munu verða um það bil 4500 að tölu til. Af þessum málum mun meira en helmingur vera ýmiss konar innheimtumál, víxilmál að langmestu leyti. Ég tel þennan málafjölda af þessari tegund algerlega óeðlilegan, og það má til samanburðar nefna, að í stórri borg eins og t. d. Bergen í Noregi voru dómtekin 25 víxilmál á s. l. ári, en hér í Reykjavík eru þessi mál milli 2 og 3 þús. Eins og menn vita, tíðkast það mikið, að ýmiss konar hlutir eru seldir með afborgunarskilmálum. Það má t. d. nefna bifreiðar, sem voru keyptar af bifreiðasölunum í Reykjavík, notaðar bifreiðar, enn fremur ýmsir dýrari munir í verzlunum, húsgögn, gólfteppi, ísskápar og annað þess konar, — allt er þetta selt að meira og minna leyti gegn afborgunum, og nú er síðurinn sá, að kaupandinn samþykkir víxil fyrir hverri einustu afborgun, í stað þess að áður var algengast, að það var samþ. skuldabréf, og ef vanskil urðu á einni greiðslu, féll allt í gjalddaga. Þetta skýrir það að nokkru leyti, að það er geysilegur fjöldi af tiltölulega litlum víxlum, sem eru í umferð. Síðan, þegar vanskil eiga sér stað, er farið í málflytjendur eða lögfræðinga með þessar kröfur, og venjulega skjótlega, ef innheimta tekst ekki á skömmum tíma, þá stefna þeir, fara í mál og taka dóm fyrir kröfunni. Það má reyndar vitna í þessu sambandi til orða yfirborgardómarans í Reykjavík, sem kom á fund fjhn., þegar hún fjallaði um þetta mál, og hann sagði, að í raun og veru liti það þannig út eins og dómstólarnir væru misnotaðir sem innheimtutæki. Ef nú réttargjöldin almennt í einkamálum yrðu hækkuð upp í 500 kr. í undirrétti, eins og ég legg til, hygg ég, að þetta mundi hafa þau áhrif, að í fyrsta lagi mundu lögfræðingar og aðrir innheimtumenn leggja meiri áherzlu á það að ná kröfunum inn og innheimta þær á venjulegan hátt, án þess að fara fyrir dómstólana. Þetta mundu þeir gera í fyrsta lagi vegna þess, að málflutningsmaðurinn þarf að leggja út réttargjöldin fyrir kröfunni, og hann mundi þess vegna ekki fara í innheimtumál fyrr en í síðustu lög, auk þess sem hann gæti í mörgum tilfellum hagað því þannig, að hann mundi safna saman víxlum og fara í eitt mál í staðinn fyrir að fara kannske í 5—10 mál, eins og gert er. Í öðru lagi mundi hækkun réttargjaldanna geta verkað þannig, að skuldarinn mundi frekar fást til þess að greiða, áður en málið færi til dómstólanna, vegna þess að þá losnaði hann við að greiða þessi gjöld. Ég álít því, að hækkun þessara réttargjalda mundi geta orsakað það, að þessum málum, víxilmálum og öðrum slíkum skuldamálum, gæti stórfækkað.

En þá kemur að hinni hlið málsins, sem hér hefur verið bent á og réttilega, að þessi hækkun er ekki bundin í till. við vissa tegund mála, heldur mundu þá aðrir, sem þurfa nauðsynlega að leita dómstóla, einnig þurfa að gjalda hennar, og það er út af fyrir sig alveg rétt. En ég álít, að með því að geta stórfækkað þessum innheimtumálum mundu mál hinna, sem hafa leitað til dómstólanna af brýnni nauðsyn, fá miklu greiðari afgreiðslu, því að staðreyndin er sú um venjulegt mál í Reykjavík, þar sem langflest mál eru rekin hér á landi, að hvert mál tekur um það bil 2—3 ár, og fyrir þann, sem er að stefna í slíkum málum eða er að leita réttar síns, er það miklu meira hagsmunaatriði, ef þetta mál tæki t. d. einu ári skemmri tíma en áður, þótt hann í staðinn yrði að borga 250 kr. meira, því að hans hagsmunir af því að fá málið afgreitt fyrr eru miklu meiri en hitt, þótt hann þyrfti að borga 250 kr. meira í réttargjöld. Enda er það svo, að réttargjöldin eru ekki nema lítið brot af þeim kostnaði, sem er við rekstur mála fyrir dómstólunum, og eiga auðvitað ekki að vera það, þannig að nokkur hækkun þeirra skiptir ekki svo miklu máli. Og ég hef ekki trú á því, að nokkur maður, sem þarf að leita til dómstólanna, hverfi frá því vegna þess, að það sé 250 kr. dýrara en ella væri.

En það er sem sagt þetta, sem fyrir mér hefur vakað, að reyna að bægja þarna frá töluverðum fjölda mála, sem er meira og minna óþarfur, og í staðinn skapa grundvöll fyrir því, að önnur mál og nauðsynlegri fái hraðari afgreiðslu fyrir dómstólunum.

Ég hef ekki eingöngu gert till. um það, að gjald fyrir fyrirtekt máls yrði hækkað í undirrétti, heldur hef ég einnig gert till. um það fyrir hæstarétti. Það er í raun og veru frá mínum bæjardyrum séð hreint aukaatriði. Það geri ég einungis til þess að fylgja reglunni, að samsvarandi gjöld í hæstarétti eru nokkru hærri en í undirrétti, og ég geri það eingöngu til þess að það haldist líka um fyrirtekt mála eins og önnur gjöld, sem segir frá í 1. gr. l. Ég hygg það, að þó að þessi till. mín verði samþ., sé ekki annað hægt að segja en réttargjöld séu hér tiltölulega hógvær. Ég hef t. d. fengið upplýsingar um það, að réttargjöld í Noregi eru í norskum kr. frá 40 kr. upp í 1000 kr. norskar eftir upphæð kröfunnar, sem í hverju máli er fjallað um, og þegar maður t. d. ber það saman við þetta, tel ég, að enginn þurfi að kvarta, og þó að mikið lægi við, ætti það ekki að vera ástæða fyrir nokkurn mann til þess að hverfa frá því að leita réttar síns fyrir dómstólunum. Þvert á móti gæti hann á annan hátt haft af þessu miklu meiri hagsmuni.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Umr. um þetta mál hafa hér orðið allmiklar

og raunar minnst af þeim snúizt um málið sjálft, heldur almennt um fjármálastefnu og efnahagsmálaþróun. Það er sennilega ekkert undarlegt, að svo hafi orðið, því að vissulega er þetta mál þáttur í aðgerðum í sambandi við ríkisfjármálin og ekkert þess vegna um það að segja, þó að menn hafi nokkuð talað vítt og breitt um þetta mál.

Ég ætla ekki að fara hér við þessa umr. út í fjármálastefnuna almennt eða efnahagsmálaþróunina, heildarstefnu í skattamálum eða slíkt. Fjárlagaumr. eru á næsta leiti, og má gera ráð fyrir, að þá beri þetta mál aftur á góma og það með eðlilegri hætti. En það eru þó nokkur atriði, sem ég vildi segja í sambandi við málið og þær umr., sem hér hafa farið fram.

Hv. 6. þm. Sunnl. (HB) sagði, að ég hefði í umr. um þetta mál um daginn viðurkennt, að það væri nauðsynlegt að breyta fjármálastefnu og taka upp nýja fjármálastjórn, og taldi það þakkarvert, þó að ég að öðru leyti hefði valdið vonbrigðum á ýmsan hátt. Ég verð því miður að valda honum þeim vonbrigðum til viðbótar, að þetta er ekki nákvæmlega það, sem ég sagði, að þyrfti að breyta um fjármálastefnu og fjármálastjórn. Ég hins vegar tók það fram, sem er hárrétt og ég var honum og hv. stjórnarandstæðingum sammála um það atriði, og um það eru allir sammála, að þróunin varðandi verðlagsmál eða verðbólgumál, ef svo má segja, hafi verið mjög óheillavænleg og það sé mjög nauðsynlegt, að sú þróun breytist. Fjármálastefnan varðandi fjármál ríkisins hefur verið hin sama og er enn í dag og hlýtur í rauninni að verða, hver sem um þann stjórnvöl heldur, að það sé hallalaus ríkisbúskapur og í sambandi við þann þátt fjármála þjóðarinnar sé því ekki annað en standa andspænis því, hvort menn vilja draga úr útgjöldum ríkissjóðs eða þá afla nýrra tekna, ef endarnir nást ekki saman.

Þetta er í rauninni það viðfangsefni, sem við er að fást, þegar við ræðum um ríkisbúskapinn, fjárlög og ríkisfjármál í þrengri merkingu, og það er það, sem við að sjálfsögðu stöndum andspænis í sambandi við afgreiðslu fjárlaga og þær ráðstafanir, sem ég hef gert hinu háa Alþ. grein fyrir að þyrfti að gera til þess að afgreiða greiðsluhallalaus fjárlög, eru óhjákvæmilegur liður í.

Ég held því, að þessi stefna eigi ekki fyrir sér að breytast og að við hljótum í rauninni að geta verið sammála um, að þetta sé grundvallarstefna hvað snertir ríkisbúskapinn í þrengri merkingu. Hitt er svo allt annað mál, þegar við förum að ræða um efnahagsmálaþróunina og hvernig hún verki á ríkisbúskapinn, og þróunin í þeim málum, fjárhagsástandið í þjóðfélaginu yfirleitt, hefur verið ríkisbúskapnum ákaflega óhagstætt og ríkissjóði og hefur valdið því, eins og við vitum, að nú er svo komið, að mikill halli hefur myndazt á rekstri ríkissjóðs. Ef menn vilja skoða það mál ábyrgum augum, tjóir ekki að segja sem svo, að það sé af því, að það sé einhverri óheillavænlegri efnahagsmálastefnu fylgt, sem að sjálfsögðu er ekki hægt að segja að sé óheillavænleg efnahagsmálastefna, þó að þróunin hafi verið óheillavænleg, vegna þess að það má í rauninni segja, að sú sama þróun hafi verið við allar þær stefnur, sem fylgt hefur verið síðustu áratugi og hver sem hefur verið í stjórn, að menn hafa ekki ráðið við verðbólguvandamálið. Þetta er það, sem allar ríkisstjórnir hafa staðið andspænis, því miður, og væri betur, að það væri orðinn vaxandi almennur skilningur hjá öllum þeim aðilum, sem úrslitaáhrif hafa í því efni, að sú þróun verði að stöðvast. Við vitum það öll hér í hv. þd., að vald Alþ. og ríkisstj. er ekki nema þáttur í því máli. Það eru margir aðrir þættir, sem þar koma til greina og hafa úrslitaáhrif í þeim efnum, og það eitt út af fyrir sig að neita ríkisstjórn um fjármagn til þess að geta innt af hendi skuldbindingar ríkissjóðs, er ekki nokkur lausn eða nokkur leið til þess að knýja fram lausn á þeim vanda. Það er aðeins til þess fallið, að skapa algert öngþveiti í þjóðfélaginu, og það veit ég, að þessir hv. þm., sem þann boðskap flytja, vita alveg jafnvel og ég, og þess vegna er sú afstaða þeirra að segja: Við erum á móti öllum þeim ráðstöfunum til þess að rétta ríkisbúskapinn af og jafna halla ríkissjóðs, — þær kenningar eru auðvitað eingöngu til þess fallnar, að þeir geti verið á móti þessum ráðstöfunum án þess að þurfa sjálfir að benda á nokkur úrræði til lausnar vandanum, heldur aðeins segja almennt: Við erum á móti þessu, við viljum ekki láta ríkisstj. hafa peninga, vegna þess að hún fylgir skakkri stefnu, og það má jafna ríkisbúskapinn með allt öðrum hætti, — einhverjum hætti þó, sem aldrei fæst neinn botn í, hvernig á að vera. Þetta er gallinn á þessum málflutningi öllum saman.

Varðandi þetta einstaka mál, sem hér liggur fyrir, hafa menn sagt sem svo, að hér sé í rauninni mál á ferðinni, sem sé óeðlilegt vegna þess, að m. a. sé þessi tekjuöflun fyrir ríkissjóð ekki eðlileg, hér sé verið að hækka ýmiss konar þjónustugjöld til þess að afla ríkissjóði tekna og slíkt eigi ekki að gerast með þessum hætti. Að vísu er jafnóljóst, með hvaða öðrum hætti það á að gerast, en látum það liggja á milli hluta.

Það hefur verið talað um það, sem rétt er, að þessi gjöld voru síðast hækkuð 1960. Ég held, ef menn skoða þetta mál niður í kjölinn, að þeir hljóti að gera sér grein fyrir því, að hér er ekki raunverulega um að ræða neitt annað en að hækka þessi gjöld með eðlilegum hætti. Ef menn skoða, hvaða kostnaður er við alla þá þjónustu, sem veitt er í sambandi við þau ótalmörgu atriði, sem aukatekjulögin fjalla um, held ég, að menn komist að raun um það, að síðan 1960 hefur kostnaðurinn við þessa þjónustu við þjóðfélagsborgarana vaxið miklum mun meira en sem svarar þeim upphæðum, sem gert er ráð fyrir að afla með hækkun þessara gjalda, þannig að hér er, eins og segir í grg., í rauninni um mjög eðlilega hækkun að ræða, til þess að sama hlutfall verði á milli þessara gjalda og kostnaðarins við að veita þessa þjónustu.

Þetta held ég, að sé kjarni málsins, og hvort sem það heitir í sambandi við aukatekjulög eða aðra þjónustu, — við skulum taka þjónustu ýmissa stofnana hér, afnotagjald af útvarpi, póstburðargjöld og annað slíkt, þá sé það ósköp eðli-

legt, að þetta sé hækkað, en ekki látið lenda á ríkissjóði, sem verður þá að afla þessara tekna með einhverjum öðrum sköttum.

Ég held sannast sagna, að við getum öll verið sammála um það, ef við skoðum málið af nokkurri sanngirni og réttsýni, að það er auðvitað algerlega út í hött að halda því fram, að hækkun þessara réttargjalda verki í þá átt að draga úr möguleikum manna til þess að sækja mál sín fyrir dómstólum. Það er sagt, að það sé varla hægt að ræða það mál með nokkurri alvöru, því að það sé svo fráleitt. Hitt er allt annað mál, sem er rétt, þó að það komi ekki þessu máli hér við, að það er mikið vandamál, hvað það er kostnaðarsamt að reka mál fyrir dómstólum, og ég held, að versti vandinn í því sé sá, hvað það getur orðið dýrt fyrir mann, sem lendir í málaferlum algerlega að ósekju, þ. e. a. s. fyrir mann, sem er stefnt í máli í einhverju þvargi og verður af þeim sökum fyrir stórkostlegum útgjöldum, sem eru mörg dæmi til, þó að maðurinn sé svo gersamlega sýknaður af öllum kröfum gagnaðila. En þetta er allt annað vandamál. Þetta er vandamál, sem í rauninni varðar ákvörðun dómstóla hverju sinni, hvernig þeir taka á þeim málum, að þeir úrskurða ekki mönnum þann málskostnað, sem eðlilegur er og t. d. lögfræðingastéttin setur upp í sambandi við sína þjónustu, þannig að maðurinn, sem er sýknaður að fullu og hefur lent í málarekstrinum algerlega að ástæðulausu, að segja má, eða a. m. k. að ósekju, hann getur orðið þar fyrir stórkostlegum útgjöldum. Þetta er, held ég, eitthvert versta vandamálið, sem er í sambandi við málarekstur í dag, að þeir, sem hafa rétt mál að sækja eða rétt mál að verja og í rauninni eru sýknaðir af öllu, þeir verða samt fyrir stórkostlegum kostnaði. En það á ekkert skylt við þau réttargjöld, sem hér eru. Það er aðeins lítið brot af þeim kostnaði, sem þar er um að ræða.

Um það, hvaða leið eigi að fara til þess að jafna metin í fjárlögum, er auðvitað endalaust hægt að filósófera. Menn hafa talað um það, þegar hafa komið fram till. um að hækka söluskatt, að það væri hin mesta óhæfa að ráðast þannig á alla þjóðfélagsborgara með slíkri skattheimtu. Nú tala menn jafnt um það, að það sé í rauninni enn þá meiri óhæfa að ætla að leysa þetta með þeim hætti að leggja á gjöld á takmörkuðum sviðum, m. a. vegna þess, að þessi gjöld hafa ekki sömu áhrif á vísitölu og valda því ekki, að tilkostnaður allur hækki raunverulega í sama mæli og gjöldin, sem á eru lögð. Ég held, að allir hljóti að gera sér grein fyrir því, að þegar um það er að ræða eins og hér að jafna hallarekstur hjá ríkissjóði og ef menn ekki beinlínis yrðu að skerða þá þjónustu, sem ríkið nú veitir, og ég hef ekki heyrt nokkra till. koma fram um það, þá er það sannast sagna ekkert óeðlilegt, að það sé reynt að finna úrræði, sem er ekki alveg aftur snúið á ríkissjóð með fullum þunga, þannig að þetta gefi í rauninni engar tekjur. Menn geta sagt, að það sé að falsa vísitölu, og annað þess konar. En ég held, að við komumst ekki fram hjá þeirri staðreynd, að öfugþróunin í þessu öllu saman er sú, að tilkostnaður hækkar á öllum sviðum, og þegar við höfum þetta óbrúaða bil, brúum við ekki bilið með því móti að tryggja á móti, að ríkið verði fyrir alveg nákvæmlega jafnmiklum nýjum útgjöldum að auki. Þá er þetta hreinn skollaleikur og hringavitleysa.

Varðandi það, að vísitalan hreyfist ekki út af þeim sköttum, sem hér hefur verið talað um að leggja á, hreyfist hún nú töluvert, og frá mínum bæjardyrum séð hreyfist hún of mikið, því miður. En það verður að sjálfsögðu að taka afleiðingunum af því. Það má segja, að sé kannske nokkuð einkennileg kenning, að það er neitað að styðja till. um fjáröflun til handa ríkissjóði og því jafnframt lýst yfir, að í rauninni sé ástæðan ekki hvað sízt sú, að það sé fyrirsjáanlegur stórkostlegur halli hjá ríkissjóði þrátt fyrir þessar tekjuöflunarleiðir. Ég vil að sjálfsögðu þakka þá umhyggju, sem hér kemur fram, að það sé nauðsynlegt að afla meiri tekna fyrir ríkissjóðinn, og ég get vel fallizt á það, að það er teflt mjög tæpt og á yztu nöf með það, hvort ríkisbúskapurinn verður hallalaus á þessu ári. En ég fæ ekki beint samræmi í það að neita um tekjustofna og halda jafnframt fram þessari kenningu. Það er alveg rétt, að það er ekki í fjárl. nú gert ráð fyrir neinni sérstakri aðstoð við sjávarútveginn hliðstæðri þeirri, sem ákveðin var með sérlögum snemma á árinu 1965. Og ég held, að það liggi nokkuð í augum uppi, af hverju það er. Fyrir því liggja tvær ástæður: Fyrst og fremst sú, að það hefur enginn maður í dag neina hugmynd um, hvað hér er verið að tala um, það liggur alls ekki fyrir, og fara að afla einhverra tekna eða gera till. um það nú á þessu stigi, án þess að endanlegar athuganir hafi farið fram á aðstöðu sjávarútvegsins nú, væri auðvitað fráleitt með öllu. Á hinn bóginn er svo þess að gæta, að þessi fjárútlát hafa aldrei verið tekin í fjárlög og voru ekki á þessu ári. Þeim var að vísu mætt að nokkru með niðurskurði opinberra fjárfestingarframkvæmda, þannig að segja má að vísu, að með tekjustofninum hafi að vísu verði reiknað í fjárlagafrv., en ekki útgjöldunum. En ég gerði grein fyrir því í fjárlagaræðunni við 1. umr. fjárl., að vitanlega hefði ríkisstj. haft það í huga, að hér væri um vandamál að ræða, sem kynni að þurfa að standa andspænis, og að sjálfsögðu munu verða gerðar till. um það, þegar þar að kemur. En að slík hugsanleg viðbótarútgjöld ríkissjóðs leiði til þess, að það eigi ekki að mæta þeim útgjöldum, sem þegar eru sjáanleg frá ríkissjóði, fæ ég ekki nokkurn botn í, að það sé eðlilegt að álykta á þann veg. Ég held einmitt, ef menn komist að þeirri niðurstöðu, sem ég get tekið undir með hv. 4. þm. Norðurl. e. að sé rétt, að það séu allar líkur til, að ríkið þurfi á meiri fjármunum að halda, þá skapi það ekki grundvöll til þess að neita þá um þá fjáröflun, sem hér er um að ræða.

Varðandi svo aðeins eitt atriði hjá hv. 4. þm. Norðurl. e., þegar hann var að bera saman hækkun ríkisútgjalda og launahækkanir frá árinu 1959 eða 1960 og til þessa dags og taldi, að álögurnar á almenning hefðu hækkað miklum mun meira en launahækkanir á þessum tíma, þá var vitanlega það dæmi sett upp á mjög óraunsæjan

hátt, vegna þess að ég veit, að hv. þm. er fullkunnugt um það, að á þessu tímabili hefur ríkið tekið á sig stórkostleg útgjöld til kjarabóta fyrir launþega umfram það, sem þeir hafa fengið í beinum kauphækkunum. Og það hefur oft og tíðum komið fyrir einmitt til lausnar á kjaramálum eða kjaradeilum, að þá hefur verið stuðlað að þeirri lausn með því, að ríkið hefur tekið á sig ný og ný útgjöld í því sambandi, sem að verulegu leyti er skilað borgurunum aftur í öðru formi en beinum kauphækkunum. Ég veit, að hv. þm. t. d. er það kunnugt, hvað stórkostleg hækkun hefur orðið á almannatryggingum á þessu tímabili, sem er auðvitað ekki annað en millifærsla á fé, og allt það rennur til borgaranna eða þeirra, sem miður mega sín í þjóðfélaginu, og hefur oft og tíðum einmitt verið um slíkar ráðstafanir að ræða í sambandi við kjaramálin. Varðandi aukaútgjöld í sambandi við húsnæðismál þekkjum við, og það hefur verið rætt hér fyrir ekki löngu. Niðurgreiðslurnar þekkjum við líka, þá stórkostlegu hækkun þeirra, sem hefur lagzt á ríkissjóð í stórkostlega auknum mæli og er að sjálfsögðu ekki til þarfa ríkisins, heldur er skilað borgurunum aftur og mundi annars leiða til þess, að allt verðlag hækkaði stórum í landinu.

Ég get aðeins með því að nefna hér tvær tölur, sem eru þær veigamestu í þessu sambandi, sýnt það, hvað hér er um að ræða stóran þátt í þeirri aukningu ríkisútgjaldanna, sem orðið hefur á þessu tímabili, að 1959 voru framlög ríkissjóðs til almannatrygginga 101 millj. kr., en í fjárl. fyrir 1966 er gert ráð fyrir, að þau útgjöld verði 695 millj. Framlög ríkisins til útflutningssjóðs 1959, þ. á m. til niðurgreiðslna og annarra slíkra ráðstafana, voru 152 millj., en niðurgreiðslur og útflutningsuppbætur nema nú í fjárlagafrv. fyrir 1966 770 millj. kr. Ef við aðeins tökum þessar tvær tölur, sem vitanlega er ekki hægt að segja að sýni neina sérstaka aukningu ríkisútgjalda sem slíkra eða útþenslu í ríkisbúskapnum, — þegar við skoðum þessar tvær tölur einar út af fyrir sig, sjáum við, að það eru engar smáfjárhæðir, sem á þessu tímabili hafa gegnum þessa aukningu, sem orðið hefur á ríkisútgjöldunum, beinlínis horfið til borgaranna aftur og má segja að sé viss þáttur í hækkun kaupgjalds, sem ríkið hafi stuðlað að. Þetta veit ég, að hv. 4. þm. Norðurl. e. viðurkennir fullkomlega og skilur.

Ég held ekki, herra forseti, að ég hafi ástæðu til að orðlengja frekar um þetta mál. Eins og ég sagði í upphafi míns máls, væri auðvitað fróðlegt að ræða margt um þau ummæli, sem hér komu fram frá fulltrúum beggja minni hl. hv. fjhn. um efnahagsmál og ríkisfjármál almennt, en ég tel rétt, að þær hugleiðingar bíði hins eðlilega vettvangs, sem eru umr. um fjárl., sem verða væntanlega í þessari viku.

Frsm. 1. minni hl. (Helgi Bergs): Herra forseti. Ræða hæstv. fjmrh. gefur mér ekki tilefni til mikilla aths., en samt voru einhver atriði, sem mig langaði til að koma á framfæri.

Hæstv. fjmrh. leiddist að þurfa að valda mér vonbrigðum í viðbót, og ég vil nú biðja hann að hafa ekki svo miklar áhyggjur af því, vegna þess að við 1. umr. þessa máls var ég ánægður með eitt atriði í ræðu hans, en hitt voru vonbrigði. Nú hef ég orðið fyrir vonbrigðum, að vísu miklum, í einu atriði, en er tiltölulega sáttur við hann um ýmislegt annað.

Raunar var það í meira en einu atriði, sem hann olli mér vonbrigðum. Þau voru tvö. Annað var það, sem hann átti sjálfur við, að ég hefði ekki skilið hann rétt við 1. umr., að hann teldi breytta fjármálastefnu nauðsynlega, og skal ég aðeins koma að því aftur, en nefna hitt atriðið, sem olli mér líka vonbrigðum, og það var það, að hæstv. fjmrh. skyldi sjá ástæðu til þess núna að boða nýjar álögur, og ég gat ekki betur heyrt en hæstv. fjmrh. teldi líklegt að þurfa að koma með nýjar tekjuöflunartill. fyrir Alþ. innan skamms.

En ég er ekki viss um, að ég hafi misskilið hæstv. fjmrh. við 1. umr. þessa máls eins mikið og hann vill nú vera láta. Hann segir, að það sé ekki nauðsyn á að breyta stefnunni í fjármálum ríkisins, stefnan hafi verið, sé og verði hallalaus ríkisbúskapur. Ef þetta hefur verið og er stefnan, hefur eitthvað farið fram hjá mér, ef þeirri stefnu hefur verið fylgt. En stefna er lítils virði, nema henni sé fylgt. Og hallalaus ríkisbúskapur hefur ekki verið hér á árinu 1964, og hafi ég skilið hæstv. fjmrh. rétt, er þess ekki heldur að vænta, að það verði á árinu 1965.

Það er ekki stefnan, sem er í ólagi, sagði hæstv. fjmrh., heldur þróunin. Þróunin hefur verið ákaflega óhagstæð, sagði hann. En það er ekki góð stefna, ef hún hefur ekki áhrif á þróunina. Það er ekki stefna, sem mér líkar, ef hún hefur engin áhrif á þróunina. Þess vegna held ég, að þetta sé tengdara hvað öðru en hæstv. fjmrh. vill vera láta, og við séum kannske ekki, þegar allt kemur til alls, eins ósammála um, að það þurfi að breyta til frá því, sem verið hefur í ríkisbúskapnum. En það tjáir ekki að neita ríkisstj. um fé, það skapar bara öngþveiti, segir hæstv. fjmrh. Það þarf meira fé að koma til, ef á að jafna hallann. — Þetta eru heldur dapurlegar fullyrðingar. Það er hægt að jafna halla á tvennan hátt. En það er eins og það sé aldrei litið nema á aðra hliðina á því máli. Það þarf meira fé til að jafna hallann, segir hæstv. ráðh. Það er líka hægt að jafna hallann með minni útgjöldum. Við höfum m. a. í nál. okkar um þetta frv. lýst eftir marglofuðum sparnaðartillögum hæstv. ríkisstj. Hæstv. ráðh. segir, að þetta sé ósköp þægileg og að því er mér skilst heldur ómerkileg afstaða af okkur, því að við komum ekki með slíkar till. sjálfir. Fram að þessu hefur það verið venja og talið eðlilegt, að þeir, sem halda um stjórnvölinn, þeir, sem hafa undir sinni umsjá stjórnarapparatið í landinu, ráðuneytin, stofnanirnar allar, þeir hafi forustu um slík atriði. Við höfum beðið eftir því. Það getur vel komið að því, að við teljum ekki fært að bíða lengur, og það er svo sem alls ekki útilokað, ef svo heldur áfram sem horfir, að það þurfi aðrir að taka að sér ýmis hlutverk, sem fram að þessu hafa verið talin skylda stjórnarvaldanna.

En hæstv. fjmrh. mundi að minum dómi vera maður að meiri, ef hann sæti ekki mjög lengi í sæti fjmrh. án þess að láta verða eitthvað úr því að jafna metin með öðru en því að bara heimta meira fé.

Frsm. 2. minni hl. (Björn Jónsson): Herra forseti. Ég tel ekki tilefni til að gera margt af því, sem hæstv. fjmrh. hafði fram að færa varðandi þetta mál, að umtalsefni. Mér fannst ræða hans bera vitni um það, að hann væri í nokkrum vanda. En þó að hann væri varfærinn í orðum, tel ég þó, að ræðan hafi verið á ýmsan hátt athyglisverð. Hann sagði, hæstv. ráðh., að þegar kæmi til kasta þess að afgreiða fjárlög, væri um tvær leiðir að ræða: annaðhvort væri sparnaður eða nýjar skattahækkanir. Þetta held ég hafi verið, ef ekki hans óbreytt orð, þá óbreytt meining hans orða. Og hann vildi lítið, eða raunar alls ekki ræða um sparnaðarliðina. Ég hafði í frumræðu minni í dag lýst eftir því, hvað liði öllum þeim athugunum, sem bæði hann og hæstv. fyrirrennari hans hafa sagt þing eftir þing að væru í gangi varðandi sparnað ríkissjóðs. Ég lýsti eftir því, hver væri orðinn árangurinn af þeim mörgu millj. kr., sem búið er að eyða í hina svokölluðu hagsýslu. Á ríkisreikningi 1964 sé ég m. a., að þar hefur verið eytt 1 millj. í þessa hagsýslu. En þess hefur ekki orðið vart, svo að ég viti, að það starf hafi skilað nokkrum árangri. Er það þá svo, að allar þessar athuganir, sem hæstv. ráðh. og hans hv. fyrirrennari hafa látið frá sér fara, hafi sýnt, að ekki væri unnt að koma á nokkrum sparnaði í ríkiskerfinu?

Mér finnst, að ræða hæstv. ráðh. bendi til þess, að hann hefði aðeins eitt í huga nú, þegar hann væri sloppinn við þá málamyndaafgreiðslu fjárlaga, sem hann er nú að fást við, það væru enn nýjar hækkanir. Og eftir þetta hefur hæstv. ráðh. samt brjóstheilindi til að segja, að ekkert samræmi sé í því, þegar ég telji, að fyrirsjáanlegur halli sé á afgreiðslu fjárlaga í reynd, og hinu, að neita um samþykki mitt fyrir þessu frv. Ég segi aftur á móti, að hér er fullkomið samræmi á milli. Ég vil hafa alla myndina fyrir mér, hvernig þessi mál verða öll leyst. Ég tel það ekki sama, hvort því er léð lið hér á hv. Alþ. að samþ. einhverjar skattahækkanir á takmörkuðum sviðum, eins og hæstv. ráðh. hefur verið að ræða um, — tel ekki sama, hvort það er gert undir þeim kringumstæðum, að það leysi þann raunverulega vanda, sem um er að ræða, eða hvort við megum, þegar við höfum þetta gert, elga von á almennum skattahækkunum í kjölfarið. En ræðu hæstv. ráðh. gat ég ekki betur skilið en svo, að það væri því sem næst ákveðið. Ég held þetta geti ekki verið mál, sem sé einkamál hæstv. ráðh., heldur mál, sem hv. þd. og hv. Alþ. hlýtur að taka tillit til einmitt við afgreiðslu þessara frv., sem hér hefur verið rætt um.

Hæstv. ráðh. sagði, að varðandi aðstoðina við sjávarútveginn hefði þetta hreinlega verið tekið út, því að nú vissi enginn, hvað hér væri verið um að tala, það vissi enginn, hvað þessi vandi væri mikill. Þetta má kannske að einhverju leyti til sanns vegar færa. En ég sagði hér í minni ræðu, að flestir mundu telja það ótrúlegt, að komizt yrði af með lægri upphæðir í þessu sambandi en á síðasta fjárlagaári, og við það stend ég. Ég held það sé öllum ljóst, og ég veit, að hæstv. ráðh. veit það líka vel, að það verður ekki komizt af með lægri upphæð en á s. l. ári. Og hvers vegna má þá a. m. k. ekki sá vandi vera ljós, þegar þessi mál eru rædd hér? Hæstv. ráðh. sagði þó um þetta, að ríkisstj. hefði gert sér þetta vandamál alveg ljóst, þannig að einhverjar hugmyndir virðist hún hafa bæði um stærð vandamálsins og um það, hvernig hún ætlar sér að leysa það. Og ég segi: Þetta mál kemur okkur við í sambandi við afgreiðslu á þessu frv. og öðrum, sem hliðstæð eru.

Önnur atriði í ræðu hæstv. ráðh. finnst mér ekki vera þess eðlis, að ástæða sé til þess að fara um þau mörgum orðum. Ég vil aðeins benda á röksemdafærsluna hjá hæstv. ráðh., þegar hann talaði um það, að stefna ríkisstj. í efnahagsmálum og fjármálum ríkisins hefði ekki á nokkurn hátt verið athugaverð á undanförnum árum og henni yrði að fylgja, vegna þess að það hefði verið góð stefna, en hins vegar hefði þróunin í þessum málum verið óheillavænleg. Ég held nú, að öllum, sem um þetta mál hugsa, og það hafa áreiðanlega allir hér í hv. þd. gert, sé það ljóst, að það er stefna hæstv. ríkisstj., sem hér er að verki og um er að kenna, hvernig farið hefur. Ég læt mér nægja í því efni að minna á stefnu hæstv. ríkisstj. í skattamálum, sem hann reyndar líka viðurkenndi, þar sem hann sagði, að skattahækkanir, sem kæmu með fullum þunga aftur á ríkissjóð, væru hringavitleysa. Er það ekki einmitt þetta, sem hefur gerzt með hækkanir á söluskattinum og þá breytingu í skattalögunum, að gera almenna neyzlu í landinu að aðaltekjustofni fyrir ríkissjóð? Hefur það ekki einmitt verið slík hringavitleysa, sem hæstv. ríkisstj. hefur verið að framkvæma á undanförnum árum?

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr. mikið. Það var í rauninni aðeins fyrst og fremst til þess að koma í veg fyrir misskilning á minum orðum, sem ég stóð hér upp.

Hv. 6. þm. Sunnl. taldi, að ég hefði boðað hér eftirtektarverðan boðskap, þar sem ég hefði í rauninni lýst því yfir, að það væri von á nýjum, frekari sköttum. Hafi ég orðað þetta svo, hef ég að sjálfsögðu ekki orðað mál mitt rétt. En ég held nú ekki, að ég hafi orðað þetta svo, heldur að ég hafi sagt, að það væri þörf aukins fjár, þegar að því kæmi, ef svo yrði, að þyrfti að veita sérstakan stuðning til sjávarútvegsins á næsta ári, eins og gert hefur verið í ár, eða á svipaðan hátt. Ég vil taka það fram, að í þeim orðum minum fólst ekki það, að ég boðaði nýja skatta. Ég skal ekkert um það segja á þessu stigi, hver verður endanleg niðurstaða þess máls. Við vitum ekki, hvað þessi vandi er stór, og þó að hefðu verið gerðar ákveðnar tillögur til að mæta einhverri tiltekinni fjárhæð, t. d. því, sem á ríkissjóð hefur fallið nú á þessu ári,

er það engin eðlileg viðmiðunarregla. Sú upphæð getur hæglega orðið minni eða stærri eftir atvikum. Það er ómögulegt um að segja, og væri auðvitað alveg út í hött að fara að gera grein fyrir einhverjum sérstökum ráðstöfunum til fjáröflunar í því skyni nú, fyrr en sá vandi liggur fyrir. Hitt held ég hljóti að vera öllum mönnum ljóst, að ríkisstj. geti naumast verið svo skyni skroppin, þó að menn kannske beri ekki til hennar mikið traust, að hún hafi ekki gert sér grein fyrir því, að þessi vandi kynni að vera á næsta leiti, og hafi íhugað úrræði til að mæta honum. Þær till. liggja ekki hér fyrir, og það er ekki hægt að leggja þær fram, fyrr en það mál allt saman liggur ljósar fyrir og hvað stóran vanda þar er við að glíma. Þetta vildi ég að kæmi fram í tilefni af því, að í þessum orðum mínum fólst ekki nein sérstök yfirlýsing um, að það mundu koma fram till. um nýja skatta. Það kann að vera auðið að fara aðrar leiðir í því efni, en það er ekki hægt að ræða nánar á þessu stigi málsins.

Mér þótti það leitt, að hv. 6. þm. Sunnl., sem ég veit að vill hafa það, sem réttara er, skyldi fella undan að gera grein fyrir orðum mínum, þegar ég ræddi um úrræðin til að jafna halla á ríkisbúskap. Ég sagði, að þau væru tvær leiðir til þess: Annars vegar sú að draga úr útgjöldum með því að minnka einhverja þá þjónustu, sem ríkið veitti þjóðfélagsborgurunum, á einhverju sviði eða sviðum, og hins vegar að afla fjár til að brúa bilið. Þetta voru mín orð, enda fór hv. 4. þm. Norðurl. e. rétt með það. Hvað langt er hægt að komast í þessu efni með sparnaði, getur okkur vafalaust greint á um. En fyrir því er nú löng og mikil reynsla. Þetta mál hefur verið á dagskrá í áratugi, og hlýtur auðvitað alltaf að vera á dagskrá, hvað er hægt að spara.

Það er auglýst með nokkru yfirlæti eftir því, hvað orðið hafi úr sparnaðaráformum fyrirrennara míns í þessu embætti, sem hann hafi boðað. Ég held, að það hafi margt orðið úr þeim áformum og það meira en áður hefur orðið á því sviði. Hitt er svo annað mál, að ekki hafa heldur öll áform komið til framkvæmda, frekar en margvísleg slík áform hjá fyrri fjmrh. um langa tíð. Ég veit, að form. Framsfl., sem hefur, að ég hygg, lengur setið í því embætti en nokkur annað, mundi geta frætt flokksbræður sína um það, hvað þægilegt er við það mál að fást, og ég hygg, að ef hv. 6. þm. Sunnl. læsi fjárlagaræður þessa ágæta leiðtoga síns um nokkurt árabil og þann boðskap, sem hann æði oft flutti þar með löngum upptalningum, — ég vann stundum nokkuð við þau mál þá við hans hlið á öðrum stað, — þá muni hann komast að raun um það, að þessi vandi hefur lengi verið fyrir hendi og því miður ekki alltaf verið þægilegur við að fást. Ég held, að það liggi alveg ljóst fyrir, og það hafa margir fyrirrennarar mínir, m. a. hv. formaður Framsfl., oft og tíðum sagt, að það, sem menn eru með hugleiðingar um að spara í ríkisrekstri, sem sagt þennan óljósa sparnað, sem á ekki að koma við neina þjónustu við borgarana, að það séu mjög takmarkaðar fjárhæðir og leysi engan stóran vanda, en breyti að sjálfsögðu ekki því, að þetta er það, sem sífellt verður að vera vakandi um að gera, að ekki verði óeðlileg þensla í ríkisstarfseminni eða ríkiskerfinu, reynt að sporna þar fótum gegn útgjaldaauka, svo sem mögulegt er, og leggja áherzlu á, að þar sé fullkominnar hagsýni gætt. Og ég vil halda því fram, að á öllum þessum árum, bæði síðustu árum og í tíð annarra fjmrh., hafi þess verið gætt eftir beztu getu. Og þó að ekki sé hægt að sýna fram á það nákvæmlega, hver hafi orðið árangurinn, eins og hér var auglýst eftir, af hagsýslustarfi, hefur sá árangur engu að síður á mörgum sviðum orðið mikill, sem kemur fram í því, að það eru margvísleg útgjöld, sem annars hefðu fallið á ríkið í auknum tilkostnaði stofnana, sem í mörgum greinum hefur tekizt að forðast með skipulagsbreytingu, bættum vinnubrögðum og ýmsum ráðstöfunum í því sambandi, sem ákaflega erfitt er að tíunda nákvæmlega eða gefa skýrslur yfir. En ég er alveg sammála hv. 6. þm. Sunnl. um þessa nauðsyn, og ég er dálítið forvitinn, og sannast sagna væri freistandi, ef það væri ekki of slæmt fyrir þjóðina, að gefa Framsfl. kost á að komast til valda um stundarkorn til þess að geta látið verða að veruleika þann nokkuð yfirlætisfulla boðskap hv. þm. um, að það gæti nú skeð, að Framsókn sæi sér ekki fært að bíða lengur og yrði nú að koma með sínar sparnaðartillögur, ef núverandi stjórnarlið gerði það ekki. Ég hefði dálítið gaman af að sjá framan í þær till., þegar þar að kæmi, sem ættu að leysa þann vanda, sem hér er talað um að auðvelt sé að leysa með sparnaði, að jafna hundraða millj. kr. halla á ríkissjóði, — sparnaði, sem ætti þá ekki væntanlega að koma mikið við þjóðfélagsborgarana, því að manni skilst, að það megi helzt ekki gera. Ég held sem sagt, að hér séum við að tala um hluti, sem getur litið ósköp fallega út gagnvart almenningi að tala um, að það þurfi ekki að leggja á fólkið skatta, það sé ekkert að gera annað en spara eitthvað, sem menn þó forðast algerlega að nefna, hvað er, og segja, að það hvíli ekki á þeim nein skylda til að gera það. Þó hafa þeir það einhvers staðar uppi í erminni, því að þeir hafa þetta sem leynivopn, þegar þar að kemur. Ég held við stækkum okkur ekkert í áliti að vera með slíkar fullyrðingar, sem við vitum að eru algerlega út í hött.

Það er vitanlega hægt að spara. Það er hægt að létta af ríkissjóði útgjöldum, og það hefur verið gert á vissan hátt með þeim till., sem hér hafa verið lagðar fram, með þeim árangri og þeim viðbrögðum, sem alkunn eru. Það hefur verið lagt til t. d. að létta á ríkissjóði að greiða halla á rafmagnsveitum ríkisins. Því hefur ekki verið tekið með neinni sérstakri blíðu, þeim tillögum, og talið hin mesta fásinna. Það kemur auðvitað á daginn, að mest af þessu, sem við erum að tala um í þessu efni, lendir einhvers staðar annars staðar, og það er nú einu sinni svo, að ég held, að a. m. k. komist ekki ráðamenn hjá því, þó að stjórnarandstaðan geti komizt upp með það að segja sína hluti í óljósum vendingum og nota aðeins orð, sem líkleg eru til að falla í

kramið hjá almenningi, eins og stjórnarandstaðan bæði nú og vafalaust endranær gerir. En það þýðir ekkert að vera að halda fram af hálfu ráðamanna a. m. k. neinum óljósum bollaleggingum um þetta efni, heldur verður að segja umbúðalaust, eins og málunum er háttað. Ef við viljum sem sagt létta álögum af ríkissjóði, ef við viljum leggja niður meiri og minni þjónustu, sem við veitum þjóðfélagsborgurunum, er vissulega hægt að spara. Og það eru kannske lítil takmörk fyrir því, hvað hægt er að spara. Þetta vitum við öll. En ég efast bara um, að nokkurt okkar sé reiðubúið til að beita sér fyrir slíkum sparnaði. Og þá er ekkert um það að ræða annað en annars vegar að afla fjár til þess að jafna hallann, sem er á ríkisbúskapnum, — ég held það sé enginn, sem heldur því fram, að halli eigi á honum að vera, — og hins vegar er, og ég tek undir það, á hverjum tíma sjálfsagt að nota öll úrræði, allar leiðir, sem til eru, til þess að reyna að sporna fótum gegn auknum útgjöldum, aukinni starfsemi stjórnsýslu ríkisins. Það er oftast nær það, sem menn eiga við, þegar þeir tala um sparnað í ríkiskerfinu. Þetta er að sjálfsögðu hið brýnasta nauðsynjamál, sem ég rækilega gat um í minni fjárlagaræðu og tel ekki ástæðu til að orðlengja hér frekar um.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 23. fundi í Ed., 6. des., var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 109,1 felld með 9:2 atkv.
— 109,2 tekin aftur.
1. gr. samþ. með 11:7 atkv.
Brtt. 110,1 samþ. með 15 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
3.—21. gr. samþ. með 11:4 atkv.
Brtt. 110,2 samþ. með 12 shlj. atkv.
22. gr., svo breytt, samþ. með 11:6 atkv.
23.—36. gr. samþ. með 11:6 atkv.
Brtt. 110,3 samþ. með 13 shlj. atkv.
37. gr., svo breytt, samþ. með 11:2 atkv.
38.—42. gr. samþ. með 11:4 atkv.
Brtt. 110,4 samþ. með 13 shlj. atkv.
43 gr., svo breytt, með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11:7 atkv.

Á 24. fundi í Ed., 7. des., var frv. tekið til 3. umr. (A. 144).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 10:7 atkv. og afgr. til Nd.

Á 26. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 27. fundi í Nd., 9. des., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir hv. d. um aukatekjur ríkissjóðs, er þáttur í þeim ráðstöfunum, sem boðaðar voru, er fjárlagafrv. var lagt fram, til þess að tryggja greiðsluhallalaus fjárlög á árinu 1966. Var í fjárlagafrv. gert ráð fyrir allverulegri hækkun á aukatekjum ríkissjóðs, sem var gert ráð fyrir að mundi gefa um 22 millj. kr. á næsta ári.

Aukatekjur ríkissjóðs, sem eru, eins og hv. þdm. vita, alls konar leyfisbréfagjöld, dómsmálagjöld og skiptagjöld og gjöld fyrir fógetagerðir og annað þess konar, hafa ekki verið hækkaðar síðan árið 1960, að í l. um efnahagsmál var ákveðið, að þessi gjöld skyldu innheimt með 50% viðauka. Síðan sú hækkun fór fram, hefur að sjálfsögðu orðið mjög veruleg kostnaðarhækkun hjá öllum þeim embættum, sem hafa með þessa þjónustu fyrir borgarana að gera, og enda þótt það liggi ekki fyrir nákvæm athugun á því, þykir mér ekki ólíklegt, að kostnaðarauki hinna ýmsu embætta af þessum sökum hafi vaxið a. m. k. jafnmikið, ef ekki meira en þær hækkanir, sem hér er gert ráð fyrir. Í meginefnum fela þessar hækkanir í sér, að gjöld þessi hækka um ⅓ frá því, sem nú er. Það gat komið til álita tvenns konar leið í þessu efni: annaðhvort að hækka einfaldlega um ákveðna prósentu, eins og gert var 1960, þessi gjöld, en hins vegar þótti rétt við nánari athugun málsins að endurskoða alla löggjöfina um aukatekjurnar, þar sem ýmiss konar ósamræmi var milli hinna einstöku gjalda orðið og ástæða gat verið til að hækka sum gjöldin meira og önnur minna, svo sem gert er ráð fyrir í frv.

Í hv. Ed. voru gerðar mjög smávægilegar breytingar á frv., sem ekki skipta máli og ég sé ekki ástæðu til þess að ræða sérstaklega. Með frv., eins og það var lagt fram, fylgir mjög nákvæm grg. um það, hvaða hækkanir eru á gjöldum þessum í hverju einstöku tilfelli, og ég held ekki, að ég skýri það betur, heldur einungis valdi óþarfatöfum á störfum hv. d. með því að fara að rekja það í einstökum atriðum, en leyfi mér að vísa til þeirrar grg. og vænti þess, að hv. þdm. geti fallizt á, að hún sé viðunandi upplýsing um þessi efni, hvaða breytingar hér er um að ræða.

Ég tel ekki, herra forseti, að það sé þörf á því, þar sem þetta mál er mjög einfalt að eðli til, að eyða um það fleiri orðum, nema tilefni gefist til, en legg til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til fjhn með 27 shlj. atkv.

Á 33. fundi í Nd., 16. des., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 34. fundi í Nd., s. d., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 144, n. 190 og 191).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 32 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Jónas G. Rafnar): Herra forseti. Eins og fram kemur á þskj. 190, hefur fjhn. athugað frv., en ekki orðið sammála um afgreiðslu þess. Meiri hl. n. leggur til, að það verði samþ. óbreytt eins og það kom frá hv. Ed., en minni hl. vill, að frv. verði fellt.

Frv. fjallar um hækkun á svonefndum aukatekjum ríkissjóðs, sem ákveðnar hafa verið með l. nr. 40 frá 1954, en innheimtar hafa verið með 50% álagi skv. heimild í 21. gr. l. nr. 4 frá 1960, um efnahagsmál.

Með tilliti til þess, að ríkissjóður þarf nú auknar tekjur og orðið hefur alhliða hækkun á verðlagi og kaupgjaldi í landinu, þykir nú ástæða til að hækka nefnda tekjuliði aukatekjulaganna. Meiri hl. fjhn. hefur fallizt á þetta sjónarmið og leggur því eindregið til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Frsm. minni hl. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Hér er stjfrv. á ferð. Ríkisstjórnin hæstv. er enn við sama heygarðshornið að auka álögur á landsfólkið. Frv. felur í sér mikla hækkun á aukatekjum ríkissjóðs. Í aukatekjulögunum er mikill fjöldi gjalda. Mörg af þeim vill ríkisstj. tvöfalda, og nokkur á að hækka enn meira skv. frv. T. d. á að hækka greiðslur fyrir veðbókarvottorð um 127% og gjald fyrir hjónavígslubréf, þ. e. undanþágu frá lýsingu, um 166.6%. Margt af ungu fólki gengur í heilagt hjónaband um þessar mundir, og ríkisstj. sér þar leik á borði að krækja í fleiri krónur frá kærustupörunum.

Við 2 af nm. í fjhn., hv. 11. þm. Reykv. og ég, skilum séráliti um frv. og lýsum þar andstöðu við málið. En með nál. okkar á þskj. 191 er birt sundurliðuð skýrsla um gjöldin, eins og þau eru nú og eins og þau verða, ef frv. verður samþykkt.

Á 8. degi febrúarmánaðar 1960 fóru fram umr. hér í Alþingi um fjárlfrv. fyrir það ár. Ríkisstj. var þá rúmlega tveggja mánaða gömul, og þetta var í fyrsta skipti, sem fjmrh. hennar, Gunnar Thoroddsen, lagði frv. til fjárl. fyrir þingið. Í framsöguræðu sinni sagði hann m. a., að ríkisstjórninni væri ljóst, að taka þyrfti upp efnahagskerfi, sem miðaði að því að draga efnahag og atvinnulíf landsmanna úr sandbleytunni og upp á fastan grunn. Þetta var fallega mælt og skáldlega, eins og vænta mátti frá þeim manni.

Nú liðu tímar fram, en ráðh. reyndust ekki eins góðir vatnamenn og Skaftfellingar fyrrum. Í stað þess að komast upp á fastan grunn sökk ríkisstj. sífellt dýpra og dýpra í sandbleytu dýrtíðar og verðbólgu. Eftir að hún hafði buslað þannig í 5 ár, sá hæstv. fjmrh. Gunnar Thoroddsen, að með slíku áframhaldi mundi stjórnin aldrei komast á þurrt land, og þá taldi hann réttast að yfirgefa lestina og reyna að bjarga sér til baka úr fljótinu. Honum tókst þetta. Nú er hann á föstum grunni suður í Kaupmannahöfn. Þar gegnir hann mikilvægu starfi, en þess vil ég óska, að honum gefist þó nokkrar frístundir til skáldskapariðkana.

Annar ráðh. í ríkisstj., sem fær orð fyrir að vera klókindamaður, sá sér einnig þann kostinn vænstan skömmu síðar að fikra sig aftur á bak upp úr fljótinu mikla. Sá er nú sendimaður við hirð Bretadrottningar.

Þeir, sem eftir voru í ríkisstj., fengu tvo nýja menn í sinn hóp í stað þeirra, sem snúið höfðu aftur, og ríkisstj. er enn að svamla í bleytunni. Hún slær mjög um sig, en sekkur stöðugt dýpra og dýpra í sandbleytuna. Og ríkisstj. heimtar í sífellu meiri og meiri fjármuni til ferðarinnar. Við framsóknarmenn teljum hins vegar ekki rétt að sóa meiri peningum í þetta ógæfusamlega ferðalag. Okkur finnst tími til kominn að stöðva það, reyna að bjarga lestinni upp úr sandbleytunni og velja nýtt vað. Þess vegna viljum við ekki veita sandbleytustjórninni leyfi til meiri skattahækana og leggjum til, að frv. þetta verði fellt.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Ég hef ekki gefið út nál. varðandi afgreiðslu þessa máls, en afstaða mín til þess hefur komið fram í umr. áður á þinginu. Hér er um að ræða eitt af mörgum skattlagningarfrv. ríkisstj. að þessu sinni, og ég er andvígur þeirri stefnu, sem fram kemur í flutningi þeirra frv. og því andvígur þessu frv. og legg til, að það verði fellt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 19:17 atkv.
2. gr. samþ. með 19:14 atkv.
3.—8. gr. samþ. með 20:15 atkv.
9.—12. gr. samþ. með 18:14 atkv.
13.—20. gr. samþ. með 20.13 atkv.
21.—22. gr. samþ. með 19:16 atkv.
23.—28. gr. samþ. með 20:15 atkv.
29.—31. gr. samþ. með 19:16 atkv.
32. gr. samþ. með 19:15 atkv.
33.—37. gr. samþ. með 19:15 atkv.
38.—43. gr. samþ. með 20:15 atkv.
Fyrirsögn frv. og kaflafyrirsagnir samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20:14 atkv.

Á 35. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 32 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 21:13 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 202).

---

9. Tollskrá o. fl. (tollfrjáls innflutningur farmanna og ferðamanna).

Á 20. fundi í Sþ., 13. des., var útbýtt frá Ed.: **Frv. til l. um breyt. á l. nr. 7 29. apríl 1963, um tollskrá o. fl.** [93. mál] (stjfrv., A. 167).

Á 27. fundi í Ed., 14. des., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Á síðustu mánuðum hefur að tilhlutun fjmrn. verið að því unnið að undirbúa fastar reglur, er gilda skuli um tollfrjálsan innflutning ferðamanna og farmanna á sjó og í lofti með það í huga að koma fastari skipan á þau mál en verið hefur til þessa, en ekki eru í gildi neinar fastar reglur um slíkan tollfrjálsan innflutning.

Hins vegar, eins og öllum hv. þdm. er kunnugt, hefur það þróazt undanfarna áratugi, að ferðamenn og farmenn hafa fengið að hafa meðferðis ýmsar tegundir af varningi án þess að greiða toll, er þeir koma til landsins. Hefur ýmiss konar ósamræmi skapazt í sambandi við innflutning þennan, sem í senn hefur valdið tollyfirvöldum miklum erfiðleikum og einnig að sjálfsögðu ferðamönnum og farmönnum, sem áreiðanlega flestir hverjir vilja hlíta settum reglum um þetta efni, ef þær væru fyrir hendi. Ýmsar venjubundnar reglur hafa að vísu skapazt. en þessar reglur eru að ýmsu leyti þess eðlis, að þær fá ekki að þróast með eðlilegum hætti og raunar ýmsar ekki staðizt að lögum.

Ég veit, að allir hv. þdm. eru mér sammála um hina brýnu nauðsyn þess, að tollheimta og tolleftirlit séu í sem föstustum skorðum, og á það hefur verið lögð rík áherzla, svo sem við verður komið, að hindra smygl og ólöglegan innflutning varnings. En þá verður að sjálfsögðu það að vera ljóst bæði tollgæzlumönnum og gagnaðilum, þ. e. a. s. þeim, sem til landsins koma með ýmiss konar varning, hvað leyfilegt sé.

Þegar að því kom að ganga endanlega frá þessum reglum, kom í ljós, að ekki aðeins voru mjög vafasamar lagaheimildir fyrir mörgu því, sem þróazt hefur í þessu efni, og mörgu því, sem í rauninni allir telja sjálfsagt að gildi, heldur hefur einnig þróazt ýmiss konar innflutningur og það um áratugi, sem beinlínis er bannaður í lögum. Ég skal ekki rekja það í einstökum tilfellum, hvað hér er um að ræða, en segja má raunar, að það sé mjög vafasamt, hvort nokkur lagaheimild er til fyrir nokkrum slíkum innflutningi til landsins. Og ég hygg ekki, að það samræmist eðlilegum skoðunum manna eða raunveruleikanum að hugsa sér að banna allan slíkan innflutning. En hins vegar er það auðvitað útilokað, þó að ýmsir hlutir hafi verið látnir þróast venjubundið, að hægt sé að gefa út af hálfu ráðuneytis reglugerð, sem beinlínis brýtur í bága við lög. Til þess að auðið sé að gefa út slíka reglugerð. sýndist ekki annað vera fyrir hendi en að leita heimildar Alþ. til að fá almenna heimild til handa fjmrn. að setja slíkar reglur og ákvarða, hvernig fara skyldi með slíkan innflutning, innan hvaða marka slíkt tollfrelsi skyldi gilda. Að mínu áliti hefur ýmislegt af þessu þróazt í þá átt, að það ber nauðsyn til þess að skerða í ýmsu þær heimildir, sem látnar hafa verið átölulausar í þessu efni, en hins vegar ekki auðið að ganga svo langt að takmarka þessi réttindi eingöngu við það, sem ótvírætt er, að heimilt sé að núgildandi lögum án nokkurra breytinga. Nú veit ég raunar ekki, hvaða skoðun allir hv. þdm. hafa á þessu efni. En það er mjög mikilvægt, ef auðið væri, að koma þessum reglum sem fyrst út, til þess að hægt sé að koma fastara formi á þessi mál, og ég vildi leyfa mér að beina því til þeirrar hv. n., sem þetta fær til meðferðar, að hún reyndi að hraða svo störfum, ef á annað borð gæti tekizt samkomulag um þetta mál í n., að auðið væri að afgreiða frv., áður en jólaleyfi hefst, þannig að mögulegt sé að gefa þessar reglur út í næsta mánuði, að sjálfsögðu, ef mönnum þykir það tilhlýðileg aðferð, og ég skal játa, að þetta frv. kemur nokkuð seint fram. Stafar það eingöngu af því, að það var verið að athuga til hlítar þær lagaheimildir, sem um þetta giltu, hvort hugsanlegt væri að setja þessar reglur án þess að afla þeirrar heimildar, sem hér er um að ræða, og það var ekki fyrr en fyrir skömmu, að menn komust að þeirri niðurstöðu, að þetta væri ekki fært án þess að fá slíka heimild, og þetta er ástæðan til þess, að frv. er svo seint á ferðinni. En þar sem hér er í rauninni einungis um það að ræða að auðvelda möguleikana á því að koma eðlilegri skipan á þessi mál og stuðla að því, að hægt sé að framkvæma tollgæzluna með eðlilegum hætti, og að sjálfsögðu skal ég lýsa því yfir, að þessi heimild til að veita slíkan tollfrjálsan innflutning verður höfð svo takmörkuð sem frekast er auðið, vildi ég mega vænta þess, að hv. þdm. gætu fallizt á þá skoðun, að þessi starfsaðferð væri eðlileg, því að ég veit, að þeir eru mér allir sammála um það, að ekki sé auðið fyrir rn. að gefa út reglur, nema hafa lagaheimild, og jafnframt, að það sé með öllu óviðunandi, að áratugum saman skuli það tíðkast venjubundið, án þess að nokkuð sé aðhafzt, að það sé leyfður innflutningur, sem beinlínis er bannaður í íslenzkum lögum.

Ég sé ekki ástæðu til á þessu stigi málsins. herra forseti, að fara um þetta fleiri orðum, nema frekari tilefni gefist til, en vildi leyfa mér að leggja til, að frv. yrði að þessari umr. lokinni vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til fjhn. með 18 shlj. atkv.

Á 29. fundi í Ed., 15. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 167, n. 192).

Frsm. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Um efni þess frv., sem hér liggur fyrir, leyfi ég mér að vísa til grg. fyrir því, svo og framsöguræðu hæstv. fjmrh. við 1. umr.

Fjhn. hafði þetta mál til meðferðar á fundi sínum nú eftir hádegið, og mætti á fundinum hæstv. fjmrh. og ræddi við n. Af skiljanlegum ástæðum hefur ekki unnizt tóm til þess að útbýta nál. eða prenta það, en ég vil leyfa mér að lesa nál. eins og n. hefur gengið frá því, en það hljóðar svo: „N. hefur athugað frv. og leggur einróma til, að það verði samþ. óbreytt.“ Undir þessu eru nöfn allra þeirra 7 hv. þdm., sem í n. eiga sæti. Í samræmi við þetta leyfi ég mér að leggja til, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. nál. (sjá þskj. 192) leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 30. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 31. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 33 fundi í Nd., 16. des., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 34. fundi í Nd., s. d., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Á síðustu mánuðum hefur verið unnið að því í fjmrn. og af tollamálanefnd að undirbúa eftir beiðni minni fastar og ákveðnar reglur um tollmeðferð þess varnings, sem ferðamenn og farmenn á sjó og í lofti hafa meðferðis, er þeir koma frá útlöndum til landsins. Um þennan varning hafa engar fastar reglur gilt til þessa, og hefur þetta skapað mikla erfiðleika í framkvæmd, bæði fyrir tollgæzluna og einnig fyrir viðkomandi aðila sjálfa, sem hafa ekki í rauninni vitað með neinni vissu, hvað mátti og mátti ekki í þessu efni. Þessum undirbúningi er alllangt á veg komið. En við nánari athugun málsins kom í ljós, að þróazt hefur í þessum efnum á undanförnum árum og jafnvel áratugum margs konar venjur, sem algerlega brjóta í bága sumar hverjar við gildandi íslenzk lög og aðrar byggja á mjög hæpnum heimildum í lögum. Margt af þessum venjum hefur þó verið með þeim hætti, að það hefur verið í samræmi við það, sem tíðkazt hefur í nálægum löndum, og hefur ekki þótt verða hjá því komizt að hafa þann hátt á framkvæmd þessara mála. Engu að síður hlýtur öllum hv. þdm. að vera það ljóst, að með engu móti er hægt við það að una, að þessi mál séu byggð á hæpnum eða engum lagafyrirmælum, heldur á einhverjum venjubundnum reglum, sem í rauninni eru þó engar reglur, heldur eru meira og minna handahófskenndar. Það er hin brýnasta nauðsyn, sem ég veit að allir hv. þdm. eru mér sammála um, að koma tollgæzlumálum í sem traustast horf og reyna með öllum ráðum að tryggja það, að ekki sé um ólöglegan innflutning til landsins að ræða. Er ekki hægt að ætlast til þess, að það takist og tollgæzlan fái viðunandi starfshætti, nema hún fái fastar reglur til að fara eftir.

Þegar það lá fyrir, að ekki mundi vera auðið að setja þessar reglur nema þá með svo strönguum mörkum, að það er í rauninni engin von til þess, að það væri hægt að framfylgja þeim, ef það ætti að byggja á augljósum lagafyrirmælum, sem nú eru til, varð niðurstaðan, að rétt þótti að leita eftir þeirri heimild, sem felst í frv. því, sem hér er flutt til breytinga á l. um tollskrá. En heimild þessi felur í sér, að fjmrn. geti sett reglur um tollfrjálsan innflutning ferðafólks og farmanna, er miðist við það, sem eðlilegt má telja í þessum efnum, og yrði þar þá að sjálfsögðu stuðzt við alþjóðlegar venjur í því sambandi og þessar heimildir rn. takmarkist ekki af sérlögum nema að svo miklu leyti sem sjálfsagt er og eðlilegt að verði að vera vegna sóttvarna eða annarra öryggisráðstafana.

Ef heimild sem þessi fengist, væri ótvírætt hægt að ganga frá þessum reglum, sem rn. hefur í undirbúningi, og koma þessum málum í eðlilegt horf. Fáist þessi heimild ekki, er ekki nema annað tveggja fyrir hendi, að láta þessi mál þróast eins og verið hefur eða þá framfylgja til hins ýtrasta gildandi l., sem nánast að mati allra aðila, sem þetta þekkja, bæði tollgæzlu og annarra, yrði gersamlega óframkvæmanlegt. Að minni skoðun er nauðsynlegt, að regla, sem sett yrði, eða reglur væru í samræmi við það, sem má telja réttarmeðvitund heiðarlegs borgara í þessu sambandi. Ef lengra er gengið, verður það eingöngu til þess að eyðileggja möguleika á að koma þessum málum í fast horf. Hins vegar er ljóst, að ýmislegt hefur þróazt í þessu efni, sem er óheilbrigt og verður því að takmarka. En meginsjónarmiðið hlýtur að verða það að setja reglurnar í þeim anda, að almennur heiðarlegur borgari telji, að þær séu viðhlítandi, og hafi ekki tilhneigingu til þess að brjóta þær. Að sjálfsögðu verður allur slíkur innflutningur bundinn við það, að um þann innflutning einan sé að ræða, sem sé ætlaður til eigin nota, en ekki sé um neins konar söluvarning að ræða. Hygg ég, að það yrði erið erfitt í framkvæmd að ætla nú að taka af t. d. að öllu leyti ýmsar venjur, sem jafnvel hafa tíðkazt um tveggja áratuga bil, og ég held, að það yrði ákaflega erfitt að sannfæra viðkomandi aðila með því að vitna til þess nú, að það hafi verið ólöglegt, sem hafi verið látið tíðkast í tvo áratugi eða lengur. Býst ég við, að hv. þdm. geri sér það ljóst.

Frv. þetta mætti mjög góðum skilningi í hv. Ed. og var afgreitt þar með miklum hraða, og ég hefði mikla löngun til að fara fram á það við þessa hv. d., að hún vildi líta á þetta mál með svipaðri vinsemd og skilningi og reyna að haga meðferð málsins svo, að hægt væri að afgreiða það áður en þinghlé verður, vegna þess að þá væri hægt að ganga frá þessum reglum í janúarmánuði. Það tekur að sjálfsögðu nokkurn tíma að koma þeim í framkvæmd, vegna þess að þær verður að kynna vel og gera mönnum ljóst, hvaða breytingar hafi orðið frá þeim venjum, sem kunna að hafa skapazt, svo að það verði eðlileg framkvæmd á málinu öllu. Það er að sjálfsögðu skylt að afsaka það, að málið kom ekki fyrr fyrir Alþ. en raun ber vitni um. En það hefur verið í athugun að undanförnu, hvaða leiðir gætu verið helzt heppilegar til þess að leysa þann vanda, sem ég gat um, og þessi leið hefur þótt sú eðlilegasta að fara, sem hér hefur orðið niðurstaðan að leggja til við hið háa Alþ., að samþ. verði.

Ég vil svo, herra forseti, leyfa mér að leggja til, að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til fjhn. með 30 shlj. atkv.

Á 36. fundi í Nd., 17. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 167, n. 204 og 212).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 28 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Davíð Ólafsson): Herra forseti. Fjhn. hefur haft þetta frv. til athugunar, en ekki getað orðið sammála um afgreiðslu þess. Minni hl., hv. 1. þm. Norðurl. v., hefur skilað séráliti á þskj. 212, en meiri hl. hefur skilað áliti á þskj. 204, og leggur meiri hl. til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Frsm. minni hl. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Ég hef ekki orðið sammála hv. meðnm. mínum í fjhn. um þetta frv.

Nú munu vera í lögum um tollskrá allmargar undanþágur frá greiðslu aðflutningsgjalda. Er heimilt skv. þeim ákvæðum að fella niður eða lækka gjöld í ýmsum tilfellum. En þar eru ákveðnir þeir hlutir eða þær vörutegundir, sem heimilt er að létta gjöldum af. Þannig á þetta að vera að mínu áliti. Ef rétt þykir að fjölga þessum undanþágum um greiðslu aðflutningsgjalda, á Alþingi að setja um það lög, þar sem það sé fram tekið, af hvaða hlutum eða vörum sé heimilt að lækka gjöld eða fella niður. Hitt tel ég ekki rétt, að veita hæstv. ríkisstj. vald til að ákveða undanþágurnar á þann hátt, sem lagt er til í frv., sem hér liggur fyrir. Þess vegna er það till. mín til hv. d., að frv. verði fellt.

ATKVGR
1. gr. samþ. með 23:3 atkv.
2. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24:3 atkv.

Á 37. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 27 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 23:3 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 216).

---

10. Innflutnings- og gjaldeyrismál.

Á 17. fundi í Sþ., 8. des., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um breyt. á l. um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála o. fl., nr. 30 25. maí 1960 [89. mál] (stjfrv., A. 149).

Á 27. fundi í Nd., 9. des., var frv. tekið til 1. umr.

Menntmrh (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Það er ekki ýkja langt síðan svo að segja allur innflutningur landsins var háður opinberum leyfisveitingum og raunar öll gjaldeyrissala til annarra þarfa en innflutnings. Meðan svo var, var heimt leyfisgjald af þeim leyfum. sem út voru gefin og voru skilyrði fyrir innflutningi og gjaldeyrisráðstöfunum. Upphæð þessa leyfisgjalds hefur verið misjöfn á undanförnum árum og áratugum, frá kvartprósent og upp í 1%. Á þessari skipan hefur verið gerð gagnger breyting á undanförnum 5 árum. Á undanförnum 5 árum hefur smám saman meginhluti innflutnings til landsins verið gefinn frjáls, og hið sama á við um gjaldeyrisgreiðslu til annarra þarfa að mjög verulegu eða mestu leyti. Jafnframt hefur þetta auðvitað haft í för með sér, að innheimta formlegra leyfisgjalda hefur farið hlutfallslega minnkandi af þeim gjaldeyri, sem þjóðin ráðstafar til vörukaupa erlendis eða til greiðslu af annarri þjónustu.

Í gildandi lögum um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála, sem eru frá árinu 1960, segir, að heimilt sé að innheimta allt að 1% gjald af þeirri gjaldeyrisnotkun, sem leyfi þurfi til. Og ákveðið var, að tekjur af þessu leyfisgjaldi skyldi nota annars vegar til þess að endurgreiða bönkunum þann kostnað, sem þeir hefðu af leyfaútgáfunni, en gjaldeyrisskrifstofan, sem um mörg undanfarin ár eða áratugi undir ýmsum nöfnum hafði annazt útgáfu leyfa, var lögð niður, en þetta verkefni, leyfisútgáfan, falið svonefndri gjaldeyrisdeild bankanna. Tekjurnar af leyfisgjaldinu átti fyrst og fremst að nota til þess að endurgreiða bönkunum þann kostnað, sem þeir heiðu af þessu, og hins vegar til að greiða kostnað við verðlagseftirlit, vegna þess að kostnaður við verðlagsskrifstofuna, sem hafði verið í nánum tengslum við gjaldeyrisskrifstofuna, hafði verið greiddur af tekjunum af því leyfisgjaldi, sem áður hafði verið innheimt. En 1960 var gert ráð fyrir því, að innheimt leyfisgjald af þeim vöruinnflutningi og þeirri gjaldeyrisráðstöfun, sem leyfi þyrfti til, mundi nema mun lægri upphæð en þetta gjald hafði numið um mörg ár eða áratugi áður.

Eins og ég gat um áðan, hefur sú þróun haldið áfram, að í vaxandi mæli hefur innflutningur til landsins og ráðstöfun gjaldeyris til annarra þarfa verið leyst undan leyfisveitingum og þannig orðið frjáls og þess vegna ekkert afgreiðslugjald eða þjónustugjald innheimt af þeim gjaldeyri, sem fenginn var hjá gjaldeyrisbönkum í þessu skyni. Auk þessa hefur heimildin til þess að innheimta 1% leyfisgjald aldrei verið notuð nema að hálfu leyti. Leyfisgjaldið, sem hefur verið innheimt síðan 1960, hefur verið aðeins ½%. Tekjurnar af þessu ½% leyfisgjaldi námu á s. l. ári samtals 6.9 millj. kr., og þeirri upphæð var skipt þannig, að varið var til kostnaðar við leyfaúthlutun 3.3 millj. og til greiðslu á kostnaði við verðlagseftirlit 3.6 millj. Í þessu frv. er lagt til, að gjald af leyfisinnflutningi eða gjaldeyrisráðstöfun skv. leyfum geti hækkað í allt að 1% og jafnframt megi innheimta allt að ½% gjald af þeirri gjaldeyrissölu bankanna, sem sérstakt leyfi þarf ekki til. Miðað við áætlun um gjaldeyrisráðstöfun á næsta ári má gera ráð fyrir því, að heildartekjur af þessum gjöldum, leyfisgjaldinu og afgreiðslugjaldinu af frílistagjaldeyrinum, geti numið um 35 millj. kr., ef heimildin verður notuð að fullu, en rétt er að gera ráð fyrir því.

Með þessu móti tel ég, að efni frv. hafi verið skýrt nægilega, og legg því til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Hæstv. viðskmrh. hefur þegar gert ýtarlega grein fyrir þessu frv., sem hér liggur fyrir, og sé ég ekki ástæðu til að gera það frekar að umtalsefni, en tel þó rétt að segja nokkur orð í tilefni þessa máls.

Þegar fjárlfrv. var lagt fram, var þar greint frá ýmsum ráðstöfunum, sem ríkisstj. hafði í huga til að tryggja það, að auðið væri að afgreiða greiðsluhallalaus fjárlög. Ein þeirra till., sem þar var um að ræða, var, að lagt yrði sérstakt farmiðagjald á farseðla, sem seldir væru til utanlandsferða, og var gert ráð fyrir, að gjald þetta mundi nema um 1500 kr. á farmiða, þó með undantekningum, sem þar voru boðaðar, bæði til námsmanna og einnig í sambandi við sjúkraferðalög, og var áætlað, að í heild mundi þessi gjaldstofn gefa ríkissjóði 25 millj. kr. Við nánari athugun þess máls hefur í senn komið í ljós, að nokkuð hafi verið skiptar skoðanir um þessa gjaldheimtu, í annan stað kom það einnig í ljós við frekari undirbúning málsins, að vegna hinna ýmsu undanþága væru ýmsir tekniskir örðugleikar þar við að stríða, og enn fremur það, að það þótti ekki sýnt, að þessi tekjustofn mundi gefa að fullu þær tekjur, sem gert var ráð fyrir og nauðsynlegt var að afla. Niðurstaðan varð því sú af öllum þessum ástæðum, að horfið var að nýrri leið til að afla þessa fjár, sem vantaði, og er þá leið að finna í því frv., sem nú hefur verið lagt fyrir þessa hv. deild.

Eins og ég skýrði frá í fjárlagaræðu minni, tók ég það fram, að ríkisstj. hefði að sjálfsögðu talið sér skylt að leggja fram ákveðnar hugmyndir þá um það, hvernig ætti að afla tekna til þess að afgreiða greiðsluhallalaus fjárlög. En hins vegar tók ég einnig fram, að þeir gjaldstofnar, sem þar væri um að ræða, væru að sjálfsögðu til nánari athugunar og ef menn kæmust að þeirri niðurstöðu við frekari athugun þessara mála, að einhver önnur úrræði væru heppilegri, þá væri að sjálfsögðu frá mínum bæjardyrum séð ekkert við það að athuga, að aðrar leiðir yrðu farnar að einhverju leyti í þessum greinum.

Það kemur svo að sjálfsögðu til, sem hv. þm. er fullkomlega ljóst, og þarf ég ekki að útskýra það, að vegna ýmissa frekari hækkana, sem orðið hafa, er fremur ástæða til þess að óttast það, að ekki verði auðið í reynd að hafa ríkisbúskapinn hallalausan á næsta ári, heldur en hitt, að þar sé gert ráð fyrir með tekjuöflunarleiðum ríkisstj. meiri fjáröflun en nauðsynleg er, og á þetta ekki hvað síst við, eftir að ljóst er orðið, hver þróunin hefur orðið í sambandi við launamál opinberra starfsmanna og auk þess frekari vísitöluhækkanir, sem orðið hafa nú í árslok og leiða af sér útgjöld, sem nú er nokkurn veginn ljóst, að er mjög hæpið og raunar útilokað, að sú fjárhæð, sem gert er ráð fyrir til launagreiðslna á einum lið í 19. gr. frv., nægi til þess að standa straum af þeim kostnaði, þannig að það þótti mjög æskilegt, að það væri þó hægt að hafa þá fjárhæð nokkru rýmilegri en hafði verið gert ráð fyrir. Eins og hæstv. viðskmrh. hefur greint frá, má áætla, að nokkru meiri tekjur fáist handa ríkissjóði af þeirri leið, sem hér er farin, heldur en af farmiðaskattinum.

Samkv. þessu munu að sjálfsögðu verða gerðar breytingar á fjárlagafrv. og lagt til, að felldur verði niður tekjustofn af farmiðagjaldi, en tekjur af umboðsþóknun bankanna hækkaði sem þessu nemur við 2. umr. fjárl. hér í hinu háa Alþ. Lá þetta mál ekki þannig fyrir, að það þætti ástæða til að gera þá breytingu fyrr en þetta frv. hefur verið lagt fram, og hins vegar áformað að sjálfsögðu, að það lægi fyrir Alþ., áður en fjárlög yrðu endanlega afgreidd, hvaða leiðir ríkisstj. hygðist fara í þessum efnum. Á þá aðeins eftir að koma fyrir Alþ. eitt frv. af þeim frv., sem boðuð voru í þessu skyni, en það er í sambandi við rafmagnsmálin, og er þess frv. að vænta nú fyrir helgi.

Einar Ágústsson: Herra forseti. Ég vil með örfáum orðum gera grein fyrir afstöðu minni til þess stjfrv., sem hér er til umr. og lagt hefur verið fram á þskj. 149, frv. til l. um breyt. á l. um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála o. fl.

Enn þá einu sinni höfum við fengið að sjá hugvitssemi hæstv. ríkisstj. í skattálögum í verki. Frv. frá henni um það efni er hér enn þá einu sinni til umr. Að þessu sinni er það gjaldeyrisskattur. Lagt er til, að í viðbót við það gjald, sem nú er innheimt af gjaldeyris- og innflutningsleyfum samkv. heimild í l. um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála frá 1960, skuli nú taka allt að ½% í gjald af allri gjaldeyrissölu bankanna. Samkv. aths. frv. hefur álagið á þann hluta gjaldeyrissölunnar, sem háður er leyfum, numið á s. l. ári 6.9 millj. kr., en nýjar tekjur samkv. þessu frv. eru áætlaðar 35 millj. kr. Hér er því að verulegu leyti um nýjan skatt að ræða.

Það má heita, að sú regla sé orðin algild, að hverju nýju stjórnarfrv. fylgi nýr skattur, og þau gjöld, sem lögð hafa verið á í tíð núv. hæstv. ríkisstj., eru fleiri en svo, að ég treysti mér til að nefna þau öll eftir minni. En ég get þó nefnt nokkur, sem ég man eftir í svipinn. Það er margföldun á söluskatti. Það er nýr skattur á bændur, svokallaður bændaskattur. Það er nýr launaskattur á alla þá, sem laun greiða. Það er iðnlánasjóðsgjald, sem hefur verið stóraukið. Það er ríkisábyrgðasjóðsgjald. Það er vegaskattur, margfaldur, bæði benzínskatturinn margfaldaður og nýr vegaskattur á Reykjanesbraut. Það er aðgangseyrir að veitingahúsum. Það er skattur á allt byggingarefni, sement, timbur og steypustyrktarjárn. Í meðförum á hv. Alþ. er stórhækkun á fasteignaskatti og þessi gjaldeyrisskattur, og einn er boðaður enn, ráðstafanir til þess að mæta raforkuverðinu.

Þrátt fyrir þetta allt saman eru þó beinir skattar enn þá mjög háir. Þrátt fyrir þær stefnuyfirlýsingar, sem gefnar hafa verið um það, að hverfa skyldi frá leið beinu skattanna og yfir í leið hinna óbeinu skatta, er það samt sem áður staðreynd, að beinir skattar eru enn þá mjög háir. Og ég býst við, að hv. þm. séu ekki búnir að gleyma álögum þeirra, t. d. árið

1964, og því, sem þá gekk á hér í þjóðfélaginu.

Þessi mikla skattheimta er orðin gersamlega óþolandi. Gjaldþoli alls þorra manna, þ. e. þeirra, sem telja rétt fram og greiða skatta og skyldur samkv. lögum, er fullkomlega ofboðið, þótt til séu hins vegar aðilar í þjóðfélaginu, sem komast létt út úr þessum viðskiptum sínum við það opinbera og slá um sig með ríkmannlegu líferni. Fyrir utan svo þetta, svo alvarlegt sem það er, fylgir skattafarganinu þvílík ógnarskriffinnska, að öllu tekur fram, sem hér hefur þekkzt, og höfum við þó séð sitt af hverju í því efni. Í raun réttri má segja, að menn séu ófrjálsir. Við hvert fótmál bíður útrétt hönd skattheimtumannanna, sem breytist í refsiarm laganna, ef ekki er greitt af hendi það, sem upp er sett.

Því miður eru engar horfur á því, að hér verði látið staðar numið, þó að þetta frv. nái fram að ganga, því að ég tók svo eftir hjá hæstv. samgmrh. í gær og raunar áður líka, að hann segði það, að n. væri skipuð til þess að rannsaka nýjar skattaleiðir í sambandi við vegamálin. Ég hygg, að hæstv. ráðh. hafi sagt, að n. yrði skipuð til að athuga nýjar leiðir til að mæta útgjöldum í vegamálum. Annars bera þingtíðindi náttúrlega vott um það, hvað sagt hefur verið hér, og ég hef þau ekki við höndina.

Ég vil segja það, að ég virði hæstv. ráðh. það fullkomlega til vorkunnar, að þeirra hugmyndir séu til þurrðar gengnar í þessum efnum, svo mjög sem á þær hefur reynt að undanförnu. En ég hygg, að flestum muni finnast, að nú sé nóg komið og að hæstv. ríkisstj. ætti að sjá að sér og gæta meira hófs í álagningarákafanum en gert hefur verið og snúa sér að því verki, sem fram að þessu mest hefur verið í orði, að vinna bug á dýrtíðaraukningunni, í stað þess að magna verðbólguna með þvílíkum ráðstöfunum eins og hér eru lagðar til, því að það ætti að vera hæstv. ríkisstj. ljóst, eins og auðvitað landsmönnum öllum, að ef ekki tekst að brjóta algerlega í blað um þá þróun, er allt hitt unnið fyrir gýg, eins og sagt hefur verið. Um það eru víst allir sammála.

Það er sannarlega hörmulegt til þess að vita, að við þau ytri skilyrði, sem þjóðin hefur búið við að undanförnu, einmuna góðæri til lands og sjávar, metafla og hátt verðlag á útflutningsafurðum, þrátt fyrir stórlækkuð framlög til verklegra framkvæmda, skuli hæstv. ríkisstj. ekki sjá aðra möguleika til þess að afgreiða greiðsluhallalaus fjárlög en þá að bæta einum skattinum enn ofan á alla hina.

Þessi nýi skattur, — það er skylt að viðurkenna, — á í rauninni að koma í staðinn fyrir annan skatt, sem ráðgerður hafði verið, svonefndan farmiðaskatt eða farmiðagjald. Í sambandi við fjárlagafrv. var ráðgert að innheimta 1500 kr. af hverjum farseðli til og frá landinu. Sú gjaldheimta átti að færa ríkissjóði tekjur, er næmu 25 millj. kr. á næsta ári. Þessi skattur varð strax ákaflega óvinsæll, og ég hygg, að það sé mjög vægt til orða tekið hjá hæstv. fjmrh. áðan, þegar hann sagði, að um hann hefðu verið nokkuð skiptar skoðanir. Ég hef a. m. k. mjög fáa formælendur hitt fyrir þeim skatti. Og staðreynd er hitt, að mótmæli gegn honum bárust víða að og þ. á m. frá ýmsum þeim aðilum, sem mikið eiga í húfi í sambandi við slík ferðalög, eins og þarna var ráðgert að skattleggja. Það var jafnvel farið að tala um átthagafjötra í þessu sambandi, og ýmis fleiri miður falleg orð voru látin falla af þessu tilefni. Hér á hv. Alþ. var einnig áköf andstaða gegn þessum skatti og raunar, að ég hygg, sterkar líkur, að ekki sé sagt vissa, fyrir því, að frv. um hann mundi ekki ná fram að ganga. Þessi mikla andstaða hefur nú greinilega valdið því, að hæstv. ríkisstj. hefur séð sitt óvænna og er horfin frá þessu ráði. Ég tel henni það sízt til ámælis að endurskoða afstöðu sína með hliðsjón af þeim undirtektum, sem ráðstafanir hennar fá hjá almenningi, og vil segja, að málum væri betur komið á margan hátt, ef hæstv. ríkisstj. viðhefði þá reglu í fleiri tilvikum heldur en hún hefur þegar haft. Þessari hæstv. ríkisstj. verður trúlega fátt fremur til gildis talið síðar meir en það að hafa þó einstaka sinnum tekið mark á almenningsálitinu og horfið frá villu síns vegar, eins og t. d., þegar hún hætti við kaupbindingarlögin haustið 1963 eða þegar afturkölluð voru brbl. um síldarverðið á s. l. sumri, svo að ég nefni eitthvað af því, sem bezt hefur til tekizt hjá þessari hæstv. ríkisstj. Það er mannlegt að skjátlast, og það er engin skömm að því að játa mistök sín, ekki heldur fyrir ríkisstj., og þá ekki heldur í þessu tilfelli að viðurkenna, að farmiðaskatturinn hafi verið bæði ranglátur og óþarfur. En í stað þess að játa þetta, er nú sagt, að fallið sé frá skattinum vegna ýmissa tæknilegra örðugleika við innheimtuna og af því að vegna undanþáguákvæðanna hafi verið erfitt að áætla, hvað hann mundi gefa af sér. Þessar skýringar, hygg ég, að séu settar fram til þess að leyna hinni raunverulegu ástæðu, nefnilega þeirri, að hugmyndin var svo óvinsæl, að kjarkinn brast, þegar til átti að taka. Ég hygg, að það sé hin raunverulega ástæða fyrir því, að þessi gjaldheimta er felld niður. Ég tel óhugsandi, að hæstv. ríkisstj. hafi ekki gert sér grein fyrir því, áður en hugmyndin var sett fram og tekjur áætlaðar í fjárlfrv., hvaða möguleikar væru á því að innheimta þetta gjald. Ég trúi því ekki. Annað væri að mínum dómi fullkomlega ósæmandi undirbúningur og svo ólík vinnubrögð því, sem menn eiga að venjast frá hæstv. núv. fjmrh., að ég a. m. k. trúi því ekki, að hann hafi hent svo illa undirbúinni hugmynd fram og tekið hana inn í frv. sitt til fjárl., fyrsta frv., sem hann leggur fyrir Alþ.

Í Morgunblaðinu sá ég það í gær í viðtali við hæstv. fjmrh., að skatturinn væri óframkvæmanlegur, vegna þess að það væri ekki hægt að vita fyrir fram, hvaða tekjur hann mundi gefa. Þetta er náttúrlega ástæða, sem ekki getur staðizt, enda hefur hún greinilega verið endurskoðuð, ef Morgunblaðið hefur þá haft rétt eftir. Ég skal ekkert fullyrða um það, það hafa komið fyrir prentvillur þar. En sé rétt haft eftir, er vitað mál, að þessi ástæða er ekki frambærileg, enda er hætt við hana. Annars væri náttúrlega öll skattheimta útilokuð. Hver

veit t. d., hvað tekjuskatturinn gefur fyrir næsta ár? Hver veit, hvað söluskatturinn gefur? Það fer eftir veltunni. Hver veit, hvað verðtollurinn gefur? Það fer eftir innflutningnum. Ég er hræddur um, að það færi „að kárna reiðar gaman" hjá skattheimtumönnum ríkissjóðs, ef þessi ástæða ætti að útiloka alla gjaldheimtu. Og eins er það með þennan nýja skatt núna, gjaldeyrisskattinn. Það er ekki hægt að segja nákvæmlega til um það, hve hár hann verður á næsta ári. Það fer eftir því, hve mikinn gjaldeyri bankarnir selja. Og þannig er þetta um alla þá skattheimtu, sem miðuð er við hundraðshluta af einhverjum tilteknum viðskiptum. Það er áætlunarupphæð, sem verður að reikna með á fjárl., og það er ekki hætt við skattheimtuna vegna þess, að áætlanir standist ekki, að innheimtar tekjur verði annaðhvort eitthvað meiri eða minni en áætlað var.

Í aths. á þskj. 149 segir, að áætla megi, tekjur af þessu nýja gjaldi um 35 millj. kr. á næsta ári. Sú upphæð mun vera fundin þannig, að reiknað er ½% gjald af áætlaðri gjaldeyrissölu næsta árs. En á ekki ríkissjóður í vændum meiri tekjur en þetta, ½% af þessari dvergsmíð? Kemur ekki söluskattur, 7½%, ofan á þetta gjald í vöruverðinu? Ég sé ekki, að það sé minnzt á þetta í aths. frv., en það væri mjög fróðlegt fyrir hv. þm. að fá það upplýst, hvað hæstv. fjmrh. hefur reiknað með miklum tekjuauka í bú sitt af þessum ástæðum, annaðhvort núna við þessa 1. umr. eða við meðferð frv. í hv. fjhn.

Nei, þessi skattur er að því leyti til verri en sá, sem hætt var við, að hann kemur beint inn í verðlagið. Hann leggst á alla vöru, jafnt nauðsynlega sem óþarfa, og hefur alveg sömu áhrif og gengislækkun á vöruverðið, nákvæmlega sömu áhrif, tekur á sig söluskattinn, og álagning smásölunnar og stórsölunnar leggst á hærri stofn og hækkar þar af leiðandi. Prósentan er að vísu ekki há, 0.5% þykir ekki há tala nú til dags. En þó er hér um að ræða enn þá eina ráðstöfun, sem eykur verðbólguþensluna og gerir efnahagsmálin enn þá óviðráðanlegri en þau voru fyrir, og var þó ekki á það bætandi.

Ég tel þennan skatt mjög óheppilegan og alveg greinilega og óumdeilanlega þess eðlis, sem hæstv. fjmrh. sjálfur hefur nefnt almenna skattahækkun. En eitt af því fyrsta, sem ég man eftir frá honum sem ráðh., var einmitt mjög alvarleg aðvörun við því, að slíkar skattheimtur bæri mjög að varast, og þau orð geta víst flestir tekið undir af heilum hug, eins og málum er komið. En þetta sýnir auðvitað, að hæstv. fjmrh. hefur mátt reyna það eins og svo margur annar, að hægara er að gefa heilræðin en að halda þau. Og nú hefur hann staðið að því að leggja hér fram frv. um almenna skattahækkun, því að þótt það kæmi í hlut hæstv. bankamálaráðh. að mæla fyrir frv., er málið greinilega hæstv. fjmrh. það skylt, að hann lét ekki framsögu hæstv. bankamálaráðh. eina duga.

Ég vil leyfa mér að halda því fram, um það verður sjálfsagt deilt, en ég vil leyfa mér að halda því fram, að jafnhliða því, sem þessi skattur er svo óheppilegur, sem ég hér hef verið að reyna að lýsa, sé hann einnig óþarfur. Þessi skattur á, eins og margoft hefur verið tekið fram, bæði af hæstv. ráðh. og nú mér, að koma í staðinn fyrir farmiðagjaldið svokallaða, en tekjur af því voru áætlaðar 25 millj. kr. Á fjárlfrv. eftir 2. umr. er, að ég hygg, hagstæður greiðslujöfnuður um 10 millj. kr. Þegar við höfum í huga, að niðurstöðutölur fjárlfrv., heildarniðurstöðutölurnar, eru um 4 milljarðar kr., er ljóst, að hér er um hreina smámuni að ræða, hreina smámuni, sem á vantar, og að mjög miklar líkur eru fyrir því, að tekjur séu það varlega áætlaðar, að þær gefi a. m. k. þessa fjárhæð umfram áætlun, til þess að hægt sé að afgreiða greiðsluhallalaus fjárlög, þótt ekkert annað kæmi til. Til viðbótar því hygg ég óumdeilanlegt, að í svo stórum gjaldabálki sé hægt að spara þessa fjárhæð, ef vilji til þess er virkilega fyrir hendi. Fjárlagaafgreiðslu er ekki lokið. 3. umr. er eftir. Það er enn þá hægt að endurskoða fjárlfrv. með það fyrir augum að ná endunum saman, án þess að grípa þurfi til þess óyndisúrræðis að fara enn á ný inn á leið almennra skattahækkana.

Ég tel því sjálfsagt fyrir hæstv. ríkisstj. að hverfa frá þessari skattheimtu eins og hinni fyrri, meðan tími er til, stilla sig um það að hella olíu á verðbólgueldinn meira en orðið er, en nota þetta tækifæri til þess að byrja að fikra sig út úr dýrtíðarvandanum. Það verður áreiðanlega nógu erfitt, þó að ekki sé lengra haldið inn í þann myrkvið. Ég vil leyfa mér að vona enn þá, að þessi verði niðurstaðan, að við nánari athugun gerist það, sem gerðist um farmiðaskattinn, að hæstv. ríkisstj. sjái, að þessi leið er ekki heppileg. En ef hæstv. ríkisstj. og stuðningslið hennar ætlar sér að lögfesta þetta gjald þrátt fyrir þær afleiðingar, sem það hefur, mun ég og fleiri flokksbræður mínir hér greiða atkv. á móti því.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Þá hefur hæstv. ríkisstj. hætt við að leggja á hinn fyrirhugaða farmiðaskatt og fundið upp á enn öðrum skatti, og að þessu sinni er lagt til að taka upp sérstakan gjaldeyrisskatt. Það hlýtur að vekja athygli af mörgum ástæðum, að ríkisstj. skuli fara inn á þessa braut. Mikið hafði verið um það rætt, að það væri hlutverk þessarar ríkisstj. að sjá um rétta skráningu á íslenzku krónunni, og ekki minna en tvisvar sinnum þóttist ríkisstj. þurfa að skrá krónuna að nýju, fella gengið mjög verulega og skrá krónuna að nýju. Síðasta gengisskráningin fór fram í ágústmánuði 1961. Þá var verðlagsvísitala framfærslukostnaðar 106 stig, í ágústmánuði 1961. En nú í septembermánuði var vísitala framfærslukostnaðar orðin 174 stig, eða breytingin er í kringum 70%, en gengisskráningin stendur þar, sem hún var sett í ágústmánuði árið 1961. Auðvitað þarf enginn að verða hissa á því, þegar verðlagið breytist svona gífurlega innanlands, en gengisskráningin stendur kyrr, að ýmsir aðilar komist í nokkurn vanda, þeir sem byggja verða rekstur sinn á útflutningi. Þannig er auðvitað komið, að hæstv. ríkisstj. er komin

í mikinn vanda fyrir löngu með tekjur ríkissjóðs. Tolltekjurnar og söluskattstekjur og aðrar tekjur ríkissjóðs duga ekki lengur, og þá er farið inn á þá braut að finna út alls konar nýja skattstofna, og einn af þeim er sá, sem nú er boðaður, að ríkissjóður vill taka sérstakar tekjur af öllum seldum gjaldeyri. Það liggur fyrir, að í ýmsum greinum útflutningsframleiðslunnar, sem auðvitað hafa verið leiknar hart í þessum leik öllum, er svo komið, að þær fá ekki nógu mikið fyrir sinn gjaldeyri til að geta haldið áfram, þær eru komnar í þrot, og þær leita til ríkisins og vilja fá ákveðnar greiðslur frá ríkinu. Á síðustu fjárl. var gert ráð fyrir í kringum 50 millj. kr. greiðslu sem sérstökum stuðningi til vissra greina sjávarútvegsins. Nú liggur fyrir, að það þarf að greiða þessum vissu greinum sjávarútvegsins miklu hærri fjárhæð. Það sjá því allir, að sú stefna, sem farin hefur verið, stefnir alveg beint á nýja gengisskráningu. Aðilar krefjast meira verðs fyrir sinn útflutning, og ríkið fer þegar í það að breyta í framkvæmd inni skráningu krónunnar. Það getur ekki verið nema stutt í það, að stigið verði skrefið til fulls, það verði ekki aðeins sölugengið á íslenzku krónunni, sem er orðið rangt, það er búið að breyta því með þessum skatti, heldur þarf einnig að víkja frá kaupgengi krónunnar hjá þeim, sem skila gjaldeyrinum í bankana, og það verður að fara að greiða þeim ákveðnar viðbótargreiðslur við hið skráða gengi. M. ö. o.: það er verið að sigla auðvitað beint inn í það mismunagengi, sem hér var ríkjandi áður og ríkisstj. taldi sig vera sérstaklega kosna til þess að breyta.

Ég veit, að sú afsökun er höfð uppi að þessu sinni, að hér sé um heldur lítið gjald að ræða, það sé aðeins ½% og því raski þetta ekki hlutföllunum mjög mikið. En það var líka svona, þegar hæstv. ríkisstj. lagði á sinn nýja söluskatt í smásölu með efnahagsráðstöfunum sínum árið 1960. Þá var þar aðeins um 3% gjald að ræða, og það var talið ósköp lítið og hóflegt gjald. Svo hækkuðu 3% upp í 5%, svo hækkuðu 5% upp í 7½%, var reyndar meiningin að hafa það 8%, en var þó snúið til baka. Þannig fer auðvitað fyrir þessu ½%. Það getur ekki öðruvísi farið, ef þetta á að vera sú leið, sem ríkisstj. ætlar að fara út úr þessum vanda, sem hún er komin í. Þá verður vitanlega þetta ½% gjald hækkað upp í 1—2% innan skamms og upp í enn fleiri prósent, þegar tímar líða.

Það gefur auðvitað auga leið, að slík gífurleg verðbreyting, sem átt hefur sér stað í landinu á undanförnum árum og er að eiga sér stað núna frá mánuði til mánaðar, fær ekki staðizt. Það, sem hefur bjargað, eins og hér hefur verið bent á áður, í þessum efnum, er aðeins það, að það hefur verið hægt að halda slíku við, að láta skráningu krónunnar, sem gerð var í ágústmánuði 1961, standast, en stöðva þó ekki svo að segja alla okkar útflutningsframleiðslu, — ástæðan er aðeins sú, að yfir hefur gengið alveg óvenjuleg aflagengd og mjög miklar og óvenjulegar verðhækkanir hafa verið á okkar útflutningsvörum á erlendum markaði. Um leið og dregur eitthvað úr þessari verðhækkun, er efnahagskerfið hrunið. Og ég trúi því ekki, að hæstv. forsrh. og aðrir þeir, sem um þessi mál hugsa, geri sér ekki grein fyrir því, að til þess arna hlýtur að koma innan skamms, því að það er verulega ólíklegt, að bæði aflinn og verðlagið á erlendu mörkuðunum haldi áfram með svipuðum hætti og verið hefur, t. d. s. l. 2 ár. Og hefur þó aflaaukningin og verðlagshækkunin á erlendum markaði varla haldið í við verðlagsþróunina innanlands. En allar horfur sýnast mér vera á því, að verðlagsþróunin innanlands haldi áfram með ekki minni hraða en verið hefur. Þá hlýtur þetta að steypast um koll, verði ekki fundin ný ráð. Þessi smáskammtalækningaraðferð, sem nú er tekin upp af hæstv. ríkisstj., að finna út nokkra smáskatta, fá að hækka aukatekjur ríkissjóðs, frv. um það var hér næst á undan á dagskránni, upp á 22 millj., það á að leggja á þennan litla gjaldeyrisskatt upp á 35 millj., það er hækkaður benzínskattur um 60 millj., og það á að leggja á sérstakt rafmagnssölugjald á alla rafmagnssölu í landinu upp á 40 millj., — slíkar leiðir sem þetta fá vitanlega engu bjargað. Það er aðeins hægt að sleppa í gegn í örfáa mánuði með ráðum sem þessum, en þau taka fljótt enda. Og þá er vitanlega ekki annað eftir en það, að það má fyrst byrja á því að hækka þetta um ½%, t. d. upp í 2—3%, og enn hækka bæturnar til vissra greina sjávarútvegsins, og síðan taka menn auðvitað kollhnísinn í einu lagi og breyta gengisskráningunni með tilheyrandi erfiðleikum á efnahagssviðinu.

Nei, hér er vitanlega ekki um neitt annað að ræða en það, að það þarf að takast á við vandamálið sjálft, sem er verðlagsþróunin innanlands. Ég veit, að þegar á þetta er minnzt, er gjarnan sagt, að það sé hægara að segja þetta heldur en að framkvæma það, og ég skal vissulega játa það. Hér er um mikið vandamál að ræða. En mér sýnist, að hæstv. ríkisstj. hafi enga tilburði uppi um að reyna að ná samkomulagi við þá, sem hún þarf að ná samkomulagi við, um að leggja einhverjar hömlur á verðhækkanirnar í landinu. Ég hef sagt það hér sem mína skoðun, að ég álít, að það fyrsta, sem þurfi að gera, ef eigi að reisa hér einhverjar hömlur gegn sihækkandi verðlagi í landinu, sé það, að ríkisstj. á að viðurkenna, að það verður ekki, eins og ástandið er í landinu, komizt hjá því að hafa fulla stjórn á verðlagningarmálunum, það þurfi að taka upp sterkt verðlagseftirlit, eins og málum er nú háttað hjá okkur. Það kerfi, sem nú er í gangi, að jafnmargir aðilar geti fengið að ráða verðlagningunni sjálfir eins og henni ráða nú, fær ekki staðizt. Hér ríkja ekki þau lögmál nú hjá okkur, að hið almenna framboð og eftirspurn geti haldið verðlagningunni í skefjum. Þeir eru allt of margir nú, sem geta ákveðið það í gróðaskyni að gerbreyta um verðlagningu svo að segja frá degi til dags. Þeir nota sitt frelsi á þann veg, og það er því alveg óhjákvæmilegt, að ríkisstj. taki þessi mál í sínar hendur og sjái um það, að verðlagið sé ekki spanað upp á þann hátt, sem verið hefur.

Auðvitað þarf ríkisstjórnin að brjóta þarna

nokkuð odd af oflæti sínu og játa það, að stefna hennar í verðlagningarmálunum hafi verið röng, hún fái ekki staðizt, það sé ekki skilyrði fyrir hana, eins og sakir standa. En hún verður að gera það. Og í öðru lagi tel ég, að ríkisstj. verði að viðurkenna það einnig, að það verði að taka fjárfestingarmálin öll undir nokkuð sterka stjórn, það sé ekki hægt að komast hjá því, eins og framkvæmdum og atvinnulífi öllu er nú háttað í okkar landi, þá verði að hafa hér stjórn á fjárfestingunni, annars fari í rauninni allt úr böndunum. Þessi takmarkaða stjórn, sem ríkið hefur reynt að hafa áhrif á, þ. e. a. s. á beinar framkvæmdir ríkisins eða opinberra aðila, nær allt of skammt. En það skal ég svo játa, að ríkisstj. þarf þá miðað við það ástand, sem nú er í okkar landi, því að það þarf að taka tillit til þess, að það er ekki aðeins mikið um beinar framkvæmdir, þ. e. a. s. stofnframkvæmdir, heldur er, sem betur fer, vil ég segja, þannig háttað í okkar landi, að atvinnuvegirnir standa þannig, að þeir gefa svo mikið af sér, þeir leggja svo mikið með sér núna, að þar verður meiri atvinnuþensla en er á venjulegum tímum, — það er vitanlega engin von til annars, það þurfa fleiri hendur að koma til, þegar aflinn vex um 20% eða þar yfir svo að segja á hverju ári. Og þar er um vissar greinar að ræða, sem gefa vel af sér, sem hafa þar af leiðandi fulla möguleika á því að ráðast í margháttaðar framkvæmdir, einnig í beinum tengslum við framleiðslulífið. En þetta ástand ásamt með fjárfestingarframkvæmdunum öllum, þetta er þannig, að það mun valda slíkri spennu í þjóðfélaginu, að það fær enginn við hana ráðið, nema höfð sé á þessum málum allsterk yfirstjórn. En ef ríkisstj. velur þá leiðina að ákveða, að hér skuli ráðizt í byggingu alúmíniumverksmiðju á þeim grundvelli, sem markaður hefur verið, og byggingu hins mikla raforkuvers um leið að sjálfsögðu, er málið í rauninni sjálfgefið, þá þarf ekkert nýtt eftirlit í þessum efnum, þá leggja menn bara upp laupana og gefast gersamlega upp, því að þá fær enginn aðili ráðið við það ástand, sem hér kemur upp, hvorki í verðlagsmálum né í sambandi við framkvæmdir í landinu. Þá verður aðeins um það að ræða, hvaða atvinnugreinar eigi að deyja drottni sínum, hverjar eigi að leggjast út af, gefast algerlega upp og hvert vinnuaflið fer, hvað stendur eftir, og það getur enginn sagt fyrir um það, hvernig verðlagsmálum okkar verður þá háttað eftir 3, 4 eða 5 ár. En sé meining þeirra, sem ríkinu stjórna, að reyna að hafa hemil á verðlagsmálunum í landinu og ráða eitthvað við efnahagsmálin sem heild, er alveg óhjákvæmilegt, að skipt sé um stefnu í grundvallaratriðum frá því, sem nú er og verið hefur að undanförnu.

Ég skal ekki við 1. umr. um þetta mál lengja hér umr. mjög. Ég vil aðeins lýsa því yfir, að við Alþb.-menn erum andvígir þessu frv. Við teljum, að hér sé farið inn á mjög varhugaverða braut, og hér er um eina tekjuöflunarleið af mörgum að ræða, sem ríkisstj. hefur verið með, sem eins og ég hef sagt eru allar þess eðlis, að þær fá ekki ráðið við þann vanda, sem við er að glíma.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Það er aðeins eitt atriði, sem mig langaði til þess að koma á framfæri í sambandi við báðar ræður hv. þm. stjórnarandstöðuflokkanna.

Það er á algerum misskilningi byggt, að hér sé um að ræða nokkuð svipað því, sem tíðkaðist mjög fyrr á árum, þegar innheimt var mismunandi hátt gjald fyrir gjaldeyrissölu til mismunandi þarfa. Þar var ótvírætt um áhrif á gengið að ræða, og með slíkum ráðstöfunum var ótvírætt um að ræða ákvörðun um misjafnt gengi, tvöfalt, þrefalt eða margfalt gengi. Það mjög smávægilega gjald, sem hér er um að ræða, kemur hins vegar hlutfallslega jafnt á alla gjaldeyrissölu og getur því með engu móti talizt eiga neitt skylt við það, sem almennt er kallað á máli fjármálamanna misjafnt eða margfalt gengi.

Seinna atriðið, sem ég vildi benda á og undirstrika, er, að það er líka alger misskilningur að setja þetta litla gjald á gjaldeyrissölu, hvort heldur er vegna veittra leyfa eða vegna frílistavöru eða þjónustu yfirleitt, í samband við gengi krónunnar, af þeirri einföldu ástæðu, að samkv. reglum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, og það eru einu alþjóðlegu reglurnar, sem til eru um þetta atriði, hafa löndin heimild til þess að hafa allt að 1% mun á kaupgengi og sölugengi. Alþjóðlegar heimildir eru fyrir því, að það sé munur kaup- og sölugengis hjá seðlabönkunum, sem yfirleitt skrá gengi gjaldeyris hlutaðeigandi lands, og að hafa þennan mun á kaup- og sölugengi allt að 1%. Breyting, sem gerð er umfram þetta á kaup- og sölugengi, er talin jafngilda almennri gengisbreytingu. Munurinn, sem nú er á kaup- og sölugengi alls gjaldeyris, sem íslenzkir gjaldeyrisbankar verzla með, er um ¼%, er um 0.25%, svo að jafnvel þó að þessu afgreiðslugjaldi sé bætt við þennan almenna mun á kaup- og sölugengi erlends gjaldeyris, sem hér er verzlað með, er samtalan af mun kaup- og sölugengis og þessu leyfis- og afgreiðslugjaldi ekki nema 0.75% eða enn verulega undir hinum algerlega leyfða mun á kaup- og sölugengi í viðskiptum með erlendan gjaldeyri.

Þetta vildi ég benda á og undirstrika, að með engu móti er hægt að kalla þetta smávægilega afgreiðslugjald bankanna breytingu á gengi ísl. krónunnar.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Það væri auðvitað tilefni til að segja margt um þær ræður, sem hér hafa verið fluttar af hálfu hv. stjórnarandstæðinga, en ég skal ekki lengja þessar umr. mikið.

Hv. 11. þm. Reykv. flutti hér, eins og vænta mátti, hógværa ræðu og dró fram ýmis atriði, sem við að vísu höfum heyrt hér í umr. um ýmis mál áður á þinginu, en raunar með hógværari hætti, sem hann flutti það, heldur en ýmsir flokksbræður hans hafa gert. Því miður verð ég þó að láta í ljós vonbrigði yfir því, að jafnglöggur maður skuli vilja taka upp málflutning eins og hann þó beitti hér. Ég efast ekkert um það, að hv. þm. hefur áhuga á því og fullan skilning a. m. k. á nauðsyn þess að

afgreiða greiðsluhallalaus fjárlög. Ég veit það jafnframt, að hv. þm. veit það mætavel, að greiðsluhallalaus fjárlög er ekki hægt að afgreiða nú án þess að afla nýrra tekna, það er útilokað. Og enda þótt væri nú gripið til þeirra aðgerða, sem hann og hans flokkur talar um og telur að þurfi að gera til umsköpunar á íslenzku efnahagskerfi og raunar hv. 5. þm. Austf. að nokkru leyti minntist einnig á og hefur áður gert hér, breytir það í engu neinu um fjárþörf ríkissjóðs, eins og sakir standa nú, ef menn eru andvígir því að létta af ríkissjóði útgjöldum. Og meginhluti hinna nýju útgjalda stafar að vísu af auknum rekstrarkostnaði, það er rétt, en það er vegna launahækkana, sem auðvitað verður að standa andspænis og við getum engu breytt um, og ég geri raunar ekki ráð fyrir því, þótt hv. stjórnarandstæðingar kæmust hér til valda, að þeir gætu fært til baka slíka kostnaðarliði, svo sem kauphækkanir og annað þess konar, þannig að það drægi úr útgjöldum ríkissjóðs. Öll slík nýsköpun, sem þeir boða í þessu efni, yrði þá væntanlega að horfa til framtíðarinnar og forðast það öngþveiti, sem þeir tala um, ef ekki yrði snúið við. Allt það horfir til þess, sem kemur, en ekki til þess vanda, sem við stöndum andspænis hér vegna kostnaðarauka, sem orðið hefur. Og óvefengjanlegt er, að ríkissjóður getur ekki, nema þá með því að stöðva fjárframlög sín til margvíslegra hluta, sem enginn hv. þm. hefur gerzt talsmaður fyrir, staðið undir þeim kvöðum, sem á hann eru lagðar, nema afla nýrra tekna. Það er ósköp einfaldur hlutur að telja hér upp 15—20 gjöld eða ég man ekki, hve mörg þau voru, sem hv. þm. talaði um, að ríkisstj. hefði lagt á borgarana. Ég held sannast sagna, að það sé sameiginlegt varðandi öll þessi gjöld, að sennilega hefur hv. Framsfl. verið á móti þeim. En hann var með öllum útgjöldunum, hann var bara á móti því að afla tekna til þeirra. Ég man um marga þessa skatta, — við skulum taka dæmi eins og iðnlánasjóðsgjald, — jú, jú, menn vildu gjarnan, t. d. hv. framsóknarmenn, afla meiri tekna í iðnlánasjóð, en það átti einfaldlega að gerast með því að láta ríkissjóðinn borga það, og auðvitað hefðum við þá staðið andspænis því, eins og ástatt er nú, að það hefði orðið að afla nýrra tekna fyrir ríkissjóðinn með einhverjum öðrum leiðum en fara út í þessa gjaldheimtu, og svona hygg ég, að megi telja upp flest þessara gjalda. Ég er ekkert hrifinn af öllum þessum smágjöldum og skal fallast á það með hv. þm., að það eru margvíslegir ókostir á því og það væri mikil þörf á því að taka til heildarendurskoðunar alla okkar gjaldheimtu. Það er ég honum efnislega sammála um. En að halda því fram, að þetta hafi ekki verið nauðsynleg gjöld, miðað við þær nýju þarfir, sem menn stóðu hér andspænis og í flestum tilfellum allir viðurkenndu, hvar sem þeir stóðu í flokki, held ég, að hljóti að vera mönnum ljóst, að er ekki frambærilegt.

Það má auðvitað vel halda því fram, að nýir skattar magni dýrtíð að vissu marki. En hins vegar held ég, að staðreyndin sé sú, eins og ég hef áður lagt áherzlu á, að vandi ríkissjóðs kemur yfirleitt alltaf eftir á, þannig að sá vandi, sem við erum að glíma við núna og hefur verið um langan aldur, stafar af því, að það hefur átt sér stað verðbólguþróun, sem komið hefur hart við ríkissjóðinn og hann neyðzt þess vegna til að afla nýrra gjalda til að mæta því, og þannig er það með fjárlög okkar fyrir árið 1966, að við stöndum andspænis þegar orðnum hlutum og verðum að mæta þeim. Það er alveg hárrétt, að viss tekjuöflun í þessu sambandi hefur, miðað við það kerfi, sem við búum við, viss verðaukaáhrif. Fram hjá því verður ekki gengið. Sumir hafa jafnvel haldið því fram, að það væru gallarnir við þessa nýju tekjuöflun ríkisstj., að hún hefði ekki nægileg verðaukaáhrif, vegna þess að hún kæmi ekki fram með fullum þunga í vísitölunni. En ég held, að það liggi nokkuð ljóst fyrir, að ef hún gerði það, væri til lítils unnið, vegna þess að hvert prósent í kauphækkun kostar ríkissjóð mikið fé.

Ég skal ekki ræða mikið þessi almennu atriði, en vildi aðeins leggja áherzlu á þetta, sem raunar ætti ekki að þurfa og ég veit, að þessi hv. þm. og hv. 5. þm. Austf. einnig veit, að fram hjá því verður ekki komizt nú að afla nýrra tekna til að afgreiða greiðsluhallalaus fjárlög, og ég hef ekki heyrt neinn, ekki einu sinni af hálfu hv. stjórnarandstæðinga, halda því fram, að það væri ekki rétt stefna, og meira að segja hafa sumir þeirra haldið því fram, að það væri teflt á of tæpt vað hjá ríkisstj. um afgreiðslu fjárl. Og hv. framsóknarmenn tóku þá afstöðu, sem ég er alls ekki að lasta, að flytja ekki brtt. við útgjaldahlið fjárl., vegna þess að þeir vildu ekki með því stuðla að því, að fjárlög væru afgreidd með greiðsluhalla. En það er ekki fullt samræmi í því að hafa slíka afstöðu, en neita þó að horfast í augu við þær staðreyndir, sem við blasa einnig, að til þess að þetta verði auðið, verður að afla þeirra tekna, sem ríkisstj. hefur farið fram á. Við getum deilt um það, hvernig eigi að afla þeirra, og menn geta haft mismunandi skoðanir á því. En það er ekki hægt að vera einfaldlega á móti öllum þessum leiðum án þess að segja þá, með hvaða hætti þetta á að gerast. Það er ekki hægt að vera á móti smáskattaleiðinni, ef menn fordæma hana, nema þá þeir vilji fara út í einhverja stórskatta. Það er ekki hægt eins og sakir standa.

Varðandi svo þetta gjald, sem hér er um að ræða, þennan skatt, sem vissulega er lítill og auðvitað er fjarri lagi að halda fram að hafi áhrif til gengislækkunar, — það hefur hæstv. viðskmrh. rækilega útskýrt, — að það eigi sérstaklega að falla frá honum, þá er ég ekki alveg viss um, að það sé raunveruleg skoðun hv. framsóknarmanna, að umfram allt eigi að falla frá þessum skatti. Þeir hafa verið á móti öllum þeim till., sem fluttar hafa verið um það að afla ríkissjóði tekna eða létta af honum útgjöldum, og ég hefði haldið, a. m. k. miðað við þá till., sem þeir fluttu við 2. umr. fjárl., að þetta væri ekki endilega sá skatturinn, sem þeir legðu mesta áherzlu á, að fallið væri frá. Auðvitað veit ég, að hv. þm. er það glöggur maður, að hann veit, að 10 millj. kr. greiðsluafgangur á

fjárl. við 2. umr. fjárl., — ég er ósköp hræddur um, að hann eigi eftir að fjúka, og það er vitanlegt, að ýmis útgjöld bíða, sem verður ljóst um, þegar frv. kemur til 3. umr. Og það er jafnframt ljóst og hefur ekki verið gagnrýnt af neinum, að áætlanir þær um tekjur ríkissjóðs á næsta ári, að svo miklu leyti sem hægt er að gera nákvæmar áætlanir, eru í hámarki, og það hefur ekki verið dregin undan þar nokkur króna, miðað við þær áætlanir, sem Efnahagsstofnunin hefur gert, þannig að hér teflum við auðvitað á fremstu nöf, og mundi ég miklu fremur vilja játa þá gagnrýni, sem hv. stjórnarandstæðingar hafa borið fram á fjárlagaafgreiðsluna, að hún væri ógætileg að þessu leyti, heldur en hitt, að teknanna þyrfti ekki með.

Varðandi farmiðagjaldið vil ég taka það fram, að það hefur ekki verið nákvæmlega sagt frá í blöðum þeim orðum, sem ég hef látið um það falla. Auðvitað gerði maður sér grein fyrir því í stórum dráttum, hvað það gjald mundi gefa, og vissum úrræðum til að leggja það á. Hitt er alveg rétt, og má leggja mér það til lasts eftir atvikum, að á þessu gjaldi eru ýmsir annmarkar. Það er eftir því, hvernig á að leggja það á, og það kom fram á því ýmiss konar gagnrýni og ábendingar um einstök atriði í því sambandi, sem gerðu það að verkum, að það yrði jafnvel talið nauðsynlegt að hafa þar undanþágur meiri en upphaflega var gert ráð fyrir, þegar ég gerði grein fyrir þessum tekjustofni. Ég skal fúslega játa á mig þá sök, ef menn telja það nokkra sök, að ég hafi lagt til, að þetta gjald væri á lagt, og ég skal jafnframt taka það fram enn, að ég álít, að þetta gjald sé mjög sanngjarnt og eðlilegt, og get þar vísað til þess, sem ég sagði í minni fjárlagaræðu, og málefnalega stendur mín skoðun í því efni algerlega óbreytt. Hér var auðvitað um hreinan lúxusskatt að ræða. En það má segja, að það sé á vissan hátt gleðiefni fyrir okkur, að þróunin í þjóðfélaginu sé orðin þannig, að það sé talið eðlilegt, að allur þorri þjóðfélagsborgara geti veitt sér það að fara til útlanda. Fyrir ekki mörgum árum var almennt í vissum blöðum talað um lúxusflakk til útlanda, og þótti þá sem það væri mikill munaður, og vissulega er þetta einhver mesti munaður, sem við veitum okkur, það skulum við játa. Hitt er svo allt annað mál, að vilja gjarnan veita sér þennan munað. En þegar er verið að leita að úrræðum til þess að afla nýrra tekna, er kannske ekki óeðlilegt, að slíkra leiða sé leitað, og það skal jafnframt játað, að það hefur komið fram á þessu gjaldi ýmiss konar gagnrýni og það m. a. innan stjórnarflokkanna, það er líka rétt, þannig að það er þarna samspil ýmissa orsaka, sem veldur því, að það hefur verið horfið frá þessu gjaldi og inn á þá leið, sem hér hefur verið gerð grein fyrir. Þessi leið hefur aldrei verið mér neitt trúaratriði, eins og ég gerði grein fyrir við 1. umr. fjárl., heldur taldi að sjálfsögðu ríkisstj. sér þá þegar skylt að benda á leiðir, sem hún teldi færar til þess að afgreiða greiðsluhallalaus fjárlög, en ekki það, að hún teldi ekki með nokkru móti hægt að hugsa sér, að það væru einhverjar aðrar leiðir til, sem gæti verið almennari samstaða um. Þetta er nú efni málsins.

Hv. 11. þm. Reykv. sagði, að ríkisstj. væri sómi að því að hverfa frá því, sem sýndi sig af almennri gagnrýni að væri rangt, og auðvitað er sjálfsagt að breyta til, ef menn telja, að rangt hafi verið gert. Það er ég honum algerlega sammála um. Um þau dæmi, sem hann nefndi í þessu sambandi, að ríkisstj. hefði hörfað annars vegar vegna kaupbindingarl. á sínum tíma og hins vegar vegna síldveiðideilunnar í sumar, veit hv. þm. það eins vel og ég, að sá tilgangur, sem að var stefnt með báðum þessum lögum, náðist með öðrum hætti með samkomulagi, og það getur aldrei verið neitt höfuðmál að þvinga endilega í gegn löggjöf, ef hægt er að leysa mál með friðsamlegum hætti og samkomulagi. Þetta vitum við öll, og ég tel, að það hefði verið miður farið að vera að knýja fram lög eins og t. d. kaupbindingarl., eftir að það lá ljóst fyrir, að það var hægt að ná samkomulagi um, að breytingar yrðu ekki gerðar eða kröfur fram bornar eða knúin fram verkföll á þeim tíma, sem þessi binding átti að gilda.

Varðandi svo það, sem bæði hv. 11. þm. Reykv. og hv. 5. þm. Austf. tóku fram, að kröfugerðin stefni afkomu okkar atvinnuvega í hættu, er ég þeim báðum algerlega sammála um það. og ég er þeim sömuleiðis sammála um það, að dýrtíðaraukningin er alvarleg og það er hin mesta nauðsyn að spyrna þar gegn fótum. Ég er hins vegar ekki sammála hv. 5. þm. Austf. um það, að ríkisstj. hafi enga tilburði sýnt í þessu efni. Það hefur verið tekið upp viðtækara samstarf við launþegasamtök en nokkru sinni áður, að ég hygg, í raunveruleikanum hefur verið upp tekið til þess að reyna að fá þar einhverja samstöðu til þess að taka á kjarna málsins, því að eins og ég sagði í fjárlagaumr., tjóar auðvitað ekki, að við tölum hér um dýrtíð og andstöðu gegn dýrtíð og annað þess konar, ef við viljum ekki í alvöru horfast í augu við kjarna dýrtíðarvandamálsins og þess samspils, sem þar er um að ræða, heldur reynum að blekkja okkur með því, að það sé hægt að leysa þetta mál með einhverjum einföldum leiðum, sem helzt komi ekki við neinn. Það er auðvitað algerlega út í hött. Við leysum ekki vandann þannig. En það er hárrétt, sem 5. þm. Austf. sagði, að það er fyrst og fremst hinn mikli afli og hið góða verðlag okkar útflutningsvöru, sem hefur komið í veg fyrir stórfelld vandræði hjá útflytjendum, vegna þess að dýrtíðin hefur aukizt meira en góðu hófi gegnir. Þetta er hárrétt. Og það er auðvitað tímabundið, hvað slíkt getur gengið, þannig að ríkisstj. getur áreiðanlega tekið undir það og hefur reyndar æ ofan í æ gert, að hún varaði við þeim afleiðingum, sem samspil kauphækkana og verðhækkana til skiptis hlýtur að hafa og valda okkur hinum mestu erfiðleikum. Þetta er hins vegar ekki íslenzkt vandamál sérstaklega. Það leysir auðvitað ekki okkar vanda að standa andspænis því. En það virðist svo, að jafnvel erlendis víða sé þróunin að verða stórstígari en hefur áður verið í ýmsum löndum. En það breytir ekki hinu, að það væri mjög

ömurlegt, einmitt vegna þess, hvað við búum við mikið góðæri, ef við gætum ekki haldið svo á okkar efnahagsmálum, að það væri hægt að tryggja traustan grundvöll framleiðslunnar og eðlilega þróun í útgjaldamálum ríkisins og efnahagsmálum þjóðarinnar yfirleitt. Undir þetta skal ég fullkomlega taka. En það tjóar ekki, eins og ég hef áður sagt, að leyna fyrir sér kjarna málsins og tala almennt um þetta, eins og þetta sé hægt að gera með einhverjum einföldum hætti, sem ekki snerti neinn, og vilja ekki horfast í augu við þann vanda, sem þegar er við að fást og er sannarlega ekki nýr í sambandi við okkar fjárlagaafgreiðslu nú. Það er gamalt mál. Og ég man eftir, að á sínum tíma meira að segja var það vandamál svo mikið hjá vinstri stjórninni, að þá var lagt fram fjárlagafrv., án þess að það væri talinn möguleiki þó að gegna þeirri — ég vil segja frumskyldu ríkisstjórnar, að gera grein fyrir því, hvernig hún ætlaði sér að jafna hallann á fjárlögum. Ég er ekki að saka hana um það, að þessi halli hafi verið. Það leiddi af þróuninni, sem þá var, alveg eins og það leiðir af þróuninni nú, að við stöndum andspænis halla, en að sjálfsögðu kemst ríkisstj. ekki hjá því að jafna þann halla og gera tillögur um það. Hún verður að sæta þeirri gagnrýni, sem hún fær. En ef menn vilja vera ábyrgir, eins og hv. stjórnarandstæðingar tala um í öðru orðinu, tjóar ekki aðeins að tala um það í öðru orðinu, en vilja svo ekki viðurkenna staðreyndir í hinu.

Einar Ágústsson: Herra forseti. Það eru aðeins örstuttar athugasemdir í tilefni af ræðum þeirra tveggja hæstv. ráðh., sem hér hafa talað.

Ég vildi í fyrsta lagi leyfa mér að leiðrétta þann misskilning, sem mér virtist koma fram hjá hæstv. viðskmrh., að ég hefði í minni ræðu áðan talað um misjafnt gengi eða gengislækkun. Það gerði ég ekki. Ég undirstrikaði einmitt í ræðu minni, að það væri höfuðókostur og versta afleiðing af því frv., sem hér er lagt fram, að hækkunin af því legðist á alla vöru og hækkaði allt verðlag í landinu, það yrði undirstaða undir nýjum söluskattsálögum og það yrði tilefni til nýrra verðhækkana, vegna álagningarhækkunar þeirra, sem fást við verzlun. Þetta er það, sem ég sagði um það atriði, og ég mun hafa tekið þannig til orða, að frv. hefði gengislækkunaráhrif að þessu leyti, og það held ég, að ég geti fyllilega staðið við.

Hitt er svo annað mál, fyrst farið er að ræða þetta frekar, þá get ég vel tekið undir það, sem hér hefur áður verið sagt af hv. 5. þm. Austf. (LJós), að þessi ráðstöfun er mjög líkleg til þess að leiða til gengislækkunar. Hún er meðverkandi orsök í því, að framleiðslukostnaður í landinu verði svo hár, að þeir, sem flytja varning sinn út, þurfi að fá uppbætur á sína gjaldeyrissölu til þess að geta staðið undir framleiðslukostnaðinum. Þess vegna getur dregið til þess. Ég er því sammála, að það hafi alvarlegri áhrif en þetta ½% eitt út af fyrir sig gefur ástæðu til að ræða um nú.

Hæstv. fjmrh. sagði, að það væri óhjákvæmilegt að afgreiða greiðsluhallalaus fjárlög og allir flokkar á Alþ. mundu vera sammála um það, og það hygg ég, að sé alveg rétt. Ég hygg, að allir þeir, sem hér eiga sæti og um það hafa tjáð sig, hafi lýst sig á einu máli um það, að ekki kæmi annað til greina en að afgreiða fjárlögin greiðsluhallalaus, þótt um slíkt megi vissulega deila, og ég minnist þess að hafa séð kenningar, sem ganga í aðra átt, og það er áreiðanlega til, það álít þeirra, sem telja má sérfræðinga, að það sé ekki höfuðatriði að afgreiða fjárlög greiðsluhallalaus. En ég veit það, að a. m. k. minir flokksmenn hafa lagt áherzlu á það að afgreiða fjárlögin greiðsluhallalaus, og ég tek undir það. En hæstv. fjmrh. sagði í tilefni af því, að útilokað væri að ná endunum saman nema fá nýja tekjustofna. Þetta vil ég segja, að sé fullyrðing, sem mjög erfitt sé að sanna. Ég hélt því fram áðan í minu máli, að svo lítið bæri á milli í 4 milljarða fjárlagafrv., að ekki mætti ná þeim litla mun með öðrum ráðstöfunum en þeim að leggja á nýja tekjustofna. Er það alveg víst, að þær tekjuáætlanir, sem eru í fjárlagafrv., séu svo þandar, að ekki sé þar smuga fyrir þessa litlu fjárhæð? Þetta er lítil fjárhæð í öllu því flóði, sem hér er um að ræða. Og er það alveg þrautreynt, að engir þeir liðir séu á fjárlagafrv., sem megi spara þessa litlu fjárhæð á? Ég hygg, að þessu sé ekki svarað með því einu að segja: Þetta er ekki hægt. — Ég skal hins vegar viðurkenna það, að ég hef ekki hér á reiðum höndum tillögur um það, hvar eigi að spara þær 15—20 millj., sem virðist vanta til þess að ná þessum endum saman. En ég tel, að þær mundu finnast, ef vel væri eftir þeim gáð og ef þeir sem ráða ákvæðu að finna þær.

Ég ætla ekki að fara hér út í langar deilur um hina hógværu ræðu hæstv. fjmrh., ég ætla mér ekki að fara að stofna til neins eldhúsdags hér í tilefni af þessu frv., en hann sagði þó, að vandi ríkissjóðs kæmi alltaf á eftir, ríkissjóður þyrfti ævinlega að útvega tekjur til þess að standa undir þeim hækkunum, sem þegar væru orðnar. Þetta er náttúrlega alveg rétt. Svona hlýtur þetta alltaf að verða, þangað til farið er að fikra sig út úr verðbólguvandanum, þangað til tekið er á rótum meinsins, þangað til aðrir stjórnarhættir eru teknir upp. Meðan alltaf er látið undan og alltaf er leitað að nýjum tekjustofnum til þess að mæta þeim hækkunum, sem verða, verður vandi ríkissjóðs alltaf eftir. En hann á ekki að vera það. Það er ríkisstj., sem á að stjórna landinu. Það er hún, sem á að marka stefnuna. Og það er hún, sem á að koma í veg fyrir það, að þessi þróun haldi áfram, og það er þjóðarnauðsyn.

Hæstv. ráðh. sagði, að það þýddi ekki að slá fram fullyrðingum um það að taka út tekjustofna án þess að segja, hvernig þá ætti að ná endunum saman. En ég segi aftur: ég tel, að það hljóti að vera hægt að ná þessum endum saman með því að draga úr ríkisútgjöldum að þessu leyti, og ég hef ekki fengið neina fullnaðarsönnun fyrir því, að tekjuáætlanir fjárl. séu svo strengdar, að það sé ekki von til þess, að þær gefi þessa litlu fjárhæð til viðbótar í tekjur við það, sem áætlað er í frv.

Viðkomandi farmiðagjaldinu ætla ég ekki að

fara að endurtaka mikið af því, sem ég áðan sagði. Hæstv. ráðh. sagði, að það væri lúxusskattur og það væri a. m. k. sumra manna mál, að það væri rétt að skattleggja lúxusinn, óþarfann. Þetta get ég að nokkru leyti tekið undir. Ég lýsti því sem einum höfuðgallanum við það nýja frv., sem hefur verið lagt fram, að hann væri einmitt sá, hversu jafnt hann legðist á, ef svo mætti segja, hversu almennur tilkostnaður hækkaði sem afleiðing af honum. Ég get að mörgu leyti tekið undir það, að ýmiss konar óþarfa sé rétt að skattleggja öðru fremur. Hitt er svo annað mál, hvað menn vilja lengur telja ferðalög til útlanda mikinn óþarfa. Það er allmikil tízka nú, að fólk fari til útlanda til að ná sér í sumarauka, og ég hygg, að það sé alveg rétt, sem hæstv. ráðh. sagði, að það sé ekki lengur miðað við neinar forréttindastéttir, þannig að vera má, að af þeim ástæðum beri ekki að tala um sumt af þessum ferðalögum sem óþarfa. En höfuðgallinn á því frv., sem hér liggur fyrir, er einmitt sá. að hann hækkar allan kostnað fólks, hann kemur inn á öll heimili. Það er ekki bara fólkið, sem hugsar til þess að ferðast, sem verður að greiða þennan skatt, það eru engu síður þeir, sem heima sitja og ekki hafa tök á því að ferðast. Og það er það ásamt afleiðingum hans á verðbólguvandamálið, sem er höfuðgalli á þessu frv. og veldur því, að ég er því mótfallinn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til fjhn. með 24 shlj. atkv.

Á 30. fundi í Nd., 14. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 149, n. 171 og 174).

Frsm. meiri hl. (Davíð Ólafsson): Herra forseti. Fjhn. hefur haft þetta frv. til meðferðar, en ekki orðið sammála um afgreiðslu þess, sem kemur fram í því, að fram hafa verið lögð 3 nál., frá meiri hl., þar sem lagt er til, að frv. verði samþ. óbreytt, og tvö minnihlutaálit, þar sem lagt er til, að frv. verði fellt.

Hér er um að ræða heimild til að innheimta gjald af allri gjaldeyrissölu bankanna, er nemi ½%, og er þetta einn liður í þeirri meginstefnu, sem fram hefur komið við afgreiðslu fjárl., að afgreiða fjárlög hallalaus. Tekjur af þessu ½% gjaldi skulu renna að mestu leyti í ríkissjóð, og nú fyrir nokkrum mínútum hefur verið samþ. hér í Sþ. í fjárl. liður, sem svarar til þeirrar upphæðar, sem hér er gert ráð fyrir að innheimta af gjaldeyrissölu. Meiri hl. fjhn. leggur því til, eins og ég hef þegar skýrt frá, að frv. verði samþ. óbreytt.

Frsm. 1. minni hl. (Lúðvík Jósefsson): Herra forseti. Eins og fram kemur í nál. fjhn.. gat hún ekki orðið sammála um afgreiðslu þessa máls. Það hafði reyndar komið fram við 1. umr. málsins, að skiptar skoðanir mundu vera um þetta mál. Með frv. er lagt inn á þá braut að leggja sérstakan gjaldeyrisskatt á allan seldan gjaldeyri, og þó að þessi skattur sé ekki ýkjahár í fyrstu, er mjög hætt við því, að hann verði hækkaður fljótlega. Og þegar það er svo aftur haft í huga, að þegar er komið upp það ástand, að það þykir orðið þurfa að greiða þeim einnig vissar bætur, sem afhenda gjaldeyrinn bönkunum, sýnist mér, að það styttist óðum í það, að gripið verði til beinnar gengislækkunar. Af þeim ástæðum vara ég fyrir mitt leyti við því að fara inn á þessa braut og tel, að einmitt till. um það að taka upp þennan skatt ættu að verða til þess, að menn íhuguðu betur ráð sitt og reyndu í fullri alvöru að finna leiðir til þess að sleppa út úr þeim vanda, sem komið er í varðandi verðlags- og dýrtíðarmálin í landinu.

Ég sé ekki ástæðu til þess að ræða þetta frekar en ég gerði við 1. umr. Málið er tiltölulega einfalt og glöggt og liggur ljóst fyrir öllum þm. Hér er um „prinsip"-ákvörðun að ræða, hvort á að fara inn á þessa braut eða ekki, og við Alþb.-menn tökum afstöðu gegn þessu frv. og leggjum til, að það verði fellt.

Frsm. 2. minni hl. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess að hafa langa framsögu um álit okkar hv. 1. þm. Norðurl. v. um þetta frv. N. hefur ekki orðið sammála, eins og komið hefur hér fram, og við stöndum að nál., sem lagt hefur verið fram á þskj. 174.

Þegar málið var til 1. umr., gat ég með örfáum orðum um þá afstöðu okkar Framsfl.-manna, að við mundum verða á móti þessu frv., og ég get að langmestu leyti vísað til þess, sem ég þá sagði um þær ástæður, sem því valda, — ég ætla ekki að endurtaka það hér. Við erum mótfallnir þessum skatti vegna þess, að hann eykur dýrtíðina. Við teljum, að nú sé þörf á sterkum ráðstöfunum til þess að draga úr verðbólgunni, en ekki heppilegt að gera ráðstafanir slíkar sem þær, sem þetta frv. leiðir til, að auka verðbólguna. Það er sagt, að þetta frv. muni ekki hafa mikil áhrif, ½% þykir ekki há tala, og það má vissulega til sanns vegar færa á þessum tímum. En þó stefnir það í þá áttina, sem við teljum óheillavænlega. Það hefur verið talað um, að gjaldið mundi gefa 35 millj. kr. í ríkissjóð, en þegar ég talaði hér við 1. umr., óskaði ég eftir upplýsingum um það frá hæstv. ráðh., hvaða heildartekjur ríkissjóður mundi hafa af þessu gjaldi, þ. e. a. s. þegar búið væri að reikna þær tekjur af söluskatti, sem óhjákvæmilega leggjast ofan á þetta gjald, að því er til innflutningsins tekur. Þessari fsp. hef ég ekki fengið svarað þrátt fyrir nokkrar eftirgrennslanir. En ég tel, að það sé eiginlega lágmarkskrafa fyrir hv. alþm. að vita, hvað þeir eru að samþykkja, þá sem það ætla að gera. Þess vegna vildi ég mælast til þess, ef það þætti ekki ofverk, að það yrði upplýst um þær áætlanir, sem um þetta hafa verið gerðar, því að þær hljóta að hafa verið gerðar.

Þá er enn fremur augljóst, að skatturinn kemur til með að hafa hækkandi áhrif á vöruverðið, einnig að því er snertir það, að álagning mun leggjast á hærri stofn. Það eru að vísu ekki ríkistekjur, en það eykur framfærslukostnaðinn, og mér finnst, að það ættu einnig að liggja fyrir einhverjar athuganir á því, hvaða heildarafleiðingar setning þessara laga mundi hafa fyrir vöruverðið, og ég tel, að þm. þurfi að vita

þetta. Ég mundi a. m. k. mjög gjarnan vilja vita þetta, ef ég ætlaði mér að ljá þessu máli lið.

Þessi tekjuöflun kemur í staðinn fyrir ferðaskatt, sem ráðgerður var og var afturkallaður vegna þess, hve hann var óvinsæll og hversu mikið af mótmælabréfum gegn honum barst til hæstv. ríkisstj. Ég er ekki frá því, að móttökur þessa skatts verði eitthvað svipaðar. Það er ekki langt síðan hann sá dagsins ljós hér á hv. þingi, en þó hygg ég, að nú þegar hafi borizt hæstv. ráðh. mótmæli gegn honum, og mér er a. m. k. kunnugt um það, að samtök íslenzkra námsmanna erlendis hafa sent mótmæli gegn þessum skatti, og mér er alls ekki grunlaust um, að fleiri muni á eftir koma. Ég talaði um það við 1. umr., að þessi mundi geta orðið raunin á, og leyfði mér að vara hæstv. ráðh. við því að halda áfram með þennan skatt. taldi mig hafa ástæðu til þess að vonast til, að hann yrði einnig afturkallaður eins og farmiðaskatturinn, þegar sýnt yrði, hvaða móttökur hann fær. Nú er séð, að svo verður ekki gert, þar sem talið er, að óhjákvæmilegt sé að afla þessara tekna til þess að afgreiða greiðsluhallalaus fjárlög, þrátt fyrir það að hér er um hreina smámuni að ræða samanborið við heildarniðurstöðutölur fjárl. þessu sinni, og því er sýnt, að haldið verður áfram með þessa tekjuöflun, og við framsóknarmenn munum verða á móti þessu frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 20:17 atkv.
2. gr. samþ. með 20:8 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21:14 atkv.

Á 31. fundi í Nd., 15. des., var frv. tekið til 3. umr. (A. 149, 184).

Frsm. 1. minni hl. (Lúðvík Jósefsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja hér eina litla brtt. við frv. Hún er í þskj. 184 og er um það, að fram verði tekið, að þetta sérstaka gjald, sem nú er ætlað að leggja á alla gjaldeyrissölu, skuli þó ekki leggjast á gjaldeyri, sem seldur er vegna námskostnaðar og sjúkrakostnaðar. Það hefur verið þannig haldið á þessu stundum áður, þegar svipuð gjöld hafa verið á lögð, að gjaldeyrissala í þessu skyni hefur verið undanþegin, og þó að hér sé ekki um verulega hátt gjald að ræða enn, tel ég, að allmiklu máli skipti að gæta þess, að þessi nýju gjöld lendi ekki á þeim aðilum, sem hér um ræðir. Ég hygg, að gjaldeyrir, sem veittur er vegna námskostnaðar, sé kominn nokkuð yfir 60 millj. kr. á ári, og gjaldið mundi því a. m. k. nema 300—350 þús. kr. til útgjaldaauka fyrir námsmenn, ef gjaldið yrði lagt einnig á námsgjaldeyri. Ég held, að það geti ekki skipt neinu verulegu máli fyrir ríkið, þó að þessi undanþága sé veitt, og undanþágan er í þessu tilfelli um mjög afmörkuð og hrein atriði, og vil ég því vænta, að ríkisstj. geti fallizt á að undanþiggja gjaldeyrissölu í þessu tilfelli.

ATKVGR.
Brtt. 184 felld með 21:12 atkv.
Frv. samþ. með 21:11 atkv. og afgr. til Ed.

Á 29. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 30. fundi í Ed., s. d. var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Það er ekki ýkjalangt síðan allur innflutningur til landsins var háður leyfisveitingum, og hið sama var að segja um ráðstöfun á gjaldeyri til annarra þarfa en vöruinnflutnings. Þá tíðkaðist, að innheimt var svonefnt leyfisgjald af þeim leyfum, sem gefin voru út til vöruinnflutnings eða annarrar ráðstöfunar á gjaldeyri. Var þetta leyfisgjald notað til þess að standa undir kostnaði við innflutningsskrifstofu eða stofnun, sem annaðist leyfaúthlutun, þótt undir ýmsum nöfnum væri, og hafði sú skrifstofa raunar á síðari árum sinnt fleiri verkefnum, svo sem t. d. verðlagseftirliti. Það eru því ekki nema 5—6 ár síðan í raun og veru var tekið gjald af öllum vöruinnflutningi til landsins og allri ráðstöfun gjaldeyris til annarra þarfa en vöruinnflutnings, og hafði svo verið um áratuga skeið.

Á þessu var gerð gagnger breyting á árinu 1960, þegar ákveðið var að gefa verulegan hluta af innflutningi til landsins frjálsan og látið sama gilda um ráðstöfun gjaldeyris til ýmissa annarra þarfa. Samtímis var svonefnd innflutningsskrifstofa lögð niður, en slík skrifstofa hafði þá starfað um þriggja áratuga skeið undir ýmsum nöfnum til þess að hafa yfirstjórn á innflutningshöftunum og þeim takmörkunum, sem voru á ráðstöfun erlends gjaldeyris. Þegar þessi breyting var gerð 1960 og skrifstofan var lögð niður, var öðrum aðila falið að hafa með höndum þá leyfisútgáfu, sem enn var við haldið, og um það bil ⅛—⅛ hluta af vöruinnflutningnum. Bankarnir ásamt viðskmrn. tóku að sér að starfrækja skrifstofu, sem hafa skyldi þessa leyfisútgáfu með höndum, og var í lögunum, sem þá voru sett, l. um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála, heimilað að innheimta allt að 1% gjald af leyfum til vöruinnflutnings og leyfum til annarrar gjaldeyrisnotkunar til þess að standa undir kostnaði við þessa svonefndu gjaldeyrisdeild bankanna og jafnframt til að standa undir kostnaði við verðlagseftirlit, en skrifstofuhald innflutningsskrifstofu og verðlagseftirlits hafði áður verið sameiginlegt.

Síðan 1960 hefur þeirri stefnu verið haldið áfram að undanþiggja æ fleiri vörur og æ fleiri tegundir af gjaldeyrisráðstöfunum undan leyfisveitingum, svo að þetta svonefnda leyfisgjald hefur verið innheimt af síminnkandi hluta vöruinnflutnings og gjaldeyrisráðstöfunar. Auk þess var heimildin aldrei notuð að fullu. Heimild til 1% leyfisgjalds var aldrei notuð nema að hálfu leyti. Síðan 1960 hefur leyfisgjaldið numið ½%.

Á s. l. ári námu tekjur af þessum ½% leyfisgjöldum 6.9 millj. kr., og var þeim ráðstafað þannig, að 3.3 millj. var varið til þess að greiða

kostnað við leyfaúthlutun og 3.6 millj. var varið til þess að greiða kostnað við verðlagseftirlit.

Það hefur verið rætt nokkuð undanfarið, að ástæða væri til þess að hækka nokkuð leyfisgjaldið með sérstakri hliðsjón af því, sem ég gat um áðan, að leyfisgjaldið hefur á undanförnum árum verið innheimt af æ minnkandi hlutfallstölu af innflutnings- og gjaldeyrisráðstöfunum. Af því hefur þó ekki verið látið verða. Í þessu frv. felst það hins vegar, að heimilt er að hækka leyfisgjald úr ½% upp í 1% og jafnframt að innheimta smávægilegt afgreiðslugjald af gjaldeyrisráðstöfun til vöruinnflutnings og annarra þarfa, sem ekki eru háðar leyfisveitingum, þannig að verði þetta frv. samþ., eins og þegar hefur verið gert í Nd., mun framvegis verða um að ræða 1% gjald af þeim vöruinnflutningi og þeirri gjaldeyrisráðstöfun, sem háð er leyfisveitingum, en ½% gjald af ráðstöfun gjaldeyris til annarra þarfa en þeirra, sem háðar eru leyfisveitingum. Er áætlað, að heildartekjur af gjöldum skv. þessu frv. muni nema um 35 millj. kr.

Það er rétt, að ég láti þess getið þegar í upphafi þessarar umr. hér í hv. Ed., sem ég tók fram að gefnu tilefni í umr. í hv. Nd., að með engu móti verður litið á ákvæði þessa frv. sem tilraun til gengisbreytingar eða raunverulega gengisbreytingu, af þeim ástæðum, sem nú skal greina:

Í reglum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, sem flest aðildarríki Sameinuðu þjóðanna eru aðilar að, er gert ráð fyrir heimild til þess að hafa mismun kaup- og söluverðs á erlendri mynt eða erlendum gjaldeyri allt að 1%. Sú umboðsþóknun, sem seðlabönkum eða gjaldeyrisbönkum er heimilt að taka fyrir að verzla með erlendan gjaldeyri, má nema allt að 1%. Í gengisbreytingarlögunum frá 1960 var ákveðið að nota þessa heimild aðeins að mjög litlu leyti. Þar var ákveðið, að mismunur kaup- og sölugengis skyldi vera aðeins ¼%. Munur sölugengis annars vegar og kaupgengis hins vegar, sitt hvorum megin við stofngengi, er ekki nema um 0.25% eða ¼%.

Jafnvel þó að þessu ½% afgreiðslugjaldi, sem bankarnir nú taka, sé bætt við þann gengismismun, sem nú á sér stað í gjaldeyrisviðskiptum, verður hann 1%, eins og alþjóðlegar heimildir segja til um, á leyfisvörum, þ. e. þeim um það bil 10% af vöruinnflutningi, sem enn þá er háður leyfisveitingum, og þeim gjaldeyri til annarra þarfa, sem háður er leyfisveitingum. En að því er snertir aðra gjaldeyrisráðstöfun nemur þessi mismunur 0.75% og er þannig ¼ undir því, sem alþjóðlegar venjur og reglur segja til um. Er rétt að taka það fram, fyrst þessu máli hefur verið hreyft á annað borð, að hér getur með engu móti verið um að ræða og má með engu móti skoðast, að með þessu afgreiðslugjaldi, sem hér er heimilað, sé að neinu leyti verið að hrófla við gengi íslenzks gjaldeyris.

Að svo mæltu, herra forseti, leyfi ég mér að leggja til, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Ég skal ekki á þessu stigi hafa langt mál um þetta frv. Það er sakleysislegt og lætur lítið yfir sér, og þó held ég, að segja megi, að sú ræða, sem hæstv. menntmrh. var að ljúka hér við að flytja, hafi í raun og veru látið enn þá minna yfir sér en þetta frv., sem hér liggur fyrir.

Mér fannst af ræðu hæstv. menntmrh., að hér væri um hálfgert feimnismál að ræða. Það er að sjálfsögðu svo, að það vekur strax athygli, að það skuli vera hæstv. viðskmrh., sem mælir fyrir þessu frv., en ekki hæstv. fjmrh., vegna þess að þegar málið er skoðað niður í kjölinn, og þarf ekki lengi að leita, þá er hér um hreint skattamál að tefla, fjáröflunarmál ríkissjóðs að ræða, því að það var ekkert annað en kattarþvottur, sem hæstv. viðskmrh. var með í sinni ræðu, að fara að rekja það, hvernig þeim málum hefði verið háttað hér áður, að það hefðu verið tekin leyfisgjöld af gjaldeyrisleyfum til þess að standa undir kostnaði við innflutningsskrifstofu. Það er rétt, að það voru tekin leyfisgjöld, en þau leyfisgjöld voru eingöngu til þess að standa undir kostnaði við innflutningsskrifstofu og verðlagseftirlit. Þau leyfisgjöld voru aldrei skoðuð og aldrei notuð almennt sem tekjuöflun fyrir ríkissjóð. Sérstök gjöld af sérstökum vörum voru notuð í því skyni.

Það er líka síður en svo, að það sé þörf á þessu gjaldi nú, þessum gjaldaviðauka, til þess að standa undir kostnaði við gjaldeyrisúthlutun bankanna eða verðlagseftirlit, því að hæstv. ráðherra upplýsti það hér áðan, að gjald þetta, sem tekið hefur verið, næmi yfir 6 millj. kr., og því hefði verið skipt nokkurn veginn bróðurlega þannig að verðlagseftirlitið hefði fengið yfir 3 millj. og hitt hefði farið til gjaldeyrisúthlutunarinnar. Það er þess vegna síður en svo og í allan máta óviðeigandi, að það sé verið að blása það út og gefa því þann blæ, að það sé verið að hækka nú þetta gjald til þess að standa undir kostnaði við þessa úthlutun. Það er algerlega rangt. Það, sem hér er verið að gera, og það, sem allir hv. dm. vita og er alveg óþarfi að vera að fara nokkuð í kringum, það er, að hér er verið að leggja á nýjan skatt, nýjan gjaldeyrisskatt, sem kemur í staðinn fyrir þann farmiðaskatt, sem boðaður var af hæstv. fjmrh. í hans fjárlagaræðu og hann lýsti yfir hér í þessari hv. deild að gefnu tilefni ekki alls fyrir löngu, að alls ekki yrði frá horfið. Hann lýsti því yfir að gefnu tilefni frá hv. 9. þm. Reykv.

Nú er það svo, að það ber sízt að harma, að hæstv. fjmrh. hefur þó skipt um skoðun í því efni og horfið frá þessum skatti, sem ekki var vel tekið, farmiðaskattinum. En það hefur verið fundið upp annað í staðinn — þessi gjaldeyrisskattur. Skilst mér, að svo laglega hafi verið á haldið í leiðinni, að þessi nýi skattur gefi nokkru fleiri milljónir en hinn, sem fyrirhugaður var. Það þarf ekki að eyða að því orðum, að þessi skattur er svipaðs eðlis og aðrir skattar, eykur dýrtíð og þenur út verðlagið.

Við framsóknarmenn munum ekki fylgja þessum skatti, þó að hann komi nú fram í þessari breyttu mynd, að hann sé gjaldeyrisskattur í staðinn fyrir farmiðaskatt, og ég veit satt að segja ekki, hvort hægt er að gera upp á milli, hvor verri er. Sitt hvað má að hvorum finna.

En það er alveg auðsætt, að hér er um beint tekjuöflunarfrv. að ræða fyrir ríkissjóð, og þess vegna hefði hæstv. fjmrh. átt að gangast við þessu afkvæmi sínu og mæla frekar fyrir því en að leggja þann kross á hæstv. viðskmrh., sem væntanlega hefur nóg á sinni könnu. En sjálfsagt gerir hæstv. fjmrh. þá úrbót í því efni hér á eftir.

Þessi skattur á að gefa 33 millj., sagði hæstv. ráðh., þannig að það er vissulega stórkostlegt rangmæli hjá honum, þegar hann var að tala um þennan skatt og sagði, að það hefði verið ákveðið, að það ætti að innheimta lítilfjörlega afgreiðsluþóknun. Af slíku orðalagi gæti maður helzt haldið, að það ætti einungis að innheimta þóknun í sambandi við þetta til þess að standa undir þeim kostnaði, sem bankarnir hefðu af gjaldeyrisúthlutun. Hvað á svona orðalag að þýða? Þora menn ekki lengur að gangast við því, sem verið er að gera í þessum efnum, og segja hlutina hreint út? Hér er ekki um að ræða neina lítilfjörlega afgreiðsluþóknun. Hér er um skatt að tefla fyrir ríkissjóð, sem nemur þetta mörgum millj. kr., eins og hæstv. ráðherra gerði grein fyrir. Með sama hugsunarhætti og virtist búa bak við þessi orð hæstv. viðskmrh. gæti maður látið sér detta í hug, að næst yrði komið til Alþ. og farið fram á það, að bankastofnanir mættu af útlánum taka lítilfjörlega aukaafgreiðsluþóknun, ½% eða svo af hverju láni, sem þeir veittu, en sú afgreiðsluþóknun ætti að renna í ríkissjóð. Ég vil síður en svo verða til þess að benda hæstv. ráðh. á nýjar tekjuöflunarleiðir, enda þarf þess ekki. En þarna er alveg bersýnilegt, að er um hliðstæðu að ræða.

Ég skal svo ekki vera að hafa þessi orð fleiri. Örlög þessa frv. eru sjálfsagt ráðin og búið að gera ráð fyrir þeim tekjum, sem það leyfir innheimtu á, í fjárlögum. En við höfum greitt atkv. gegn því ákvæði fjárlaga og munum að sjálfsögðu líka greiða atkv. gegn þeirri tekjuöflun, sem í þessu frv. felst.

Það var reyndar dálítið einkennilegt, að hæstv. ráðh. eyddi talsvert miklu af sínu máli í að lýsa því yfir, að ekki kæmi til mála að skoða þetta mál sem fyrsta spor í gengisfellingarátt. Það var sjálfsagt skynsamlegt af honum að taka þetta fram, því að einhverjum hefði getað dottið þetta í hug. Nú höfum við hans orð fyrir þessu, að þetta sé ekki fyrsta spor í gengisfellingarátt. Og þau orð verða þá geymd, en ekki gleymd, eins og fleiri orð hæstv. ráðh. Ég vona, að þetta þurfi ekki að verða fyrsta sporið í gengisfellingarátt. Ég vona það af heilum hug. En því miður getur maður ekki verið bjartsýnn í því efni, ef svo verður áfram haldið sem nú horfir.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Það er kannske ástæða til þess að þakka hæstv. síðasta ræðumanni fyrir hugmyndir að nýjum sköttum, hvort sem inn á þær brautir verður farið eða ekki. En það er a. m. k. gott til þess að vita, ef hann og hans flokkur, þegar þar að kemur, tekur við fjármálunum, að það verða þá einhver bjargráð, sem kannske varða veginn inn á „hina leiðina". En sleppum því.

Hv. þm. sagði, að það væri einkennilegt, að ég skyldi ekki sem fjmrh. tala fyrir þessu máli, heldur hæstv. viðskmrh. Ég býst við, að hann geri sér fulla grein fyrir því sem mjög lærður lögfræðingur, að það lá í rauninni í eðli málsins, því að hér er í rauninni um að ræða málefni, sem að forminu til heyrir undir hæstv. viðskmrh., löggjöfin um gjaldeyris- og innflutningsmál, en alls ekki af því að ég væri að koma af mér einhverri skyldu, sem mér væri óljúft að gangast við. Ég skal fúslega gangast við því og tel það ekkert launungarmál, og ekki mun hæstv. viðskmrh. neitt hafa verið að leyna því heldur, að hér er auðvitað um að ræða tekjuöflunarmál fyrir ríkissjóð. Það liggur í augum uppi, og það hefur verið skýrt frá því og engin dul á það dregin, að þetta frv., sem hér er um að ræða, kemur í staðinn fyrir farmiðaskattinn, sem fyrirhugaður var. Ég man ekki nákvæmlega þau orð mín, sem hann vitnaði til, að ég hefði fullyrt, að frá þeim skatti yrði alls ekki horfið, og þar af leiðandi þori ég ekki að hafa uppi nein andmæli gegn því. En það er auðvitað alltaf hæpið að taka of djúpt í árinni, og ég vil ógjarnan gera það og tel það miður farið, ef ég hef sagt það afdráttarlaust, vegna þess að eins og ég sagði við 1. umr. fjárl., var farmiðaskatturinn ein af þeim hugmyndum, sem frammi voru um, hvernig ætti að jafna halla fjárlaganna. Ég tók það hins vegar skýrt fram í fjárlagaræðu minni, að það væri ekki um að ræða neina úrslitakosti, ef mönnum sýndist við nánari athugun, að aðrar leiðir væru þar færari, þá væri að sjálfsögðu ekkert trúaratriði fyrir mig nein viss tegund af þeim tekjuöflunarleiðum, sem þar væru farnar. Og það hefur komið á daginn, að af ýmsum ástæðum hefur verið talið heppilegra að fara þessa leið, sem hér hefur verið valin. Skal ég ekki fara út í þá sálma að öðru leyti en því, að persónulega get ég lýst því yfir, að ég álít, að farmiðaskatturinn sé mjög eðlilegur og réttlátur skattur, að svo miklu leyti sem skattar geta nokkurn tíma verið það. Menn eru yfirleitt aldrei sérlega af þeim hrifnir, hvers eðlis sem þeir eru. En hvað um það, það varð niðurstaðan samt að fara þessa leið, sem hér hefur verið valin. En sé það eitthvað á huldu fyrir hv. þm., sem hv. 3. þm. Norðurl. v. vildi álíta, hvers eðlis þetta mál væri, þá taldi ég mér skylt að taka það fram, að hér er auðvitað beinlínis um að ræða fjáröflun til að leysa vanda ríkissjóðs

Það kemur mér að sjálfsögðu ekkert á óvart, enda í samræmi við afstöðu hv. framsóknarmanna í sambandi við afgreiðslu fjárl. nú, að þeir hafa verið andvígir öllum úrræðum til þess að jafna halla fjárlaga, þannig að það út af fyrir sig vekur ekkert undrun mína, að hv. þm. lýsir því yfir, að hann og hans flokkur sé andvígur þessu máli. Út í þá sálma skal ég ekkert frekar fara.

Varðandi það atriði, að hv. þm. taldi, að það væri einhver blekking í því fólgin hjá hæstv. viðskmrh. að segja, að hér væri um smávægilegt gjald að ræða — (Gripið fram í) ja, smávægilegt gjald, afgreiðsluþóknun, eða hvað það er kallað, að þetta væri smávægilegt gjald, sem um væri að ræða í þessu sambandi, þá er það óneitanlega smávægilegt gjald, þegar við

athugum það, að það er reiknað með gjaldeyrissölu á 7000 millj. kr., sem þetta komi niður á, þannig að hugleiðingar um það, að annaðhvort sé hér um að ræða, eins og kom fram í hv. Nd., fyrsta skref til gengislækkunar eða hér sé um að ræða einhver stórfelld áhrif til hækkunar á vöruverði í landinu, eru náttúrlega hvorar tveggja alveg út í hött.

Ég sé ekki ástæðu, herra forseti, til að orðlengja frekar um þetta mál, en vil segja það eitt, og taka undir það með hv. þm., sem hann sagði í lok síns máls, að vissulega vonum við öll, að hvorki þetta né aðrar ráðstafanir, sem nauðsynlegt er að gera í okkar efnahagsmálum vegna þeirrar þróunar, sem í þeim hefur verið, þurfi að leiða til gengisbreytingar. Ég hygg, að allir hv. þm. séu sammála um það, og þetta frv. er að sjálfsögðu ekkert spor í þá átt. Hér er um að ræða, svo sem hæstv. viðskmrh. sagði, — við getum sagt: smávægilegt afgreiðslugjald, svo að ég noti hans orð, sem er heimilað innan ramma Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, sem að öðru leyti hefur mjög strangar reglur um það, að þess sé gætt, að ekki sé farið inn á neinar þær aukaálögur á gjaldeyri, sem taldar verði til gengisbreytingar.

Ég held svo, að ég hafi ekki ástæðu til að orðlengja frekar um málið, en vonast til þess, að hv. 3. þm. Norðurl. v. telji, að ég hafi nægilega viðgengizt þessu frv., til þess að hann geti verið ánægður með þau orð mín, sem ég hef hér mælt.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11:7 atkv. og til fjhn. með 15 shlj. atkv.

Á 32. fundi í Ed., 17. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 149, n. 205, 206 og 211).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Ólafur Björnsson): Herra forseti Fjhn. hefur haft frv. þetta til athugunar, en eins og nál. þau, sem útbýtt hefur verið, bera með sér, hefur hún ekki náð samstöðu um frv. Við, sem að meirihlutanál. á þskj. 205 stöndum, leggjum til, að það verði samþ. óbreytt, en aðrir nm. hafa tjáð sig frv. andvíga og skila sérálitum.

Efni þessa frv. er hv. þdm. kunnugt og því ástæðulaust að rekja það. Hvað tilgang þess snertir, er hann auðvitað sá fyrst og fremst að afla tekna í ríkissjóð, það hefur aldrei verið neitt launungarmál. Það má vitanlega alltaf um það deila, hvort afla skuli nauðsynlegra tekna ríkissjóði til handa með þessu móti eða einhverju öðru, en annars virðist andstaða hv. stjórnarandstæðinga gegn þessu frv. ekki byggjast á því, að þeir telji einhverja aðra tekjuöflun koma frekar til greina, heldur hinu, að þeir eru andvígir öllum hugsanlegum leiðum til að afla ríkissjóði þeirra tekna, sem þarf til þess að forðast halla á fjárl. Slík afstaða væri skiljanleg, ef þeir jafnframt héldu því fram, að ekkert væri athugavert við það, þótt fjárl. væru afgreidd með halla. En því fer, sem kunnugt er, fjarri. Þvert á móti hafa þeir mjög gagnrýnt það, að greiðsluhalli skuli hafa orðið á fjárl. á s. l. ári og verði að líkindum einnig á því ári, sem nú er að enda, og telja slíkt vott stjórnleysis og upplausnar. En ef ekki á að vera halli á fjárl., verður annaðhvort að afla nægilegra tekna til þess að standa undir ríkisútgjöldum eða skera útgjöldin niður. Það hlýtur hverju mannsbarni að vera ljóst.

Nú tala hv. stjórnarandstæðingar að vísu um eyðslu í ríkisbúskapnum og þörf á meiri sparnaði. Slíkt er þó ódýru verði keypt og verður raunar að skoðast sem ómerkt hjal, svo lengi sem ekki er bent á neina ákveðna liði í útgjöldum ríkisins, sem skera megi niður. En engar slíkar ábendingar um niðurskurð, er eitthvað muni um á fjárl., hafa komið fram frá hv. stjórnarandstæðingum á þessu né undanförnum þingum, og meðan ekki verður þar breyting á, verður slíkt sparnaðarhjal létt í vasa fyrir ríkissjóðinn.

Afstaða hv. stjórnarandstæðinga til fjármála hins opinbera er því í stuttu máli sú, að þeir fordæma hallabúskap hjá ríkinu, eru samt á móti öllum tekjuöflunarleiðum til þess að forðast slíkan halla og hafa engar till. að gera um niðurskurð ríkisútgjalda. Það eru m. ö. o. allir vegir ófærir, eins og stóð í einu málgagni hv. stjórnarandstöðu í gær, og tel ég þetta mjög táknrænt fyrir allan málflutning hv. stjórnarandstöðu, a. m. k. hvað efnahagsmálin snertir. Það er að vísu talað um það í nál. hv. 2. minni hl. fjhn., að nauðsynlegt sé, að tekin sé upp ný efnahagsstefna, og eins og það er orðað, rofinn sá vítahringur ofsköttunar og óhófseyðslu, sem ríkisstj. hafi smíðað á undanförnum árum. Það er víst „hin leiðin", sem hefur verið nefnd, sem hér er höfð í huga, en hingað til hefur það verið æði dularfullt og þoku hulið, hvar sú leið er og hvert hún leiðir, þannig að meðan það ekki er nánar skýrt, verður það tæpast tekið alvarlega.

Nú er það auðvitað fjarri mér að halda því fram, að hæstv. núv. ríkisstj. og stuðningsflokkum hennar hafi í efnahagsmálum og öðru tekizt að skapa hinn bezta heim allra heima. Það fer enn margt aflaga, þannig að umbóta er þörf. En hinn neikvæði málflutningur hv. stjórnarandstöðu að vera á móti öllum hugsanlegum leiðum og telja þær ófærar leiðir sízt af öllu til þeirra umbóta, sem vafalaust er þörf á. Sú forusta, sem hér er boðið upp á, er sízt af öllu líkleg til þess að leiða þjóðina fram á veg.

Við stuðningsmenn hæstv. ríkisstj., sem með þessu frv. mælum, gerum það ekki vegna þess, að við teljum aukna gjaldheimtu frá borgurunum sérstaklega æskilega, heldur af hinu, að okkur er ljós nauðsyn þess að afla ríkissjóði nægilegra tekna til þess að forðast stórfelldan hallarekstur. Álögur á borgarana til opinberra þarfa verða auðvitað að vera í hófi, ef þær eiga ekki að lama sjálfsbjargarviðleitni þeirra. Hitt er þó vitanlega rangt í málflutningi hv. stjórnarandstæðinga, að innheimta á gjöldum til hins opinbera, hvort sem um er að ræða skatta eða önnur gjöld, sé fordæmanleg vegna aukinnar dýrtíðar, sem af þeim leiði. Ástæðan til þess, að ríkið heimtir skatta og önnur gjöld af þegnunum, er sem sé ekki sú, að stjórnarvöldin séu haldin kvalalosta, þannig að þetta sé eingöngu gert til þess að pína skattþegnana, heldur ein-

mitt af hinu, að skattheimtan er nauðsynleg til þess að forðast þá óðaverðbólgu, sem leiða hlyti af sívaxandi lántökum ríkisins hjá Seðlabankanum.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að ræða þetta mál frekar, en meiri hl. fjhn. leggur samkv. áður sögðu til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Frsm. 1. minni hl. (Björn Jónsson): Herra forseti. Við sjáum hér á Alþ. með hverjum deginum betur framkvæmdina á þeirri stefnu hæstv. ríkisstj., sem boðuð var í þingbyrjun með framlagningu fjárlfrv., um það, að afgreiða ætti hallalaus fjárlög án almennra skattahækkana, eins og það var þá orðað. Það hafa nú þegar verið afgreidd frá Alþ. lög um hækkun á aukatekjum ríkissjóðs, gjöldum, sem allur almenningur verður að greiða. Það hefur verið afgreitt sem lög frv. um 30—40% hækkun á benzínskatti, sem allur almenningur verður einnig að greiða. Og nú í dag er meiningin að bæta tveimur nýjum sköttum við í hópinn. Hér er sem sagt kominn til okkar farmiðaskatturinn í nýrri útgáfu eða staðgengill hans, skattur, sem boðað var, að hér yrði lagður á, þegar fjárlfrv. var lagt fram, en hæstv. ríkisstj. og fjmrh. hafa gefizt upp við að hrinda í framkvæmd. Bæði hefur það komið til, að þessi boðaði skattur hefur kallað mikla fordæmingu yfir sig, og einnig hefur komið í ljós, að hér var um slíkt frumhlaup að ræða, að framkvæmd þessa fyrirhugaða skatts hefði jafnvel verið brot á samningum, sem ríkisstj. hefur látið fulltrúa sína gera við erlend ríki. Till. um farmiðaskattinn var því lítt skiljanlegt frumhlaup af hálfu hæstv. ríkisstj., sem hefur ekki orðið henni til mikils sóma og hún hefur nú séð sér vænst að hverfa frá, jafnvel þó að hæstv. fjmrh. fullyrti hér fyrir 10 dögum eða tæplega það, að það yrði ekki horfið frá þessum skatti, hann yrði örugglega lagður á. Og við 2. umr. fjárl. var felld till. frá stjórnarandstöðunni um að fella hann út úr fjárl., svo að það má segja, að þessi breyting hafi komið á elleftu stundu.

En hvað sem um farmiðaskattinn annars má segja, er þó óhætt að fullyrða, að hann var í raun og veru sá eini af þeim sköttum, sem hér hafa verið lagðir á og er verið að leggja á hér nú á þessu þingi, sem hægt var að segja með nokkrum sanni, að ekki væri alveg almennur skattur, því að hann átti eingöngu að lenda á þeim, sem ferðuðust út úr landinu. Nú er aftur á móti valin sú leið hér að skatta alla gjaldeyrissölu um 0.5% og hækka allt verðlag á innfluttum vörum sem því nemur. Það er því m. ö. o. valin sú leið að fella raunverulega gengi gjaldmiðilsins gagnvart innflutningi um ½%. Þetta er þess vegna gengisfelling eða jafngildi hennar að öðru leyti en því, að þessari tegund gengisfellingar fylgir ekki sá kostur almennra gengisfellinga, að hún hækki verð á útflutningsvörum okkar. Það má að vísu segja, að þetta sé ekki stórfelld gengisfelling, og kannske má til sanns vegar færa það, sem sagt hefur verið, að hér sé aðeins um snert af gengisfellingu að ræða. En engu að síður er það augljóst, að þessi nýja skattheimta hefur sín hækkunaráhrif á verðlagið í landinu og leggst á sveifina með öðrum efnahagsaðgerðum hæstv. ríkisstj. til þess að auka dýrtíð og verðbólgu, gagnstætt því, sem hv. frsm. meiri hl. fjhn. sagði hér áðan, að skatturinn væri raunverulega til þess að forða óðaverðbólgu. Það eru vísindi þeirra ríkisstjórnarmanna, sem þeir hafa lengi trúað á, og hitt, að það sé allra meina bót að hækka skattana og það sé í raun og veru lausn á öllum efnahagsvanda, þó að manni hafi virzt, að það hafi nú í seinni tíð jafnvel hvarflað að hæstv. fjmrh., að það væri ekki hentugasta skattheimtan, sem kæmi, eins og hann orðaði það hér fyrir nokkru, beint í höfuðið á manni aftur. Ég spyr, hvort slíkir hækkunarskattar muni ekki hafa sín áhrif á verðlagið í landinu og hvort þeir muni ekki hafa sín áhrif á útgjöld ríkissjóðs, þegar til lengdar lætur.

En ég tel, að þessi skattahækkunaraðferð, sem hér er viðhöfð, sé að öðru leyti talsvert athyglisvert tímanna tákn. Mér sýnist það liggja fyrir, að ríkisstj. og hæstv. fjmrh. sjái ekki lengur neina tiltækari fjáröflunaraðferð en þá að ráðast beint að gengi gjaldmiðilsins. Hugkvæmni þeirrar ríkisstj., sem hefur fundið upp milli 10 og 20 nýjar skattategundir, er þrotin og hún rekst nú alls staðar á, að boginn er spenntur til hins ýtrasta, svo að fyrri álögur verða ekki auknar, án þess að þverbrestir verði augljósir í efnahagskerfinu og þolinmæði almennings þrjóti. Þetta mætir henni á öllum sviðum skattheimtunnar, nema kannske þar sem raunverulega væri hægt að þyngja skatta, án þess að nokkur skaði væri skeður fyrir þjóðfélagsheildina, þ. e. a. s. á gróðafélögin í landinu, sem hafa verið gerð að kalla skattfrjáls í tíð núv. ríkisstjórnar með margháttuðum breytingum á skattalöggjöfinni. Þar má vitanlega engu hreyfa, þó að þar væri auðvelt bæði að ná miklum tekjum fyrir ríkissjóð og um leið að stemma stigu við verðbólguþróun, því að það er öruggt, að sú staðreynd, að öll fyrirtæki í landinu greiða ekki í beinum skatti til ríkissjóðs nema milli 1 og 2% af öllum ríkistekjunum, — sú staðreynd er einn helzti verðbólguhvatinn í þjóðfélaginu. Og þar koma m. a. til, svo að ég nefni um þetta dæmi, fyrningarreglurnar, sem pína gróðafélögin í landinu áfram í villtu kapphlaupi við að fjárfesta og auka þannig verðbólguna.

Já, það er augljóst, að hugkvæmni hæstv. ríkisstj. á þessu sviði er að þrotum komin, og ég tel, að í því megi e. t. v. eygja upphafið að þeim endi, sem villt verðbólgukapphlaup hlýtur alltaf að fá, þ. e. a. s. algerri kollsteypu í formi nýrrar gengisfellingar. Þetta frv. gæti vissulega verið fyrirboði þess, að ríkisstj. teldi þá lausn ekki ýkjafjarri. Eða hvar á að bera niður næst, þegar verðbólguþróunin krefst næstu fórnar? Ég hygg, að það muni ekki reynast ýkjalangt þangað til, ef þeirri efnahagsstefnu verður haldið áfram, sem nú er ráðandi, því að það má segja, eins og hv. frsm. meiri hl. fjhn. sagði, að á vegum þeirrar stefnu virðast allir vegir ófærir nema sá eini, sem hér er verið að fara.

Það eru kannske ekki ýkjamikil líkindi til þess, að hæstv. ríkisstj. hafi vilja eða getu til þess að breyta hér um. Það er kannske eins líklegt, að hún haldi áfram að hamast við það

og eyða til þess bæði orku sinni og Alþ. að glíma við afleiðingarnar af þeirri stefnu, sem hún hefur fylgt, en láti sér ekki koma til hugar að ráðast að undirrót vandamálanna. Og úrræðin, sem hæstv. ríkisstj. hefur í þessari glímu, eru öll af því taginu að auka stöðugt á allan vanda og herða á verðbólguþróuninni. Meðan svo er að málinu staðið, munum við auðvitað halda áfram að upplifa það, eins og við höfum verið að gera síðustu 5—6 árin, að talsmenn hæstv. ríkisstj. koma hér aftur og aftur og segja: Okkur vantar peninga. Það þýðir ekki að sakast um orðna hluti. Það vantar meiri tekjur, og eitthvað verður að gera, einhvern veginn verður að ná endunum saman. Við þörfnumst nýrra skatta eða þá gengisfellingar, eins og hér er á ferðinni. — Það verður kannske næsta sporið. En ég held, að það hljóti svo að fara fyrr eða síðar, að bæði þing og þjóð verða leið á þessum skollaleik, sem hér er verið að leika.

Það, sem sker úr um afstöðu okkar Alþb.-manna til þessa frv. og annarra frv., sem ríkisstj. flytur nú um auknar almennar álögur, er að sjálfsögðu það, að þær leysa í rauninni engan vanda, nema síður sé, nema þá til algerra bráðabirgða. Þess vegna teljum við, að Alþ. beri að fella þessi frv., en snúa sér hins vegar að því að reyna að stöðva skriðinn á verðbólgunni með öllum tiltækilegum ráðum, með því t. d. að koma á ströngu verðlagseftirliti, eins og við Alþb.-menn höfum barizt fyrir árum saman. Verðlagseftirlitið hefur hæstv. ríkisstj. verið að tæta niður, og engum ætti að vera kunnugra um það en hv. talsmanni meiri hl. fjhn. hér, hvaða áhrif það hefur haft á verðlagið í landinu, hvaða áhrif það hefur haft á verðbólguna, það starf, sem ríkisstj. hefur verið að vinna og hann hefur verið að vinna fyrir ríkisstj. í verðlagsnefnd. Með því að spara í ríkisútgjöldum, og það teljum við fyllilega mögulegt, og við höfum nefnt um það mörg dæmi, að það væri unnt, og með því að koma á heilbrigðu skattakerfi og raunhæfu skattaeftirliti, eins og við Alþb.-menn höfum barizt fyrir þing eftir þing, en hefur að mestu leyti verið daufheyrzt við, hygg ég, að þá skattheimtu upp á 200—300 millj., sem lögð hefur verið nú á, hefði mátt forðast algerlega. Með því einu að herða á skattaeftirlitinu, þegar það sýnir sig, að þau fyrirtæki, sem tekin eru til athugunar í sambandi við skattsvikin, svíkja skatt upp á 1 millj. að meðaltali hvert, sjá allir, að þar er um þann garð að gresja, sem verulega mundi muna um. Og síðast, en ekki síst, viljum við, að tekin verði upp allsherjarstjórn á fjárfestingunni og þá ekki síður einstaklinga en hins opinbera. Það kann vel að vera, að hv. talsmaður meiri hl. fjhn. teldi þetta enga stefnu og ekki þess verða að athuga neina þessara leiða til að komast út úr vandamálinu. En ég er ekki á því, að almenningur geti orðið honum sammála um það. Með tilliti til þeirra miklu möguleika, sem þessar leiðir til lausnar á efnahagsmálunum gætu skapað, teljum við öll skattafrv. hæstv. ríkisstj. ekki aðeins með öllu þarflaus, heldur einnig hættuleg fyrir heilbrigða efnahagsþróun og til þess eins fallin að færa okkur nær nýrri efnahagslegri kollsteypu, nýrri gengisfellingu.

Frsm. 2. minni hl. (Helgi Bergs): Herra forseti. Ég þarf ekki að hafa mörg orð fyrir því nál., sem ég og hv. 1. þm. Norðurl. e. höfum lagt fram á þskj. 211, þar sem við leggjum til, að þetta frv. verði fellt.

Þetta frv. er raunar beint framhald þeirrar stefnu, sem ríkisstj. hefur haft í fjármálum nú upp á síðkastið. Við höfum rætt þau efnisatriði, sem hér koma við sögu, oft áður. Við höfum rætt þau í sambandi við hækkun eignarskattsins á fasteignir í húsnæðismálalöggjöfinni. Við höfum rætt þau í sambandi við frv. um aukatekjur ríkissjóðs. Við höfum rætt þau í sambandi við hækkun benzíngjaldsins og þungaskattsins o. s. frv. Allir þessir skattar og skattahækkanir eru ávextir þess boðskapar hæstv. fjmrh. í haust sem leið að jafna þann greiðsluhalla, sem orðinn var vegna verðbólgustefnu hæstv. ríkisstj., án nýrra almennra skatta, eins og það var orðað.

Nú er að vísu ekki fyllilega ljóst, hvað hæstv. fjmrh. á við, þegar hann talar um skatta, sem ekki séu almennir. Virðist þá helzt um það að ræða, að þar eigi hann við skatta, sem ekki komi fram í vísitölu. Þó verður ekki komizt hjá því að viðurkenna það, að mikið af þeim sköttum, sem á hafa verið lagðir, eftir að þessi boðskapur var látinn út ganga, hafi vissulega haft áhrif á verðlagið í landinu í óheillavænlega átt.

Einn af þeim sköttum, sem boðaðir voru, var nefskattur á ferðamenn, sem færu út fyrir landssteinana, og átti að nema 25 millj. kr. En nú hefur ríkisstj. gefist upp við þann skatt og lagt fram í staðinn það frv., sem hér er til umr. og felur í sér að leggja skatt á alla gjaldeyrissölu bankanna, en hann á að gefa ríkissjóði 35 millj. kr. Nú geta menn að vísu haft áhyggjur af því, hvað mundi ske, ef þetta frv. yrði fellt eða dregið til baka. Þá gæti maður átt von á frv. með nýjum tekjustofni, sem væntanlega mundi þá gefa a. m. k. 45 millj. kr., og sýnir þetta bara, hver hraðinn er á ógæfuferlinum í verðlagsmálum, sem núv. hæstv. ríkisstj. ber ábyrgð á.

Það verður nú varla annað sagt en sá skattur, sem hér er lagður til, hafi öll þau einkenni að verða að teljast almennur í fyllsta mæli. Hér er skattur, sem kemur niður á verðlagi allra innfluttra vara, jafnt nauðsynjavara sem annarra, og hækkar verðlag þeirra ekki aðeins um þær 30 millj., sem hann sjálfur á að gefa ríkissjóði í tekjur, heldur talsvert betur, sem nemur því, sem söluskattur og álagning á þessa upphæð nemur. Þessi skattur hlýtur því að auka dýrtíðina og skaða þar með efnahagslíf landsins.

Við, sem stöndum að nál. á þskj. 211, viljum enn einu sinni benda á það, að sá vandi, sem við er að etja í efnahagsmálum þjóðarinnar, á rót sína að rekja til þeirrar dýrtíðarstefnu, sem fylgt hefur verið. Hann verður ekki leystur með því að leggja á nýja skatta, sem koma aftur fram í verðlaginu, enda mun fara sem fyrr, að þeir verða ríkissjóði að litlu haldi, þegar frá líður, og munu hverfa í dýrtíðarflóðið. Það er eins með ríkissjóð og aðra sjóði einstaklinga, félaga og þess opinbera, að dýrtíðin sér fyrir því, að þeir séu jafnan tómir, hve mikið sem í

þá er látið, meðan óbreyttri stjórnarstefnu er haldið.

Ég sé ekki ástæðu til þess nú á seinasta starfsdegi þingsins fyrir jólafríið að fara að munnhöggvast við hv. frsm. meiri hl. fjhn., sem gerði lítið úr sparnaðarhjali, eins og hann kallaði það, — sparnaðarhjali stjórnarandstöðunnar. Hann reyndi hér enn einu sinni þann málflutning talsmanna hæstv. ríkisstj. að sýna fram á, að það væri ekki nokkur vegur að spara nokkurn skapaðan hlut, og mun ég láta þessa fullyrðingu hans eiga sig. Við höfum rætt um þá hluti áður hér í þessari hv. d., og þær eru sannast að segja, þessar fullyrðingar, hv. stjórnarliðum til lítils sóma.

Þessi vandi, sem hér er um að ræða í efnahagslífinu, verður ekki leystur, án þess að tekin verði upp ný efnahagsstefna. Það er fullljóst. Það má vissulega leiða ýmsum getum að því, hvernig á því stendur, hvað hæstv. ríkisstj. er ófús til þess að taka upp aðra stefnu í efnahags- og fjármálum, og það hlaut að vekja athygli hv. þdm., að hv. frsm. meiri hl. fjhn., 8. þm. Reykv., sá ástæðu til þess að fullvissa okkur um það, að ríkisstj. væri ekki haldin kvalalosta, eins og hann orðaði það. Ég hafði að vísu ekki áður heyrt því haldið fram, að ríkisstj. væri haldin slíku, en það segir kannske sína sögu, að aðaltalsmaður hæstv. ríkisstj. í efnahagsmálum hér í hv. Ed. skuli sjá ástæðu til þess að taka þetta fram.

Ég vil enn ítreka þá skoðun okkar, sem stöndum að þessu nál., hv. 1. þm. Norðurl. e. og mína, að vandinn verður ekki leystur með því að halda áfram á braut þeirrar ofsköttunarstefnu, sem hæstv. ríkisstj. hefur helgað sig, heldur verði nú að breyta um stefnu. Við teljum skattlagningu af því tagi, sem hér er um að ræða, aðeins nýjan áfanga í þeirri óheillaþróun, sem verið hefur hér í verðlagsmálum, og leggjum til, að frv. verði felld.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ákvæði gildandi laga um allt að 1% leyfisgjald af gjaldeyrisleyfum eru heimildarákvæði. Hv. þm. er eflaust kunnugt, enda hefur það verið tekið fram áður í þessum umr., að þessi heimildarákvæði hafa aðeins verið notuð að hálfu leyti, þ. e. að af þeim hefur verið innheimt ½% leyfisgjald, og fer sú innheimta fram samkv. sérstakri reglugerð. Heimild til þess að innheimta leyfisgjald hefur þó ekki verið notuð að því er snertir yfirfærslu á námsgjaldeyri. Við yfirfærslu námsgjaldeyris hafa engin leyfisgjöld verið innheimt.

Ég stend hér upp til að skýra frá því, að ríkisstj. hefur ákveðið að nota ekki heldur heimild þessara laga til að innheimta þetta nýja afgreiðslugjald af gjaldeyri af yfirfærslu námsgjaldeyris. Í þeirri reglugerð, sem væntanlega verður gefin út, ef þessi lög verða samþ. á hinu háa Alþ., mun því verða ákveði um, að þetta nýja ½% afgreiðslugjald verði ekki heldur innheimt af yfirfærslu námsgjaldeyris.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11:9 atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11:9 atkv.

Á 33. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11:9 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 217).

11. Fjárhagur rafmagnsveitna ríkisins.

Á 28. fundi í Nd., 10. des., var útbýtt:

Frv. til l. um ráðstafanir til að bæta fjárhag rafmagnsveitna ríkisins [91. mál] (stjfrv., A. 155).

Á 29. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 25 shlj. atkv.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér er um að ræða, er um ráðstafanir til þess að bæta fjárhag rafmagnsveitna ríkisins. Fyrirsögn frv. felur það í sér, að fjárhagur rafmagnsveitna ríkisins sé ekki eins góður og hann þyrfti að vera. Orsakir til þess þekkja hv. alþm., að ég ætla. Ástæðan til þess er sú, að það er kostnaðarsamt að leggja dreifiveitur um strjálbýlið. Það er 20 sinnum lengra til jafnaðar hjá rafmagnsveitum ríkisins heldur en í þéttbýlinu, t. d. hjá Rafmagnsveitu Reykjavíkur. Enda þótt raforkuverð hafi verið allmiklu hærra hjá rafmagnsveitum ríkisins heldur en hjá Rafmagnsveitu Reykjavíkur og á öðrum þéttbýlisstöðum, hefur myndazt halli hjá veitunum, og hefur þótt útilokað, að sá halli yrði jafnaður með því að hækka orkugjaldið hjá þeim, sem á því svæði búa.

Þetta frv. er í rauninni fjórþætt. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir algerri eftirgjöf lána, sem rafmagnsveitum ríkisins hafa verið veitt á undanförnum árum samkv. sérstakri heimild í fjárl., en það er 1. gr. frv., sem kveður á um það. Í öðru lagi er gert ráð fyrir því, að frestað verði vaxta- og afborganagreiðslum af skuld við raforkusjóð. Í þriðja lagi er gert ráð fyrir því að gefa eftir skuld við ríkisábyrgðasjóð, sem er 96 millj. kr. Og í fjórða lagi er þeim fyrirtækjum, sem vinna raforku og/eða selja hana í heildsölu, gert að greiða verðjöfnunargjald.

Eftirgjöf lána og afborgunarfrestur og vaxtafrestur af skuld við raforkusjóð gera rúml. 20 millj. kr. Eigi að síður væri halli rafmagnsveitna ríkisins á næsta ári 35 millj. kr., þótt þessar eftirgjafir kæmu til. Og til þess að jafna þennan halla er gert ráð fyrir að leggja

á gjald í heildsölu, sem nemur 200 kr. á hvert kw. í aflstöð og 2 aurum á hverja kwst. Má gera ráð fyrir, að hækkun á raforkuverði í smásölu nemi 8—10% með þessu álagi.

Það má vera, að ýmsir telji, að það hafi ekki verið rétt að taka þær 40 millj. kr. út af fjárl., sem eru á fjárl. 1965, og taka svo til þess ráðs að jafna hallann að mestu leyti með verðjöfnunargjaldi. Þetta leiðir til þess að hækka raforkuverð í landinu. Það er ekki nema eðlilegt, að menn hafi skiptar skoðanir um þetta. En ég verð þó að segja, að með því að gefa eftir lán, eins og hér hefur verið talað um, og setja á verðjöfnun, eins og hér er um að ræða, er verið að viðurkenna, að þeir, sem betur eru settir og hafa ódýra raforku, vilji koma til aðstoðar þeim, sem verst eru settir. Oft hefur verið talað um, að það ætti að koma á allsherjarverðjöfnun á rafmagni, það væri ranglátt, að raforkuverðið væri svo misjafnlega hátt sem það nú hefur verið og það vitanlega verður þrátt fyrir það, þótt þetta frv. verði að lögum. En sjálfsagt er að viðurkenna það, að með því að ríkið veitir á fjárl. árlega upphæð til þess að leggja rafveitur út um land og með því að það gefur eftir hundruð milljóna í lánum, er það út af fyrir sig stórkostlegt spor í áttina til verðjöfnunar, enda þótt það eitt hafi alls ekki nægt og enda þótt þessar ráðstafanir séu gerðar, hljóti að vera talsverður munur á rafmagnsverði í dreifbýlinu og í þéttbýlinu. Ég segi: Þetta er vitanlega stórt spor í verðjöfnunarátt, og þegar gert er ráð fyrir því að leggja raforkugjald á allar aflstöðvar, er það vitanlega annað spor í verðjöfnunarátt. Og það er viðurkenning á því, að það sé ekki unnt að jafna hallann með því að láta þá, sem búa í dreifbýlinu, bera kostnaðinn af rafveitunni.

Við höfum lög um Landsvirkjun, sem voru samþ. á síðasta þingi. Með þeim l. er að því stefnt að virkja þar, sem hagstæðast er, og gera stærri virkjanir en áður hefur verið fært að gera. Það er að því stefnt í framtíðinni að tengja orkuver saman og skapa stórar heildir. Og enginn vafi er á því, að með þessari stefnu skapast jarðvegur fyrir frekari verðjöfnun á rafmagni en verið hefur, og enginn vafi á því, að í framtíðinni kemur frekari verðjöfnun en hingað til hefur verið fært að hafa, og þessi leið hlýtur að hafa sinn tíma, þangað til eðlilegt er og fært þykir að framkvæma hana.

Gert er ráð fyrir því, að raforkusala til áburðarverksmiðjunnar verði ekki gjaldstofn til greiðslu verðjöfnunargjalds, og geri ég ráð fyrir því, að hv. alþm. telji það eðlilegt, vegna þess að það mundi leiða til þess, að áburðarverðið hlyti að hækka, en áburðarverðið gengur inn í verðlagið og snertir alla landsmenn. Þá er sérstakt ákvæði vegna aflgjalds umframálags að nóttu vegna orkuveitusvæðis Laxárvirkjunar. Að öðru leyti skýra greinar frv. sig sjálfar, og grg. skýrir tilgang frv., það markmið, sem ætlað er að ná með því, og þess vegna er, að ég tel, að svo stöddu óþarft að fjölyrða meira um málið.

Herra forseti. Ég vil leggja til, að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Það hefur orðið að samkomulagi, að mál þetta yrði tekið fyrir á þann hátt, sem nú er. Þar sem það var rétt nýlega að komast í hendur okkar þm., höfum við af skiljanlegum ástæðum ekki haft aðstöðu til þess að kynna okkur málið, svo sem eðlilegt hefði verið, og jafnframt hefur verið á það fallizt af sérstökum ástæðum, að umr. yrðu ekki miklar nú við 1. umr. En nægur tími er sem sagt til þess að ræða málið, þegar það kemur úr n. Ég mun því ekki ræða málið hér að þessu sinni nema að sáralitlu leyti.

Ég vil aðeins benda á það, að þetta frv. er eitt af nokkrum, sem ríkisstj. leggur fram til tekjuöflunar fyrir ríkissjóð, þótt með nokkuð sérstökum hætti sé. Gert hefur verið ráð fyrir því, að ríkissjóður drægi úr greiðslum til rafmagnsveitna ríkisins, sem verið hafa um alllangan tíma, en í stað þess verði horfið að því ráði að hækka rafmagnsverð í landinu og afla rafmagnsveitum ríkisins á þann hátt nýrra tekna. Hér er raunverulega ekki um verðjöfnun á rafmagni að ræða, eins og minnzt er á í frv. Það er gert ráð fyrir því, að það verði sami mikli verðmismunurinn á rafmagni á hinum ýmsu stöðum á landinu, sem verið hefur. En hins vegar er það lagt til að leggja sérstakt gjald á alla raforkusölu og nota það til þess að styðja rafmagnsveitur ríkisins.

Eins og ég sagði áður, mun þetta mál verða rætt miklu frekar hér, þegar það kemur úr n., og ég mun því ekki ræða það frekar að þessu sinni.

Birgir Finnsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að ræða þetta mál á breiðum grundvelli. Það mætti sjálfsagt ýmislegt um það segja, en í stórum dráttum get ég lýst því yfir sem minni skoðun, að ég er samþykkur þeirri stefnu, sem fram kemur í frv., að það þurfi að eiga sér stað verðjöfnun á rafmagni í landinu. Það er meginkjarni þessa máls.

En það er eitt atriði, sem ég hef komið auga á í 8. gr. frv., sem ég vildi biðja þá n., sem fær málið til meðferðar, að athuga. Þar er kveðið svo á, að verðjöfnunargjald skuli greiðast mánaðarlega eftir á með gjalddaga 15. hvers mánaðar. Nú er mér kunnugt um það, að sumar rafveitur hafa ekki þann hátt á að innheimta mánaðarlega, og mér mundi þess vegna þykja ósanngjarnt að gera þeim skylt að skila verðjöfnunargjaldinu mánaðarlega. Þetta vildi ég að sú hv. n., sem fær málið til athugunar, kynnti sér, og að sjálfsögðu er hægt að fá allar upplýsingar um það, hver tilhögun er höfð á mælaaflestri og innheimtum hjá einstökum rafveitum hjá Sambandi ísl. rafveitna.

Eins og ég gat um, tel ég í sjálfu sér réttmætt, að verðjöfnun á rafmagni eigi sér stað. Ég hefði þess vegna einnig talið, að þetta frv. ætti ekki aðeins að ná til þess að rétta við fjárhag rafmagnsveitna ríkisins, heldur einnig annarra rafveitna, en eins og kunnugt er, eru margar aðrar rafveitur reknar af bæjar- og sveitarfélögum. Ég ætla nú ekki að gera það að neinu ágreiningsmáli. Ég bendi aðeins á það hér, að þar sem um er að ræða verðjöfnun á rafmagninu, hefði verið sanngjarnt, að sú verðjöfnun næði ekki eingöngu til rafmagnsveitna

ríkisins, heldur einnig til rafveitna annarra aðila. Þetta á ekki sízt við vegna þess, að vitað er, að ýmislegt mætti betur fara í rekstri rafmagnsveitna ríkisins, varðandi mannahald og fleira, eins og gleggst sést af reikningum þess fyrirtækis. Ég ætla ekki að fara út í þá sálma, ég vildi aðeins koma með ábendinguna varðandi 8. gr., áður en þetta mál fer til n. Það væri ekki úr vegi, að n. athugaði þá ábendingu, að verðjöfnunin, sem í frv. felst, gæti náð til fleiri aðila en rafmagnsveitna ríkisins.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til fjhn. með 27 shlj. atkv.

Á 31. fundi í Nd., 15. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 155, n. 180, 181 og 188, 176, 182).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 29 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Davíð Ólafsson): Herra forseti. Fjhn. hefur haft þetta mál til athugunar, og m. a. komu á fund n. þeir Jakob Gíslason raforkumálastjóri og Jón Sigurðsson deildarstjóri í atvmrn., sem hafa mikinn kunnugleika af þessum málum, og veittu n. ýmsar upplýsingar um ýmis fjárhagsatriði rafmagnsveitna ríkisins, sem snerta þetta frv. N. varð hins vegar ekki sammála um afgreiðslu frv., og mæli ég því hér fyrir hönd meiri hl., en nál. meiri hl. er að finna á þskj. 181.

Þannig er, að á undanförnum árum hafa rafmagnsveitur ríkisins og héraðsrafmagnsveitur ríkisins verið reknar með miklum halla og vaxandi halla, sem mun nú, eftir því sem upplýst er í aths. við frv., vera kominn yfir 50 millj. kr. á ári. Þessi halli hefur ýmist verið jafnaður með lántökum eða hann hefur komið fram í skuldasöfnun við ríkissjóð eða ríkisábyrgðasjóð, þar sem ríkisábyrgðasjóður hefur orðið að taka á sig greiðslu vaxta og afborgana af lánum, sem tekin hafa verið vegna rafmagnsveitna ríkisins. Á þennan hátt hafa hins vegar safnazt allmiklar upphæðir vanskilaskulda og óumsaminna skulda.

Skuldir rafmagnsveitna ríkisins og héraðsrafmagnsveitna ríkisins eru áætlaðar við árslok 1965 samtals um 847 millj. kr. Þar af eru erlend lán 439 millj. kr. og innlend föst, umsamin lán 143 millj. kr. Önnur innlend lán eru svo 264 millj. kr., en af þessari síðasttöldu upphæð eru lán veitt úr ríkissjóði skv. heimild í 22. gr. fjárl. um 57 millj. kr., um 99 millj. kr. lán af eigin fé raforkusjóðs og loks 97 millj. kr. skuld við ríkisábyrgðasjóð, sem fallið hefur á sjóðinn, vegna þess að rafmagnsveitur ríkisins hafa ekki getað staðið í skilum með sín lán.

Þessi þróun rekstrarhalla og skuldasöfnunar verður að teljast óviðunandi fyrir slík fyrirtæki sem hér er um að ræða, og það er ánægjulegt, að nú skuli þó sýndur nokkur vottur þess að koma fjárhag þessara mikilvægu þjónustufyrirtækja á heilbrigðan grundvöll, en að því stefnir það frv., sem hér liggur fyrir. En ráðstafanir þær, sem þar er gert ráð fyrir, munu verða til þess að bæta fjárhag rafmagnsveitna ríkisins og héraðsrafmagnsveitna ríkisins. Þar er um að ræða ferns konar ráðstafanir, þar sem þrjár þeirra gera ráð fyrir eftirgjöfum á höfuðstól eða frestun á greiðslum afborgana og vaxta af þeim skuldum, sem ég gat um hér að framan, þ. e. a. s. 252 millj. af þeim 254, sem voru skuldir innanlands og mátti telja lausaskuldir eða óumsamdar skuldir, þ. e. eftirgjöf á höfuðstól og vaxtagreiðslum af lánum ríkissjóðs samkv. 22. gr., frestun á greiðslum fyrst um sinn á afborgunum og vöxtum af lánum raforkusjóðs, en það er þó gert ráð fyrir því, að þær upphæðir komi inn í raforkusjóð aftur síðar meir, þegar rafmagnsveitur ríkisins og héraðsrafmagnsveitur ríkisins eru þess umkomnar að greiða þær skuldir, því að það er ekki ætlazt til þess, að raforkusjóður líði fyrir það, þannig að hann missi algerlega það fé, sem þarna hefur verið úr honum greitt, og loks eftirgjöf á greiðslum höfuðstóls og vaxta af skuld við ríkisábyrgðasjóð, þar er um algera eftirgjöf að ræða. Í fjórða lagi er svo gert ráð fyrir því, að rafmagnsveitur ríkisins og héraðsrafmagnsveitur ríkisins fái auknar tekjur, er nægi til að greiða rekstrarhalla veitnanna. Um þetta atriði var þegar getið í aths. við þann lið í fjárlfrv., sem fjallar um rafmagnsveitur ríkisins. Þessi tekjuauki er ætlað að fáist samkv. 4. gr. frv., en samkv. ákvæðum þeirrar gr. er þeim fyrirtækjum, sem selja raforku í heildsölu, gert að greiða verðjöfnunargjald til rafmagnsveitu ríkisins og héraðsrafmagnsveitna ríkisins og miðist gjaldið við magn afls og orku, sem hlutaðeigandi aðili hefur til sölumeðferðar. Það er gert ráð fyrir, að þessar tekjur verði á árinu 1966 35 millj. kr., en síðan er gert ráð fyrir árlegri endurskoðun verðjöfnunargjaldsins og sé með þeirri endurskoðun komið í veg fyrir, að gjaldið hækki með vaxandi raforkusölu, eins og tekið er fram í aths. við frv., þannig að heildargjaldið miðist við 35 millj. kr.

Eins og ég gat um áður, munu þessar ráðstafanir verða til þess að bæta fjárhag rafmagnsveitna ríkisins og héraðsrafmagnsveitna ríkisins og vinna á móti þeirri hallarekstrarþróun, sem verið hefur hjá þessum fyrirtækjum og verður að teljast óeðlileg og óviðunandi. Með þessum ráðstöfunum telur meiri hl. n. að stefnt sé í rétta átt og leggur því til, að frv. verði samþ., en gerir þó tillögur um tvær breyt., sem ekki hrófla við meginefni frv. Þær till. er að finna á þskj. 182.

Hin fyrri fjallar um breyt. á 10. gr. frv., þeirri gr., sem fjallar um gerðardóminn, 4. mgr. þeirrar gr., þar sem gert er ráð fyrir breytingunni, að gerðardómurinn starfi, eins og þar segir, á þeim stað, þar sem mæling sú, sem ágreiningurinn rís um, fer fram, og setur sér sjálfur starfsreglur. Um þetta vildi ég segja það, að ég mundi vilja taka þessa till. aftur til 3. umr. til nánari athugunar með tilliti til þess, að nákvæmar verði orðað, hvað við er átt, þegar talað er um „á þeim stað", en átt er við, að það sé í því lögsagnarumdæmi, þar sem mæling sú, sem ágreiningur rís um, fer fram. Mun meiri hl. n. taka þetta til athugunar fyrir 3. umr., þannig að þessi brtt. er þá tekin aftur til 3. umr.

Seinni brtt., nr. 2 á þessu sama þskj., er við 11. gr. frv., þar sem bætt er við greinina, eins og hún er núna, að reglugerðin, sem gert er

ráð fyrir að ráðh. sé heimilt að setja, þar sem nánari ákvæði verði sett um verðjöfnunargjaldið samkv. l., sú reglugerð skuli sett að fengnum till. Sambands ísl. rafveitna. Þar er um að ræða samtök, sem allar rafmagnsveitur, einnig rafmagnsveitur ríkisins, eru aðilar að, og það þykir ekki óeðlilegt, að þegar settar verði nánari reglur um framkvæmd þessara laga, verði leitað álits þessa aðila, Sambands ísl. rafveitna.

Meiri hl. n. leggur til, að frv. verði samþ. með þessum breytingum.

Frsm. 1. minni hl. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Á þskj. 180 liggur fyrir nál. um þetta mál frá 1. minni hl. fjhn., þ. e. a. s. frá hv. 11. þm. Reykv. og mér.

Í 1. gr. þessa frv. eru ákvæði um heimildir til að taka á ríkissjóð nokkuð af skuldum rafmagnsveitna ríkisins, en við í 1. minni hl. fjhn. teljum, að það sé allt of skammt gengið í því efni, og við flytjum till. um breyt. á frv. að þessu leyti, og er það fyrri till. á þskj. 176. Hún hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Við greinina (1. gr. frv.) bætist ný mgr.:

Enn fremur er ríkisstj. heimilt að ákveða, að ríkissjóður taki að sér greiðslu á föstum lánum, erlendum og innlendum, sem tekin hafa verið handa raforkusjóði vegna rafmagnsveitna ríkisins og héraðsrafmagnsveitna ríkisins, eins og lánin verða við lok ársins 1965."

Ég vek athygli á, að það er prentvilla þarna í einu orði. Það stendur „eins og lánin verði", en á að vera auðvitað „eins og lánin verða við lok ársins 1965".

Í nál. okkar er gerð grein fyrir því, hvað þessi lán, bæði erlend og innlend, nema háum fjárhæðum, og hv. frsm. meiri hl. n. skýrði einnig frá því áðan í sinni ræðu. Við teljum, að rafmagnsveitur ríkisins geti ekki risið undir skuldunum, sem á þeim hvíla, og þess vegna sé rétt, að ríkið taki að sér greiðslu á þessum skuldum. Til stuðnings því áliti okkar viljum við benda á, að árið 1964 voru vaxtagreiðslur rafmagnsveitna ríkisins og héraðsrafmagnsveitna ríkisins samtals um 35.6 millj. kr., en rekstrarhalli það ár var 42.2 millj. Af rekstrarhallanum voru um 6.5 millj. afskriftir af gengistapi, sem rafmagnsveiturnar hafa orðið fyrir. Þannig kemur það fram, að ef rafmagnsveiturnar hefðu verið skuldlausar 1964, hefði rekstrarreikningur þeirra verið um það bil sléttur það ár, aðeins örlítill rekstrarhalli. Þetta teljum við að sýni það, að rafmagnsveiturnar geti ekki risið undir þessum skuldum. Og því teljum við réttmætt, að heimild sé veitt til að létta þeim af rafmagnsveitunum. Það hefur verið að sumu leyti illa búið að þessu ríkisfyrirtæki. Þegar genginu var breytt 1960 og aftur 1961, urðu rafveiturnar fyrir miklu gengistapi. Það er fært eignamegin á þeirra efnahagsreikning gengistap, fullar 130 millj. kr. Og rafmagnsveiturnar hafa orðið að borga vexti af þessari upphæð. Þetta gengistap hefði ríkið átt að taka á sig þá strax, eins og það tók að sér að borga verulegan hluta af gengishalla bankanna. Fyrirsjáanlegt var þá strax, að rafmagnsveiturnar gátu ekki borið þennan mikla gengishalla. Stjórnarvöldin hefðu þá átt að samþykkja að losa rafmagnsveitur ríkisins við gengistapið og einnig að létta gengistapi af stofnlánasjóðum Búnaðarbankans. Hvorugt var gert, en þetta hvort tveggja þarf að leiðrétta.

Í þessu frv. eru ákvæði um nýjan skatt, sem rafmagnsnotendum er ætlað að greiða, en skatturinn er nefndur verðjöfnunargjald í frv. Þar vantar hins vegar ákvæði um verðjöfnun, og það er ekki mögulegt að okkar áliti að samþykkja verðjöfnunarskatt, nema verðjöfnun sé ákveðin um leið. Til þess að bæta úr þessu, sem mér dettur í hug að stafi af vangá hjá þeim, sem sömdu frv., höfum við í 1. minni hl. leyft okkur að flytja brtt., sem er 2. brtt. á þskj. 176, og í þeirri brtt. okkar er lagt til, að söluverð á rafmagni frá rafmagnsveitum ríkisins til héraðsrafmagnsveitna skuli vera jafnhátt því verði, er Rafmagnsveita Reykjavíkur greiðir Landsvirkjun fyrir rafmagn, og verð á rafmagni frá héraðsrafmagnsveitum ríkisins skuli vera hið sama og rafmagnsverð hjá Rafmagnsveitu Reykjavíkur. Við gerum ráð fyrir í till., að ríkissjóður greiði þann halla, sem verða kann á rekstri rafmagnsveitna ríkisins og héraðsrafmagnsveitnanna vegna þessa ákvæðis.

Allar meiri háttar framkvæmdir í raforkumálum hér á landi hafa verið gerðar af ríkinu eða með aðstoð þess. Þegar einstök bæjar- eða sveitarfélög hafa ráðizt í virkjanir fallvatna, hafa þau undantekningarlaust notið ríkisábyrgðar til tryggingar lánum, er þau hafa tekið til framkvæmdanna, og oft einnig beinnar aðstoðar ríkisstj. við útvegun lánsfjár. Ríkið á helming Sogsvirkjunar, sem nú nefnist Landsvirkjun. Einnig á ríkið aflstöðvar og orkuveitur um land allt. Ríkið er þannig nú langstærsti raforkuframleiðandi og raforkusali landsins, en samkv. þeim upplýsingum, sem fjhn. Alþ. fengu á síðasta þingi, er talið, að heildsöluverð á rafmagni frá rafmagnsveitum ríkisins utan landsvirkjunarsvæðisins sé um 30% hærra en frá Landsvirkjun, sem ríkið á að hálfu leyti, og söluverð á rafmagni frá héraðsrafmagnsveitum ríkisins sé 40—50% hærra en verðið hjá Rafmagnsveitu Reykjavíkur. Þessi verðmunur þarf að hverfa. Allir landsmenn eiga að njóta sömu viðskiptakjara frá rafmagnsverzlun ríkisins, það er réttlætismál. Ég vil benda á í þessu sambandi, að fyrir mörgum árum voru sett lög um sama verð á olíu og benzíni um land allt. Sama á að gilda um rafmagnið. Það á að vera hið sama alls staðar frá þeim orkuveitum, sem ríkið á að meira eða minna leyti.

Í desembermánuði 1964, núna fyrir um það bil einu ári, talaði einn af þm. Sjálfstfl., sem á sæti hér í þessari þd., í útvarpið um daginn og veginn. Hann lýsti þar mjög ákveðið þeirri skoðun sinni, að það ætti að vera sama rafmagnsverð um land allt. Og mér þykir mjög trúlegt, að fleiri af hv. þm. í stjórnarflokkunum séu sama sinnis. Þetta gefur óneitanlega vonir um, að tillaga okkar um jafnt rafmagnsverð nái samþykki í þinginu. Verði brtt. okkar samþ., þær sem ég hef nú lýst, er eðlilegt, að sú breyting verði gerð á frv., að rafmagnsskatturinn, ef hann verður í lög tekinn, renni í ríkissjóð, en ekki til rafmagnsveitna ríkisins. Mætti þá athuga það við 3. umr. frv. Mér

skilst líka á hv. frsm. meiri hl., að þeir ætli að taka aftur brtt. til 3. umr., svo að þar verður eitthvað af slíkum till. á ferð.

1. minni hl. fjhn. hlýtur að mæla gegn frv., ef brtt. þær, sem við berum fram, verða felldar. Þá er þetta gjald skattur, en ekki verðjöfnunargjald, þó að það sé nefnt því nafni, og við teljum, að það sé komið meira en nóg af nýjum sköttum á þessu þingi.

Frsm. 2. minni hl. (Lúðvík Jósefsson): Herra forseti. Eins og hér hefur fram komið, hefur fjhn. ekki getað orðið sammála um afgreiðslu þessa frv. Ég hef í því nál., sem ég hef gefið út, gert grein fyrir afstöðu minni, en niðurstaðan er sú, að ég er mótfallinn frv. eins og það liggur fyrir. Kjarni þessa máls, sem hér liggur fyrir, er sá, að rafmagnsveitur ríkisins hafa um nokkurt árabil verið reknar með talsverðum greiðsluhalla. Þessi greiðsluhalli, sem við stöndum frammi fyrir nú, er því ekkert nýtt fyrirbæri. Hann hefur verið til staðar nú um margra ára skeið, og ég ætla, að engum hv. alþm. hafi komið þessi greiðsluhalli neitt á óvart. Það vissu allir, að þegar ákvarðanir voru teknar um það, að rafmagnsveitur ríkisins skyldu standa undir framkvæmdum í þá átt að rafvæða dreifbýli landsins og taka að sér rafmagnsrekstur á þeim stöðum á landinu, þar sem aðstæður eru tiltölulega erfiðastar til þess að reka slíkan rekstur, mundi þetta þýða, að ríkið yrði að leggja nokkurt fé með þessum rekstri. Og þetta hefur líka verið gert nú um langan tíma og aldrei verið imprað á öðru en ríkið þyrfti að standa undir þessum greiðslum fyrr en nú, að nú er brugðið þannig við, að því er haldið fram, að ríkissjóður geti ekki lengur innt af hendi þær greiðslur, sem hann hefur greitt til rafmagnsveitna ríkisins nú um nokkuð langan tíma, nú þurfi ríkissjóður að draga að sér höndina og þá sé ekki um annað að ræða en afla teknanna á annan hátt, og þá hefur niðurstaðan orðið þessi, að ákveða að leggja á nýjan rafmagnssöluskatt á alla raforkusölu í landinu svo að segja og afla á þann hátt tekna til þess að standa undir greiðsluhalla rafmagnsveitna ríkisins.

Það þarf ekki að fara mörgum orðum um það, hvernig stendur á því, að þessi greiðsluhalli hefur verið. Það gefur alveg auga leið, að það að leggja rafmagnslínur um sveitir landsins, eins og gert hefur verið, kostar fjármagn. Í mörgum tilfellum hefur þurft að taka lán í þessu skyni og stundum óhagstæð lán, og rafmagnsveitur ríkisins verða að standa undir þessum lánum að talsverðum hluta. Það er heldur ekkert um að villast, að rafvirkjanir, sem ráðizt var í á sínum tíma, bæði á Vestfjörðum og eins á Austfjörðum, voru þannig með þeim löngu dreifilínum, sem þar hlutu að fylgja með, að þessar rafveitur hlutu a. m. k. um nokkurt árabil að verða nokkuð óhagstæðar. Til viðbótar við þetta kemur svo það, að rafmagnsveitur ríkisins hafa orðið að taka á sig mikil töp vegna gengisbreytinga. Nú er upplýst, að þær hafa tekið á sig um 130 millj. kr. fjárhæð, sem þær verða að standa undir í formi gengistapa vegna erlendra lána, sem rafmagnsveiturnar stóðu undir. Þá er einnig upplýst, að allmikið af lánum þeim, sem rafmagnsveitur ríkisins nú hafa, eru mjög óhagstæð lán, lán með 7—9% vaxtakjörum, og sum hver eru vísitölutryggð, og þarf því að borga miklum mun meira af þeim lánum en almennt hefur gerzt um lán í þessu landi. Allt ber því að sama brunni, að það er ofureðlilegt, að hér sé um nokkurn greiðsluhalla að ræða. Hvernig svo er háttað rekstrinum að öðru leyti, hvort hann er eins hagkvæmur í öllum greinum og mögulegt er, skal ég ekkert um segja. Við höfum ekki haft neina aðstöðu til þess að kynna okkur það í einstökum greinum, hvernig reksturinn fer fram og hvort er hægt að spara í einhverjum greinum eða ekki. En þrátt fyrir þennan hallarekstur, sem hefur verið hjá rafmagnsveitum ríkisins, er það þó staðreynd, að sú raforka, sem þær hafa selt, hefur allajafna verið dýrasta raforka, sem seld hefur verið í landinu. Þegar svo gripið er til þess ráðs að leggja sérstakan skatt á rafmagnssöluna í landinu til þess að standa undir hallarekstri rafmagnsveitna ríkisins, hefur hæstv. ríkisstj. þótt viðkunnanlegt að kalla þetta gjald verðjöfnunargjald, því að það liggur alveg óumdeilanlega fyrir, að sá verðmismunur, sem er nú á rafmagni í landinu, á að haldast áfram. Þar verður enginn munur gerður á. Það er því ekki verið að afla hér fjár til þess að jafna rafmagnverðið frá því, sem verið hefur. Hér er verið að afla fjár til þess að standa undir ákveðnum útgjöldum, sem ríkissjóður hafði raunverulega tekið að sér að standa undir og hefur staðið undir af eðlilegum ástæðum.

Það er ekki auðvelt fyrir okkur alþm. að gera okkur fyllilega ljósa grein fyrir því, hvernig þetta gjald kemur niður. En þó er alveg augljóst, að gjaldið hlýtur að koma nokkuð misjafnlega þungt niður á þá aðila, sem eiga að borga þetta gjald. Það er upplýst, að rafmagnsverðið í landinu á hinum ýmsu stöðum er mjög breytilegt. Og þeim, sem nú verða að borga tiltölulega hátt rafmagnsverð, er ætlað að borga jafnmikið af gjaldinu, miðað við selda orku, eins og hinum er ætlað að standa undir, sem búa við langsamlega ódýrasta raforku. Það er því eðlilegt, að það komi fram nokkrar kvartanir frá þeim, sem eiga að greiða þetta gjald.

Þá vitum við það einnig, að rafmagn er selt með mjög misjöfnu verði frá hinum einstöku rafveitum eftir því, til hvers raforkan er notuð. Þannig er raforka, sem seld er til hitunar, yfirleitt miklu ódýrari en raforka, sem seld er t. d. til vélarekstrar eða margs annars. Og raforka, sem seld er til næturhitunar á ýmsum stöðum, er seld á sérstaklega lágu verði. Það gefur því alveg auga leið, að það að leggja jafnþungt gjald miðað við selt afl í þeim tilfellum, þar sem raforkan er seld frá veitunni á mjög lágu verði, eins og í hinum tilfellunum, þar sem raforkan er seld á miklum mun hærra verði, þetta hlýtur að valda misrétti og koma mjög misjafnlega við. Enda eru þegar fram komnar upplýsingar um það, að einstakar rafveitur benda á, að ef eigi að halda uppi þessu gjaldi, eins og hér er lagt til, verði þær annaðhvort að

hækka rafmagnssölu til hitunar svo mikið, að hætta sé á, að menn verði að hætta að nota þá upphitunaraðferð og hverfa þá að annarri hitaorku, eða þá að enn önnur rafmagnssala á þessum stöðum verður að taka á sig ákveðna meðgjöf með sölunni á raforku til upphitunar.

Mér sýnist því, að þetta gjald sé lagt á samkv. þessu frv. á mjög ónákvæman hátt, að ekki sé meira sagt. Því hefur verið haldið fram, að af þessum ástæðum muni rafmagnsverð í útsölu yfirleitt verða hækkað um 8—10%, og ég hygg, að það sé ekki fjarri sanni. Þó getur það orðið nokkur misjafnlega mikið hjá hinum einstöku veitum. En nú er einnig upplýst, að það standa til hér frekari hækkanir en þessi hækkun, sem ráðgerð er í þessu frv. Upplýst er, að stjórn Landsvirkjunarinnar hefur tilkynnt sínum viðskiptaaðilum, að hún hafi ákveðið allverulega hækkun á rafmagni nú um næstu áramót, og mun sú hækkun ekki vera minni en sú, sem hér um ræðir í þessu frv. Það eru því allar horfur á, að nú um áramótin eða fast upp úr áramótunum hækki allt rafmagnsverð í landinu til almennra nota í kringum 20% eða yfir 20%. Hér er um mikla hækkun að ræða, sem hlýtur vitanlega að draga dilk á eftir sér.

Ég hef fengið aðstöðu til þess að líta yfir greinargerð frá einum rafveitustjóra varðandi þessi mál, og mér þykir ástæða til þess að lofa hv. þdm. að heyra hér niðurlagsorð þessa rafveitustjóra varðandi þessi mál, en fyrr í þessari grg. hefur hann gert mjög ýtarlega grein, að mínum dómi, fyrir því, hvað muni gerast í þessum verðlagsmálum, ef þetta frv. verður samþ. og eins ef sú hækkun verður framkvæmd, sem landsvirkjunarstjórn hefur boðað. En þessi rafveitustjóri segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Í júlí 1966," — en þá er gert ráð fyrir ákveðinni viðbótarhækkun á rafmagni frá Landsvirkjun, og því er þessi viðmiðun, — „í júlí 1966 verða væntanlegar hækkanir á heildsöluverði raforku hjá Rafveitu Hafnarfjarðar orðnar 71.2%, eða 53.8% hækkun á heildsöluverði plús greiðsla í verðjöfnunarsjóð. 2) Áætlaður raforkuskattur Rafveitu Hafnarfjarðar 1966 er 1 millj. 840 þús. kr. eða 8.60% af áætluðum nettótekjum. Og ofan á þessar 1 millj. 840 þús. kr. þurfa svo rafmagnsnotendur á orkuveitusvæðinu að greiða í aukinn söluskatt til ríkisins um 138 þús. kr. 3) Til þess að mæta væntanlegum hækkunum á heildsöluverði þarf Rafveita Hafnarfjarðar að hækka útsöluverð sitt um 20.5%. 4) Miðað við óbreytt verð á raforku til hitunar, mun Rafveita Hafnarfjarðar koma til með að greiða með raforkusölu til næturhitunar á árinu 1966 116800 kr., auk alls kostnaðar vegna mælaálesturs, reikningsútskriftar, innheimtu og hlutdeildar í hinum almenna rekstri og viðhaldi. Ef verð á raforku til næturhitunar yrði hins vegar hækkað um 20%, mundi rafveitan hafa aðeins um 106 þús. kr. upp í annan kostnað en vegna raforkukaupa, álagsstýringarkerfis og mæla, en það mundi alls ekki nægja."

Þessi niðurstaða í grg. rafveitustjórans í Hafnarfirði segir sína sögu. Hér stöndum við frammi fyrir því, að þessi skattur, sem frv. felur í sér, mundi hækka útsöluverð á rafmagni í Hafnarfirði um 8.60%. En þegar einnig er tekið tillit til þeirrar hækkunar, sem boðuð hefur verið af landsvirkjunarstjórn og ganga mun í gildi nú upp úr áramótum og hækka svo enn á miðju næsta ári, mundi útsöluverð á rafmagni í Hafnarfirði hækka um 20.5%, og þó yrðu málin þannig, að það er sýnilegt, að annaðhvort yrði horfið að því ráði á þessum stað að hækka almenna raforkusölu meir en hér er nefnt, til þess raunverulega að standa undir orkusölunni til upphitunar, eða þá hætta er á, að þeir, sem útbúið hafa sig til þess að nota raforku til upphitunar, yrðu að hverfa frá því og snúa inn á aðra upphitunaraðferð.

Ég tel því, að það leiki enginn vafi á, að með þessum nýja skatti, sem ríkisstj. hugsar sér að leggja hér á, sé ekki mikill vandi leystur. Hér er ríkisstj. á nákvæmlega sömu leiðinni í þessum efnum og hér hefur verið rædd á undanförnum dögum, að ríkisstj. er á í öðrum tilfellum. Ríkisstj. fer þá leið að fella niður útgjöld ríkissjóðs til framkvæmda, sem þó er ekki hægt að skjóta sér undan, og þá er ákveðið að leggja á nýja skatta, til þess að hægt sé að halda áfram þessum framkvæmdum. Þessir skattar munu allir hafa þær afleiðingar, að þeir ýta undir vöxt dýrtíðarinnar í landinu, og sami vandinn kemur til ríkisstj. innan skamms aftur. Ástæðurnar til þess, að ríkissjóður getur ekki lengur staðið undir þeim útgjöldum, sem honum hefur verið ætlað að standa undir, eru vitanlega afleiðingar dýrtíðarstefnunnar, sem farin hefur verið að undanförnu. Og það er engin leið út úr þeim vanda önnur en sú að takast á við dýrtíðarvandamálið sem slíkt, því að það að leggja á einn skatt nú og annan eftir viku o. s. frv. er vitanlega engin lausn á vandamálinu.

Ég lít á þennan skatt, sem hér um ræðir, sem skatt fyrir ríkissjóð. Hér er ekki um neitt verðjöfnunargjald að ræða. Hér er um það að ræða að afla ríkissjóði ákveðinna tekna, og af þeim ástæðum er ég andvígur þessu frv. Ég tel, að fella beri frv. í því formi, sem það er. Hitt er svo annað mál, að það er eflaust orðin þörf á því að taka raforkumál okkar í heild til rækilegrar endurskoðunar. Það þarf að taka til athugunar, hvernig á að koma fyrir t. d. verðlagningu á rafmagni. Það er mikið vandamál, en það verður ekki gert með slíku skattgjaldi sem þessu. Og ég held einnig, að það þyrfti að taka á þeim málum á annan hátt en gert er ráð fyrir í þeirri brtt., sem tveir framsóknarmenn flytja hér, þó að ég efist ekki um, að yrði hún samþ., mundi hagur ýmissa raforkukaupenda í landinu leiðréttast talsvert. En ég held þó, að það þyrfti að taka á þeim málum á allt annan veg en þar er lagt til.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Sökum þess að hæstv. ráðh. Ingólfur Jónsson, sem fer með raforkumál, er staddur í embættiserindum í London þessa daga, þykir mér rétt að segja hér örfá orð til leiðréttingar eða upplýsingar við hv. síðasta ræðumann, sem auðsjáanlega hefur ekki enn þá kynnt sér þetta mál til hlítar.

Hv. þm. segir, að hér sé alls ekki um neitt verðjöfnunargjald að ræða, og eitthvað svipað skildist mér að hv. 1. þm. Norðurl. v. vildi telja rétt vera. Hér er auðvitað um fullkominn misskilning að ræða. Það er óumdeilanlegt, að rafmagnsveitur ríkisins hafa nú í mörg ár verið reknar með mjög verulegum halla. Lengi vel var látið við það sitja, að sá halli safnaðist upp í auknum skuldum rafmagnsveitnanna, og það var hægt undir þessu að standa, meðan tekjuafgangur var hjá ríkissjóði, og var þó ærið áhyggjuefni, bæði fyrir fjmrh. og raforkumrh. á sínum tíma. Nú hefur svo snúizt á árinu 1964 og að því er enn er séð á árinu 1965, að í stað tekjuafgangs er um halla að ræða, greiðsluhalla, þannig að ríkið hefur orðið að ganga á sína fyrri sjóði eða taka lán til þess að geta staðið undir aðkallandi greiðslum. En það hefur ekki verið gerð nein ráðstöfun fram að þessu til þess að bæta hag rafmagnsveitna ríkisins og sjá því borgið, að halli þeirra safnaðist ekki fyrir í auknum skuldum fyrirtækisins sjálfs, sem lentu þá á neytendum þess eða á ríkissjóði. Nú geta menn auðvitað til bráðabirgða sagt eða til frambúðar ákveðið, að ríkið eigi að standa undir þeim halla, sem hér um ræðir. En þá verða menn einnig að horfast í augu við það, að útvega verður tekjur í ríkissjóð til þess að standa undir þeim halla. Og eins og fram hefur komið, er ekki hægt að gera það nú nema með skattlagningu á ný. Og þá er spurningin þessi: Hvort er eðlilegra, að þeir, sem rafmagns njóta í landinu, taki á sig þessa byrði, eða það verði lagður almennur skattur á alla landsmenn til þess að standa undir þessu? Og kemur í raun og veru í einn stað niður, hvort í bili þyrfti til þess aukinn skatt eða þó að hægt væri af þeim sköttum, sem fyrir eru, að standa undir þessum kostnaði. Spurningin hlýtur engu að síður að verða sú sama: Er sanngjarnt, að þeir landsmenn, sem hafa ekki rafmagn, njóta ekki þeirra miklu hlunninda, sem rafmagnið er, taki þátt í því að borga almennan skatt, sem renni til þess, að þeir, sem rafmagnsins njóta, geti notið þeirra miklu fríðinda? Ég held, að hver sá, sem veltir þessu máli fyrir sér og skoðar hið sanna samhengi, hljóti að skilja, að það er ekkert vit í því, það er engin sanngirni í því, að þeir landsmenn, sem af einhverjum sökum hafa ekki orðið rafmagnsins aðnjótandi, þurfi með almennri skattgreiðslu að standa undir hallanum af rafmagnsveitu ríkisins. Það væri í raun og veru að bæta gráu ofan á svart.

Það er fundið að því, að stjórnarvöld treysti sér ekki með nægilegum hraða að leiða rafmagn um allt land eða sjá öllum landsmönnum fyrir rafmagni. Þetta er vandamál út af fyrir sig, alvarlegt og mikið vandamál, sem verður að reyna að leysa á næstu árum, ýmist með nýjum rafmagnsvirkjunum, línum eða með stöðvum, dísilstöðvum, þar sem ekki þykir henta og ekki er fært að koma við rafmagnsvirkjunum eða nýjum línum. En þetta er mál fyrir sig, og það hefur tafizt að leysa það meira en margir vildu, þ. á m. jafnt menn í meiri hluta á Alþingi eins og í minni hluta, vegna þeirra fjárhagsbyrða, sem þetta mundi leggja á þjóðina í heild. En við viðurkennum allir, að þetta fólk, sem nýtur ekki rafmagnsins, er verr sett, og við hljótum, ef við viðurkennum það, einnig að viðurkenna, að það nær ekki nokkurri átt að láta það með almennri skattgreiðslu taka þátt í því að borga rafmagnið fyrir þá, sem rafmagnshlunnindanna njóta nú þegar.

Þetta frv. byggist á þeirri meginhugsun, sem ég hef hér verið að lýsa, að það sé eðlilegt, að rafmagnsveitur ríkisins safni ekki skuldum vegna hallans, heldur sé reynt að tryggja, að hallinn verði afnuminn. Það er ráðgert að afnema hann að nokkru leyti með eftirgjöf á skuldum, fyrst og fremst með því, að ríkisábyrgðasjóður taki á sig til frambúðar þær skuldir, sem hann þegar hefur orðið að greiða, en þá ekki síður og ég get sagt fyrst og fremst með því að leggja almennt verðjöfnunargjald á rafmagnsneyzlu í landinu. Það er rétt, að í dag á þetta rafmagnsverðjöfnunargjald ekki að breyta þeim verðmismun, sem þegar er. Menn hafa ekki treyst sér til þess að taka það spor nú þegar. Það er alveg rétt. En ef það spor væri ekki stigið, sem hér er tekið, yrði til þess að koma þessum málum í lag að stórhækka rafmagnið hjá rafmagnsveitum ríkisins á þeim, sem þegar verða að borga hærra rafmagnsverð en við t. d. hér í Reykjavík og öðrum þeim stöðum, sem betur eru settir, eða hafa þann hátt á, sem mér skildist 5. þm. Austf. gerast talsmaður fyrir, að allir landsmenn, þar með einnig þeir, sem rafmagnið hafi ekki, taki þennan halla á sig, og það er tvímælalaust versti kosturinn.

Það mætti segja, að fjárhagslega væri hitt hægt, að láta hækka rafmagnsverðið hjá neytendum rafmagnsveitna ríkisins svo mikið, að þær stæðu undir sér, rafmagnsveiturnar, og hallinn yrði úr sögunni. Þetta höfum við í ríkisstj. og okkar stuðningsflokkar á þingi ekki talið fært né eðlilegt, heldur talið hitt eitt sanngjarnt, að þar sem hinn mikli mannfjöldi er saman kominn, þar sem hægt hefur verið að virkja fyrst rafmagn allri þjóðinni að lokum til blessunar, að það fólk tæki á sig verulega aukna byrði til þess að hjálpa sínum samborgurum úti um landið. Og ég fullyrði, að það er rétt að kalla þá byrði, sem með þessu á fyrst og fremst að leggja á Reykvíkinga og þá, sem búa hér í nágrenni, það er eðlilegt að kalla þetta verðjöfnunargjald, og það er til þess að það komi alveg ljóst fram um þau miklu hlunnindi, sem við njótum af rafmagninu, að það er eðlilegt, að við hjálpum og borgum fyrir með aukagjaldi þau miklu hlunnindi, sem við höfum fengið með þessu fram yfir okkar samborgara. Hvort menn svo á seinna stigi málsins treysta sér út í almennt verðjöfnunargjald, enn þá róttækara en hér er ráðgert, það er mál, sem verður að skoðast, þegar þar að kemur. En hér er vissulega um verðjöfnunargjald að ræða. Það er vissulega um nýja stefnu í þessum málum að ræða, sem mér er alveg ljóst, og það kom glögglega fram af því, sem hv. 5. þm. Austf. sagði, að þeir, sem eingöngu hugsa um hag neytenda hér, þar sem fjölmennið er mest, verða á móti þessu. Það getur vel verið, að þetta verði óvinsælt mál hér, en ég segi: Það er eðlilegt og sann-

gjarnt, að við neytendur í Reykjavík og öðrum slíkum stöðum hjálpum til að gera aðra hluta Íslands einnig byggilega.

Frsm. 2. minni hl. (Lúðvík Jósefsson): Herra forseti. Það voru nokkur orð í sambandi við það, sem hæstv. forsrh. hefur sagt hér.

Mér þykir hann stilla þessum málum á alleinkennilegan hátt. Það er ábyggilega ekki ágreiningur á milli hans, eftir því sem hans orð féllu hér nú, og mín um það, að það sé eðlilegt, að þeir, sem búa við bezta aðstöðu í raforkumálum, veiti hinum nokkra aðstoð, sem búa við lökust kjör í þeim efnum. En það fer fjarri því, að þetta frv. miði að slíku. Ef stefnan hefði verið sú, þá hefði að sjálfsögðu átt að afla þessara 34 millj. kr. á þann hátt að hækka raforkuna mest hjá þeim, sem nú búa við hagstæðasta raforku, og hækka hana ekkert hjá þeim, sem t. d. eru viðskiptamenn við rafmagnsveitur ríkisins, sem búa við langsamlegasta óhagstæðast raforkuverð. En stefnan er ekki þessi. Stefnan er eingöngu sú, að það á að reyna að afla 35 millj. kr., og það er ákveðið að leggja þetta á raforkusöluna í landinu, fremur en að taka þetta inn með almennum tekjustofnum ríkisins. En þá erum við aftur komnir að því: Er það sanngjarnara, að þessar 35 millj. kr. séu innheimtar aðeins af þeim, sem nota raforku í landinu, heldur en að greiða þessar 35 millj. kr., eins og gert hefur verið hingað til, úr almannasjóði. Það er lengi hægt að segja, að það sé réttmætt, að þeir borgi þessi gjöld, sem þau eru sérstaklega fyrir. Ættum við þá kannske von á því að segja það næst, að það sé alls ekki sanngjarnt að vera að taka úr ríkissjóði, sjóði allra landsmanna, fjármuni til þess að byggja hafnir á nokkrum stöðum á landinu og láta þá menn standa undir hafnarframkvæmdum, sem aldrei geta fengið höfn, og það sé auðvitað ekki sanngjarnt heldur að vera að láta þá menn greiða úr hinum almenna sjóði ríkisins framlög til skólamála, sem eðli málsins samkvæmt vegna búsetu sinnar í landinu geta ekki byggt skóla hjá sér? Slíkur hugsunarháttur sem þessi leiðir okkur þannig, að við leysum þetta allt upp í óteljandi smádilka, og svo á að skattleggja hvern út af fyrir sig.

Ég hélt, að það hefði ekki verið neitt ágreiningsmál, að þegar t. d. 10 ára áætlunin var gerð um rafvæðingu sveitanna á Íslandi, þá var meiningin sú, að ríkisheildin, að allir landsmenn tækju þátt í því að koma þessari rafvæðingu á, og við það voru útgjöldin miðuð. Það vissu allir, að þessar veitur um sveitir landsins gátu ekki staðið undir stofnkostnaði. En sá stofnkostnaður hefur ekki verið afskrifaður nema að nokkru leyti, talsverðum hluta hefur verið velt yfir á rafmagnsveitur ríkisins, og þær hafa þurft að standa undir lánum, sem tekin voru í þessu skyni. En á þann hátt, sem framkvæmdin hefur verið, að taka smám saman upp greiðslur við afgreiðslu fjárl., þá hefur ríkisheildin staðið undir þessum útgjöldum, og það tel ég miklu eðlilegra.

Ef stefnan væri sú að verðjafna á milli hinna ýmsu aðila, sem kaupa raforku, þá vildi ég ljá því fylgi mitt að taka einnig þessar 35 millj. kr., sem hér um ræðir, og jafna þeim þá þannig niður, að þeir beri auðvitað mest af þessari upphæð, sem hafa með aðstoð ríkisins komizt í langsamlega hagstæðasta aðstöðu í sambandi við raforkukaup í þessu landi.

Nei, ég held, að það sé í rauninni alveg þarflaust fyrir hæstv. forsrh. að reyna að dulbúa þetta nokkuð. Það er langhreinlegast að játa það eins og það er. Málin eru þannig, að stefna sú, sem ríkisstj. hefur haldið uppi í efnahagsmálum, hefur leitt til greiðsluþrots hjá ríkinu. Ríkissjóður byrjaði að ryðja af sér ýmsum gjöldum, sem hann hefur borið, og svo er fundið upp á nýjum sköttum og einn af þessum sköttum er nú hér til umr. og á að leggjast á raforkukaupendur í landinu með þeim hætti, sem greinir í þessu frv.

Hér er ábyggilega ekki um að ræða neina verðjöfnunarstefnu. Það væri auðvitað alveg sérstök óbilgirni, ef þannig ætti að halda á þessum málum nú að segja við viðskiptamenn rafmagnsveitna ríkisins, t. d. íbúa í Neskaupstað, í mínu byggðarlagi, að það ætti að segja við okkur sérstaklega: Þið verðið að standa undir þeim mikla kostnaði, sem af því er að leggja rafmagn í sveitir landsins, — vegna þess að svo vill til, að rafmagnsveitur ríkisins annast þetta verk líka og verða að taka á sig fjárhagslegar skuldbindingar af því. Vitanlega er ekki nokkur sanngirni, að t. d. við íbúarnir í Neskaupstað eigum sérstaklega með hækkandi rafmagnsverði að standa undir þessum gjöldum. Að sínu leyti er það auðvitað réttmætara að leggja þetta á alla þá, sem kaupa raforku í landinu, það er rétt, en ég teldi þó, að hitt hefði verið eðlilegast, að ríkið hefði áfram sem heild staðið undir þessum útgjöldum, af því að með því var í rauninni reiknað, þegar ráðizt var í þessar miklu framkvæmdir á hinum ýmsu stöðum, sem allir vissu að mundu ekki geta staðið undir sér.

Frsm. 1. minni hl. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Mér þótti ósköp skemmtilegt að heyra, hvað hæstv. forsrh. virðist bera mjög fyrir brjósti þá fáu landsmenn, sem hafa ekki enn fengið rafmagnið. Ég hugsa, að það séu nú innan við 5%, frekar innan við það en meira af landsmönnum, sem eru utan við rafmagnið enn þá, og ég vildi nú óska þess, að hæstv. forsrh. sem formaður í ríkisstj. ætti hlut að því, að stjórnarvöldin hristi af sér sleninð og reyni nú að ljúka rafvæðingunni svo fljótt sem mögulegt er, en það hefur verið allmikill seinagangur á því upp á síðkastið og virðist vera svo nú um þessar mundir.

Hæstv. ráðh. segir, að það sé mjög ósanngjarnt, að þeir, sem ekki hafa rafmagn, taki þátt í að borga hallann. Þessi skattur er innan við einn af þúsundi af ríkistekjunum, eins og hann er áætlaður. Ég held satt að segja, að þeir, sem eru rafmagnslausir, mundu gjarnan vilja eiga þátt í því að borga þetta litla brot með öðrum, ef það gæti orðið til þess, að rafmagnsveiturnar gætu fyrr en ella orðið við óskum þeirra um að láta þá hafa rafmagnið.

En mér finnst eitthvað ekki að öllu leyti gott samræmi í þessu, sem hæstv. forsrh. sagði um, hvað það væri ósanngjarnt að leggja nokkuð á þessa menn, sem eru án rafmagnsins, — ekki gott samræmi í því og frv., sem hans ríkisstj. leggur fram, því að í fyrstu greinum þessa frv. er gert ráð fyrir því að taka yfir á ríkið af skuldum rafmagnsveitna ríkisins 252 millj. Það eru að vísu tæpar 100 millj. aðeins, sem er sagt að nú eigi að fá greiðslufrest á, það er til raforkusjóðs, en maður getur nú búizt við, að það verði aldrei rukkað inn hjá þeim. Þá eru þetta 252 millj., og ég sé ekki betur en að þessir rafmagnslausu menn eigi að standa undir sínum hluta af því alveg eins og við hinir. Mér finnst ekki vera fullt samræmi í þessu hjá hæstv. ráðh.

Það hefur áður verið bent á það, bæði af mér og öðrum, að hér er náttúrlega ekki um verðjöfnun að ræða, úr því að mismunurinn á raforkuverðinu verður sá sami eftir sem áður, ef frv. verður samþ. óbreytt.

Hæstv. forsrh. sagðist koma hér inn í umr. um þetta mál vegna þess, að raforkumrh. væri erlendis. En ég held, að hæstv. forsrh. hafi ekki áttað sig nógu vel á málinu, áður en hann flutti sína ræðu áðan.

ATKVGR.
Brtt. 176,1 felld með 19:13 atkv.
1. gr. samþ. með 21:4 atkv.
2. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
3. gr samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 176,2 felld með 22:14 atkv.
Brtt. 182,1 tekin aftur til 3. umr.
4.—10. gr. samþ. með 21:11 atkv.
Brtt. 182,2 (ný 11. gr.) samþ. með 24 shlj. atkv.
12. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21:12 atkv.

Á 32. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 194, 182,1 196).

Of skammt var liðið frá 2. umr. og útbýtingu brtt. 196. — Afbrigði leyfð og samþ. með 27 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Brtt. 196 samþ. með 21 shlj. atkv.
— 182,1, svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 18:13 atkv. og afgr. til Ed.

Á 31. fundi í Ed., 16. des., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 201).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Í fjarveru hæstv. raforkumrh. þykir mér rétt að fylgja þessu frv. úr hlaði með nokkrum orðum í þessari hv. d. En frv. hefur verið afgreitt í hv. Nd. og var samþ. þar með smávægilegum breyt., sem hafa ekki nein efnisleg áhrif til breytingar á kjarna málsins.

Svo sem öllum hv. þdm. er kunnugt, hefur það lengi verið mikið vandamál að fá grundvöll undir fjárhag rafmagnsveitna ríkisins, en það eru í senn héraðsrafmagnsveitur ríkisins, sem hafa dreifikerfin út um sveitirnar, og rafmagnsveitur ríkisins, sem eiga orkustöðvarnar, og stofnlínurnar, er tengja héraðsveiturnar saman, en þetta er fjárhagslega rekið sem eitt fyrirtæki. Hallinn á rekstri rafmagnsveitna ríkisins hefur farið vaxandi ár frá ári, og er nú svo komið, að gert var ráð fyrir, að hallinn á árinu 1966 mundi verða um eða yfir 50 millj. kr. Þetta hefur þróazt með þeim hætti undanfarin ár, að rafmagnsveiturnar hafa með vaxandi halla ekki verið færar um að standa undir þeim lánum, sem til þeirra hafa verið tekin, og hafa lán þessi með stórauknum þunga og sívaxandi fallið á ríkisábyrgðasjóð. Ríkisábyrgð er fyrir flestum lánum rafmagnsveitnanna, að öðru leyti en þeim lánum, sem beint hafa verið veitt úr ríkissjóði, en það eru aðallega lán, sem hafa verið fólgin í því, að rafmagnsveitunum hafa verið lánaðir tollar, og þannig hafa myndazt allverulegar skuldir. Á síðasta þingi var horfið að því ráði að taka í fjárl. rekstrarhalla rafmagnsveitnanna, og við undirbúning fjárlaga nú var gert ráð fyrir, að mundi þurfa að taka a. m. k. 40 millj. kr. í fjárlög, til þess að rafmagnsveitunum væri kleift að standa straum af hallarekstri sínum.

Það getur ekki með neinu móti talizt eðlilegt, og er raunar fráleitt fyrirkomulag að taka hallarekstur fyrirtækis sem þessa inn í fjárl., og það þótti því sjálfsagt, ekki hvað sízt vegna fjárhagsörðugleika ríkissjóðs, að hverfa frá því, sem gert var í fyrra, að taka halla rafmagnsveitnanna á ríkissjóðinn, og yrði heldur leitað þeirra úrræða, sem eðlileg verða að teljast, að halli þessarar deildar rafvæðingar landsins yrði borgaður með einhverjum hætti af raforkunotkuninni í landinu. Þetta er að vísu sérstakt fyrirtæki, en engu að síður er þetta þó þáttur í allsherjarrafvæðingu landsins og sá þátturinn, sem örðugastur er og örðugastur hlýtur alltaf að vera, hefur erfiðasta rekstrarafkomu, og það verður að teljast ekki ósanngjarnt, að vanda þessarar deildar rafvæðingarinnar verði mætt með því, að fram fari nokkur verðjöfnun eða skipting fjárhagsvandræða þessarar deildar yfir á raforkunotkun í landinu almennt.

Það hafa lengi verið uppi hugmyndir um það og eru enn, að það sé eðlilegt, að á sviði rafvæðingarinnar, eins og hefur gerzt á fleiri sviðum í þjóðfélaginu, verði tekin upp verðjöfnun, þannig að þetta verði allt rekið efnislega sem eitt fyrirtæki, og með þeirri niðurstöðu, að þær deildir rafvæðingarinnar, sem bezta afkomu hafa, sem eru að sjálfsögðu í þéttbýlinu, tækju á sig að standa undir erfiðleikum strjálbýlisveitnanna.

Með þessu frv., sem hér er lagt fram, er ekki gert ráð fyrir, að horfið verði að verðjöfnun í hinum venjulega skilningi þess orðs á þann veg, að þessu sé öllu steypt saman og allsherjar jöfnunarverð verði sett á raforku. Það er ekki gert ráð fyrir með þessu frv. að hagga þeim hlutföllum, sem eru á milli raforkuverðs frá hinum ýmsu orkuveitum landsins, en það verð

er allmjög mismunandi, heldur er lagt til, að jöfn upphæð sé á lögð með því jöfnunargjaldi, sem hér er um að ræða, á þann veg, að það er ekki um prósentugjald að ræða, heldur miðast gjaldið við afl og orku og skal vera 2000 kr. á ári á kw. og 2 aurar á kwst., þannig að gjaldið hefur ekki áhrif á þau greiðsluhlutföll, sem nú eru. En það er ekki fjarri lagi, að rafmagn frá rafmagnsveitum ríkisins sé um 50% dýrara en t. d. hér frá Sogsvirkjuninni, og það var ljóst öllum, að það var með engu móti hægt að jafna þennan halla með því að hækka enn þá raforkuverð frá rafmagnsveitum ríkisins, þannig að hallanum yrði náð á þann veg. En þessi hlutföll sem sagt breytast ekki þrátt fyrir þær ráðstafanir, sem hér eru gerðar, þannig að hér er ekki um verðjöfnun að ræða í þeim skilningi orðsins, þótt segja megi, að hér sé engu að síður á vissan hátt um verðjöfnun að ræða á þann veg, að það er gert ráð fyrir, að allir landsmenn, sem raforku njóta, greiði hluta af þeim vanda, sem hér er við að glíma. Jafnframt því að gert er ráð fyrir með því gjaldi, sem hér er lagt til að leggja á, að afla 35 millj. kr. til þess að mæta hallarekstri rafmagnsveitna ríkisins, eru sömuleiðis gerðar ráðstafanir til að létta stofnkostnaði mjög verulega af veitunum, þannig að lagt er til, að beinlínis séu gefnar eftir um 167 millj. kr., sem eru afborganir og vextir af skuldum veitnanna við ríkissjóð og raforkusjóð 13.8 millj., eftirgjöf á skuldum við ríkisábyrgðasjóð, en það er það fé, sem ríkisábyrgðasjóður hefur lagt út, vegna veitnanna, 96.5 millj., og að gefnir verði eftir bæði höfuðstóll og vextir lána, sem veitt hafa verið úr ríkissjóði, en það eru, eins og ég hef áður sagt, fyrst og fremst tollalán, 57 millj. kr. Þar að auki er gert ráð fyrir því, að um allmargra ára bil verði veittur greiðslufrestur bæði á afborgunum og vöxtum af lánum raforkusjóðs, sem er önnur deild rafvæðingarkerfisins, og þær skuldir eru nú tæpar 100 millj. kr. Með þessum ráðstöfunum öllum er gert ráð fyrir því, að rafmagnsveiturnar geti risið undir sínum fjárhagsörðugleikum. Að vísu má reikna með því, að veiturnar þurfi að auki að hækka eitthvað raforkuverðið, sem getur ekki talizt óeðlilegt, vegna þess að það mun einnig gerast með yfirleitt allar orkuveitur, að þær verða að hækka sitt raforkuverð vegna aukins tilkostnaðar, og er að sjálfsögðu ekki eðlilegt annað en rafmagnsveitur ríkisins þurfi einnig að gera það að sínu leyti.

Það er alveg ljóst, að rafvæðingunni er þann veg háttað varðandi sveitaveiturnar, að það er engin von til þess, að þær fái risið undir neinum stofnkostnaði, og þess vegna hefur sú stefna verið mörkuð og henni hér framfylgt nú í ár, að dreifiveitur um sveitir eru eingöngu lagðar fyrir bein fjárframlög úr ríkissjóði, sem byggist á þeirri reynslu, sem fengin er, að ekki er neinn möguleiki til þess, að héraðsveiturnar geti staðið undir neinum lánum. Og það er ætlunin, að dreifing raforku um sveitir landsins verði hér eftir eingöngu við það miðuð, að þar sé um bein framlög að ræða frá þjóðarheildinni til að veita strjálbýlinu þessa mikilvægu þjónustu. Það ætti því ekki að þurfa að koma til, að viðbótarvandi skapaðist fyrir rafmagnsveitur ríkisins af þessum sökum, þar sem stofnkostnaður er þannig lagður út að fullu, og þarf ekki að standa undir viðbótarlánum að því leyti til. Gert er ráð fyrir, að eins og ég áðan sagði, að þetta framlag verði 35 millj. kr. og fari ekki upp úr því marki. En eftir því sem hagur veitnanna batnar, og það á hann að gera, eftir því sem lánin greiðast niður, er gert ráð fyrir, að þetta gjald lækki.

Ég held, herra forseti, að ég hafi að meginhluta til gert grein fyrir þeirri hugsun, sem liggur að baki þessu frv., og sé ekki ástæðu til þess að fara um það fleiri orðum, nema sérstakt tilefni gefist til, en vil leyfa mér að leggja til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

Björn Jónsson: Herra forseti. Ég tel, að það fari í raun og veru vel á því, að það skuli vera hæstv. fjmrh., sem talar hér fyrir þessu máli, þótt af sérstökum ástæðum sé, því að meginefni þessa frv. er það að gera raforkunotkunina í landinu að nýjum skattstofni fyrir ríkissjóð. Hér er þess vegna um bein fjármál að ræða, sem undir hann heyra, og fer þess vegna ekki sérstaklega illa á því, þó að hæstv. raforkumrh. fáist nú við þann starfa að opna kjötbúð úti í London, meðan verið er að handfjalla þetta afkvæmi hans hér í þessari hv. deild.

Það er auðsætt, að hér er ekki, gagnstætt því, sem haldið er fram, um neina skattlagningu að ræða til hagsbóta þeim, sem búa í dreifbýlinu, og sést það strax á því, að þeim er gert að greiða þennan skatt að jöfnu við aðra. Hér er ekki um það að ræða, að þeir, sem í dreifbýlinu búa, annaðhvort búa þar við dýrari raforku eða vantar rafmagn, að það sé verið að gera neitt þeim til hagsbóta í því sambandi. Hér er þess vegna ekki um neina verðjöfnun á raforkuverði að ræða, þar sem mismunurinn, sem á orkuverði hefur verið í dreifbýlinu annars vegar og í þéttbýlinu hins vegar, á að haldast algerlega óbreyttur. Skatturinn er lagður jafnt á, hvaða verðlag sem menn hafa búið við. Í þessu sambandi þykir mér það athyglisverð staðreynd, að þess eru jafnvel dæmi, að rafmagnsveitur, sem ekki tilheyra ríkinu, ekki eru undir rafmagnsveitum ríkisins, það eru til dæmi þess, að þær búa við hærra raforkuverð en rafmagnsveitur ríkisins og ættu þess vegna, ef um einhverja jöfnun væri að ræða, raunverulega ekki síður að fá styrk til að reka sínar veitur en rafmagnsveitur ríkisins. Ég nefni í þessu sambandi t. d. rafveituna á Patreksfirði, sem er a. m. k. með jafnhátt meðaltalsverð, og rafmagnsveitur ríkisins og í sumum tilfellum hærra. En í þeim stað er það talið líklegt, að ekki verði hjá því komizt að leggja þennan skatt á í útsvörum í hreppnum, þar sem raforkuverðið hjá þessari veitu er þegar það spennt, að ekki er talið fært að bæta skattinum ofan á það verð, sem nú er þar. Það er þess vegna öruggt, að mismununin, sem hér hefur verið á, verður ekki minni en áður, að þessu frv. samþykktu.

Í þessum efnum höfum við fram að þessu fylgt þeirri stefnu, að greiddar væru af al-

mannafé nokkrar upphæðir til rafmagnsveitna ríkisins til að standa undir halla þeirra og til þess að sem flestir landsmenn gætu fengið notið raforku, sem sjálfsagt verður að telja meðal grundvallarlífsskilyrða í landinu. Á þessu verður raunverulega engin breyting, þessi halli verður borgaður af almannafé. Breytingin er hins vegar fólgin í því, að horfið er frá því að taka það fé, sem til þessara hluta þarf, eftir þeim almennu skattaleiðum, sem í landinu gilda á hverjum tíma, góðum eða vondum, og innleiða í þess stað sérstakan skatt, sérstaka skatheimtu utan við ríkissjóð, spara ríkissjóði það fé, sem þessu nemur, og nota þær tekjur, sem áður hafa farið til þessa, til annarrar eyðslu ríkissjóðs. Hér er þess vegna um algert jafngildi almennrar skattheimtu til ríkissjóðs að ræða, og ber að meta þetta frv. út frá því.

Eins og ég sagði áðan, er orkunotkun landsmanna almennt gerð hér að tekjustofni án tillits til þess, hvernig henni er varið og við hvaða kjörum hún er fengin. Þó er gerð á þessu ein undantekning, gagnvart þeim aðilanum, sem nú býr við langsamlega hagstæðast orkuverð í landinu, Áburðarverksmiðju ríkisins, sem að réttu lagi ætti að greiða 2—3 millj. í þennan skatt, en er algerlega sleppt við hann, þó að þessi aðili búi hins vegar við þau kjör að fá sína orku aðeins við broti, örlitlu broti af kostnaðarverði, og þar er enn eitt dæmið um það, hvað jöfnunin, sem þetta frv. hefur í för með sér, er sanngjörn og mikil.

Ég tel, að með þessu frv. sé lagzt þar á dýrtíðarsveifina, sem raunverulega sízt skyldi, og einn allra viðkvæmasti neyzluþáttur almennings gerður að tekjustofni, gerður að almennum tekjustofni. Og hann er sérstaklega almenningi viðkvæmur vegna þess, hvað hann er öllum óhjákvæmilegur, sem í landinu lifa.

Það er þess vegna víst, að þessi skattheimtuaðferð, sem hér er viðhöfð, kemur talsvert þungt niður á framfærslukostnaði í landinu, og þetta er sérstaklega bagalegt, þar sem svo stendur á, að um mjög miklar aðrar hækkanir er að ræða samtímis þessum neyzluþætti og ef til vill aðrar miklu meiri, sem eru rétt ókomnar. Þannig hefur raforkuverð hér í höfuðborginni verið hækkað mjög verulega á s. l. sumri, og það er vitað um, að 2% hækkun á raforkuverðinu er í undirbúningi og verður skellt á annaðhvort nú um áramótin eða þá snemma á næsta ári. Og með þessu frv. er svo a. m. k. sem svarar 10% í smásölunni bætt ofan á þessar hækkanir, þannig að það verður að teljast líklegt, að almenn raforkunotkun hér í Reykjavík hækki um a. m. k. 30—40% á einu ári. Og það verður að segjast, að það er vissulega ekkert lítið skref, sem stigið er til almennrar dýrtíðaraukningar hjá almenningi með þessum ráðstöfunum öllum samanlögðum.

Sem dæmi um þetta vil ég nefna, að ég hef kynnt mér, hvað þessi skattur mundi þýða t. d. fyrir mitt byggðarlag. Skv. útreikningum rafveitunnar þar, á Akureyri, mun þetta svara til þess, að 3 millj. verði lagðar ofan á raforkuverðið á Akureyri, þ. e. a. s. milli 300 og 400 kr. á hvert mannsbarn eða fyrir 5 manna fjölskyldu allt að 2000 kr. að meðaltali. En þar er svipað ástatt og í Reykjavík, að aðrar hækkanir eru ýmist fyrirsjáanlegar eða óumflýjanlegar, þó að þar verði sennilega ekki um jafnstórfelldar hækkanir að ræða. En það er talið, að það verði að hækka raforkuverð kringum 15% vegna aukins kostnaðar, m. a. við dísilafl frá Laxárstöðinni, og aukins rekstrarkostnaðar við rafveitu Akureyrar, þannig að hækkunin þar mundi verða sennilega alls á milli 20 og 25%. Og þannig hygg ég, að það sé hjá allflestum rafveitum í landinu. Auk þess er svo fyrirsjáanlegt, að bæði á orkuveitusvæði Landsvirkjunar og Laxárvirkjunar eru enn stórfelldari hækkanir fram undan, þegar nýjar virkjanir koma til á næstu árum.

Það verður líka að segjast, að þessi skattlagning, þessi nýjasta skattlagning hæstv. ríkisstj., kemur ósanngjarnlega og misjafnt niður og á margan hátt ákaflega óheppilega. Þannig er það t. d., að með þessum hætti verður útkoman í raun og veru talsvert önnur fyrir almenning eftir því, hvort um mikla raforkunotkun til hitunar er að ræða eða ekki, og af þessum sökum kemur þessi hækkun, sem hér er um að ræða, alveg sérstaklega þungt á rafveitur eins og rafveitu Akureyrar, rafveitu Hafnarfjarðar og rafveitu Siglufjarðar. En á þessum stöðum er svo ástatt, að á Akureyri eru yfir 60% af orkunni notuð til hitunar. Og það mun vera talið, að það verð, sem á þessari orku hefur verið gildandi, sé nú rétt um það að samsvara kostnaði við innflutta hitagjafa, þannig að öll aukning, sem hér eftir verður á þessu. verður til þess að mismuna stórkostlega samkeppnisaðstöðunni milli hins innlenda hitagjafa og hins erlenda, sem aftur á móti á ekki að skattleggja. Þeir einir verða að borga að þessu leyti gjaldið, sem hafa í sínum húsum tæki til að hita þau með rafmagni.

Ef svo fer, sem líklegt er, að rafveitan neyðist til að hækka þessa orkusölu, hlutfallslega miðað við þennan skatt, getur varla hjá því farið, að raforkusala til hitunar minnki stórkostlega og afkoma rafveitnanna versni af þeim sökum mjög mikið vegna minnkandi orkusölu, og auk þess mundi þetta svo hafa það í för með sér, að einstaklingar mundu verða fyrir miklu tjóni, vegna breytinga, sem þeir yrðu að gera á kynditækjum í húsum sínum.

Ég tel, að að þessu leyti sé skattlagningin alger fásinna og komi svo misjafnt niður og ósanngjarnlega, að ekki taki nokkru tali. Hér er hvorki meira né minna en um það að ræða, að með þessari skattlagningu og öðrum hækkunum, sem fyrirsjáanlegar eru á raforkunni, mun hvert heimili, sem hitar hibýli sín með raforku, þurfa að hækka útgjöld sín í þessu sambandi um upphæð, sem nemur 5—8 þús. kr. á ári. Hér er sem sagt um stórfellda dýrtíðaraukningu og útgjaldaaukningu heimilanna að ræða. Hins vegar mun þessi hækkun að sjálfsögðu verða miklum mun minni, þar sem raforka er aðeins notuð til annarra hluta en hitunar. Ég tel, að skattlagningin á raforku til hitunar sé í raun og veru eitt allra fráleitasta ákvæði þessa frv., og eins og ég sagði áðan, er tvísýnt, hvort það verður ekki þrautaráðið hjá þeim stöðum, sem hafa þennan hátt á, að selja mikið af orku sinni

til hitunar, að þeir verði hreinlega að leggja þennan skatt á með útsvörum. Auk þess er það svo að sjálfsögðu hrein öfugþróun í okkar raforkumálum, ef okkar innlenda hitagjafa er mismunað svo með skattlagningu, að menn hverfi í æ ríkara mæli frá því að nota raforku til hitunar, eins og afleiðingin auðsjáanlega verður, ef þetta frv. verður samþ. óbreytt.

Ofan á þessa mismunun, sem sérstaklega kemur fram gagnvart stöðum eins og Akureyri, þá er því svo bætt við í 6. gr. þessa frv., að sérstakt gjald er lagt á Laxárvirkjunina vegna álags, sem stafar af hitanotkun og mun nema hundruðum þúsunda króna. Það er sem sagt allt á sömu bókina lært um réttlætið í sambandi við ákvæði þessa frv.

Um málsmeðferðina í sambandi við þetta mál er svo það að segja, að öllu samráði við rafveiturnar í landinu og samtök þeirra hefur verið hafnað og ekki á nokkurn hátt hlustað á þeirra ráðleggingar, og þeim hefur jafnvel verið neitað um upplýsingar, eins og t. d. um það, hvernig fyrirhugað væri að skipta þessum 35 millj. niður á hinar einstöku greinar orkunotkunarinnar, og þeim hefur einnig verið neitað um að fá tækifæri til þess að geta kynnt sér, hvað það væri, sem þær raunverulega væru að styrkja með þessari skattlagningu, þ. e. a. s. neitað um að fá tækifæri til þess að kynna sér rekstur rafmagnsveitna ríkisins og skoða það, hvort aðrar leiðir eru ekki tiltækari til að ráða bót á því vandamáli, sem hallarekstur þeirra er, heldur en þessi skattlagningaraðferð, sem hér á að beita. Og það mun vera mála sannast, að það sé síður en svo liðum ljóst, hvernig þessum málum er raunverulega varið, hvernig rekstur rafmagnsveitna ríkisins er og hvað mætti gera þar til úrbóta. Og það liggur líka fyrir, það er líka augljóst, að það er engan veginn upplýst, að hve miklu leyti hér er um raunverulegan halla að ræða og að hve miklu leyti er um bókhaldslegan halla að ræða. Þannig er það t. d. vitað, að rafmagnsveitur ríkisins setja upp sitt bókhald að ýmsu leyti talsvert öðruvísi en aðrar rafveitur í landinu, þannig t. d., að þær reikna sér stórkostlegar fjárhæðir í vexti af eigin fé, sem engar rafveitur aðrar í landinu gera, og auka þannig hinn bókhaldslega halla, þó að það breyti ekki um þann raunverulega halla, sem þarna er.

Mér er kunnugt um það, að síðan þetta mál kom á döfina hér á Alþ. án samráðs við þá málsaðila, sem þarna koma helzt til greina, hefur rignt yfir mótmælum til fjhn. þingsins varðandi þetta mál, og ég er hér með nokkurn bunka af þeim. Hér eru t. d. mótmæli frá rafveitunefnd Hafnarfjarðar, hér eru t. d. mótmæli frá Sambandi ísl. rafveitna, hér eru mótmæli frá stjórn rafveitu Siglufjarðar og Skeiðsfossvirkjunar, og hér eru mótmæli frá stjórn Laxárvirkjunar og rafveitustjórn Akureyrar, og allmörg mótmæli önnur liggja hér frammi í lestrarsalnum, þannig að menn geta kynnt sér þau þar.

Ég ætla ekki að fara nákvæmt út í þessi mótmæli, en ég vil þó, vegna þess að annaðhvort komu þau mótmæli það seint, að fjhn. Nd. gat ekki tekið þau til meðferðar, vegna þess að hún hafði þá lokið málsmeðferðinni, eða það var alls ekki tekið fyrir í n., ég veit ekki, hvort heldur var, þá vil ég leyfa mér, með leyfi hæstv. forseta, að lesa hér upp mótmæli stjórnar Laxárvirkjunarinnar og rafveitu Akureyrar, því að ég tel, að þau mótmæli sýni raunverulega í aðalatriðum, hvað rafveiturnar og framámenn í rafveitumálunum heima í héruðunum hafa helzt að athuga við þetta mál. Með leyfi hæstv. forseta, hljóðar samþykkt sameiginlegs fundar Laxárvirkjunarstjórnar og rafveitustjórnar Akureyrar svo:

„Sameiginlegur fundur Laxárvirkjunarstjórnar og rafveitustjórnar Akureyrar, haldinn 15. des. 1965, gerir svofellda ályktun:

Fundurinn lítur svo á, að fjáröflunarleið sú, sem fram kemur í frv. ríkisstj. til að mæta halla á rafveitum ríkisins, sé mjög hæpin og hljóti að torvelda mjög rekstur einstakra rafveitna í landinu. Fundurinn bendir á, að ekki liggur fyrir nokkur viðhlítandi greinargerð um rekstur ríkisrafveitnanna, þar sem gert er ljóst, af hverju hinn mikli halli stafi. Þannig er með frv. verið að heimta skatt af rafmagnsnotendum, án þess að kunnugt sé, til hvers honum sé varið. Fundurinn leggur því til:

1) Að fram fari nákvæm rannsókn á öllum rekstri ríkisrafveitnanna og gerðar verði á honum þær skipulagsbreytingar, sem lækkað geta kostnaðinn, t. d. með því að fela bæjarrafveitum rekstur héraðsrafveitnanna, eins og rafveita Sauðárkróks hefur þegar boðizt til. Sama hátt má hafa víðar.
2) Með frv. verður raforkusala til hitunar skattlögð svo mjög, að slík rafmagnssala er stórfellidlega torvelduð, en hún er mikilvægur þáttur í rekstri og afkomu sumra rafveitna, einkum þó rafveitna Akureyrar og Hafnarfjarðar. Skapar þetta vandkvæði, bæði í augnablikinu og í sambandi við framtíðarvirkjanir, en í framtíðinni verður sala raforku til hitunar sífellt mikilvægari þáttur í rekstri rafveitnanna, en með umræddri skattlagningu á þennan eina hitagjafa getur rafmagn til hitunar torveldlega keppt við olíu í því efni, og þannig hefur hún í för með sér bæði aukna dýrtíð og gjaldeyriseyðslu.
3) Þá bendir fundurinn á, að óeðlilegt sé með öllu að undanþiggja Áburðarverksmiðju ríkisins umræddum skatti, með tilliti til undanfarandi athugasemda og þess, að endurskoðun á rekstri ríkisrafveitnanna tekur verulegan tíma. Leggur fundurinn áherzlu á, að ef nefnt frv. verður samþykkt nú þegar, verði sett inn í það ákvæði um, að lögin gildi aðeins til ársloka 1966 og verði sá tími notaður til þess að gera ýtarlega rannsókn á rekstri rafveitna ríkisins og hagræðingu á skipulagi þeirra til ódýrari og hagkvæmari rekstrar."

Undir þetta skrifa Arnþór Þorsteinsson, Steindór Steindórsson, Árni Jónsson, Þorsteinn Jónatansson, Magnús J. Kristinsson, Jón Sólnes, Jón Þorvaldsson og Knútur Otterstedt. Meðal þessara manna eru allir helztu forustumenn Sjálfstfl. og Alþfl., núverandi stjórnarflokka, á Akureyri, og ég ætla af þessum og fleiri andmælum, sem þetta frv. hefur hlotið, að þetta sé frv., sem í raun og veru sé fordæmt um land allt og

af mönnum úr öllum stjórnmálaflokkum. Ég held þess vegna, að það sé ekki aðeins nauðsynlegt, heldur sjálfsagt fyrir þá n., sem fær málið hér til athugunar, að hún endurskoði það og að stuðningsmenn hæstv. ríkisstj. hér í hv. þd. reyni að fá á þessu frv. þær allra nauðsynlegustu umbætur, sem óhjákvæmilegt er að gera á því.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð mín öllu lengri. Ég vil aðeins segja það að lokum, að ég viðurkenni fúslega, að halli á rafmagnsveitum ríkisins hafi verið vandamál, sem vafalaust verður að snúa sér að því að leysa, og sömuleiðis er það vandamál, hvert misrétti landsmenn búa nú við í raforkuverði. Ég hef á nokkrum undanförnum þingum flutt till. um það, að þessi mál yrðu rannsökuð og það yrði leitað leiða til þess að jafna verð raforkunnar, og ég er enn sama sinnis í því efni, að ég tel það nauðsynjamál, en það er hins vegar auðsætt, að þetta frv. leysir engan vanda í þessum efnum.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Það er sérstaklega eitt grundvallaratriði í ræðu hv. síðasta ræðumanns, sem ég sé ástæðu til að gera að umtalsefni og ég get ekki, því miður, verið honum sammála um, og það er sú skoðun hans, að hér sé fyrst og fremst um frv. að ræða til þess að afla fjár til ríkissjóðs.

Það má segja um flest þau frv. í sambandi við tekjuöflun til ríkissjóðs, sem hér hafa verið til meðferðar, þótt þau séu til tiltekinna þarfa, að þau hafi verið til þess að jafna halla á fjárl., og þetta er það að vissu leyti líka, af því að halli rafmagnsveitnanna var tekinn inn í fjárl. á s. l. ári. Til þess tíma hefur halli rafmagnsveitna ríkisins ekki verið í fjárl., og hefur engum manni dottið í hug sannast sagna, að það væri eðlilegt, að þessi halli væri tekinn í fjárlög.

Rafmagnsveitur ríkisins eru þjónustufyrirtæki, eins og fjöldamörg önnur, sem eru í eigu ríkisins, og það er talið eðlilegt og sjálfsagt, að þessi fyrirtæki séu rekin þannig, að þau beri sig, og að því hefur verið miðað við þessi þjónustufyrirtæki yfirleitt öll, útvarp, póst og síma og margar slíkar stofnanir, og allt frá því að rafmagnsveiturnar hófu starfsemi sína hefur fjár til þeirra verið að meginhluta til aflað með lánum, að undanteknum þeim framlögum, sem verið hafa í fjárlögum hverju sinni til raforkuframkvæmda, sem aldrei hefur verið nema lítill hluti af því, sem rafmagnsveiturnar hafa þurft á að halda, og hefur yfirleitt gengið allt til héraðsveitna, en ekki til rafmagnsveitna ríkisins sjálfra til hinna stærri framkvæmda. Til þeirra allra hefur verið tekið lán, með ríkisábyrgð að vísu, en það hefur aldrei verið gengið út frá því, og ég held, að engum hv. þm. hafi dottið í hug, að ríkið ætti að borga þessi lán. Það hefði þá verið miklu einlægara, að ríkið tæki lánið og hefði þá strax tekið á sig þann vanda, sem þarna var við að glíma. En í tíð allra ríkisstj., síðan þetta kerfi hófst, hefur þetta verið haft með þeim hætti, að rafmagnsveiturnar hafa tekið lán með ríkisábyrgð, og ekki nóg með það, heldur hafa rafmagnsveiturnar fengið lánaða tollana. Það hafa ekki einu sinni verið gefnir eftir tollarnir, heldur talið eðlilegt, að rafmagnsveiturnar nytu þeirrar einu fyrirgreiðslu frá ríkinu, sem vissulega er mikils virði, að fá að borga tollana á allmörgum árum.

Efnislega er það því alveg ljóst, að það hefur aldrei vakað fyrir Alþ., að rafmagnsveitur ríkisins eða rekstur þeirra yrði með þeim hætti, að þær gætu ekki staðið undir sér. Það hefur hins vegar komið í ljós, eftir því sem þróunin hefur orðið, að þetta hefur orðið miklu þyngri byrði á rafmagnskerfinu eða þessari sérstöku deild þess heldur en það fékk undir risið, og af þessu hefur sá vandi skapazt, að það hefur safnazt saman um árabil halli, sem hefur farið vaxandi ár frá ári, og þessi halli hefur komið fram í því, að það hafa safnazt skuldir við ríkisábyrgðasjóð eða vanskil á ríkisábyrgðarlánum. En það er alls ekki rétt, að það hafi nokkurn tíma verið, fyrr en sem sagt á þessu ári, talið eðlilegt, að ríkissjóður sjálfur greiddi þennan halla, þannig að að þessu leyti held ég, að hv. þm. hljóti í rauninni við nánari athugun að geta verið mér sammála um, að þetta er ekki sambærilegt og almenn tekjuöflun fyrir ríkissjóð, vegna þess að það er ekki eðlilegt, að ríkissjóður greiði þennan halla, ekki á nokkurn hátt, og það er fullkomlega eðlilegt, að það séu könnuð úrræði til þess að leysa hann með öðrum hætti. Og hér á hinu háa Alþ. hafa á undanförnum árum verið uppi till., sem má segja að séu fullkomlega raunsæjar, till., fluttar af ýmsum þm., um jöfnun raforkuverðs, og þá hefur alltaf verið gengið út frá því, þar til á síðasta þingi, að það komu slíkar till. með nokkuð öðrum blæ, en þær till., sem áður höfðu verið fluttar um þetta efni, höfðu allar gengið út frá því, að tekið yrði upp jöfnunarverð á rafmagni, þ. e. a. s. að það yrði selt með sama verði um land allt, þannig að þeir, sem betri aðstöðuna hafa, tækju á sig hallann af þeim veitum, sem geta ekki risið undir sér sjálfar. Þetta hefur alltaf verið grundvallarskoðunin, og um þetta hafa verið skiptar skoðanir, og ég býst við, að hvorki fólki hér í Reykjavík né á Akureyri eða öðrum þéttbýlissvæðum þætti það neitt æskilegri leið en þetta frv. að taka upp allsherjar jöfnunarverð á raforku. Ég er hræddur um, að hækkunin yrði þá æðimiklu meiri en hér er um að ræða. Og þegar hv. þm. talar um, að það sé óhæfilegt misræmi í raforkuverði, skil ég ekki í, að hann vilji í neinni alvöru halda því fram, að það misræmi eigi að leiðrétta með því, að ríkissjóður eigi að borga það, sem á vantar, til þess að náist rekstrarjöfnuður hjá rafmagnsveitum ríkisins, miðað við að notendur þeirra greiði t. d. sama raforkuverð og í Reykjavík. Ég trúi því ekki, fyrr en ég tek á, að það sé hugmynd nokkurra hv. þm., þó að þeir varpi því fram, þegar þeir þurfa ekki að bera ábyrgð á lausn mála, að það sé sjálfsagt að fara þá leið, af því að það þykir vinsælla í þéttbýlinu en að segja fólkinu, að það eigi að taka á sig hallann, eins og hugmyndirnar um jöfnunarverð á raforku hafa alltaf falið í sér á undanförnum árum.

Ég tel þetta frv. því alls ekki venjulegt tekjuöflunarfrv. fyrir ríkissjóð, heldur sé til þess að finna ákveðið skipulag á að leysa vanda,

sem skapazt hefur hjá þjónustufyrirtæki, sem ríkið hefur að vísu sett upp, en getur ekki með neinu móti talizt eðlilegt, að ekki geti staðið undir eðlilegum kostnaði sínum sjálft. Og ég geri ekki ráð fyrir, að neinn hv. þm. telji, að sú leið væri fær, a. m. k. er ég ekki þeirrar skoðunar, og það er ekki skoðun ríkisstj., að sú leið væri fær að hækka svo raforkuverð til notenda hjá rafmagnsveitum ríkisins, að þeir notendur gætu tekið á sig þennan halla. Hér má því segja að sé nokkur millileið farin frá þeim hugmyndum að taka upp jöfnunarverð á raforku, sem hefur ekki átt fylgi að fagna til þessa, þannig að hér er gert ráð fyrir að leggja gjald á alla, sem raforkuna nota, en þó jafnt gjald, þannig að það raski ekki þeim kostnaðarhlutföllum, sem eru nú milli einstakra veitna, og þetta gjald er lagt á heildsöluverð á raforku, þannig að hinar einstöku rafveitur hafa það að sjálfsögðu á sínu valdi, hvernig þær hagræða þessu á milli einstakra notkunartegunda raforku skv. sínum gjaldskrám. Hér er um heildsöluverð að ræða, sem þetta leggst á, þannig að þar má færa á milli, eftir því sem hinum einstöku rafveitum þóknast. Það kann svo að vera, og það er alveg rétt, sem hv. þm. sagði, að það kunna að koma fram ýmis einstök dæmi, sem leiði í ljós, að þarna geti orðið um vandamál að ræða, sem segja má að séu ranglát, og þá þarf að sjálfsögðu að skoða það í framkvæmdinni, hvernig til tekst með það. Og það er svo sem ekkert, sem hindrar það, að þessum lögum megi breyta. Þau eru ekki sett þannig, að eilíflega megi ekki breyta þeim, heldur er sjálfsagt, að það sé skoðað, eftir því sem reynslan leiðir í ljós. En hitt, að fara að ákveða það nú, að þau gildi aðeins í eitt ár, svo sem stjórn Laxárvirkjunarinnar bendir á, það tel ég að sé ákaflega óheppilegt og hitt sé annað mál, ef menn innan eins árs komast að þeirri niðurstöðu, að hægt sé að koma þessu fyrir með einhverjum öðrum hætti, þá er auðvitað sjálfsagt og eðlilegt, að það sé tekið til athugunar.

Varðandi rekstur ríkisrafveitnanna hefur það oft og tíðum verið gagnrýnt, að þær væru ekki reknar nógu hagkvæmlega, og það er ósköp eðlilegt, að þær raddir komi upp í því sterkari mæli sem rekstrarafkoma fyrirtækja verður verri, að það sé nauðsynlegt að skoða niður í kjölinn, hvort allt sé með þeirri hagkvæmni, sem þar ætti að vera. Þetta hefur ítrekað verið skoðað af stjórnskipuðum nefndum, sem hafa farið ofan í þetta mál, og það hefur rækilega verið kannað, áður en þetta frv. var flutt, hvort þar væru einhverjir verulegir annmarkar á. Auðvitað er það aldrei svo, að það sé ekki eitthvað, sem til betri vegar megi færa, og það var lengi vel höfuðgagnrýnin móti jöfnunarverði á raforku, sem á mikið til síns máls, að það væri ekki hægt að taka það upp nema setja þá upp eitthvert allsherjar rafveitukerfi, vegna þess að ella væri hætta á því, að það drægi úr aðhaldi hjá þeim, sem verst væru settir, ef þeir gætu þá bara varpað þunganum af sínum halla yfir á aðra. Fyrir þetta er girt hérna með því, að það er sett ákveðið hámark, þannig að það fer ekki yfir 35 millj. kr., sem tekið verður í þessu jöfnunargjaldi, þannig að það er ljóst, að rafmagnsveitur ríkisins verða í senn að gera ráðstafanir með hækkunum á sínu raforkuverði eða með bættum rekstri til þess að mæta þeim vanda, sem þar er við að glíma. Ég tel það hins vegar alveg sjálfsagt og fullkomlega réttmæta kröfu frá stjórn Laxárvirkjunarinnar og reyndar öðrum þeim, sem eiga að taka á sig kvaðir í þessu efni, að þeir ætlist til þess, að rafmagnsveitur ríkisins séu reknar með hinni fyllstu hagsýni, og ég tel alveg sjálfsagt, að það sé að fullu tekið til greina og verði kannað algjörlega ofan í kjölinn, hvort hægt er með einhverjum hætti að koma þeim málum fyrir á hagkvæmari hátt en nú er.

Það er vitanlegt, að hér er um kvaðir að ræða, bæði fyrir Reykvíkinga og Akureyringa og aðra í þéttbýlinu, og það er ekkert launungarmál, og auðvitað er það aldrei vinsælt að taka á sig slíkar kvaðir. En ég mundi þó a. m. k. halda, að þessar kvaðir væru litlar á móts við það, að það væri tekið upp allsherjar jöfnunarverð á raforku, sem er, eins og ég sagði, hin leiðin, sem komið hefur til álita og oft hefur verið rætt hér á þingi að fara til þess að skapa fullkominn jöfnuð í þessu efni, en það hefur ekki þótt fært að leggja til, að sú leið yrði farin hér. En mér sýnist, eins og ég áðan sagði, að ef menn skoða þetta mál niður í kjölinn, hljóti menn að geta fallizt á þá skoðun, að það sé ekkert óeðlilegt við það og a. m. k. brjóti ekki í bága við neina venju, sem hafi verið mörkuð af Alþ., að rekstrarhalli rafmagnsveitna ríkisins eigi að borgast úr ríkissjóði, og það sé þar af leiðandi verið beinlínis að brjóta einhverja hefðbundna venju með því að leggja nú til, að þessu máli sé skipað með þeim hætti, sem hér er gert ráð fyrir.

Björn Jónsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð út af ræðu hæstv. fjmrh. Ég verð að segja það, að ég skil ekki algerlega röksemdafærslu hans, þar sem hann byrjaði á því að viðurkenna, að þetta frv. væri borið fram til þess að jafna halla á fjárl., það voru hans óbreytt orð, en neitaði því hins vegar algerlega, að hér væri um skattheimtu fyrir ríkissjóð að ræða. Ég verð að viðurkenna, að ég þarf að hugsa mig betur um, áður en ég skil þessa röksemdafærslu.

Þá er það, sem var kjarni hans máls, að það væri algerlega óeðlilegt, að ríkissjóður kæmi nokkuð nærri því að greiða halla rafmagnsveitna ríkisins. Ég er honum algerlega ósammála um þetta. Ég held einmitt, að það hafi öllum verið ljóst frá upphafi, að ef ætti að vinna að því af kappi að rafvæða dreifbýlið og halda þar uppi raforkusölu með viðunanlegu og bærilegu verði, þá væri það þjóðfélagslegt vandamál, sem yrði að leysa með einhverri aðstoð úr allsherjarsjóði landsmanna, og tekna til þess yrði að afla að þeim leiðum, sem við öflum ríkissjóði tekna. Ég er þó þeirrar skoðunar, að það geti vel komið til greina að leggja einhverjar kvaðir og skatta á þá raforkunotkun, sem er hagstæðust í landinu, til hagsbóta hinum. Ég tel, að það geti vel komið til greina. En eins og ég hef áður rakið, er alls ekki um það að ræða í þessu sambandi. Ég held, að þarna geti vel komið til tvær samhliða leiðir: annars vegar aðstoð ríkisins, til þess að fullnægt verði þeim grundvallarskil-

yrðum, sem eru fyrir byggð í landinu, að menn fái notið raforkunnar til heimilisþarfa og til atvinnurekstrar, og hins vegar að létta mætti undir einnig af hálfu þeirra, sem búa við beztu kjörin. En um fullkomna verðjöfnun á rafmagni hygg ég þó, að ekki geti verið að ræða, nema mjög miklar skipulagsbreytingar verði gerðar í öllum raforkumálum, og mikil spurning, hvort þar verði ekki að koma til alveg fullkomin þjóðnýting, ekki aðeins á raforkuframleiðslunni, heldur einnig á öllu dreifikerfinu og smásölunni. Ég vil líka benda á það, að jöfnun á raforkuverði getur auðvitað farið fram með ákaflega mismunandi hætti. Ég benti t. d. á það, þegar ég flutti mína þáltill. um þetta efni á undanförnum þingum, að það kæmi mjög til greina, að unnt væri að jafna verulega raforkuverðið, án þess að það kæmi niður á heimilisnotkuninni, því að hún er ekki nema nokkur hluti og meira að segja ótrúlega lítill hluti af allri raforkunotkuninni í landinu, og kæmi vel til greina að jafna raforkuverðið þannig, að það kæmi að mjög litlu leyti niður á heimilisnotkuninni og þeim viðkvæma neyzluþætti, sem raforkan er í framfærslu heimilanna í landinu. Ég held, að það hefði einnig átt að huga að því atriði, hvernig því yrði haganlega fyrir komið, ef á annað borð hefur verið um einhverja verðjöfnun að ræða. En eins og ég sagði áðan, er alls ekki um neitt slíkt að ræða, þess vegna hefur það sjálfsagt ekki komið til greina, þegar þetta frv. var undirbúið.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Það var aðeins til þess að auðvelda hv. 4. þm. Norðurl. e. að skilja, hvað ég hef verið að fara með, svo að hann lenti ekki í óhemjulegu grufli út af því, sem ég vildi aðeins segja örfá orð. Hann taldi, að það hefði verið óskiljanlegt hjá mér að tala um, að það væri í senn um tekjuöflunarleið fyrir ríkið að ræða, en þó ekki tekjuöflunarleið fyrir ríkið.

Það, sem ég átti við, — það kann að vera, að ég hafi ekki útskýrt mál mitt nógu vel, — var það, að eins og sakir standa er það rétt, að það er tekjuöflunarleið fyrir ríkissjóð, vegna þess að þetta var tekið inn í fjárl. fyrir árið í ár. En hins vegar sagði ég, að það hefði aldrei verið eðlilegt að taka þetta inn í fjárl. og var gert sem neyðarúrræði á s. l. ári, og það hefði aldrei verið skoðun eða stefna Alþ., að eðlilegt væri, að þetta væri í fjárl., og þar af leiðandi væri hér ekki um að ræða venjulega tekjuöflunarleið fyrir ríkissjóð til þess að mæta þeim útgjöldum, sem að undanförnu hefur verið talið eðlilegt að hann hefði á sínum herðum að einhverju leyti. Ég hygg þess vegna, að það megi með fullum rökum segja, að þetta frv. sé annars eðlis en þau önnur frv., sem hér hafa verið lögð fram, svo sem um hækkun á aukatekjum og benzínskatti og eignarskatti. Það er að sjálfsögðu um beina fjáröflun fyrir ríkissjóð þar að ræða, en hér er um það að ræða að vísu að létta útgjöldum af ríkissjóði, en útgjöldum, sem aðeins hafa verið tekin inn í fjárl. eitt ár og að mínum dómi og ég hygg að dómi hv. alþm. yfirleitt hafi aldrei verið talið eðlilegt að væru í fjárl., þannig að ég vonast til, að hv. þm. átti sig á, hvað ég hef meint með því, þó að hann kunni að vilja halda fram skoðun sinni um, að það sé ekki fullkomin rökvísi í þessu. Það er annað mál.

Það er svo aftur hin hlið málsins, sem er alveg rétt hjá hv. þm., að það er auðvitað eðlilegt, að til þess að jafna aðstöðu í strjálbýlinu taki ríkið eitthvað á sínar herðar, og það hefur verið gert með þeim framlögum, sem Alþ. hverju sinni hefur veitt til stofnframkvæmda. Og eins og ég áðan sagði, er viðurkennt nú, að dreifiveiturnar, sem eftir eru úti um sveitirnar, eru svo óhagstæðar, að það kemur ekki til mála, að þær verði leystar fyrir lánsfé, sem verði lagt á rafveitukerfið að greiða.

Varðandi það svo, að allsherjar jöfnunarverð á raforku sé í rauninni ekki framkvæmanlegt, nema það komist ríkiseinokun á raforkuframleiðslu og raforkusölu, er ég hv. þm. að verulegu leyti sammála um, að það gæti orðið erfitt með öðrum hætti. Að vísu þarf það ekki endilega að vera ríkiseinokun. Við getum hugsað okkur, að það sé eitthvert samstarfsfyrirtæki, sem reki þetta. Landsvirkjunin er stofnuð sem vísir að slíku fyrirtæki, sem hefur verið talað jafnvel um að fleiri aðilar, svo sem Laxárvirkjunin, kynnu að ganga inn í á síðari stigi málsins. Og ég held, að það sé ljóst, að þróunin í okkar raforkumálum hljóti á næstu árum að verða sú, að öll orkuverin verði tengd saman og þá er ákaflega erfitt að starfrækja þessi orkuver með mismunandi reglum og rekstrargrundvelli, svo að ég hygg, að það komi að þeim tíma, og mér finnst það ekki óeðlileg þróun, að jafnhliða því sem orkuverin verði tengd saman, myndist fyrirtæki, sameignarfyrirtæki ríkisins og þeirra aðila, sem þessi orkuver eiga, um áframhaldandi rafvæðingu landsins. Þá kemur það í rauninni af sjálfu sér, að raforkuverðið yrði það sama frá þessum orkuverum öllum. Við vitum það t. d., að innan rafmagnsveitna ríkisins er framkvæmd mjög veruleg verðjöfnun. Raforkuverð frá rafmagnsveitunum er alls staðar jafnhátt, enda þótt framleiðslukostnaður rafmagns sé mjög mismunandi. Sumar veiturnar bera sig og gætu í rauninni þróazt með lægra raforkuverði. Þarna hefur verið tekin upp alger verðjöfnun, og mér þykir ekki ósennilegt, að það stefni í þá átt með tímanum, þróunin muni leiða til þess, að þessi verðjöfnun komist á smám saman.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjhn. með 16 shlj. atkv.

Á 32. fundi í Ed., 17. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 201, n. 207, 208 og 209, 210)

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Fjhn. hefur haft þetta frv. til meðferðar, og eins og nál. þau, sem útbýtt hefur verið, bera með sér, hefur hún ekki orðið sammála um afstöðu til málsins. Við, sem stöndum að nál. á þskj. 207, leggjum til, að það verði samþ. óbreytt, en aðrir nm. hafa skilað sérálitum og borið fram brtt. eða leggja til, að frv. verði fellt.

Það er óþarfi að fjölyrða um tilgang þessa frv. við þetta tækifæri. Í því efni vil ég leyfa mér að vísa til framsöguræðu hæstv. fjmrh. við 1. umr. málsins. Hv. stjórnarandstæðingar hafa í þessu sambandi talað um nýjar skattaálögur til þess að bæta hag rafmagnsveitnanna. Þetta er að mínu áliti villandi. Þjóðin getur ekki með neinu móti komizt hjá því að greiða kostnað við raforkuframkvæmdir og rekstur rafveitna. Það er ekki hægt undir neinum kringumstæðum að sækja þá fjármuni, sem til þess þarf, eitthvað út í geiminn, þannig að spurningin er aðeins sú, hvernig á að jafna þessum kostnaði niður, og koma í því efni tvær leiðir til greina. Önnur er sú að láta notendur rafmagnsins greiða nauðsynlegan kostnað við að veita þeim þessa þjónustu, hin sú að láta skattgreiðendur bera halla rafveitnanna, en það þýðir í rauninni, að rafmagnsverðið er greitt niður með framlögum úr ríkissjóði.

Það er skoðun okkar, sem þetta frv. styðjum, að fara beri fyrri leiðina eða þá að láta rafveiturnar bera sig. Það getur þjónað skynsamlegum tilgangi að greiða niður úr ríkissjóði almennar nauðsynjavörur, eins og t. d. mjólk. Slíkt leiðir að nokkru til tekjujöfnunar. En ég fæ með engu móti komið auga á skynsamleg rök fyrir því, að borga skuli niður rafmagnsnotkunina með framlögum úr ríkissjóði. Nú hefur það að vísu verið vefengt við meðferð þessa máls af hv. 4. þm. Norðurl. e., að raunverulegur halli á rafveitunum væri slíkur, að verðjöfnunargjaldsins, sem þetta frv. gerir ráð fyrir, væri þörf eða a. m. k. svo hás verðjöfnunargjalds sem hér er um að ræða. Við því er það að segja, að auðvitað geta ýmsir kostnaðarliðir slíks fyrirtækis verið matsatriði, þannig að um það má deila innan vissra takmarka, hvað sé kostnaðarverð. Ég er að vísu ekki sammála því sjónarmiði hv. þm., að ekki beri að taka tillit til vaxta af eigin fé, þegar framleiðslukostnaður er ákvarðaður. Það er ekki hægt að segja, að fyrirtæki beri sig, ef það skilar engum arði af eigin fé. Hinu er ég út af fyrir sig sammála, að margir kostnaðarliðir, svo sem afskriftir, eru þess eðlis, að þeir verða ekki metnir nema af nokkru handahófi. En hvað sem því líður, er það staðreynd, að á fjárl. yfirstandandi árs voru veittar 40 millj. kr. til þess að standa undir halla rafmagnsveitna ríkisins, þannig að þessari fjárhæð, sem ekki gat komið annars staðar frá en úr vösum skattborgaranna, hefur raunverulega verið varið til niðurgreiðslu á rafmagnsverði. Við, sem að meirihlutaálitinu stöndum, teljum, að slík niðurgreiðsla þjóni ekki skynsamlegum tilgangi, og mælum við því með samþykkt frv.

Frsm. 1. minni hl. (Björn Jónsson): Herra forseti. Í þessu máli get ég að mestu leyti vísað til þess, sem ég hafði um það að segja við 1. umr. í gær, þar sem ég ræddi þetta mál nokkuð. Eins og ég þá sagði, sker það úr um afstöðu mína til þessa frv., að ég tel skattheimtuna, sem með frv. er ákveðin, bæði óheppilega og ranga og tilgang hennar einnig af því tagi, að skattstofninn, sem um er að ræða, kemur raforkunotendum almennt í landinu ekki að nokkru haldi. Það er engum blöðum um það að fletta, að þessi skattheimta er gerð, eins og hæstv. fjmrh. viðurkenndi hér í gær, til þess að rétta við halla á ríkissjóði. Það voru hans óbreytt orð þá. Fæ ég þá ekki séð, að á því sé neinn munur eða því að viðurkenna hreinlega það, sem rétt er, að hér er um raunverulega skattheimtu til ríkissjóðs að ræða, miðað við það fyrirkomulag, sem áður hefur verið. Og það er í raun og veru alveg sami leikurinn, sem hér er verið að leika, eins og í sambandi við benzínskattinn. Hér er um hreinan verðbólguskatt að ræða, sem auka mun verulega framleiðslukostnað og dýrtíð í landinu, án þess að betur en áður sé séð fyrir þeim málum, sem þessi skattheimta er tengd, og þannig er líka þessi skattheimta sama markinu brennd og benzínskatturinn, sem ekki var ætlaður til að auka framkvæmdir í vegamálum, heldur eingöngu til þess að létta útgjöldum af ríkissjóði, til þess að það fé, sem áður hefur farið til þessara mála, yrði notað í almenna dýrtíðareyðslu og eignaeyðslu rkissjóðs almennt. Hér er þess vegna aðeins um að ræða ráðstafanir vegna bágborinnar afkomu ríkissjóðs í því almenna dýrtíðarflóði, sem nú æðir yfir af auknum þunga, og þetta vita reyndar allir, þó að hv. talsmenn stjórnarliðsins reyni að hafa hér uppi tilraunir til orðaleikja í þessu sambandi.

Ég vil að öðru leyti segja það um þetta mál og afgreiðslu þess í hv. fjhn., að það hefur ekki fengið neina eðlilega afgreiðslu í n. Það hefur hvorki verið vilji hjá meiri hl. né heldur jafnvel tími til þeirra athugana, sem hefðu verið nauðsynlegar og hefðu skapað einhver líkindi fyrir því, að hægt hefði verið að færa ýmis ákvæði frv. eitthvað til betri vegar en til er stofnað. Því var lýst yfir á fundi fjhn. af hv. fulltrúum meiri hl., að þeir mættu hér engum stafkrók breyta og þýddi hvorki að athuga málið í því sambandi né um það að ræða. Slík vinnubrögð eru því miður ekki einsdæmi hér á hv. Alþ., heldur stundum allt að því regla hjá núv. ríkisstj. og hennar stuðningsliði, þegar um slík mál er að ræða sem hér. En ég tel engu að síður ástæðu til þess að víta þá málsmeðferð, sem hér er viðhöfð. Og það má segja í sambandi við þetta mál eins og mörg önnur svipuð, að harðstjórn ríkisstj. yfir liði sínu og óbilgirni um afgreiðslu mála er söm við sig, og ég vil líka segja, að það er vond vist á stjórnarheimilinu fyrir að ýmsu leyti sómakæra menn, sem áreiðanlega vildu helzt viðhafa heiðarleg vinnubrögð og sanngjarna málsmeðferð, að vera þvingaðir til þess að hafa þann hátt á, sem hér hefur verið hafður og í fjölmörgum öðrum málum bæði fyrr og síðan af höndum þessarar ríkisstj.

Um frv. að öðru leyti en ég lýsti afstöðu minni hér við 1. umr. vil ég segja það nú, að ég er algerlega samþykkur 1.—3. gr. þessa frv., greinum, sem fela í sér sjálfsagðar ráðstafanir í þá átt að treysta raunverulega fjárhag og fjárhagsafkomu rafmagnsveitna ríkisins. En andstaða mín er eingöngu bundin við skattheimtuna og skattheimtuaðferðina. Sú andstaða mótast í fyrsta lagi af því, að hér er um skatt að ræða, sem hefur dýrtíðaraukandi áhrif og kemur ákaflega misjafnlega niður. Í öðru lagi vegna þess,

hversu hún kemur ekki aðeins ósanngjarnlega niður á einstaka aðila, sem framleiða og selja raforku, heldur einnig á einstaklinga, sem rafmagn kaupa og nota. Í þriðja lagi vegna þeirrar stefnu, sem tekin er upp í frv., að skattleggja alla raforkunotendur jafnt, vegna þeirra óheillavænlegu áhrifa, sem slíkt mundi hafa á þróun raforkunotkunar og jafnvel þróun raforkumála í framtíðinni, ef sá háttur yrði hafður á til langframa, sem hér er upp tekinn. Og í fjórða lagi vegna þess, að hér er ekki um neina raunverulega verðjöfnun að ræða, þó að reynt sé að halda því fram með orðaleikjum. Fyrir þessum atriðum öllum gerði ég grein við 1. umr. málsins og sé ekki ástæðu til þess að endurtaka þau rök, sem ég hafði fram að færa í því sambandi.

Ég sé, að hv. fulltrúar Framsfl. í fjhn. hafa gert brtt. við þetta frv. Um þær vil ég segja það, að ég tel, að fyrstu tvær till. séu ekki raunhæfar till. til lausnar á því vandamáli, sem hér er um að ræða. Þar kemur hvort tveggja til, að það liggja ekki fyrir neinar viðhlítandi upplýsingar um það, hverjar byrðar ríkissjóði væru ætlaðar með samþykkt þeirra till., og þó fyrst og fremst það varðandi síðari till., að um algera verðjöfnun á raforku til notenda getur að mínu viti ekki verið að ræða. Ég tel hana óframkvæmanlega, nema fram fari miklar skipulagsbreytingar og e. t. v. gerbreytingar á eignarhaldi orkustöðva og dreifikerfa, og slíkar breytingar þarf að framkvæma, áður en mögulegt er að skapa öllum notendum raforku sama verð. Slíkar breytingar þyrftu miklu meiri athugana og undirbúnings við en verður komið við með þeirri skyndingu í málsmeðferð, sem hér er viðhöfð, enda sýnist mér 3. till., ákvæði til bráðabirgða um að endurskoða raforkul. og framkvæmd þeirra með tilliti til þess að koma bættu skipulagi á stjórn raforkumála í landinu og ódýrari og hagkvæmari rekstri, eins og þar stendur, benda til þess, að fulltrúar Framsfl. séu einnig þeirrar skoðunar, að hér þurfi að taka málið öðrum tökum en þeir annars leggja til í sínum tveim fyrri till. Ég vil því segja það um þessar till., að ég er eindregið fylgjandi 3. till., um ákvæði til bráðabirgða, sem ég tel raunverulega alveg bráðnauðsynlega.

Ég vil einnig árétta það, sem ég hef reyndar áður sagt hér, að ég tel verðjöfnun á raforku vera réttlætismál, sem þurfi að komast í framkvæmd, svo fljótt sem auðið er. Og ég vil í því sambandi minna á, að ég hef flutt áður á a. m. k. tveimur þingum till. um nauðsynlegan undirbúning að slíkri verðjöfnun. En í sambandi við till. Framsfl. nú minnist ég þess, að framsóknarmenn tóku ekki undir þær till. mínar, þegar þær hafa verið fluttar hér á þingi, og ég get þess vegna ekki tekið mjög alvarlega till. þeirra nú um, að málið verði afgreitt á nokkrum mínútum svo að segja.

Ég tel, að hér sé ekki aðstaða til þess að flytja þær brtt. við þetta frv., sem geri það fært að samþykkja það og una sæmilega við það, og raunverulega tilgangslaust, miðað við það, hve stjórnarliðið hér er handjárnað í þessu máli. En eina brtt. mun ég þó leyfa mér að flytja. Hún breytir að vísu ekki málinu svo, að ég mundi að henni samþykktri að heldur fylgja málinu, en teldi þó, að hún væri til verulegra bóta. Þessi till. er um það, að gildistími 1. verði aðeins árið 1966, að við 12. gr. bætist: „og gilda til 31. desember 1966". Þessa brtt. flyt ég í því trausti, að menn geti á hana fallizt. Það ætti ekki að vera neitt lagt í hættu af hálfu hæstv. ríkisstj., þó að slík till. yrði samþ., því að í þessum málum væri opin leið auðvitað til þess að framlengja lögin, ef ekki hefði unnizt tími til að athuga þessi mál eins og nauðsynlegt er, til þess að þau gætu horfið og önnur skynsamlegri ákvæði komið í staðinn. Ég tel þannig, að með samþykkt þessarar brtt. minnar um gildistíma aðeins næsta ár og samþykkt á till. hv. fulltrúa Framsfl. í ákvæðum til bráðabirgða um að skipa n. til að endurskoða raforkul. og allt skipulag þeirra og framkvæmd væri verulega unnið, jafnvel þó að við þyrftum að búa við það óréttlæti, sem hér er annars á ferðinni, yfir næsta fjárlagaár.

Ég vil aðeins að lokum segja það, að brtt. min er skrifleg og þar að auki of seint fram komin, og ég vil biðja hæstv. forseta að leita afbrigða fyrir henni.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 215) leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Frsm. 2. minni hl. (Karl Kristjánsson): Herra forseti. Þetta stjórnarfrv. speglar marga hluti, en fyrst sérstakt og vandræðalegt andlit ríkisstj., sem grípur til örþrifaráða. Öllum ber saman um, að það sé uppgripagóðæri í landinu. En samt gengur búskapurinn svo illa hjá hæstv. ríkisstj., að hún kemur ekki saman fjárl. ríkisins nema með því móti, meðal annarra slæmra kosta, að taka út af fjárl. óhjákvæmilega liði og ætla gjaldþegnum að borga þá með aukasköttum. Slíkt á nú að gera með þeim hætti, að ég tel til örþrifaráða. Hæstv. ríkisstj. minnir með þessum hætti á þá óforsjálu búskussa, sem settu svo illa á eða fóru svo illa með hey í góðæri, að þeir urðu heylausir og ráku út, sem kallað var. Nú á dögum eru þeir fágætir í bændastétt, þessir menn. En um þá eru til margar skopsögur frá fyrri tíma.

Sá gjaldaliður, sem var á fjárl. yfirstandandi árs vegna rafmagnsveitna ríkisins, 39.2 millj. kr., er nú rekinn út og þetta frv. af því tilefni lagt fram. Það er annars eftirtektarvert, að það virðast einkum vera kindur hæstv. landbrh., sem líka er hæstv. raforkumrh., sem verða fyrir þessu, að vera reknar út. Eftirminnilegar verða 47 milljónirnar til vega, sem reknar voru út og ollu miklum eltingaleik hér á hv. Alþ., þó að þær séu í bili komnar í hús. En sleppum þessu tali. Hins vegar er nauðsynlegt að gera sér grein fyrir því, að sú stefna, sem hæstv. ríkisstj. grípur nú til með því að leggja á alls konar aukaskatta til að standa utan fjárl., m. a. launagjöld, sem ríkinu ber að annast, er flóttastefna í stjórnarfari og mjög viðsjárverð. Þessi dreifiaðferð getur fljótt orðið að háskalegum sjúkdómi í fjárhagskerfi þjóðarinnar. Þetta er einmitt aðferð krabbameinsins, sem sáir til sín og dreifir sér um líkamann, ef það fær tíma til

þess. Auðvitað þarf nútímasamfélag á mikilli skattheimtu að halda, ef það á að geta orðið við réttmætum kröfum nútíma þegna, og mér finnst Íslendingar oft vera allt of gjaldsárir, þegar samfélagið á í hlut. En sú skoðun mín afsakar þó alls ekki ráðdeildarleysi í meðferð opinbers fjár.

Þegar hæstv. ríkisstj. sá fram á það, að henni ætluðu ekki að hrökkva nálega 4 milljarðar tekna til að byggja upp með venjulegum hætti fjárl. ríkisins fyrir 1966, þá var henni að mínu áliti skylt að stokka upp spilin, en ekki taka upp á því að hafa rangt við, eins og ég tel að hún hafi í raun og veru gert með 47 millj. kr. vegafjárniðurfellingunni og einnig með því að draga út úr fjárl. tillagið til rafmagnsveitna ríkisins, þó að hvort tveggja sé auðvitað fyrir opnum tjöldum gert. En þó að þetta sé gert fyrir allra augum, hlýtur það samt að vera gert til þess, að sjálf fjárlögin verði lægri og minna stingi í augun, hversu mikil skattheimtan er, þegar saman kemur, og hve mikið hún hefur hækkað í höndum þessarar hæstv. ríkisstj. Og þetta tekst að því leyti, að fáir munu nú orðið vera, sem kunna nöfn á öllum tollunum og sköttunum, beinum og óbeinum, og þaðan af síður, að þeir geti tínt þá upp í samlagningu til að sjá, hvað þeir gera í heild.

Hæstv. núv. ríkisstj. verpir skatteggjum sínum út um allt. Söluskattahækkanir eru endurteknar, eignarskattur hækkaður á fasteignir, sérskattur lagður á bændur vegna ríkisbanka, iðnlánaskattur lagður á, launaskattur, sérskattur á sement, sérskattur á timbur, sérskattur á steypustyrktarjárn, aðgönguskattur að veitingahúsum, ríkisábyrgðarskattur, vegaskattur og benzínskattur. Þetta er mikil skatteggjafrjósemi og ekki allt upp talið þó.

Flestir þessir skattar efla dýrtíðina, því að þeir fara út í verðlagið jafnharðan. Eitt skattegg eyddist samt um daginn í móðurlífi, farmiðaskatturinn, og verður að teljast nýlunda hjá svo hraustri móður. En annað egg fæddist samstundis í staðinn, gjaldeyrisskatturinn, svo að ástæðulaust er að efast um framhaldsgetu. Og svo er nú þetta skatteggið, rafmagnsskatturinn, sem hér er sérstaklega til umr. og hreiður þess utan fjárl.

Þetta frv. er í sjálfu sér mjög stórt mál, því að það heitir „frv. til l. um ráðstafanir til að bæta fjárhag rafmagnsveitna ríkisins.“ Ekki er vanþörf á því að bæta fjárhag þeirra. En mikil og góð fyrirsögn er ekki einhlít. Eins og ég hef áður sagt, er tilgangurinn með frv. fyrst og fremst sá að losa ríkissjóðinn við útgjöld, enda hefur hæstv. fjmrh. kannazt við það. Og það verður harla lítið úr því, að bættur verði fjárhagur rafveitnanna með þessu tiltæki, þ. e. a. s. eins og frv. er úr garði gert. Ekkert ráðrúm er til að endurskoða frv. Því er fleygt inn í þingið og á að verða strax að lögum, eins og allir vita. Meirihlutavaldi með lokuðum augum á að beita til þess, að mér skilst. Skatturinn, sem frv. felur í sér, er nefndur verðjöfnunargjald og á að nema 35 millj. kr. í heild. Nú er það svo, að verðjöfnunar er þörf. En þetta gjald er ekkert verðjöfnunargjald í reynd, því að það breytir ekki verðhlutföllum, það jafnar ekki.

Eirikur rauði skírði landið, sem hann fann, Grænland, til þess að nafnið fýsti menn til að flytjast þangað. Sú nafngift varð til að villa. Af hliðstæðum ástæðum og með álíka rétti hafa höfundar frv. kallað rafmagnsskattinn verðjöfnunargjald. Það skattheiti er hrekkur. Ég er fylgjandi raunverulegri verðjöfnun á rafmagni, en á móti þessu gjaldi, eins og það trónar í frv. Rafmagn er orðið lífsnauðsyn fyrir alla. Rafvæðing Íslands alls er mikið fyrirtæki og mikilvægt. Engum manni getur dottið í hug, að peningar til rafvæðingar fáist utan úr geimnum. Ég er alveg sammála orðalagi hv. frsm. meiri hl. fjhn. að því er það snertir. Engum manni getur dottið í hug, að rafmagn geti komizt inn á hvert heimili á Íslandi, svo dreifbýlt sem það er, nema með því móti, að samfélagið beri af því jöfnunarkostnað og hann mikinn. Einnig er rafmagn sú lífsþörf, sem er mjög eðlilegt að sé öllum í té látin á sama verði, og að því ber hratt að stefna. Eins og olía og benzín er selt sama verði um land allt, á rafmagn að verða það líka. Það er afar þýðingarmikið jafnvægismál. En þetta kemst aldrei í kring, nema aðaljöfnunarsjóður þjóðarinnar, ríkissjóðurinn, verði þar að verki. Þess vegna er fráleitt, að tekið hefur verið út úr honum framlagið til rafmagnsveitna ríkisins.

Aftur á móti tel ég spor í rétta átt heimildir þær í frv. um eftirgjafir til rafmagnsveitna ríkisins á tilgreindum skuldum og skuldavöxtum, sem felast í 1.—3. gr. frv. Þær eftirgjafir geta dálitið létt reksturinn. En þær eftirgjafir eru of litlar. Þess vegna flytjum við fjhn.-menn Framsfl. brtt. við 1. gr. frv. um, að við gr. bætist ákvæði um að veita ríkisstj. heimild til að ákveða, að ríkissjóður taki að sér greiðslur á föstum lánum, erlendum og innlendum, sem tekin hafa verið handa raforkusjóði vegna rafmagnsveitna ríkisins og héraðsrafmagnsveitna ríkisins.

Þessi till. er heimildartill., og í raun og veru verður það að viðurkennast, að aðeins heimild á við vegna þess, með hvaða hraða málið er rekið, að það getur ekki verið fullkomlega rannsakað, hvað mikið þetta kostar. Ég held þess vegna, ef hv. 4. þm. Norðurl. e. (BJ) hefði athugað, að hér er um heimild að ræða, mundi hann ekki hafa haft þau orð um þessa till., sem hann hafði, þá hefði hann getað tjáð fylgi sitt við hana.

Upplýst hefur verið, að þau lán, sem hér um ræðir, eru erlend lán um 438.8 millj. kr. og innlend lán um 143.4 millj. kr., eða samtals ca. 582.2 millj. kr. Talið er, að nálega 131 millj. kr. af þessum skuldum stafi af gengisfellingu ísl. krónunnar í sambandi við erlendu lánin. Auðvitað átti ríkið að taka á sig gengisfellingartapið strax vegna svona fyrirtækis. En betra er seint en aldrei. Ef till. þessi yrði samþ., mundi stórum vænkast hagur rafmagnsveitna ríkisins og héraðsrafmagnsveitnanna og það hafa áhrif á söluverð rafmagnsins hjá þeim. En með því yrði þó engan veginn komizt að því marki, að verðið á rafmagni hjá rafmagnsveitum ríkisins og héraðsrafmagnsveitum ríkisins yrði sambærilegt t. d. við verðið hjá rafmagnsveitu Reykjavíkur. Þess vegna flytjum við aðra brtt. Hún er

einnig heimild, breyting á þá leið, að á eftir 3. gr. komi ný gr., svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða, að söluverð rafmagns frá rafmagnsveitum ríkisins til héraðsrafmagnsveitna skuli vera jafnhátt því verði, er rafmagnsveita Reykjavíkur greiðir landsvirkjun fyrir rafmagn. Og verð á rafmagni frá héraðsrafmagnsveitum ríkisins skal vera það sama og rafmagnsverð hjá rafmagnsveitu Reykjavíkur. Ríkissjóður greiðir þann halla, sem verða kann af rekstri rafmagnsveitna ríkisins og héraðsrafmagnsveitna ríkisins vegna fyrirmæla þessarar greinar."

Ég vil undirstrika það, að þessi till. er einnig í heimildarformi og af sömu ástæðu og ég greindi frá, að fyrsta till. væri það. Með slíkri framkvæmd, sem þessi 2. till. gerir ráð fyrir, yrði komizt nærri takmarkinu um jöfnun á rafmagnsverði hjá landsmönnum. Það yrði komizt nærri því.

Loks flytjum við eina till. enn. Hana flytjum við vegna þess, að við teljum, að skipulag rafmagnsmálanna í landinu þurfi gaumgæfilegrar athugunar við og framkvæmd skipulagsins öll. Þegar lög um landsvirkjun og l. um Laxárvirkjun voru sett, var þar um skipulagslega frumsmíð að ræða, og eins og oftar voru málin lögð fram þannig, að Alþingi var í tímahraki með athugun þeirra. Ef ég man rétt, gerði líka hæstv. raforkumrh. þá ráð fyrir, að þau lög yrðu sett í athugun mjög fljótt. Svo kemur þetta frv., sem ákveðið virðist vera að verði gert að lögum með hraðsuðu. Verðbólga og dýrtíð eru sífellt einnig að raska hlutunum stórlega. Þess vegna er nauðsynlegt að endurskoða skipan þessara mála nú þegar. Þau eru stór í sniðum og þung á höndum, en undir þeim og heppilegum úrlausnum þeirra er mikil farsæld komin. Þess vegna er nefndarstarfi sannarlega til þeirra kostandi. Tillaga okkar er svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Á eftir 12. gr. komi ákvæði til bráðabirgða: Ríkisstjórnin skipar 5 manna n. til að endurskoða raforkulögin, nr. 12 frá 2. apríl 1946, og framkvæmd þeirra með tilliti til þess að koma bættu skipulagi á stjórn raforkumála í landinu og ódýrari og hagkvæmari rekstri. Fjórir nefndarmanna skulu skipaðir eftir tilnefningu þingflokkanna, einn frá hverjum, en einn án tilnefningar og sé hann formaður. N. skili áliti fyrir næsta reglulegt Alþingi."

Ég vænti þess, að hv. stjórnarstuðningsmenn sjái sóma sinn í að samþykkja þessa till.

Hv. 4. þm. Norðurl. e. lagði fram skriflega brtt., og ég vil lýsa því yfir, að ég mun styðja hana, því að hún herðir á um athugun þessara mála.

Ég tel svo ekki ástæðu til að hafa lengri framsögu. Það segir sig sjálft af því, sem ég hef tekið fram, að afstaða okkar framsóknarmanna til frv. fer eftir því, hvort brtt. okkar verða samþykktar eða ekki.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Ég skal reyna að lengja ekki þessar umr., þótt ýmislegt af því, sem sagt hefur verið, gefi tilefni til aths. og hugleiðinga. Að vísu var margt af því rætt við 1. umr., og þarf því ekki sérstaklega að endurtaka þau atriði.

Hv. 4. þm. Norðurl. e. taldi mjög vítavert, hvernig hefur verið haldið á þessu máli í n., og það væri orðin venja hjá núv. ríkisstj. að misbjóða Alþ. á einhvern hátt, þannig að það gæfist ekki kostur á að skoða mál. Ég held, að þetta sé ekki makleg ásökun. A. m. k. kannast ég ekki við, að það hafi ekki verið með sæmilegum fyrirvara lögð fyrir þingið flest þau mál, sem nú hafa fyrir það komið. Má að vísu segja um þetta mál hér, að það hafi komið nokkuð seint, en önnur þau frv., sem lögð hafa verið fyrir þingið nú og hefur þurft að afgreiða fyrir áramót, hefur verið fullkomlega nægur tími til þess að athuga. Hitt er svo allt annað mál, að það er ekkert nýtt og raunverulega fullkomlega eðli málsins samkvæmt, að það sé ekki hægt að breyta í stórum stíl meginatriði mála, eftir að þau hafa verið undirbúin, vegna þess að það mundi raunverulega sýna, að undirbúningur þeirra væri ákaflega lélegur og bágborinn, þannig að slíkt er auðvitað ekki neitt að undra. Og þegar talað er um einhverja handjárnun stjórnarstuðningsmanna í því sambandi, er það vítanlega, eins og hv. þm. veit, gersamlega út í hött. Það er nákvæmlega eins og það alla tíð hefur verið hér og er í flestum þingum, að meiri háttar mál eru að sjálfsögðu rædd af stjórnarliði, áður en þau eru lögð fram, hverjir svo sem ríkisstj. skipa á hverjum tíma, þannig að það er almenn venja og er auðvitað alveg út í hött að tala um einhverja handjárnun í því efni. Þegar mál eru lögð endanlega fyrir Alþ., hafa þau auðvitað verið athuguð og stjórnarstuðningsmönnum gefinn kostur á að koma fram með sínar aths. við þau, áður en ríkisstj. leggur þau endanlega fram. Þetta veit ég, að hv. þm. veit, og eru ekkert nýir starfshættir, heldur hafa verið hjá öllum ríkisstjórnum.

Varðandi svo hitt atriðið, að það sé hneykslanlegt, að n. hlusti ekki á till. þm., sem fyrir fram lýsir sig andvígan máli, en vill samt hafa fríbréf til þess að breyta fram og aftur frv., sem hann er þó staðráðinn í engu að síður að vera á móti, þá sé ég enga ástæðu til þess að taka sérstaklega alvarlega slíkar brtt. Hitt er allt annað mál og má segja, að sé nokkurs annars eðlis, með þær till., sem koma frá hv. framsóknarmönnum, að þeir lýsa því yfir, að þeir muni styðja málið, ef tilteknar breytingar verði gerðar. Það er annað mál og efnislega hægt að taka það öðrum tökum. Hvort menn hins vegar eru með því eða móti, það er önnur saga.

Ég vil enn einu sinni, þó að það hafi sennilega ekki mikla þýðingu, leggja áherzlu á það, að ég tel, að hér sé ekki um neina venjulega tekjuöflun fyrir ríkið að ræða, alls ekki, af því að ég tel ekkert eðlilegt við það, að ríkið greiði halla rafmagnsveitna ríkisins. Þetta var tekið inn í fjárlög í fyrra, — ég vil segja illu heilli. Þessi rekstrarhalli hefur aldrei verið í fjárl. og aldrei gert ráð fyrir því, að ríkið greiddi þennan halla. Hér er um að ræða bágborna afkomu tiltekins fyrirtækis, sem að vísu ríkið á, en aldrei hefur verið gert ráð fyrir að rekstrarhalli þess yrði greiddur úr ríkissjóði. Það var því ósköp einfaldlega hægt fyrir fjmrh. að taka þennan halla

út úr fjárl. og segjast ekki greiða þann halla, og þá varð að sjálfsögðu með einhverju móti að rétta hlut þessa fyrirtækis, þannig að það yrði komið hjá öngþveitisástandi í rekstri þess. Hér er því ekki um neina venjulega skattheimtu eða tekjuheimtu fyrir ríkið sem slíkt eða ríkissjóðinn að ræða.

Hv. framsóknarmenn hafa flutt hér brtt., sem ganga í þá átt að framkvæma fullkomna verðjöfnun á rafmagni með þeim hætti, að verðjöfnunin verði greidd úr ríkissjóði. Mér skilst að vísu, að þeir samkv. till. sínum fallist á þann skatt, sem hér er um að ræða, því að það er ekki gert ráð fyrir, að hann verði niður felldur. En að yfirtaka á skuldum, sem þeir ræða um í sinni fyrri till., eigi að skapa skilyrði til þess, að rafmagnsveiturnar geti lækkað verð sitt frá því, sem nú er, og fært þannig nær því verði, sem er frá Landsvirkjun, — ég skal ekki segja, hversu nálægt það yrði, ég hef ekki reiknað það dæmi út, en það má gera ráð fyrir því, að ef ríkið yfirtæki öll þau lán, sem þarna er um að ræða, mætti ætla, að það yrði ekki fjarri lagi að mæta þeim verðmismun, sem hér er um að ræða. Hins vegar gefur auga leið, að hér er um að ræða viðbótarútgjöld fyrir ríkissjóð, sem mundu nema 2½ milljónatug. Það kostar það nú að verðjafna þetta, eitthvað nærri, þótt ég taki fram, að þetta er ekki nákvæm tala. Það eru a. m. k. 25 millj. kr., sem væru árleg útgjöld ríkissjóðs til að framkvæma þessa verðjöfnun.

Ég er sammála hv. 4. þm. Norðurl. e. um það, að ég held, að þetta mál þurfi miklu betri athugunar við, áður en hægt er að taka endanlega afstöðu til þess, enda er það í rauninni viðurkennt af hv. flm., því að þeir hafa þetta í heimildarformi, þannig að þeir gera ekki ráð fyrir, að það sé öruggt, að þetta sé heppileg leið, heldur þurfi frekari athugun á málinu. Með hliðsjón af því sýnist mér ekki vera heppilegt að fara að setja þetta sem einhverja stefnuyfirlýsingu í lög núna, vegna þess m. a., að það kemur auðvitað ekki til neinna álita, að slíkt yrði framkvæmt á þessu ári, hvað sem öllum heimildum líður, vegna þess að til þess er ekkert fjármagn veitt og ekki um neitt fé að ræða hjá ríkissjóði til þess að taka á sig slíkar byrðar. Af þessum sökum tel ég ekki auðið að samþykkja þessar brtt.

Varðandi hitt meginatriði málsins, hvort á að stefna að verðjöfnun með einhverjum hætti, það er, eins og ég vék að við 1. umr., mál, sem er fullkomlega þess virði að íhuga, og ég hygg, að þróunin hljóti að verða sú, eftir því sem raforkukerfið tengist meir saman, að heildsöluverð verði það sama eða svipað frá öllum orkuverunum og þau jafnvel að meira eða minna leyti verði ein heild, einhvers konar landsvirkjun, og þá muni þetta í rauninni leysast með eðlilegum hætti á þann veg, þetta mál, sem vissulega er deilumál og menn skiptast í flokka um, enda er hér um mismunandi hagsmuni að ræða frá einstökum hlutum þjóðfélagsins, sem við öll þekkjum. Meginstefnan hygg ég hins vegar verði að vera sú, að raforkukerfið í heild standi undir sinni uppbyggingu og sínum tilkostnaði, og það sé ekkert eðlilegt við það, að það sé greitt úr almannasjóði, heldur sé það raforkunotkunin, sem undir þessu standi, því að vitanlega verður, eins og hv. 10. þm. Reykv. sagði hér, einhver að borga þetta. Hér er því aðeins spurning um það, með hvaða hætti menn vilja taka það fé, hvort á að taka það með almennum skatti á þjóðfélagsborgarana eða láta raforkusöluna með einhverjum hætti standa undir því. Það er að minni hyggju sú eðlilega leið, að raforkusalan standi undir tilkostnaðinum við þetta. Að öðru leyti hefur það þó verið viðurkennt, að varðandi uppbyggingu dreifiveitna um sveitir sé það af öllum þjóðfélagsborgurunum greitt sem framlag til þess að jafna aðstöðuna í þjóðfélaginu með þeim hætti, og þess vegna er gert ráð fyrir því, að það, sem framvegis verður lagt af dreifiveitum um sveitirnar, verði greitt með beinum fjárframlögum í fjárl., en ekki með lánum.

Ég játa mig ekki færan til þess að fara í skáldlegan samjöfnuð við hv. samþm. minn, 1. þm. Norðurl. e., þannig að ég reyni ekki að fara að feta í fótspor hans um það. En varðandi hugleiðingar hans um búskussa er ég ekki alveg viss um, að það passi nákvæmlega inn í hugleiðingar hans og hv. flokksbræðra hans nú um, hvernig eigi að reka þetta raforkubú okkar og með hverjum hætti hann hugsar sér, að það verði gert. A. m. k. er ég hræddur um, að varðandi heildarfjármálastefnuna verði ekki talin til sérstakra búhyggjnda sú lína eða sú leið, sem hann og hv. flokksbræður hans hafa markað í þeim efnum, að svo miklu leyti sem er hægt að átta sig á þeirri leið. Og þegar um það er rætt að úthýsa einhverju og talað um að úthýsa hér í fjárl. framlögum til rafmagnsveitna ríkisins, held ég, að það sé miklu lakara að úthýsa skynseminni, en það hefur því miður of oft hent hv. samherja hans að gera það í sambandi við umr. um fjárhagsmálin að undanförnu, og held ég þó, að það hafi verið met slegið í því í þessari hv. þd. hér á síðasta þingi, þegar jafnvel var orðað, að það væri eðlilegt, að ríkissjóður tæki á sig að greiða niður útsvörin til sveitarfélaganna, til þess að það væri hægt að lækka þau. En það má náttúrlega ekki segja það óvinsæla, að einhvers staðar verði sveitarfélögin að fá sína peninga, og þá átti ríkissjóðurinn að leggja fram það fé. Ég veit nú, að hv. þm., sem er mjög glöggur og greindur maður, veit mætavel, að þetta lítur ekki svona út og það verður aldrei fram hjá þeim vanda komizt, og það eru hin sönnu einkenni búhyggindamanns, að menn verða að gera sér grein fyrir staðreyndum sinna fjármála, og það tjóar ekki að segja eingöngu það, sem þessum eða hinum geðjast að heyra í það og það skiptið. Við komumst aldrei fram hjá þeirri staðreynd, að einhver verður að borga þennan brúsa, allt það, sem við viljum gera. Og þegar hann talar um þá mörgu skatta, sem á hafa verið lagðir hér, vil ég vekja athygli á því, að ég held í öllum þessum tilfellum, þar sem um þessa skatta var að ræða, hafi hv. framsóknarmenn stutt það, að út í þær framkvæmdir væri farið, en hins vegar talið alltaf eðlilegt, að það væri greitt úr ríkissjóði. En einhver verður að borga í þennan ríkissjóð. Það verður alltaf að lokum einhver að borga þetta. Það verður aldrei fram hjá því komizt. Það er því alveg sama, hve lengi við þvælum um það mál. Fram hjá loka-

stiginu verður aldrei komizt, af því að fjárins verður að afla, og það lendir alltaf á þeim, sem í ríkisstj. er í það og það skiptið, að framkvæma það óvinsæla starf að afla fjárins, og þá þykir öðrum gott að geta dregið sig í hlé og sagt, að hér sé verið að framkvæma óhæfuverk, vegna þess að þessara skatta þurfi alls ekki að afla, það sé ríkissjóðurinn, sem geti borgað þetta án þess að sjá honum fyrir fé til að gera það. Þetta eru almennar hugleiðingar, sem ég skal eki fara lengra út í. Það væri auðvitað fróðlegt að ræða það meira.

En varðandi till. hv. framsóknarmanna um verðjöfnun, eins og það er framsett hér, tel ég ekki mögulegt að fallast á, að það þurfi miklu nánari athugunar við, enda þýðingarlaust að vera að samþykkja slíkar till., þar sem þær eru eingöngu í heimildarformi og sýnilegt, að slíkar heimildir er með engu móti hægt að nota, a. m. k. á þessu ári.

Varðandi svo bráðabirgðaákvæði, sem þeir flytja till. um, er ég því efnislega alveg sammála, að það þarf að taka allt þetta mál til heildarathugunar, og ég get sagt frá því hér, að ríkisstj. hefur ákveðið það og hæstv. raforkumálaráðh., að fram fari heildarendurskoðun á raforkulöggjöfinni. Það er orðin hin brýnasta nauðsyn og auðvitað mjög eðlilegt í því sambandi, að þær rafveitur í landinu, sem sérstaklega eiga að bera baggana af þeim ráðstöfunum, sem hér er verið að gera, geri kröfu um það, að rannsakað verði alveg ofan í kjölinn, að rafmagnsveiturnar séu reknar með þeirri hagkvæmni, að það sé ekki beðið um meira fé en brýnasta þörf er að fá. Þetta tel ég sjálfsagt og eðlilegt og það sé sanngjarnt, að með því sé fylgzt og kynnt sér, hvað í þessu efni er að gerast. Ég tel því ekki þörf á því að samþykkja þá till. sérstaklega, sem hér er um að ræða, því að mér er kunnugt um, að hæstv. raforkumrh. hefur þegar í undirbúningi endurskoðun þessa, og mér er mjög ljúft að koma á framfæri við hann þeim aths. og ábendingum, sem hér hafa komið fram um þetta vandamál í heild, einnig um að sú löggjöf, sem sett var á síðasta þingi um Landsvirkjun og Laxárvirkjun, verði tekin til athugunar og sérstakrar meðferðar í því sambandi. Og ég get gjarnan skýrt frá því, að fyrir tveimur árum var sérstök nefnd starfandi til þess að rannsaka fjárhagsmálefni rafmagnsveitna ríkisins, og að nokkru leyti á grundvelli niðurstöðu þeirrar nefndar hefur sú stefna verið mörkuð, bæði með myndun landsvirkjunarfyrirtækisins og jafnframt með því að leggja á sérstakt raforkugjald, sem hér er um að ræða. En það er alveg rétt, að það er hin brýnasta nauðsyn, að rafmagnskerfið allt sé tekið til endurskoðunar. Raforkul. eru þegar orðin gömul og eðlilegt, að þau þurfi athugunar við. Ekki hvað síst þegar sýnilegt er, að menn standa andspænis þeim vanda, að það er ekki hægt að reka þetta með eðlilegum hætti, heldur þarf að taka upp sérstök gjöld til að aðstoða einn þátt kerfisins, þá er það mjög sanngjörn og eðlileg ósk af allra hálfu, að þetta sé skoðað niður í kjölinn til þess að forðast, að nokkur tortryggni sé um það, að hér sé ekki allt með eðlilegum og skynsamlegum hætti **gert.**

ATKVGR.
Brtt. 210,1 felld með 11:6 atkv.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 13 shlj. atkv
Brtt. 210,2 felld með 11:6 atkv.
4.—11. gr. samþ. með 11:9 atkv.
Brtt. 215 felld með 11:9 atkv.
12. gr. samþ. með 11:2 atkv.
Brtt. 210,3 felld með 11:9 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11:9 atkv.

Á 33. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11:9 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 218).

12. Samkomudagur reglulegs Alþingis.

Á 22. fundi í Sþ., 15. des., var útbýtt frá Nd.: **Frv. til l. um samkomudag reglulegs Alþingis 1966** [97. mál] (stjfrv., A. 189).

Á 33. fundi í Nd., 16. des., var frv. tekið til 1. umr.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Frv. þetta er flutt í samræmi við venju um það að fresta samkomudegi reglulegs þings fram á haustið. Hefur svo verið nú um allmörg ár, og fannst mér eðlilegast að leggja frv. fram, um leið og tekin væri ákvörðun um að fresta fundum þingsins nú fram yfir áramót, en till. er komin fram um að fresta fram í febrúar.

Ég sé ekki ástæðu til þess, að þetta frv. fari til n., það mun ekki vera venja. Hvort menn vilja afgreiða það nú eða eftir áramótin, skiptir í sjálfu sér ekki neinu höfuðmáli, en eðlilegast er að afgreiða það skjótlega, svo að það þvælist þá ekki fyrir seinna. Á hitt vildi ég svo benda, hvort það væri ef til vill ekki eðlilegra að breyta einfaldlega ákvæðum 35. gr. stjórnarskrárinnar, sem segir:

„Reglulegt Alþingi skal saman koma ár hvert hinn 15. dag febrúarmánaðar eða næsta virkan dag, ef helgidagur er, hafi forseti lýðveldisins ekki tiltekið annan samkomudag fyrr á árinu. Breyta má þessu með lögum."

Það má breyta þessu í eitt skipti fyrir öll eða svo lengi sem menn vilja með einföldum lögum, í stað þess að vera með lagabreytingu á hverju ári. Mætti segja, að það væri eðlilegra að setja um þetta almennt ákvæði um, að þingið kæmi saman 10. okt., og reynslan hefur skorið úr um, að það er miklu heppilegra, miðað við nútímahætti. Ég hef þó ekki lagt það til á þessu stigi málsins, að þessi frambúðarbreyting yrði gerð. Mér sýnist það í raun og veru eðlilegri háttur en að vera með þessa breytingu á hverju ári,

en eins og er, legg ég til, að frv. fái afgreiðslu án þess að ganga í gegnum nefnd.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 32 shlj. atkv.

Á 34. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 2. umr.
Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 32 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 34 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 34 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 34 shlj. atkv.

Á 35. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 32 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 34 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 31. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 32. fundi í Ed., 17. des., var frv. tekið til 1. umr.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Hér er eingöngu um að ræða formlegt mál, sem allir eru sammála um og er nauðsynlegt að afgreiða. Skiptir ekki máli út af fyrir sig, hvort það verður afgreitt nú eða eftir að þingið kemur saman aftur. Ég hreyfði því í Nd. til athugunar, hvort ekki væri skynsamlegra að breyta þessu í eitt skipti fyrir öll, menn kæmu sér saman um að setja í lög, að þingið skyldi koma saman að hausti, í stað þess ákvæðis, sem er í stjórnarskránni nú, en má breyta með einföldum lögum, að það komi saman um miðjan febrúar. Þetta frv. er eingöngu um að breyta þessu að þessu sinni, eins og venja hefur verið til. Ég hygg, að skynsamlegra væri, ef menn væru sammála um það næst að flytja frv. um, að þessu verði breytt til frambúðar, til þess að ekki þurfi á hverju ári að flytja þetta formlega frv., sem allir eru sammála um. Ég sé ekki ástæðu til, að málið gangi til n., en legg til, að frv. verði afgreitt til 2. umr. nefndarlaust.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv.

Á 33. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 2. umr.
Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. 18 shlj. atkv.

Á 34. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 219).

---

13. Útflutningsgjald af sjávarafurðum.

Á 38. fundi í Ed., 18. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um útflutningsgjald af sjávarafurðum [123. mál] (stjfrv., A. 246).

Á 39. fundi í Ed., 21. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Svo sem undanfarin ár voru nú fyrir s. l. áramót gerðar tilraunir til að ná samkomulagi um verð á bolfiski milli fiskseljenda annars vegar og fiskkaupenda hins vegar. Í verðlagsráði sjávarútvegsins náðist ekki samkomulag milli aðila, og var þar ákveðið að vísa málinu til yfirnefndar, svo sem heimilt er samkv. ákvæðum l. um verðlagsráð sjávarútvegsins. Eftir að sjútvmrn. hafði fyrir sitt leyti fallizt á að veita umbeðinn frest, lauk yfirnefndin störfum þann 6. jan. s. l. og birti álit sitt í öllum dagblöðunum og ríkisútvarpi þá þegar á eftir, en þar var samþ. með shlj. atkv. till. oddamanns n. Einn fulltrúi greiddi ekki atkv., en gerði sérstaka bókun, sem fylgdi skýringum yfirnefndar.

Till. fól í sér, að meðalverð á ferskfiski hækkaði um 17% frá fyrra ári. Verðhækkun þessi var grundvölluð á því skilyrði, að breyting yrði gerð á útflutningsgjaldi, þannig að það miðaðist við krónuupphæð á magneiningu, en ekki einungis við verðmæti, og yrði yfir höfuð sú sama á allar fiskafurðir. Innbyrðis er svo gjaldheimtunni sjálfri enn fremur breytt í nokkrum atriðum. T. d. skal gjaldið til fiskveiðasjóðs vera jafnvirði þess framlags, sem greitt hefur verið til sjóðsins af þorskafurðum, en greiðast framvegis af síldarlýsi og síldarmjöli. Umræddar breytingar, sem nánar er frá skýrt í grg. frv., eru taldar leiða til nokkurrar hækkunar gjalds af síldarlýsi og síldarmjöli og lækkunar gjalds að sama skapi á þorskafurðum, en áætlað er, að gjaldið geti vegna þessara breytinga gefið sem næst 40 millj. kr., er svari til 4% fiskverðshækkunar. Umræddar breytingar á fyrirkomulagi útflutningsgjalda eru að meginefni í samræmi við þær hugmyndir, er ræddar voru í yfirnefndinni. Um frávik, er á hafa verið gerð, hefur verið haft samráð við þá aðila, er fulltrúa áttu í yfirnefnd.

Ástæðan til þeirra breytinga, sem áttu sér stað, eftir að yfirnefndin lauk störfum, er fyrst

og fremst tæknilegs eðlis varðandi sjálfa framkvæmdina. Í grg. frv. eru nákvæmlega skýrðar ástæðurnar til þeirrar breytingar. En meginástæðan er sú, að sá háttur, sem á hefur verið hafður í þessu efni, er talinn geta leitt til minni áhuga fiskkaupenda á frekari vinnslu afurðanna í landi, t. d. á framleiðslu fisks í neytendaumbúðum, en það verður að telja mjög óæskilega þróun. Af niðurlögðum og niðursoðnum vörum hefur á undanförnum árum verið greitt 2% útflutningssjóðsgjald. Með hliðsjón af framansögðu er lagt til með þessu frv., að gjald þetta verði nú að fullu og öllu fellt niður. Ráðstöfun þessi ætti að létta nokkuð undir með umræddri starfsemi, sem mikil nauðsyn er á að eflist hér á landi.

Svo sem fram kemur í 3. gr. frv., er nú sem áður ætlað, að nokkur hluti útflutningsgjaldsins *renni til starfsemi Landssambands ísl. útvegsmanna*, eða 0.8%. Með tilvitnun til þessa ákvæðis, sem á sínum tíma var upp tekið vegna sérstakra starfa, er Landssamband ísl. útvegsmanna innti af hendi fyrir það opinbera, hafa samtök sjómanna, þ. e. Sjómannasamband Íslands og Farmanna- og fiskimannasambandið, eindregið óskað eftir að fá hliðstæða fjárhagsaðstoð af útflutningssjóðsgjaldi og fært fram þau rök, að gjald þetta verki til lækkunar á fiskverði, ekki síður til sjómanna en útgerðarmanna, þar sem þeir eigi hvor um sig sinn hlut eða um helming aflans, þeir greiði þannig útflutningsgjaldið að sínum hluta. Landssamband ísl. útvegsmanna telur hins vegar, að breyting á þessum hlutföllum nú væri nánast brigð á samkomulaginu um fiskverðið, ef taka ætti nú af hluta þeirra til sjómanna, þar sem þeir greiði í styrktar- og sjúkrasjóði sjómanna ásamt launaskatti og gjaldi til atvinnuleysistryggingasjóðs o. s. frv. af hlut sjómanna og eigi þrátt fyrir fiskverðshækkunina í miklum fjárhagslegum erfiðleikum.

Þótt ekki sé unnt að verða nú við óskum sjómanna að þessu leyti, er það persónuleg skoðun mín, að réttmæti þessara óska verði vart í efa dregið og ekki verði til lengdar gegn þeim óskum staðið. Sjómönnum er hins vegar nauðsyn á að sameinast meira í einum samtökum en nú á sér stað hjá þeim, m. a. til fullnægingar á þessum óskum, þannig að skipting þeirra tekna, er þannig fengjust samtökum þeirra til handa, yrði ekki bitbein þeirra í milli. Þá væri illa farið.

Eftir að fyrrnefnt samkomulag var gert í yfirnefnd verðlagsráðs, hafa saltfiksframleiðendur látið í ljós óánægju með, að þeim skuli ekki ætlað fé til endurbóta og framfara í verkunaraðstöðu sinni við saltfisksverkun, eins og frystiiðnaðinum er ætlað, og færa ýmis mikilvæg rök fyrir þessari skoðun sinni. Í forsendum yfirnefndarinnar er hins vegar gert ráð fyrir, að framlag til framleiðniaukningar verði greitt til sömu aðila og áður og af framangreindum ástæðum því ekki unnt að verða við þessum óskum nú. Á hinn bóginn munu umr. um þetta atriði fremur heyra til sérstöku frv. um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins, sem innan skamms tíma verður lagt fram hér í hv. þd.

Um einstakar greinar frv. tel ég ekki þörf að ræða, svo vel sem þær eru skýrðar í þeim aths., sem frv. fylgja.

Ég vil að lokum leggja áherzlu á, að afgreiðslu þessa frv. verði hraðað svo sem kostur er hér í þessari hv. þd., því að það er fyrri deild málsins, þar sem allar áætlaðar tekjur frv. eru miðaðar við 1. marz n. k.

Herra forseti. Ég legg svo til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. sjútvn.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Ég vil ekki hafa ýkjamörg orð um þetta mál á þessu stigi, enda verður því vísað til n., sem ég á sæti í, og mun málið þar verða athugað betur og reynt að fá fram þar ýmsar upplýsingar, sem ég tel nauðsynlegt að fyrir liggi, áður en endanleg afstaða er tekin til þessa máls. En tæplega er hægt við því að búast, að þær upplýsingar komi fram í þeim umr., sem hér fara fram við 1. umr. málsins. Og enn fremur byggist það, að ég verð fáorðari en ella, á þeirri ósk hæstv. sjútvmrh., að málinu sé hraðað svo sem tök eru á og það komizt sem fyrst til n. En ég verð þó að segja það nú strax, að þetta frv. og það, sem á bak við það býr, minnir mann heldur ónotalega á það, hvernig nú er komið fyrir höfuðatvinnuvegum landsins að undangengnu einu mesta góðæri, sem yfir okkar land hefur komið. Þegar litið er til árferðis, aflabragða og markaðsástands, ættu atvinnuvegirnir, ef allt væri með felldu að öðru leyti, *að standa með hinum mesta blóma* um þessar mundir. En því fer nú fjarri, að svo sé, þegar á heildina er litið, þó að vitaskuld sé afkoman misjöfn eftir atvinnugreinum og landshlutum og eftir annarri aðstöðu. Hver atvinnugreinin á fætur annarri ber nú fram sína kveinstafi um versnandi afkomu, hallarekstur, samdrátt og yfirvofandi framleiðslustöðvun. Þar um liggur fyrir vætti margra, ekki aðeins einstakra atvinnurekenda, heldur og fyrirsvarsmanna heilla atvinnugreina. Það má t. d. spyrja, *hvernig* ástandið sé nú í landbúnaðinum. Formaður Stéttarsambands bænda segir m. a. svo í janúarhefti Freys, þar sem hann ræðir um rekstrarreikninga landbúnaðarins og afkomu landbúnaðarins, — hann segir:

„Þýðingarmesta ályktunin, sem draga má af niðurstöðum þessara reikninga, er sú, að bændur, eins og allur almenningur, tapa sífellt á verðbólgunni, að framleiðslukostnaðarverð á afurðum *fjarlægist* það að geta orðið samkeppnisfært á erlendum mörkuðum, eftir því sem dýrtíð hér á landi eykst, og að kjör bænda batni allt of lítið borið saman við aðrar stéttir, þó að verðlagið hækki sífellt. Höfuðnauðsyn fyrir bændur sem þjóðfélagið í heild er, að verðbólgan verði stöðvuð."

Þetta voru orð fyrirsvarsmanns landbúnaðarins.

Um iðnaðinn er það vitað, að hann hefur átt í sívaxandi erfiðleikum, ekki aðeins af völdum síhækkandi framleiðslukostnaðar og verðbólgu, heldur og vegna ónógra og óhagstæðra lána og vegna þess, að tollvernd var minnkuð allt of skyndilega. Hafa sum iðnaðarfyrirtæki beinlínis gefizt upp og orðið að hætta starfsemi og starfrækslu sinni fyrir þessar sakir. Er sú saga svo alkunn, að hana er óþarft að rekja hér. Þó má geta ummæla formanns Félags ísl. iðnrekenda, *er hann viðhafði í grein í Morgunblaðinu 14. jan.* s. l. Hann segir þar m. a.:

„Á árinu 1964 tóku erfiðleikar að gera vart við sig í ýmsum greinum verksmiðjuiðnaðarins. Stöfuðu þeir af stórauknu frjálsræði í innflutningi, lækkun tollverndar með nýjum tollal., sem sett voru á miðju ári 1963, og vegna örrar hækkunar framleiðslukostnaðar."

Þetta segir þessi fyrirsvarsmaður iðnaðarins.

En hvað er þá um sjávarútveginn að segja, þessa höfuðstoð íslenzks atvinnulífs, sem aðallega liggur auðvitað fyrir að ræða í sambandi við það mál, sem hér er til umr.? Um það efni segir það frv., sem hér liggur fyrir, sína sögu. Það er sjálfsagt hafið yfir allan efa, að fiskseljendur, útvegsmenn og sjómenn, þurftu að fá þá verðhækkun á ferskfiski, sem yfirnefnd ákvað, og hefur raunar komið fram af hálfu sumra þeirra og samtaka þeirra, að sú hækkun hafi verið allt of lítil og eftir þá hækkun sé ekki einu sinni fyrir hendi grundvöllur fyrir rekstri, eins og t. d. hefur komið fram hjá samtökum bátaútvegsmanna hér í Reykjavík. Og það er sjálfsagt einnig alveg fullsannað og kannað til hlítar, að fiskkaupendur, vinnslustöðvarnar, gátu ekki tekið þá hækkun á sig nema fá tilsvarandi tilslökun á útflutningsgjaldinu. Og hvað segja útgerðarmennirnir, ef við þá er talað um þessi málefni? Hvað segja þeir um ástand og afkomuhorfur sjávarútvegsins? Og hvað segja þeir útvegsmenn um það efni, sem til sín hafa látið heyra opinberlega að undanförnu? Og hvað sagði nýafstaðið fiskiþing um það efni? Ég skal ekki tefja tímann hér með því að fara langt út í að rekja það, sem fram hefur komið af hálfu útgerðarmanna í því sambandi, en aðeins á örfátt skal ég þó drepa. Ég nefni t. d. það, sem Finnbogi Guðmundsson útgerðarmaður segir í viðtali við Þjóðviljann 2. febr. Þar segir hann:

„Mér er óhætt að fullyrða um okkur flesta atvinnurekendur í sjávarútvegi, að við erum ákaflega kvíðnir út af framtíðinni vegna spennunnar á vinnumarkaðinum og hinnar gegndarlausu verðbólgu."

Í svipaðan streng hafði raunar áður tekið í Þjóðviljanum Ólafur Jónsson útgerðarmaður í Sandgerði, en það viðtal er birt í Þjóðviljanum 23. jan., og skal ég ekki orðlengja um það. Eins og ég drap á lauslega áðan, lýsti formaður bátaútvegsmannafélagsins hér í Reykjavík, Andrés Finnbogason, því yfir á fundi með blaðamönnum 17. jan. 1966, að þrátt fyrir þessa verðhækkun, sem þó hafði verið ákveðin á ferskfiskinum með ákvörðun yfirnefndar, skorti mikið á, og segir eitthvað á þá lund, að útvegsmennirnir hér telji, að þrátt fyrir verðhækkunina væri ekki grundvöllur fyrir bolfisksveiðum, og nefndi til ákveðnar tölur, sem vantaði á hvern bát, til þess að í raun og veru væri rekstrargrundvöllur fyrir hendi varðandi útgerð hans.

Hinn margreyndi útgerðarmaður, Haraldur Böðvarsson, hefur einnig látið til sín heyra um þessi mál. Hann sagði í lok stuttrar greinar í Morgunblaðinu 15. þ. m., með leyfi forseta:

„Ég hef þetta ekki lengra að sinni, en vil að endingu benda á, að útgerðinni og vinnslustöðvunum var gerður slæmur grikkur með vaxtahækkuninni um áramótin, og ekki bætir það úr lánaþörfinni, að enn skuli standa bundið og innilokað meira af sparifé landsmanna en nokkru sinni fyrr."

Og hvað sagði svo nýafstaðið fiskiþing um þessi efni? Í einni ályktun fiskiþingsins t. d., sem snertir að vísu sérstaklega einn þátt fiskveiðanna, línuútgerðina, segir svo:

„Á Vestfjörðum og hluta af Norðurlandi hefur línuútgerð verið aðaluppistaðan í atvinnulífinu 4—6 mánuði á ári. Leggist sú útgerð niður, svo sem allt útlit er fyrir að verði, ef ekki fæst viðhlítandi starfsgrundvöllur nú þegar, er mikill vandi fyrir dyrum um atvinnu á þessum stöðum."

Jafnframt tók fiskiþingið það fram í sérstakri ályktun, sem ég kem e. t. v. að síðar, að það legði höfuðáherzlu á, að allt yrði gert, sem unnt væri, til þess að stöðva verðbólguna. Í Þjóðviljanum í gær var samtal við framkvæmdastjóra fyrirtækis, sem nefnist Fiskmiðstöðin í Örfirisey, sem er fyrirtæki allmargra útgerðarmanna. Þar segir m. a. svo:

„Höfuðmeinsemdin í þessum málum er enginn rekstrargrundvöllur fyrir báta til þess að stunda línuútgerð. Bátaflotinn er meira og minna lamaður. Sjómenn fást ekki á bátana, og útgerðarmenn geta ekki haldið úti bátunum vegna rekstrarkostnaðar í dýrtíðinni, vegna þess að fiskverðið er skammtað of naumt. Við höfum haldið úti tveim bátum frá því í haust og rekið þá með botnlausu tapi."

Þetta segir Sæmundur Ólafsson, framkvæmdastjóri Fiskmiðstöðvarinnar. Allir vita eða ættu að vita, hvernig er komið fyrir togaraútgerðinni, og þar um má t. d. vísa til greinar eftir formann Félags ísl. botnvörpuskipaeigenda, Loft Bjarnason, sem birtist í dagblaðinu Vísi í fyrradag, og sé ég ekki ástæðu til að rekja það hér nánar. En það er eins og kunnugt er og t. d. jafnvel hefur líka komið fram í Morgunblaðinu, ef ég man rétt, í einni grein, sem þar var skrifuð um þessi mál, að sennilega er hagur togaraútgerðarinnar nú með því allra versta móti, sem hann hefur nokkru sinni orðið.

Ég hef þannig drepið á aðeins nokkra vitnisburði þeirra manna um þessi mál, sem þau mega gerst þekkja af eigin reynd. Ég veit, að málshátturinn segir, að það sé enginn búmaður, sem ekki kunni að berja sér. En jafnvel þó að það sé haft í huga og sitthvað sé dregið frá vegna þess, held ég þó, að allir hljóti að vera sammála um, að ummæli þessara manna og ábendingar þeirra séu allt annað og miklu meira en barlómur og úrtöluvæl. Ég held, að fram hjá því verði ekki gengið, að atvinnuvegirnir, og þá ekkert síður sjávarútvegurinn en hinar höfuðgreinar atvinnuveganna, standi nú þrátt fyrir allt höllum fæti og horfi fram á versnandi afkomumöguleika og hallarekstur í mörgum greinum, ef engin breyting verður á til batnaðar. Það er, hygg ég, staðreynd, sem ekki verður um deilt. Vitaskuld er ástandið í þessum efnum misjafnt, eins og ég hef þegar drepið á, eftir landshlutum, eftir því, um hvers konar veiðar er að tefla, og eftir því t. d. líka, hver skip menn hafa til veiðanna. En þetta, sem ég hef sagt, hygg ég, að eigi við, þegar á heildina er litið og heildarútkoman tekin til athugunar.

Þegar maður sér þær staðreyndir fyrir sér, fer ekki hjá því, að maður spyrji: Hvað veldur því, að nú er svona komið fyrir sjávarútveginum? Það liggur í augum uppi, að þessu valda ekki léleg aflabrögð. Þvert á móti hafa aflabrögðin verið góð, já, alveg einstaklega góð, þegar á heildina er litið, svo góð, að aflamagn hefur víst á einu ári aldrei orðið meira hér á landi heldur en á s. l. ári. Að vísu er skylt að viðurkenna og benda á um leið, að það er síldin, sem þar á í sinn stóra þátt. Og jafnframt er auðvitað skylt að hafa í huga, að þótt aflabrögðin yfirleitt séu svona góð, þá er aflabrestur og hefur verið í einstökum landshlutum, og skyldi ég sízt af öllu gleyma því. Ekki veldur hér um slæmt markaðsástand, því að sannleikurinn er sá, að salan á sjávarafurðum mun yfirleitt hafa gengið sérstaklega vel, og verðlag á þeim mun hafa verið óvenjulega hagstætt, og eftir því sem ég bezt veit, munu markaðshorfur nú varðandi þessar vörur almennt vera taldar góðar. Hvað veldur því þá, að svo illa horfir fyrir þessum höfuðatvinnuvegi Íslendinga nú? Hver er orsökin? Svarið er: Það er verðbólgan, fyrst og fremst vaxandi verðbólga. En þá spyrja menn og væntanlega þá ekki hvað sízt fylgismenn núv. hæstv. ríkisstj.: Hvernig má það vera? Ætlaði stjórnin ekki að stöðva verðbólguna? Taldi hún ekki lausn verðbólguvandans sitt höfuðviðfangsefni? Jú, vissulega, og um það efni voru á sínum tíma höfð mörg, stór og fögur orð. Viðreisnin átti að lækna verðbólguvandann. Þá átti ekki lengur að vera með neinar smáskammtalækningar, heldur átti að gera einn heljarstóran holskurð og skera meinsemdina burt, svo að ekki þyrfti frekar við að fást. Og það var sagt mikið um það, hvað hér lægi við, ef ekki tækist að stöðva verðbólguna. Því var m. a. lýst yfir einu sinni á sínum tíma af fyrirsvarsmanni ríkisstj., að ef ekki tækist að stöðva verðbólguna, væri annað unnið fyrir gýg. En staðreyndirnar tala nú sínu máli, að þrátt fyrir þessi mörgu fögru fyrirheit hefur stjórninni ekki tekizt að ráða við verðbólguna, heldur hefur verðbólgan þvert á móti farið hraðvaxandi, og það sem meira er, að nú loksins er stjórnin og talsmenn stjórnarinnar farin að viðurkenna alveg berum orðum, að sér hafi ekki tekizt að ráða við verðbólguna, það hafi ekki tekizt að halda verðbólgunni í skefjum. Og þetta er auðvitað sannleikurinn í málinu, að það hefur ekki tekizt að ráða við verðbólguna og halda henni í skefjum, heldur hefur hún farið, eins og ég sagði, hraðvaxandi, og því er nú komið sem komið er, að það má heita svo, að eiginlega sé allur rekstur á heilbrigðum grundvelli orðinn lítt mögulegur í þessu landi. Og þetta undirstrikuðu rækilega allir þeir fyrirsvarsmenn atvinnugreinanna, sem ég vitnaði til áðan. Formaður Stéttarsambands bænda lagði á það áherzlu, að það væri höfuðnauðsyn fyrir bændastéttina og þjóðfélagið í heild, að verðbólgan væri stöðvuð, og fiskiþing lagði á það höfuðáherzlu, að allt væri gert, sem unnt væri, til þess að stöðva verðbólguna, og að engar nýjar álögur yrðu lagðar á útgerðina. Og formaður Félags ísl. iðnrekenda segir eitthvað á þá lund, að það sé frumskilyrði fyrir framtíð iðnaðarins, að verðbólgan verði stöðvuð. En svona er nú komið, að það getur eiginlega enginn rekstur í þessu landi borið sig lengur. Þannig er nú komið. Og það er alvarlegt mál, þegar litið er til þess góðæris, sem við höfum átt við að búa almennt talað hér að undanförnu.

Það er að vísu svo, að verðbólgan er ekki nýtt vandamál, og það hafa svo sem fleiri ríkisstjórnir glímt við verðbólguna með misjöfnum árangri. En ég hygg þó, að þessi ríkisstj. hafi haft stærri orð og gefið meiri fyrirheit um stöðvun verðbólgunnar og látið þar meir um mælt en flestar eða ég hygg að óhætt muni að segja allar ríkisstjórnir aðrar. En stjórninni hefur eins og raun ber vitni gersamlega mistekizt að hafa nokkurn hemil á verðbólgunni, sem hefur þvert á móti vaxið í hennar tíð meir en hjá flestum eða jafnvel öllum öðrum ríkisstjórnum, þegar alls er gætt.

En í stað þess að taka afleiðingum verka sinna og segja af sér, þegar svona er komið, svo sem flestar ábyrgar ríkisstjórnir hefðu gert, situr stjórnin áfram og virðist því miður lítið eða ekkert hafa lært af sínum mistökum. Það skal fúslega játað, að vandi sá, sem við er að eiga, er stór, og hann hefur lengi verið mikill, og ég hef aldrei gert lítið úr þeim vanda. Ég hef þvert á móti í öllu því, sem ég hef sagt um þessi mál, lagt á það áherzlu, að í viðureigninni við verðbólguna væri tæplega árangurs að vænta, nema allir landsmenn sneru bökum saman, en undir það hefur lítt verið tekið af hálfu stjórnarflokkanna. Þeir hafa talið sig vera nógu stóra karla til þess að geta ráðið við þessi mál upp á sitt eindæmi. Og þau eru ekki ófá köpuryrðin, sem hafa hrokkið úr penna, ekki aðeins úr penna óábyrgra atvinnuskrifara stjórnmálaflokkanna, heldur og bæði úr penna og munni forustumanna stjórnarflokkanna, þar sem þeir hafa látið að því liggja, að engin ráð þyrfti að sækja til Framsfl. og það þyrfti ekki á honum að halda við lausn þessara mála og það mundi ekki verða til hans leitað o. s. frv. Að sjálfsögðu látum við framsóknarmenn okkur slík orð í léttu rúmi liggja út af fyrir sig, og við verðum ekki uppnæmir fyrir því, þó að það sé kastað þannig smásteinum af þeim, sem sjálfir búa í glerhúsi, og við munum ekki fyrir þær sakir fara í neina fýlu eða draga okkur út úr pólitík. Við munum eftir sem áður og hvenær sem er vera til viðræðu um lausn þessara mála, þegar upp verða tekin þau vinnubrögð, að að þeim skuli unnið á skynsamlegan og réttan hátt. En hvenær verður það, sem þau vinnubrögð verða upp tekin, að snúast við þessum mikla og gífurlega vanda, sem að steðjar, á réttan hátt og með skynsamlegu móti? Um það skal ég engu spá, en það er víst, að það verður ekki gert undir forustu núv. hæstv. ríkisstj., því að eins og ég áðan sagði, er það vissulega mannlegt að skjátlast, og mörgum verða á mistök. En það er hygginna manna háttur að læra af reynslunni og læra af mistökum sínum. En því miður virðist stjórnin ákaflega lítið hafa lært á þeim mistökum, sem henni hafa á orðið í þessu efni, því að hún heldur áfram enn óbreyttri stefnu eða réttara sagt stefnuleysi, heldur áfram breiða veginn, sem liggur undan brekkunni, niður á við. Og hvernig halda menn, að það ferðalag endi? Ríkisstjórnin

fæst ekki til þess að taka upp nýja stefnu, hún fæst ekki til þess að prófa nýjar leiðir í þessum efnum, sem henni þó hefur verið margbent á, leiðir, sem að vísu liggja á brattann í bili og kalla á nokkurt þor og þrek.

En í stað þess virðist stjórnin helzt sjá það úrræði nú að stofna til stórframkvæmda með atbeina erlends fjármagns á því svæði, þar sem þenslan er mest og vinnuaflsskorturinn alvarlegastur. Er þó augljóst, að slíkt hlýtur að verka á verðbólguna á svipaðan hátt og þegar olía er borin að eldi, hlýtur að ýta stórkostlega undir hana og magna hana margfaldlega. Hvernig halda menn, að sjávarútveginum með þeirri stöðu, sem hann hefur í dag, muni ganga að keppa við stórfyrirtæki, sem styðst við erlent fjármagn, um vinnuaflið? Manni verður að spyrja, hvort þessum mönnum sé sjálfrátt. Úr þeirri spurningu get ég ekki leyst. En það verður ekki komizt hjá því, og ég hef talið, að það yrði ekki komizt hjá því að minna á þessi atriði í sambandi við það frv., sem hér liggur fyrir, því að höfuðgallinn á þessu frv. er sá, að það felur aðeins í sér bráðabirgðaúrræði, og kannske ekki einu sinni það, það er aðeins ótraust bót á gatslitið og margstagað fat, en það er ekki horfzt í augu við sjálft höfuðvandamálið, verðbólguna. Það er ekki með þessu frv. tekizt á við heildarvandann, sjálfan verðbólgufjandann, ef svo mætti segja. Þar er sveigt hjá sem fyrr.

Hér er í þessu frv. um það að ræða að færa 38 eða 40 millj. eða því sem næst á milli atvinnugreina innan sjávarútvegsins, létta þeirri upphæð af bolfiskafurðum, svo sem þær eru nú kallaðar, og leggja þessar 40 millj. á bræðslusíldarafurðir. Fé er sem sagt dregið frá einni atvinnugrein yfir til annarrar. Hér er því um eins konar verðjöfnun að ræða. Verðjöfnun á milli afurða er í sjálfu sér engan veginn óþekkt fyrirbæri hér á landi, og hún getur sjálfsagt, að fullnægðum tilteknum skilyrðum, átt fullan rétt á sér. En þegar úr því á að leysa, hvort verðjöfnun á milli atvinnugreina sé þannig réttmæt eða ekki, hlýtur það að mínu viti að vera höfuðatriði, hvert viðhorf eða afstaða þeirra stétta, sem þetta sérstaklega snertir og við eiga að búa, er til slíkrar verðjöfnunar. Það atriði liggur hér engan veginn ljóst fyrir. Það liggur engan veginn ljóst fyrir, hvert var viðhorf útgerðarmannanna sjálfra og hvert er viðhorf sjómannanna til þessarar verðjöfnunar. Að því er aðeins óljóst vikið í grg. þessa frv. Það atriði þarf að kanna. Um það þurfa að fást fullnægjandi upplýsingar í n. þeirri, sem fjallar um málið. Það hefur að sjálfsögðu mjög mikið að segja um það, hvort þessi ákvörðun er réttmæt eða ekki, hvað þeir aðilar, sem þarna eiga hlut að máli, leggja til í þessu efni. Það er, eins og ég hef þegar tekið fram, sjálfsagt ekkert umdeilanlegt mál, að fiskseljendurnir þurfa að fá þessa upphæð, sem þarna er um að ræða, og hefði kannske ekki veitt af ríflegri upphæð, eða fá hana í því formi, sem hér er nú ráð fyrir gert gagnvart þeim, að slíkri upphæð sé af þeim létt í opinberum gjöldum. Og það er sjálfsagt ekki heldur nokkurt vafamál, að fiskkaupendunum, fiskvinnslustöðvunum, er það um megn að taka það sem því svarar á sig. En einhver verður að borga þessar 40 millj. eða hvað það nú er, sem þarna er um að ræða, — og hver á að gera það? Það er náttúrlega sú þýðingarmikla spurning, sem svara þarf. Hér í þessu frv. er svarið það, að þessar millj. eru lagðar á bræðslusíldarútveginn. Vitaskuld koma þær til með að leggjast að lokum á útgerðarmennina, síldarútgerðarmennina og síldarsjómennina, því að verksmiðjurnar, bræðslurnar, hljóta auðvitað að ákveða verðið til þeirra miðað við þann kostnað, sem fyrir liggur, þegar verðið er ákveðið, og þar með þá einnig auðvitað hið hækkaða útflutningsgjald á þessum afurðum. Sú spurning hlýtur þá að vakna, og það hlýtur að vera eitt meginatriði í sambandi við þetta frv., hvort síldveiðarnar, síldarútgerðarmenn og síldarsjómenn, geti tekið þessar nýju álögur á sig. Vitaskuld er rétt og sanngjarnt að hafa í huga, um leið og þessarar spurningar er spurt, að nokkuð af þessari upphæð rennur aftur til baka til hinna sömu aðila.

Það er og hefur verið mikið talað að undanförnu um það, að síldveiðarnar hafi gefið miklar tekjur. Og það er vissulega rétt, að afli sumra síldveiðiskipanna hefur verið mikill, mjög mikill, og tekjur þeirra útgerðarmanna, sem þau skip eiga, og tekjur þeirra síldarsjómanna, sem á þeim skipum hafa verið, hafa sjálfsagt verið mjög miklar. En þegar við tölum um miklar tekjur síldveiðimanna, þá hættir okkur til þess að einblína á þessa toppa, á þá, sem hæstu veiðina hafa fengið og mest hafa þannig úr býtum borið við síldveiðarnar. En það má ekki gera í þessu sambandi, þegar um það er að ræða, að leggja þessar millj., sem hér er um að tefla, á þennan útveg. Afkoma síldveiðiflotans er mjög misjöfn, það vitum við. Sum skipin hafa lítið aflað. Þegar leyst er úr þeirri spurningu, sem ég bar hér fram áðan, hvort það væri hægt að leggja þetta á síldveiðiflotann, verður að sjálfsögðu að miða við meðaltalið. Það verður að spyrja um það, hverjar hafi verið meðaltekjur síldveiðisjómanna s. l. sumar og hver hafi verið meðalafkoma hjá síldveiðiskipunum. Um það þarf að leita upplýsinga, og þær upplýsingar fást vonandi í n., sem um frv. fjallar. Án þess að slíkar upplýsingar liggi fyrir, verður myndin, sem fæst um þessi efni, óljós og ófullnægjandi. Enn má minna á það, sem fiskiþing sagði um þessi efni. Að vísu má vera, að þar hafi aðrar veiðar frekar verið í huga hafðar en síldveiðarnar, um það skal ég ekki fullyrða, en almennt var þar sagt, eins og ég áðan sagði, að höfuðáherzlan var lögð á það, að allt yrði gert, sem unnt væri, til að stöðva verðbólguna og engar nýjar álögur yrðu lagðar á útgerðina.

Vitaskuld er þarna um að tefla, að nýjar álögur séu lagðar á þennan þátt útgerðarinnar, á síldveiðarnar. Þá verður auðvitað líka í þessu sambandi að því að spyrja, hverjar séu horfur á verðlagningu bræðslusíldarinnar á sumri komanda. Sé það ekkert kannað, mætti vel svo fara, að hér væri aðeins tjaldað til einnar nætur, vandanum ýtt á undan sér til vorsins eða sumarsins. Og í því sambandi er ekki úr vegi að minnast þeirra atburða, sem áttu sér stað s. l. sumar og svo óvenjulegir voru, að öllum hv. þdm. eru þeir sjálfsagt í svo fersku minni, að þá

er óþarft að rekja. En þá var um það að ræða m. a., að nýjan skatt skyldi leggja á síldveiðarnar. Og hvernig brugðust síldveiðisjómennirnir við því? Þeir sigldu flotanum í höfn og biðu í höfn, þangað til úr vandanum hafði verið greitt og þeir fengið þá rétting sinna mála, sem þeir töldu viðhlítandi. Hvaða trygging er fyrir því, ef þessar álögur, sem hér er um að ræða, væru nú lagðar á í blóra við þá og í óþökk síldarsjómannanna, — hvaða trygging er fyrir því, að sagan frá í fyrrasumar endurtaki sig ekki? Þess vegna er enn og aftur ástæða til að undirstrika það, sem ég þegar hef sagt, að það er vitaskuld mjög nauðsynlegt, áður en þetta mál er afgreitt, að kannað sé, hver sé afstaða þessara manna, sem þetta mál snertir alveg sérstaklega, til þessara fyrirhuguðu ráðstafana. En ef sagan frá í fyrra endurtæki sig næsta vor, væri vissulega, eins og ég áðan sagði, aðeins tjaldað til einnar nætur í þessum málum.

Ég tel, og það má raunar ráða af því, sem ég hef hér þegar sagt, ekki tímabært að taka endanlega afstöðu til þessa frv. fyrr en þær upplýsingar, sem ég hér hef drepið á, liggja fyrir og reyndar ýmsar fleiri. Hér er vissulega um mikið vandamál að ræða, vanda, sem verðbólgan hefur átt drýgstan þáttinn í að skapa. Vitaskuld væri réttast og það eina rétta, — og það vildi ég hafa undirstrikað alveg sérstaklega með þeim orðum, sem ég lét falla í fyrri hluta minnar ræðu, — að ráðast gegn rótum meinsins, ráðast gegn verðbólgunni sjálfri. Það er sú eina viðhlítandi lausn á þessum vanda, sem finnanleg er. En sé það ekki gert, verður þó auðvitað með einhverjum hætti að ráða fram úr þessum vanda, því að ekki má útgerðin og fiskiðnaðurinn stöðvast. Um það hljótum við öll að vera sammála.

Gils Guðmundsson: Herra forseti. Ég tel ástæðu til að fara nokkrum orðum um það frv., sem nú er hér til 1. umr. Ég geri að vísu ráð fyrir því að eiga þess kost að fjalla um málið í þeirri n., sem því verður vísað til, sjútvn., og get því sparað mér að ræða ýmis atriði, sem hljóta að koma til sérstakrar athugunar í n. En ég tel þó alls kostar óhjákvæmilegt að leggja á það nokkra áherzlu nú þegar við 1. umr., að þetta mál er þannig vaxið, að sjútvn., sem um það mun eiga að fjalla, verður að fá í sínar hendur margvísleg gögn, sem tilheyra þessu máli, til þess að gera það kleift að taka afstöðu til þess, afstöðu, sem væri reist á rökum, á þeim staðreyndum, sem fyrir liggja og fyrir þurfa að liggja, áður en hægt er að afgreiða þetta mál. Og ég vil í því sambandi leggja sérstaka áherzlu á tvennt: 1) Á hvaða grundvelli eru þeir útreikningar byggðir, sem þetta frv. hvílir á eða meginatriði þess? 2) Hafa einhver atriði, sem máli skipta í sambandi við verðlagningu og afkomu þeirra atvinnufyrirtækja, sem hér er um að ræða, einhver mikilvæg atriði, ekki verið tekin með í sambandi við þá reikninga, sem frv. byggist á?

Ég held að það sé ekki alls kostar rétt sem sagt er eða a. m. k. látið skína í í grg. fyrir frv., að samkomulag hafi orðið í yfirnefndinni, sem ákvarðar ferskfiskverðið, um þetta frv. eða meginefni þess. Þar varð að vísu samkomulag um það að leggja til, að ferskfiskverðið hækkaði um 17%. Hins vegar hygg ég, að það hafi alls ekki verið samkomulag um að fara þá leið til að ná þessu marki að færa nálægt 40 millj. til á milli greina, þ. e. a. s. frá síldveiðunum og yfir til bolfiskveiðanna. Ég hygg, að þessu atriði hafi til að mynda fulltrúi Alþýðusambandsins ekki verið sammála, og mér er tjáð, að það hafi ekki verið haft samráð við hann um þetta frv., hvernig það hefur verið undirbúið og er í einstökum atriðum úr garði gert.

Aðalefni þessa frv. eða sú nýjung, sem þar er helzt um að ræða, er í stuttu máli sú að færa tæpar 40 millj. kr. milli tveggja framleiðslugreina fiskveiðanna og fiskiðnaðarins, þ. e. a. s. frá síldaraflanum og til þorskaflans. Eins og fram hefur komið, ber enginn á móti því, að það var brýn nauðsyn að hækka ferskfiskverðið og það verulega. Helzta gagnrýnin, sem fram hefur komið í sambandi við þá 17% hækkun á ferskfiskverði, sem ákveðin var nú í vetur, er sú, að þessi hækkun sé ófullnægjandi, sé ekki nógu mikil, en enginn neitar því, að hún hafi verið nauðsynleg og jafnvel að hún sé algert lágmark, svo að ekki sé meira sagt. Þetta er hins vegar allmikil hækkun svona í einu, og ég skal í sjálfu sér láta það liggja á milli hluta, hvort hægt hefði verið eða nauðsynlegt að hafa hana meiri, eins og vitanlega hefði verið æskilegt. En hitt orkar miklu meira tvímælis að mínum dómi og þarf að rökstyðja það betur en þegar hefur verið gert, hvort þessi hækkun á ferskfiskverðinu er með þessu frv. og öðrum þeim aðgerðum, sem því eru samfara, framkvæmd á réttmætan og eðlilegan hátt.

Þessar aðgerðir, sem fyrst og fremst felast í frv., sem hér um ræðir, að færa allverulegt fjármagn með beinum lagafyrirmælum frá einni atvinnugrein til annarrar, ég segi ekki, að slík ráðstöfun sé dæmalaus, að hún hafi ekki verið gerð áður með ýmsu móti, beint og sérstaklega óbeint, en slík ráðstöfun þarf hverju sinni mjög mikillar athugunar við, því að hún er engan veginn einföld og vandalaus. Það er vitað, að með ýmsum hætti, ýmsum óbeinum hætti a. m. k., framkvæmir ríkisvaldið margvíslegar tilfærslur, sem verka e. t. v. hliðstætt við það, sem ætlað er að ná fram með þessu frv., og ég segi ekki, að slíkar tilfærslur með beinum lagafyrirmælum frá einni atvinnugrein til annarrar geti ekki verið réttlætanlegar undir vissum kringumstæðum eða jafnvel óhjákvæmilegar. En það þurfa að liggja fyrir þeim mjög ljós og eindregin rök, ef þær eiga að standast.

Eru þá ekki slík rök fyrir hendi í sambandi við þetta mál? Í fljótu bragði kann mönnum að finnast, að þau séu það og þetta sé tiltölulega upplagt, að taka nú eins og 4 tugi millj. af síldargróðanum, sem svo margir ræða um, og færa hann yfir til fiskiðnaðarins, sem talað er alltaf um að berjist mjög í bökkum. Um þennan síldargróða er það að segja, að síldveiðar eru einhver hin allra óábyggilegasta og sveiflumesta atvinnugrein, sem við stundum, eins og okkur er öllum kunnugt. Nú 2—3 síðustu árin hefur síldveiði í heild verið mjög mikil, og það er ómótmælanlegt, að ýmsir hafa haft bæði mjög miklar

atvinnutekjur og ýmis fyrirtæki verulegan gróða í sambandi við síldveiðarnar. Og þá vaknar e. t. v. eðlilega sú spurning: Getur þá ekki verið og er þá ekki réttmætt, að síldarútvegurinn, sá bróðirinn í þessu tilfelli, sem betur gengur og efnaðri er, leggi eitthvað af mörkum til þess að styðja hinn bróðurinn, sem er bolfiskaflinn, sem nú eins og sakir standa er í erfiðari aðstöðu, stendur sig lakar? Hér þarf sérstaklega að athuga tvennt, þegar svara á þessari spurningu. Það er í fyrsta lagi: Hefur sá aðili, sem á að njóta þeirrar tilfærslu, þeirrar verulegu tilfærslu á fjármagni, sem hér er ráðgerð, sannanlega þörf fyrir þetta fé? Og á hinn bóginn: Er sá aðilinn, sem ætlunin er að skattleggja, sannanlega hinn rétti, er hann sannanlega aflögufær?

Ég mun fyrst fara nokkrum orðum um frystihúsin og hag þeirra, en það eru þau, sem hér eiga fyrst og fremst hlut að máli sem þiggjendur í þessu tilfelli. Til þess að frystiiðnaðurinn geti staðið undir hinni ákvörðuðu hækkun á hráefnisverði, er nú talið nauðsynlegt að færa yfir til þessa iðnaðar um það bil 4 tugi millj. af hráefnisverði síldarafla. Það er vissulega alveg rétt, sem allrækilega var undirstrikað af síðasta ræðumanni, hv. 3. þm. Norðurl. v., að allir, sem við einhvern atvinnurekstur fást á Íslandi nú, hafa miklar áhyggjur af því, hversu verðbólgan leikur lausum hala, hversu mikið það hættuástand er, sem hún getur skapað, og hvernig hún getur og hlýtur að ógna framleiðslunni og þá ekki síst útflutningsframleiðslunni, sem er bundin af verði á erlendum mörkuðum, — getur ógnað tilveru hennar hvenær sem er. En þetta á vitanlega við um atvinnurekstur almennt og e. t. v. útgerðina, a. m. k. sumar greinar útgerðarinnar, alveg sérstaklega. Allt stefnir í þá átt óneitanlega, að útvegurinn hreinlega strandi á skeri verðbólgunnar. En sem betur fer er þetta ekki orðið enn þá, og í sumum greinum er, að ég hygg, afkoman í bili nokkru betri en stundum er látið af, og ég held, að það eigi nú í dag við frystihúsaiðnaðinn. Skýringin á því, að hann stendur þó ekki hallari fæti en raun ber vitni, er vitanlega fyrst og fremst og nálega eingöngu sú, að það hafa orðið mjög verulegar hækkanir á erlendum mörkuðum á útfluttum afurðum þessarar iðngreinar.

Ég skal aðeins nefna nokkrar tölur í sambandi við frystihúsin, sem mér hafa verið tiltækar. Það er að vísu erfitt að afla sér staðgóðra upplýsinga um ýmsa hluti, að því er varðar þennan rekstur. En eftir þeim upplýsingum, sem ég hef getað aflað mér, hafa 65 frystihús, hús, sem framleiða samtals um eða yfir 96% af öllum frystihúsaafurðum landsmanna, þessi 65 frystihús hafa haft verulegan hagnað tvö undanfarin ár. Hér eru undanskilin nokkur lítil frystihús úti á landi, sem hefur skort hráefni m. a. og eiga í erfiðleikum af sérstökum ástæðum, en framleiða ekki nema 3—4% af heildarframleiðslu frystihúsanna. En samkv. skattaframtölum þessara 65 frystihúsa, samkv. skattaframtölum þeirra sjálfra höfðu þau tæpar 40 millj. kr. í beinan hagnað á árinu 1964. Ég legg aftur áherzlu á, að þetta er byggt á skattaframtali þeirra, og það ætti því síst að vera of hátt metið.

Nú liggja að sjálfsögðu ekki fyrir tölur, sem hafa verið dregnar út úr skattaframtölum um reksturinn árið 1965. En útreikningar, sem eru byggðir á nákvæmlega sama grundvelli og útreikningar skattaframtala árið 1964 og gáfu þá útkomuna ca. 40 millj. kr. hagnað, slíkir útreikningar byggðir á sama grundvelli gefa fullt tilefni til að ætla, að á árinu 1965 hafi beinn hagnaður frystihúsanna orðið allt að því helmingi hærri en árið áður eða um 75 millj. kr., þessara sömu 65 aðalfrystihúsa landsins. Þetta er að vísu ekki nákvæm tala, getur ekki verið það, en ég tel, að hún muni ekki vera mjög fjarri lagi.

Þá er þess enn fremur að geta, að þau tvö ár, sem ég ræði hér um sérstaklega, árin 1964 og 1965, hafa umrædd 65 frystihús lagt í endurbætur og viðhald fjárupphæð, sem nemur um 125 millj. kr. Þetta er kallað endurbætur og viðhald. En þeir menn, sem eru þessum málum mjög vel kunnugir, hafa staðhæft í mín eyru og fært að því, að ég hygg, nokkuð gild rök, að óhætt sé að reikna með því, að a. m. k. helmingur þessarar upphæðar, þ. e. a. s. eitthvað yfir 60 millj. eða milli 60 og 70 millj. kr., hafi raunverulega farið í nýbyggingar og sé því í sjálfu sér hreinn rekstrarhagnaður þessara ára, sem kemur fram sem eignaaukning. M. ö. o.: út úr þessu dæmi kemur þetta: Raunverulegur gróði umræddra 65 frystihúsa hefur s. l. tvö ár numið töluvert á lítlegri upphæð, eða þegar þetta er lagt saman hvort tveggja, hreinn hagnaður samkv. skattframtölum og helmingurinn af því, sem kallað er viðhalds- og endurbótakostnaður, sé það talið nýbyggingar, kemur út úr þessu dæmi um 175 millj. kr. hagnaður frystihúsanna á þessum tveimur árum, og í rauninni sýnist mér, að hér geti varla verið um annað að ræða en lágmarkstölu, þar sem þetta er byggt á skattaframtölum, en allir vita, að þau sýna algeran lágmarkshagnað, svo að ekki sé meira sagt.

En hver er skýringin á því, að afkoma frystihúsanna virðist ekki vera sérstaklega slæm s. l. 2 ár þrátt fyrir verulega hækkaðan tilkostnað, sem óneitanlega hefur orðið á þessu tímabili? Þetta á sér sína eðlilegu skýringu, og skýringin er, að verðhækkanir fiskafurða á erlendum mörkuðum hafa orðið mjög verulegar á hverju ári nú allmörg undanfarin ár. Samkv. opinberum skýrslum hefur verð á þessum fiskafurðum, sem hér er um að ræða, þ. e. útflutningsverðið, meðalverð, hækkað sem hér segir: Frá meðalverði 1962 til meðalverðs 1963 var hækkunin 4.1%. Frá 1963—1964 var hækkunin 8%. Frá 1964—1965 var hækkunin á erlendum mörkuðum hvorki meira né minna en 13.4%. Og frá 1965 til ársbyrjunar 1966 var hækkunin enn orðin tæp 7%. Það eru líkur til þess, þó að ekkert verði um þau fullyrt, að þessi þróun haldi eitthvað áfram, þótt varlegast sé að spá sem minnstu um það, hvað framtíðin kann að geyma í sínu skauti, en þessar mjög verulegu verðhækkanir á útflutningsafurðum frystihúsa, sem ég nú nefndi, eru þegar orðnar staðreynd.

Nú hefur það, eins og kunnugt er, verið ákveðið, að fiskverð — hráefnisverðið — skuli hækka um 17%, þ. e. a. s. það verð, sem sjómenn

og útgerðarmenn fá í sinn hlut. Mér telst svo til, að þessi hækkun á hráefnisverði svari til rösklega 7% hækkunar á útflutningsverði sjávarafurða, — ef eigi að mæta henni með hækkuðu útflutningsverði, verði það að hækka um 7% til að mæta henni einni. Nú er það vitanlegt, að fleiri hækkanir verða á rekstrarkostnaði hraðfrystihúsa, hafa orðið og verða á árinu, og er þar stærsti liðurinn óhjákvæmilega kaupgjaldshækkanir í þeirri dýrtíð, sem við eigum við að búa. Segjum svo, að það þætti réttmætt og eðlilegt, ef niðurstaðan yrði sú, að annar kostnaður, sem er þá fyrst og fremst hækkað kaupgjald, hækki um sama hundraðshluta og ferskfiskverðið eða um 17% á árinu. Til þess að mæta þeirri hækkun á launagreiðslum mundi útflutningsverðmætið þurfa að hækka um 4%. M. ö. o.: til þess að hækkun útflutningsverðmætisins ein saman geti mætt 17% hærra hráefnisverði og 17% hærri vinnulaunum, þyrfti útflutningsverðmætið að hækka frá árinu 1965 um 11%, þ. e. allmiklu minna en hækkun á útflutningsverðmæti þessarar greinar varð frá 1964—1965. Ég tel, að það séu nokkrar horfur á því, að svo verði, sbr. það, að 7% hækkun er þegar orðin staðreynd um áramót. En þó að svo verði ekki, sýnist mér eftir sem áður, að það dæmi, sem ég hef verið að reikna hér, eigi að geta gengið upp, því að það er fleira, sem kemur hraðfrystiiðnaðinum til góða, en hækkun á útflutningsverðmætinu. Það er þá í fyrsta lagi, að frystihúsunum er nú ætlað nokkuð aukið hagræðingarfé úr ríkissjóði. En í öðru lagi sýnist mér, að miðað við þær tölur, sem ég nefndi áðan um hagnað frystihúsanna, þurfi ekki að taka nema hluta af þeim hagnaði, sem frystihúsin höfðu á s. l. ári, til þess að þetta dæmi gæti komið sómasamlega út fyrir hraðfrystihúsin, þannig að þau gætu tekið á sig þessar hækkanir, sem ég nú hef nefnt, án þess að sérstakir styrkir komi til.

Það kann að vera, að einhverjar af þessum tölum verði vefengdar, og það er sjálfsagt að rökræða um þær. En grundvöllurinn, sem ég byggi þetta á, er, eins og ég áðan sagði, skattaframtöl hraðfrystihúsanna sjálfra eða meginþorra þeirra, og hygg ég, að megi allsæmilega byggja á þeim grundvelli sem lágmarki þess, hver afkoman hefur orðið.

Maður hefur heyrt það ár eftir ár, að frystihúsin hafa talað um erfiðleika og versnandi afkomu. Það er orðið nærri því árvisst. Og stundum hafa þau vissulega haft töluvert til síns máls vegna þeirra miklu hækkana, þeirrar verðbólgu, sem verið hefur hér innanlands. En ég held, að það gefi þó dálitla hugmynd um það, að ástandið núna, eins og það er um þessar mundir, er nokkru betra en það hefur oft verið áður. Það sést á því, að það mun vera í fyrsta skipti síðan farið var að semja um fiskverð eða ákvarða fiskverð á svipaðan hátt og gert hefur verið nú hin síðari ár, sem frystihúsaeigendur hafa sagt, að þeir gætu tekið á sig nokkra hækkun á ferskfiskverði. Ég hygg, að þegar setzt var að samningaborði nú, hafi það skeð í fyrsta skipti, að þeir töldu sig geta tekið á sig 8% hækkun, áður en farið var að rökræða neitt um það við aðra, hvað þeir gætu. Þetta er vitanlega hin gleðilega afleiðing af því, hversu sjávarafurðirnar og þá í þessu tilfelli afurðir frystihúsanna hafa hækkað mjög verulega á erlendum mörkuðum á undanförnum árum.

Þessar athuganir, sem ég hef sett hér fram, eiga að renna nokkrum stoðum undir það, að ástæða sé til að athuga það nokkru betur en gert hefur verið, hvort sú tilfærsla frá síldveiðum og til bolfiskveiða, þ. e. a. s. til frystihúsanna, sem vinna þorskinn og ýsuna, sé nauðsynleg, eins og á stendur. En nú er lagt til, að það eigi að flytja þarna yfir nálega 40 millj. Og hver er það, sem á að borga þessar tæplega 40 millj., sem hraðfrystiiðnaðurinn á að fá til þess að mæta hækkuðu ferskfiskverði? Það er síldveiðin, sem það á að gera, segja menn. Og hún getur þetta, vegna þess að þar hefur verið um að ræða mikinn gróða, segja menn enn fremur. Það er staðreynd, að síldarverksmiðjurnar hafa haft allverulegan gróða undanfarin ár. Gróði þeirra árið 1964, sem er að vísu hinn mesti, sem um getur, mun örugglega vera um 200 millj. eða jafnvel heldur hærri tala. Það má því með nokkrum rétti segja, að síldarverksmiðjurnar allar, sem samtals græða eitthvað um 200 millj., hefðu getað lagt eitthvað af mörkum til annarra, ef þörf hefði verið á. En nú virðist mér það ljóst, að síldarverksmiðjuiðnaðurinn á í raun og veru ekki að borga fimmeyring af þessum tæpu 40 millj., sem um er að ræða. Það eru aðeins tveir aðilar, sem þessar 40 millj. lenda á. Það eru annars vegar útgerðarmenn síldveiðiskipa og hins vegar sjómenn á síldveiðiskipum. Þessi skattlagning, eins og hún er fyrirhuguð í frv., leiðir einungis til beinnar lækkunar á hráefnisverðinu, á síldinni sjálfri upp úr skipi, og það eru ekki aðrir en útgerðarmenn skipanna og sjómennirnir, sem þessi lækkun lendir á. Og lækkunin nemur, að því er virðist, um 10 kr. á hvert síldarmál.

Nú hafa síldveiðisjómenn grætt einhver ósköp undanfarin ár, segja menn. Það er rétt, að sennilega um það bil þriðjungur síldveiðisjómanna hefur haft ýmist mjög góðar eða það sem við köllum góðar tekjur undanfarin 2—3 ár. Annar þriðjungur síldveiðisjómanna hefur haft allsæmilegar, jafnvel dágóðar tekjur. En þriðjungurinn, sem þá er eftir, hefur, að því er ég bezt veit, haft lélegar tekjur og yfirleitt ekki hærri tekjur en sem svarar þeirri tryggingu, sem um er að ræða, eða lítið fram yfir það, og það eru ekki tekjur, sem eru til þess að miklast af. En hvernig er það þá með síldveiðiskipin? Það má e. t. v. segja, að sum smærri skipin, sem stunda síldveiðar yfir hásumartímann, það er þannig um þau, að það eru yfirleitt gömul skip, en jafnframt hafa þau ekki aðstöðu til þess að veiða nema tiltölulega lítið og það eru fyrst og fremst þau, sem koma í lægsta flokkinn og er að vísu minnst af tekið, en hafa líka af minnstu að miðla. En það eru fyrst og fremst nýju skipin, þau sem langbezt veiða, sem hljóta að borga bróðurpartinn af því, sem á að flytja þarna yfir. Og þessi skip eru ákaflega dýr. Þau kosta með veiðarfærum um og yfir 20 millj. kr., og þau allra nýjustu og stærstu fara töluvert fram yfir það. Þessi skip þurfa því að fiska mjög mikið, ef rekstur þeirra á að bera sig. Og enn vil ég

benda á það, að síldveiði hefur sýnt það, að hún er því miður mjög óörugg atvinnugrein. Það eru miklar sveiflur í sambandi við síldveiðar, og það eru ekki alltaf þau uppgrip hjá síldveiðisjómönnum og útgerðarmönnum, sem verið hafa hjá þriðjungi flotans s. l. 2—3 ár.

Ég hef nú bent á það með nokkrum rökum, að það sé full ástæða til þess að athuga betur í fyrsta lagi, hvort nauðsynlegt er að gera þá tilfærslu á milli greina sjávarútvegs, sem lögð er til með þessu frv., og í öðru lagi, hvort það kemur þá réttlátlega niður, eins og er til ætlazt, að sjómenn og útgerðarmenn á síldveiðiflotanum beri þetta einir. Það er enginn efi á því, að framkvæmd á öllum svona tilfærslum, öllum svona færslum á fé milli atvinnugreina, er ákaflega erfið og vandasöm og viðkvæm. Eins og bent var á af hv. 3. þm. Norðurl. v., höfum við um þetta dæmi, sem á að vera til viðvörunar og ég get ekki trúað öðru en þeir, sem sömdu þetta frv., hljóti að hafa hugsað til öðru hverju, meðan þeir voru að ganga frá því. Það er dæmið um það, þegar ætlunin var og ákveðið var með brbl. í vor að færa nokkrar millj. á milli tveggja, ef svo mætti segja, tveggja greina sjálfra síldveiðanna, þ. e. a. s. það átti að færa frá bræðslusíldarverðinu og yfir til saltsíldarverðsins nokkrar millj. kr. En þetta varð svo erfitt og óvinsælt, að síldveiðiflotinn sigldi allur í höfn og neitaði þessu, og það var horfið frá því að framkvæma þessa tilfærslu eða verðjöfnun þarna á milli, og þó mátti segja, að þetta væri ekki mikið annað en færa úr einum vasanum e. t. v. að einhverju leyti í hinn. Að vísu gengur það dálítið misjafnt yfir skipin eftir því, hvað þau hafa aðstöðu til að veiða mikið í salt og hvað þau veiða mikið í bræðslu, og hugmyndin, sem þarna lá að baki, var út af fyrir sig skiljanleg. Hún var sú að stuðla að því, að það yrði saltað meira, það yrði verðmætari framleiðsla, sem við fengjum, heldur en ella. En þrátt fyrir það, þó að ekki væri um meira að ræða en færa þarna á milli nokkrar millj., miklu lægri upphæð en hér er um að ræða, og þetta var milli tveggja greina sjálfs síldarútvegsins, var það svo óvinsælt, að það eitt með öðru og kannske ekki hvað sízt olli því, að síldveiðiflotinn gerði hina eftirminnilegu uppreisn, sem svo hefur verið kölluð, og ekki varð neitt úr neinu.

Nú spyr ég að lokum: Hefur í sambandi við undirbúning þessa frv. verið haft samband við þá aðila eða fulltrúa þeirra aðila, sem eiga raunverulega að borga þennan brúsa, þ. e. a. s. útgerðarmenn og sjómenn á síldarskipunum? Þetta er mikilvægt atriði, því að mér sýnist, að málið geti horft þannig við, að hér sé verið að reyna að leysa vanda, sem ég að mínum dómi tel að ekki sé enn fullsannað, að sé fyrir hendi, með því að stofna til nýrra og jafnvel stórkostlegra vandræða.

Niðurstaða þessara hugleiðinga minna er, — ég vil draga hana saman að lokum í örfá atriði: Það er í fyrsta lagi, að 17% hækkunin á fiskverði, sem ákvörðuð var nú um áramótin, var óhjákvæmileg og nauðsynleg. 2) Það liggur ekki nægilega ljóst fyrir, og í rauninni liggja engir tölulegir útreikningar fyrir um það, að sú tilfærsla, sem þetta frv. gerir ráð fyrir frá síldarútvegi til frystihúsaiðnaðar, sé nauðsynleg í dag. Þvert á móti virðist margt til þess benda, að frystihúsin nú í dag eigi að geta tekið á sig þessa hækkun á ferskfiskverðinu. 3) Þessi tilfærsla, eins og hún er hugsuð, skerðir allverulega hag eða hagnaðarmöguleika ótryggasta hluta útvegsins, þ. e. a. s. útgerð skipa á síldveiðar. 4) Á það legg ég ekki minnsta áherzlu, að þessi tilfærsla eða verðjöfnun í því formi, sem hér er fyrirhugað, er því miður líkleg til þess að geta skapað mjög illvígar deilur í sambandi við næstu síldarvertíð, — deilur, sem gætu haft truflandi og jafnvel örlagarík áhrif. Ég er ekki að hvetja einn eða neinn til þess að stofna til slíkra deilna, en ég bendi aðeins að gefnu tilefni á þá hættu, sem mér sýnist að hér geti verið fyrir hendi og ég veit að getur verið fyrir hendi.

Ég vil taka það fram sérstaklega, að sú hugsun, sem kemur mjög ákveðið fram í grg. frv. og sömuleiðis í ræðu hæstv. sjútvmrh., að breyta grunni útflutningsgjaldanna úr verðmætisgjaldi og í magngjald, þessi hugmynd eða hugsun er að *mínu viti athyglisverð og í rauninni*, að ég held, algerlega réttmæt. En ég vil benda á það, að í þessu frv. hefur verið horfið að nokkru og allverulegu leyti frá þessu sjónarmiði aftur, sem þó virðist hafa vakað fyrir þeim, sem frv. sömdu, a. m. k. öðrum þræði, og ég fyrir mitt leyti tel, að það sé miður farið. Ég held, að það hafi átt að stíga þetta skref fullt nú.

Ég skal svo ekki hafa fleiri orð um þetta frv. að svo komnu máli. Sjútvn., sem fær málið til meðferðar, verður, eins og hér hefur verið lögð rík áherzla á, að fá öll þau gögn, sem tiltæk eru um þetta mál, þau gögn, sem frv. er byggt á, því að það er vitanlega nauðsynleg forsenda þess, að hægt sé að leggja á málið réttan og eðlilegan mælikvarða.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Ég vil leyfa mér að þakka þeim tveim hv. ræðumönnum, sem rætt hafa þetta frv., síðan ég flutti framsöguræðu mína, tiltölulega mjög málefnalegar umr. um það vandamál, sem hér er um fjallað. Þó eru örfá atriði í máli þeirra, sem ég vildi víkja örlítið nánar að, þótt ég skuli ekki lengja umr. mikið frá því, sem orðið er.

Ræðumenn eru sammála um, að 17% fiskverðshækkun hafi verið nauðsynleg og jafnvel í lægri kanti þess, sem samkomulag hefði getað tekizt um. Það er viðurkennt m. ö. o., að það sé algert lágmarksverð, sem þarna hafi verið náð, og er síðan vitnað í marga útgerðarmenn, sem látið hafa til sín heyra á opinberum vettvangi undanfarna daga, um, að þeir telji 17% hækkun of lága. Til þess þó að ná þessari 17% hækkun var talið nauðsynlegt af yfirnefndinni að fara ákveðnar leiðir auk þess fyrirheits, sem gefið var um opinberan stuðning þar að auki, sem nánar mun verða skýrt frá í sambandi við frv., er ég boðaði í minni framsöguræðu og enn hefur ekki verið lagt fram, um sérstaka aðstoð við sjávarútveginn, svipað því, sem flutt var hér á síðasta þingi. Ef menn eru sammála um það, sem við getum ályktað af ræðum þessara tveggja hv. síðustu ræðumanna, að 17% fiskverðshækkun hafi verið algert lágmark, hljóta menn líka

að vera sammála um, að nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja þetta verð hafi orðið að gera. Og það virðist mér a. m. k. hv. 3. þm. Norðurl. v. einnig viðurkenna og hann telji nauðsynlegt, að hið opinbera komi þarna til móts við þá fáu aðila, sem auk þess er ætlað að greiða þessa fiskverðshækkun, sem er síldariðnaðurinn, eins og hér hefur verið bent á.

En á hinn bóginn vilja menn a. m. k. ekki á þessu stigi, sem er e. t. v. eðlilegt, það vantar frekari upplýsingar um málið að þeirra dómi, — vilja menn ekki ræða um það, hver eigi að borga brúsann. Það er sem sagt ákvörðun, sem bíður síðari tíma, þegar þeir hafa haft aðstöðu til í nefndarstörfunum að kynna sér það, hvort nauðsynlegt er að gera þá tilfærslu, sem frv. gerir ráð fyrir, og eins hitt, að framlag ríkisins sé það, sem ráð er fyrir gert. Ég held það og vænti þess, að þeir fái aðgang að þeim upplýsingum, sem þeir óska, í n. og veit, að formaður n. hefur þegar gert ráðstafanir til, að þeim verði þær í té látnar, svo sem kostur er.

Svo hefur verið um það spurt, sér í lagi af hv. síðari ræðumanni, eða frá því skýrt öllu heldur, að ekki hafi verið haft samband við fulltrúa Alþýðusambandsins við samningu þessa frv. Ég skal ekki fullyrða neitt í þessu efni, en ég þykist þó vita svo mikið, að samráð hafi verið haft við alla þá aðila, sem áttu sæti í yfirnefndinni, en hún er, eins og fram kom í minni framsöguræðu, skipuð fulltrúum bæði fiskkaupenda og fiskseljenda. Tel ég þar með svarað þeirri fsp. líka, hvort haft hafi verið samband við útgerðarmenn og sjómenn um þetta mál, og ég hygg, að það samband hafi verið haft við þessa aðila í gegnum störf þeirra í yfirnefndinni. En það er rétt og ekki ástæða til að leyna því, enda hefur það þegar komið fram á opinberum vettvangi, að fulltrúi Alþýðusambandsins tók ekki afstöðu til þessarar niðurstöðu yfirnefndarinnar og lét gera sérbókun, sem ég gat um áðan í minni framsöguræðu, og er hans bókun að meginefni það, að hann telur yfirnefndina ekki vera réttan aðila til að gera það samkomulag eða till. um slíka tilfærslu á gjöldum sem gert er ráð fyrir í frv. En að öðru leyti greiðir hann atkv. með sjálfri niðurstöðunni, þ. e. a. s. fiskverðinu.

Hv. 5. þm. Reykn. taldi, að ráðstafanir frv. mundu, ef að lögum yrðu, lækka verðið á hverju síldarmáli um ca. 10 kr., að hann gizkaði á. Ég skal ekki segja um, hver áhrif þessarar aðgerðar verða á verðlagningu síldarafurða í vor. Hitt veit ég, að að sjálfsögðu munu síldarverksmiðjurnar taka þátt í þessum kostnaði líka, því að síldarverð er á hverjum tíma ákveðið með hliðsjón af því, hvað síldarverksmiðjurnar geti á hverjum tíma greitt, og er talið, að gengið sé til þess ýtrasta í þá átt.

Þegar frá eru dregnar almennar umr., sem inn í þessar umr. hafa þegar blandazt um efnahagsmál og ég skal ekki teygja tímann á að lengja, stendur eftir sú fullyrðing hv. 3. þm. Norðurl. v., að aflaleysi sé ekki ástæðan til þeirra vandræða, sem ýmsar greinar útvegsins eiga við að etja í dag, og er vitnað þar til þess mikla aflamagns, sem aldrei hafi verið meira en á s. l. ári. Það er þó eigi að síður staðreynd, að þær greinar íslenzks sjávarútvegs, sem verst eru staddar í dag, eiga einmitt við mikið aflaleysi að stríða. Vélbátarnir frá 40—120 tonna stærðinni, sem eru of litlir til að stunda vetrarsíldveiðar, og svo togaraflotinn eiga einmitt við þetta stóra vandamál að etja. Og þegar vitnað er til þess, hve fáir bátar hafa stundað línuveiðar á þessari vertíð, og fiskverðinu m. a. kennt um, þá kann það að eiga sín vissu rök, að fiskverðið sé hvað þá útgerðargrein snertir ekki nógu hátt. Hitt veit ég sjálfur af viðtölum við þá menn, sem hér eiga hlut að máli, að þar er fyrst og fremst ástæðan sú, að tekjuvon einstaklinganna og útgerðarmannanna af þessum veiðum er mun minni og hefur verið það undanfarin ár. Í beinu framhaldi af því hafa togaraeigendur á undanförnum árum sótt mjög um það, að veiðisvæði þeirra yrðu rýmkuð, til þess að kanna þann möguleika að veiða á nýjum svæðum, sem þeir telja að fiskur sé á. Það er sem sagt aflaleysi ákveðinna greina í sjávarútveginum, sem ég tel vera eina af höfuðástæðunum til þeirra erfiðleika, sem er við að etja nú, þó að þar komi að sjálfsögðu fleira til.

Hv. 3. þm. Norðurl. v. spurði: Geta þeir aðilar, sem hér er rætt um að taki á sig aukin útgjöld, geta þeir tekið þau á sig, og hvert verður síldarverðið næsta vor? Ég hef þegar svarað því, að það er ógerlegt að spá um það á þessu stigi, hvert síldarverðið verður næsta vor. Er meira að segja enn þá töluvert af birgðum til í landinu af bæði lýsi og mjöli frá síðustu sumar- og haustvertíð, sem ekki er farið og ekki hefur fengizt endanlegt verð á, en m. a. af því verður síldarverðið næsta vor ráðið. En hinu verður þó ekki móti mælt, að sú grein sjávarútvegsins, sem býr við mest góðæri í dag, er stærri vélbátaflotinn, þ. e. a. s. bátarnir yfir 150 tonn og upp í allt að 4 hundruð tonn, sem aflað hafa sérstaklega vel undanfarin ár, og ef þeir aðilar, sem að þeim bátum standa, geta ekki tekið á sig einhverjar auknar álögur, er ég hræddur um, að harðni á dalnum hjá flestum öðrum. A. m. k. hefur það ekki ávallt þótt nein goðgá að færa á milli atvinnugreina, eins og hér er gert ráð fyrir, þegar um tímabundna erfiðleika þeirra er að etja.

Varðandi þá erfiðleika, er ég áðan minntist á, varðandi vélbátana af ákveðinni stærð og togarana, starfa í þeim efnum nú sérstaklega skipaðar nefndir, sem væntanlega innan ekki langs tíma skila sínum sérálitum, og ég veit, að þegar hefur verið í þeim báðum lögð mikil vinna í að komast að réttri niðurstöðu og grundvalla till. á þeim möguleikum, sem þar eru til úrbóta.

Ég vil svo að öðru leyti ítreka fyrri óskir mínar um það, að n. hraði, svo sem kostur er, störfum sínum, því að tekjuliðir þessa frv. eru miðaðir við gildistöku 1. marz, og ég hef fulla ástæðu til að ætla, að við þeim óskum verði orðið, þó að sjálfsagt sé að láta þær upplýsingar í té, sem málið varða, áður en n. skilar sínum störfum, en ég minni á, að þetta er fyrri deild málsins.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til sjútvn. með 16 shlj. atkv.

Á 41. fundi í Ed., 24. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 246, n. 257, 259 og 262, 258).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. og brtt. — Afbrigði leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Jón Árnason): Herra forseti. Sjútvn. hefur haft mál þetta til athugunar og rætt það á tveim fundum sínum. Eins og fram kemur í nál., náðist ekki samkomulag innan n. um afgreiðslu þess, og segja má, að n. sé þríklofin í málinu. 1. minni hl. sjútvn., Gils Guðmundsson, leggur til, að frv. verði felt, 2. minni hl., Helgi Bergs og Ólafur Jóhannesson, segir, að að svo vöxnu máli sjái þeir ekki ástæðu til þess að leggjast gegn frv., en muni ekki heldur ljá því stuðning sinn. Meiri hl. n. leggur hins vegar til, að frv. verði samþ. með nokkrum breytingum, sem fluttar eru á sérstöku þskj.

Frv. það, sem hér um ræðir, er í beinu sambandi við þá fiskverðssamninga, sem gerðir voru þann 6. jan. s. l. af yfirnefnd verðlagsráðsins. Var þá með því reiknað, að um 4% af heildarhækkuninni næðust með þeim breytingum, sem í frv. þessu er lagt til að gerðar verði á útflutningsgjöldum af sjávarafurðum. Undir athugun sinni á málinu leitaði n. margvíslegra upplýsinga hjá forstöðumanni Efnahagsstofnunar ríkisins, Jónasi Haralz, en hann skipaði, svo sem kunnugt er, sæti formanns í yfirnefnd. Þá átti n. einnig, svo sem fram kemur í nál., viðræður við ýmsa aðra aðila, sem hér áttu hlut að máli, og leitaði álits þeirra á frv. Það kom skýrt fram í þeim umr., að allir töldu þeir, að í grundvallaratriðum væri efni þessa frv. í fullu samræmi við þá samþykkt, sem n. gerði varðandi fyrirhugaðar breytingar á útflutningsgjaldinu og ætlað var að stæði undir 4% af þeirri hækkun, sem átti sér stað á fiskverðinu. Þó að svo vilji til að þessu sinni, að umræddar breytingar á útflutningsgjaldinu verði til þess að brúa það bil, sem vantaði á, að nauðsynleg verðhækkun gæti átt sér stað, er hér að öðru leyti um hagsmunamál að ræða, sem lengi hefur verið barizt fyrir af fiskframleiðendum.

Það mun upphaflega hafa verið ætlun n. að breyta útflutningsgjaldinu algerlega í magngjald í stað þess verðmætisgjalds, sem verið hefur í öllum tilfellum til þessa. Í aths. við frv. segir hins vegar, að við nánari athugun hafi ekki þótt hagkvæmt að láta magngjald gilda um allar vörur og því sé lagt til, að það gildi aðeins um freðfiskflök, saltfisk og skreið, en verðmætisgjald verði eftir sem áður á öllum öðrum vörum sjávarútvegsins, en þó jafnframt ákveðið þannig, að það verði svipað að upphæð og magngjaldið hefði orðið, með tilliti til þeirra hugmynda, sem yfirnefnd reiknaði með, þegar hún gekk frá sínu samkomulagi um fiskverðið. Í þeim tilfellum, sem verðmætisgjald helzt áfram, er lagt til, að það haldist óbreytt frá því, sem nú er, nema á síldarmjöli og síldarlýsi. Þar hækkar prósentan um 2% og verður 8% í stað 6. Sú tilfærsla, sem með þessum hætti á sér stað milli bolfisk- og síldarafurða, er áætlað að muni nema um 40 millj. kr.

Það, sem fiskframleiðendur hafa fært fram sem rök fyrir máli sínu eða kröfum um þessa breytingu á útflutningsgjaldinu, er sú staðreynd, að eftir því sem þeir hafa lagt í meiri kostnað við að vinna vöruna og með því hækka útflutningsverðmæti, hafi jafnhliða með því fyrirkomulagi, sem nú á sér stað, hækkað í krónutölu útflutningsgjaldið á hverja magneiningu, með þeim afleiðingum, að það hefur leitt til þess, að dregið hefur úr áhuga framleiðenda á að leggja í þann kostnað, sem þessu er samfara. Hér er því um skatt að ræða, sem getur haft óholl áhrif á nauðsynlega verðmætasköpun þjóðarinnar.

Hin einhæfa útflutningsframleiðsla Íslendinga, sem er enn í dag að mestu leyti borin uppi af sjávarútvegi, hefur oft skapað erfiðleikatíma í efnahagslífi þjóðarinnar. Þegar aflabrest hefur borið að höndum, hefur það venjulega leitt til þess, að útflutningsverðmætið hefur minnkað í krónutölu í svipuðum hlutföllum og kg hefur fækkað. Það er álit margra, að þessu þurfi ekki að vera þannig farið. Með aukinni vinnslu innanlands á þessu góða hráefni mætti stórauka útflutningsverðmætið, þó að ekki ætti sér stað nokkur aukning í aflamagni. En þegar svo er komið, eins og nú er að heyra á okkar fiskifræðingum og ekki síður þeim erlendu, sem hér fylgjast með, að fiskistofninn fari frekar minnkandi heldur en hitt, er kominn tími til, að við Íslendingar athugum frekar en orðið er alla þá möguleika, sem tök eru á til að efla fiskiðnaðinn og skapa honum starfsskilyrði á traustum grundvelli.

Auk þess sem þetta frv. felur það í sér að ákveða eitt og sama gjald á hvert útflutningstonn, sem breytist ekki, þótt verðmæti aukist, eru einnig í frv., 5. tölul. 2. gr., ákvæði, sem létta að öllu leyti útflutningsgjöldum af niðursoðnum og niðurlögðum sjávarafurðum.

Þær breytingar á útflutningsgjöldum, sem frv. þetta felur í sér, skerða ekki heildartekjur, sem af útflutningsgjaldinu hafa verið, heldur er aðeins um tilfærslu að ræða og fyrirkomulagsbreytingu, eins og ég þegar hef getið um.

Í þessu sambandi er ekki óeðlilegt, að um það sé spurt, hvort sú atvinnugrein, sem ætlað er að auknar verði álögur á, sé fær um að taka þær á sig og sú breyt., sem hér er gerð, sé að öðru leyti sanngjörn. Eins og sjá má af 3. gr. frv., renna allar tekjur, sem til falla af útflutningsgjaldinu, á einn eða annan hátt aftur til sjávarútvegsins. Stærsti hlutinn eða 73.4% fer til greiðslu á vátryggingagjöldum fiskiskipa, en þar næst kemur svo framlag til fiskveiðasjóðs, 7.2%, og til fiskimálasjóðs 5.9%. Ég tel, að með þeirri þróun, sem nú á sér stað og hefur verið hin síðari ár um uppbyggingu fiskiskipaflotans, þar sem allt hnígur í þá átt að miða stærð fiskiskipanna við það, að þau geti stundað síldveiðar á djúpmiðum fjarri ströndum, hljóti að leiða til þess, að stærsti hlutinn af því fjármagni, sem fiskveiðasjóður hefur til ráðstöfunar, fari til byggingar slíkra fiskiskipa. Það má því segja, að ekki sé óeðlilegt, að hlutur þeirra í útflutningsgjaldinu sé aukinn frá því, sem nú á sér stað. Að öðru leyti er á það að líta, að langstærstur hluti síldveiðiflotans stundar einnig þorskveiðar á vetrarvertíð, og kemur þessi breyting þeim einnig til góða við þær veiðar með hækkuðu fiskverði. Hitt er svo rétt að

viðurkenna, að skammt er til baka til þess tíma, að síldveiðar voru atvinnugrein, sem ekki var aflögufær. Þá var talið óhjákvæmilegt að gera sérstakar ráðstafanir til þess að hlaupa undir bagga með þeim atvinnuvegi. Í dag vitum við hins vegar, að það, sem hér gerir gæfumuninn, er fyrst og fremst hin bætta aðstaða, stærri og betri skip, útbúin fullkomnustu tækjum og tækni, sem Íslendingar eru í fremstu röð þjóða með að hagnýta og taka í sína þjónustu. Sú breyting er gerð með frv. þessu varðandi greiðslu útflutningsgjalds, að það gjald fellur nú allt í einu, um leið og útflutningsskjöl eru afgreidd. En áður var heimilað að greiða ⅓ hluta við afhendingu skjala, en ⅔ við gjaldeyrisskil.

Í umr., sem n. átti við útflytjendur varðandi þetta atriði, kom það fram, að þeir höfðu sjálfir óskað eftir þessari breytingu og töldu hana hagstæða og spara þeim mikla vinnu.

Þá vil ég með nokkrum orðum að lokum víkja að þeim brtt., sem meiri hl. n. flytur.

Það er fyrst brtt. við 5. gr. Með henni er kveðið skýrt á um það, hvaða vörur og í hvers konar pakkningum þær skuli vera, til þess að þær falli undir þessa grein, sem allt útflutningsgjald er fellt niður af. Með þessu kemur skýrt fram, sem ætlað er, að saltsíld falli ekki undir þennan flokk, hvernig sem henni er pakkað, en hins vegar opnaðir möguleikar fyrir stærri pakkningum en 10 kg, ef um niðurlagningu síldar er að ræða eða aðra slíka vöru, sem hagstætt væri að selja í stærri pakkningum en þar um getur.

Samkv. 2. brtt. er lagt til, að fellt verði niður í 4. tölul. 3. gr. orðið „byggingar" og verði: til rannsóknastofnana sjávarútvegsins. Með þessu móti verður rýmri heimild til ráðstöfunar fyrir rannsóknastofnanirnar að ráðstafa fjárupphæðinni í aðrar þarfir þeirra, ef það verður talið nauðsynlegt.

Samkv. 3. till. er lagt til, að orðin „nema annað sannist'" verði felld niður. Það var talið óþarft og því lagt til, að þessi orð verði felld niður úr frv.

Næstu tvær till. eru til frekari skýringar um framkvæmd l., og verður upptalning á þeim skjölum, sem lögð eru til tollstjóra í sambandi við útflutninginn, tæmandi eins og hér er lagt til.

Þá er loks samkv. 6. till. lagt til, að sett verði almennt reglugerðarákvæði í l., sem heimili ráðh. að setja með reglugerð frekari fyrirmæli um framkvæmd laganna.

Herra forseti. Ég sé svo ekki ástæðu til þess að orðlengja frekar um þetta frv. að sinni, en legg til, að það verði samþ. með þeim breyt., sem meiri hl. n. leggur til, og málinu verði síðan að lokinni þessari umr. vísað til 3. umr.

Frsm. 1. minni hl. (Gils Guðmundsson): Herra forseti. Við 1. umr. þessa máls ræddi ég nokkuð ákveðnar forsendur frv. og þá sérstaklega afkomu frystihúsanna, þeirrar greinar sjávarútvegsins, sem ætlunin er að veita stuðning samkv. þessu frv. Ég skal ekki endurtaka neitt af því, sem ég sagði þá, og þeim mun síður þar sem þetta atriði ræður í rauninni ekki afstöðu minni til þessa máls. Ég mundi vera andvígur þeirri lausn, sem lögð er til í þessu frv., enda þótt ég teldi það fullsannað, að frystihúsin gætu ekki risið undir þeirri hækkun á ferskum fiski, sem var ákveðin nú í janúarbyrjun. Ástæðan til þess, að ég er andvígur þeirri lausn, sem hér er lögð til, er fyrst og fremst sú, að ég tel aðferðina bæði óeðlilega og óheppilega, þá aðferð yfir höfuð að skattleggja beint eina framleiðslugrein til að standa undir rekstri annarrar. Fyrir mér er þetta aðalatriði málsins. Það er þess vegna fyrst og fremst, sem ég er andvígur frv.

Hitt vil ég svo aðeins ítreka með fáeinum orðum, að ég tel það engan veginn sannað, að frystihúsaiðnaðurinn geti ekki á þessu ári staðið undir þeirri 17% hækkun á ferskfiski, sem ákveðin var nú um áramótin. Það er í því sambandi aðeins rétt að minna á, að það er staðreynd, að frystihúsin hafa almennt haft dágóðan hagnað árin 1964 og 1965. Það er enn fremur staðreynd, að á afurðum þessarar framleiðslugreinar hefur orðið mjög veruleg verðhækkun á erlendum mörkuðum undanfarin ár og þó allra mest á árunum 1964 og 1965, og hélt sú hækkun áfram síðari hluta árs 1965. Það má að sjálfsögðu segja og það með réttu, að enginn geti fullyrt, að þessi þróun haldi áfram, það sé ekki hægt að segja neitt ákveðið um það, og það er vitanlega rétt. Hins vegar eru líkurnar verulegar, sem betur fer, til þess að þessi þróun haldi eitthvað áfram og það jafnvel lengi enn, hvort sem þar verður um jafnmikla aukningu á verðmæti að ræða og verið hefur síðustu tvö árin. Það er erfitt að spá um það. Hins vegar er það vitað mál, að fiskur er almennt talað viðurkenndur sem mjög holl og góð fæða, og fiskur og fiskafurðir eru einmitt sú fæðan, sem meira en helmingur mannkynsins, sem er vannærður, þyrfti í miklu meiri mæli en um er að ræða á að halda, og þess vegna má vissulega gera ráð fyrir því, að eftirspurn eftir fiskafurðum yfirleitt fari vaxandi, en ekki minnkandi á komandi árum, eins og hún hefur gert undanfarin ár. En sem sagt, þá ætla ég ekki að gera þetta að aðalatriði þess, sem ég segi hér, hvort hraðfrystihúsin kynnu að hafa getað tekið á sig ferskfiskverðshækkunina alla eða ekki, heldur þá aðferð, sem lagt er til með þessu frv. að viðhafa til stuðnings við þessa iðngrein. Ég tel aðferðina, eins og ég áðan sagði, mjög vafasama og raunar ákaflega varhugaverða og það af ýmsum ástæðum. Ég skal nú færa fyrir þessu nokkur rök.

Fyrst vil ég nefna það, að bein yfirfærsla fjármagns frá einni atvinnugrein til annarrar, jafnvel frá einum þætti sömu atvinnugreinar til annars þáttar hennar, hlýtur jafnan að vera mjög verulegum vandkvæðum bundin og er líkleg til þess að valda ýmiss konar ókyrrð og truflunum og jafnvel hreinum vandræðum. Við gætum sett upp ýmis dæmi um það, hvernig hliðstæðar aðgerðir og sú, sem hér er lögð til, kunni að verka. Ég skal aðeins taka eitt dæmi af hraðfrystihúsaiðnaðinum sjálfum. Það er ómótmælanlegt, að mörg stærstu frystihúsin, þau sem hafa skapað sér hagkvæmasta aðstöðu, þau sem hafa mest og bezt hráefnið, þessi frystihús hafa skilað undanfarin ár verulegum ágóða og sum jafnvel umtalsverðum gróða, á sama tíma sem önnur hraðfrystihús, t. d. flestöll húsin á

Norðvesturlandi, þ. e. a. s. minni frystihús og vanbúnari og hús, sem eiga oft við mikinn hráefnisskort að stríða, þessi hús eru sannanlega rekin með tapi, og þau hafa jafnvel verið rekin með tapi ár eftir ár. Engum hefur þó enn þá dottið í hug að skattleggja beinlínis betur stæðu frystihúsin til hagsbóta fyrir þau, sem hafa verri aðstöðu. Ég tel, að slíkt væri ekki heldur skynsamlegt eða heppilegt, og þó væri það sízt fráleitara en sú skattlagning, sem hér á að leggja á síldveiðiflotann til stuðnings við frystihúsaiðnaðinn.

Skoðun mín er sú, að þegar einhver mikilvæg framleiðslugrein þarf á fjárhagslegum stuðningi að halda sannanlega, sé um að ræða þjóðfélagslegt vandamál, sem snertir ekki aðeins þessa atvinnugrein, heldur þegnana yfirleitt og þjóðfélagið sem heild, og það eigi að leysa vanda þessarar atvinnugreinar samkv. því, eins og gert hefur verið í fjölmörgum tilfellum. Þá skeður það einfaldlega, að ríkisvaldið aflar fjár að þeim almennu skattheimtuleiðum, sem það getur gripið til og hefur gripið til, eða þá með lánastarfsemi eða annarri fyrirgreiðslu, sem getur komið þeirri atvinnugrein, sem í vanda er stödd, til góða. Á svipaðan hátt tel ég, að ætti að leysa þann vanda, sem hér kynni að vera fyrir hendi, að því er snertir hraðfrystihúsin í sambandi við það fiskverð, sem nú hefur verið ákveðið.

Ég ætla ekki að fara langt út í þá sálma, hversu raunhæft og eðlilegt það er að gera hinn svonefnda síldveiðigróða að sérstökum skattstofni fyrir annan þátt atvinnurekstrar í landinu. En það hlýtur þó að skipta máli í þessu sambandi, hvort hér er um að ræða atvinnugrein, sem hefur verið og ætla má að muni verða mikill gróðavegur yfirleitt, a. m. k. í náinni framtíð. Það er rétt, að heildarafli á síldveiðum hefur verið mikill og mjög mikill s. l. 2—3 ár. En menn ættu nú tæplega að vera búnir að gleyma því, að áður hafði verið nær tveggja áratuga síldarleysi og á þeim tímum höfðu tekjur síldveiðisjómanna verið með fádæmum rýrar og útgerðarmenn síldveiðiskipa í endalausu basli, enda þurfti hvað eftir annað að fá aðstoð, til þess að útgerðin gæti haldið áfram. Er nú líklegt, að sú gífurlega síldveiði, sú metsíldveiði, sem verið hefur s. l. 2 ár, haldist lengi? Það er engin leið að spá um þetta. Sem betur fer hefur tæknin breytzt mjög til bóta og möguleikarnir til að sækja á ýmis fjarlægari mið en áður hafa vaxið. En þó verðum við að hlusta á þau orð fiskifræðinga, sem segja, að í síldveiðum hljóti alltaf að verða mjög miklar sveiflur. Þeir benda á það, að íslenzki síldarstofninn sé nú í lágmarki og ógerlegt að segja um það, hvenær hann nær sér aftur verulega á strik, þó að það sé vonandi, að ekki verði þess langt að bíða, en tæplega verður það þó fyrr en eftir nokkur ár.

Norski síldarstofninn svonefndi, þ. e. a. s. sá síldarstofn, sem m. a. hefur verið veiddur út af Austfjörðum undanfarin ár, hefur verið í hámarki, að því er fiskifræðingar segja, og það má væntanlega gera sér vonir um, að árið í ár verði hann enn nálægt þessu hámarki. En þeir spá því, að þessi stofn fari minnkandi úr því, þangað til nýir og sterkir árgangar kunna að koma í gagnið, en á því getur, eins og dæmin sanna, verið allveruleg bið.

Þetta eru að vísu allt spádómar um óorðna hluti. En þeir byggjast þó á ýmsum líkum, og það, sem styður þá, er það, sem áður hefur skeð í þessum efnum. Síldveiðar eru, eins og ég hef áður lagt nokkra áherzlu á, einhver óöruggasti atvinnuvegur okkar, eins og þær hafa verið stundaðar fram til þessa, þó að þess megi vænta, að með því móti smám saman að þurfa ekki að leggja eins mikið upp úr hinu gífurlega magni, en auka verðmætið að sama skapi, megi draga verulega úr þessum sveiflum og gera síldveiðarnar miklu öruggari en þær hafa verið og eru í dag. En áður en það er orðið, hlýtur að líða nokkur tími, og þarf að gera ýmislegt, til þess að það geti orðið. En nú er a. m. k. stundum látið í það skína, að undanfarin 2—3 ár hafi þó a. m. k. flestir eða allir grætt og það stórlega, sem á síldveiðum hafa verið eða við síldarútgerð fengizt. Þarna skýtur þó að ýmsu leyti mjög skökku við. Rétt er það, að margir hafa grætt í sambandi við síldveiðar og síldariðnað á undanförnum 2—3 árum. Síldarverksmiðjurnar hafa grætt allverulega. Síldarsaltendur hafa grætt, að því er manni skilst, allverulega. Og sjómenn á góðum og ágætum aflaskipum hafa haft prýðilegar tekjur þessi ár. Þetta er staðreynd, og við þetta virðist nokkuð oft vera miðað. Það er ekki litið á hina hliðina, skuggahliðina, í þessu sambandi. En það er jafnframt staðreynd, að alveg á sama hátt og hægt er að benda á, að það hefur verið og er erfið afkoma einstakra hraðfrystihúsa, sem búa við erfiða aðstöðu, á sama hátt hefur afkoma margra síldarbáta og síldarskipa, jafnvel þessi metaflaár, verið bágborin. Það er töluverður hópur skipa, nokkrir tugir síldveiðibáta, sem þessi árin hafa fengið svo lítinn afla, að þeir hafa orðið að leita til aflatryggingasjóðs og fengið styrk úr honum. Og þessi sömu ár, 1964 og 1965, hafa nokkur hundruð síldveiðisjómanna ekki borið annað og meira úr býtum á síldveiðunum heldur en hlutatrygginguna eina eða í bezta falli eitthvert lítilræði umfram hana.

Nú má að vísu segja, að í krónutölu komi sú hækkun útflutningsgjaldsins, sem hér um ræðir, minnzt við þá, sem lítið afla. En hlutfallslega er þessi hækkun hin sama og bitnar því einnig á þeim, sem raunverulega og sannanlega mega einskis í missa. En hvað er þá að segja um hin stóru og nýju síldveiðiskip, þau skip, sem mörg hver hafa aflað vel og jafnvel afburðavel síðustu 2—3 árin? Er ekki ofsagróði á útgerð þessara skipa? Þar eru nú að vísu ekki fyrirliggjandi eða mér tiltækar mjög aðgengilegar tölur. En eftir þeim upplýsingum, sem ég hef getað aflað mér, mun mega segja, að örfáir tugir síldveiðiskipa hafi sýnt góða afkomu síðustu tvö ár, en svo er ekki um allan þorra síldveiðiflotans. Ég býst varla við, að menn geri sér það almennt ljóst, hversu gífurlega mikið þarf að aflast á spánnýtt 300—350 smál. skip, ef reksturinn á að vera bærilegur, þ. e. a. s. rekstur skipsins sjálfs. Slíkt skip kostar nú, 1965—1966, með öllum tækjum og veiðarfærum einhvers staðar á bilinu frá 20 og upp undir 25 millj. kr., og mér er tjáð, að útgerð slíks skips, 300—350 tonna, sem kostaði

um eða yfir 20 millj., beri sig ekki, nema skipið fiski fyrstu árin a. m. k. fyrir 16—18 millj. brúttó yfir árið. Hversu mörg skip hafa náð því gífurlega aflamagni á þessum metaflaárum? Þau eru ekki ákaflega mörg. Hitt er svo annað mál, að eigendur töluvert margra síldveiðiskipa eru einnig aðilar að síldarsöltun eða síldariðnaði, og þar hefur afkoman verið góð, eins og kunnugt er, þessi árin, og margir hafa getað rétt hag sinn þar, en það á ekki við um þá, sem eingöngu fást við útgerð.

Ég skal svo ekki fjölyrða öllu meira um þetta mál, nema sérstakt tilefni gefist til. Mér er ljóst, að í sambandi við fiskverðsákvörðunina í janúar tók meiri hl. yfirnefndar og hæstv. ríkisstj. á sig skuldbindingar gagnvart fiskiðnaðinum. Ég hef að vísu dregið í efa, að slíkt hefði verið nauðsynlegt. En hvað sem því líður, tel ég víst, að hæstv. ríkisstj. muni standa við þær skuldbindingar, sem hún tók á sig gagnvart frystihúsaiðnaðinum. En ég tel, að hún gæti gert það á hentugri og eðlilegri hátt með öðru móti en því, sem hér er lagt til, og þó með þeim hætti, að það geti komið frystihúsaiðnaðinum alveg eins til góða og það, sem er lagt til með þessu frv., en stofni ekki í þá tvísýnu og jafnvel áhættu um vinnufrið, sem gæti orðið afleiðing þessa frv., ef það verður samþ.

Frsm. 2. minni hl. (Helgi Bergs): Herra forseti. Framleiðsluatvinnuvegirnir eiga við stórfelldа erfiðleika að stríða vegna óðaverðbólgunnar. Þessir erfiðleikar munu fara vaxandi að óbreyttri stjórnarstefnu, því að hún hlýtur að leiða til áframhalds óðaverðbólgunnar. Með ráðstöfunum af því tagi, sem hér er gert ráð fyrir í þessu frv., er tjaldað til einnar nætur, auk þess sem þær ráðstafanir eru í veigamiklum atriðum gallaðar. Þar sem á hinn bóginn virðist allvíðtæk samstaða um þessar ráðstafanir meðal forustumanna í samtökum þeirra stétta, sem hlut eiga mestan hér að máli, — væntanlega sökum þess, að þeir eru úrkula vonar um haldbetri ráðstafanir af hálfu ráðandi meiri hl., — sjáum við ekki ástæðu til þess, við sem að þessu nál. stöndum, hv. 3. þm. Norðurl. v. og ég, að leggjast gegn framgangi frv.

Það eru ekki aðrir, fyrr eða síðar, sem hafa haft stærri orð um það en núv. hæstv. ríkisstj., að nú skyldu tekin upp ný vinnubrögð í efnahagsmálum, og ég hlýt að minna á, að þegar ríkisstj. lagði fram sitt fyrsta frv. um efnahagsmál í ársbyrjun 1960, sagði þar í aths., með leyfi hæstv. forseta:

„Hér er ekki um að ræða ráðstafanir sama eðlis og þær efnahagsráðstafanir, sem tíðkazt hafa svo að segja árlega nú um skeið og snert hafa fyrst og fremst breytingar á bótakerfi útflutningsins og nauðsynlega fjáröflun í því sambandi, heldur algera kerfisbreyting.“ Og áfram segir: „Meginatriði till. eru þessi: 1. Bótakerfi það, sem útflutningsframleiðslan hefur búið við síðan 1951, verði afnumið, en skráningu krónunnar breytt þannig, að útflutningsframleiðslan verði rekin hallalaust án bóta eða styrkja.“

Það er ekki ástæða til þess að tengja miklar aths. við þessa tilvitnun. Við vitum allir, hvernig nú er komið þessum málum, og það frv., sem hér liggur fyrir, er skýrt dæmi um það. Og það er raunar ekki það fyrsta. Það heyrir ekki lengur til tíðinda, að hæstv. ríkisstj. leggi fram mál á hv. Alþ., sem miða að því að veita framleiðsluatvinnuvegunum eða einstökum þáttum þeirra bráðabirgðaúrlausn á vandamálum óðaverðbólgunnar. Þannig var það fyrir tveimur árum, þegar hæstv. forsrh. lagði fram frv. um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins, að hann lét svo um mælt, að það frv. væri til þess ætlað að firra vandræðum í bili og raunhæfari ráðstafanir yrðu síðar að koma til. Við höfum ekki orðið varir við þær raunhæfu ráðstafanir til stefnubreytingar í efnahagsmálum eða til þess að hamla gegn vaxandi óðaverðbólgu. En nú er fyrir framan okkur nýtt frv. frá hæstv. ríkisstj. til þess ætlað aftur að firra vandræðum í bili.

Undanfarin ár hefur verið einstakt góðæri til sjávarins, og aflabrögð hafa verið meiri en nokkru sinni áður. Það hafa átt sér stað miklar verðhækkanir á afurðum sjávarútvegsins á erlendum mörkuðum ár eftir ár í mörg ár í röð. Og við það hafa skapazt hagstæðari söluskilyrði fyrir afurðir sjávarútvegsins en við áður höfum þekkt. Ytri skilyrði til góðrar afkomu sjávarútvegsins hér á landi hafa því verið ákjósanleg. En því miður mega þau skilyrði sín lítils gegn verðbólgustefnunni, sem fylgt hefur verið. Óðaverðbólgan er gersamlega að sliga sjávarútveginn, eins og raunar aðra atvinnuvegi landsins, þrátt fyrir þessi hagstæðu skilyrði.

Þegar skyldi verðleggja þorskfiskaflann nú um áramótin, varð það auðvitað hverjum manni ljóst, að veruleg hækkun þyrfti að verða á fiskverðinu vegna þeirrar þróunar tilkostnaðarins, sem orðin var. Það var niðurstaða yfirnefndar verðlagsráðsins, að verðið til bátanna skyldi hækka um 17%. Það skal ekki dregið í efa, að sú hækkun hafi verið nauðsynleg, og raunar virðist mér, að hún hafi ekki mátt minni vera, enda virðist hún tæplega nægja til þess að tryggja eðlilega útgerð á þessari vertíð. En þá kom það í ljós, að fiskverkunarstöðvarnar og hraðfrystihúsin voru ekki talin geta staðið undir þeirri hækkun. Sjútvn. fékk á fundinn til sín oddamann yfirnefndar, Jónas Haralz, forstjóra Efnahagsstofnunarinnar, og kynnti sér eftir föngum þann grundvöll og þá útreikninga, sem þetta álit, að frystihúsin gætu ekki staðið undir þessum verðhækkunum að fullu, var byggt á. Og það kom vissulega fram þar, sem öllum er að sjálfsögðu ljóst, að mögguleikar frystihúsanna og fiskverkunarstöðvanna til þess að borga þetta fiskverð eru feikilega misjafnir eftir ýmsum aðstæðum. Ýmis frystihús og fiskverkunarstöðvar, sem hafa jafnan og góðan afla og eru nægilega stór í sniðum, hafa tvímælalaust mjög góða afkomu, önnur lakari. En það er ekkert í þessu frv., sem miðar að því á neinn hátt að leysa þann vanda, sem skapast við þennan aðstöðumun. Það er skoðun okkar, sem stöndum að þessu nál., það er mat okkar á þeim upplýsingum, sem fyrir liggja, að það muni vera rétt, að mjög mörg frystihúsanna hafi ekki tök á að taka á sig 17% fiskverðshækkun, og á þessum mismun á mati okkar og hv. 1. minni hl. byggist að nokkrú leyti mismunandi

afstaða okkar til málsins, enda þótt ég fyrir mitt leyti sé sammála ýmsum atriðum, sem fram komu hjá hv. 1. minni hl., 5. þm. Reykn.

En þegar frystihúsin geta ekki borgað það verð, sem bátaútvegurinn þarf að fá, er það vissulega ekki vegna þess, að þau hafi á undanförnum árum farið varhluta af þeim hækkunum, sem orðið hafa á erlendum mörkuðum á útflutningsafurðum okkar Íslendinga. Tvær helztu framleiðsluvörurnar, hraðfryst fiskflök og óverkaður saltfiskur, hafa hækkað stórlega í verði á undanförnum árum. Aðeins á undanförnum tveimur árum, ef borið er saman meðalverð 1963 og meðalverð 1965, kemur í ljós, að verð á frystum flökum hefur hækkað um fjórðung og verð á óverkuðum saltfiski hefur hækkað um þriðjung. En þessar miklu hækkanir hafa horfið í hít óðaverðbólgunnar, sem magnast ár frá ári og spennir upp framleiðslukostnaðinn í landinu á þann hátt, að starfsgrundvellinum er kippt undan fleiri og fleiri af þessum atvinnugreinum. Og það á vissulega við um fiskiðnaðinn eins og aðrar greinar framleiðslulífsins, að undirrót þeirra erfiðleika, sem við er að fást, er óðaverðbólgan sjálf. En hæstv. ríkisstj. hefur aldrei fengizt til þess að ráðast að rótum meinsins. Ráðstafanir hennar til þess að vinna gegn verðbólgunni hafa einungis verið kák og sýndarmennska. Það eru næsta kátlegir tilburðir, þegar ríkisstj. setur upp hátíðlegan alvörusvip til að lækka vextina um 1% þetta árið og hækka þá um 1% þetta árið og ætlar með því að skapa jafnvægi í efnahagslífinu, án þess að slíkir tilburðir hafi minnstu áhrif á þá óheillavænlegu verðbólguþróun, sem ekkert lát hefur verið á nú hin síðustu árin. Slíkir tilburðir minna öllu frekar á skopleik heldur en á vinnubrögð ábyrgrar þjóðarforustu.

Nú á að leysa vandamál sjávarútvegsins með því að lækka útflutningsgjöld á þorskfiskafurðum, en hækka þau jafnmikið á bræðslusíldarafurðunum, og með þessu á að færa tæplega 40 millj. kr. frá síldarútgerðinni og til þorskfiskútgerðarinnar. En óðaverðbólgan á að fá að halda áfram að grafa undan hvoru tveggja. Það er alveg augljóst, að hér er tjaldað til einnar nætur.

Það er rétt að vekja athygli á því, að millifærsla af þessu tagi fellur ekki á gróðann af síldveiðunum. Það er ekki verið að taka gróðann af síldveiðunum til þess að bæta þeim, sem lakar eru settir. Það fer varla á milli mála, að sumir þeirra aðila, sem fást við síldariðnað og síldarútgerð, hafa haft mjög góða afkomu í þessum uppgripum, sem verið hafa undanfarin ár, og mikinn gróða. En það er ekki verið að taka þennan gróða til þess að bæta þeim upp, sem lakari afkomuna hafa, heldur er verið að leggja byrðarnar jafnt á alla, sem við síldariðnað og síldarútgerð fást, því að væntanlega lendir það á þeim, sem síldarútgerðina og síldveiðarnar stunda. Það er verið að taka af þeim öllum. Það er ekki verið að leggja byrðarnar á breiðu bökin, eins og einu sinni þótti sanngirnis- og réttlætismál, heldur lýsir sér hér hin nýtízkulega jafnaðarstefna hæstv. sjútvmrh. En það er vitað mál, að afkoma þeirra, sem fást við síldina, hvort sem það er að veiða hana eða vinna hana, hefur verið mjög misjöfn og tekjur sumra síldveiðisjómanna — og kannske ekki eins fárra og sumir virðast halda — hafa takmarkazt við *kauptrygginguna og nokkur hluti síldveiðiflotans* hefur mátt sækja fé í aflatryggingasjóð. Upplýsingar um þetta efni komu fram á fundum sjútvn. um þetta mál af hálfu fulltrúa Alþýðusambandsins í verðlagsráði, Tryggva Helgasonar, og því var ekki mótmælt af öðrum kunnugum aðilum, sem þar voru, að verulegur hluti þeirra báta, sem eru innan við 90 tonn, hafi gert upp eftir kauptryggingu og margir þeirra orðið að sækja fé í aflatryggingasjóð og miðflokkur bátanna, sem svo er nefndur, 90—140 tonna, hafi yfirleitt jaðrað við það að eiga rétt á aflatryggingasjóðsframlagi. Af því er ljóst, að afkoma þessara báta er vissulega mjög misjöfn og greiðslugetu þeirra margra hverra er mjög þröngur stakkur sniðinn, og verður ekki séð, hvert réttlæti er í því að láta þessa aðila standa undir þeim kostnaði, sem af því leiðir að bæta frystihúsunum og fiskverkunarstöðvunum nokkurn hluta af því tjóni, sem þau hafa orðið fyrir af völdum verðbólgustefnu ríkisstj.

Það liggur heldur ekkert fyrir um það á þessu stigi málanna, hvert muni verða verðlag á síldarafurðum á þessu ári, og það er allsendis óséð, hvort það verður framkvæmanlegt að hækka útflutningsgjöldin á þeim, svo sem hér er gert ráð fyrir, en þær álögur, sem þarna er gert ráð fyrir á síldarafurðirnar, nema sem svarar 10 kr. á hvert bræðslusíldarmál eða nálægt því. Nú er það öllum ljóst, að ekkert sem máli skiptir af síldarafurðum af framleiðslu þessa árs, verður flutt út *fyrr en einhvern tíma í sumar*, og það er þess vegna alveg ónauðsynlegt að ákveða núna, hvernig útflutningsgjöldum á þær afurðir yrði háttað, og hefði verið skynsamlegra, ef menn hefðu viljað læra af fyrri biturri reynslu, að sjá til um það, hvaða verðlag gæti orðið á síldinni í sumar. Alþ. á eftir að sitja að störfum í eina tvo mánuði enn, og það lágu því ekki nein ósköp á með þennan þátt málsins. Menn hljóta að óttast það, að hér sé um nýtt frumhlaup að ræða af hálfu hæstv. ríkisstj. á borð við brbl. frá því í júní í sumar, sem hún gafst upp við að framkvæma, þótt við allir hljótum að vona, að af þessu leiði ekki eins hörmulegar afleiðingar og þá urðu.

Það skal á hinn bóginn — eins og ég raunar tók fram áðan — sízt dregið í efa af hálfu okkar, sem að áliti 2. minni hl. stöndum, að frystihúsin mörg hver, jafnvel flest, þurfi þann stuðning eða ámóta stuðning og þeim er ætlaður með þessu frv. En hann hefði að okkar dómi betur verið í öðru formi. Við viljum í því sambandi minna á till. þm. Framsfl. um minnkaðar álögur og aukinn stuðning við fiskiðnaðinn, till. eins og lækkun á vaxtabyrði þessarar starfsemi, aukningu afurðalánanna og fleiri ráðstafanir, sem við höfum gert till. um. En slíkar till. þjóna því jákvæða markmiði í þessu sambandi að draga úr tilkostnaði framleiðslunnar í stað þess að velta byrðunum af einni greininni yfir á aðra.

Nauðsynin á því að snúa við á braut verðbólgunnar ætti að vera svo augljós hverjum manni, að að því þyrfti ekki að færa mikil rök. Af hálfu þm. Framsfl. hafa hvað eftir annað verið lagðar

fram till. um það, að þingflokkarnir sneru sér sameiginlega að því verkefni að móta nýja og heillavænlegri stefnu í þessum málum. Strax við meðferð efnahagsmálafrv. ríkisstj. í ársbyrjun 1960 var lögð fram af hálfu þingflokks Framsfl. till. af því tagi og aftur í janúar 1964. En þær till. hafa verið hunzaðar af ráðandi meiri hl. Hann einn ber ábyrgð á því ástandi, sem skapazt hefur hjá framleiðsluatvinnuvegunum í einu mesta góðæri í manna minnum.

Ég skal ekki, herra forseti, fara mikið út í að ræða einstök formsatriði þessa frv. Við framsóknarmenn höfum þegar fyrir tveimur árum lýst fylgi okkar við þá stefnu, að útflutningsgjöldin yrðu byggð á þungaviðmiðun, en ekki verðviðmiðun, og þau rök, sem hv. frsm. meiri hl. flutti fyrir því hér áðan, hefði hann getað sótt beint í ræður okkar frá því í janúar 1964. En þá var flutt í báðum d. hv. Alþ. af hálfu Framsfl. till. um það, að þessi breyt. skyldi gerð, jafnframt því sem útflutningsgjöldin skyldu lækkuð verulega.

En þó að látið sé í veðri vaka, að þessi hugsun liggi til grundvallar þessu frv., er öðru nær en að svo sé í raun og veru nema að mjög litlu leyti. Í þremur af fjórum flokkum útflutningsvaranna, sem frv. gerir ráð fyrir, er útflutningsgjaldið enn byggt á verðviðmiðun, auk þess sem önnur gjöld, sem miðast við sama gjaldstofn, eru það líka, svo sem aflatryggingasjóðsgjald og ferskfiskeftirlitsgjald. Það er að vísu í 11. gr. frv. heimild fyrir ríkisstj. til þess að færa slík gjöld yfir á þungaviðmiðun, en eftir því sem fram kom í n., virðist ástæða til þess að ætla, að sú heimild muni ekki að sinni a. m. k. verða notuð. En hvað sem um það er, er rétt að vekja athygli á því, að af hálfu fulltrúa útflytjenda, sem komu á fund sjútvn., var lögð mjög rík áherzla á það, að í þessum efnum verði fylgt einhverjum grundvallarreglum. En hér er engri reglu fylgt. Það er ekkert „prinsip" í þessu máli. Það er í góðu samræmi við annað hjá hæstv. ríkisstj. og táknrænt fyrir hennar vinnubrögð.

Eins og aðrir atvinnuvegir, eiga nú næstum allar greinar sjávarútvegsins við sívaxandi örðugleika að etja vegna verðbólguþróunarinnar, eins og ég hef áður drepið á. Það hefur verið sett á fót nefnd til þess að leita bjargráða fyrir þann hluta bátaflotans, sem er undir 120 tonnum, sem raunar er meiri hl. bátaútvegsins. Togararnir hafa ekki rekstrargrundvöll. Aðeins stærstu síldarbátarnir ganga sæmilega, margir kannske allvel. En áframhaldandi verðbólga mun einnig kippa grundvellinum undan starfsemi þeirra, ef áfram heldur sem horfir í þessum efnum. Þetta er í rauninni ekki önnur saga en segja má bæði frá iðnaðinum og frá landbúnaðinum og öðrum atvinnugreinum þjóðarinnar. Ég skal ekki eyða tíma í að rekja þá sögu mjög mikið. Við vitum, að það hafa verið miklar umr. um það nú undanfarna daga og vikur, og við vitum, hvernig verðbólgan hefur kippt grundvellinum undan samkeppnishæfni íslenzks iðnaðar, ekki bara á erlendum mörkuðum, heldur einnig á innlendum, og við vitum, hvernig verðbólgan hefur farið með útflutningsbótakerfi landbúnaðarins.

Þessi málefni verða ekki löguð fyrir sjávarútveginn eða einstakar greinar hans með tilfærslu á útflutningsgjöldum fremur en verðbólgan verður hamin með því að hringla með vextina frá ári til árs. Aðeins raunhæfar ráðstafanir til þess að hafa hemil á dýrtíðinni geta hér þokað nokkru. En til slíkra ráðstafana hefur ríkisstj. verið ófáanleg. Fulltrúar samtaka útvegsmanna og sjómanna mættu á fundi sjútvn. til viðræðna við hana um þetta frv. Af hálfu Landssambands ísl. útvegsmanna mættu þar framkvæmdastjóri Landssambandsins og erindreki þess og lýstu yfir því, að stjórn Landssambandsins hefði lýst sig samþykka frv. og að efni fiskverðssamkomulagsins frá því í janúarbyrjun hafi verið rætt á fundum útvegsmanna víðs vegar um land, án þess að andmæli hafi borizt þaðan gegn því atriði samkomulagsins, sem þetta frv. fjallar um. Þar mættu einnig fulltrúar frá samtökum sjómanna, formaður Sjómannasambands Íslands, Jón Sigurðsson, fulltrúi Alþýðusambands Íslands í verðlagsráðinu, Tryggvi Helgason, og fulltrúi frá stjórn Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, Guðmundur Oddsson. Þeir skýrðu frá því, að andmæli gegn frv. lægju ekki fyrir frá samtökum þeirra, og formaður Sjómannasambandsins lýsti því enn fremur yfir, að meðal sjómanna mundi vera viðtækur skilningur á nauðsyn þessa máls, eins og ég trúi að hann muni hafa orðað það, og hann ætti ekki von á andúð af þeirra hálfu á þessu máli.

Þó að við höfum ýmislegt við frv. þetta að athuga, eins og ég hef gert grein fyrir, munum við að svo vöxnu máli, — þegar forustumenn í samtökum þeirra stétta, sem hér eiga mestan hlut að máli, hafa þessa afstöðu til þess, — ekki sjá ástæðu til þess, hv. 3. þm. Norðurl. v., og ég, að leggja til, að lagzt verði gegn framgangi þessa frv. En við munum ekki heldur ljá því stuðning okkar. Okkur þykir raunar fara vel á því, að þeir, sem ábyrgð bera á efnahagsþróuninni undanfarin ár og mánuði, standi að þeim kákaðgerðum, sem þeir telja að gera þurfi til þess að firra vandræðum í bili, eins og hæstv. forsrh. orðaði það fyrir tveimur árum. Við munum hins vegar halda áfram viðleitni okkar hér á hv. Alþ. til þess að skapa grundvöll fyrir raunhæfum aðgerðum, að tekin verði upp ný og heilbrigðari stefna í efnahagsmálum.

Björn Jónsson: Herra forseti. Ég mun nú ekki lengja mikið þessar umr., enda hefur hv. flokksbróðir minn, 5. þm. Reykn., gert málinu sérstaklega góð skil í ýtarlegum ræðum, ekki sízt við 1. umr. málsins. Og það er í raun og veru athyglisvert, að í ræðum hans hafa raunverulega komið fram þær einu tölulegu upplýsingar, sem eitthvað er á að byggja í sambandi við þetta mál. Þær hafa ekki komið frá hæstv. sjútvmrh., og þær hafa ekki heldur komið frá hv. frsm. meiri hl. fjhn., sem forðaðist eins og heitan eld að ræða hin raunverulegu efnisatriði þessa máls, og var í raun og veru engu líkara en hann hefði ekki hugmynd um, um hvað frv. væri. En í sambandi við ræðu hans datt mér í hug, að það gegndi furðu, að útgerðarmaður Skagabáta teldi nú útgerð síldarskipanna í landinu vera sérstaklega aflögufæra. Og það

væri a. m. k. með ólíkindum, að ræðan hefði verið samin á skrifstofu Heimaskaga, — eða er það ekki það fyrirtæki, sem hv. þm. veitir forstöðu?

Það er auðvitað sannast mála, að það eru þrjú atriði í sambandi við þetta frv., sem maður hlýtur sérstaklega að staldra við og maður verður í raun og veru að fá svör við til þess að geta gert sér grein fyrir því, hvort hér eru á ferðinni ráðstafanir, sem talizt geta réttmætar. Og það er í fyrsta lagi, eins og hér hefur verið komið inn á: Er brýn þörf á þessu fyrir þann atvinnurekstur, sem á að njóta þeirrar skattlagningar, sem hér er á ferðinni? Er sá, sem skattleggja á, aflögufær, og er brýn nauðsyn á þeirri fjárheimtu, sem hér er um að ræða? Ég vil segja, að tvö fyrri atriðin hafa verið rædd hér nokkuð og sérstaklega af hv. 5. þm. Reykn., og ég hef ekki heyrt, að hans skoðunum um þessi efni hafi verið hnekkt á nokkurn hátt. Það liggur fyrir, m. a. í þeim gögnum, sem hv. sjútvn. mun hafa fengið í hendur, að gróði hefur orðið verulegur á frystihúsunum í landinu á tveimur s. l. árum, mjög verulegur gróði. Og það liggur líka fyrir, að verðákvörðunin er tekin út frá þeirri forsendu, að engar verðhækkanir verði nú á þessu ári, enda þótt reynslan hafi verið sú, að verðhækkanir hafi verið frá 4% og upp í 13% á ári. En til þess að standa undir 4% verðhækkun á hráefnisverðinu mun ekki þurfa nema tæpa 2% hækkun á útflutningsverðinu, þannig að mér sýnist það algerlega óhrakið, sem hv. 5. þm. Reykn. hélt fram, að það liggja engar sannanir fyrir um það, að ef frystiiðnaðurinn í landinu, fiskvinnslan í landinu er tekin almennt og tekin sem eitt dæmi og eitt fyrirtæki, sé heildarútkoman þannig, að það sé nokkurt tilefni til þess, að slík skattlagning fari fram. Það auðvitað segir hins vegar ekki, að einstök frystihús eigi ekki í vök að verjast á þeim verðbólgutímum, sem við nú lifum. En það má auðvitað nákvæmlega á sama hátt segja um þann hluta útvegsins, sem á að skattleggja, að þar er verulegur hluti langt fyrir neðan það, að hann sé á nokkurn hátt aflögufær. Að vísu verður það að segjast um millistærðina af bátum, en þeim mundi t. d. hv. frsm. meiri hl. sjútvn. vera kunnugastur, bátunum, sem eru kringum 90 tonn, að þeir stunda nokkurn veginn jöfnum höndum síldveiðar á sumarvertíð og bolfiskveiðar að vetrinum, og það kann vel að vera, að það sé ekki mikið á mununum, það sem tekið er og það sem látið er aftur af hendi. Það er gamla þjóðráðið að skera rófuna af hundinum og stinga henni upp í hann, og það er sennilega það, sem hann átti við, þegar hann sagði, að í þessu frv. birtist langþráð takmark, sem útvegsmannastéttin hefði barizt fyrir í fjöldamörg ár. En það er alveg greinilegt hins vegar, að það hallar á stóru skipin. Það eru þau raunverulega, sem eiga að borga, dýrustu tækin, sem við eigum núna í útveginum. Og það væri vissulega gott að fá um það gleggri upplýsingar en hér hafa komið fram og hv. n. hlýtur að hafa kynnt sér, hversu aflögufær þessi skip eru miðað við það, hvað þau kosta núna. Þau eru flest ný. Þau kosta flest kringum 20 millj. eða þar yfir. Hvað mikið þurfa þau að fiska, og eru þeir, sem standa fyrir þessu frv., bærir um að færa fram einhver líkindi fyrir því, að það sé tryggt, að þau afli það nú á næsta ári? Hér er auðvitað um bráðabirgðaúrræði að ræða, eins og öll önnur úrræði í sambandi við okkar efnahagsmál, meðan það ástand varir, sem nú ríkir. Það getur ekki verið um að ræða nein úrræði nema bráðabirgðaúrræði, og ég er algerlega sammála hv. síðasta ræðumanni um það, að hér getur ekki verið um að ræða, hvort sem farið væri að þessu nákvæmlega eins og hér er að staðið eða kannske með einhverjum öðrum hætti, nema algera skóbótaviðgerð, alger bráðabirgðaúrræði, sem ekki er ætlað að standa nema árið. Og við það hljótum við, sem erum andstæðir þessu frv., líka að miða okkar rök. Hvað sem um má segja útlitið almennt í okkar útvegsmálum, — það er vissulega ekkert bjart, ef verðbólgan heldur áfram sinni þeysireið í okkar efnahagslífi, — er sem betur fer ástandið ekki enn í dag þannig, að það sé tilefni til þeirra aðgerða, sem hér er um að ræða.

En það var í raun og veru þriðja spurningin, sem ég ætlaði sérstaklega að gera hér að umtalsefni, og í raun og veru var þar frekar um að ræða fsp. til hæstv. sjútvmrh. heldur en miklar hugleiðingar frá eigin brjósti, af því að það atriði málsins hefur ekki komið raunverulega fram í þessum umr. Hversu brýn þörf er á allri þeirri fjáröflun, sem hér er um að ræða? Það liggur fyrir, að um það bil ¾ hlutar af þeirri skattheimtu, sem hér er framkvæmd í sambandi við útflutningsgjöldin, rennur til tryggingastarfsemi sjávarútvegsins, til þess að greiða tryggingar fyrir fiskiskipin. Ég held, að það sé álit flestra, sem eitthvert skyn bera á tryggingamál, að sá háttur, sem á okkar tryggingamálum hefur verið hafður, hafi verið í alla staði mjög óheppilegur og hafi verið ein höfuðástæðan fyrir því, að tryggingar á okkar fiskiskipum, í okkar útgerð eru dýrari en nokkurs staðar annars staðar og jafnvel svo, að þær hafa a. m. k. sum undanfarin ár verið allt að 100% dýrari en í Noregi, þar sem um algerlega sambærileg áhættuskilyrði er að ræða. Það var einmitt af þessum ástæðum, að hingað var fyrir nokkrum árum fenginn norskur sérfræðingur, Gerhardsen að nafni, til þess að gera ýmsar athuganir á okkar sjávarútvegi og alveg sérstaklega í sambandi við tryggingamálin. Og hann samdi mjög ýtarlega og mikla álitsgerð, sem var lögð fyrir þm. og þeim er áreiðanlega að meira eða minna leyti kunnug, þótt hún sé nokkuð komin til ára sinna. Hann gerði m. a. till. um gerbreytingar á okkar tryggingakerfi og taldi, að ef að till. hans væri farið, væri hægt að lækka tryggingarnar stórkostlega, jafnvel um helming í sumum greinum. Ég ætla ekki að rekja till. hans nákvæmlega, en eitt af því, sem hann lagði mikla áherzlu á, var það, að tryggingastarfseminni yrði þannig fyrir komið, að ábyrgðin yrði meiri á smærri einingum, en það væri hættulegt fyrir alla tryggingastarfsemina að skella allri áhættunni saman í eina stóra heild, vegna þess að það skapaði á margan hátt ábyrgðarleysi og gerði tryggingarnar miklu dýrari en þær þyrftu að vera. Ég vil þess vegna draga það mjög í efa, að sá háttur, sem nú er á

tryggingunum, sé í því horfi, að hér sé í raun og veru um að ræða nauðsynlega fjárheimtu. Ég held þvert á móti, að ef væri undinn að því bugur að breyta tryggingakerfinu og færa það í eðlilegra horf, gera þá, sem tryggja, ábyrgari en þeir eru og láta þá greiða tryggingarnar að einhverju leyti beint úr eigin vasa, væri hér hægt að spara stórkostlegar upphæðir og þannig hægt að lækka útflutningsgjöldin einhliða, án þess að taka úr einum staðnum og láta í hinn.

Ég tel ástæðu með tilliti til þess, sem ég hef nú sagt, til þess að spyrja hæstv. sjútvmrh., þegar hér er verið að leggja til nýja og aukna skattheimtu á einn ótryggasta atvinnuveg okkar, sem engar sannanir eru fyrir að sé á nokkurn hátt aflögufær, þá sé ég ástæðu til að spyrja: Hvað líður endurskoðun á tryggingamálum sjávarútvegsins? Er það eitthvað í gangi, eða eru þær skynsamlegu till., sem hafa komið fram í þeim efnum, m. a. frá Gerhardsen hinum norska, allar rykfallnar í skúffum í stjórnarráðinu? Er ekkert verið að vinna í þessum málum? Er ekkert verið að athuga um það, hvort við getum lækkað hæstu útflutningsgjöld, sem þekkjast hjá nokkurri fiskveiðiþjóð? Á engin breyting að verða á því?

Annar hluti af því fé, sem heimt er af útflutningsgjöldunum, sem er stór, er svo hlutinn til fiskveiðasjóðs, þ. e. a. s. nærri því ⅕ hluti, rúm 17%, að mig minnir. Ég tel, að það megi vel skoða það líka, hvort þessi skattheimta, sem þangað fer, er nauðsynleg fyrir þjóðarbúskapinn og nauðsynleg fyrir sjávarútveginn. Það er vitað, að eigin aflafé fiskveiðasjóðs, bara af arði af eigin fé, nemur stórkostlegum upphæðum. Ég hef ekki þær tölur nákvæmlega, en ég hygg, að það fari ekki fjarri, að það séu 80—90 millj. á ári, sem sjóðurinn hefur í tekjur af eigin fé, án þess að nokkur skattlagning fari fram á útveginn. Ég tel það a. m. k. vera mál, sem vel ber að athuga, hvort þessi sjálfkrafa fjármagnsmyndun, sem fram fer hjá fiskveiðasjóði, að viðbættum ráðstöfunum, sem hlyti að vera hægt að gera til þess, að uppbygging fiskiðnaðarins í landinu fengi eðlilegan hluta af sparifjármynduninni í landinu, nægði ekki, án þess að sjávarútvegurinn sé skattlagður um stórkostlegar upphæðir til þess að geta fengið þessar sömu upphæðir aftur lánaðar með okurvöxtum. Ég held, að það hljóti að vera mögulegt fyrir ríkisstj., sem tekur þriðjunginn af allri sparifjármynduninni í landinu í frystingu, þ.e.a.s. í sjóð, sem hún getur ráðstafað að eigin vild, að haga svo málum, að uppbygging sjávarútvegsins fengi eðlilegan hluta af þessari sparifjármyndun og þeirri fjármagnsmyndun, sem verður í landinu, en það þurfi ekki á þessu sviði að hafa þann hátt á að skattleggja menn um það fé, sem þeir eiga sjálfir að fá að láni. Þetta hefur að vísu verið á mörgum sviðum stefna hæstv. ríkisstj., en ég álít hana sérstaklega varhugaverða og endurskoðunarverða og hættulega gagnvart þeirri atvinnugrein í landinu, sem við eigum mest undir og raunverulega stendur á margan hátt verst, miðað við þá efnahagsstefnu, sem fylgt hefur verið. En það er eimitt þetta tvennt, sem er raunverulega grundvöllurinn undir útflutningsgjöldunum. Það eru annars vegar tryggingagjöldin, sem áreiðanlega mætti lækka stórkostlega og væri miklu eðlilegra, ef einhver tilfærsla á annað borð þarf að fara fram, að hún færi þannig fram að taka einhvern hluta af tryggingagjöldunum og láta útveginn beinlínis borga hana. Það er t. d. ljóst mál, að nýtízku síldveiðiskip þarf að borga í tryggingagjöld eða ríkið þarf að borga fyrir það í tryggingagjöld frá 800 þús. kr. til 1 millj. á ári. Ég tel þann hátt miklu eðlilegri og raunar miklu líklegri, til þess að fjármagnið komi að því gagni, sem til er ætlazt.

Ég vil taka það fram, að að svo komnu er hér meira um fsp. að ræða heldur en ég sé að setja fram ákveðnar till. En ég tel fullt tilefni til þess, að þessi mál séu hugleidd í fullri alvöru, bæði af hæstv. ríkisstj. og hv. Alþ., hvort ekki er unnt að lækka stórkostlega eða jafnvel afnema að langmestu leyti útflutningsgjöldin, án þess að nokkur skaði sé skeður.

Þá er það annað atriði, sem ég vildi aðeins minnast á og spyrja hæstv. sjútvmrh. um. Eins og kunnugt er og augljóst af frv., sem hér liggur fyrir, á Landssamband ísl. útvegsmanna að fá verulegar fjárhæðir af útflutningsgjöldunum. Hins vegar er mér kunnugt um, að krafa hefur komið um það frá sjómannasamtökunum, að þau fengju tilsvarandi upphæð til sinnar ráðstöfunar. Og ég verð að segja það, að þar sem útflutningsgjöldin eru tekin algerlega af óskiptu, þar af leiðandi jafnt af útvegsmönnum sem sjómönnum, eiga sjómennirnir vitanlega þarna fullkomlega siðferðislegan rétt á því að fá upphæð, sem stæði í eitthvað svipuðu hlutfalli og hlutur þeirra að afla á móti hlut útgerðarmannsins stendur. Ég sé ekki neitt, sem getur mælt á móti því, að slíkur háttur væri á hafður. Og mér þykir það ofurlitlu máli skipta í sambandi við þetta frv., hvort þessari réttlætiskröfu sjómanna verður sinnt eða hvort á að halda áfram að skattleggja báða jafnt, bæði sjómanninn og útgerðarmanninn, eingöngu til hagsbóta fyrir þau samtök, sem útgerðarmenn mynda og mæta sjómönnunum m. a. í átökum um kaup og um kjör og nota þetta fé m. a. til þess að standa þar betur að vígi.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Ég vil taka það fram strax í sambandi við þær umr., sem hér hafa farið fram, sem mér finnst að hafi kannske ekki nægjanlega gætt hjá hv. stjórnarandstæðingum a. m. k., að þetta frv., sem hér er um að ræða, er staðfesting á samkomulagi, sem yfirnefnd hefur gert, yfirnefnd í verðlagsráði sjávarútvegsins, og er flutt til staðfestingar á því, sem þar gerðist. Það var skýrt tekið fram af mér, þegar frv. var hér lagt fram fyrst, að svo væri, og ég tel ástæðu til þess með hliðsjón af þeim umr., sem þegar hafa farið fram, að undirstrika þetta enn einu sinni. Mér finnst hafa á því borið í ræðum hv. stjórnarandstæðinga, að þetta væri frv., sem ríkisstj. hefði smíðað eiginlega ótilkvödd, og þeir hafi efazt, eins og ég skal víkja að hér síðar, um nauðsyn á einstökum atriðum þessa frv. Þetta tel ég ástæðu til að undirstrika sérstaklega að gefnu tilefni.

Þegar frá eru teknar umr. um almenn efna-

hagsmál, sem einnig komu hér allverulega á dagskrá við 1. umr. málsins, verður að telja, að mörg þeirra atriða, ef frá eru teknar beinar spurningar, sé ekki þörf á að ræða öllu nánar. Þau eru þegar útrædd við 1. umr. málsins, og ekki þörf á málalengingum um þau atriði nú. Örfáum atriðum umfram þær beinu fsp., sem komu fram hjá hv. síðasta ræðumanni, vildi ég þó víkja að. Það var ekki talin þörf á því af hv. 5. þm. Reykn., eða a. m. k. taldi hann varhugavert að færa á milli þær fjárhæðir, sem frv. gerir ráð fyrir. Ég verð nú að segja, að þó að hv. 6. þm. Sunnl. teldi það einhverja nýtízkulega jafnaðarstefnu af minni hálfu, að þessar tilfærslur ættu sér stað, sem enn fremur undirstrikar það, að menn virðast ekki gera sér það ljóst, að þetta er ekki frv., sem smíðað er án gefins tilefnis, þess samkomulags, sem ég hef þegar getið um. Það hefur aldrei verið neitt bannorð í röðum jafnaðarmanna, að það væri fært frá þeim, sem taldir væru þess megnugir að bera byrðar, og það er sú niðurstaða, sem yfirnefndin hefur komizt hér að og er staðfest af flutningi þessa frv. Ég er kannske ekki eins lærður í sósíalisma og hv. 6. þm. Sunnl., en ég hef ekki rekizt á það, að slíkar tilfærslur gengju gegn þeirri stefnu, sem þar er boðuð, en má þó vera, að hann hafi betur numið þau fræði en ég.

Ekkert liggur á, sagði hv. 6. þm. Sunnl., að ákveða þetta nú. Það er alveg nóg að tala um þetta í sambandi við síldarverðið í vor. — Ef þær tilfærslur, sem hér er gert ráð fyrir, eiga að gefa þær tekjur, sem ráðgerðar eru, er af öllum talið nauðsynlegt, að öll ákvæði frv. taki gildi í senn, enda á sama hátt hægt að segja alveg gagnstætt: Það er óþarfi að fresta þessari ákvörðun til vors. Það er þegar ljóst, að þeirra tekna, sem þarna er um að ræða, er þörf, fullkomin þörf að óbreyttum öðrum ákvæðum, sem til tekna gætu komið. Það kemur svo ný ákvörðun um síldarverðið fyrir næstu síldarvertíð, ef það verður tekið upp, svo sem lög mæla fyrir, á sínum tíma. Ég á dálítið erfitt með, þegar ég les nál. hv. 2. minni hl. sjútvn. og hlusta á ræður því nál. til stuðnings, að átta mig á, hver raunveruleg afstaða hv. framsóknarmanna er. Af nál. og ræðuflutningi verður ekki önnur ályktun dregin en þeir séu frv. andvígir. Þó er niðurstaðan í báðum tilfellum sú, að þeir vilji ekki taka afstöðu til þessa þáttar málsins eins út af fyrir sig, þeir telji, eins og hv. 6. þm. Sunnl. sagði, að hér yrði, ef ætti að vera um raunhæfar úrbætur að ræða, að taka öll efnahagsmál þjóðarinnar til endurskoðunar, það hygg ég að sé ekki ranglega með farið. En til þessa þáttar eru hv. framsóknarmenn ekki reiðubúnir að taka afstöðu, og ég hygg, að það sé meðfram vegna þess, að undir athugun n. hafi þeir aðilar, sem þeir kannske meta meira en stjórnarstuðningsmenn í hv. þd., sannfært þá um það, að nauðsyn væri á þeim ráðstöfunum, sem frv. felur í sér. Ég hefði álitið, — það er mitt mat bæði á nál. og ræðum hv. stjórnarandstæðinga, sér í lagi hv. 6. þm. Sunnl., — að eðlileg niðurstaða af þeim inngangi, sem í báðum tilfellum var fluttur, væri sú að vera andvígur frv. En það er ekki. Og ástæðurnar til þess, að þeir vilja ekki taka afstöðu til málsins, virðist vera þær upplýsingar, sem þeim hafa borizt undir meðferð málsins í þn.

Ég skal svo víkja, að svo miklu leyti sem þess er kostur hér óundirbúið í ræðustól, að spurningum hv. 4. þm. Norðurl. e. Hann dregur í efa á sama hátt og aðrir hv. stjórnarandstæðingar, að nauðsyn sé á þeim gjöldum, sem yfirnefndin hefur einróma lagt til. Ég tel það einróma lagt til, þegar sú niðurstaða, sem þar var tekin, er samþ. með 4 shlj. atkv. og einn aðilinn, fulltrúi sjómanna þar, gerir þann fyrirvara einan, að hann telur n. sem slíka ekki vera til þess bæra að taka ákvörðun um þessa tilflutninga, sem fólust í niðurstöðum n. Þess vegna verður að álykta samkv. almennum fundarsköpum, að þessi ályktunarniðurstaða yfirn. hafi verið tekin einróma, þótt fyrirvari sé um þetta atriði, sem ég áðan nefndi. Hv. þm. dregur það í efa, að nauðsyn sé á tveimur veigamestu útgjaldaliðunum, sem hér er verið að afla fjár til, þ. e. a. s. tryggingagjöldunum annars vegar og gjöldunum til útflutningssjóðs hins vegar. Varðandi fiskveiðasjóðinn vildi ég aðeins segja það, að í öllum umr. um þann sjóð, þá ágætu stofnun, hefur verið yfir því kvartað, að lánsfjárgeta hans væri ekki sú, sem hún ætti að vera, hann þyrfti á meira fé að halda, þyrfti að lána til lengri tíma og lána stærra hlutfall en hann gerir í dag. Um fjárskortinn þar eða fjárvöntunina verður því varla efazt, miðað við a. m. k. þá þróun síðustu ára og þann öra innflutning fiskiskipa, sem orðið hefur á þeim árum. Ég held, að þar liggi ekki fé, sem ekki er notað.

Varðandi tryggingamálin er það öllu viðfeðmara og stærra mál, og sjálfsagt má þar endurbæta nokkuð um. Svo sem kunnugt er, voru nokkuð fljótlega, eftir að þetta Alþ. hófst, lögð fram tvö frv. af hálfu ríkisstj., sem miðuðu í þá átt annars vegar að auka ábyrgð útgerðarmanna á skipum af ákveðinni stærð og hins vegar að afla nýrra tekna til tryggingamálanna. Þetta frv. var flutt samkv. beiðni Landssambands ísl. útvegsmanna á sínum tíma og í anda þeirrar ályktunar, sem þá var gerð. Eftir að þessi frv. hins vegar komu hér fram út úr þessari endurskoðun, voru og eru efasemdir í hópi útgerðarmanna um, að sú stefna, sem þar er mörkuð, sé til lausnar þessum vanda. Það er því sýnilegt, að frekari athugun þessara mála verður að fara fram, og mér skilst, að það hafi m. a. falizt í þessum aðvörunarorðum hv. þm., að framhald á þeirri endurskoðun, sem áður hafði verið gerð, sé nauðsynleg, og ég er honum sammála um það.

Varðandi síðasta atriðið í ræðu hv. þm., þar sem hann minntist á kröfu sjómannasamtakanna og Farmannasambandsins um að fá gjald af þessum útflutningstekjum til samræmis við það gjald eða þau fjárframlög, sem gert er ráð fyrir að fari til L. Í. Ú., hlýtur það að stafa af því, að hann hafi ekki verið viðstaddur, þegar ég flutti framsöguræðu mína fyrir málinu, en meginhluti þeirrar ræðu fór í að útskýra einmitt þetta atriði málsins. Ég skýrði þar frá því, að þessar óskir hefðu verið uppi og komið formlega fram fljótlega eftir áramótin, en þá hafði verið gengið frá þessu samkomulagi, sem hér er nú verið að staðfesta með þessu frv. Og þó að

ekki sé dregið í efa réttmæti þessara óska, er talið, að innkoma þess gjalds í þetta frv., sem þar um ræðir, geti raskað og raski óhjákvæmilega því samkomulagi, sem þarna var gert, og það þyrfti þá endurskoðunar í heild. Það er vitað að sjálfsögðu, sem við var að búast, að andstaða er við þetta hjá ýmsum aðilum. En þar við bætist, að frá þessu samkomulagi eða frá niðurstöðum yfirn. hafði verið gengið, þegar þessar óskir endanlega komu fram, auk þess sem þar við bætist svo, að dálitlum erfiðleikum yrði bundið að skipta þessu réttlátlega niður á sjómenn í dag. Sannleikurinn er sá, að þeir eru nánast í þrennum samtökum, þ. e. a. s. Sjómannasambandi Íslands og auk þess í sérstökum sjómannadeildum í einstökum verkalýðsfélögum, og svo Farmanna- og fiskimannasambandinu. Ég lagði því áherzlu á það í minni framsöguræðu og geri það hér með enn, að til þess að auðvelda framkvæmd þessa réttlætismáls, sem ég tel að það sé, þessara réttlætisóska sjómanna, er nauðsynlegt, að þeir reyndu að sameina sig betur í einhverju formi til þess að geta veitt þessu gjaldi viðtöku, næst þegar möguleikar gefast á að koma því inn á réttum tíma. Ég hef skýrt forustumönnum sjómannasamtakanna frá þessari afstöðu og eins frá því, að það er talið af aðilum, sem áttu aðild að samkomulaginu, að innkoma þessa ákvæðis nú væri brigð á gerðu samkomulagi, það sé ekki mögulegt að koma þessu inn, eins og á stendur. En ég tel það fullt sanngirnismál, að það verði tekið upp, um leið og málið í heild verður tekið upp að nýju, væntanlega á n. k. hausti.

Ég vil svo að lokum aðeins þakka n. fyrir ágætlega unnin störf og fyrir það að hafa orðið við óskum mínum um að hraða afgreiðslu málsins, sem hefur verið mjög vel staðið við.

Frsm. meiri hl. (Jón Árnason): Herra forseti. Eins og hæstv. sjútvmrh. vék að, hafa ræður stjórnarandstöðuþm. mest beinzt að því að ræða, eins og oft áður, efnahagsmálin almennt, kenna núv. ríkisstj. um það, hve ótraustum tökum hún taki þessi vandamál. Maður skyldi ætla, að þessir fulltrúar væru búnir að gleyma því, að þeir eru fulltrúar fyrir þingflokka, sem á sínum tíma gáfust upp við að glíma við þessi mál og leysa í mesta góðæri, sem þá átti sér stað með þjóðinni. Á árinu 1958 var metafli hjá togaraflotanum. Þá stóðu yfir karfaveiðarnar með þeim árangri, að þessi stóru skip, togararnir fylltu sig á 2—3 sólarhringum. Öll þessi framleiðsla var flutt til landsins og unnin í frystihúsum. Skapaði þetta mjög mikla atvinnu í landinu og góðæri bæði til lands og sjávar. Maður skyldi halda, eins og ég segi, að þessir fulltrúar stjórnarandstöðunnar væru búnir að gleyma því, að þeir gáfust upp við að stjórna landinu og ráða við verðbólguna á þessum tímum. Nú virðast þeir aftur á móti hafa ráð undir hverju rifi, þegar þeir ráða engu eða mjög takmörkuðu.

Það hefur verið nokkuð um það deilt í umr. um þetta mál, hver afstaða útgerðarmanna sé og einn ræðumaður efaðist um það, að ég hefði athugað þetta á skrifstofu þess félags, sem ég væri í þjónustu fyrir, og nefndi þó í því sambandi það félag, sem hefur aldrei átt neinn bát. En hvað sem því líður, er það upplýst í viðræðum, sem n. átti við fulltrúa frá Landssambandi ísl. útvegsmanna, að einróma var samþ. af stjórn þeirra samtaka að mæla með samþykkt þessa frv. Í stjórn Landssambands ísl. útvegsmanna eru fulltrúar fyrir útgerðarmenn og félagssamtök í öllum fjórðungum landsins, úti um allt land. Félagsmálafulltrúi samtakanna upplýsti einnig á þessum fundi, að eftir að þetta lá fyrir og samningar höfðu tekizt um hækkun fiskverðsins, m. a. með þessum breytingum á útflutningsgjaldinu, hefði hann farið til margra félaga og skýrt þeim frá þessum niðurstöðum. Það hefði hvergi komið fram andstaða gegn þessari breytingu, sem hér átti að eiga sér stað.

Ég tel, að það gegni furðu, hve lítið hefur verið minnzt á það af ræðumönnum, hvaða áhrif þessi breyting, burt séð frá öllu öðru, hefur á útflutningsframleiðsluna, þar sem um er að ræða magngjaldið á þær vörur, sem mikla vinnu þarf að leggja í og aukinn kostnað, sem hefur það í för með sér, að það stórhækkaði áður álögurnar á þær framleiðsluvörur og dró úr, eins og ég sagði í minni frumræðu, áhuga manna til að framleiða verðmeiri vörur, sem skapa þjóðarbúinu auknar tekjur fyrir jafnmikið magn. Ég álít, að í þessu sambandi sé þetta mál út af fyrir sig, að taka þá ákvörðun að miða álagninguna við magn í þeim tilfellum, sem unnt er að auka verðgildi útflutningsvörunnar, og það skipti hér miklu máli.

Þá hefur verið um það rætt og á það bent, að margir hinna minni báta og jafnvel þeir, sem eru í miðflokknum, hafi á undanförnum síldveiðiárum, eftir að stærri bátarnir voru farnir að veiða síld með góðum árangri, eins og átt hefur sér stað nú sérstaklega 2—3 síðustu árin, ekki náð betri árangri en svo, að þeir hafi orðið að gera upp við sjómenn sína með kauptryggingu og sækja bætur í aflatryggingasjóð. Ég benti á það í minni frumræðu, að þróunin væri einmitt í þá átt, að minni bátarnir heltast úr lestinni, vegna þess að þeir hafa ekki möguleika á því að stunda veiðarnar á djúpmiðum, fjarri ströndum, og það hlýtur að leiða að því, að þessi þróun verði meiri hvað snýr að síldveiðunum. Það er enginn vafi á því, og það vitum við, að þeir eru á engan hátt samkeppnisfærir við stærri bátana, þessir minni bátar, og ekki í mörgum tilfellum, sízt þegar komið er fram á haust, færir um að stunda þessar veiðar á þeim miðum, þar sem síldina er helzt að fá, fjarri ströndum eða í 100—200 mílna fjarlægð frá landinu. Það var rétt, sem hér kom fram í sambandi við þessa báta, að þeir stunda jöfnum höndum þorskveiðar og síldveiðar, og það má segja, að uppistaðan í þeirra aflabrögðum sé jafnvel miklu meiri í bolfiskveiðunum, vegna þess að þeir eru styttri tíma við síldveiðarnar. Þess vegna hlýtur það að koma vel út, a. m. k. fyrir þessa bátaflokka, að þessi breyting á sér stað, þó að þeir þurfi að láta 2% í aukið útflutningsgjald af síldveiðunum, en fá síðan 4% hækkun á verði við bolfiskveiðarnar.

Ég held, að það hafi verið hv. 6. þm. Sunnl., sem sagði, að þessar nýju álögur ættu ekki að koma niður á þeim, sem hefðu breiðu bökin, t. d. síldarverksmiðjunum, skildist mér, heldur ætti

þetta eingöngu að leggjast á útgerðina. Ég er ekki sammála því, að þetta þurfi að vera svo. Okkur er það vel kunnugt öllum, að afkoma síldarverksmiðjanna hefur verið mjög góð, og ég er sannfærður um það, að þær hefðu getað með tilliti til þess mikla aflamagns, sem borizt hefur í verksmiðjurnar, greitt meira en þær hafa greitt. Og ég er ekki kominn til með að sjá, þegar gengið verður frá verðáætlun á síldarverði næst, að það verði ekki eitthvað tekið tillit til þess að deila þessum kostnaði á milli útgerðarmanna, sjómanna og síldarverksmiðjanna, sem ættu vissulega að geta tekið sinn þátt í þeim auknu gjöldum, sem hér eiga sér stað, enda kom það fyllilega fram sem álit hjá formanni yfirn., þegar hann var spurður um þetta á fundi n., að hann var ekki á því máli, að þetta ætti allt að lenda á útgerðinni eða sjómönnum.

Þá hefur verið á það minnzt, að það mætti jafnvel spara í einstökum útgjaldaliðum, og þess vegna hefði ekki þurft að koma til þessi álagning varðandi útflutningsgjaldið. M. a. var talað um tryggingarnar og talað um, í hvaða ófremdarástandi þær væru hér hjá okkur Íslendingum. Hvort sem þau eru það eða ekki, tryggingarmálin, hefur þessi aðferð, sem viðhöfð hefur verið um tryggingarnar, að taka hluta af útflutningsgjaldi, sem lagt er á sjávarafurðirnar, þá hefur það verið gert eftir eindreginni ósk allra útgerðarmanna. Aftur er ég ekki sammála hv. þm., sem taldi, að gjöldin hjá okkur í sambandi við tryggingarnar væru miklum mun hærri en annars staðar, þegar það mál er skoðað niður í kjölinn. Það kom í ljós við þær fullyrðingar, sem hafðar voru á sínum tíma um þessi óhagstæðu kjör, sem talið var að væru hér á tryggingunum, að þegar það var borið saman við tryggingar í Noregi, var hér um allt aðrar tryggingar að ræða. Og úr því að farið er að tala um tryggingarnar í þessu sambandi, má minna á það sérstaklega, að fiskiskipaflotinn okkar nýtur ekki sömu trygginga. Minni bátarnir fá ekki eins mikið tryggt og stærri bátarnir, og þess vegna væri ekkert óeðlilegt, þó að stærri bátarnir greiddu nokkuð meira til útflutningssjóðsins heldur en smærri bátarnir. Stærri bátarnir, sem eru yfir 100 tonn og hafa frjálsa tryggingu, tryggja bæði skip og vél. Ef eitthvað bilar í vélinni, eru þeir tryggðir fyrir því. Og fyrir þessu hafa útgerðarmenn fyrir alla muni viljað geta tryggt sig, því að við vitum það, að ef stór stykki brotna í verðmiklum, stórum og dýrum vélum, getur það verið þungt áfall fyrir viðkomandi útgerðarmann að eiga að bæta það úr eigin sjóði. Og það hefur verið aðstaða hjá tryggingafélögunum til þess að geta bætt þessi tjón, og mér er ekki kunnugt um, að það sé skoðun útgerðarmanna, að þeir eigi að hætta við þessar tryggingar. Ég veit, að með því að sleppa ýmsu úr þeim skilmálum, sem tryggingafélögin veita útgerðinni í dag, er hægt að færa þetta verulega niður, og eftir því, sem útgerðarmaðurinn tryggir minna, því minna kemur í hlut tryggingafélagsins að greiða, og þá segir sig sjálft, að það er auðvelt að lækka tryggingarprósentuna.

Annað var það, sem hv. ræðumaður vék að, hvort ekki mundi vera hægt að draga úr framlaginu til fiskveiðasjóðs. Í því sambandi nefndi hann tölur. Hann byrjaði ræðu sína með að ásaka mig fyrir, hvað ég hefði farið með lítið af tölum í minni ræðu í sambandi við framsögu þessa máls. Ég held, að það hefði verið betra fyrir hann að fara með minni tölur, en hafa þær réttar, heldur en nefna þær tölur, sem hann gerði hér í sambandi við fiskveiðasjóðinn. Hann fullyrti hér, að hann hefði tekjur af eigin fé um 90 millj. kr. á ári. Ég held, að þar muni um helming. Ég held, að samkv. þeim upplýsingum, sem fyrir liggja 1964, hafi tekjur fiskveiðasjóðs af eigin fé verið 45 millj., svo að það er ekki alltaf, að það skipti öllu máli að nefna einhverjar tölur til þess að sanna sitt mál. Það skiptir meira máli, að það sé farið rétt með þær tölur, sem nefndar eru.

Annars vil ég segja það í sambandi við fiskveiðasjóðinn, og það held ég, að öllum útgerðarmönnum sé ljóst, að sú uppbygging, sem átt hefur sér stað í sambandi við fiskiskipaflota landsmanna á undanförnum árum, hefði ekki getað átt sér stað og sú öra þróun, sem hefur verið byggð upp í landinu varðandi þennan atvinnuveg, ef fiskveiðasjóðurinn hefði ekki verið þess megnugur að veita þá aðstoð, sem hann hefur gert, ekki sízt vegna þess framlags, sem hann hefur notið á þennan hátt.

Ég held svo, að það sé ekki fleira, sem hefur gefið mér tilefni til þess að svara í sambandi við þær umr., sem hér hafa farið fram varðandi þetta mál, og læt ég því máli mínu lokið.

Björn Jónsson: *Herra forseti.* Ég verð að byrja á því, að biðja hv. síðasta ræðumann afsökunar á því, að ég kunni ekki rétt skil á nöfnunum á þeim fyrirtækjum, sem hann hefur með að gera, en fyrir tilviljun í gegnum mitt starf hef ég haft ofurlítil kynni af því, a. m. k. sum árin, hversu góð afkoman hefur verið hjá þeim síldarskipum, sem hann hefur gert út, hversu aflögufær þau mundu hafa verið til þess að greiða nýjar álögur. En það getur nú tæplega heyrt undir aðalatriði í þessu máli.

Hv. þm. virðist vera enn á því, að aðalatriðið í sambandi við þetta frv. sé það, að nú sé breytt í magngjald í staðinn fyrir gjald af verðmæti, en sleppir alveg að ræða um það, að eitt aðalatriðið í frv. er að færa öll gjöldin, sem renna til fiskveiðasjóðs, yfir á síldveiðiskipin, en það er vitanlega eitt höfuðatriðið í þessu frv. og orsakar meginið af þeirri tilfærslu, sem hér er um að ræða.

Hv. þm. bar sig hér mjög vel yfir því, hvað allt gengi hér vel í viðreisninni og annar væri nú búskapurinn en þegar vinstri stjórnin hefði gefizt upp. En ég vildi í því sambandi spyrja hv. þm., hvenær það hefur skeð, að það hafi verið gripið til neyðarúrræða í sambandi við sjávarútveginn, og ég tel það frv., sem hér er um að ræða, hreint neyðarúrræði, þegar sú staðreynd liggur fyrir, að á einu ári hafa samanlagðar afurðir fiskiðnaðarins hækkað um aðrar eins upphæðir og nú hefur verið og þar að auki verið sett algert met í aflabrögðum. Eða var kannske um slíkar verðhækkanir að ræða á okkar afurðum um það leyti sem vinstri stjórnin fór frá, eins og nú eru? Og var um eitthvað

viðlíka sjávarafla að ræða þá, þar að auki, eins og nú? Ég held, að þótt ég ætli ekki að fara nánar út í viðskilnað vinstri stjórnarinnar, þá ætti þessi hv. þm. að hugleiða þótt ekki væri nema þessi atriði, áður en hann hefur um þetta svo stór orð sem hann hafði hér áðan.

Þá kvað hann miklar líkur á því, að það væri ekki aldeilis víst, að sjómennirnir eða síldarútgerðarmennirnir yrðu látnir borga þetta, það væri alveg eins víst, að verksmiðjurnar yrðu látnar borga þetta að hluta eða kannske að mestu leyti. Ég verð að segja það, að ég hef það fyrir mér, að ég hef kynnt mér, hvernig verðlagningin hefur farið fram á undanförnum árum, að auðvitað verða þessi úflutningsgjöld, eins og önnur sannanleg og óumflýjanleg útgjöld, sem útflutningsaðilinn verður að borga, viðurkennd í sambandi við verðkalkúlasjónina og tekin að fullu til greina í sambandi við ákvörðun á fiskverðinu. Allt annað er hreint fleipur, borið fram annaðhvort af fávizku eða gegn betri vitund. Þessi skattur getur hvergi lent annars staðar en á útgerðarmönnunum og sjómönnunum skv. lögum og samkvæmt öllum þeim reglum, sem hafa gilt á undanförnum árum og gilda enn. Það mundi þá þurfa að breyta lögum, til þess að svo mætti verða, að hægt yrði að koma einhverju af þessu gjaldi yfir á síldarverksmiðjurnar. En það er vitanlega hins vegar alveg rétt, að síldarverksmiðjurnar hafa a. m. k. síðustu 2—3 árin haft mjög góða afkomu og væru aflögufærar. Og það væri vitanlega miklu frambærilegra að byggja tilfærslu í sambandi við fiskiðnaðinn og útgerðina á því að láta þær borga, því að þær hafa sannanlega haft, a. m. k. samanlagt, mjög verulegan hagnað.

Hv. ræðumaður gerði hvort tveggja að láta á sér skilja, að allt væri í himnalagi með tryggingamálin hjá okkur og þar yrði naumast um bætt. Og um þann samanburð, sem hefði verið gerður, að mér skildist, af jafnágætum sérfræðingi og Gerhardsen hinum norska, sem hér var og ég hef ekki fyrr heyrt rengdar hans niðurstöður, er því haldið fram, að hann hafi farið með hreint fleipur og verið með algerlega ósambærilega hluti, þegar hann var að bera saman tryggingar hér og í Noregi. Ég hef ekki heyrt það fyrr, og það er vissulega nýlunda að finna mann, sem telur sig færan um að hrekja þær skoðanir, sem hann lét í ljós. En í öðru orðinu viðurkenndi hann þó, að það væri vitanlega hægt að lækka þessar prósentur, sem færu í tryggingarnar, ef ábyrgð viðkomandi yrði gerð svolítið meiri. Ég get ekki lesið út úr þessum ummælum hans annað en það, að ástæðan fyrir því, að við höfum svo háar tryggingar, hærri tryggingar en þekkjast í nokkurri sambærilegri áhættu í grannlöndum, er sú, að ábyrgð útgerðarmannanna, sérstaklega á stærri skipunum, er mjög lítil og þeir fá yfirleitt allt borgað í tryggingunum, sem hugsanlegt er að koma undir tryggingar, hvort sem er um handvömm eða annað að ræða.

Hæstv. sjútvmrh. kom inn á tryggingarnar og benti á þau frv., sem hér hafa verið lögð fram á Alþ. og ég tel ekki að geti valdið neinum straumhvörfum í þessum efnum. En þá er sá gallinn á gjöf Njarðar, að fyrst mæla útvegsmenn með því, og síðan mæla þeir á móti því. Skoðanir þeirra eru ekki fastmótaðri en þetta, að fyrst óska þeir eftir því, að borið sé fram frv., og síðan óska þeir eftir því, að það sé borið til baka. Ég sé ekki, hvað mikið sé gerandi með skoðanir þessara manna á tryggingamálunum. En hitt væri þá ástæða til að spyrja um: Hefur hæstv. ríkisstj. og hæstv. sjútvmrh. enga sjálfstæða skoðun á því, hvernig tryggingamálunum verði fyrir komið? Eða er hann að bíða eftir því, að útgerðarmennirnir leysi vandann sjálfir og komi loksins með gerbreytingu á tryggingalöggjöfinni eða frv. um það, sem þeir ekki fyrst biðja menn að flytja og svo að taka til baka? Ég held það sé mál til komið í sambandi við tryggingamálin, að hæstv. ríkisstj. gangist fyrir algerlega hlutlægu mati á því, hvernig þeim verður bezt komið fyrir. Ég er ekki að segja, að það sé ekki sjálfsagt að hlusta á Landssamband ísl. útvegsmanna og alla aðra, sem málið varðar, en að síðustu hlýtur það þó að vera hæstv. ríkisstj. og Alþ., sem skipa þessum málum, eftir því sem þessir aðilar telja hagkvæmast. Og það er vissulega ástæða til að spyrja: Hver er skoðun hæstv. sjútvmrh., hans ráðuneytis og ríkisstj. á þessum málum? Ég vil að vísu fagna því, að hæstv. ráðh. taldi, gagnstætt því, sem frsm. meiri hl. sjútvn. sagði a. m. k. í öðru orðinu, að allt væri í lagi, þá var að skilja á hæstv. ráðh., að hann teldi þetta þurfa a. m. k. frekari athugunar og rannsóknar við, hvort ekki mætti koma þessum málum betur fyrir. En það er vissulega orðið tímabært að auglýsa eftir skoðunum hans og hans ráðuneytis á þessum málum og þannig verði a. m. k. að því unnið, að hans ráðuneyti sé bært um að leggja á það sjálfstætt mat, hvort ekki er unnt, eins og ég sagði, að lækka útflutningsgjöldin verulega með því að lækka tryggingakostnaðinn.

Þá er það aðeins viðkomandi því, að það mætti ekki breyta neinu í þessu frv. og ekki heldur koma því inn í frv., að sjómannasamtökin fengju eitthvert hliðstætt fjármagn við útgerðarmenn í sambandi við samþykkt þessa frv., vegna þess að samkomulagið hefði byggzt á því, að þetta væri nákvæmlega svona og engan veginn öðruvísi. Ég vil nú í fyrsta lagi segja það, að hæstv. ráðh., yfirnefndin eða hæstv. ríkisstjórn hefur ekkert leyfi til að skuldbinda Alþ. á einn eða neinn hátt. Það er aðili, sem hlýtur að taka sínar ákvarðanir út frá málefnum og enginn þriðji aðili getur bundið á nokkurn hátt. Og strax af þeirri ástæðu vil ég mótmæla þessum ummælum hans. Hitt vil ég svo segja, að ef yfirnefndin hefur samið um það, hvernig ætti að verja útflutningsgjöldunum, þá hefur hún verið að fara út fyrir sitt verksvið. Þá hefur hún verið að semja um allt aðra hluti en þann eina hlut, sem hún á að semja um og á að ákveða, þ. e. sjálft verðið. En henni kemur ekkert við og getur ekki komið við, hvernig útflutningsgjöldunum er varið. Það er útilokað. Og hún getur hvorki samið þessa upphæð af sjómönnum né af öðrum, ef þeir eiga rétt til hennar. Og Alþ. er fullkomlega bært til þess að ákveða það, að ákveðinn hluti af útflutningsgjaldinu skuli renna til sjómannasamtakanna, alveg eins og

það er bært um að ákveða, hvað útvegsmenn eiga að fá. Ef hefur verið farið að semja um slíka hluti, hefur n. gengið út fyrir sitt verksvið og tvímælalaust brotið þau lög, sem hún á að vinna eftir.

Þá voru það loks ummælin, sem hæstv. ráðh. hafði um fyrirvara Tryggva Helgasonar í yfirnefndinni. Því miður hef ég þann fyrirvara ekki hér skriflegan fyrir framan mig, en hitt er mér kunnugt um, að a. m. k. munnlega gerði Tryggvi Helgason þann fyrirvara um sitt atkv., að hann teldi, að fiskiðnaðurinn væri, eins og á stæði, fullkomlega fær um að bera þá fiskverðshækkun, sem um var að ræða. Þess vegna greiddi hann atkv. með fiskverðshækkuninni, en ekki með þeirri tilfærsluaðferð, sem hér var á höfð. Þetta fer ekki á milli mála, að kom greinilega fram hjá Tryggva Helgasyni, þó að ég hafi ekki aðstöðu til að fullyrða, hvort það hafi verið í hans skriflega fyrirvara eða ekki. En hitt veit ég, að öllum, sem skipuðu yfirn., og einnig hæstv. sjútvmrh. var vel kunnugt um þessa skoðun Tryggva, sem hann hefur líka á öðrum vettvangi rökstutt fullkomlega.

Það var svo aðeins eitt atriði, sem ég átti eftir í sambandi við ræðu hv. frsm. meiri hl. Ég harma það að hafa ekki haft hér fyrir framan mig tölur um eigin aukningu fiskveiðasjóðs árlega, og það kann að hafa skakkað einhverju hjá mér. Ég er ekki svo stór í mér, að ég geti ekki vel viðurkennt það, að ég hafði ekki tölur og mig getur misminnt ekkert síður en aðra, og það má vel vera, að tölur hv. frsm. hafi verið réttari en mínar, ég skal ekkert segja um það. En fram hjá hinu gengu bæði þessi hv. ræðumaður og eins hæstv. sjútvmrh., að það hljóta auðvitað að vera til ýmsar aðrar leiðir til þess að tryggja fiskveiðunum og útveginum í landinu nægilegt uppbyggingarfjármagn heldur en taka það sem beinan skatt á framleiðsluna. Og ég benti hér á eina handhæga aðferð, sem hlýtur að vera fær, þ. e. a. s. að tryggja það, að t. d. fiskveiðasjóður fái árlega til útlána af frystingarfénu það mikinn hluta, að það nægi til eðlilegrar uppbyggingar í þessari atvinnugrein. Ég rengi það út af fyrir sig alls ekki, og enginn skyldi hafa skilið orð mín svo, að ég teldi, að fiskveiðasjóður hefði haft of mikið fjármagn til umráða. Ég tel aðeins, að það séu fullkomnir möguleikar á því að afla honum fjármagns með öðrum hætti en beinum skatti á útgerðina, og það hugsa ég, að fleiri geti orðið mér sammála um.

Frsm. 2. minni hl. (Helgi Bergs): Herra forseti. Þær ræður, sem hér hafa verið haldnar, síðan ég hafði framsögu fyrir nál. okkar 2. minni hl., gefa mér ekki tilefni til margra eða mikilla aths. Það stendur ómótmælt, sem var meginatriði í mínu máli, að sá vandi, sem hér er um að ræða, er þáttur í þeim vanda, sem óðaverðbólgan hefur skapað og skapar framleiðsluatvinnuvegunum öllum, aðeins í mismunandi mæli, og hér er um að ræða ráðstafanir, sem ekki leysa þann vanda til frambúðar.

Það kom fram hjá hæstv. sjútvmrh., að það væri hans mat á afstöðu okkar, að við mundum hafa sannfærzt í sjútvn. af þeim, sem við þar áttum viðræður við, um það, að þetta frv. væri bæði réttmætt og nauðsynlegt, og af því mundi afstaða okkar mótast. Þetta er að sjálfsögðu ekki rétt, því að ef það væri rétt, mundum við vera frv. fylgjandi. Við höfum bent á fjölmarga galla þessa frv. En hins vegar hefur það komið í ljós og kom einmitt í ljós við meðferð sjútvn. á málinu, að forustumenn þeirra stéttasamtaka, sem hér eiga mestan hlut að máli, eru þessum ráðstöfunum samþykkir — og væntanlega að okkar dómi vegna þess, að þeir hafa ekki neina trú á því, að hæstv. ríkisstj. taki þessi mál öðrum tökum. Við lítum hins vegar á þetta sem hreina bráðabirgðalausn, og þar sem þeir, sem þetta kemur mest við, eru því samþykkir, sjáum við ekki ástæðu til þess að beita okkur gegn málinu.

En hæstv. sjútvmrh. gaf mér í ræðu sinni tækifæri til þess að leiðrétta eina villu, sem ég gerði mig sekan um í fyrri ræðu minni. Það kom í ljós, að ég kunni slæm skil á jafnaðarstefnunni. Ég hafði kallað nýtízkulega jafnaðarstefnu hæstv. sjútvmrh. atriði, sem í frv. þessu eru fólgin og ég gagnrýndi. En hæstv. sjútvmrh. fullvissaði mig um það, að þau væru í fullu samræmi við jafnaðarstefnuna, eins og hún hefur alltaf verið. Þetta atriði, sem ég benti á og kallaði nýtízku jafnaðarstefnu, var það, að það er ekki verið að taka gróðann af þeim, sem bezt eru settir, heldur er verið að taka fé af síldarútgerðinni, sem hefur mjög misjafna afkomu, þ. á m. verið að taka fé af þeim, sem hafa ekki betri afkomu en það, að þeir sækja fé í atvinnutryggingasjóð og gera upp með kauptryggingu, og fá það öðrum atvinnugreinum, m. a. þeim, sem vitað er að hafa mjög góða afkomu. Ég skal ekki vefengja hæstv. sjútvmrh. um það, að þetta sé í samræmi við jafnaðarstefnuna, eins og hún hafi alltaf verið, ef hann vill heldur hafa það svo. Villa mín var fólgin í því, að ég hélt, að hún hefði áður verið skárri.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11:2 atkv.
Brtt. 258,1 samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 258,2 samþ. með 11 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 258,3 samþ. með 11 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
5. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 258,4 samþ. með 11 shlj. atkv.
6. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
7.—11. gr. samþ. með 11 shlj atkv.
Brtt. 258,5 samþ. með 11 shlj. atkv.
12. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11:2 atkv.

Á 42. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 263).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11:2 atkv. og afgr. til Nd.

Á 46. fundi í Nd., 25. febr., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar, og var frv. á þskj. 263 útbýtt á fundinum.
Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 29 shlj. atkv.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Hv. Ed. hefur afgr. frv. þetta. Þrátt fyrir ósamkomulag í n., er klofnaði í þrjá hluta, var málið afgr. þar á mjög skömmum tíma. Hv. sjútvn. Ed. undirbjó afgreiðslu málsins með þeim hætti að kalla til viðtals hlutaðeigandi aðila málsins, þ. e. yfirnefnd verðlagsráðs og þá aðila, sem þar eiga fulltrúa, að viðstöddum þm. úr sjútvn. þessarar hv. d. Niðurstaða þessara viðræðna kemur ljóslega fram í nál. og brtt. hinna þriggja nefndarhluta á þskj. 257, 258, 259 og 262.

Svo sem fram kemur af tilgreindum nál., eru einkum tvö atriði, er hv. stjórnarandstæðingar leggja áherzlu á, annars vegar fyrir andstöðu sinni við frv. og hins vegar fyrir hlutleysisafstöðu. Í fyrsta lagi, að mögulegt hafi verið að afgreiða þá 17% meðalverðhækkun á bolfiski, sem frv. gerir ráð fyrir, án millifærslu á útflutningsgjaldi af þorskafurðum yfir á síldarafurðir, m. a. með breyt. á viðmiðun úr verðmæti yfir í magngjald, svo sem frv. gerir ráð fyrir, sem gefa á um 4% af fiskverðshækkuninni, sem fyrr er nefnd, m. ö. o., að frystihúsin hefðu sjálf getað tekið á sig umrædda hækkun, a. m. k. að stærri hluta en þau gera. Þessari skoðun til stuðnings er vitnað í þá hækkun, sem orðið hefur á afurðaverði á s. l. árum. Ég hef í sambandi við þessa afstöðu reynt að afla mér frekari upplýsinga um gang mála í yfirn., en frv. þetta er nánast flutt til staðfestingar á niðurstöðum hennar, og þær upplýsingar eru í sem fæstum orðum þessar: Í fyrsta lagi, að það er rétt, að fram talinn nettóhagnaður frystihúsanna var 38 millj. kr. 1964 og áætlaður tæpar 74 millj. kr. 1965. Sú áætlun er hins vegar byggð á þeirri forsendu, að framleiðslumagn húsanna væri það sama 1965 og 1964, og er búizt við því, að heildarframleiðslumagnið sé svipað, en hins vegar liggja nú fyrir staðreyndir um, að allmikil víxlun var á verðmætasköpuninni milli hinna ýmsu fisktegunda. Það er enn fremur skoðun Efnahagsstofnunarinnar, að viðhalds- og endurbótakostnaður á árinu 1964 sé í hærra lagi, einkum hvað viðkemur Vestmannaeyjahúsunum, og sé þetta afleiðing af góðri afkomu þetta árið. Um raunverulegan viðhalds- og endurbótakostnað á árinu 1965 er hins vegar ekkert vitað, og ekki er hægt um það að fullyrða, hvað eðlilegur viðhaldskostnaður sé. Annars vegar eru raunverulegar niðurstöður skattaframtals og hins vegar áætlunartölur, sem ekki eiga að spegla raunverulega þróun, heldur þá þróun, sem orðið hefur á tilteknum, en jafnframt óraunhæfum forsendum, þ. e. a. s. framleiðsla hefur verið óbreytt.

Þá var á það bent í hv. efri deild, að meðalhækkun útflutningsverðs á árinu 1966, samanborið við 1965, verði 11% eða hátt í það eins mikil og hún var á milli áranna 1964 og 1965. Sú hækkun er alveg óvenjuleg, og ekkert áþreifanlegt liggur fyrir um, að vænta megi áframhaldandi verðhækkana á freðfiski á þessu ári umfram það, sem þegar er orðið, en það eru tæp 7%.

Það yfirlit um afkomu frystihúsanna, sem lagt var fram í yfirn. og gefur bezta yfirlitið, sem hægt er að gefa sem stendur um afkomu frystihúsanna, sýnir, að allar líkur eru til, að afkoma frystihúsanna geti versnað á árinu 1966 þrátt fyrir hagræðingarféð og tilfærsluna. Þetta er sú atvinnugrein, sem hefur verið og hlýtur að verða enn um sinn einn helzti vaxtarbroddurinn í íslenzku atvinnulífi og verður að fylgjast með örum tæknilegum nýjungum hjá öðrum þjóðum. Það eru því að sjálfsögðu brýnir hagsmunir sjómanna og útgerðarmanna og þá um leið þjóðarinnar allrar, að þessari atvinnugrein séu sköpuð skilyrði til framfara og endurbóta, og á hinn bóginn að skapa skilyrði fyrir hærra fiskverði og þar með hærri vinnulaunum. Þetta vildi ég að kæmi fram í sambandi við þær umr. og blaðaskrif, sem orðið hafa vegna afkomu frystihúsanna, og fullyrt er, að hafi verið lögð fram um það efni gögn í þeirri yfirnefnd, sem um málið fjallaði um áramót.

Í öðru lagi eru rökin fyrir hlutleysisafstöðunni aftur á móti þau, að hér sé aðeins með frv. þessu tjaldað til einnar nætur og því um algera bráðabráðabirgðalausn að ræða, sem ekki risti að rótum höfuðmeinsemdarinnar í íslenzkum sjávarútvegi, þ. e. verðbólgunni í landinu. En niðurstaða yfirn. um fjárhagslega getu fiskvinnslustöðvanna er í þessu tilfelli ekki vefengd, a. m. k. ekki þegar á heildina er litið. Með hliðsjón af þessum meginrökum er sú afstaða tekin að hindra ekki framgang frv.

Með þessum orðum hef ég reynt að leitast við að svara þeim rökum, sem gerð var tilraun til að leggja fram gegn frv. eða fyrir hjásetu við afgreiðslu þess af hv. stjórnarandstæðingum í Ed. En með tilliti til þessarar afstöðu hv. stjórnarandstæðinga vil ég leggja áherzlu á það, að frv. þetta er flutt til staðfestingar á því samkomulagi, er yfirn. náði hinn 6. jan. s. l. Það samkomulag var grundvallað á ýtarlegum rannsóknum um hag og heildarástand sjávarútvegsins, með þeim breytingum, er síðar áttu sér stað í samvinnu og samkomulagi við þá aðila, er fulltrúa áttu í yfirnefndinni. Ég mun síðar víkja að niðurstöðum nefndarinnar.

Hvað viðkemur umr. um almenn efnahagsmál þjóðarinnar, tel ég ekki rétt, a. m. k. ekki án frekara tilefnis, að efni þessa frv. verði inn í þær dregið. Því hefur þegar verið yfirlýst af forustumönnum hlutaðeigandi aðila, að þeir styðji megintilgang frv., þó að mér sé ljóst, að nokkur andstaða sé til í þeirra röðum, þ. e. a. s. sjómannanna, um atriði, sem ég skal einnig víkja að hér á eftir. En eining virðist vera um, að nauðsynlegt hafi verið að tryggja a. m. k. 17% meðalverðhækkun á bolfiski, og í sumum tilfellum er jafnvel vefengt, að það sé nógu hátt. Í nýlega afgreiddum fjárl. nú fyrir áramótin var ekki unnt að gera sér ljósa grein fyrir

möguleikum fiskvinnslustöðvanna til að bera þá hækkun fiskverðs, sem fiskseljendur gætu fallizt á. Á sama hátt var þá ekki sagt til um, hvort það opinbera þyrfti að brúa þarna bilið, og þá enn síður, að hve miklu leyti slík aðstoð væri nauðsynleg. Það er því ekki fyrr en allar hugsanlegar leiðir hafa verið ýtarlega kannaðar í samningaumleitunum í verðlagsráðinu og síðan í yfirn., að ríkisstj. tekur ákvarðanir um að beita sér fyrir lagasetningu um nauðsynleg atriði samkomulaginu til fullnægingar, svo sem fram kom í yfirlýsingu yfirn. frá 6. jan. s. l. Við afgreiðslu fjárl. var því ekki mögulegt að áætla gjöld eða tekjur þar á móti í þessu skyni. Að þessum orðum sögðum vil ég með örfáum orðum víkja frekar að efnishlið frv.

Eftir að sjútvmrn. hafði fyrir sitt leyti fallizt á að veita umbeðinn frest, lauk yfirn. störfum þann 6. jan. s. l., svo sem fyrr er frá greint, þar sem samþykkt var með shlj. atkv. till. oddamanns n., en einn fulltrúi, fulltrúi sjómanna, greiddi ekki atkv., en gerði sérstaka bókun, þar sem hann vefengdi m. a., að till. væru gerðar á réttum vettvangi, sem yfirn. gerði varðandi tilfærsluna á milli magn- og verðmætagjalds. En þessi till. oddamanns, eins og fyrr er frá greint, fól það aðalatriði í sér, að meðalverð á ferskfiski hækkaði um 17% frá fyrra ári. Verðhækkun þessi var grundvölluð á því skilyrði, að breyt. yrði gerð á útflutningsgjaldi, þannig að það miðist við krónuupphæð á magneiningu, en ekki einungis við verðmæti, og yrði yfir höfuð það sama á allar fiskafurðir. Innbyrðis er svo gjaldheimtunni sjálfri enn fremur breytt í nokkrum atriðum. T. d. skal gjaldið til fiskveiðasjóðs, jafnvirði þess framlags, sem greitt hefur verið til sjóðsins af þorskafurðum, framvegis vera gjald af síldarlýsi og síldarmjöli. Umræddar breytingar, sem nánar er frá skýrt í grg. frv., eru taldar leiða til nokkurrar hækkunar gjalds af síldarlýsi og síldarmjöli og lækkunar gjalds af þorskafurðum. En áætlað er, að gjaldið geti vegna þessara breytinga gefið, svo sem fyrr er sagt, sem næst 40 millj. kr., er svari til 4% fiskverðshækkunar.

Umræddar breytingar á fyrirkomulagi útflutningsgjalda eru að meginefni í samræmi við þær hugmyndir, er ræddar voru í yfirnefndinni. Um frávik þar frá hefur verið haft samráð við þá aðila, sem fulltrúa áttu í yfirnefnd. Ástæðan til breytinga, sem áttu sér stað, eftir að yfirnefndin lauk störfum, eru fyrst og fremst tæknilegs eðlis og varðandi sjálfa framkvæmdina. Í grg. frv. eru nákvæmlega skýrðar ástæðurnar til þeirrar breytingar, en meginástæðan er sú, að sá háttur, er á hefur verið hafður í þessu efni, var talinn geta leitt til minni áhuga fiskkaupenda á frekari vinnslu afurðanna, t. d. á framleiðslu fisks í neytendaumbúðir, en það verður að telja mjög óæskilega þróun. Niðurlagðar og niðursoðnar vörur hafa á undanförnum árum greitt 2% útflutningsgjald. Með hliðsjón af því, sem fyrr var sagt, er lagt til með þessu frv., að gjald þetta verði nú að fullu og öllu fellt niður. Ráðstöfun þessi ætti að létta nokkuð undir með umræddri starfsemi, sem mikil nauðsyn er á að eflist hér á landi.

Svo sem fram kemur í 3. gr. frv., er nú sem áður ætlað, að nokkur hluti útflutningsgjaldsins renni til starfsemi L. Í. Ú., eða 0.8%. Með tilvitnunum til þessa ákvæðis, sem á sínum tíma var upp tekið vegna sérstakra starfa, er L. Í. Ú. innti þá af hendi fyrir það opinbera, hafa samtök sjómanna, þ. e. Sjómannasamband Íslands og Farmanna- og fiskimannasambandið, eindregið óskað eftir að fá hliðstæða fjárhagsaðstoð af útflutningsgjaldi og færa fram þau rök, að gjald þetta verki til lækkunar á fiskverði, ekki síður til sjómanna en til útgerðarmanna, þar sem þeir eigi hvor um sig sinn hlut eða um helming aflans, þeir greiði með þessum hætti útflutningsgjaldið að sínum hluta. L. Í. Ú. telur hins vegar, að breyting á þessum hlutföllum nú væri nánast brigð á samkomulaginu um fiskverð, a. m. k. ef taka ætti nú af hluta þeirra og færa yfir til sjómannanna, þar sem þeir greiði í styrktar- og sjúkrasjóði sjómanna ásamt launaskatti og gjaldi til atvinnuleysistryggingasjóðs o. s. frv., eins og greint er frá í bréfi þeirra, og eigi þrátt fyrir fiskverðshækkunina í miklum fjárhagslegum erfiðleikum.

Ég tel rétt, að n. sú, sem þetta mál fær til umræðu, rannsaki þessar óskir svo ýtarlega sem mögulegt er, því að það er mín persónulega skoðun, að rökstuðningur sjómannanna fyrir þessari ósk sinni sé eðlilegur og ekki ósanngjarn og því eðlilegt, að það mál fái frekari athugun, hvort þarna er möguleiki til að brúa bilið með einhverjum hætti, því að mér er kunnugt um, að sú óánægja, sem með þetta frv. er í röðum farmanna og sjómanna, byggist fyrst og fremst á þessu atriði, en ekki á öðru efni frv.

Eftir að fyrrgreint samkomulag var gert í yfirnefnd verðlagsráðs, hafa saltfisksframleiðendur látið í ljós óánægju með, að þeim skuli ekki ætlað fé til endurbóta og framfara á verkunarstöðvum sínum eins og frystiiðnaðinum, og færa ýmis mikilvæg rök fyrir þessari skoðun sinni. Í forsendum yfirnefndarinnar er hins vegar gert ráð fyrir, að framlag til framleiðniaukningar verði greitt til sömu aðila og áður. Af framangreindum ástæðum er því ekki unnt að verða við þessum óskum nú. Á hinn bóginn munu umræður um þetta atriði fremur heyra til sérstöku frv. um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins, sem innan skamms tíma verður lagt fram hér á hv. Alþingi.

Um einstakar greinar frv. tel ég ekki þurfa að ræða, svo vel sem þær eru skýrðar í þeim athugasemdum, er frv. fylgja.

Ég vil að lokum leggja áherzlu á, að afgreiðslu þessa frv. verði hraðað svo sem kostur er hér í þessari hv. þd., þar sem allar áætlaðar tekjur frv. eru miðaðar við gildistöku 1. marz n. k.

Herra forseti. Ég legg til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. sjútvn.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Efni þessa frv., sem hér liggur fyrir, er í stuttu máli það, að lagt er til að hækka útflutningsgjald af síldarafurðum um 40 millj. kr. á ári og lækka jafnframt útflutningsgjald af frosnum fiski, skreið, saltfiski og nokkrum öðrum framleiðsluvörum sjávarútvegsins um sömu fjárhæð.

Yfirlýstur tilgangur með frv. er sá að leggja 40 millj. kr. nýjan skatt á bræðslusíldarafurðir og nota fé'ð til stuðnings frystihúsum og öðrum fiskkaupendum, til þess að þeir geti greitt það fiskverð, sem um var samið og auglýst var rétt upp úr áramótunum, eða m. ö. o. á að láta síldarútgerðina í landinu standa undir vissum vanda, sem fiskkaupendur eða þeir, sem kaupa þorsk og ýsu og annan slíkan fisk til verkunar, standa nú frammi fyrir. Aðrar breytingar, sem felast í þessu frv., eru svo minni háttar, að það skiptir litlu máli um þær að tala.

Það er eðlilegt, að vikið sé nokkrum orðum að aðdraganda þessa máls, hvernig það ber að.

Um síðastliðin áramót átti, eins og lög standa til, að ákveða fiskverð fyrir hið nýbyrjaða ár til bátaflotans, og það var auðvitað öllum ljóst, að það var ekki hægt að víkja sér undan því að þessu sinni að hækka fiskverðið allverulega með tilliti til allra þeirra verðbreytinga, sem yfir hafa gengið hér í landi að undanförnu. Og það varð niðurstaðan í yfirnefnd verðlagsráðsins, að um minni hækkun en 17% að meðaltali á nýjum fiski gæti ekki verið að ræða. Ég skal taka það strax fram í tilefni af því, sem hér kom fram hjá hæstv. sjútvmrh., að það er skoðun mín, að þessi hækkun hafi verið allt of lítil, hún sé í engu samræmi við aðrar þær verðhækkanir, sem yfir hafa gengið, og enn þá sé það þannig, að þeir, sem verða að byggja afkomu sína á beinum fiskveiðum, verði hér verulega aftur úr. Og þetta kemur líka mjög skýrt fram, ef borið er saman verðlag á fiski og verðlag á bæði þjónustu og öðrum afurðum á undanförnum árum. En niðurstaða yfirnefndar verðlagsráðs varð sem sé þessi, að það yrði ekki komizt hjá því að þessu sinni að hækka fiskverð að meðaltali um 17%. En þá sögðu fiskkaupendur eða fulltrúar þeirra, að eins og ástatt væri, gætu þeir ekki greitt þessa hækkun, en féllust á að greiða um 13% hækkun á fiskverðið með vissum skilyrðum. Þá vantaði 4% upp á, að þessu marki væri náð, eða um 40 millj. kr. Þetta er svo sem ekkert nýtt, að slíkt hafi komið upp. Þetta hefur komið upp nú á hverju ári í nokkur ár, að það hefur greinilega vantað nokkuð á, að fiskkaupendur gætu greitt það, sem þeir, sem selja fiskinn, hafa krafizt fyrir fiskinn, og þá hefur svo farið hvað eftir annað, að ríkið hefur þurft að hlaupa þar í skarðið og gera vissar ráðstafanir til þess að brúa bilið. En að þessu sinni er tekinn upp nýr háttur. Þá er svo komið, að fulltrúi ríkissjóðs segir: Ríkissjóður getur ekkert frekar tekið á sig. Hann er kominn í örþrot. Það þýðir ekki að tala um það. — Þeir, sem leiða stefnuna í ríkisstj., munu hafa sagt: Við treystum okkur ekki til að leggja á frekari skatta, og það er því ekki hægt að fara þá leið. — Þá er enn svipazt um, og þá finna menn út þetta nýja snjallræði, sem nú er reynt að fara, finna upp þá leið, sem aldrei hefur verið farin áður, sem sagt þá að ákveða að skattleggja sérstaklega eina ákveðna grein sjávarútvegsins, láta hana bera það, sem ber á milli, og færa upphæðina yfir til annarrar greinar. Það er ákveðið með vissri tilfærslu að leggja á síldveiðisjómenn sem nemur 20 millj. kr. skatti á ári og svíkja þannig raunverulega þann launagrundvöll, sem þeir hafa búið við og þeir hafa hreinlega samið um, þar sem gengið var út frá ákveðinni reglu um verðlagningu á síldarafurðum og ákveðnum hlutaskiptakjörum. Nú er ákveðið að leggja á þessa síldveiðisjómenn skatt, sem nemur 20 millj. kr., til þess að styðja allt aðra aðila í landinu. Og það er á sama hátt ákveðið að leggja 20 millj. kr. skatt á síldarútgerðarmenn, til þess að hægt sé að færa yfir 40 millj. kr. til þeirra, sem kaupa þann fisk, sem var verið að verðleggja rétt upp úr áramótunum og skorti þarna nokkuð á, að hægt væri að finna verðlagninguna fyrir.

Ég vil taka það skýrt fram, að hér er ekki um það að ræða, sem sumir virðast halda, að það sé aðeins um það að ræða, að hér sé verið að færa á milli hjá sömu aðilum tiltekna fjárhæð. Málum er þannig háttað, að það eru að verulegu leyti allt aðrir menn, sem stunda síldveiðar, heldur en hinir, sem stunda þorskveiðarnar, og það er einnig orðið þannig, að það eru orðnir allt aðrir bátar í öllum meginatriðum, sem hér eiga hlut að máli. Síldveiðitíminn er orðinn svo langur, að þeir, sem leggja sig einkum eftir þeim veiðum, stunda þær veiðar svo að segja allt árið um kring og geta að litlu leyti tekið þátt í hinum veiðunum. Hér er því verið að færa yfir frá einum aðila til allt annars til þess að styrkja hann. Sá skattur, sem hér er nú ákveðið að leggja á, mun nema með núverandi verðlagningu um 10 kr. á hvert síldarmál. Hér er því verið að gera ráðstafanir til þess að lækka hvert síldarmál frá því, sem annars hefði getað verið, um 10 kr. Og þá er þannig komið, að útflutningsgjöld á bræðslusíldarafurðum eru orðin þannig, að þau nema 40 kr. á hvert síldarmál. Svo segja margir í landinu, að þeir séu eiginlega alveg undrandi á því, að það skuli ekki vera hægt að borga sama síldarverð hér eins og t. d. í Noregi, en þannig er ástatt, að þar er ekki um nein útflutningsgjöld að ræða, og síldarverð hjá okkur hefur um langan tíma legið og liggur enn alllangt undir norska verðinu. Afleiðingarnar verða svo þær, sem nú eru mjög vaxandi, að þeir, sem eiga síldveiðiskipin, hin stóru skip, leita fast eftir því að geta einnig fengið aðstöðu til þess að landa þar, sem betur er borgað fyrir veiðina, að fá að landa m. a. í Noregi. En einmitt þessa dagana hefur verið skýrt frá því í norskum blöðum, að einn af þekktustu síldveiðiskipstjórum á Íslandi, mikill aflamaður, sem er að láta byggja sér síldarskip í Noregi, hafi staðið í viðræðum við menn erlendis og síðan við íslenzka sjútvmrh. um það að koma á gagnkvæmum löndunarsamningi fyrir síldveiðiskip á milli norskra og íslenzkra skipa, til þess að leggja afla sinn upp þar, sem betur er borgað.

Það er auðvitað enginn vafi á því, að það er stórhættulegt að skapa slíkan verðmismun, sem þegar hefur átt sér stað eða er verið að leggja grundvöll að með þessu frv. í sambandi við okkar síldarafurðir. Ég tel, að sá skattur, sem hér er nú ráðgert að leggja á, sé í mesta máta óréttlátur og hann sé einnig hættulegur. Í fyrsta lagi tel ég, að það sé með öllu ósannað, að fiskkaupendurnir eða þeir, sem kaupa aðallega þorsk og ýsu og annan bolfisk og verka hann til útflutnings, hafi ekki getað risið undir þess-

ari fiskverðshækkun, sem samþ. var af yfirn. Ég tel það með öllu ósannað, heldur þvert á móti margt benda til þess, að þeir hefðu getað það, þegar litið er á heildina. Upplýsingar hafa verið gefnar um, að skýrslur liggi fyrir um skattaframtal hjá 65 frystihúsum í landinu af líklega um 90, og þar er einmitt um þau frystihúsin að ræða, sem hafa yfirgnæfandi meiri hl. aflans. Talað hefur verið um 90—96% af framleiðslu frystihúsanna. Og samkv. skattaframtölum þeirra liggur það fyrir, að þessi 65 frystihús töldu fram árið 1964 90 millj. kr. brúttóhagnað, en vörðu af því til afskrifta um 50 millj. kr. Þessi frystihús höfðu þó fært á rekstrarreikninga sína 59 millj. kr. til viðhalds, og um 50 millj. kr. voru bókfærðar til fjármunamyndunar hjá þessum húsum á þessu ári. Ég er fyrir mitt leyti ekki í neinum vafa um það, að talsverður hluti af þessum frystihúsum, öll þau stærstu og þau, sem búa við beztar aðstæðurnar og kaupa þar af leiðandi langmest af aflanum og mundu því auðvitað fá langsamlega mestan hluta af þeim 40 millj., sem hér er talað um að færa á milli, þau hafa búið við þannig rekstur, að það er engin ástæða til þess að styrkja þau sérstaklega. Það er engin ástæða til þess að fara að skattleggja síldveiðisjómenn eða síldarútgerðarmenn til þess að styðja þessa aðila, ekki nokkur minnsta. Það hefði verið eins mikil ástæða til þess að skattleggja þennan hluta frystihúsanna til stuðnings hinum smærri eins og að grípa til þessarar millifærslu, sem hér er gripið til. Ég skal að vísu taka það fram, að ég hefði einnig verið á móti slíkri tilfærslu, því að ég tel hana óeðlilega. Ég veit, að það eru til allmörg frystihús í landinu og allmargir fiskkaupendur, sem eiga í vök að verjast vegna hækkandi framleiðslukostnaðar og reka frystihúsin eflaust með tapi. En til þess liggja ýmsar ástæður. Ástæðurnar eru ekki þær, að hinar ytri kringumstæður hafi verið óhagstæðar fyrir fiskkaupendur og fiskverkendur hin síðari ár, þvert á móti. Hinar ytri aðstæður, þ. e. a. s. markaðirnir erlendis, hafa verið sérstaklega hagstæðar, þar hefur orðið óvenjumikil verðhækkun. En það er rétt, á móti því hefur aftur komið verðlagsþróunin hér innanlands, sem hefur gleypt í sig meginhlutann af hinni erlendu verðhækkun, sem framleiðendurnir áttu auðvitað að verða aðnjótandi. Hér er því verið að grípa til þessara ráðstafana til þess að reyna að lina nokkuð þann vanda, sem upp kemur vegna verðbólguþróunarinnar í landinu. En það, sem skiptir þó miklu meira máli í mínum augum, er það, að ég tel, að þessi skattur, þessi nýi síldarskattur, sem nú er ætlað að leggja á, — ég tel, að slík tilfærsla eigi engan rétt á sér og hún sé stórháskaleg.

Á tímum uppbótakerfisins, sem hér var í mörg ár, átti það sér að vísu stað, að greiddar voru misjafnlega háar uppbætur til hinna einstöku framleiðslugreina. Það lá þá skýrt fyrir t. d., að þá þurfti að borga meiri stuðning þeim, sem verkuðu saltsíld til útflutnings hér á vetrarvertíð sunnanlands, heldur en þurfti að borga þeim, sem verkuðu saltsíld yfir sumarið á Norður- og Austurlandi og fengu mun hærra verð fyrir sína saltsíld heldur en hinir hér syðra. Og þá var horfið að því ráði með uppbótakerfinu að greiða nokkru hærri styrki til þeirrar framleiðslu, sem átti við knappari kjör að búa. Og á uppbótatímabilinu var einnig gengið út frá því, að vissar greinar sjávarútvegsins þyrftu ekki á stuðningi að halda, þó að aðrar þyrftu á stuðningi að halda. Þetta var í rauninni eðli uppbótakerfisins, að taka svona á málunum. En á þessum tíma datt mönnum aldrei í hug, að það væri réttlátt að skattleggja eina grein útgerðarinnar og taka fé af henni og færa yfir til annarrar, sem stóð höllum fæti. Það datt engum manni í hug að skattleggja síldarsöltunina á Norðurlandi, meðan hún gaf hagnað, og færa þá peninga, sem þannig fengust, til stuðnings síldarsöltun á Suðurlandi. Því var þá alltaf slegið föstu af öllum, að slík tilfærsla gæti ekki komið til greina. Ef þyrfti að aðstoða einstakar greinar, yrði vitanlega að gera það með almennri skattlagningu á þjóðarheildina. Svo þegar núv. ríkisstj. tók við og ætlaði sér að afnema allt uppbótakerfið, komu hennar vísu hagfræðingar og sögðu: Þetta mismunakerfi, sem hefur verið í gangi, er beinlínis stórhættulegt. Við vitum ekkert, hvar við stöndum, eftir nokkurn tíma. Við höfum verið að aðstoða eina framleiðslugreinina meira en aðrar. Menn gera sér alls ekki rétta grein fyrir því, hvaða framleiðslugrein það er, sem skilar raunverulega beztum árangri fyrir þjóðarbúið. Þessi mismunun er hættuleg. — Og þeir vísu menn sögðu: Við ætlum að leggja niður uppbótakerfið, m. a. af því, að það er verið að styrkja sumar greinarnar aðeins meira en aðrar. — En þó fór þessi styrkveiting alltaf þannig fram, að sá, sem þurfti á styrk að halda, var alltaf með knöpp kjör eftir sem áður og tiltölulega knöppust kjörin. En nú koma þessir sömu spekingar eins og oddamaðurinn í verðlagsráði, nú kemur hann og gerir sér lítið fyrir og leggur til: Nú skulum við ekki bæta hinum einstöku greinum mismunandi úr almannasjóði. Nei, nú skulum við leggja sérstakan skatt á vissar framleiðslugreinar og færa þá upphæð yfir sem styrk til annarra. — En hvar halda menn, að við verðum komnir eftir nokkur ár, ef á að fara inn á þessa braut? Nú eru a. m. k. að störfum tvær n. á vegum ríkisstj. til þess að athuga, hvernig eigi að bregðast við vanda í tilteknum útgerðargreinum. Það er sérstök n. að athuga um afkomu smærri vélbáta af stærðinni 45—120 lestir, því að það er viðurkennt, að þeir búi við erfiðan rekstur. Mér er spurn: Hvaða útgerðargrein á að skattleggja til þess að reyna að halda þessum bátum í gangi? Hafa menn fundið það út? Önnur n. er að athuga afkomu togaraflotans. Þar er um hallarekstur að ræða. Eru menn búnir að koma auga á það, hvaða grein sjávarútvegsins eigi að skattleggjast til þess að halda togurunum enn úti? Við vitum það, að eins og grundvöllurinn er orðinn nú, er ekki aðstaða til þess að salta síld hér við Faxaflóa, miðað við það verð, sem er á útfluttri vetrarverkaðri síld. Hvað ætla menn að gera til þess að halda þeirri framleiðslu við? Ætla þeir að fara í það að skattleggja saltsíldaraðila á Norður- og Austurlandi eða enn einhverja aðra? Á að leggja sérstakan skatt á togbátaeigendur til þess að halda við togurum o. s. frv.?

Nei, hér er vitanlega um alveg frámunalega stefnu að ræða og fjarstæða, og það er enginn vafi á því, að þeir aðilar, sem hér eiga hlut að máli, eins og í þessu tilfelli síldarútgerðarmenn og síldveiðisjómenn, munu ekki una slíkum ráðstöfunum sem þessum, þegar þeir fara verulega að kenna á því, hvað hér er verið að gera. Á s. l. sumri reyndi hæstv. ríkisstj. einmitt að leggja á slíkan síldarskatt sem þennan. En það verð ég þó að segja, að svo vitlaus sem sá skattur var og ósanngjarn, er þessi miklu vitlausari og miklu ósanngjarnari í minum augum. Þar var þó um að ræða tiltekna tilfærslu, að verulegu leyti á milli sömu aðila. Þar átti að leggja ákveðinn skatt á þá, sem lögðu upp síld til bræðslu, og nota þá fjármuni að talsverðu leyti til þess að hækka verðið á saltsíld, sem mikið til sömu aðilar stóðu að því að selja, og svo til þess að flytja að nokkru leyti aflann á milli landshluta. En nú er hins vegar gert ráð fyrir því, að síldveiðisjómenn og síldveiðiútgerðarmenn, sem stunda þær aðallega, eins og nú er hjá okkur, fyrir Norður- og Austurlandi, eigi að leggja af mörkum ákveðna fjárhæð til þess að styrkja einkum og sérstaklega stærstu fiskkaupendurna hérna á vetrarvertíðarsvæðinu, þar sem mest er keypt af fiski, sem sagt allt aðra aðila.

En það er nú einu sinni svo, að það vildi svo til, að ríkisstj. var svo klaufsk í sínum vinnubrögðum, að í fyrra tilfellinu kom hún með skattinn, þegar síldveiðisjómennirnir og síldarútgerðarmennirnir voru á réttum stað og á réttum tíma og þeir gátu hópað sig saman og svarað fyrir sig strax. Nú er hins vegar verið að leggja á skatt, sem ekki kemur neitt til greina í bili. Það líða nokkrir mánuðir, þangað til hann fer að segja til sín, og þá er spurningin, hvernig menn svara. En það eitt er ljóst, að hér er verið að gera ráðstafanir til þess að lækka það síldarverð, sem menn hafa verið óánægðir með og þeir vita að er miklum mun lægra en hér í næsta landi, sem helzt er sambærilegt við okkur í þessum efnum.

Það væri auðvitað ekki óskemmtilegt fyrir menn að reyna að gera sér grein fyrir því, hvernig þessi nýja stefna í skattheimtu mundi koma út, ef ætti að viðhafa hana í öðrum starfsgreinum. Er ekki þessa dagana alltaf verið að kvarta undan bágri afkomu í ýmsum greinum iðnaðarins? En þó vitum við, að það eru til greinar iðnaðarins, sem hafa góðan rekstur. Eitthvað þykist ég hafa heyrt talað um það, að þeir, sem hafa framleitt kex, hafi borið sig illa, þeir hafi tapað og verið að leggja upp laupana. Og eitthvað hafa þeir verið að kvarta mikið, þeir sem standa í fatasaumi og þurfa að keppa við ódýran innflutning á fatnaði og öðru slíku. Það væri þá kannske fundin leið til þess að bjarga þessum aðilum, innlendu kexframleiðslunni, með því m. a. að leggja sérstakan skatt á þá, sem framleiða súkkulaði eða sælgæti, skatt á þá, sem framleiða hér gólfteppi eða annað þess háttar og alveg tvímælalaust hafa haft góðan hagnað, leggja skatt á þá, færa yfir til hinna, sem framleiða kex, og segja: Á þann hátt verður þessu borgið um sinn. — Það verður ekki óskemmtileg efnahagsmálastefna, sem verður ríkjandi í þessu landi, þegar búið er að færa þessa vitleysu, sem hér er stefnt inn á, til fleiri greina.

Nei, það kemur auðvitað að því, að það hlýtur að þurfa að beita hliðstæðum ráðum og menn eru hér með, gagnvart öðrum greinum sjávarútvegsins. Á því er enginn vafi. Mér hefur skilizt, að hæstv. ríkisstj. haldi, að hún sleppi út úr þeim vanda, sem hún er raunverulega búin að kalla yfir sig í verðlagsmálum og efnahagsmálum landsins, á þennan hátt, að hún geti sagt: Ekki erum við nú að leggja nýja skatta á þjóðina með því að fara þessa leið. — En ég held, að hún finni það fljótlega, að þessi leið mun einnig verða torsótt til að leysa þennan vanda, sem hún er búin að kalla yfir sig með rangri stefnu.

Það er svo enn annað mál, hvernig síldarútgerðin er fyrirkölluð að þola slíkan skatt sem þennan. Ég veit, að það má lengi segja, að það skipti ekki svo afgerandi máli um 10 kr. á hvert síldarmál. Menn geta kannske þolað það. En þegar menn hafa það í huga, að þegar er búið að leggja á þennan aðila aðrar 30 kr. í sams konar skatti fyrir, að hér eru komnar 40 kr. á hvert síldarmál, hér er kominn 8% útflutningsskattur á þessar afurðir, þá er hér talsvert farið að muna um. En þá munu ýmsir benda á það, að síldarútgerðin hafi búið við sérstaklega hagstæðan rekstur að undanförnu. Og það er eflaust rétt, að til eru þeir aðilar, sem stundað hafa síldveiðar að undanförnu, sem hafa haft heldur góðan rekstur, og margir sjómenn, sem hafa haft gott kaup. Það er rétt. En því fer alls fjarri, að þetta sé eitthvað almennt um þá, sem stunda síldveiðar. Á s. l. ári, árinu 1965, á því metaflaári á síldveiðum, fór svo, að þeir síldarbátar, sem voru í minnsta stærðarflokki, þ. e. a. s. upp að 90 rúml. að stærð, voru úrskurðaðir bótahæfir úr aflatryggingasjóði og fengu sínar bætur þaðan, vegna þess að meðalafli þeirra á þessu mikla aflaári var ekki meiri en svo, að þeir stóðu engan veginn undir sínum útgjöldum, og þeir urðu flestir að gera upp við sína sjómenn með lágmarkskauptryggingu. Og næsti stærðarflokkurinn þar fyrir ofan, milli 90 og 140 rúml., lá rétt við röndina að verða bótaskyldur líka. Og það liggur einnig fyrir, að fjöldamargir aðrir bátar, sem voru í stærri flokknum, fiskuðu ekki meira en svo, að þeir höfðu engan veginn fyrir sínum útgjöldum. Aðrir bátar fiskuðu auðvitað þeim mun meir, það er alveg rétt. En þennan skatt á ekki aðeins að leggja á þá, sem fiskuðu mikið. Þennan skatt á að leggja á alla þá síldveiðisjómenn, sem síldveiðar stunduðu eða stunda. Þennan skatt á að leggja á alla báta, einnig þá, sem eru með hallarekstur, og það á að taka af þeim til þess að styrkja þá, sem gefa sjálfir upp á skattskýrslum milljónagróða. Það er það, sem á að gera.

Um kaup síldveiðisjómanna vil ég líka segja það, að það er enginn vafi á því, að í þeim efnum vaða margir í villu og svíma. Þeir bera þar saman það, sem ekki er rétt að bera saman. Það er alveg rétt, að einstaka bátar, sem fiska afburðavel, koma vitanlega út með háan aflahlut. En það er nú svo, að í mjög mörgum tilfellum er þessi aflahlutur, sem um er talað á bátnum, orðinn tveggja manna kaup eða kaup fyrir 1½ mann, og það er vegna aðstæðna. Það

er varla nokkur von til þess, að einn og sami maður fylgi bát allan tímann, þegar lagt er af stað til sumarsíldveiða í maíbyrjun og þegar þeim lýkur ekki fyrr en í janúarlok eða þegar komið er fram í febrúar, enda hafa vitanlega þessir menn flestir, eins og nú er komið, leitað eftir nokkru frii einhvern tíma, og þá fellur auðvitað aflahluturinn til þeirra niður, þótt alltaf sé verið að tala um aflahlutinn, sem þessi toppbátur hafi gefið, en það er sá hlutur, sem útreiknaður er allan tímann og getur auðvitað gengið yfir tvær persónur. Þá má einnig taka það með í reikninginn, að þetta tiltölulega háa kaup síldveiðisjómanna, sem til fellur í sumum tilfellum, kemur vegna þess, að þessir menn stunda sín störf alla sunnudaga og alla hátíðisdaga og þeir verða að vera að störfum allar nætur, og það er ekki tekið út með sældinni, hvort heldur sem er að liggja í fiskiskipum einhvers staðar austur á fjörðum eða norður í landi mánuðum saman, þegar ekki gefur á sjó, eða þá þann tíma, sem þessir bátar þurfa að vera 100—200 mílur frá landi í mesta skammdeginu, svo að það er varla nema von, að kröfur séu gerðar til þess að fá allríflegt kaup fyrir þessa aðstöðu. Og það er mjög óréttmætt, þegar hæstu aflahlutir eru reiknaðir og talað er um þá sem kaup sjómanna á síldveiðum og þeir síðan bornir saman við almennt kaup í landinu, sem algengast er þá fyrir 8—10 tíma vinnu og frí á öllum helgidögum.

En það sýnist ekki nóg að skattleggja þessa aðila eftir hinum almennu skattal. í landinu, heldur þarf að búa til sérstakan aukaskatt á þá, eins og fyrirhugað er með þessu frv. Á því er auðvitað enginn vafi, að með þessari tilfærslu, sem hér er hugsuð frá síldveiðunum og yfir til þorskveiða, er verið að raska þeim kaupgrundvelli, sem við hefur verið miðað. Það er raunverulega verið að svíkjast að sjómönnunum, sem eiga helminginn af aflahlutnum, miðað við það verð, sem sanngjarnlega var reiknað út á síldarafurðunum, og það átti ekki að taka það með einhverjum aukaskatti áður, þannig að þeirra aflahlutur yrði minni en um hafði raunverulega verið samið. En hver er svo hagur síldarútgerðarmannanna sjálfra? Hann er eflaust mjög misjafn. Á því er enginn vafi. En þó held ég fyrir mitt leyti og þykist tala þar af talsverðri reynslu, af því að ég hef nokkra aðstöðu til að dæma um það alveg beint, að það sé enginn vafi á því, að það sé betra að reka tiltölulega stórt og sæmilega vel útbúið frystihús nú í dag heldur en reka toppsíldarbát, sem stundar veiðar við Ísland. Bátarnir eru orðnir dýrir nú, og þau kjör, sem menn eiga þar við að búa, eru ekki hagstæð. En þó efast ég ekkert um það, að þeir, sem eru þar með tiltölulega mestan afla, — ég þarf ekki að segja með mestan afla, en eru nokkuð háir í afla, þurfa ekkert að kvarta undan sínum rekstri, síður en svo, þrátt fyrir miklar álögur, sem á þeim eru. En þegar síldveiðiflotinn sem heild er skoðaður og afkoma þeirra útgerðarmanna, sem eiga þann flota, efast ég ekkert um það, að samkvæmt skattaframtölum mun afkoma þeirra ekki vera eins góð og afkoma frystihúsanna samkv. þeirra skattaframtölum. En samt þykir sjálfsagt að leggja á þá sérstakan skatt hinum til stuðnings.

Það höfðu, áður en þessi breyting var gerð, verið gerðar hér breytingar, sem miðuðu að því að mismuna nokkuð hinum einstöku útgerðargreinum. En það bar þó að á allt annan hátt en þetta mál ber. Útflutningsgjöldin höfðu verið ákveðin hér mjög há, og þau voru réttlætt svona há á þeim grundvelli, að þau rynnu að verulegu leyti í sameiginlegan vátryggingasjóð fiskiskipanna og úr þessum sjóði væru síðan vátryggingariðgjöld fiskiskipanna greidd. En svo fór bara að koma að því, að það var farið að létta þessum tiltölulega háu útflutningsgjöldum af sumum aðilum, en aðrir voru látnir standa eftir með sín háu gjöld. Þannig var þegar búið að gera það þannig, að eftir stóðu í rauninni hærri greiðslur, t. d. frá síldveiðiflotanum, í þennan sjóð heldur en frá ýmsum öðrum greinum sjávarútvegsins. En það var þó annað mál, þegar málið bar þannig að, að það hafði, eins og ég sagði, verið lagður á almennur, hár skattur í ákveðnu augnamiði og svo þótti rétt að létta þessum skatti af einum, en ekki öðrum. En þegar svo er komið, að menn eru nú orðnir ákveðnir í því, að það megi halda áfram á þessari braut og beinlínis leggja sérstakan, afmarkaðan skatt á einn til þess að færa yfir til annars, er alveg sýnilegt, hvert stefnir. Nú er t. d. svo komið, að þessi útflutningsskattur er ásetlaður að nema kringum 280 millj. kr. Síldarútvegurinn á að borga af þessum 280 millj. kr. rétt um 200 millj., öll önnur útgerð landsmanna um 80 millj., togarar líka. Í vátryggingarsjóðinn, þennan sameiginlega vátryggingarsjóð, renna nú kringum 205 millj. kr. En síldarútvegurinn á að greiða í þennan sameiginlega vátryggingarsjóð af 205 millj. kr. 145 millj. kr., eða m. ö. o. er svo komið, að öll önnur útgerð landsmanna og þar með talin togaraútgerðin á að borga um 50—55 millj. kr. Það er sem sagt sótt í það horfið að láta síldveiðiútgerðina í landinu borga vátryggingariðgjöld m. a. togaraflotans.

Þetta fyrirkomulag, sem *gilt* hefur nú um langan tíma, er í rauninni alveg óþolandi. Hinar einstöku greinar sjávarútvegsins eru látnar borga misjafnlega mikið í sameiginlegan vátryggingarsjóð, og svo eru greiðslurnar úr þessum sameiginlega vátryggingarsjóði einnig stórkostlega mismunandi. Þannig er ástatt, að ef nákvæmlega sama atvik kemur fyrir á bát undir 100 tonn og á bát yfir 100 tonn, nákvæmlega sama óhappið, er annað óhappið borgað úr þessum sameiginlega sjóði sem bætur, sem tjónabætur, en hinn fær ekkert, af því að það gilda mismunandi bótagreiðslur úr sjóðnum líka. Hér er um herfilega mismunun að ræða, sem nær auðvitað engri átt, og með þessum sjóði, eins og á honum hefur nú verið haldið um hríð, er farið að styrkja m. a. togaraútgerðina sérstaklega mikið, því að hún tekur úr þessum sjóði miklum mun meiri fjárhæð á hverju ári í iðgjöld heldur en hún greiðir nokkurn tíma í sjóðinn af útflutningsgjöldum.

Um aðra þætti, sem allir eru minni háttar í sambandi við þetta frv., þarf ég ekki að eyða mörgum orðum. Frv. er á allan hátt mjög óréttlátt og óeðlilegt. Ég get t. d. ekki skilið með nokkrum hætti, hvaða ástæður liggja til þess,

nema þær séu af hinum allra versta toga spunnar, að þær reglur eru settar upp, að það á að borga minni útflutningsskatt, minni útflutningsgjöld af loðnumjöli og lýsi, sem fæst úr loðnu, heldur en úr síld. Hér er um vöru að ræða, sem er framleidd alveg eins og seld alveg eins, og ég efast ekkert um, að það er ekki lakari rekstur hjá þeim, sem standa að þeirri framleiðslu, heldur en í síldinni. En þar eiga að gilda allt aðrar reglur. Er það kannske bara vegna þess, að annað er veitt fyrir austan og norðan, en hitt er aðallega veitt fyrir sunnan — eða hvað? Nei, hér er vitanlega ekki um neinar frambærilegar ástæður að ræða, heldur aðeins hitt, að hér vantaði 40 millj. kr. Ríkissjóður gat ekki staðið undir þessum vanda, og ríkisstj. vildi ekki fara að leggja á ný gjöld fyrir þessu nema þannig, að það væri vitanlega allt í lagi að láta síldveiðarnar borga brúsann og leggja þennan sérstaka skatt bæði á síldveiðisjómenn og síldarútgerðarmenn.

Því hefur verið haldið hér fram, að það mundi ekki vera mikil óánægja hjá þeim, sem eiga að bera þessi gjöld. Að vísu hafi það komið fram, að fulltrúi Alþýðusambandsins í yfirnefndinni hafi verið á móti þessu, og ætla ég, að það segi nokkuð sína sögu, þegar fulltrúi sjómannanna í þessu tilfelli mótmælir þessu og er andvígur þessari breytingu og telur, að hægt hefði verið að koma fram verðhækkuninni með öðrum hætti. En það hefur gerzt í málinu, að stjórn Landssambands ísl. útvegsmanna, sem ætti vitanlega í þessu tilfelli að tala fyrir síldarútgerðarmenn, virðist vera samþykk þessu. Mig undrar það auðvitað ekkert, þó að hún sé það. Það fór ekkert á milli mála, að hún var einnig með síldarskattinum s. l. sumar, þó að sjómennirnir þá rækju hana til þess að taka að lokum afstöðu á móti skattinum. Það er ekki í fyrsta skipti, að hún lætur sérhagsmunasjónarmið nokkurra aðila ráða, því að það er auðvitað enginn vafi á því, að það eiga sér stað sérhagsmunasjónarmið varðandi einmitt fiskkaupin í þessum efnum, að þar tala ýmsir þeir, sem græða nokkuð á því að fá þessar 40 millj. yfir til sín. Og ég fyrir mitt leyti tek það ekki heldur mjög alvarlega, þó að formaður Sjómannafélags Reykjavíkur segi, að þetta muni allt vera í lagi. Ég hef séð svo margvíslegar samþykktir þaðan koma, m. a. þær, að hann fyrir hönd sjómanna mótmælir því alveg sérstaklega, að það sé verið að byggja meira af síldarverksmiðjum, og telur það mjög til bölvunar fyrir sjómenn, sem þó hafa þurft að bíða eftir löndun eða þeytast á milli landshluta með drekkhlaðna báta og ekki komið afla sínum í verðmæti. Þá er eigi að síður það sjónarmið þar ríkjandi, að það sé rétt að mótmæla því, að byggðar séu síldarverksmiðjur, svo að hægt sé að koma aflanum í lóg. Ég veit, að slíkur aðili talar ekki fyrir hönd sjómannanna í landinu í þessu máli. Og ég veit það líka vel, að í hópi þeirra sjómanna, sem eru í Farmannasambandinu, er hin megnasta óánægja með þessar tiltektir, enda kom það fram á þeim fundi, sem ég sat á, sameiginlegum fundi sjútvn. beggja deilda, þar sem var mættur forseti Farmannasambandsins, þá lét hann einmitt þau orð falla, að ef þeir gætu ekki fengið ákveðinn hluta af þessu útflutningsgjaldi í sína sjóði, yrði erfitt að halda niðri óánægju sjómanna, yfirmanna á fiskiskipunum, með þennan skatt. Þá yrði erfitt að halda niðri óánægjunni, ef ekki yrði hægt að kaupa þá með því að láta þá hafa nokkurn hluta af þessum peningum. Og hér sagði hæstv. sjútvmrh., að komin væri fram krafa um það frá Farmannasambandinu og Sjómannasambandinu, sem einnig mælir með þessum skatti, að þeir fái einhverja greiðslu út á þetta. En í mínum augum er það jafnmikið hneyksli, hvort sem sú leið verður farin eða ekki, og lítið hygg ég að það muni bæta afstöðuna í sambandi við þetta mál hjá sjómönnum almennt, ef fara á þá leið að reyna að kaupa ákveðnar greinar raunverulega með einhverjum nýjum fjárframlögum til þess að þegja, á meðan er verið að leggja slíkar álögur á sem þessar.

Ég vil undirstrika það, að það, sem ég tel að sé langalvarlegast í þessu máli, er prinsip-afstaðan í málinu. Það er sú stefna, sem hér er verið að taka upp. Henni er ég algerlega andvígur og tel, að á henni verði ekki stætt. Það má auðvitað segja það, að 10 kr. út af fyrir sig, ef menn lofa að gera þetta aldrei aftur, ráði ekki úrslitum. En stefnan er röng, og ríkisstj. þarf ábyggilega að gera sér grein fyrir því, að það er ekki stætt á þessari stefnu. Hún leysir ekki vandamál, sem steðja nú að í atvinnuvegum landsmanna, á þennan hátt. Við vitum öll, að þessi vandi er fyrir höndum, að það geti verið erfitt að hækka fiskverð réttlátlega fyrir sjómenn eða eins og þeir þurfa, eins og framleiðslukostnaður þeirra kallar á, þannig að fiskkaupendur, sem bundnir eru af erlendum mörkuðum, geti greitt þetta verð, þegar verðbólgutímar eru. Við vitum, að þessu háttar svona til. Við vitum, að verðbólgan æðir yfir. Verði erlendu verðhækkanirnar ekki nægilega miklar, skapast hér mikill vandi. Það er það, sem hefur verið að gerast. Það á því að taka á því vandamáli að reyna að stöðva verðbólguþróunina, koma í veg fyrir þessa þróun, en ekki að víkjast undan því á þennan hátt, að ætla að velja í þetta skiptið þennan starfshópinn eða þessa atvinnugreinina og leggja sérskatta á hana, því að slíkt leiðir auðvitað út í öngþveiti.

Ég vil að lokum aðeins draga saman nokkur þau meginatriði, sem ég hef hér minnzt á og ég tel að séu falin í þessu frv. og ég marka síðan eftir afstöðu mína til frv.

Það er í fyrsta lagi það, að með frv. er ákveðið að leggja á nýjan síldarskatt, sem mundi lækka hvert síldarmál um 10 kr. a. m. k. Útflutningsgjald á síldarmjöli og síldarlýsi verður samkv. frv. 8% af verðmæti, en það jafngildir 40 kr. á hvert síldarmál. Slíkt útflutningsgjald nær engri átt og er sérstaklega óréttlátt gagnvart síldveiðisjómönnum.

Í öðru lagi: Með frv. á að leggja á aukaskatt á síldveiðisjómenn, sem nemur 20 millj. kr. á ári, og á síldarútgerðarmenn, sem nemur öðrum 20 millj. kr. Skatturinn lendir bæði á tekjulægstu síldveiðisjómenn og hina, sem fengið hafa góðar tekjur, lendir bæði á báta, sem lítinn afla hafa fengið, og hina, sem aflað hafa vel.

Í þriðja lagi: Þessum nýja síldarskatti á að

verja að langmestu leyti til stuðnings við stærstu fiskkaupendurna, þ. e. a. s. stærstu frystihúsin í landinu, sem óumdeilanlega hafa góðan rekstrarhagnað fyrir. Enginn vafi leikur á að minum dómi, að stærstu frystihúsin hefðu getað greitt þá fiskverðshækkun, sem ákveðin var um s. l. áramót.

Í fjórða lagi: Með breytingum þeim, sem felast í frv., er gert ráð fyrir, að síldarútgerðin greiði um 200 millj. kr. á ári í útflutningsgjöld, en öll önnur útgjöld aðeins um 80 millj. kr.

Í fimmta lagi: Samkv. frv. er ráðgert, að síldarútgerðin greiði í sameiginlegan vátryggingasjóð fiskiskipaflotans um 145 millj. kr. á ári, en öll önnur útgerð og þar með togaraútgerðin greiði aðeins 50—55 millj. kr. á ári.

Í sjötta lagi: Með frv. er farið inn á þá hættulegu braut að skattleggja eina grein útgerðarinnar til stuðnings annarri og mismuna þannig á herfilegan hátt einstökum þáttum sjávarútvegsins.

Ég er andvígur þessu frv., tel stefnu þess mjög varhugaverða. Ég tel, að bregðast verði með öðrum hætti en gert er í þessu frv. við afleiðingum af dýrtíðarstefnu núv. ríkisstj.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Ég vil aðeins fyrst af öllu varðandi þau atriði, sem hv. 5. þm. Austf. drap hér á, mótmæla eindregið og skilyrðislaust þeirri ásökun, sem hann hafði hér í frammi varðandi formann Sjómannafélags Reykjavíkur og þann þankagang, sem hann gerði honum hér upp, sem er ódrengilegt að gera hér, þar sem hann hefur ekki aðstöðu til þess að verja sig eða sínar skoðanir hér á þessum stað, að gera á þann hátt, sem hv. þm. gerði, — í meira lagi gróft og ódrengilegt að hafa í frammi slíkan málflutning. Þetta er krafa, sem búin er að vera uppi um alllangt skeið hjá sjómannasamtökunum og er ekki til komin endilega með þessu frv. nú. Hún hefur heyrzt úr þeirra röðum fyrir löngu, og þess vegna mjög ódrengilegt að láta að því liggja, að hann eða þau samtök, sem hann er forsvarsmaður fyrir, séu tilbúin til að láta kaupa sig til eins eða neins í þessu máli.

Ég kemst ekki hjá því að lesa hér upp vegna þess, að það hefur verið vitnað til sérstöðu fulltrúa sjómanna í yfirn. og hefur utan um þá sérstöðu verið spunnið ýmsu, sem ekkert kemur fram a. m. k. í sjálfri bókuninni af hans hendi. Ég tel þess vegna, að honum og öllum hlutaðeigandi aðilum sé hollast og réttast að rifja það upp, þó að það hafi áður verið birt opinberlega, en í þeirri bókun yfirn. segir svo í lokin orðrétt:

„Ofangreind till. oddamanns var samþ. með 4 shlj. atkv., hans, Kristjáns Ragnarssonar, Helga Þórðarsonar og Bjarna Magnússonar. Tryggvi Helgason greiddi ekki atkv. og lét bóka eftirfarandi grg.:

Í sambandi við þessa verðákvörðun eru gerðar till. af yfirn. um breytingar á útflutningsgjöldum, sem fela í sér hækkun á útflutningsgjöldum einstakra síldarafurða. Þar sem ég tel yfirn. ekki vera réttan aðila til að gera samkomulag eða till. um slíka tilfærslu á gjöldum sem þarna er um að ræða, vil ég ekki eiga hlut að því máli og greiði því ekki atkv. um fram komna till. um fiskverðið, enda þótt ég gæti verið sammála sjálfri verðákvörðuninni.“

Þetta er hið sanna og rétta, sem Tryggvi Helgason, fulltrúi sjómanna í yfirn., lét eftir sér bóka, og er rétt, að það sé haft í huga við frekari umr. um málið. Ég vil af þeim ástæðum, sem ég ásakaði hv. 5. þm. Austf. fyrir varðandi formann Sjómannafélagsins, ekki gera Tryggva upp neitt frekar en hann hefur hér skrifað, eins og mér skildist að hv. þm. væri að reyna að gera áðan, að hann hefði mótmælt og verið á móti ákvæðunum hlutum o. s. frv. Ég skal ekki gera það, þar sem annað liggur ekki fyrir í þessu máli heldur en þessi hans bókun, en tel eðlilegt, að hún liggi fyrir.

Það eru aðeins örfá atriði, sem talizt geta ný frá umr. í Ed., sem komu fram í ræðu hv. þm. Hann reiknaði hér út mjög nákvæmlega, hvað væntanlegt síldarverð muni lækka við síldarákvörðunina næsta vor. Og hann hefur í því efni sérstakar áhyggjur af útgerðarmönnum og sjómönnum. Það er einn aðili, sem hv. þm. minnist aldrei á í þessu sambandi, sem gæti komið til með að greiða hluta af þessu, en það eru síldarverksmiðjurnar. Það verður áreiðanlega nú eins og alltaf áður, þegar ákvörðun er tekin um verð á síldarafurðum, reiknað með því, hvert gjaldþol þessara aðila er, og ég hygg, að hv. þm. sé þeim hnútum það vel kunnugur, að afkoma síldarverksmiðjanna sé með þeim hætti, að þær geti hæglega tekið á sig nokkurn hluta af þessu gjaldi. Ég skal ekki leiða neinum getum að ástæðu til þess, að þm. hins vegar minntist ekki á síldarverksmiðjurnar, en eigi að síður er það staðreynd, að hann gerði það ekki. Hann reyndi, svo sem kostur var, að einblína einungis á þær álögur, sem kynnu að lenda á sjómönnum og útgerðarmönnum, í von um — og hann gat ekki dulið þá von — að sagan frá s. l. sumri um verkfall síldveiðiflotans endurtaki sig vegna þessara ráðstafana. Og ekki einu sinni, heldur oft í ræðu sinni minnti hann á það, að þessi hætta væri mjög mikil, og áréttaði þá skoðun sína með því að segja, að þetta frv. gengi mun lengra í óréttlætisátt heldur en þó það, sem sjómenn gerðu vinnustöðvun vegna á s. l. sumri.

Annað atriði vildi ég einnig leiðrétta, sem hv. þm. vitnaði til. Það er kunnur aflamaður, sem ræddi við mig um möguleikana á því, að íslenzk síldveiðiskip gætu landað erlendis og þá fyrst og fremst í Noregi. Og það fer ekkert á milli mála, hver þessi aflamaður var, það var Eggert Gíslason, og ræddum við þetta mál mjög ýtarlega. En það kom hvergi fram í hans tali það, sem hv. þm. vildi gera hér að meginatriði þessara óska hans, þ. e. a. s. mismunurinn á síldarverði í Noregi og á Íslandi, heldur fyrst og fremst aðstaðan, eftir að fiskiskipin hefðu stækkað svo sem raun ber vitni um og horfið til norðlægra og fjarlægra miða hér frá landi, væru komin mun nær Noregi og mun auðveldara fyrir þá að eiga aðstöðu til löndunar þar, en sjálft síldarverðið var ekki orðað í þeim viðræðum. Læt ég svo útrætt um það, en vildi leiðrétta þá tilvitnun, sem hann vildi gera hér að atriði, að þarna væri einungis um verðmismun að ræða, sem eru hreinar getgátur og á algerlega röngum forsendum byggðar.

Hins vegar vil ég minna á það í sambandi við þessar umr. um norska og íslenzka síldarverðið, að mér skilst, að þegar hv. 5. þm. Austf. gegndi því starfi, sem ég gegni nú, um alllangt skeið, hafi þessi mismunur verið uppi þá líka og það hafi verið gerðar til hans fsp. hér um, í hverju þetta lægi, og af því að ég man ekki orðrétt svör hans við því, skal ég ekki vera að gera tilraun til að hafa þau eftir. En efnislega voru þau á þann veg, að hið norska síldarverð væri ákaflega erfitt að finna út, þar sem ýmsar greinar síldarútvegsins nytu sérstakra fríðinda og sumar beinnar meðgjafar af ríkisins hálfu. Þetta tel ég ekki vera efnislega rangt eftir haft, en ég hef heyrt þessar skýringar oftlega síðan og veit reyndar, að svo er, af upplýsingum, sem komið hafa fram í opinberum málgögnum þar um. Er óþarft að ræða það nánar nú.

Ég tel ekki þörf á að rekja hér önnur atriði málsins. Þau eru þegar nokkuð ljós af blaðaskrifum um þetta, hvernig menn skiptast í flokka um afstöðu til þessa frv. Það hefur ekki verið bent á aðrar leiðir til úrbóta þeim vanda, sem þarna liggur fyrir. Og ég legg enn sem fyrr áherzlu á það, að n. hraði svo störfum sem kostur er til þess að fá endanleg úrslit í málið, þar sem þau gjöld, sem í frv. eru ákveðin, eru hugsuð taka gildi frá 1. marz, og það fjármagn, sem af þeim gjöldum á að koma, raskast því verulega, ef það drægist umfram þann tíma.

Lúðvík Jósefsson: Það voru aðeins örfá orð í tilefni af því, sem hæstv. sjútvmrh. sagði hér. Í rauninni var það nú aðeins eitt atriði, sem nokkru máli skiptir, en hann lét orð að því liggja, að það mundi vera sú leið út úr þessum vanda, að hægt yrði að leggja þennan nýja skatt á síldarverksmiðjurnar, en ekki aðeins síldveiðisjómennina og eigendur síldveiðiskipa. En þetta er mesti misskilningur. Hann verður þá að breyta lögum til viðbótar við það, ef hann ætlar að koma því fram. Verðlagning á síldarafurðum fer fram samkv. ákveðnum lögum, og til allra sannanlegra útgjalda hjá síldarverksmiðjum og öðrum þeim, sem kaupa, er tekið tillit að öllu leyti. (Gripið fram í.) Jú, afkomu. Ég ætlast til þess, að það hafi verið tekið tillit til afkomu þeirra áður, það sé ekkert nýtt, að það hafi verið tekið tillit til hennar. Þær eru látnar leggja fram grg. um það, hvernig afkoman hafi verið og hvert þeirra gjaldþol sé og hvaða útgjaldapóstar hvíli á rekstrinum. Ég efast ekkert um, að það verður staðið að síldarákvörðun með sama hætti nú á næsta vori og áður. Ef hins vegar er ætlunin að láta síldarverksmiðjurnar bera þetta gjald, þá skulum við bara breyta frv. í þá átt. Ég held, að það sé ekki meiningin, mér dettur ekki í hug að búast við því, því að lögin gera ráð fyrir allt öðru. Hér er um það að ræða að mynda fastan útgjaldalið, ákveðinn skatt, sem alltaf hefur verið dreginn frá í sambandi við verðákvörðunina, og það verður eflaust gert eins nú, enda í rauninni í samræmi við gildandi lög.

Það er mesti misskilningur, ef hæstv. ráðh. hefur fallið fyrir þeim röksemdum hjá einhverjum, að mér sé svo sérstaklega sárt um síldarverksmiðjur. Ég á eins mörg börn í sjó í sambandi við jafnt báta og frystihús, sem í sambandi við síldarverksmiðjur. Málið snýr ekki þannig við hjá mér. Og ég á ekki von á því, að sú síldarverksmiðja, sem útvegsmenn og sjómenn á Norðfirði eiga hlutdeild í, muni skorast undan því að borga það síldarverð, sem ákveðið verður hverju sinni. Ég á ekki von á því. Rétt er því fyrir hæstv. ráðherra að líta á þetta mál alveg raunhæfum augum. Hér er um það að ræða að lækka verðið á hverju síldarmáli frá því, sem annars hefði verið hægt að ákvarða það, sem nemur a. m. k. 10 kr. Og þessi 10 kr. lækkun jafngildir því, að hlutur síldveiðisjómanna mundi lækka um 20 millj. kr. á ári, miðað við veiðimagnið á s. l. ári, og mundi einnig nema því, að eigendur síldveiðiskipa fengju um 20 millj. kr. minna fyrir sinn afla en hægt hefði verið að láta þá hafa annars, og það er af þeim ástæðum, að þessa upphæð á að taka og flytja til allt annarra aðila.

Um það, sem hæstv. ráðh. sagði hér varðandi þau orð, sem ég lét falla hér um formann Sjómannafélags Reykjavíkur, skal ég ekkert þræta við hann. Ég tel mig fylgjast sæmilega vel með í sjávarútvegsmálum, og ég segi það eins og það er, ég minnist þess ekki að hafa séð þessa kröfu koma fram frá sjómönnum nokkurn tíma áður. En hitt er svo annað mál, að ef menn vildu fara að hafa þann hátt á, þegar þeir leggja slíkan skatt sem þennan á bráttóaflaverðmæti, að þá fari helmingur þess skatts til sjómannanna eftir einhverjum öðrum krókaleiðum, þá skiptir skatturinn auðvitað engu máli. En ef aðeins lítið brot af þeim hluta, sem á að falla í hlut sjómannanna, á að ganga í sjóði einhvers tiltekins félags, er það greiðsla að mínum dómi fyrir að hafa staðið hér að óréttlátu máli.

Bókun Tryggva Helgasonar var mjög skýr og eðlileg. Hann sat hjá við afgreiðslu þeirrar tillögu, sem var um fiskverðið, en fól í sér einnig ákvörðun varðandi þetta mál. Hann lét bóka, að hann væri samþykkur fiskverðshækkuninni, en taldi, að hitt væri alls ekki málefni fiskverðsákvörðunarnefndarinnar, að fjalla um þessa skattlagningu, og það var vitanlega rétt afstaða. Viðtöl voru síðan í blöðum við Tryggva Helgason á eftir, þar sem hann lýsti yfir alveg ótvíræðri andstöðu við þessa skattlagningu, svo að það fer ekkert á milli mála, hver afstaða hans var, enda tel ég, að það hafi komið mjög skýrt fram á þeim viðtalsfundi, sem sjútvn. þingsins höfðu m. a. við hann um þetta mál.

Hvort hinn landskunni aflamaður, Eggert Gíslason skipstjóri, hefur rætt við hæstv. ráðherra um löndunarmöguleika í Noregi og löndunarmöguleika norskra skipa á Íslandi á þeim grundvelli, að hann vildi þetta vegna þess, að hann fengi hærra verð í Noregi, eða af einhverjum öðrum ástæðum, það sé ég ekki að skipti máli. En það ætla ég, að jafnglöggur maður og hann hafi áttað sig á því, hvað það er miklu betra að fá um 100 kr. meira fyrir hvert mál en að fá lægra verð, svo að hann muni taka fullt tillit til þess, þegar hann velur sér stað til að landa á. Og hann mun ekki verða einn um það, þegar þar að kemur. Sannleikurinn er sá, að það er þegar farið að bera á því með þann verðmismun, sem nú er, að ýmsir síldveiðiskip-

stjórar vilji gjarnan koma afla sínum í sölu erlendis og fá þar meira fyrir hann en þeir fá hér heima og það af ofur eðlilegum ástæðum, a. m. k. þegar aðstæður eru þannig. En ég greindi frá þessu aðeins til að benda á þær hættur, sem ég tel vera á því að skapa óeðlilegan mun á milli verðsins hér og í Noregi á þessari vöru. Ég held, að það sé mikil nauðsyn á því, að reyna að halda uppi réttlátu verði á síldarafurðum, ekki síður en á öðrum afurðum.

Ég skal svo ekki við 1. umr. lengja þessar umr., nema sérstakt tilefni gefist til, frekar en orðið er.

Sverrir Júlíusson: Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir á þskj. 263, eins og það var samþykkt við 3. umr. í Ed., er, eins og réttilega hefur verið fram tekið, í meginatriðum um það, að millifæra skal útflutningsgjald af vissum tegundum bolfiskafurðanna á síldarafurðirnar. Þá er staðfest í frv., að skipting á útflutningsgjöldunum skal vera hin sama og áður var.

Í fyrsta lagi skulum við gera okkur grein fyrir því: Er þessi breyting úr verðmætisgjaldi í magngjald sanngjörn? Ég veit, að þetta sjónarmið hefur verið uppi nokkuð lengi, sérstaklega hjá Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, skreiðarframleiðendum og öðrum, sem vinna nokkuð verðmætar pakkningar. Ég veit, að á þeim fundum, þar sem þetta hefur verið borið fram, hefur verið farið einhliða fram á, að þessu yrði breytt í magngjald, og þar með, að gjöldin lækkuðu að sama skapi. Ég veit, að Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, sem hv. 5. þm. Austf. er í varastjórn fyrir, bar ósk þessa fram á aukafundi sínum 18. jan. 1963 og var þar samþykkt einróma og sömuleiðis á aðalfundi í júní 1963 og endurtekið enn á aðalfundi í maí 1965. Þessar skoðanir hafa því verið uppi. En vissulega skal það tekið fram, að ég geng út frá því, að þeir, sem hafa staðið að þessum till., hafi ætlazt til þess, að það gengi ekki út yfir einn eða annan, nema þá helzt ríkissjóð. Nú er það svo, að þeir, sem eiga að gæta hagsmuna ríkissjóðs hverju sinni, verða að athuga um það, að álögur á hann verði ekki of miklar.

Hv. 5. þm. Austf. sagði hér áðan, að hann teldi, að verðhækkun sú, sem varð á bolfiskafurðum núna í byrjun ársins, væri of lítil. Ég er honum sammála um þetta atriði, það þurfti virkilega að hækka verðið meira en gert var. En það er ekki í fyrsta skiptið, að þeir, sem staðið hafa í samningum fyrir útvegsmenn, hafa fengið þau svör, að það væri ekki hægt að láta nema ákveðinn hluta til verðbóta, í hvaða formi sem það hefur verið. Mér er í minni einmitt þegar hv. núv. 5. þm. Austf. var sjútvmrh., að þá stóðu yfir miklar viðræður og samningar við hann um þessi efni. Ég get til glöggvunar og aðeins til gamans skýrt frá því, að verðákvörðun þá var alveg sérstaks eðlis, því að það vissu allir, að það var sérstakur sjóður, útflutningssjóður, er greiddi verðbæturnar. Sjóður þessi komst upp í tekjur á milli 12 og 13 hundruð millj. kr. Á þeim árum, sem hv. núv. 5. þm. Austf. fór með þessi mál, hækkaði skiptaverð til sjómanna nokkuð.

Það, sem ég segi hér á eftir, er miðað við línu- og netafisk slægðan með haus, í þeim tölum, sem ég nefni, mun ég einmitt halda mér við það, því að það er sú viðmiðun, sem er eðlileg og er sjálfsagt að ganga út frá, þótt nú sé sá háttur á, að fiskur sé í vaxandi mæli seldur á „fæti", ef svo mætti segja, eða óslægður. Í ársbyrjun 1957 hækkaði verð til skipta með samningum milli samtaka útvegsmanna og sjómanna úr kr. 1.30 upp í kr. 1.38, en á árinu 1958 í kr. 1.48. Á þessu tímabili hækkaði fiskverðið því til sjómanna um 13.8%. Á þessu sama tímabili, eða 3 árum, hækkaði verð til útgerðarinnar úr kr. 1.35 upp í kr. 1.71 eða um 26.7%. Þetta er aðeins til samanburðar við það, sem ég segi hér á eftir, en ekki vegna þess, að ég telji, að verðið sé nægilega hátt með þeim tilkostnaði, sem nú er, síður en svo. En það er þó rétt að geta þess, að einmitt um það leyti, sem núv. ríkisstj. tók við völdum, var hafizt handa um að ganga þannig frá hlutaskiptasamningum við sjómenn, að þeir fengju sitt verð reiknað úr sama verði og útgerðin fær hverju sinni, enda var það nauðsynlegur undanfari þess, að verðlagsráð sjávarútvegsins var sett á stofn, svo að útvegsmenn og sjómenn gætu haft samstöðu þar sem seljendur. Ég held, að óhætt sé að fullyrða, að það samstarf hafi gengið vel.

Athugum nú verð á sjávarafla frá 1960 og til þessa tíma og miðum þá við það verð, er yfirnefnd verðlagsráðsins hefur ákveðið fyrir yfirstandandi ár, og vissulega er það stór þáttur, það atriði, sem hér á að leiða til lykta með því frv., sem hér liggur fyrir, og enn fremur þær auknu greiðslur, sem ríkissjóður mun væntanlega taka á sig, eða ríkisstj. hefur lofað að beita sér fyrir að verði samþykktar. En frv. um þau atriði verður væntanlega lagt fram næstu daga.

Árið 1960 er fiskverð til skipta kr. 1.66, og er þá sama verð bæði á línufiski og netafiski. Nú er verðið, ef við miðum við línufisk, kr. 5.17, en miðað við netafisk kr. 4.67. Það er því þannig, að þegar við lítum á þessa hækkun, hefur hækkun á skiptaverði á þessu tímabili til sjómanna, miðað við netafisk, orðið 181%, en miðað við línufisk 211.4%. Nú vil ég taka fram, að það ber ekki að skilja þessa prósentutölu þannig, að hér sé um sömu hækkun á launum sjómanna að ræða. Nei, síður en svo. Þetta er út af þeirri breytingu, sem gerð var í byrjun þessa tímabils, sem ég minntist á, og vissulega er þetta ekki nema aðferð til að reikna út kaup, en ekki annað. Á þessu tímabili hafa hækkanir orðið hjá útvegsmönnum um 96.6%, ef miðað er við línufisk, en 84.6%, ef miðað er við netafisk.

Ég taldi rétt, að þetta kæmi fram og einnig það, að við erum ekkert óvanir því, að reynt sé sérstaklega, þegar málin í þjóðfélagi okkar eru þannig, að þörf er á að leita til hins almenna sjóðs í einu eða öðru formi, að þá sé skammtað eins naumt og frekast er unnt. Og ég segi það ekki hv. 5. þm. Austf. til lasts, þó að hann hafi staðið vel á verði fyrir ríkissjóðinn, þegar hann var að semja við fulltrúa útvegsmanna um þessi mál á sínum tíma. Nei, síður en svo. Það var hans skylda að gera það. En vitanlega gera þeir, sem eru fulltrúar fyrir útveginn, sitt bezta. Þeir reyna að færa rök fyrir sínu máli og komast eins langt og mögulegt er,

þó að ég geti, eins og ég sagði áðan, verið sammála hv. þm. um, að það hafi ekki verið nógu langt gengið að þessu sinni, frekar en, ég vil segja: alltaf áður, — já, alltaf áður.

Frv. liggur hér fyrir um þessa breytingu, en að því hefur verið látið liggja, að hér væri um alveg einstakt atriði að ræða, tilfærsla á útflutningsgjöldunum ætti sér ekki neitt fordæmi. Nú vil ég segja það, að við Íslendingar, jafnt útvegsmenn sem aðrir, hvar í stétt eða stöðu sem við stöndum, við gerum okkur fyllilega grein fyrir, að Ísland er fjármagnslítið land, og það verður þess vegna að leita sérstakra úrræða til þess að byggja upp bæði lánasjóði atvinnuveganna sem aðra starfsemi hér. Þess vegna hefur það alltaf hlotið verðugan stuðning útvegsmanna, að lagður væri á skattur til uppbyggingar fiskveiðasjóðsins alveg sérstaklega, og það má minnast á það, að einmitt hv. 5. þm. Austf. beitti sér með miklum myndarskap fyrir breyt. á l. um fiskveiðasjóðinn, sem færði honum auknar tekjur. En það skulum við muna, að höfuð- og aðaltekjur fiskveiðasjóðs hafa frá upphafi verið einmitt útflutningsgjöldin. Það er fyrst nú síðustu árin, sem breyting hefur orðið á. Það er með lögum um aðstoð við útveginn í ársbyrjun 1964, sem nokkur breyting var gerð, sem sagt helmingur þess hluta, sem átti að ganga af vissum afurðum, fyrst og fremst bolfiskafurðunum, til fiskveiðasjóðsins, er nú greiddur úr ríkissjóði. Þessi upphæð nam á árinu 1964 rösklega 21 millj. kr., en á árinu 1965 mun sú upphæð áreiðanlega verða nokkru hærri vegna aukins útflutnings. Þarna eru útgjöld fyrir ríkissjóð, sem hv. Alþ. samþykkti, og það er náttúrlega vegna þess, — ég má nú kannske ekki nefna það, — að gengið hefur raunverulega raskazt og vegna þess þurfa á einhvern hátt að koma uppbætur til framleiðslunnar. Það er nú þannig. (Gripið fram í.) Ég segi það, að þetta er það, sem hefur verið gert, en það er í viðtækari mæli, sem löggjafinn hefur einmitt skattlagt framleiðsluna, með aflatryggingasjóði, sem greiðir bætur til hinna einstöku útvegsmanna, sem verða fyrir skakkaföllum. Það er lagt fram að nokkru leyti af ríkissjóði og einnig aflað tekna með útflutningsgjaldi.

Ég get þá einnig til glöggvunar minnt hv. þingheim á, að það er ekki í fyrsta skipti, sem talað er um að leggja sérstakan skatt á síldarútveginn. Það var samþykkt á Alþingi 1950 að leggja á sérstakt framleiðslugjald, er nam 8%, það voru að vísu fleiri aðilar en síldarútvegurinn, sem voru skattlagðir þá um leið, bæði togarar og aðrir, og átti það að ganga til vissra þarfa fyrir útveginn. Þó var breyting gerð á þessu strax í desember 1950, en meginatriðið í sambandi við síldarútveginn, þ. e. a. s. 8% skattur, var í lögum allt til ársins 1960, 20. febrúar. Þetta kom ekki til framkvæmda, vegna þess að aflinn var svo lítill um árabil. En vegna þess, að það var hv. 5. þm. Austf., sem kom mér til þess að standa upp, verð ég að segja það, að á hans athafnasama stjórnarferli sem sjútvmrh. gerði hann enga tilraun til þess að afnema þennan skatt. En hann framkvæmdi hann aldrei, vegna þess að veiðin var svo lítil. Ég get upplýst, að það var bæði við hann sem sjútmrh. og aðra, sem umræður fóru fram í byrjun hvers árs um, að þetta kæmi ekki til framkvæmda vegna þess árferðis, sem hafði verið, en afnuminn varð hann ekki fyrr en um 1960.

Um það, sem hér hefur verið talað, að hér væri tilfærsla á milli starfshópa innan útvegsins, þetta getur kannske að vissu leyti talizt rétt, en þó ekki að öllu leyti, því að meginþorri sjómanna stundar bæði bolfiskveiðar og síldveiðar. Er eðlilegt, að þetta sé gert? Fræðilega hefur því verið haldið fram, að tilfærslan væri gerð til þess að tryggja áframhaldandi tekjur til fiskveiðasjóðs. En það er ekki hægt að segja það nema fræðilega, því að eftir frv. skiptast tekjurnar í vissum hlutföllum milli aðila. Ef þannig vildi til, að síldveiðarnar brygðust og tekjur yrðu langtum minni, mundi þetta skiptast í þeim hlutföllum, er frv. ráðgerir, milli þeirra aðila, sem eiga að fá þessar tekjur. En fræðilega er hægt að tala um það, að þetta sé þannig. Og nú skulum við aðeins líta á hvernig þetta hefur gengið til síðustu árin.

Á árinu 1960—64 veitti fiskveiðasjóður 130 bátum, er fluttir voru til landsins, ný lán. Meðalstærð þessara báta er yfir 150 lestir, en allir þeir, sem þekkja til þessara mála, vita, að það eru mjög fáir bátar undir 100 lestum, sem hafa fengið lán s. l. ár Bara út frá þessu sjónarmiði séð er ekki óeðlilegt, eins og nú horfir við, að heldur þyngri byrði sé lögð á þá, sem virðast í bili geta borið stærri bagga, því að þannig höfum við Íslendingar alltaf axlað okkar byrðar. Við höfum reynt að gera það, eftir því sem mögulegt hefur verið. Við værum e. t. v. ánægðir með það, að það þyrfti ekki að leggja á þungar álögur, heldur ausa úr einhverri hít, svo að þetta þyrfti ekki að koma við neinn. En þessu er ekki þannig varið. Þess vegna var það, að þegar þessi mál voru rædd við fulltrúa Landssambands ísl. útvegsmanna, og hvað hv. 5. þm. Austf. segir um stjórn Landssambandsins og fulltrúa útvegsmanna, liggur mér í léttu rúmi, en við verðákvörðun þá, sem átti sér stað í byrjun janúar, voru fulltrúar Landssambandsins látnir fylgjast með þessu gegnum sinn fulltrúa í yfirnefndinni, og þeir töldu, að miðað við allar aðstæður væri rétt að samþykkja þessa tilfærslu. Fulltrúa sjómanna í yfirnefnd hefur borið hér á góma, og því hefur verið haldið fram, að hann hafi verið á móti tilfærslunni. Það var lesin hér upp bókun hans í sambandi við verðákvörðunina, og ég veit, að hún er alveg rétt. Ég ætla ekki að gera honum upp nokkur orð, en ég veit, að hann var hlynntur tilfærslu fram undir síðustu tíma afgreiðslunnar. Og það má einnig upplýsa, að talað var um meiri tilfærslu, allt að 6%, og ég býst við, að hv. 5. þm. Austf. sé einmitt fyllilega kunnugt um þetta atriði. Mér hefur verið tjáð og það svo skilmerkilega, að ég hef trúað því, að Tryggvi Helgason hafi ekki léð máls á svo mikilli tilfærslu, þ. e. a. s. 6%.

Ég skal ekki hér við þessa 1. umr. teygja tímann með því að fara að hafa þetta miklu lengra. Það er vissulega ýmislegt, sem kom fram í ræðu hv. 5. þm. Austf., sem hægt væri að ræða um og gera aths. við, en það gefst þá kannske tækifæri til þess síðar. Önnur atriði, sem fram hafa

komið, verða rædd í sjútvn., og þar sem ég á sæti þar, geri ég ráð fyrir, að ég geti komið mínum sjónarmiðum að. Ég vildi sem sagt nota þetta fyrsta tækifæri til þess að lýsa yfir, að þrátt fyrir það, þótt bæði stjórn Landssambandsins og hin ýmsu félög hafi verið óánægð með fiskverðið, er það sannast sagna, að forsvarsmenn þeirra hafa samþykkt þessa tilfærslu og styðja hana, eins og ég sagði áðan, og miðað við allar aðstæður, sýnist þetta vera skynsamlegt, eins og málin standa nú.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 29 shlj. atkv. og til sjútvn. með 30 shlj. atkv.

Á 47. fundi í Nd., 28. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 263, n. 267, 268 og 269, 270).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. og brtt.— Afbrigði leyfð og samþ. með 23 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Birgir Finnsson): Herra forseti. Eins og fram kemur í nál. meiri hl. sjútvn. á þskj. 267, hefur n. ekki orðið sammála um afgreiðslu frv., og hefur reyndar þríklofnað, eins og önnur þskj. bera með sér. Meiri hl. n. leggur til, að frv. verði samþ., en vegna þess að einn úr okkar hópi, sem að því nál. stöndum, gerði ráð fyrir, að hann mundi e. t. v. flytja brtt. við frv., settum við þann fyrirvara í okkar nál., að við áskildum okkur rétt til að flytja eða fylgja brtt. Um aðrar brtt. var ekki getið á fundi sjútvn., en ég sé, að hv. 2. minni hl. hefur flutt tvær minni háttar brtt. á þskj. 270. Að sjálfsögðu hefur sjútvn. ekki um þær fjallað, þar sem þeirra var ekki getið á fundi nefndarinnar.

Það er mikið búið að ræða þetta mál, bæði í hv. Ed. og við 1. umr. í þessari d., og ég sé ekki ástæðu til að fara um það mörgum orðum, en ég vil sérstaklega geta tveggja erinda, sem n. bárust, frá Sjómannasambandi Íslands og frá stjórn Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, og tekin voru fyrir til umr. í sjútvn.

Erindi þessi fjalla bæði um mál, sem getið hefur verið í umr., en það er sú ósk sjómannasamtakanna, að þeim verði ætlaður jafnhár hlutur af útflutningsgjaldi af sjávarafurðum og ætlaður er Landssambandi ísl. útvegsmanna. Ég tel ekki ástæðu til að lesa þessi erindi orði til orðs. Þetta er kjarni málsins. En ég vil af sérstöku tilefni geta þess, að bréf þessi bera með sér, að þetta mál hafa Sjómannasambandið og Farmanna- og fiskimannasambandið flutt við hæstv. sjútvmrh. löngu fyrir áramót, eða Sjómannasambandið þann 1. nóv. s. l. og Farmanna- og fiskimannasambandið þann 9. des. s. l., eða löngu áður en það kom til að ákveða fiskverðið fyrir 1966 á þann hátt, sem gert var með úrskurði yfirnefndar verðlagsráðsins. Sjómannasamtökin hafa, þrátt fyrir það að þau komu ekki þessu málefni sínu fram hjá yfirnefndinni, veitt þeirri lausn á fiskverðinu fullan stuðning, sem felst í því frv., sem hér er til umr. Þetta var staðfest af formanni Sjómannasambandsins á sameiginlegum fundi beggja sjútvn., þar sem mættur var oddamaður yfirnefndar og fulltrúar frá fiskseljendum og fiskkaupendum. Ég tel þess vegna, að sjómannasamtökin bindi það alls ekki því skilyrði, að þau fái þessu erindi sínu framgengt, að þau fallizt á ákvörðunina um fiskverðið. Hitt er svo annað mál og er ekki óeðlilegt af þeirra hálfu, að þau geri enn eina tilraun til þess að koma þessu áhugamáli sínu fram í sambandi við frv., sem hér liggur fyrir.

Eins og fram kemur í grg. með frv., er sú meginbreyting gerð á útflutningsgjaldinu, að í veigamiklum atriðum er því breytt úr verðmætisgjaldi í magngjald, og er þetta gert samkv. eindregnum óskum fiskframleiðenda sjálfra, eða, eins og segir í grg. með frv., með leyfi hæstv. forseta:

„Á undanförnum árum hafa útflytjendur freðfisks, saltfisks og skreiðar hvað eftir annað óskað þess, að útflutningsgjaldi á þessum vörum yrði breytt í magngjald. Hafa þeir réttilega bent á, að verðmætisgjald legðist með miklum þunga á þær vörur, sem mest eru unnar og verðmætastar á hverja þungaeiningu. Verðmætisgjaldið dragi því beinlínis úr áhuga útflytjenda á aukinni vinnslu, t. d. á framleiðslu fisks í neytendaumbúðum. Þar sem tekjur af útflutningsgjaldi ganga svo til eingöngu til greiðslu útgjalda vegna fiskveiðiflotans, er eðlilegast, að útflutningsgjaldið leggist á verðmæti hráefnis, en ekki á verðmæti fullunninnar vöru. Það er hins vegar ekki framkvæmanlegt að miða gjaldið við verðmæti hráefnis, og er því í staðinn í þessu frv. farin sú leið, að gjald sé lagt á hverja magneiningu hinnar útfluttu vöru. Verður gjaldið þeim mun lægra í hlutfalli við verðmæti, sem varan er verðmætari, en því hærri í hlutfalli við verðmæti, sem varan er verðminni. Auðséð er, að með þessu móti mundi gjald á vörum, sem eru mjög ódýrar miðað við þungaeiningu, geta orðið of hátt. Gildir þetta t. d. um fiskúrgang og heilfrystan fisk. Er því í þessu frv. lagt til, að þessar vörur, ásamt söltuðum þunnildum og söltuðum hrognum, greiði áfram hið sama verðmætisgjald og áður, 4.2%. Enn fremur er í frv. almennt ákveði þess efnis, að engin afurð skuli greiða hærra gjald af magni en hún hefur áður greitt af verðmæti."

Í þessum orðum í grg. með frv. er því lýst, hvað er í raun og veru meginkjarni þessa máls, og á þeim sameiginlega fundi sjútvn. beggja deilda, sem ég gat um áðan, staðfestu þeir menn, sem þar voru fulltrúar fyrir fiskseljendur, að þessi breyting væri gerð sérstaklega samkv. þeirra óskum. Hitt er svo annað mál, að það hefur ekki reynzt að öllu leyti unnt að framkvæma hugmyndina um magngjaldið eins og gert er ráð fyrir í frv., en þeir fulltrúar fiskkaupenda og fiskseljenda, sem mættir voru á margnefndum fundi, staðfestu, að þau frávik, sem gerð hefðu verið frá þessu, væru gerð með fullri vitund og samþykki þeirra.

Ég vil alveg sérstaklega vekja athygli manna á þessari meginbreytingu á útflutningsgjaldinu vegna þess, að það hefur oft verið haft á orði, að við Íslendingar ættum að leggja meiri áherzlu á það að fullvinna vöru okkar til útflutnings og gera hana þannig verðmeiri, en með þessari breytingu er slík þróun einmitt örvuð. Það hefur verið hér mikið talað um það, að sú tilfærsla, sem samkv. frv. verður á útflutnings-

gjaldinu, þ. e. að um 38 millj. kr. verði fluttar frá síldveiðunum og yfir til annarra greina fiskveiðanna, væri þung skattlagning. Á þessu hefur verið hamrað æ ofan í æ, og nú seinast sé ég, að þessu sama er haldið fram hér í nál. hv. 1. minni hl. Ég vil aðeins í þessu sambandi benda á, að það er alls ekki réttmætt að kalla útflutningsgjaldið skattlagningu í venjulegri merkingu þess orðs. Eins og fram kemur í 3. gr. frv., er þessu gjaldi öllu varið til sérstakra þarfa sjávarútvegsins. Það fyrirkomulag að taka vátryggingargjöld fiskiskipa, framlag til fiskveiðasjóðs, til fiskimálasjóðs, til byggingar rannsóknastofnunar sjávarútvegsins, til byggingar haf- og fiskirannsóknaskips og framlag til Landssambands ísl. útvegsmanna er á haft samkv. ósk útvegsmanna sjálfra og þeirra samtaka. Þetta er ekki skattur, sem fer í almenna eyðslu hjá ríkinu, heldur er gjaldinu varið til hinna sérstöku þarfa, sem þarna eru taldar upp og allar snerta útveginn sjálfan. Sérstaklega mætti benda á það, að einmitt fiskveiðasjóður hefur hvað mest lánað til mikillar uppbyggingar á skipastólnum, sem hefur gert það að verkum, að við eigum núna stór og vel útbúin fiskiskip, sem eru fær um að sækja síldina mörg hundruð mílur til hafs eða jafnvel til stranda annarra landa. Þess vegna er það mín skoðun, að það sé ekki nein goðgá, þótt síldarútgerðin sé nú, þegar hún gengur að ýmsu leyti vel, látin bera meira af gjaldinu en áður. Þó veit ég, að nokkrir minni bátar, sem áður voru gerðir út á síldveiði, eiga í erfiðleikum, en almennt má segja, að sá floti, sem nú er til þess hæfur að stunda síldveiðar, hafi góða afkomu, og þegar þannig er ástatt, þá er það frá mínum bæjardyrum séð ekki nein goðgá, þótt hann sé látinn standa undir þessu gjaldi í ríkara mæli en áður, einkum og sér í lagi þar sem þetta gjald rennur allt saman til sjávarútvegsins í heild. Það er mín skoðun, að í sjávarútveginum, þar sem á ýmsu getur gengið frá ári til árs, verði einmitt þær greinar, sem í það og það skiptið bera sig ekki að öllu leyti, að fá stuðning frá þeim greinum, sem það gera. Sjávarútvegurinn er áhættusöm starfsemi, og það kemur þar margt til greina, en í langflestum tilfellum eru það sömu aðilar, sem hafa hagsmuna að gæta bæði í sjálfri útgerðinni og í fiskverkuninni, þegar á allt er litið.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fara um þetta fleiri orðum, nema tilefni gefist til. En út af erindi Sjómannasambandsins og stjórnar Farmanna- og fiskimannasambands Íslands vil ég segja það sem mína skoðun, eins og ég gerði í sjútvn., að ég tel, að það sé ekki í sambandi við þetta frv. hægt að verða við því erindi. Frv. er hnitmiðað við það samkomulag, sem gert var í sambandi við fiskverðshækkunina, og ef eitthvað ætti að líta nánar á þetta erindi, yrði það að ske seinna.

Það hefur verið talað um það, að fiskverðshækkunin væri of lítil, og það má auðvitað lengi segja, að útgerðin fái ekki nægilegt í sinn hlut. Ég vil þó að endingu á það benda, að síðan verðlagsráð sjávarútvegsins tók til starfa, er hér um að ræða mestu hækkun á fiskverði á milli ára, sem orðið hefur. Árið 1963 var hækkunin samkv. útreikningum verðlagsráðs 9½%, 1964 var hún 6%, 1965 var hún 7%, en nú er á þessu ári gert ráð fyrir 17% hækkun. Þessar prósentutölur verða að vísu lítið eitt lægri öll árin, ef miðað er við raunverulega skiptingu á afla, samkv. útreikningi Efnahagsstofnunarinnar, en það munar auðvitað sáralitlu. Niðurstaðan er sú sama. Prósentuhækkunin er meiri á milli ára núna en hún hefur verið nokkurt undanfarinna ára, síðan verðlagsráðið tók til starfa. Eftir reikningi Efnahagsstofnunarinnar verður þetta fyrir 1963 8.3%, fyrir 1964 8.8%, fyrir 1965 5.9% og fyrir 1966 16.9%, ef reiknað er með raunverulegri aflaskiptingu 1965.

Ég hef þetta svo ekki lengra, herra forseti, en leyfi mér fyrir hönd meiri hl. sjútvn. að mæla með því, að frv. verði samþ.

Frsm. 1. minni hl. (Lúðvík Jósefsson): Herra forseti. Ég ræddi þetta mál hér allýtarlega við 1. umr. þess og gaf þá hér þær upplýsingar um málið, sem mér fannst mestu máli skipta, til þess að hægt væri að glöggva sig á málinu sem heild. Við það, sem ég sagði þar, komu hér ekki fram neinar aths. við meginatriði málsins, og hygg ég, að það hafi í rauninni komið skýrt fram, að öll meginatriði, þau sem ég dró hér fram um efnisatriði málsins, eru fullkomlega rétt. Hitt er svo annað mál, að það eru skiptar skoðanir um það. hvaða afstöðu beri að taka til málsins þrátt fyrir þær meginstaðreyndir, sem ég lagði á áherzlu í ræðu minni, þegar málið var til 1. umr. Ég mun því ekki nú að þessu sinni ræða hér málið í löngu máli, ég sé ekki til þess neina ástæðu, en víkja aðeins að örfáum atriðum.

Ég hef bent á það, að verðlagning á fiski um s. l. áramót, þegar ákveðið var að hækka fiskverðið að meðaltali um 17%, er ekkert aðalatriði þessa máls. Það stendur enginn ágreiningur, ekki a. m. k. á milli mín og þeirra, sem að þessu frv. standa, um þá verðlagningu. Ég tel, að fiskverðshækkunin þá hafi ekki mátt vera minni, en hins vegar eru mikil rök fyrir því að mínum dómi, að fiskverðshækkunin hefði þurft að vera meiri. Það er heldur ekkert aðalatriði varðandi skoðun mína og meiri hl. eða þeirra, sem standa að þessu frv., hvort fiskkaupendurnir í landinu, frystihúsin, hefðu getað borgað þessa fiskverðshækkun án alls stuðnings eða ekki. Ég held því fram, að það sé ekki sannað mál, að frystihúsin hefðu ekki getað hjálparlaust risið undir þessari hækkun. En það er þó ekkert aðalatriði í þessum efnum frá minni hálfu. Ég er sannfærður um það, að ýmis frystihús í landinu hafa haft þannig aðstöðu nú um tveggja ára skeið, að þau hafa haft góðan rekstur og hefðu vissulega getað risið undir þessari fiskverðshækkun, sem þarna var ákveðin. En ég er líka jafnviss um, að það eru til ýmis önnur frystihús, sem búa við miklu lakari rekstur. Sem sagt, hvort frystihúsin hafa getað greitt 13% af þessari fiskverðshækkun eða 17%, það er ekkert aðalatriði málsins. Ég hefði fyllilega verið til viðtals um það að reyna að brúa þetta bil á milli 13% og 17%, eða þetta, sem nú er metið í kringum 40 millj. kr., *ef það hefði almennt verið álit manna*, að það þyrfti að hlaupa undir bagga með frystihúsunum sem heild í þessum

tilfellum. Sú upphæð, sem hér var um að ræða, tel ég að skipti hér ekki höfuðmáli. Það mátti eins og oft áður finna þar ýmsar leiðir til þess að brúa bilið. En þessa leið, sem valin hefur verið, tel ég ranga og hættulega, og ég er á móti henni.

Ég vil í þessum efnum taka það alveg skýrt fram, að það er ranglega eftir mér haft og mitt mál ranglega skilið, þegar því er haldið fram, að ég sé á móti því, sem lagt er til í þessu frv., vegna þess að ég telji, að frystihúsin hafi grætt slíkar milljónafúlgur á undanförnum árum. Mér kemur ekki til hugar að halda slíku fram. Ég veit, að þar er um mjög misjafnan rekstur að ræða. Sum frystihúsin hafa hagnazt vel, enda liggur það nú fyrir í opinberum framtölum þessara aðila, sem hér hafa verið gerð að umtalsefni. En það á ekki við um þau öll. En ég álít, að það hefði verið miklu eðlilegra að bregðast við þessum vanda á eitthvað svipaðan hátt og gert hefur verið áður. Ef það hefði virkilega verið skoðun manna, að þessi baggi væri ekki leggjandi á frystihúsin sem heild, hefði verið miklu réttara, að þjóðarheildin hefði lagt fram þá fúlgu, sem hér væri um að ræða, til þess að brúa bilið að þessu sinni. En hin leiðin, sem valin var, að ákveða það, að tiltekin grein sjávarútvegsins skuli bera þennan bagga og styrkja á þann hátt aðra starfsgrein, sem ég efast um fyrir mitt leyti að búi við lakari kjör heldur en sú, sem á að greiða, þegar almennt er litið á málið, á móti því er ég algerlega, og ég hef varað við þeirri leið, sem hér er verið að leggja inn á, og ég vil benda á það, að hér kom fram í ræðu hv. formanns sjútvn. Nd., sem hér talaði næst á undan mér, hann lýsti því beinlínis yfir sem sinni almennu skoðun, að svo ætti að halda á málunum, að þegar ein grein, t. d. sjávarútvegsins, getur ekki risið undir sínum framleiðslukostnaði, eigi sú önnur grein sjávarútvegsins, sem kann að búa við betri kjör, að koma til hjálpar. Á móti þessu er ég algerlega og tel hér um mjög hættulega stefnu að ræða, ekki síst vegna þess, að vitanlega verður þetta þannig, eins og nú er stofnað til, þá eru í mörgum tilfellum þeir, sem eiga í vök að verjast, eins og vissir síldarútvegsmenn eiga, látnir standa undir stuðningi til frystihúsanna almennt í landinu, þar sem eru innan veggja einnig þeir, sem búa við miklu betri rekstrarafkomu heldur en sumir síldveiðiútgerðarmenn gera.

Ef frv. þetta verður samþ. eins og það liggur fyrir, er óumdeilanlega að því stefnt að leggja þau gjöld á síldarafurðir, að verðið á hverju síldarmáli til bræðslu lækkar um 10 kr. frá því, sem nú er. Um þetta er ekki hægt að deila. Þessi tilfærsla nemur því, miðað við núverandi verðlagningu, enda hefur enginn reynt að neita þessu. Það hefur að vísu aðeins verið látið í það skína, svona eins og til þess að gera sinn hatt svolítið fegurri, að þessi skattur gæti vel komið til með að leggjast að einhverju leyti á síldarbræðslu í landinu, sem búið hafi við góða afkomu. En því fer alls fjarri að óbreyttum lögum. Það er ekki verið að leggja þennan skatt á einn eða neinn hátt á síldarbræðsluna í landinu, slíkt er hrein blekking. Verðlagningin á síld fer þannig fram, að þar er miðað við það að taka fullt tillit til þess verðs, sem fæst fyrir afurðirnar, og einnig til þeirra gjalda, sem viðurkennd eru sem útgjöld í rekstrinum, og útflutningsgjöldin eru þar viðurkennd fullkomlega sem útgjaldaliður, og ég efast ekkert um, að það verður eins og nú og það hefur verið, að útflutningsgjöldin verða hér dregin frá sem hver annar kostnaðarliður og síldarverðið verður miðað við það. Ef ætti að leggja þetta á síldarverksmiðjurnar í landinu, þyrfti að breyta lögum til þess.

Ég hef einnig bent á, að þessi nýi síldarskattur þýðir það, að þá eru útflutningsgjöldin á bræðslusíldarafurðum orðin svo há, að það nemur 40 kr. á hvert síldarmál, því að útflutningsgjöldin eru þá komin upp í 8%, sem mun vera algert einsdæmi, að leggja slíkan skatt á útflutningsvöru hjá nokkurri þjóð. Ég tel, að þessi skattur sé orðinn allt of hár og nái engri átt. Ég hef einnig bent á það, að þessi skattur, sem nemur 10 kr. á hvert síldarmál, mun jafngilda í kringum 8 þús. kr. meðaltalsskatti á hvern síldveiðisjómann í landinu á ári. Sumir þeirra auðvitað verða að borga allmiklu meira, þeir sem eru á miklum aflaskipum, en hinir geta borgað eitthvað nokkru minna. Þetta er býsna mikill skattur og það ekki sízt þegar til þess er tekið tillit, að áður er búið að leggja allháan skatt í þessum efnum á síldveiðisjómenn og síldarútgerðarmenn.

Ég hef líka dregið það fram í þessum umr., að svo er nú komið þessum útflutningsgjöldum, að það er gert ráð fyrir því, að frá síldarútveginum komi um 200 millj. kr. á ári í útflutningsgjöld af samtals 280 millj., eða sem sagt, að öll önnur útgerð greiði aðeins í útflutningsgjöld í kringum 80 millj. Hér er vitanlega farið að mismuna stórkostlega hinum ýmsu útgerðarþáttum. Þetta álít ég, að sé mjög varhugavert.

Það hefur verið minnzt á það hér í þessum umr., að fram hafi komið erindi frá Sjómannasambandinu og Farmannasambandinu, þar sem þessir aðilar óska eftir því að fá í sinn hlut nokkurn hluta af þessu háa útflutningsgjaldi, og þeir hafa af skiljanlegum ástæðum þar borið sig saman við samtök útgerðarmanna, sem nú fá 0.8% af útflutningsgjaldinu, eða eins og nú er komið nokkuð á 3. millj. kr. á ári. Ég skal taka það fram, að það er auðvitað ofur eðlilegt, að samtök sjómanna, sem á óbeinan hátt verða að taka þátt í þessu útflutningsgjaldi, setji fram kröfur í þessa átt, ekki síst þegar þessi gjöld hækka í sífellu. En í mínum augum dugir það ekki. Þó að svo yrði haldið á málinu, að samtök sjómanna fengju hér nokkurn hlut af þessu gjaldi, réttlætir það ekki gjaldið eigi að síður. Ég fyrir mitt leyti er jafnmikið á móti gjaldinu, þó að það væri ákveðið. En hitt get ég játað, að það væri jafnmikil sanngirni, að samtök sjómanna í landinu fái þarna nokkurn hluta af þessu gjaldi eins og samtök útgerðarmanna fá það. En hitt held ég líka alveg fráleitt, ef þannig yrði haldið á því máli, að Sjómannasambandið og Farmannasambandið fengju hluta af þessu gjaldi á svipaðan hátt og Landssamband ísl. útvegsmanna fær, en hins vegar yrði Alþýðusambandið skilið eftir, en innan þess vébanda er mikill meiri hl. sjómanna. Það er vitanlega ekki hægt að neita því, að utan Sjómannasambands-

ins og Farmannasambandsins er sá stóri hluti íslenzkra síldveiðisjómanna, þó að allmargir þeirra séu að vísu í þessum samtökum.

En ég geri ekki hér neina till. í þessa átt, af því að ég tel, að það eigi ekki að samþykkja þetta frv., það eigi að fella það, og það sé engu tapað við það að fella frv. Jafnvel þeir, sem telja, að það sé ekki hægt að gera fiskkaupendum í landinu þá skyldu að borga það fiskverð, sem ákveðið hefur verið, án stuðnings, þeir gætu þá vitanlega tekið það mál upp sérstaklega að finna leiðir til þess að styðja þá um þá fjárhæð, sem þetta frv. fjallar um. Og ég fyrir mitt leyti vildi taka þátt í því að reyna að finna einhverjar leiðir til þess að brúa þetta bil, því að það tel ég að skipti ekki höfuðmáli, hvort fiskkaupendur fá þennan styrk eða hvort þeim verður nú gert það að greiða þessa upphæð líka án nokkurs styrks á þessu ári.

Það er mín skoðun, að þegar slík vandamál koma upp eins og það, sem hér hefur nú orðið til þess, að farið er inn á þessa braut, þegar svo hefur til tekizt, að framleiðslukostnaðurinn í landinu hefur vaxið svo mikið, að útflutningsframleiðslan fær ekki undir risið, eigi slíkt vandamál að vera vandamál þjóðarheildarinnar. Þá beri vitanlega að koma útflutningsframleiðslunni til stuðnings með almennum ráðstöfunum, með almennri tekjuöflun, sem flutt er þá yfir til þeirra, eftir því sem rétt þykir hverju sinni, en það beri að hafna með öllu þeirri leið, að þá eigi að velja einhverja aðra grein sjávarútvegsins, sem kann að vera aðeins ofan á í það skiptið, og leggja baggann á hana.

Ég hef bent á það, að þetta mál er ekki svo einfalt sem sumum kann að virðast í byrjun. Það verður ekki lengi, ef menn taka upp þetta sem stefnu, hægt að binda sig við þessa ráðstöfun eina. Ég hef bent á það, að nú eru starfandi tvær n. á vegum ríkisstj. út af sérstökum vandamálum tiltekinna greina sjávarútvegsins. Það situr að störfum ákveðin n., sem fjallar um vandamál togaraflotans, og ég hygg, að það sé enginn vafi á því, að togaraflotinn eigi í nokkrum rekstrarerfiðleikum. Eftir hinni nýju stefnu á nú að leysa vandamál togaraflotans á þann hátt að kíkja eftir því, hvar getur fundizt í hinum ýmsu greinum sjávarútvegsins einhver þáttur, sem e. t. v. er á jöfnuði eða kann að skila í einhverjum tilfellum einhverjum afgangi, og þá á að leggja skatt á þá grein togaraútgerðinnar til stuðnings. Önnur n. er einnig starfandi á vegum ríkisstj., sem er að athuga um vandamál hinna minni vélbáta, af stærðinni frá 45 lestir upp í 120. Ég tel engan vafa heldur vera á því, að þar þurfi að koma til nokkur aðstoð, og þá á einnig að vera eftir þessari nýju leið aðferðin að finna út, á hvaða grein sjávarútvegsins eigi að leggja sérstakan skatt þessum aðilum til stuðnings. Ég er a. m. k. alveg viss um það, að þess verður ekki langt að bíða, að frystihúsaeigendur, sem sumir hverjir gera sig ánægða með þessa tilfærslu í dag, verða ekki ánægðir með það, þegar þeir verða heimsóttir með sérstakan skatt allt öðrum aðilum til stuðnings, því að auðvitað hlýtur það að leiða að því, að þeir verða skattlagðir innan skamms, nema þá sú leið verði einnig farin að velja þar úr aðeins tiltekna aðila og skattleggja þá sérstaklega, en ekki fiskkaupendur alla.

Það hefur lítil áhrif á mig, þegar því er haldið fram, að hér sé ekki um neina skattlagningu að ræða. Það er að vísu ekki alveg ný skilgreining á þessum hlutum, hvað er skattlagning og hvað er ekki skattlagning. Nú er mönnum sagt: Þetta er ekki skattlganing, vegna þess að viss grein sjávarútvegsins á að bera þetta gjald og aðrar greinar sjávarútvegsins fá svo gjaldið til sín, hér er um millifærslu að ræða og þar af leiðandi er þetta ekki skattur. — Alveg á nákvæmlega sama hátt gætum við sagt, að útsvörin væru ekki neinn skattur, þar væri verið að leggja á ákveðna aðila í byggðarlaginu og dreifa svo þessum tekjum aftur út til sömu þegna á sama stað í öðru formi. Auðvitað er það skattlagning fyrir þá, sem verða að þola það, að samkv. þessum lagaákvæðum á að taka af þeim ákveðnar fjárfúlgur, sem þeir verða að greiða af höndum. Og sú upphæð á að flytjast í flestum tilfellum til allt annarra aðila.

Mín afstaða til frv. er sú, að ég legg til, að frv. verði felit, og til vara vildi ég leggja það til, að þeir, sem standa að þessu frv., lærðu þó það á flutningi þessa máls og þeim umr., sem hér hafa farið fram, að þeir flyttu aldrei mál hér aftur, sem væri markað af sömu stefnu.

Frsm. 2. minni hl. (Jón Skaftason): Herra forseti. Það frv., sem nú er verið að ræða hér í hv. d., um útflutningsgjald af sjávarafurðum, sýnir vel, hvernig komið er hag annars meginþáttar sjávarútvegsins, þ. e. a. s. bolfiskveiðanna. Á tímum síhækkandi verðlags á útfluttum sjávarafurðum og umtalsverðra umbóta í rekstri fiskvinnslustöðvanna er því slegið föstu, að fiskkaupendur geti ekki greitt verð, sem er í algeru lágmarki fyrir ferskfiskinn, og þurfi að færa til þeirra 40 millj. kr. frá síldveiðisjómönnum og síldveiðiútvegsmönnum, til þess að vetrarvertíð í ár geti hafizt. Hér er um alvarleg tíðindi að ræða, sem ástæða er til þess að gefa fyllsta gaum. Við framsóknarmenn höfum ítrekað bæði innan þings og utan bent á þá hættu, sem ört vaxandi verðbólga skapaði undirstöðuatvinnuvegum þjóðarinnar. Við höfum lagt til á hv. Alþ., að fulltrúar allra flokka yrðu til þess sérstaklega settir að reyna að finna till. og hafa samstöðu um flutning till. á hv. Alþ. til lausnar dýrtíðarvandamálunum. En við höldum því fram, að margra ára reynsla sé fyrir því, að án allvíðtækrar samstöðu í þinginu og eins utan veggja þingsalanna sé borin von, að við þau erfiðu vandamál verði hægt að fást með árangri. Till. okkar í þessum efnum hafa allar verið stráfelldar, og flm. þeirra hefur af hálfu stjórnarliða verið gerður upp alls kyns annarlegur tilgangur í sambandi við tillöguflutninginn. Á meðan á þessu þófi hefur staðið, hefur dýrtíðin geystst áfram í þjóðfélaginu af óþekktum krafti, og hæstv. núv. ríkisstj. hefur gersamlega staðið ráðþrota gegn þeim vanda, sem hún hefur skapað í þjóðfélaginu og þá ekki síst í undirstöðuatvinnuvegum þjóðarinnar.

Þegar sú staðreynd er höfð í huga, að það er fyrst og fremst verðbólgan, sem er bein afleiðing þeirrar stjórnarstefnu, sem fylgt hefur ver-

ið í landinu á undanförnum árum, sem vandamálunum veldur í sjávarútveginum, er sú bráðabirgðalausn, sem frv. það, sem hér liggur fyrir og felur í sér að leysa vandann í þetta skipti á kostnað síldarsjómanna og síldarútvegsmanna, ósanngjörn í meira lagi, því að með engum rökum verður þessum sérstöku þegnum þjóðfélagsins kennt um verðbólguna. Hver atvinnugreinin af annarri ber sig nú upp undan erfiðleikum, sem við er að stríða hjá þeim í rekstri vegna vaxandi dýrtíðar og hækkandi rekstrarkostnaðar.

Formaður Stéttarsambands bænda lýsti þessu nýverið nokkuð í grein, er hann skrifaði í janúarhefti Freys. Þar sagði hann, með leyfi hæstv. forseta, m. a.: „Þýðingarmestu ályktanirnar, sem draga má af niðurstöðum þessara reikninga, eru þær, að bændur, eins og allur almenningur, tapa sífellt á verðbólgunni, að framleiðslukostnaðarverð á afurðum fjarlægist það að geta orðið samkeppnisfært á erlendum mörkuðum, eftir því sem dýrtíðin eykst.“ Enn fremur sagði hann, að það væri höfuðnauðsyn fyrir bændur sem þjóðfélagið í heild, að verðbólgan yrði stöðvuð.

Gunnar J. Friðriksson, formaður Félags ísl. iðnrekenda, skrifaði um ástandið í iðnaðinum við áramótin síðustu í grein, sem birtist í Morgunblaðinu 14. jan. s. l. Hann hafði þar m. a. þetta að segja:

„Á árinu 1964 tóku erfiðleikar að gera vart við sig í ýmsum greinum verksmiðjuiðnaðarins. Stöfuðu þeir af stórauknu frjálsræði í innflutningi, lækkun tollverndar með nýjum tollalögum, sem sett voru á miðju árinu 1963, og vegna örrar hækkunar framleiðslukostnaðar.“

Úr röðum sjávarútvegsmanna hafa þó kvartanirnar orðið mestar, sem vonlegt er, þar sem þeir verða að sæta erlendu markaðsverði fyrir framleiðslu sína, sem í mörgum tilfellum stendur ekki undir sívaxandi tilkostnaði við framleiðsluna þrátt fyrir umtalsverðar hækkanir á erlendum mörkuðum undanfarin ár.

Loftur Bjarnason hefur nýlega í ræðu lýst ástandinu í togaraútgerð landsmanna. Hæstv. sjútvmrh. skipaði sérstaka n. seint á s. l. ári til þess að athuga um leiðir til úrbóta á rekstrarvandamálum smærri báta í landinu, og margir útvegsmenn hafa vitnað um það í blöðum og á mannfundum að undanförnu, að rekstrargrundvöllurinn í sumum greinum útgerðarinnar væri nánast brostinn af völdum verðbólgunnar. Finnbogi Guðmundsson sagði m. a. í Þjóðviljanum 2. febr. s. l.: „Mér er óhætt að fullyrða, að við flestir atvinnurekendur í sjávarútvegi erum ákaflega kvíðnir út af framtíðinni vegna spennunnar á vinnumarkaðinum og hinnar gegndarlausu verðbólgu.“ Nýafstaðið fiskiþing lagði höfuðáherzlu á, að allt væri gert, sem unnt væri, til þess að stöðva dýrtíðina og engar nýjar álögur yrðu lagðar á útgerðina. Nýafstaðinn fundur frystihúsaeigenda, sem haldinn var s. l. föstudag hér í Reykjavík, samþykkti samhljóða að lýsa yfir áhyggjum sínum vegna vaxandi verðbólgu og mikillar samkeppni um takmarkað vinnuafl í landinu.

Það liggur þannig ljóst fyrir og er hafið yfir allan efa, að öllum höfuðatvinnuvegum landsmanna er verðbólgan ákaflega þung í skauti og aðalkrafa fyrirsvarsmanna allra þessara atvinnugreina er sú, að ríkisstj. og þingmeirihl. ráðist til atlögu gegn verðbólguvandanum. Þetta er að vísu ekki nýtt, því að svipaðar raddir höfum við áður heyrt. En það er mjög greinilegt, að þær fara nú í vöxt, þeim fjölgar, sem þessi ummæli hafa uppi, og raddir þeirra verða háværari. En hæstv. ríkisstj. hefur tekizt illa til í baráttunni við dýrtíðardrauginn þrátt fyrir mjög stóryrtar yfirlýsingar í upphafi valdaferils síns um fastan ásetning sinn um að framkvæma nú loks þær aðgerðir, er duga mundu í eitt skipti fyrir öll til þess að skera fyrir meinsemdir verðbólgunnar í landinu. Það er sagt í grg. með frv. þessu, og það kom einnig fram í ræðu hæstv. sjútvmrh., er hann fylgdi frv. þessu úr hlaði, að frv. er byggt á samkomulagi, sem tókst með fulltrúum fiskseljenda og fiskkaupenda í yfirnefnd verðlagsráðs sjávarútvegsins, þegar það fjallaði um verðákvörðunina á ferskfiski fyrir yfirstandandi verðlagsár. Þar sem verðákvörðun sú, sem samkomulag tókst um, 17%, gildir aðeins fyrir árið í ár, sýnist mér það rökrétt afleiðing að láta hækkun útflutningsgjaldsins á bræðslusíldarafurðum, sem stendur undir fiskverðshækkuninni að nokkru leyti, aðeins gilda fyrir sama tíma. Augljóst er a. m. k. að mínu viti, að lengri gildistími hins hækkaða útflutningsgjalds getur ekki byggzt á fyrrgreindu samkomulagi. Við hv. 3. þm. Norðurl. e. flytjum því sérstaka brtt. á þskj. 270 í þessa stefnu.

Ég vil að gefnu tilefni taka fram, og ég hygg, að ég mæli þar fyrir munn okkar framsóknarmannanna, sem stöndum að þessu nál., að við erum samþykkir þeirri meginstefnu út af fyrir sig, sem fram kemur í 2. gr. frv., að miða útflutningsgjaldið við magngjald, en ekki við verðmæti, enda flutti ég á hv. Alþ. á árinu 1963 frv. í þessa stefnu, sem þá hlaut ekki stuðning úr röðum stjórnarliða. Afstaða okkar, sem að nál. á þskj. 269, stöndum, er sú að leggjast ekki gegn framgangi þessa frv., af því og af því eingöngu að allvíðtækt samkomulag virðist hafa tekizt um meginefni þess með fulltrúum fiskseljenda og fiskkaupenda, eins og ég vék að áðan. En við ætlum okkur ekki heldur að veita frv. brautargengi, því að við teljum þá leið, sem valin er með því, orka mjög tvímælis í mörgum meginatriðum.

Í fyrsta lagi er það ljóst, að afkoma síldveiðiflotans hefur á undanförnum árum verið afar misjöfn. Smæstu skipin, þ. e. a. s. skip undir 90 brúttólestum, hafa s. l. tvö ár ekki fiskað það mikið, að nægi fyrir kauptryggingu, og hafa þau því fengið bætur úr aflatryggingasjóði þessi árin. Bátar af stærðinni frá 90—140 brúttólestir jöðruðu rétt við það að eiga bótarétt úr aflatryggingasjóði fyrir þessi árin, þannig að auðséð er, að umframgjaldþol þeirra er ekki heldur mikið. Hins vegar er það rétt, að afkoma stærstu síldarbátanna hefur verið allgóð þessi árin, a. m. k. flestra þeirra. En á það ber að líta, að fljótt getur brugðizt um veiði hjá þessum skipum og verðlag útfluttra bræðslusíldarafurða er háð stærri og meiri sveiflum frá ári til árs en algengast er um útfluttar sjávarafurðir. Svo er á það að líta enn fremur, að í flestum þessara nýju báta er bundið mikið og dýrt fjármagn,

sem óafskrifað er að mestu leyti, og kostnaður við rekstur þessara báta, sem stafar eingöngu af völdum örra tæknibreytinga, að því er tekur bæði til veiðarfæra og þó sérstaklega veiðileitartækja, er ákaflega mikill.

Í öðru lagi er ljóst, að afkoma hluta frystihúsanna hefur verið góð að undanförnu og því sennilegt, að þau geti staðið undir 17% fiskverðshækkuninni. Önnur frystihúsin bera sig hins vegar miklu verr. Ráðstafanir af hálfu hins opinbera í lánamálum frystihúsanna, t. d. stóraukin hagkvæm stofnlán, er þau gætu notað til endurnýjunar og hagræðingar í rekstri sínum, hefðu að mínu viti vafalítið getað komið þeim að svipuðum notum og sú 4% meðgjöf með fiskverðinu, sem ætlunin er að leggja nú á síldarútvegsmenn og sjómenn, og sú leið hefði að mínu viti verið miklu eðlilegri en sú, sem ofan á varð og staðfest er með frv.-flutningi þessum.

Í þriðja lagi er útflutningsgjaldið á bræðslusíldarafurðum orðið svo hátt, um 40 kr. á hvert veitt síldarmál, að það hefur veruleg áhrif á skiptakjörin á síldarbátunum. Um 20 millj. kr. skatt á með frv. að leggja á hluti sjómannanna til þessara þarfa. En ég tel, að eðlilegra hefði verið að afla þeirra tekna, er með hefði þurft, með almennri skattlagningu á landsmenn alla. Þrátt fyrir þessa miklu skattheimtu á sjómenn er ekki í frv. að finna nokkurn stafkrók um það, að þeir eða samtök þeirra séu þess verð að hljóta hluta af útflutningsgjaldinu, svo sem gert er með frv. um samtök útvegsmanna. Út af fyrir sig er það augljóst ranglæti, því að sannanlegt er, að sjómennirnir greiða um helming útflutningsgjaldsins af sínum tekjum, alveg eins og útvegsmennirnir gera af sínum.

Höfuðgalli þessa frv. er þó sá að mínu viti, að með því að leggja það fram sýnir hæstv. ríkisstj. áframhaldandi stefnuleysi og ákveðinn vilja í þá áttina að víkja sér undan þeim vanda með því að grípa til bráðabirgðaráðstafana. Verðbólgan er höfuðskaðvaldurinn í rekstri sjávarútvegsins, og það á að vera frumskylda hverrar ríkisstj. að reka þá efnahagsstefnu, er tryggir undirstöðuatvinnuvegunum sæmilega rekstrarafkomu í meðalárferði. Langt er frá því, að svo sé í dag. Sjávarútvegurinn er veigamikill þáttur í efnahagsbúskap okkar og sérstæður umfram aðra atvinnuvegi að því leyti, að afurðir hans eru seldar á erlendum mörkuðum að langmestu leyti og lúta því erlendu markaðsverði, sem við ráðum engu um, hvað er í það og það skiptið. Stjórnarstefna, sem ekki miðar við þessa meginstaðreynd, er því röng að mínu viti. Ég tel þannig fráleitt, að í þjóðfélagi sem okkar, þar sem ríkjandi er lánsfjárskortur og hefur verið ríkjandi lánsfjárskortur um margra ára bil, skuli þessum atvinnuvegi enginn forgangur tryggður til lánsfjárins umfram margt annað. Ég tel einnig réttlætanlegt, að lánakjörin til þessa atvinnuvegar væru betri en til ýmislegs annars, sem lánað er til.

Þótt ég sé því ekki mótfallinn, að atvinnuvegirnir leggi nokkuð af mörkum til að byggja upp stofnlánasjóði hjá sér með hæfilegu gjaldi, eru takmörk fyrir því, hversu hátt það má vera. Stofnlánasjóður sjávarútvegsins, fiskveiðasjóður, hefur verið byggður upp að langmestu leyti með útflutningsgjaldi á útfluttar sjávarafurðir, sem getur skv. frv., ef að lögum verður, orðið allt að 8% af fob.-verðmæti útflutningsins. Á sama tíma innheimta Norðmenn, sem eru aðalkeppinautar okkar um markaðina, útflutningsgjald af sjávarafurðum, sem nemur aðeins hluta úr 1%. Augljóst er, til hvers þetta leiðir. Þjóðfélagið á því að leggja hluta af sparifjármynduninni á hverjum tíma til fiskveiðasjóðs. Það er fyllilega eðlileg og réttmæt ráðstöfun.

Ég trúi því, að ef fiskiðnaðurinn hefði á undanförnum árum átt kost á nægum og hentugum lánum til hagræðingar, hefðu frystihúsin sæmilega getað staðið undir 17% verðhækkun þeirri, sem ákveðin var af yfirnefnd verðlagsráðsins í byrjun janúar, þrátt fyrir vaxandi framleiðslukostnað af völdum verðbólgunnar. Það hefði verið eðlilegra, að hæstv. ríkisstj. hefði boðið upp á einhverja slíka fyrirgreiðslu, er í nauðirnar rak með verðákvörðunina á ferskfiskinum, en varpaði ekki afleiðingum óstjórnar sinnar yfir á bök síldarsjómanna og síldarútvegsmanna, þótt um sinn hafi nokkur hluti þeirra haft góðar tekjur og heildarafkoman verið góð.

Einar Guðfinnsson: Herra forseti. Aðrir þdm. Frv. til l. um útflutningsgjald sjávarafurða, sem hér um ræðir, felur í sér talverðar breytingar frá þeim l., sem nú eru í gildi um útflutningsgjald af sjávarafurðum. Á s. l. hausti, þegar verðlagsráð sjávarútvegsins fjallaði um fiskverð á núverandi vertíð, kom í ljós, að útgerðin þurfti á allverulegri hækkun að halda á fiskverði til þess að geta staðið undir hækkuðum tilkostnaði. Þá var það einnig ljóst, að fiskiðnaðurinn í landi var ekki fær um að taka á sig miklar hækkanir á fiskverði ofan á aðrar hækkanir, sem orðið hafa á rekstrarkostnaði, síðan fiskverð var síðast ákveðið. Skv. núgildandi l. er tekið af flestum fiskafurðum útflutningsgjald, sem nemur 5.6% af fob.-verði, og getur gjaldið numið 1500 kr. á lest af fullunninni vöru í vandaðar pakkningar, t. d. þorsk- og ýsuflökum. Ef um er að ræða lúðu í fínum pakkningum, getur það verið 2500 kr. Ef það er frosin rækja, getur það verið 6—7 þús. kr. á smálest. Þetta hefur alltaf þótt ósanngjarn skattur og beinlínis hættulegur, því að það er verið að refsa þeim, sem vinna vandaða vöru úr góðum fiski í dýrar umbúðir. Það er einnig kunnara en frá þurfi að segja, að þróunin í öllum löndum er sú, að sala á bolfiski og grófum pakkningum fer minnkandi á kostnað vandaðri og fínni pakkninga, jafnvel tilbúinna fiskrétta. Á þessu sviði eigum við í stöðugri samkeppni við erlenda framleiðendur. Hár útflutningsskattur hér heima ofan á innflutningstolla í markaðslöndum getur þá ráðið úrslitum um það, hvort við verðum samkeppnisfærir eða ekki. Útflutningsgjaldið af umbúðum einum saman getur numið 200 kr. á hverja smálest. Það er því, eins og gjaldið hefur verið tekið, þjóðhættulegt að halda því áfram, enda er nú komið frv. um breytingu á því, því að það getur verkað þannig, að við neyðumst til að hætta að vinna í þessar dýrmætu pakkningar, sem eru þó nauðsynlegar fyrir fiskmarkaðinn, ef við eigum að halda velli.

Frv. það sem hér liggur fyrir, gerir ráð fyrir, að í stað þess að taka skatt af útflutningsverðmæti komi skattur af útflutningsmagni. Ég hygg, að allir geti verið sammála um það, að sú skattlagning sé þjóðhagslega betri, einkum núna, þegar línuveiðar og aðrar veiðiaðferðir, sem gefa gæðafisk, eiga í vök að verjast. Einhverjar ráðstafanir verður að gera til þess, að þær leggist ekki alveg niður. Í því sambandi vil ég leggja áherzlu á, að fiskgæðum hefur hrakað á undanförnum árum vegna aukinnar neta- og nótaveiði. Þessi öfugþróun getur leitt til þess, að við getum ekki lengur státað af því á erlendum vettvangi, að íslenzkur fiskur sé betri vara en fiskur keppinautanna. Við getum ekki lengur selt hann á hærra verði. Útflytjendur freðfisks hafa á undanförnum árum stöðugt verið að benda á, hversu hættuleg þessi skattlagning er, hversu hættuleg þessi þróun er og hversu nauðsynlegt sé að breyta hér til um.

Með þeim breytingum á útflutningsgjaldinu, sem hér um ræðir, er gert ráð fyrir auknum álögum á síldariðnaðinn, og þykir mér það slæmt, að ekki skuli hafa fundizt aðrar leiðir. En það er eins og alltaf, að allar álögur verða að koma á sjávarútveginn.

Ég tel, að frv. það, sem hér liggur fyrir, stefni í rétta átt, og legg til, að það verði samþ. með þeim brtt., sem komið hafa frá meiri hl. sjútvn.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Það er ekki ástæða til þess fyrir mig að rifja upp nein atriði úr þeim umr., sem þegar hafa farið fram. Þær eru mjög á svipaðan veg og áður hafði átt sér stað við 1. umr. málsins og óþarfi að endurtaka þær nú. Í framhaldi af erindum Sjómannafélags Íslands og Farmanna- og fiskimannasambands Íslands og þeim orðum, sem ég lét um þessi erindi falla við 1. umr. málsins hér í hv. þd., vil ég lýsa því yfir, að næstu mánuðir munu verða notaðir til að ná samkomulagi við hlutaðeigandi aðila um, að fyrrgreind samtök verði aðnjótandi sömu fjárframlaga af útflutningsgjaldi og samtök útgerðarmanna njóta nú.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að þakka hæstv. sjútvmrh. fyrir þá yfirlýsingu, sem hann gaf hér, og ég vænti þess, að viðkomandi samtök sjómanna geti vel við unað þau málalok, sem þeirra erindi hafa fengið.

Það hefur komið fram hjá frsm., sem hér hafa talað, beggja minni hl., að þeir eru efnislega sammála þeim erindum, sem fram komu, þótt hins vegar þeir hafi báðir, að mig minnir, tekið fram, að þeir vildu láta þriðja aðilann koma inn í þetta sem stóran samningsaðila sjómanna. En þar sem ég lýsti því yfir í sjútvn., þegar málið var rætt þar, að ég væri ekki á þessu stigi samþykkur því, vildi ég gera nokkra frekari grein fyrir því, hvers vegna ég sé það ekki.

Sjómannasamband Íslands er lögformlegur aðili innan A. S. Í. og hefur innan sinna vébanda sjómannafélög, sem eru hér á Faxaflóasvæðinu. Það hefur staðið til nú að undanförnu og mun að öllum líkindum verða búið að ganga frá því á komanda hausti, að fleiri sjómannafélög komi inn í sambandið, sem er í fullu samræmi við þær skipulagsbreytingar og stefnu, sem skipulagsmál A. S. Í. hafa verið að taka á undanförnum árum.

Eins og flestir alþm. vita, hafa verið innan A. S. Í. mikil pólitísk átök á undanförnum árum. Hins vegar og vegna þeirra meðfram hafa skipulagsmál sambandsins komizt í þann farveg, sem þau eru nú. En þrátt fyrir það hefur blessunarlega til tekizt á síðustu árum, að það hefur tekizt að ná samkomulagi um það, ég mundi segja hjá allflestum aðilum innan A. S. Í., að fara ákveðnar leiðir. Það hafa verið stofnuð landssambönd, Verkamannasamband t. d. meðal annarra, sem eru byggð upp á nákvæmlega sama veg og Sjómannasamband Íslands, en það var annað landssambandið, sem stofnað var innan A. S. Í. Ég er hræddur um, að ef slíkum fjárupphæðum sem hér er um að ræða, sem ég held að allflestir viðurkenni að sjómenn eða samtök þeirra eigi jafnmikla kröfu til og útgerðarmenn, eins og hér hefur komið fram og eins í erindum þeirra, — ég er hræddur um, að ef ætti að fara að skipta þessu í marga staði, gæti það haft mjög slæm áhrif á æskilega þróun innan verkalýðssamtakanna.

Hinn aðilinn, sem sækir um, að við þessu verði orðið, Farmanna- og fiskimannasamband Íslands, þetta eru landssamtök, sem hafa innan sinna vébanda öll yfirmannasamtök á íslenzka flotanum, og það má segja, að innan Sjómannasambandsins finnist einnig slík samtök.

Um málið sjálft vil ég taka það fram, að ég er samþykkur frv. og mun greiða því atkvæði mitt. Ég tel, að kannske enginn geri það með glöðu geði að vera að taka fé frá síldarsjómönnum og flytja það yfir til hinna, — við getum sagt, að það sé verið að því. Það er verið að styrkja bolfiskveiðarnar. Það er verið að styðja að því, að okkar þýðingarmikli fiskiðnaður haldist og vonandi vaxi og komi ekki aðeins þeim, sem eru við hann að vinna í dag, að notum, heldur og þeim, sem stunda síldveiðar í dag og eiga eftir að snúa sér að hinni greininni á komandi árum, auk þess sem í mörgum tilfellum er þarna aðeins verið að flytja úr hægri vasanum yfir í þann vinstri.

Ég hefði talið, að hv. 5. þm. Austf. hefði eins getað snúið sér til mín, þegar hann flutti sína smekklegu ræðu fyrir helgina, er hann bar fulltrúum sjómannasamtakanna það á brýn, að þeir væru að fara fram á mútufé í sambandi við sín tilmæli. Ég á sæti í stjórn stærsta sjómannafélags hér á landi, og við höfum rætt þetta í okkar félagi og stjórn sjómannafélagsins og trúnaðarmannaráð eru samþykk því, að þessi leið sé farin.

Ég vil svo enn taka það fram, sem ég tók fram í upphafi þessa stutta máls míns, að ég vil þakka sjútvmrh. og ríkisstj. fyrir þá yfirlýsingu, sem hæstv. ráðh. flutti hér áðan, og ég tel, eins og ég sagði einnig, að sjómannasamtökin geti vel unað við þessi málalok að sinni.

Frsm. 1. minni hl. (Lúðvík Jósefsson): Herra forseti. Það var hér lítil fsp., sem mig langaði til að leggja fyrir hæstv. sjútvmrh. í tilefni af þeirri yfirlýsingu, sem hann gaf hér nú.

Hæstv. ráðh. sagði, að það mundi verða leitað eftir samkomulagi hjá hlutaðeigandi aðilum í röðum sjómanna um það, að samtök þeirra fengju nokkurn hluta af útflutningsgjaldi af sjávarafurðum.

Nú hefur það komið hér greinilega fram, að tveir aðilar hafa beinlínis farið fram á að fá hluta af útflutningsgjaldinu með erindum til þingsins. Annars vegar er Sjómannasamband Íslands, en hins vegar Farmanna- og fiskimannasamband Íslands. En á það hefur líka verið bent, að miklu fleiri síldveiðisjómenn eru þó skipulagðir innan A. S. Í. en í þessum samtökum. Og þó að hér sé nú sagt, að Sjómannasambandið sé lögformlegur aðili innan A. S. Í., þá eru sjómannasamtökin öll á Austurlandi og öll sjómannasamtök á Norðurlandi, Vestfjörðum og í Vestmannaeyjum líka lögformlegir aðilar innan A. S. Í. En hvernig svo sem háttar að öðru leyti skipulagsformum þessara aðila, tel ég, að þeir eigi a. m. k. jafnan rétt til hluta af útflutningsgjaldinu og þeir, sem eru nú skipulagðir í Sjómannasambandi Íslands eða Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands. Svo ég vil spyrja hæstv. ráðh.: Hvernig hugsar hann sér að vinna að samkomulagi meðal sjómanna í þessum efnum? Á hann við með yfirlýsingu sinni, að það verði leitað eftir samkomulagi milli allra þessara aðila, þ. e. a. s. A. S. Í., Sjómannasambandsins og Farmannasambandsins, um það, hvernig þessum skatthluta verði skipt, eða á hann við það, að það verði leitað eftir samkomulagi aðeins við þessa tvo aðila, Sjómannasambandið og Farmannasambandið, um það, hvernig eigi að verða við óskum þeirra? Ég vildi mjög gjarnan, að hæstv. ráðh. segði alveg skýrt til um á þessu stigi málsins, til hvaða aðila hann ætlar að leita til að ná samkomulagi í þessum efnum.

Ég vildi svo aðeins segja það hér um leið, að hv. síðasti ræðumaður, hv. 7. þm. Reykv., talaði um það, að ég hefði haldið hér eitthvað ósmekklega ræðu og talað um mútufé vissum aðilum til handa í sambandi við stuðning við þetta mál. Ég vil taka það alveg skýrt fram, að ég hef aldrei notað neitt slíkt orð sem mútufé. Ég hef ekki viðhaft neitt slíkt orð. En ég skal endurtaka það, sem ég sagði, því að það er kannske hollt fyrir menn að fá að heyra það. Ég sagði hér, að forseti Farmanna- og fiskimannasambandsins, sem mætti á sameiginlegum fundi sjútvn. Ed. og Nd. ásamt fleiri fulltrúum, lét þau orð falla, að það mundi ganga erfiðlega að lægja óánægjuöldur sjómanna í hans samtökum í sambandi við þetta mál, ef þeir fengju ekki hluta af þessu útflutningsgjaldi. Þetta sagði ég. Þetta er rétt. Svo eru það allt aðrir menn, sem hafa gefið þessu þetta nafn, sem var verið að nota í þessum umræðum, og þeir um það.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Það var ofur augljóst af þeirri yfirlýsingu, sem ég áðan gaf, að þá var verið að svara erindum tveggja þeirra samtaka, sem þar voru tilgreind. Erindi um þetta efni höfðu þá ekki borizt og hafa ekki borizt enn frá öðrum aðilum en Sjómannasambandi Íslands og Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands. Í þessari yfirlýsingu var lofað að reyna að ná samkomulagi um þetta tiltekna atriði. Og æskilegustu leiðina til samkomulags frá félagslegu sjónarmiði tel ég hiklaust vera þá, að sjómenn gætu borið gæfu til þess að vera sem mest í einum allsherjarsamtökum, sem færu með þeirra málefni. En áður en lagabreyting um þetta efni á sér stað og meðan á könnuninni stendur, verður áreiðanlega aðalverkefni þeirra athugana það, með hverjum hætti eðlilegast verður að skipta því fé, sem samkomulag yrði um, að til þessara samtaka sjómanna rynni.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Aðeins út af orðum hv. 5. þm. Austf., til þess að það sé ekki óleiðrétt hér í hv. þd. með þau orð, sem hann lét falla í sinni ræðu nú síðast, að það væru miklu fleiri sjómenn innan A. S. Í. en Sjómannasambands Íslands.

Í Farmannasambandinu og Sjómannasambandinu eru nú samtals félagsbundnir um 4 þús. fiskimenn. Það er oft talað um, að á öllu Íslandi séu um 6 þús. fiskimenn, og þar í er auðvitað meðtalinn allur sá mikli fjöldi, sem ekki er félagsbundinn, þannig að við getum aldrei komizt fram hjá því, að innan A. S. Í. eru færri sjómenn en innan Sjómannasambandsins. Þar fyrir utan er þetta auðvitað skakkt orðalag hjá okkur báðum, því að allir, sem eru í Sjómannasambandinu, eru í A. S. Í.

Nú í vetur var gerður undir forustu Sjómannasambandsins vertíðarsamningur. A. S. Í. kom þar hvergi nærri. En hins vegar tóku þátt í þessum samningum með Sjómannasambandinu félögin frá Breiðafirði, sjómannafélögin á Akureyri og svo verkalýðsfélag Dalvíkur. Og þannig stendur það af sér í dag, að jafnvel í Vestmannaeyjum, sem hafa þó sérstakt sjómannafélag, er farið að skrá á suma báta þar upp á sömu samninga og Sjómannasamband Íslands gerir. Þar fyrir utan eru innan Sjómannasambands Íslands allir togararnir, þannig að það er Sjómannasambandið, sem gerir samninga fyrir alla togarana, hvaðan sem þeir eru af landinu, þannig að ég held, að það fari ekkert á milli mála, hver sé forustuaðilinn á þessu sviði, enda er það, held ég, af öllum talið mjög eðlilegt og hefur ekkert farið á milli mála, þó að menn hafi haft mismunandi skoðanir pólitískt, af þeim, sem hafa með A. S. Í. að gera, að þetta sé eðlileg þróun og nauðsynleg þróun, að það sé sjómannasamband, sem taki við þeim verkefnum, sem hefur verið skipt á allt of margar hendur fram til þessa.

Eðvarð Sigurðsson: Herra forseti. Ég vil segja eins og hv. síðasti ræðumaður, að til þess að það verði ekki óleiðrétt hér í d., vil ég taka það fram, að það er engan veginn rétt hjá honum, þegar hann segir, að Sjómannasambandið sé byggt upp á nákvæmlega sama hátt og Verkamannasambandið. Hér er nefnilega á alveg reginmunur, og það er þess vegna, sem Sjómannasambandið takmarkast aðeins við Faxaflóa og hefur ekki náð út fyrir hann, en hins vegar Verkamannasambandið með félög um allt land. Ég ætla ekki að fara að hafa hér neinn fræðslufyrirlestur um skipulagsmálin, en þetta er staðreynd, og það liggur einfaldlega í því, að Sjó-

mannasambandið hefur sömu aðild að A. S. Í. og hvert annað félag í landinu, hvert annað verkalýðsfélag. M. a. kýs Sjómannasambandið fulltrúa til alþýðusambandsþings á sama hátt og félag. Ég hygg, að þeir, sem eitthvað hafa fylgzt með málum í verkalýðshreyfingunni, skilji, hvað slíkir hlutir hafa að segja. Hins vegar er Verkamannasambandið á allt annan hátt aðili, og hvert einasta félag innan þess kýs sína fulltrúa til A. S. Í., eins og það hefur gert áður, en Verkamannasambandið sem slíkt kýs ekki fulltrúa þangað. Þetta er sá reginmunur, sem á er orðinn.

Mér skildist á hv. 7. þm. Reykv. áðan, að á þessu mundi verða breyting og það væri fyrirhuguð breyting á þessum málum. Það væri mjög gott. Ég er honum sammála um það, að Sjómannasambandið á að byggja upp sem landssamtök, en til þess þarf að breyta því.

Það er auðvitað alveg augljóst mál, að tekjur eins og hér er rætt um til Sjómannasambandsins, eins og það er í dag, eru ekki nema til hluta af þeim fiskimönnum, sem afla þess fjár, sem þarna er verið að taka í hendur ákveðinna samtaka. Það er algerlega augljóst, og að mínum dómi, ef farið verður inn á þetta, er alveg nauðsynlegt, að það verði gert á þann hátt, að það nái til allra fiskimanna a. m. k. Í Farmannasambandinu er hins vegar — og reyndar í Sjómannasambandinu líka — æðistór hópur, sem ekki eru fiskimenn. Það á ekki að taka af fiskimönnunum, eins og hér er verið að gera núna, til þess að leggja til samtökum farmanna, án þess þó að fiskimenn gætu notið þess allir, allir fiskimenn í landinu. Ég held, að þegar um það er að ræða að styrkja samtökin fjárhagslega á þennan eða kannske svipaðan hátt, verði að gæta þess, að þar sé fyllsta réttlæti ríkjandi.

ATKVGR.
Brtt. 270,1 felld með 19:12 atkv.
1. gr. samþ. með 20:3 atkv.
2. gr. 1.—3. tölul. samþ. með 21 shlj. atkv.
2. gr. 4. tölul. samþ. með 20:12 atkv.
2. gr. 5. tölul. samþ. með 22 shlj. atkv.
3.—12. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 270,2 tekin aftur.
13. gr. og ákv. til brb. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21:6 atkv.

Á 48. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 33 shlj. atkv.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Ég hef ásamt hv. 4. þm. Reykn. leyft mér að leggja inn til prentunar brtt. við frv., eins og það liggur nú fyrir til 3. umr., en því miður er, af því að það er svo skammt liðið á milli funda, enn ekki búið að útbýta brtt. Ég vona hins vegar, að það verði gert nú eftir stutta stund, og þess vegna vil ég — með leyfi hæstv. forseta — fara nokkrum orðum um þá brtt., sem ég nefndi áðan, og mun þá leggja hana fram skriflega, ef henni hefur ekki áður verið útbýtt prentaðri, sem ég vænti þó að verði.

Það er nú sýnt eftir 2. umr. þessa máls, að breyt. sú á útflutningsgjaldi, sem þetta frv. felur í sér, muni ná samþykki Alþ. Sú afgreiðsla byggist, eins og fram kemur í umr., að verulegu leyti á nokkuð víðtæku samkomulagi, sem á sínum tíma átti sér stað í verðlagsráði sjávarútvegsins og yfirnefnd um þessi mál í sambandi við verðlagningu sjávarafurða. Það hefur áður verið bent á það af hv. 4. þm. Reykn., að með tilliti til þess, að hér er í raun og veru verið að afgreiða þetta þingmál í sambandi við það samkomulag, sem þarna varð, í sambandi við verðlagninguna, væri í raun og veru ekki eðlilegt, að þessi lög, sem verða væntanlega sett, gildi nema takmarkaðan tíma, ef þau eiga að byggjast á þessu samkomulagi, og skal ég ekki hafa um það fleiri orð.

En í brtt. okkar er það m. a. lagt til, þó í nokkuð öðru formi en við 2. umr., að gildistími lagafrv., ef að lögum verður, verði takmarkaður.

Með þessu frv. er farið inn á leið, sem a. m. k. lítt hefur verið farin áður í verðlagsmálum sjávarútvegsins, enda þótt fordæmi kunni að vera á öðrum sviðum. En sú leið er í því fólgin að hækka eina vörutegund í verði með því að lækka aðra, þ. e. a. s. með því, sem kallað er venjulega verðjöfnun eða verðmiðlun. Í þessu frv. og ef það yrði að lögum til frambúðar er gert ráð fyrir, að svona verðmiðlun í verðlagsmálum sjávarútvegsins verði gerð, ekki á venjulegan hátt, heldur með sérstökum hætti, þ. e. a. s. með þeim hætti að ákveða mismunandi útflutningsgjald af vörunum. Útflutningsgjaldið er hækkað á sumum vörutegundum, en í stað þess lækkað á öðrum, að því er talið er í heild um tilsvarandi upphæð, og á þann hátt kemur fram verðmiðlun milli þessara vörutegunda. Í stað þess, sem er lagt til í þessu frv., að verðmiðlun verði framkvæmd á þennan hátt til frambúðar, því að það er ekki ætlazt til, að lögin hafi takmarkað gildi, virðist okkur flm. þessarar till., að réttara væri, ef framkvæma skal verðmiðlun, að gera það á einfaldari hátt og venjulegri hátt, þ. e. a. s. með því, að í lögum væri almenn verðmiðlunarheimild.

Við leggjum til í brtt. okkar, að í staðinn fyrir 13. gr. frv. komi ný gr., sem feli það í sér, að inn í lögin komi þrjár nýjar greinar um þetta efni. Og þar sem ekki er búið enn þá að útbýta brtt., leyfi ég mér nú að lesa hana upp, eða meginefni hennar með því orðalagi, sem á því er. Við leggjum til, að 13. gr. hljóði svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Verðlagsráði samkv. 1. nr. 97 18. des. 1961 er eftir 31. des. 1966," þ. e. a. s. eftir þann tíma, sem við gerum ráð fyrir, að þessi lög hætti að gilda, „heimilt að ákveða á þann hátt, sem fyrir er mælt í 7. og 9. gr. þeirra l., að greiða skuli í verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins verðjöfnunargjald af útfluttum sjávarafurðum. Skal upphæð verðjöfnunargjaldsins ákveðin fyrir eitt verðlagningartímabil eða eitt ár í senn. Verðjöfnunargjald skal innheimt með útflutningsgjöldum og geymt í Útvegsbanka Íslands."

Þá leggjum við til, að á eftir þessari 13. gr. komi ný 14. gr., svo hljóðandi:

„Verðlagsráð ráðstafar tekjum verðjöfnunarsjóðs samkv. 13. gr. á þann hátt, sem hér segir:

1. Til greiðslu á vinnsluuppbótum til fiskvinnslustöðva á þeim stöðum, þar sem fiskvinnsla ber sig ekki vegna erfiðrar aðstöðu, t. d. af því að hráefni skortir eða afli er sérstaklega dýr í vinnslu, enda sé vinnslan talin nauðsynleg vegna útgerðar á hlutaðeigandi stöðum.
2. Til hækkunar á útflutningsverði tiltekinna vörutegunda."

Samkv. þessu, ef samþ. yrði, fengi verðlagsráð sjávarútvegsins, þar sem eru fulltrúar frá hinum ýmsu samtökum fiskseljenda og fiskkaupenda, í hendur heimild til þess að leggja á þetta verðjöfnunargjald, en það verðjöfnunargjald eða úthlutun þess yrði ekki takmarkað við eina tegund sjávarafurða, heldur yrði að hafa hliðsjón af því, hvernig verðið er á hinum einstöku vörutegundum á hverjum tíma. Þetta er náttúrlega nokkuð annað en hitt, sem felst í þessu frv., þar sem taka verðjöfnunargjaldsins, ef svo mætti nefna, er í raun og veru bundin til frambúðar við eina vörutegund eða framleiðslutegund. Við gerum ráð fyrir því, að verðjöfnunargjaldinu eða tekjum verðjöfnunarsjóðsins, sem við nefnum svo, yrði, ef þetta yrði samþ., af þeim samtökum, sem eiga hlut að máli, — það er sem sé ekki verið að lögbjóða neitt, heldur verið að gefa heimild, — varið á tvennan hátt: í fyrsta lagi til greiðslu á vinnsluuppbótum til vinnslustöðva á þeim stöðum, þar sem fiskvinnsla ber sig ekki vegna erfiðrar aðstöðu, og í öðru lagi til hækkunar á útflutningsverði tiltekinna vörutegunda.

Í þessum umr., bæði hér í þessari hv. d. og hv. Ed., hefur afkoma frystihúsanna sérstaklega og þá sennilega einnig þeirra vinnslustöðva annarra, sem vinna úr þorskafurðum, verið gerð að umtalsefni, og því hefur verið haldið fram af ýmsum hv. ræðumönnum, að afkoma frystihúsanna, sem hefur sérstaklega verið nefnd, væri þannig, að þau mundu vera á þessu ári og hafa verið á árinu sem leið vel aflögufær, þannig að þau hefðu getað staðið straum af þeirri verðhækkun, sem orðið hefur á hráefninu. Í því sambandi hafa verið lögð fram ýmis gögn, sem unnin hafa verið af Efnahagsstofnuninni um þessi mál, um hagnað frystihúsa, fjárfestingu, afskriftir o. fl. En þessar tölur ná ekki til allra frystihúsa í landinu, heldur til nokkurs hluta þeirra og þó að vísu nokkuð mikils hluta frystihúsanna, eins og fram kemur í þessum skjölum. Hins vegar vantar þar upplýsingar um hin húsin. Nú vil ég segja það í þessu sambandi, að þó að það kunni að vera rétt, — ég skal ekki um það dæma, — að sum frystihús og þá sérstaklega hér á aðalvetrarvertíðarsvæðinu kunni að hafa allgóða afkomu, er mjög fjarri því, að svo sé um ýmis af frystihúsum þessa lands og þá sérstaklega þau, sem að ýmsu leyti hafa sérstaklega erfiða aðstöðu til rekstrar. Að þessu hefur raunar áður verið vikið hér í umr. af öðrum ræðumönnum. Ein af ástæðunum til þess, að þessi frystihús — og verulegur hluti þeirra mun vera á Norður- og Austurlandi — — eiga svo erfitt, er, að það hráefni, sem þau hafa, er nokkuð óstöðugt og á ýmsum stöðum sérstaklega dýrt í vinnslu. Nú er þetta ekki ókunnugt hv. þm., því að þegar fyrir einum áratug eða svo var allmikið um þetta mál rætt hér á Alþ. og voru gerðar sérstakar ráðstafanir til þess að létta undir með þessum frystihúsum vegna hinnar dýru vinnslu. Þær ráðstafanir féllu niður, þegar gengi ísl. kr. var breytt 1960, og hafa þess sézt glögg merki, að þær voru niður fallnar hjá ýmsum þessara frystihúsa. Jafnframt því sem við leggjum til, að útflutningsgjaldsákvörðuninni verði breytt í almenna verðjöfnunarheimild í höndum stéttarsamtakanna, leggjum við til, að sérstaklega verði litið á aðstöðu þessara vinnslustöðva, sem erfiða aðstöðu hafa, og bendum á það, að ef þannig er að farið, er frekar hægt að líta á frystihúsin í heild, sem í raun og veru er ekki hægt að gera nú, svo misjöfn sem aðstaða þeirra er.

Við leggjum til í sambandi við þetta, sem ég nú hef mælt, að ákvæði frv. um útflutningsgjald, ef að lögum verður, gildi aðeins til ársloka 1966 og að fyrirsögn frv. verði: „Frv. til l. um útflutningsgjald á sjávarafurðum á árinu 1966 og um heimild til verðjöfnunar frá og með 1. janúar 1967."

Ég leyfi mér svo, þar sem ekki er búið að útbýta till. prentaðri, að afhenda hæstv. forseta skriflega brtt.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 272) leyfð og samþ. með 33 shlj. atkv.

Brtt. 272 felld með 20:11 atkv.

Frv. samþ. með 21:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já: JóhH, JP, JR, RJ, MÁM, ÓL, PS, SÁ, EG, SI, SE, SvJ, AJ, BF, BBen, DÓ, EmJ, GuðlG, GunnG, GÞG, BGr.

nei: IG, LJós, RA, KTh, EðS, EÁ, EOl, GeirG, HÁ.

HS, JSk, SkG, ÁÞ, BFB, EystJ, GíslG greiddu ekki atkv.

3 þm. (HV, IngJ, BP) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Ég er með því að lækka útflutningsgjald á bolfiski og breyta því í magngjald, en mótfallinn því að hækka útflutningsgjald á bræðsluafurðir, eins og kom fram við atkvgr. við 2. umr., þar sem ég greiddi atkv. á móti því atriði.

Frv. þetta byggist á hinn bóginn þrátt fyrir allt á nokkru samkomulagi innan sjávarútvegsins, og því greiði ég ekki atkv. á móti því, en sit hjá. En ég treysti því, að síldarskatturinn verði fljótt lagfærður og það dæmi verði gert upp og reiknað á nýjan leik nú fyrir vorið.

Ég greiði ekki atkv.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (A. 273).

14. Bjargráðasjóður Íslands.

Á 1. fundi í Sþ., 11. okt., var útbýtt frá Ed.:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 8 14. febr. 1961, um Bjargráðasjóð Íslands [4. mál] (stjfrv., A. 4).

Á 3. fundi í Ed., 14. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér er flutt, er um breyt. á l. nr. 8 frá 14. febr. 1961, um Bjargráðasjóð Íslands. Það hefur öllum augljóst verið undanfarin ár, að tekjur bjargráðasjóðs hafa verið of litlar til þess að *standa straum af nauðsynlegum* útgjöldum sjóðsins. Einna berlegast kom þessi vanmáttur sjóðsins í ljós nú á þessu hausti, þegar nauðsynlegt reyndist að hlaupa undir bagga með bændum á Austurlandi vegna grasbrests og kals í túnum. Nauðsynlegt reyndist til úrlausnar þessu eina vandamáli, að sjóðurinn tæki 3 millj. kr. lán, sem Búnaðarbankinn veitti sjóðnum og greiðast verður af tekjum sjóðsins næstu ár, en árlegt ráðstöfunarfé sjóðsins, þegar lagt hefur verið inn á sérreikninga sveitarfélaganna, er vart meira en 1.8—1.9 millj. kr.

Með hliðsjón af framansögðu ákvað ríkisstj. að beita sér fyrir helmingshækkun á framlögum til bjargráðasjóðs, og er frv. þetta flutt til staðfestingar á þeirri ákvörðun. Í núgildandi l. er framlag til sjóðsins 5 kr. af hverjum íbúa bæjar- og sveitarfélaga og jafnhátt mótframlag ríkissjóðs. 1. gr. frv. gerir ráð fyrir, að framlögin verði hækkuð úr 5 kr. í 10 kr. af hverjum íbúa frá hvorum aðila. Með samþykkt frv. ættu verulega að aukast möguleikar sjóðsins til að geta í ríkara mæli en fyrr bjargað einstaklingum og hópum manna frá neyðarástandi, er þeir verða fyrir af völdum náttúruhamfara eða annarra óviðráðanlegra orsaka. Jafnframt ætti sjóðurinn að verða í framtíðinni færari en nú er til að standa undir þeim fjárhagslegu skuldbindingum, sem hann hefur orðið að taka á sig og verður sífellt að gera í formi styrkja og annarrar aðstoðar. Bjargráðasjóður Íslands hefur á starfsferli sínum gegnt mjög þýðingarmiklu hlutverki í félagslegri samhjálp þrátt fyrir mjög takmarkaða fjárhagslega getu. Stjórn sjóðsins mun fúslega veita þn. þeirri, sem málið fær til meðferðar, allar nánari upplýsingar um starfshætti sjóðsins og fjárhagslega aðstöðu hans nú, verði þess óskað.

Það er von mín, að mál þetta fái greiðan framgang í hv. þd. Sveitarfélögum og ríkissjóði er nauðsynlegt að fá sem fyrst vitneskju um endanlega afgreiðslu málsins vegna fjárhagsáætlana sinna, áður en fjárlög verða afgr. hér á Alþ.

Herra forseti. Ég leyfi mér að leggja til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. heilbr.- og félmn.

Páll Þorsteinsson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að segja örfá orð um þetta mál, áður en það fer til n.

Bjargráðasjóður hefur því hlutverki að gegna að veita lán eða óafturkræf framlög til þess að mæta tjóni, sem atvinnurekendur til lands eða sjávar verða fyrir af náttúrunnar völdum. Ég ætla, að það séu nú meira en 50 ár, síðan lög um bjargráðasjóð voru fyrst sett, og bendir það til þess, að löggjafinn hafi tiltölulega snemma komið auga á, að nauðsyn bæri til að setja á fót sjóð, sem gegndi þessu hlutverki. Bjargráðasjóður hefur síðan verið efldur með endurskoðun laganna, a. m. k. bæði 1950 og 1961. En þrátt fyrir það er það ekkert vafamál, að þessi sjóður hefur yfir allt of litlu fjármagni að ráða til þess að geta sinnt því hlutverki, sem honum er ætlað, eins og verðmæti eru orðin mikil í atvinnurekstri landsmanna nú á tímum. Þetta hefur *mörgum í hópi alþm.* verið ljóst, og þess vegna hafa á undanförnum þingum verið fluttar till. um að undirbúa tryggingasjóð eða stofnun fyrir landbúnaðinn, sem gegndi hliðstæðu hlutverki fyrir landbúnaðinn og aflatryggingasjóður gerir fyrir sjávarútveginn. Og hinn 1. apríl 1964 var afgreidd hér á hv. Alþ. þál. um þetta mál, þ. e. um tryggingar gegn uppskerubresti og afurðatjóni í landbúnaði. Þessi ályktun hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþ. ályktar að fela ríkisstj. að skipa 4 menn í n., einn tilnefndan af stjórn Bjargráðasjóðs Íslands, annan af Búnaðarfélagi Íslands, hinn þriðja af Stéttarsambandi bænda og hinn fjórða án tilnefningar, til að endurskoða lög um búfjártryggingar og önnur lög, er málið varða, í því skyni, að komið verði á fót fyrir landbúnaðinn tryggingum gegn uppskerubresti og afurðatjóni með hliðsjón af aflatryggingu sjávarútvegsins. Sá nm., sem skipaður er af ríkisstj. án tilnefningar, skal vera form. nefndarinnar."

Ég vil leyfa mér í þessu sambandi að beina þeim fsp. til hæstv. ráðh., hvað líði undirbúningi þess máls, sem þál. sú, sem ég var að lesa, fjallar um, og í öðru lagi, hvort vænta megi af hendi ríkisstj. frv. um þetta efni á þessu þingi, sem nú er að hefja störf. En í aths. við þetta frv., sem hér liggur fyrir, og í ræðu hæstv. ráðh. kemur það fram, að ástæðan til þess, að þetta frv. er flutt, er fyrst og fremst sú, að bjargráðasjóður hefur orðið að hlaupa undir bagga með bændum, einkum á Austurlandi, nú á þessu hausti vegna þess mikla grasbrests, sem þar hefur orðið vegna kals í túnum. Þetta sýnir ótvírætt, að frv. það, sem hér er til umr., er borið fram af ríkri nauðsyn, og það er vitanlega réttmætt og sjálfsagt að greiða fyrir samþykkt þess, eftir því sem frekast er kostur.

En það, sem ég hef að athuga við þetta frv., er einungis það, að mér virðist, að með því sé of skammt gengið. Og ég ætla að færa þessum orðum stað með því að benda sérstaklega á einn þátt, sem þarf að gefa gætur í þessu sambandi. Það eru margir nú á dögum, sem telja sig bera skyn á málefni landbúnaðarins, og það, sem um þau er sagt, er af misjöfnum toga spunnið. Ég ætla ekki í þessu sambandi að fara að ræða landbúnaðarmálin almennt, en þrátt fyrir misjafnar skoðanir virðist þó mönnum koma saman um það, að framleiðsla landbúnaðarafurða þurfi að vera sem fjölbreyttust og fullnægja þörfum þjóðarinnar í sem flestum greinum. En einn þáttur landbúnaðarframleiðslunnar og hann ekki veigalítill er framleiðsla garðávaxta. Það eru matvæli, sem þjóðina má ekki skorta og þarf að framleiða mikið magn af á hverju sumri. Nú eru skilyrði til garðræktar mjög misjöfn í hinum ýmsu héruðum landsins. Og það tel ég ekki óeðlilegt, að nokkur verkaskipting verði innan bændastéttarinnar um framleiðsluna,

þannig að þar sem skilyrði eru bezt til garðræktar, séu að miklu leyti afurðir búanna bundnar við þá framleiðslugrein, en í öðrum héruðum séu garðávextir lítið eða ekki ræktaðir. En þessi framleiðsla er mjög áfallasöm og er jafnvel meira háð veðurfari en grasræktin og sú framleiðsla, sem á henni byggist. En eins og lögin um bjargráðasjóð eru, telur stjórn sjóðsins naumast heimilt og að ekki sé ráð fyrir því gert, að sjóðurinn bæti tjón, sem verður við framleiðslu garðávaxta. Ég mæli þetta af nokkurri reynslu, og ég get stutt þessi almennu orð með ákveðnu dæmi. Hornafjörður hefur um langt skeið verið mikið kartöfluræktarhérað, og Hornafjarðarkartöflur hafa oft verið auglýstar sem sérstök gæðavara, úrvalskartöflur. Nú hefur borið svo við, að undanfarin ár, nokkur ár í röð, hefur þar orðið mikið afurðatjón, vegna þess að þessi framleiðsla hefur ekki heppnazt vegna áfalla af náttúrunnar völdum. Og þannig var það s. l. sumar, að hafísinn lá við strönd Austurlands og var klaki óvenjulega lengi í jörðu í Hornafirði og ekki hægt að sá garðávöxtum fyrr en 4—5 vikum seinna en venjulegt var, og hafði það sín áhrif á uppskeruna á þessu sumri. Þeir, sem hafa orðið fyrir skakkaföllum af þessum sökum, hafa oftar en einu sinni leitað til bjargráðasjóðs um lán, ekki verulega fjárhagsaðstoð eða óafturkræf framlög, heldur að fá nokkra fyrirgreiðslu í lánaformi til þess að komast yfir þessi tímabundnu skakkaföll. Og það hafa verið sendar umsóknir og safnað skýrslum í þessu sambandi. En þetta liggur allt óafgreitt hjá stjórn bjargráðasjóðs, og svör þau, sem hún veitir, eru eiginlega nánast þau, að lögin geri ekki ráð fyrir eða jafnvel heimili ekki að bæta tjón af þessu tagi og í annan stað séu fjárráð sjóðsins svo lítil, að það sé ekki mögulegt að verða við þessum umsóknum.

Ég vildi koma þessu sjónarmiði á framfæri, áður en þetta mál fer til nefndar, í trausti þess, að n., sem fjallar um þetta frv., leitist við að bæta þarna úr augljósum ágöllum á löggjöfinni og opna a. m. k. leið til þess, að það sé ekki óheimilt að bæta tjón, sem bændur verða fyrir, sem stundað hafa garðrækt — sem hafa hana að atvinnu eða stunda þessa framleiðslugrein.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta mál. En þótt ég geri þessar aths., endurtek ég það, að það er augljóst, að þetta frv. er borið fram af ríkri nauðsyn og það er sjálfsagt að greiða götu þess gegnum þingið, eftir því sem framast er kostur.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Ég vil þakka hv. síðasta ræðumanni, 4. þm. Austf., fyrir góðar undirtektir um afgreiðslu þessa máls, og kom það ljóslega fram í hans ræðu, að hann er sammála þeim rökum, sem hníga að flutningi frv., og hefur boðið fram sitt lið til að greiða götu þess hér í hv. þd. Og ég vænti, að svo reynist, eins og ég sagði áðan í minni framsöguræðu, það reynist hugur okkar allra, sem í þessari þd. eigum sæti, að málið fái sem allra fyrst afgreiðslu.

Varðandi þá fsp., sem hann gerði um tiltekna þál., sem hann las hér upp í sinni ræðu, og um afgreiðslu á henni verð ég að svara því, eins og á stendur, að ég hef ekki í þeim verkefnum, sem ég hef komizt til að vinna að í mínum þessum nýju störfum, séð þetta verkefni þar. Ég skal hins vegar láta kanna nú sem allra fyrst, hvort þetta gæti legið í einhverju öðru rn. heldur en því, sem ég starfa í, og spyrjast fyrir um það, þannig að svör gætu legið fyrir um það við síðari umr. þessa máls, en á þessu stigi get ég ekki frekari upplýsingar um það gefið. Ég hef ekki orðið var við það í þeim störfum, sem ég hef unnið þann stutta tíma, sem ég hef þar verið. En ég skal sem sagt sjá svo til, að upplýsingar liggi fyrir um það við síðari umr. málsins hér í hv. þd.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 17 shlj. atkv.

Á 18. fundi í Ed., 18. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 4, n. 82).

Frsm. (Bjartmar Guðmundsson): Herra forseti. Lög um Bjargráðasjóð Íslands voru fyrst sett 1913, og í einhverri mynd hafa slík lög verið í gildi síðan, en tekið ýmsum breytingum. Höfuðtilgangur l. er að afstýra hallæri af náttúrunnar völdum með lánveitingum og styrkveitingum til sveitarfélaga og einstakra manna.

Hér liggja fyrir breytingar á þessum l., aðallega í því fólgnar að hækka framlög til sjóðsins, þannig að hann geti betur staðið undir þeim verkefnum, sem á hann hlaðast. 1961 voru gerðar breytingar á bjargráðasjóðslögunum, þannig að framlag til hans var hækkað úr 2 kr. á íbúa í hverju sveitarfélagi, sem sveitarfélögunum var skylt að greiða til sjóðsins, og jafnhá hækkun úr ríkissjóði, sem er og hefur verið jafnt tillagi sveitarfélaganna, þá voru þessi gjöld hækkuð í 5 kr. úr 2 kr. á íbúa. Nú er lagt til, að þessi framlög hækki enn úr 5 kr. í 10 kr. Og í öðru lagi er gerð breyt. á ákvæði 9. gr. l., þess efnis að skilgreina nánar, til hverra hluta heimilt sé að verja fé úr sjóðnum. Þessi viðbótartöluliður við 9. gr. frv. er á þá leið, að heimilt sé að veita bændum lán eða styrk, ef þeir verða ella að farga bústofni sínum vegna grasbrests, svo að til auðnar horfi. Í aths. við frv. segir, að framlag frá bjargráðasjóði nemi á þessu ári 1.9 millj. kr. En samkv. frv. hækka tekjur bjargráðasjóðs um helming eða tvöfaldast. Enda þótt líta megi svo á, að í l. hafi falizt heimild til að hlaupa undir bagga í sams konar tilvikum og hér eiga sér stað, þá verður að teljast eðlilegt að heimila sjóðsstjórninni að verja fé í þessu skyni og einkum að koma til móts við óskir hennar um það, að nánar sé tekið til í l. um það, hvað henni sé heimilt að gera, þar sem hér er um óvenjulega fjárveitingu að ræða. En það, sem hér er um að ræða að þessu sinni, er það, að leitað hefur verið til sjóðsins og raunar ákveðið, að hann hlypi undir bagga vegna sérstakra ástæðna á Austurlandi á yfirstandandi ári. Þau fjárframlög, sem þar er um að ræða, eru 4.2 millj. kr. í styrk og 2.4 millj. í lán, eða alls 6.6 millj.

til bjargar bændum á Austurlandi vegna kalskemmda í túnum og grasbrests yfirleitt.

Það eru ekki aðrar efnisbreytingar í frv., því að hinar gr. frv., 3. og 4. gr., eru aðeins formsatriði.

Heilbr.- og félmn. ræddi þetta frv. á 2 fundum og var sammála um að mæla með því, að það yrði samþ. óbreytt, og hafði áður átt viðtöl við formann bjargráðasjóðsstjórnar, sem er ráðuneytisstjórinn í félmrn., en aðrir í stjórn bjargráðasjóðs eru formaður Búnaðarfélags Íslands, fiskimálastjóri og formaður samtaka sveitarfélaganna — Sambands ísl. sveitarfélaga. Hef ég svo ekki meira um þetta frv. að segja, en legg til fyrir hönd n., að það verði samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 19. fundi í Ed., 22. nóv., var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 20. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 23. fundi í Nd., 29. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 24. fundi í Nd., 30. nóv., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér um ræðir, er komið frá hv. Ed. og var samþ. þar með shlj. atkv. Frv. er hvorki mikið né þungt að vöxtum, og þarf þess vegna ekki mikillar framsöguræðu við til skýringar á því, en öllum hefur verið augljóst síðastliðin ár, að tekjur Bjargráðasjóðs Íslands hafa verið of litlar til að standa straum af nauðsynlegum útgjöldum sjóðsins. Berlegast kom þessi vanmáttur sjóðsins í ljós nú á þessu hausti, þegar nauðsynlegt reyndist að hlaupa undir bagga með bændum á Austurlandi vegna hins mikla grasbrests þar vegna kalsins. Nauðsynlegt reyndist til úrlausnar þessu eina vandamáli, að sjóðurinn tæki 3 millj. kr. lán, sem Búnaðarbankinn veitti sjóðnum.

Með hliðsjón af framansögðu ákvað ríkisstj. að beita sér fyrir helmingshækkun á framlögum til bjargráðasjóðs, og er frv. flutt til staðfestingar þeirri ákvörðun. Í gildandi lögum er framlag til sjóðsins 5 kr. af hverjum íbúa bæjar- og sveitarfélaga og jafnhátt mótframlag ríkissjóðs. 1. gr. frv. gerir ráð fyrir, að framlögin verði hækkuð úr 5 kr. í 10 kr. af hverjum íbúa frá hvorum aðila um sig. Með samþykkt frv. ættu verulega að aukast möguleikar sjóðsins til að geta í ríkara mæli staðið við fjárskuldbindingar sínar og greitt niður áfallin lán.

Bjargráðasjóður Íslands hefur á starfsferli sínum gegnt mjög þýðingarmiklu hlutverki í félagslegri samhjálp þrátt fyrir mjög takmarkaða fjárhagslega getu. Stjórn sjóðsins mun fúslega veita þn. þeirri, sem málið fær til meðferðar, allar nánari upplýsingar um starfshætti sjóðsins og fjárhagslega aðstöðu hans nú, verði þess óskað.

Það er von mín, að mál þetta fái greiðan framgang hér í hv. þd. Sveitarfélögunum og ríkissjóði er nauðsynlegt að fá sem fyrst vitneskju um endanlega afgreiðslu málsins vegna fjárhagsáætlana sinna og áður en fjárlög verða afgreidd hér endanlega á Alþ.

Herra forseti. Ég leyfi mér að leggja til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. heilbr.- og félmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 27 shlj. atkv.

Á 50. fundi í Nd., 3. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 4, n. 271).

Axel Jónsson: Herra forseti. Lög um Bjargráðasjóð Íslands voru fyrst sett árið 1913 og hafa verið í gildi síðan, en hafa eðlilega tekið ýmsum breytingum. Tilgangur laganna um bjargráðasjóð er, að sjóðurinn komi til hjálpar, þegar að steðja vandræði af náttúrunnar völdum, og þá með lánveitingum eða styrkveitingum til sveitarfélaga og einstaklinga.

Hér liggur fyrir frv., um breytingu á gildandi lögum, og miðar breytingin að því að hækka framlög til sjóðsins og á þann hátt stuðla að því, að sjóðurinn verði frekar megnugur að sinna sínu hlutverki. Frá 1961 hafa sveitarfélög greitt 5 kr. af hverjum íbúa til sjóðsins, og ríkissjóður greiðir jafnháa upphæð. Nú er lagt til að hækka þetta úr 5 kr. í 10 kr. Í öðru lagi er breyt. við 9. gr. l. til þess að skilgreina nánar, til hvers heimilt sé að verja fé úr sjóðnum. Í þessum viðaukalið við 9. gr. segir svo: „að veita bændum lán eða styrk úr sjóðnum, ef þeir verða ella að farga bústofni sínum vegna grasbrests, svo að til auðnar horfi. Lán samkv. þessum staflið skulu tryggð með ábyrgð hlutaðeigandi sveitarfélaga eða annarri öruggri tryggingu.“ Í athugasemdum við frv. segir enn fremur, að á þessu ári nemi framlögin samtals ca. 1,9 millj. kr. Sjóðurinn hefur orðið að hlaupa undir bagga með bændum, einkum á Austurlandi, nú á þessu hausti vegna hins mikla grasbrests, sem þar hefur orðið vegna kals í túnum. Sjóðurinn hefur varið í þessu skyni samtals 6.6 millj. kr., þar af 4.2 millj. kr. sem styrk og 2.4 millj. kr. sem vaxtalausum lánum til 5 ára. Til þess að geta gert þetta varð sjóðurinn að taka 3 millj. kr. lán í Búnaðarbankanum. Af þessu má ljóst vera, að tekjur þær, sem sjóðurinn hefur nú, hrökkva ekki til þess að veita slíka aðstoð sem hér um ræðir.

Hv. Ed. afgreiddi þetta frv. shlj. og heilbr.- og

félmn. þessarar hv. þd. hefur athugað frv., og eins og fram kemur á þskj. 271, leggur n. einróma til, að það verði samþ., en einn nm., Hannibal Valdimarsson, var fjarstaddur, þegar málið var afgreitt.

Herra forseti. Með tilvísun til þessa legg ég til, að frv. verði samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 26 shlj atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Á 51. fundi í Nd., 7. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 30 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 289).

---

15. Eignarréttur og afnotaréttur fasteigna.

Á 3. fundi í Sþ., 13. okt., var útbýtt frá Nd.: **Frv. til l. um eignarrétt og afnotarétt fasteigna** [19. mál] (stjfrv., A. 19).

Á 5. fundi í Nd., 21. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 6. fundi í Nd., 25. okt., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Stjfrv. samhljóða í meginatriðum þessu frv. var lagt fyrir síðasta þing, en náði þá ekki afgreiðslu, en þetta frv. er endurskoðun á löggjöf okkar um eignarrétt og afnotarétt fasteigna frá 1919 og má segja að snerti aðallega, hvaða rétt útlendingar eða erlendir menn hafa til þess að eiga og nota fasteignir hér á landi. Frá núgildandi löggjöf felast aðallega í þessu frv. þær breytingar, að tekin eru upp ákvæði, sem miða við ríkisfang sem skilyrði fyrir réttindum yfir fasteign í stað heimilisfangs, sem er skilyrði núgildandi laga. Jafnframt er í þessu frv., sem ekki er í eldri löggjöf, ákvæði um, að meiri hluti hlutafjár í hlutafélögum skuli vera eign íslenzkra ríkisborgara, ef félögin eiga að geta án ráðherraleyfis átt fasteign hér á landi. Frá frv., sem lagt var fyrir á síðasta Alþingi, er m. a. sú breyting í 1. gr., að í hlutafélögum skulu ¾ hlutar hlutafjár vera eign íslenzkra ríkisborgara og íslenzkir ríkisborgarar fara með meiri hluta atkvæða á hluthafafundum, en þarna hef ég tekið upp ábendingu, sem kom fram í meðferð málsins á síðasta Alþingi frá minni hl. um, að ¾ hlutar skuli vera eign íslenzkra ríkisborgara í hlutafélögum, en í frv., eins og það var flutt í fyrra, var aðeins meiri hluti. Að öðru leyti má segja, að þetta frv. sé mjög í samræmi við löggjöf skandinavísku þjóðanna, en þó er hún kannske nokkru frjálslegri en okkar löggjöf, og má segja, að það sé kannske ekki óeðlilegt, miðað við, hvað aðstaða okkar er sérstæð vegna smæðar þjóðar okkar.

Ég vona, að það þurfi ekki með þeirri breytingu, sem nú hefur orðið, að verða neinn ágreiningur um þetta mál, og leyfi mér að leggja til, að því verði að lokinni 1. umr. vísað til 2. umr. og til hv. allshn.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Hæstv. ríkisstj. hefur nú endurflutt frv. það, sem flutt var í fyrra um eignarrétt og afnotarétt fasteigna, en það var þá ekki útrætt. Er frv. flutt núna með fáeinum breytingum.

Þegar fjallað var um mál þetta í nefnd á s. l. vetri, voru menn á einu máli um, að ávinningur væri að frv. sem slíku. Hins vegar var nokkur ágreiningur um tvö meginatriði. Í allshn. varð enginn ágreiningur um meginefni frv., þ. e. að ríkisborgararéttur skuli vera skilyrði fyrir eignarrétti og afnotarétti fasteigna. Slík tilhögun hefur verið um árabil í Svíþjóð, Noregi og Finnlandi og á tvímælalaust enn frekar við hér á landi. Hins vegar varð ágreiningur um það atriði frv., eins og það var þá, að allt að helmingur hlutafjár í hlutafélögum gæti verið í eigu erlendra ríkisborgara. Fulltrúar Framsfl. lögðu til, að minnst 75% hlutafjár skyldu vera í eigu íslenzkra ríkisborgara. Fyrir hönd Alþb. lagði ég aftur á móti til, að allt hlutafé skyldi vera í eigu íslenzkra ríkisborgara og Íslendingar færu með öll atkvæði á hlutahafafundum. Var þá með þeirri tillögu gert ráð fyrir því, að sérstaka lagasetningu þyrfti hverju sinni, ef út af ætti að bregða. Í öðru lagi töldu minni hlutar nefndarinnar, fulltrúar Framsfl. og fulltrúar Alþb., mjög óeðlilegt, að þrátt fyrir þá takmörkun á eignarrétti útlendinga, sem í lögunum felst, skyldi ráðh. vera í sjálfsvald sett að veita ótakmarkaðar undanþágur frá lögunum.

Nú þegar frv. er endurflutt, hafa orðið á því nokkrar breytingar, eins og hæstv. dómsmrh. hefur gert grein fyrir. Hæstv. ríkisstj. hefur fallizt á að hækka lágmarkseign íslenzkra ríkisborgara í hlutafélögum, og skulu nú minnst 80% hlutafjár vera í eigu Íslendinga. Þessi breyting er vitaskuld spor í rétta átt að okkar áliti. En hún er þó meiri í orði en á borði. Eins og fram kom, er enn gert ráð fyrir því, að allt að helmingur atkv. á hluthafafundum geti verið í höndum erlendra ríkisborgara. Ég vil geta þess til samanburðar, að í greinargerð fyrir þessu stjórnarfrv. kemur það fram, að í Svíþjóð, Noregi og Finnlandi er ekki gert ráð fyrir, að erlendir ríkisborgarar fari með nema 20% atkv. á hluthafafundum. Ákvæðin, eins og þau liggja fyrir í þessu stjórnarfrv., eru því miklum mun hagstæðari útlendingum en gert er ráð fyrir í Svíþjóð, Noregi og Finnlandi.

Ég tel ástæðulaust að orðlengja um þetta mál. Afstaða Alþb. er óbreytt. Við teljum, að með þjóð, sem er 20—30 sinnum fámennari en nágrannaþjóðir okkar á Norðurlöndum, sé enn ríkari ástæða til varkárni. Og við teljum þess vegna, að þau ákvæði eigi að setja í frv., að allt

hlutafé skuli vera í eigu íslenzkra ríkisborgara og Íslendingar fara með öll atkv. á hluthafafundum.

Eins og kunnugt er, gilda þau lög í okkar landi, að ekki má selja nokkra landspildu úr eigu ríkisins, nema um það sé fjallað við 6 umr. á Alþingi. Skiptir þá engu, hvort um er að ræða blómlega jörð eða örreytiskot í útkjálkabyggð. Að sjálfsögðu er miklu ríkari ástæða til að fjalla á Alþingi um það hverju sinni, er hleypa á erlendum auðmönnum inn í íslenzk hlutafélög. Það getur í einstaka tilfelli verið nauðsynlegt af ýmsum ástæðum, t. d. vegna markaðsmála, og þá er hægt að veita slíka heimild eftir athugun og umr. hér á Alþingi.

Þessa dagana hafa stjórnarflokkarnir í undirbúningi að leyfa erlendum auðmönnum að reisa stóriðjuver á Íslandi. Ýmsir sérfræðingar ríkisstj. hafa ekki farið neitt dult með, að þetta risafyrirtæki eigi að ryðja brautina fyrir erlenda auðmenn í íslenzkum atvinnuvegum. Það skal viðurkennt, að oft láta íslenzkir fjármagnseigendur stjórnast af ýmsum annarlegum sjónarmiðum, jafnvel eiginhagsmunum, en þeir eru þó þrátt fyrir allt ríkisborgarar þessa lands og hafa því beinan og óbeinan hag af vexti og viðgangi íslenzkra atvinnuvega. Íslenzkir hagsmunir eru yfirleitt þeirra hagsmunir af ýmsum ástæðum, bæði fjárhagslegum, siðferðilegum og tilfinningalegum. Hins vegar gegnir allt öðru máli um alþjóðlegt auðmagn. Það er varhugavert, vegna þess að það spyr ekki um íslenzka hagsmuni, hag þjóðarinnar. Þess er ekki að vænta, að íslenzkir atvinnurekendur yrðu þjóðlegri í hugsun eða athöfn við að blanda blóði við erlent auðmagn.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa þessi orð fleiri að sinni. Málið fer nú til nefndar, og fyllsta ástæða er til að vona, að hv. nefndarmenn, sérstaklega úr hópi ríkisstjórnarflokkanna, taki þessar aths. til greina. Ríkisstj. hefur sýnt nokkra viðleitni í þá átt, eins og glöggt kemur fram af þessu frv., en þar eru ýmsar breytingar til bóta frá því, sem var í fyrra. Ég vona sem sagt, að ríkisstj. fáist til að takmarka enn frekar rétt útlendinga til þátttöku í íslenzkum hlutafélögum, og einnig, að undanþáguheimild ráðh. verði allmiklu meira takmörkuð en þarna er gert ráð fyrir.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 32 shlj. atkv. og til allshn. með 31 shlj. atkv.

Á 40. fundi í Nd., 14. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 19, n. 131, 135 og 154, 136, 140).

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Allshn. hefur á nokkrum fundum sínum athugað og rætt frv. til l. um eignarrétt og afnotarétt fasteigna, en nm. hafa ekki orðið að öllu leyti sammála um afgreiðslu frv. Meiri hl. n. mælir með því, að frv. verði samþ. með smávægilegum orðalagsbreytingum, sem á engan hátt raska efni frv., og eru brtt. þessar á þskj. 136, og stendur öll n. að þeim. Minni hl. n. hefur gefið út tvö nál., annars vegar Björn Fr. Björnsson og Skúli Guðmundsson og hins vegar Karl Guðjónsson, og vilja þeir gera á frv. nokkrar efnisbreytingar, sem ég mun víkja að síðar.

Á síðasta þingi var lagt fram stjfrv. um sama efni, en það varð ekki útrætt. Í þessu frv., sem hér liggur fyrir, hafa verið gerðar nokkrar breytingar á 1. og 5. gr. frá því frv., sem fyrir lá á síðasta þingi. Þessar breyt. á áðurnefndum greinum frv. eru gerðar með hliðsjón af brtt., sem fluttar voru við frv. í fyrra af meiri hl. og 1. minni hl. allshn. Á 4. tölulið 1. gr. þessa frv. er gerð sú breyting frá fyrra frv., að nú er það skilyrði sett fyrir, að hlutafélag geti öðlazt réttindi yfir fasteign, að ⅘ hlutar hlutafjár skuli vera eign íslenzkra ríkisborgara í stað einfalds meiri hl. hlutafjár. Breytingar á 5. gr. frv., miðað við frv. í fyrra, eru orðalags- og tilvitnunarbreytingar, en ekki efnisbreytingar.

Í báðum frv., bæði því, sem hér liggur fyrir til umr., og því, sem lagt var fram í fyrra, er gert ráð fyrir því í 1. gr., að heimild ráðh. haldist til að veita undanþágur frá þeim skilyrðum, sem sett eru í 1.—4. tölul. 1. gr. frv. fyrir því, að útlendingar geti öðlazt réttindi yfir fasteign, ef sérstaklega stendur á. Út af þessari undanþáguheimild ráðh. hefur ágreiningur risið í n. við afgreiðslu frv. Vill minni hl. n. takmarka mjög eða fella niður með öllu þessa undanþáguheimild, en meiri hl. n. telur ekki ástæðu til slíks, enda eru sams konar eða hliðstæðar leyfisheimildir til handa ráðh. eða þjóðhöfðingja í hliðstæðum lögum allra hinna Norðurlandanna, og er ekki til þess vitað, að slík leyfisheimild eða undanþáguheimild hafi hingað til komið að sök hér á landi, en í íslenzkum lögum hefur hún verið a. m. k. frá árinu 1919.

Frv. þessu, ef að lögum verður, er annars ætlað koma í stað gildandi laga um eignarrétt og afnotarétt fasteigna hér á landi, en þau lög eru nr. 63 frá 1919. Felast í frv. þessu aðallega þær breyt., miðað við gildandi lög, að tekin eru upp í það ákvæði, sem miða við ríkisfang sem skilyrði fyrir réttindum yfir fasteign í stað heimilisfangs samkv. gildandi lögum. Jafnframt er ákvæði í frv. um, að mikill meiri hl. eða ⅘ hlutar hlutafjár í hlutafélögum skuli vera eign íslenzkra ríkisborgara, ef félögin eiga að geta án ráðherraleyfis átt fasteign hér á landi, en slíkt ákvæði er ekki í gildandi lögum.

Eins og ég áður tók fram, herra forseti, leggur meiri hl. allshn. til, að frv. verði samþ. með þeim breytingum, sem n. gerir till. um og fyrir liggja á þskj. 136.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Eins og kunnugt er, lá fyrir síðasta Alþ. frv., sem var að mestu leyti shlj. þessu frv., en fékk þá ekki fullnaðarafgreiðslu. Þá komst frv. til 2. umr., og bar ég þá fram sem minni hl. allshn. till. til breyt. á því frv. Þegar málið kom til 1. umr. á þessu þingi, lýsti ég skoðunum okkar Alþb.-manna á þessu máli og hvaða till. við hygðumst flytja til breyt. og sé ég ekki ástæðu til þess að endurtaka það hér við 2. umr.

Karl Guðjónsson kom inn sem þm. Alþb., meðan ég var forfallaður, og tók sæti mitt í

allshn. og hefur lagt fram brtt. efnislega shlj. þeirri, sem við fluttum í fyrra, en það er varðandi hlutafjáreign erlendra ríkisborgara í íslenzkum hlutafélögum. Við Alþb.-menn teljum, að í þessu frv. eigi að vera ótvíræð ákvæði um það atriði, að í félagi, þar sem enginn félaga ber fulla ábyrgð á skuldum félagsins, skuli félagið eða stofnunin eiga hér heimilisfang og varnarþing og allir félagar, hluthafar eða aðilar, vera íslenzkir ríkisborgarar. Við sættum okkur ekki við, að nein undanþága sé þar frá í l. sjálfum, en bendum á, að ef þess gerist þörf að dómi meiri hl. Alþ. að leyfa útlendingum að eiga hér hlut í hlutafélögum, sé auðvelt að setja um það sérstök lög hverju sinni.

Annað atriði, sem mest hefur verið deilt um í þessu sambandi, er það, hvort ráðh. skuli hafa undanþáguheimild hvað snertir önnur fyrirtæki en hlutafélög og eignaraðild útlendinga að þeim. Ég hef áður gert grein fyrir skoðunum okkar á því máli. Við erum því algerlega mótfallnir og höfum þar samstöðu með fulltrúum Framsfl. í n. Þar sem fulltrúar Framsfl. flytja nokkuð ýtarlegar till. um þetta atriði, sem við erum efnislega sammála, töldum við ekki rétt að flytja sérstakar till., en styðjum þær, eins og þær liggja fyrir.

Frsm. 2. minni hl. (Björn Fr. Björnsson): Herra forseti. Eins og tekið hefur verið fram, hefur allshn. haft þetta frv. til athugunar, en ekki orðið til fulls sammála um afgreiðslu þess. Á s. l. þingi kom þetta frv. fram í fyrsta skipti og var flutt á vegum ríkisstj. Það komst ekki lengra en til 2. umr. Þá fluttum við framsóknarmennirnir í allshn., hv. 1. þm. Norðurl. v. og ég, tvær höfuðbrtt. við það og gáfum út nál., þar sem við röktum málsefnið út frá okkar sjónarmiði og rökstuddum okkar till. Önnur till. var um það, að aukinn skyldi meiri hluti hlutafjár í eigu íslenzkra ríkisborgara. Í því frv., sem hér liggur fyrir, hefur ríkisstj. gengið inn á þessa okkar till. um aukinn meiri hl. hlutafjár í höndum íslenzkra og vel það, eða minnzt 80% hlutafjár. Hin till. okkar frá því í fyrra, sem við endurflytjum nú, varðar leyfi ráðh. til þess að veita undanþágur frá skilyrðum þeim, sem talin eru upp í 1.—4. tölul. 1. gr. frv.

Við framsóknarmennirnir í allshn. erum mótfallnir svo rúmu leyfi til handa ráðh., að hann geti veitt undanþágu frá öllum þessum skilyrðum. Við teljum slíka óhefta heimild ráðh. alveg fráleita. Það mætti alveg eins vel hugsa sér að hafa engin skilyrði uppi í frv., heldur láta það vera á valdi ráðh., hvort erlendur ríkisborgari geti fengið að njóta eignarréttar og afnotaréttar af fasteignum í þessu landi. Við í 2. minni hl. teljum það hljóta að vera svo, að löggjöfin leggi á það þunga áherzlu, að skilyrðin fyrir þeim réttindum, sem hér ræðir um, eignarréttindum og afnotaréttindum erlendra manna á fasteignum hér á landi, séu svo þýðingarmikil og nauðsynleg, að framkvæmdavaldinu sé ekki ætlandi að veita leyfi til undanþágu frá skilyrðum, þegar þannig stendur á, það eigi að vera löggjafans hverju sinni að meta það. Og þó að hinar Norðurlandaþjóðirnar, eins og upplýst hefur verið, hafi rúmar heimildir um undanþágur að þessu leyti úr hendi ráðh., þ. e. a. s. þegar lögmælt skilyrði eru ekki til staðar, teljum við í 2. minni hl. n., að Íslendingar geti engan veginn fylgt þeirri reglu eða því fordæmi, vegna þess að við höfum um ýmsa hluti aðra aðstöðu. Og ég vil geta þess, að þó að ráðh. yfirleitt á Norðurlöndum hafi rétt til þess að veita undanþágur frá skilyrðum að þessu leyti, verða leyfin, a. m. k. í sumum Norðurlandanna, að vera bæði tímabundin og skilyrt á ýmsa lund, og eru þar um reglur, sem ég að vísu hef ekki kynnt mér nánar, en veit, að þetta muni vera svo. En hitt er rétt, að ráðh. hefur heimild til þess að veita leyfi að öðru leyti. Og standi sérstaklega á um aukna aðstöðu útlendinga til fasteignaréttinda hér á landi, er að sjálfsögðu löggjafans hverju sinni að fara hendi um slík málefni, enda munu nú flestir vera sammála um það hér í hv. deild.

Við í 2. minni hl. leggjum því til, að ráðh. sé einungis heimilt að veita erlendum aðila, sem ekki fullnægir skilyrðum 1.—4. tölul. í 1. gr. frv., leyfi til þess að eiga fasteign eða hafa afnot af henni, ef þessi sami aðili hefur öðlazt eignina, fasteignina, við hjúskap eða erfðir, eða í þriðja lagi, að hann hafi öðlazt fasteignaréttindi fyrir gildistöku laganna, ef frv. yrði að lögum. Og þetta er sem sagt eina breytingin, sem við viljum gera á þessu frv., sem hér liggur fyrir.

Aðrar till., sem við gerum, eru einvörðungu í samræmi við þessa höfuðbreytingu, sem við viljum gera á 1. gr., þ. e. a. s. að draga úr valdi ráðh. til að veita erlendum ríkisborgurum leyfi til að eiga fasteignir hér á landi eða hafa á hendi afnotarétt þeirra. Að öðru leyti fylgjum við frv.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Ég þakka n. fyrir meðferð málsins. Það er megintilgangur þessa frv. að þrengja rétt erlendra manna til eignar- og afnotaréttar á fasteignum hér á landi, og ég sé, að það virðist, að hv. þm. virðist heimild ráðh. vera of rúm til þess að veita undanþágur frá þeim reglum, sem settar eru í l., og það er í sjálfu sér skiljanlegt, og það er rétt, að l. ákveða viss skilyrði og gefa ráðh. meira og minna opnar hendur til að falla frá öllum þessum skilyrðum. Er ekki óeðlilegt, að hv. þm. vilji setja þrengri skorður þarna. En þó spyr ég: Hefur það nokkurn tíma komið til, er nokkurt einasta tilvik þess frá því 1919, að lögin voru sett, að menn hafi þurft að kvarta undan þessari heimild, sem ráðh. hefur? Ég held, að það sé ekki til nokkurs staðar, að það hafi verið þarna af hálfu íslenzks ráðh. farið þannig að, að þm. hafi þurft að kvarta undan því. Ég vil hins vegar athuga þetta svolítið betur og mundi vilja mælast til þess nú, að hæstv. forseti frestaði atkvgr. um málið, og þá mundi ég helzt ekki vilja, að málið yrði tekið á dagskrá á morgun, heldur eftir miðvikudaginn, en þá er fundur í sameinuðu þingi, og gæfist þá tími til að huga að því betur.

Umr. frestað.

Á 42. fundi í Nd., 17. febr., var fram haldið 2. umr. um frv.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég hafði nú hálfpartinn haldið, að hæstv. iðnmrh. mundi gefa hér einhverja yfirlýsingu út af þessu máli. Ég hafði skilið það á þeim umr., sem hér fóru fram seinast, og hafði dokað við eftir því, og nú sé ég, að hann er ekki einu sinni við hér í svipinn. En það var ein setning, sem ég hnaut nokkuð um í hans ræðu, sem haldin var síðast um þetta mál, og það var sú setning, hvort við þyrftum að óttast, að því valdi, sem ráðh. hefði til þess að gefa leyfi til kaupa fyrir útlendinga á fasteignum, yrði misbeitt frekar en gert hefur verið. Ég held, að við þurfum að átta okkur fyllilega á því, hvaða breyting það er, sem orðið hefur í þessum efnum hjá okkur. Það var svo um tíma á Íslandi, að það var litið á það sem sjálfsagðan hlut, að ef það þyrfti ráðherraleyfi til þess að veita t. d. útlendingum einhver réttindi hér, væri þar með bannað að veita útlendingum slík réttindi. Eftir að þjóðin hafði barizt gegn erlendu valdi öldum saman, var sá hugsunarháttur orðinn svo sterkur, að það væri alveg sjálfsagður hlutur, að hver sá maður, sem sæti í ráðherrastól, hlyti fyrst og fremst að vera vörður þjóðarinnar um hennar vald yfir hennar eigin auðlindum, þannig að það þyrfti ekki meira en setja eina mgr., sem hljóðaði á þá leið, — ef ráðherraleyfi þyrfti til einhvers og það snerti það, að barizt hefði verið fyrir því að fá þarna útlendinga til yfirráða eða þeirra rétt, var það talið útilokað. Þetta var hugsunarhátturinn.

Ég skal, fyrst verið er að ræða þessi mál júridískt hér núna, hvort ráðherraleyfi sé nægileg vörn, nægileg trygging, nægilegt öryggi, taka dæmi af öðru máli ekki óskyldu þessu frá 1923 og hvernig litið hefur verið á í fulla tvo áratugi, ef ráðherraleyfi þyrfti, hvað það raunverulega gilti. Öll vötn á Íslandi, öll fallvötn á Íslandi, allar ár á Íslandi nema Sogið voru komnar í eigu útlendinga um 1922—1923. Íslendingar áttu í raun og veru kannske bara Sogið og svo einhverjar smásprænur, allt hitt áttu erlend fossafélög. Og í 4 ár stóð barátta hér á Alþ. um það, hvort bændurnir, sem ættu jarðir að þessum ám og hefðu þar með að áliti ýmissa eignarrétt á þeim, gætu selt þessar ár, m. a. útlendum mönnum, og þessir útlendu menn eða útlendu auðfélög þess vegna virkjað þau, og stór hluti Alþ. hélt fram þeirri skoðun, að þetta væri hægt. Þeir menn, sem börðust harðast á móti þessari skoðun og voru um tíma meiri hl. svokallaðrar fossanefndar, voru Jón Þorláksson, Guðmundur Björnson og Bjarni frá Vogi. 1923 er þetta mál útkljáð á Alþ. Og hvernig er þetta mál útkljáð þá? Þetta mál er þá búið að ganga í gegnum Ed., og þeir, sem börðust fyrir algeru valdi bændanna til þess að selja árnar í hendur útlendingum og þar með algeru leyfi útlendinga til að virkja þær, þeir höfðu verið í meiri hl. og höfðu fengið sitt frv. í gegn í Ed. Í Nd. fer hins vegar svo, að Jóni Þorlákssyni og Bjarna frá Vogi tekst að koma að smábreytingu við 2. gr. frv., þar sem svo er mælt fyrir, að réttur þessara landeigenda skuli miðast við ákvæðin í þessum l., en hinir höfðu miðað við hefðbundinn rétt. En í þessum l., eins og þau höfðu komið frá Ed., stóð um notkun vatnsorkunnar í 49. gr. og stendur enn þá, með leyfi forseta:

„Eigi má umráðamaður vatnsréttinda virkja hluta af fallvatni, sem hefur meira en 500 eðlishestöfl, nema leyfi ráðh. komi til“ o. s. frv.

M. ö. o.: með því að fá breytt 2. gr. við umr., þannig að þessi vatnalög ákvæðu hlutina, öðlaðist þetta, að ráðherraleyfi þurfti til notkunar vatnsréttinda, slíka tryggingu í augum Jóns Þorlákssonar, Bjarna frá Vogi og þeirra, sem höfðu harðast barizt á móti vatnal. í þeirri mynd, sem þau höfðu verið lögð fyrir, að þar með þótti öruggt, að ekkert útlent hlutafélag fengi tök á neinum fallvötnum í landinu. Og þeir menn, sem höfðu verið ákafastir og af Bjarna frá Vogi og Jóni Þorlákssyni verið mest sakaðir um fossaprang, eins og það var orðað í þskj., þeir snerust á móti frv., vegna þess að þeir litu líka þannig á, að fyrst það var ekki sá hefðbundni réttur, sem landeigendur hefðu, heldur það, hvernig þessi lög mæltu fyrir, væri búið að svipta bændurna eða eigendurna, sem þeir töldu vera að vatnsföllunum, réttinum til þess að virkja, fyrst það þyrfti til þess ráðherraleyfi.

Og í 23 ár stendur þetta án nokkurra breytinga í íslenzkum lögum. Fossafélagið Titan á Þjórsá allan þennan tíma, og öll önnur útlend hlutafélög, hlutafélagið Ísland og önnur slík, sem áttu tíunda hlutann af öllu fossafli á Íslandi, eiga öll saman vötnin, þessi fallvötn, þau eiga þau einstaklingseignarrétti. Og hið eina, sem kemur í veg fyrir, að þau séu virkjuð, var, að það þurfti ráðherraleyfi til, og það datt engum í hug, hvorki bændunum, sem áttu lönd að þessu og töldu sig eiga vatnið, ríkisstj. né að því er ég held jafnvel útlendingunum, að það kæmi til nokkurra mála, að nokkur ráðh. veitti slíkt leyfi, enda kom það aldrei til, öll þau 23 ár, sem engin önnur trygging var gegn því, að erlend hlutafélög, sem ættu Þjórsá og aðrar stórár á Íslandi, færu í að virkja þær, önnur en sú, að það þurfti að fá leyfi ráðh. til. Meðvitund þjóðarinnar og meðvitund hennar ráðamanna og forustumanna var svo sterk um þetta, að enginn ráðh. gæti farið að nota sitt vald á þann hátt að láta útlending fá leyfi til þess að virkja íslenzk fallvötn, það datt engum í hug, að slíkt yrði gert. Þetta var sem sé næg trygging. Það þurfti ráðherraleyfi, þar með var það útilokað, að nokkrum útlendum aðila, þó að hann ætti Þjórsá, þó að hann ætti Hvítá og þó að hann ætti slík vötn, gæti dottið í hug, að hann gæti fengið að virkja þau.

Svona stendur þetta alveg fram til 1946, að raforkulögin voru sett, sem gefa ríkinu einu heimild til þess að virkja. Og ein fyrsta afleiðingin af því er, að árið eftir er Titan reiðubúið til þess að selja Þjórsá, og eins og þm. vita, keypti Ísland Þjórsá 1948, ef ég man rétt, það var í tíð Bjarna Ásgeirssonar sem raforkumrh., fyrir 3 millj. kr., vegna þess að að vísu höfðu þeir haldið eignarréttinum allan þennan tíma, en vitað það, að þeir gátu ekki hagnýtt þetta, vegna þess að það þurfti ráðherraleyfi til, og þegar svo var búið að setja þetta, að ríkið hefði einkarétt á virkjun fallvatnanna, var það orðið úrkula vonar algerlega, og þess vegna seldu þeir

Þjórsá, og þeirra einstaklingseignarréttur á íslenzkum fossum var eyðilagður.

Þetta er hlutur, sem ég álít að við verðum að gá mjög vel að, þegar við ræðum um það lagafrv., sem hér liggur fyrir. Hæstv. iðnmrh. eða dómsmrh. segir alveg réttilega: Í þessu frv. eru sterkari tryggingar og meiri takmarkanir á því, að útlendingar geti eignazt fasteignir, heldur en áður var. Það er alveg rétt. Það eru júridískt sterkari takmarkanir í þessu frv. á því, að útlendingar geti eignazt fasteignir hér á Íslandi, heldur en áður var. Ef allt væri þess vegna normalt á Íslandi, ef sá sami hugsunarháttur ríkti, sem við höfðum lært og hafði komizt inn í okkur frá blautu barnsbeini af að vera nýlenda í 600 ár, — ef sá hugsunarháttur ríkti enn þá, væri þetta allt saman öruggt og við hefðum engu þurft að breyta í þessum lögum. En það, sem hefur breytzt, er hugsunarhátturinn hjá ráðandi mönnum á Íslandi. Hann er ekki lengur í neinu samræmi við hagsmuni Íslands sem sjálfstæðs ríkis eða við þá tradisjón, við þá hefð, sem hér hefur ríkt undanfarna öld, liggur mér við að segja. Það, sem nú er komið upp á Íslandi, er það, að það þykir ekki lengur neitt hættulegur hlutur, að útlendingar eignist fasteignir. Og stærsti flokkur landsins og nú forustuflokkur í ríkisstj. hefur í sínu blaði hvað eftir annað tekið afstöðu með þessum áróðri og einstakir ofstækismenn í þeim armi jafnvel barizt fyrir því, að slíkt væri alveg hömlulaust, að útlendingar gætu eignazt hér aðstöðu á Íslandi og fengið sem mesta aðstöðu. Hins vegar veit ég, að ýmsir aðrir eru með ýmsum hömlum í þeim efnum.

Það, sem þarna hefur þess vegna breytzt, eru sjálfar forsendurnar, þegar við ræðum þessi lög. Áður voru það óbrigðular forsendur, að það var nóg, að það stóð í l., að það þyrfti ráðherraleyfi, til þess að útlendingur gæti fengið sérstaka aðstöðu, t. d. til að virkja fallvötn hér, þá kom það ekki til mála, að útlendingur fengi slíka aðstöðu. Sömuleiðis er það búið að standa í l. allan þennan tíma, að það þyrfti ráðherraleyfi og ýmislegt annað slíkt, til þess að útlendingar gætu fengið þau réttindi, bæði eignarrétt og annað, sem þarna er um rætt, og það hefur verið nóg vörn. En þessar forsendur eru nú brostnar. Það, sem var næg forsenda fyrir l., sem eru búin að vera í gildi í upp undir 40 ár, er ekki forsenda lengur, vegna þess að hugsunarhátturinn, sem þau lög byggðust á, er breyttur og alveg sérstaklega hjá þeim mönnum, sem hafa forustu þjóðarinnar, og þar með líka hjá þeim mönnum, sem hvað eftir annað koma til með að eiga að fara með ráðherravald. Ég er ekki að segja það viðvíkjandi núv. hæstv. dómsmrh., ég býst við, að e. t. v. mundi hann nota þetta vald mjög skynsamlega og reyna að halda eitthvað í gamla erfð. En það koma ráðh. á eftir honum, sem eiga að fara með slíkt vald, og eins og sumt af þeirri æsku er, sem vex upp í Sjálfstfl. nú, eftir áróðri þeim, sem þeir ungu menn beita í Morgunblaðinu, mundi ég ekki hafa mikla trú á, að þeir menn stæðu á verði gegn því, að útlendingar gætu hömlulaust sölsað undir sig fasteignir hér á Íslandi.

Það er vitanlegt hverjum manni, sem eitthvað veit í fjármálum, að ein bezta fjárfesting, sem nú er til í Evrópu, er að kaupa upp Rangárvalla- og Árnessýslur, og það kostar ekki mikið. Jarðir eru eitt af því eftirsóknarverðasta í allri Vestur-Evrópu nú, og jarðir eru eitt af því, sem billegast er selt á Íslandi sem stendur. Enda þyrfti ekki að því að spyrja, um leið t. d. og við hefðum verið komnir inn í Efnahagsbandalagið, hefðu íslenzkir bændur eftir nokkurn tíma ekki átt mikið af sínum jörðum. Þeim hefði verið boðið það vel í þær, að þeir gætu ekki staðizt þá freistingu að selja þær nema örfáir.

Við verðum að gá að því, hversu gersamlega þessi hugsunarháttur er breyttur. Alþ. verður nú sjálft að setja hömlur, að setja takmarkanir við því, á hvern hátt sé hægt að fara með þetta vald, vegna þess að Alþ. getur ekki lengur treyst því, eins og það gat í áratugi eftir 1923, að ráðherraleyfi eitt, ef það þyrfti, væri nægilegt til þess að standa á móti ágengni útlendinga. Þess vegna er það ekki næg afsökun hjá hæstv. dómsmrh., hvort það sé hægt að benda á, að þetta leyfi hafi undanfarið verið misnotað. Það hefur ekki verið misnotað. En hugsunarhátturinn, sem gerði það að verkum, að þetta leyfi var ekki yfirleitt notað, er breyttur. Hann er breyttur og þar með fallnar burt þær forsendur, sem áður voru Alþ. nægar, að það þyrfti ráðherraleyfi þarna til. Þess vegna álít ég, að þarna þurfi alveg nauðsynlega að stemma stigu við á þann hátt, sem báðir minni hl., hvor í sínu lagi, leggja til í sambandi við afgreiðslu þessara laga. Við megum ekki láta það blekkja okkur, hvernig l. hafa verið hingað til og það sé verið að herða á þessu, vegna þess, hversu hugsunarhátturinn hefur breytzt og sérstaklega hjá þeim ráðandi flokki í landinu. Það þarf að stórbreyta l., ef Alþ. vill vera öruggt gegn því, að það sé farið að veita útlendingum í stórum stíl leyfi til þess að kaupa hér fasteignir. Valdið, sem ráðh. hefur í slíku efni í sambandi við 1. gr., er afar viðtækt, og það meinar allt annað, þau orð, nú en þau sömu orð meintu fyrir 40 árum. Þá datt engum í hug að leggja annan skilning í það en þann, að fyrst ráðh. á að leyfa þetta, er þetta bannað, og ef við ætluðum að hafa samsvarandi lagaákvæði nú, þyrfti að standa þarna í, að þetta mætti ekki gera nema með leyfi Alþ., það þyrfti í hvert skipti að fá leyfi Alþ. til. Hv. þm. vita líka, að það er svo með hverja smáþjóðjörð, að hana er ekki hægt að selja, án þess að Alþ. leyfi það með sérstökum l., ekki hægt að selja hana íslenzkum manni, íslenzkum bónda t. d., sem þarf jafnvel á henni að halda. En með þessum l., ef þau verða afgreidd eins og þau eru, ætti sem sé að vera mögulegt að leyfa útlendingi aðstöðu til rekstrar og eignarréttar hér á landi án þess að spyrja Alþ. nokkurn tíma um það. Þetta, að afgreiða þessi lög eins og hæstv. ríkisstj. hefur lagt til, er stórhættulegt, og ég vil alvarlega skora á hv. þm. að athuga þetta mál miklu betur í ljósi þeirra breytinga, sem orðið hafa á okkar þjóðlífi, áður en þetta mál fer lengra.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 43. fundi í Nd., 21. febr., var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 45. fundi í Nd., 24. febr., var enn fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.
Brtt. 131 felld með 20:9 atkv.
— 140,I felld með 20:16 atkv.
1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt., 140,II felld með 20:11 atkv.
2. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 140,III felld með 21:15 atkv.
4. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 140,IV felld með 21:14 atkv.
— 136,1 samþ. með 25 shlj. atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 140,V—VII kom ekki til atkv.
— 136,2 samþ. með 23 shlj. atkv.
6. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 136,3 samþ. með 21 shlj. atkv.
7. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
8.—12. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Á 49. fundi í Nd., 1. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 264).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 44. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 46. fundi í Ed., 7. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Eins og hv. alþm. er kunnugt, var þetta mál lagt fyrir síðasta þing, en náði þá ekki afgreiðslu, en er nú komið hingað til Ed. eftir afgreiðslu málsins í Nd.

Það hefur borið á góma nokkrum sinnum á seinni árum, að það væri ástæða til að endurskoða þau íslenzku lagaákvæði, sem gilda um eignarrétt og afnotarétt fasteigna, enda eru þau komin nokkuð til ára sinna eða frá 1919. Og á Alþ. 1963—64 var til meðferðar þáltill. um þetta efni, sem var vísað til ríkisstj. Ég hafði síðan samráð um það í þeim rn., sem málið helzt snerti, að endurskoða löggjöfina frá 1919, og þetta frv. er árangur þeirrar endurskoðunar, sem var gerð af samráði ráðuneytisstjóra og einnig í samráði við tvo hæstaréttardómara.

Það felast aðallega í þessu frv. þær breytingar frá núgildandi löggjöf, að tekin eru upp ákvæði, sem miða við ríkisfang sem skilyrði fyrir réttindum yfir fasteign í stað heimilisfangs eða búsetu, sem er skilyrði núgildandi og hinna eldri laga. Jafnframt eru í frv. ákvæði um, að meiri hl. hlutafjár eða ⅔ hlutafjár, eins og nú er orðið, skuli vera eign íslenzkra ríkisborgara, ef félögin eiga að geta án ráðherraleyfis átt fasteign hér á landi, og slíkt ákvæði er ekki í núgildandi lögum.

Undir meðferð málsins í Nd. sætti nokkurri gagnrýni sú rúma heimild, sem ráðh. hefur samkv. þessu frv. til þess að veita undanþágur frá þeim skilyrðum, sem sett eru í 1. gr. Ég held, að það sé lítil hætta á misnotkun þeirra heimilda, en til þæginda að hafa þær í löggjöfinni, enda held ég, að það hafi aldrei komið fyrir á þeim tæplega 50 árum, sem l. frá 1919 hafa gilt, að það hafi sætt nokkurri gagnrýni um meðferð nokkurs ráðh. á slíkum heimildum.

Þessu frv. fylgja nokkur fskj., sem aðallega voru hugsuð til þess að verða til styrktar eða leiðbeiningar fyrir þá n. fyrst og fremst, sem málið fær til meðferðar. Það er yfirlit um réttarstöðu útlendinga með tilliti til fasteigna og atvinnurekstrar á Íslandi, sem tekið var saman af Halldóri Jónatanssyni fulltrúa í stjórnarráðinu og lögfræðingi. Það er fskj., sem felst í yfirlit um lagaskilyrði fyrir eignarrétti og afnotarétti útlendinga á fasteignum á Norðurlöndum og lauslegt yfirlit yfir gildandi lagaákvæði yfir rétt útlendinga til að stunda atvinnurekstur í Danmörku, Noregi og Svíþjóð. Þegar athuguð er löggjöf nágranna okkar, Norðurlandaþjóðanna, kemur í ljós, að hún er yfirleitt nokkuð frjálsleg og kannske frjálslegri en gert er ráð fyrir í þessum l., en sennilega er það eðlilegt miðað við sérstöðu og smæð okkar þjóðar. Það má einnig hafa í huga, að það virðist nokkuð sameiginlegt álit um það, að ef um er að ræða verulega eignarréttindi og afnotaréttindi fasteigna hér á landi í sambandi við atvinnurekstur, sé eðlilegt, að slíkt mál, þrátt fyrir hin almennu ákvæði l., komi sérstaklega fyrir Alþ. Þetta hefur átt sér stað bæði í sambandi við frv. til l. um kísilgúrverksmiðju, þar sem ráðgert var, að útlendingar yrðu aðilar að væntanlegum rekstri kísilgúrvinnslu við Mývatn, og einnig hefur verið ráðgert, að slík sérstök löggjöf verði lögð fyrir þingið í sambandi við hugsanlega álbræðslu hér á landi, sem útlendingar ættu og ræku.

Ég vil leyfa mér að leggja áherzlu á, að n. sú, sem fær þetta mál til athugunar, hraði nokkuð afgreiðslu þess með tilliti til þess, hversu áliðið er þings, og vona, að um málið verði ekki úr þessu mikill ágreiningur hér á þingi. Ég vildi mega leyfa mér að leggja til, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til allshn. með 17 shlj. atkv.

Á 53. fundi í Ed., 21. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 264, n. 329, 332 og 348, 333, 349).

Frsm. meiri hl. (Friðjón Skarphéðinsson): Herra forseti. Um eignarrétt og afnotarétt fasteigna gilda nú lög nr. 63 28. nóv. 1919. Meginreglan í þeim l. er sú, að skilyrði til þess að mega öðlast slíkan rétt yfir fasteignum er heimilisfang á Íslandi. Á það bæði við um einstaklinga og félög. Ráðh. er þó heimilt að veita undanþágur frá heimilisfanginu, ef honum sýnist ástæða til.

Í frv. því, sem hér liggur fyrir, felst sú meginbreyting frá gildandi ákvæðum, að felld eru niður ákvæði um heimilisfang sem skilyrði fyrir því að öðlast eignarrétt eða afnotarétt fasteigna. Í stað þess er tekið upp ákvæði um, að íslenzkur ríkisborgararéttur skuli vera skilyrði til þess að öðlast slíkan rétt. Jafnframt er í frv. ákvæði um, að í hlutafélögum skuli ⅘ hlutar hlutafjár vera íslenzk eign og íslenzkir ríkisborgarar fara með meiri hl. atkv. á hluthafafundum. Auk þess er ætlazt til, að núgildandi ákvæði um heimilisfang hlutafélaga á Íslandi haldist og einnig að ákvæði haldist óbreytt um heimilisfang stjórnenda þessara félaga.

Samsvarandi lagaákvæði á Norðurlöndum eru í stórum dráttum þannig, að í Danmörku er ríkisborgararéttur ekki skilyrði, heldur búseta í landinu, þó með ýmsum veigamiklum undantekningum, þannig að þeirra lög eru yfirleitt stórum rýmri en okkar lagaákvæði. Í Noregi, Svíþjóð og Finnlandi er hins vegar ríkisborgararéttur skilyrði, en ekki heimilisfang, og að öðru leyti eru lagaákvæði í þessum löndum svipuð og í frv., þ. á m. heimild ráðh. eða annarra yfirvalda um veitingu undanþága, þegar ástæða þykir til. Í Svíþjóð, Finnlandi og Danmörku þarf þó ekki undanþáguheimild til þess að öðlast eignarrétt yfir fasteign, sem maður öðlast við hjúskap eða erfð, og eru lög þessara ríkja að því leyti rýmri en hjá okkur og rýmri en frv. gerir ráð fyrir.

Frv. er komið frá Nd., og var í þeirri d. aðeins breytt orðalagi á þrem stöðum til lagfæringar, en engar efnisbreytingar voru á því gerðar. Þó var þar nokkur ágreiningur um viss atriði í frv. Allshn. þessarar hv. d. hefur fjallað um frv., og urðu nm. ekki á eitt sáttir að öllu leyti um afgreiðslu þess. Meiri hl. leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt, en 1. minni hl. leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt, en 1. minni hl., hv. 3. þm. Norðurl. v. og hv. 1. þm. Vestf., vill gera þá breytingu á frv., að niður verði felld heimild ráðh. til að veita undanþágur frá l. nema í örfáum, afmörkuðum tilfellum, og hafa þeir flutt um þetta brtt. á þskj. 333. 2. minni hl., hv. 9. þm. Reykv., hefur einnig flutt brtt. við frv., um heimild félaga til þess að öðlast eignarrétt og afnotarétt fasteigna, á þá leið, að hluthafar allir skuli vera íslenzkir ríkisborgarar í slíkum félögum.

Eins og ég lýsti, leggur meiri hl. til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Frsm. 1. minni hl. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Eins og frá hefur verið skýrt, hefur hv. allshn. ekki getað orðið samferða í þessu máli. Við í 1. minni hl. allshn., ég og hv. 1. þm. Vestf., teljum að vísu, að í frv. þessu felist mikil réttarbót frá þeirri skipan, sem gildir nú um þessi efni, en við teljum samt, að á frv. þurfi að gera breytingu, og í samræmi við þá skoðun okkar höfum við lagt fram brtt. á þskj. 333.

Lögin, sem um þetta efni gilda nú, um eignarrétt og afnotarétt fasteigna, eru, eins og hv. frsm. meiri hl. gat um, lög nr. 63 frá 1919. Þau eru í mörgum efnum orðin úrelt. Það var ástæða til þess, að af hálfu okkar framsóknarmanna var flutt hér fyrir nokkrum árum till. til þál. um það, að fram skyldi fara endurskoðun á þeim lögum. Afdrif þeirrar þáltill. munu hafa orðið þau að lokum, að henni var vísað til ríkisstj. En til þessarar þáltill. mun mega rekja það, að ríkisstj. lét fara fram endurskoðun á þessum l. frá 1919 og lagði frv. um það efni eða frv. til nýrra l. um eignar- og afnotarétt fasteigna fyrir síðasta Alþ. Það frv. var þá lagt fyrir hv. Nd. og hlaut ekki afgreiðslu á því þingi, náði aðeins að ganga til 2. umr. í þeirri hv. d., að ég hygg. Þá fluttu fulltrúar framsóknarmanna í allshn. Nd. brtt. við frv. Þær fjölluðu fyrst og fremst um tvö atriði. Annað atriðið var það, að í stað þess, að þá var í frv. gert ráð fyrir, að hlutafélag skyldi hér eignast fasteignir og öðlast afnotarétt þeirra, ef meira en helmingur hlutafjárins var í eigu Íslendinga og það fullnægði að öðru leyti þeim skilyrðum, sem í frv. greindi, — við þetta atriði var flutt sú brtt., að hlutafélög skyldu því aðeins mega öðlast hér eignar- og afnotarétt af fasteignum, að ¾ hlutafjárins yrðu í eigu Íslendinga. Hin brtt. laut að því, að ekki þótti rétt að veita ráðh. jafnviðtæka heimild til undanþágu frá skilyrðum l. eins og frv. gerði ráð fyrir.

Þegar þetta frv. var aftur lagt fram á þessu þingi, hafði sú breyting verið á gerð, að í stað þess, að áður var gert ráð fyrir því, að hlutafélag gæti eignazt hér fasteignir og fengið afnotarétt þeirra, ef helmingur hlutafjárins væri í eigu Íslendinga, þá er eftir frv., eins og það var lagt fram nú á þessu þingi og eins og það er nú, gert ráð fyrir, að hlutafélög geti því aðeins eignazt fasteignir hér og öðlazt afnotarétt þeirra, að ⅘ eða 80% hlutafjár séu í eigu Íslendinga og öðrum skilyrðum fullnægt að auki. En hins vegar var hinu atriðinu, sem aths. var sérstaklega við gerð á þinginu í fyrra, ekki breytt, sem sé því, að ráðh. gæti veitt undanþágu, ef hann teldi rétt vera og ástæður væru til, frá ákvæðum laganna yfirleitt.

Við í 1. minni hl. n. teljum, eins og ég áðan sagði, að frv. þetta stefni í rétta átt og feli í sér endurbót frá gildandi lögum að því leyti til, að eftir þessu frv. er meginreglan sú, að skilyrðið fyrir því að öðlast hér eignar- og afnotarétt fasteigna sé ríkisborgararéttur, í stað þess að áður var aðeins krafizt fastrar búsetu hér á landi og er skv. gildandi lögum, en ekki krafizt ríkisborgararéttar. Þó að ríkisborgararéttar sé ekki alls staðar krafizt erlendis sem skilyrðis fyrir slíkri réttindanautn, teljum við svo mjög öðruvísi á standa hér á landi, að það sé rétt að gera ríkisfang að skilyrði fyrir eignarrétti og afnotarétti á fasteignum, og föllumst algerlega á stefnu frv. að því leyti, og þarf ég ekki þar neinu við það að bæta, sem frsm. meiri hl. n. sagði hér áðan.

Við föllumst út af fyrir sig einnig á, að það sé ekki ástæða til að ganga lengra að því er varðar hlutafélög en frv. gerir ráð fyrir, þ. e. a. s. að það sé gert að skilyrði, að í hlutafélögum skuli ⅘ hlutafjár vera eign íslenzkra ríkisborgara, og við flytjum þess vegna enga brtt. við það atriði.

Hins vegar er það svo, að í 2. mgr. 1. gr. þessa frv. segir svo: „Nú eru skilyrði þau eigi fyrir

hendi, er í 1.—4. tölulið segir, og er ráðh. þá rétt að veita leyfi, ef ástæða þykir til. Eigi þarf þó leyfi til leigu á fasteign eða réttinda yfir henni um þriggja ára tímabil, ef uppsögn er áskilin með eigi lengri en árs fyrirvara.“ Við í 1. minni hl. allshn. teljum, að þarna sé ráðh. veitt allt of ótakmörkuð heimild til þess að veita undanþágu frá ákvæðum l., og í samræmi við þá skoðun flytjum við brtt. á þskj. 333, þar sem við gerum ráð fyrir því, að undanþáguheimild ráðh. sé bundin við alveg tiltekin og afmörkuð tilvik, þ. e. a. s. við þau tilvik, að maður hafi eignazt fasteign við hjúskap eða fyrir erfðir eða öðlazt fasteignarréttindi fyrir gildistöku þessara laga, þegar skilyrðin, sem að því lúta, voru önnur en þau eiga að verða eftir samþykkt þessa frv.

Það er að vísu rétt, sem kom fram hjá hæstv. dómsmrh., þegar hann fylgdi þessu frv. hér úr hlaði á sínum tíma, að það er ekki kunnugt um, að það hafi misnotkun átt sér stað í þessu efni hér á landi, og í okkar brtt. felast út af fyrir sig engar getsakir um, að það megi sérstaklega gera ráð fyrir misnotkun af hendi núv. ráðh. eða þeirra, sem á eftir honum koma. En við teljum almennt, að það sé óheppilegt og varhugavert að veita ráðherra, framkvæmdarvaldshafa, jafnviðtæka og í raun og veru alveg ótakmarkaða heimild til þess að víkja frá þeim skilyrðum, sem lögin hér setja. Og þó að það hafi ekki verið misnotað og þó að það sé kannske ekki sérstök hætta á því, að það verði misnotað, þá getur þó alltaf komið til þess, og við viljum taka þvílíka freistingu með öllu frá hæstv. ráðh.

Það mætti að sjálfsögðu tala langt mál um það, hversu það er varhugavert að fela framkvæmdarvaldshöfum svo viðtæka og óskoraða undanþáguheimild frá l., en ég sé nú ekki ástæðu til þess að fara út í það hér. Þetta atriði, eins og það liggur fyrir, er ákaflega einfalt og auðvelt fyrir hv. þdm. að gera sér grein fyrir því og gera upp hug sinn til þess. Spurningin er sem sagt um það, hvort þeir vilja veita ráðh. alveg ótakmarkaða undanþáguheimild í lögum eða takmarka undanþáguheimild hans við ákveðin tilvik, þau tilvik, sem manni virðist að helzt gæti verið þörf á slíkri undanþáguheimild.

Sú breyting, sem við leggjum til að gerð sé á frv., kemur í raun og veru fram í þessari okkar 1. brtt., og þær aðrar brtt., sem á eftir fara, sem að vísu eru nokkrar að tölunni til, leiðir aðeins af 1. brtt., þannig að ef 1. brtt. okkar verður felld, þá liggur það í hlutarins eðli, að hinar aðrar brtt., sem á eftir fara, eru þar með úr sögunni.

Ég sé svo ekki, herra forseti, ástæðu til þess að fara fleiri orðum um þetta mál.

Frsm. 2. minni hl. (Alfreð Gíslason): Herra forseti. Í 1. gr. þessa frv. eru sett allströng skilyrði fyrir því, að maður, einstaklingur eða félag, geti öðlazt eignarrétt eða afnotarétt yfir fasteignum hér á landi. Skilyrðin eru sundurliðuð í fjórum liðum í þessari grein. En í síðari hluta þessarar sömu gr. er í raun og veru horfið frá öllu, sem búið er að segja, með því að heimila ráðh. að hafa þessi skilyrði að engu. Þetta kemur mér undarlega fyrir sjónir. Að vísu er þetta ekkert nýmæli í þessu frv. Þannig hefur þetta verið og er í gildandi lögum, og sagt er, að þetta hafi ekki komið að sök. Allt um það tel ég ekki rétt, að þetta sé þannig haft í lögunum eftirleiðis, og fylgi brtt. 1. minni hl. í þessu efni. Ég þarf ekki að gera grein fyrir þeirri brtt., því að það hefur hv. frsm. 1. minni hl. þegar gert skilmerkilega.

Jafnvel þó að þetta hafi ekki komið að sök, að veita ráðh. svo viðtæka heimild, þá vitum við aldrei, hvenær slíkt getur komið að sök, allt verður einu sinni fyrst. Og það er jafnvel ástæða til að ætla, að freistingin til þess að notfæra sér þessa heimild verði meiri í náinni framtíð eða á komandi árum en verið hefur til þessa, því að ekki er ólíklegt, að ásókn útlendinga fari vaxandi í þessum efnum frá því, sem verið hefur. Ég tel því fráleitt, að nokkrum ráðh. sé veitt svo viðtækt vald sem ráð er fyrir gert í 1. gr. Það vald á að vera hjá hinu háa Alþingi, og komi til greina með undanþágur frá lögunum, þá er það þess að gefa slíkar undanþágur.

Í 4. tölul. 1. gr. segir, að í hlutafélögum skuli ⅘ hlutafjár vera eign íslenzkra ríkisborgara og íslenzkir ríkisborgarar fara með meiri hluta atkvæða á hluthafafundum. Hér er því sem sagt slegið föstu, að hlutafélög, sem í eru útlendingar að ⅕, geti átt ótakmarkaðan eignarrétt og afnotarétt fasteigna hér á landi. Þetta er nýmæli, því að ákvæði um slíkt finnst ekki í gildandi lögum. Hér er því sem sagt slegið föstu, að hlutafélag, þó að í því séu útlendingar, geti öðlazt eignarrétt og afnotarétt yfir fasteignum hér á landi. Að vísu á það að vera tryggt, að íslenzkir ríkisborgarar séu í ríflegum meiri hluta. En ég tel hér vera um svo mikilsvert atriði að ræða, að ég flyt brtt. um þetta á þskj. 349, og í þeirri brtt. felst það, að allir félagar, hluthafar eða aðilar í slíku hlutafélagi skuli vera íslenzkir ríkisborgarar.

Það er með öllum þjóðum farið varlega í það að veita útlendingum réttindi til atvinnu og rétt til afnota af eignum og auðlindum. Við Íslendingar verðum að fara í þessu efni varlegar en nokkur önnur þjóð, sem við þekkjum. Við megum ekki miða í þessu efni við þjóðir eins og hin Norðurlöndin vegna þess, hve við erum mörgum sinnum fámennari en þær þjóðir. Af þessari ástæðu tel ég, að aldrei sé of varlega farið í þessu efni, aldrei of varlega farið í því að takmarka rétt útlendinga hér á landi, og þess vegna hef ég leyft mér að flytja þessa brtt.

Frsm. meiri hl. (Friðjón Skarphéðinsson): Herra forseti. Það eru aðeins örfáar aths. út af ræðum hv. frsm. 1. og 2. minni hl.

Þeir eru sammála um það, að undanþáguheimild, sem gert er ráð fyrir í frv. að ráðh. fái, sé óheppileg og því beri að fella hana niður að mestu, en í stað þess beri að leggja hverja og eina umsókn um undanþágu til handa erlendum ríkisborgara fyrir Alþingi í frumvarpsformi. Um þetta má að sjálfsögðu deila eins og aðra hluti. En það er skoðun mín, að það sé með öllu ástæðulaust að fella niður þessa heimild, enda ætla ég, að engum ráðh. mundi haldast uppi að misnota þennan undanþágurétt.

Það má einnig undirstrika það, eins og hér

hefur komið fram, bæði í framsöguræðu hæstv. ráðh. við 1. umr. málsins og eins í ræðu hv. 3. þm. Norðurl. v., að það er ekki vitað til, að undanþáguréttur ráðh. hafi komið að sök hingað til né að sá réttur hafi verið misnotaður. Hið sanna í málinu mun líka vera það, að eftirsókn útlendinga til þess að eignast fasteignir hér á landi hafi verið næsta lítil eða a. m. k. á engan hátt óeðlileg, og gildir það síðan núgildandi lög voru sett um þetta efni 1919, en fyrir þann tíma munu hafa verið nokkur brögð að því í sambandi við vatnsréttindi.

Ég fæ ekki séð, að neitt bendi til þess, að á þessu muni verða breyting um sinn, og því sé ekki efni til að fella niður þessa undanþáguheimild, enda sýnist vera óþarflega fyrirhafnarsamt, að fjallað verði um hvert einstakt undanþágumál, hve smátt í sniðum sem það kann að vera eða verða, við sex umr. hér á hv. Alþingi.

Ég fæ ekki heldur séð neitt varhugavert við ákvæðið um hlutafélög, sem hv. 9. þm. Reykv. (AG) ber fram brtt. um. Ákvæði frv. eru, að mér sýnist, eins og samsvarandi norskar reglur, og öll rök mæla með því að mínum dómi, að fasteignir þar í landi og á hinum Norðurlöndunum muni verða eftirsóknarverðari en fasteignir á Íslandi, og sé einhver sérstaða okkar um þessi efni, þá held ég, að hún sé einna helzt í því fólgin.

Þá sýnist mér það muni vera misskilningur hjá hv. 9. þm. Reykv., að hlutafélög, þar sem einhver hluti hlutafjárins er eign útlendinga, slík félög megi ekki skv. gildandi lögum eiga fasteignir eða hafa afnotarétt fasteigna hér á landi. Ákvæði laganna, sem nú gilda, eru í 1. gr. 3. tölul. og eru á þá leið, að ef félag er og bera sumir fulla, sumir takmarkaða ábyrgð á skuldum félagsins, þá skuli þeir, er fulla ábyrgð bera, allir vera hér heimilisfastir, enda skal félagið hafa hér heimili og varnarþing og stjórnendur allir vera hér heimilisfastir. Skilyrðin nú eru aðeins heimilisfang stjórnar og varnarþing hér á landi, en alls ekki, að enginn hluti hlutafjárins megi vera eign útlendinga.

Af þessum ástæðum treysti ég mér ekki til þess að mæla með því, að brtt. þær, sem fram hafa verið bornar, verði samþykktar.

ATKVGR.
Brtt. 333,I felld með 8:5 atkv.
— 349 felld með 10:2 atkv.
1. gr. samþ. með 10:1 atkv.
Brtt. 333,II—VII kom ekki til atkv.
2.—12. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 55. fundi í Ed., 24. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 377).

16. Kosningar til Alþingis.

Á 35. fundi í Ed., 14. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 52 14. ágúst 1959, um kosningar til Alþingis [108. mál] (stjfrv., A. 228).

Á 37. fundi í Ed., 17. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Frv. það, sem hér er lagt fram um breyt. á l. um kosningar til Alþingis, er ósköp smátt í sniðum að vísu, en það hefur verið talið eðlilegt að gera smábreytingar í sambandi við aðstöðu kjósanda til þess að gera kjörstjórn grein fyrir, hver hann er, einkum og sér í lagi eftir að sett voru lögin um nafnskírteini, og þess vegna hefur verið lagt til af hagstofustjóra, að þessi breyting yrði gerð á lögunum, sem felst í því, að viðkomandi geti sannað, hver hann er, eða kjósandi geti sannað fyrir kjörstjórn, hver hann er, með því að framvísa nafnskírteini sínu. Að sjálfsögðu, þó að þessi breyting verði samþykkt, getur hann enn notað þær aðrar aðferðir, sem fyrir hendi eru, til þess að sanna fyrir kjörstjórninni, hver hann sé í raun og veru. En það, að frv. er nú fram borið, mundi þá leiða til þess, að ákvæði þess kæmi til framkvæmda í sambandi við sveitarstjórnarkosningarnar, í samræmi við ákvæði þeirra laga um, að í hinum og þessum tilfellum sé í meginatriðum farið eftir lögunum um kosningar til Alþingis.

Ég held, að það þurfi ekki að skýra þetta nánar, og vildi leyfa mér að leggja til, að málinu væri að lokinni þessari umr. vísað til hv. allshn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til allshn. með 11 shlj. atkv.

Á 41. fundi í Ed., 24. febr., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 43. fundi í Ed., 28. febr., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 228, n. 248).

Frsm. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Það frv., sem hér er um að ræða, felur það nýmæli í sér, að kjósandi getur gert grein fyrir sér með nafnskírteini og sannað, hver hann er, en slíkt kemur auðvitað því aðeins til greina, að kjörstjórn telji leika vafa á í því efni. Með tilliti til þeirra reglna, sem lögfestar hafa verið um nafnskírteini og nú gilda, er ekki óeðlilegt að gera ráð fyrir slíkri notkun þessara skilríkja. Allshn. mælir því einróma með samþykkt frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 44. fundi í Ed., 1. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 49. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 51. fundi í Nd., 7. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Mál þetta hefur hlotið afgreiðslu í Ed., en það er smávægileg breyting, sem í því felst á l. um kosningar til Alþ. Eins og kemur fram í grg. hafa með tilkomu nafnskirteina, sem hagstofan gefur út, skapazt möguleikar á því að láta alla kjósendur gera grein fyrir sér á þann hátt, að fullnægjandi verði talið. Þess vegna er lagt til í þessu frv., að 2. málsgr. 81. gr. l. um kosningar til Alþ. verði breytt þannig, að kjósandi geti, ef kjörstjórn óskar þess, sannað, hver hann er, með því að framvísa nafnskirteini sínu. Það er að sjálfsögðu gert ráð fyrir því, að kjósandi geti eftir sem áður fært sönnur á það, hver hann er, með ýmsum öðrum hætti, þ. á m. þeim, sem lögin hafa gert ráð fyrir til þessa, en skv. núgildandi l. er kjósanda heimilt að fá inn með sér tvo kjósendur, sem kjörstjórn þekkir, og ef þeir lýsa því yfir að viðlögðum drengskap, að maðurinn sé sá, sem hann kveðst vera, er það næg sönnun til þess, að hann fái að neyta kosningarréttar síns. Þetta virðist eðlileg breyting á l. og mundi, eins og gerð er grein fyrir í grg., koma til framkvæmda í sambandi við væntanlegar sveitarstjórnarkosningar, ef að lögum yrði.
Ég vil leyfa mér að leggja til, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. allshn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 31 shlj. atkv. og til allshn. með 32 shlj. atkv.

Á 58. fundi í Nd., 22. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 228, n. 339).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Á 60. fundi í Nd., 28. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 27 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 396).

---

17. Sveitarstjórnarkosningar.

Á 35. fundi í Ed., 14. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 5 7. marz 1962, um sveitarstjórnarkosningar [107. mál] stjfrv., A. 227).

Á 36. fundi í Ed., 15. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Við afgreiðslu frv. til l. um sveitarstjórnarkosningar hér á hv. Alþ. árið 1962 féll niður ákvæði um afnám eldri sveitarstjórnarlaga, og hafa hin eldri lög af þessum ástæðum verið prentuð áfram og birt í nýútkomnu lagasafni. Þar sem um það bil eftir 3 mánuði eiga fram að fara bæjar- og sveitarstjórnarkosningar um land allt, þykir nauðsynlegt að gera hér hreinna borð og fyrirbyggja, svo sem kostur er, hugsanlegan misskilning af þessum ástæðum. Af þeim sökum er frv. þetta flutt.
Auk fyrrgreindrar leiðréttingar er í frv. orðalagsbreyting á 1. gr., sem ætluð er til enn frekari glöggvunar þeim, sem hlut eiga að máli.
Frv. þetta er ekki mikið að vöxtum, og ekki ætti að þurfa að verða ágreiningur um efni þess, en eigi að síður brýn nauðsyn á, að það nái fram að ganga á þessu þingi af fyrrnefndum ástæðum.
Herra forseti. Ég legg til, að frv. verði að þessari umr. lokinni vísað til hv. heilbr.- og félmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 15 shlj. atkv.

Á 47. fundi í Ed., 8. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 227, n. 281).

Frsm. (Auður Auðuns): Herra forseti. Með þeirri orðalagsbreytingu, sem lögð er til í 1. gr. þessa frv. á 1. gr. l. um sveitarstjórnarkosningar frá 1962, er leitazt við að gera ákvæðin gleggri, svo að misskilningur í sambandi við framkvæmd komi síður til greina, eins og í grg. með frv. segir.
Þegar frv. til núgildandi laga um sveitarstjórnarkosningar var samþ. á Alþ. á sínum tíma, mun hafa fallið niður í meðferð málsins á Alþ. ákvæði um afnám eldri sveitarstjórnarkosningalaga. Í 2. gr. þessa frv. er tekið upp ákvæði þess efnis, svo að ekki ætti að þurfa að orka tvímælis, hvaða lög eru gildandi í þessum efnum.
Heilbr.- og félmn. hefur athugað frv. og leggur einróma til, að það verði samþ., en eins og fram kemur í nál., var einn nm., Ásgeir Bjarnason, fjarstaddur, þegar málið var afgreitt í nefndinni.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 48. fundi í Ed., 10. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 53. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 55. fundi í Nd., 15. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér um ræðir, er komið frá hv. Ed. og hlaut þar einróma samþykki. Frv. er ekki mikið að vöxtum, og er nánast flutt til leiðréttingar á því, að með breyt. á l. um sveitarstjórnarkosningar frá 1962, sem samþ. voru þá hér á hv. Alþ., hefur láðst að fella hin eldri lög úr gildi. Það framkallaði aftur þau leiðu mistök, að hin eldri lög eru einnig prentuð í núverandi lagasafni, og gæti valdið misskilningi einmitt nú, þegar verið er að undirbúa bæjar- og sveitarstjórnarkosningar um land allt.
Frv. þetta gerir ráð fyrir því, auk þess að fella hin eldri lög úr gildi, að örlítil leiðrétting verði gerð á hinum eldri l., svo sem 1. gr. frv. ber með sér.
Ég tel ekki þörf á því að útskýra tilgang frv. öllu frekar, en legg til, herra forseti, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og félmn. að lokinni þessari umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 24 shlj. atkv.

Á 62 fundi í Nd., 31. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 227, n. 417).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 30 shlj. atkv.

Frsm. (Guðlaugur Gíslason): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, er komið frá Ed. og var afgr. þar ágreiningslaust.
Við afgreiðslu frv. til laga um sveitarstjórnarkosningar 1962 féll niður ákvæði um afnám eldri sveitarstjórnarlaga. Þar sem svo stendur á, eins og vitað er, að nú standa fyrir dyrum sveitarstjórnarkosningar, þykir nauðsynlegt til þess að fyrirbyggja hugsanlegan misskilning í þessu sambandi að samþ. þetta frv., en aðalefni þess er það að fella niður lög nr. 81 frá 23. júní 1936. Einnig er 1. gr. frv. ætlað að gera ýmis ákvæði gildandi laga um kosningar til Alþingis og sveitarstjórna skýrari en talið er að nú sé, og er frv. einnig ætlað að gera nánari grein fyrir þeim efnum.
Heilbr.- og félmn. hefur haft þetta frv. til athugunar, og leggur hún einróma til, að það verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 63. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 23 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 432).

---

18. Ráðstafanir vegna sjávarútvegsins.

Á 46. fundi í Ed., 7. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins [136. mál] (stjfrv., A. 285).

Á 48. fundi í Ed., 10. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Við umr. um frv. til l. um útflutningsgjald af sjávarafurðum fyrir skömmu lýsti ég því yfir, að von væri á öðru frv. um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins til staðfestingar á því fiskverði, er yfirnefnd verðlagsráðs samþykkti 6. jan. s. l. Það er þetta frv., sem nú er hér til 1. umr.
Á tveimur undanförnum árum hefur ríkissjóður greitt framlag til framleiðniaukningar og hagræðingar í framleiðslu hraðfrystiiðnaðarins. Framlög ríkisins í þessu skyni námu 43 millj. kr. árið 1964 og 33 millj. kr. árið 1965. Upphaflega ástæðan til þessa stuðnings við þennan undirstöðuatvinnuveg var á sínum tíma talin sú, að þær launahækkanir, sem hér var um samið á árinu 1963, gæti þessi atvinnuvegur þá ekki borið, eins og á stóð um verðlag fiskafurðanna erlendis. Þær endurbætur, sem síðar hafa átt sér stað í þessum mikilvæga iðnaði okkar, m. a. fyrir framlag ríkisins, hafa reynzt nær ómetanlegar og okkur í vil til þeirrar hörðu samkeppni, sem á sér stað á heimsmarkaðnum um sölu fiskafurða. Það er engum vafa undirorpið, að hið jafnt hækkandi verð erlendis á fiskafurðum okkar á s. l. árum byggist a. m. k. öðru fremur á bættum vinnsluaðferðum og þar með aukinni hagnýtingu aflans, sem umræddur styrkur ríkisins hefur stuðlað að.
Svo sem frá er skýrt í grg. frv., tóku frystihúsin að fullu á sig 15% kauphækkun á árinu 1963 og einnig það, sem í þessum efnum bættist við á árinu 1964, ásamt þeirri fiskverðshækkun, 6%, sem einnig bættist við á því ári. Ríkissjóður greiddi þá um sinn til bráðabirgða 5½% fiskverðshækkun, sem þá var ákveðin af yfirnefnd verðlagsráðs sjávarútvegsins.

Af framangreindum ástæðum var því, svo sem áður er frá greint, ákveðið með l. nr. 34 í ársbyrjun s. l. árs að greiða 33 millj. kr. úr ríkissjóði.

Eins og fram kom í umr. um frv. um útflutningsgjald af sjávarafurðum hér á dögunum og fyrr er frá greint, gerði verðlagsráð sjávarútvegsins ýtarlegar athuganir á afkomu frystihúsanna á s. l. ári í sambandi við ákvörðun fiskverðsins fyrir yfirstandandi ár. Niðurstaða þeirra athugana var, að afkoman virtist það góð, að þau ættu að geta tekið á sig 5½% fiskverðshækkunina frá 1965 og þær kauphækkanir, er á því ári áttu sér stað. Niðurstaða verðlagsráðsins eða yfirnefndar þess varð hins vegar sú, að ekki væri unnt að ná samkomulagi aðila um minni fiskverðshækkun en 17% þrátt fyrir gott árferði í afurðasölumálum og bætta aðstöðu heima fyrir í sjálfri framleiðslunni. Var nauðsynlegt talið til að brúa bilið til samkomulags, að það opinbera hlypi enn undir bagga, ef tryggja ætti sjómönnum og útgerðarmönnum fyrrgreint verð. En allt eru þetta tilvitnanir í rökstuðning yfirnefndar fyrir umræddu verði. Tekjumismunur sjómanna á bolfiskveiðum og síldarsjómanna hafði aukizt verulega með hinu góða árferði á síldveiðum undanfarin ár og því eðlilegt, að tregða væri á sjómönnum til starfa, þar sem minni tekjuvon var. Í áttina til tekjujöfnunar á milli þessara greina sjávarútvegsins var 17% fiskverðshækkun því nú talin algert lágmark, svo sem áður er sagt.

Þetta mat yfirnefndarinnar hefur reynzt rétt að því leyti, að enn hefur treglega gengið að fá menn til bolfiskveiðanna, þótt það hafi að sjálfsögðu einnig mikil áhrif, að allt fram til þessa tíma vertíðarinnar hefur verið tregur afli á þeim veiðum. Þegar frá er tekið landsvæði eins og Vestfirðir, hefur sérstaklega borið á erfiðleikum á því að manna minni vélbáta á línu- og handfæraveiðar, sem þó er tvímælalaust bezta hráefnisöflun bolfiskveiðanna hvað gæði snertir. Á Vestfjörðum hefur hins vegar allt frá haustmánuðum aflazt sæmilega og stundum allvel á línuveiðum og mannaflsskortur þar einnig verið hverfandi lítill miðað við aðra landshluta, sér í lagi þó hér sunnan- og suðvestanlands.

Til þess að margnefnt samkomulag um fiskverð gæti átt sér stað, var samkv. athugun yfirn. talið nauðsynlegt að hækka í fyrsta lagi framlagið til framleiðniaukningar um 17 millj. kr. eða úr 33 millj. kr. í 50 millj. kr., sem talið var samsvara 2% fiskverðshækkun. Í öðru lagi, að 25 aura verðuppbót á línu- og handfærafisk, sem greidd var á árinu 1965, héldist áfram óbreytt þetta ár. En auk þess féllust fiskkaupendur nú í þetta sinn á að greiða jafnháa upphæð á móti á þennan fisk. Framlag ríkissjóðs í þessu efni er áætlað 20 millj. kr. Í þriðja lagi: Á s. l. ári var með sérstökum l. samþ. að heimila greiðslu verðuppbótar úr ríkissjóði á útflutta skreið, er næmi allt að 10 millj. kr. Heimild þessi var að fullu notuð, og var nú einnig álitið nauðsynlegt að heimila sömu verðuppbætur í krónutölu. Í fjórða lagi: Til að samkomulag gæti tekizt, var umfram framangreinda aðstoð álitið nauðsynlegt að breyta viðmiðun útflutningsgjaldsins, svo sem þegar hefur verið afgreitt héðan frá hv. Alþ. með sérstöku frv. nú fyrir skömmu. Samanborið við fjárhagslega aðstoð þess opinbera í þessum efnum frá s. l. ári er því hér um 17 millj. kr. hækkun að ræða. Þá nam þessi aðstoð um 60—63 millj. kr., endanleg tala er enn ekki að fullu ljós, en samkv. frv. þessu mun aðstoðin nema um 80 millj. kr.

Þegar fjárlög voru endanlega afgreidd hér á Alþ. fyrir jól, varð ekki séð, að hve miklu leyti aðstoðar þess opinbera væri þörf. Það eina, sem örugglega lá þá fyrir í þessum málum, var, að verulegar hækkanir höfðu orðið á mörgum greinum útfluttra sjávarafurða, eins og frá er skýrt í grg. frv., og því ljóst, að fiskkaupendur gætu af þeim sökum borið nokkra fiskverðshækkun. Það kom einnig á daginn, að í fyrsta sinn í starfi verðlagsráðsins gátu fiskkaupendur nú fallizt á að taka á sig eða bjóða 8% fiskverðshækkun. Fiskseljendur, sjómenn og útgerðarmenn, töldu það boð hins vegar allt of lítla hækkun og vísuðu málinu af þeim ástæðum til yfirnefndar, sem endanlega felldi úrskurð sinn 6. jan. s. l., svo sem fyrr er frá greint. Af framangreindum ástæðum er ljóst, að ekki var mögulegt að áætla tekjuþörf í þessu skyni við afgreiðslu fjárl. Að mati ríkisstj. er tekjuöflun fjárl. hins vegar það naum, að ekki er fyrirsjáanlega unnt fyrir ríkissjóð að taka á sig þau útgjöld, er af samþykkt frv. þessa leiðir, án rekstrarhalla.

Með framangreindar staðreyndir í huga er eðlilegt, að hv. alþm. spyrji, með hvaða hætti ríkisstj. hyggist leysa þann fjárhagslega vanda, er af útgjöldum þessum leiðir. Taki ríkisstj. á sig að leysa þann fjárhagslega vanda, sem fylgir 17% fiskverðshækkun, er um tvær leiðir að velja: Í fyrsta lagi að beita sér fyrir almennum skattahækkunum, er brúað gætu bilið. Í öðru lagi að létta af ríkissjóði einhverjum þeim útgjöldum, sem þegar er gert ráð fyrir, t. d. í verklegum framkvæmdum eða niðurgreiðslu vöruverðs.

Varðandi fyrri liðinn er það að segja, að ríkisstj. hefur lýst sig við fjárlagaumr. andvíga almennum nýjum skattahækkunum. Af þeim ástæðum yrði lausn vandans nú ekki fundin með þeim hætti. Hvað síðari liðinn áhrærir, virðist óþarft að minna á það, að á s. l. 2 árum hefur verið notuð heimild í fjárl. til að minnka opinberar framkvæmdir eða draga úr fjárframlögum til þeirra, og yrði þegar af þeim ástæðum ekki horfið inn á þá braut nú enn einu sinni. Í blöðum hv. stjórnarandstæðinga sem og víðar hefur því verið þráfaldlega fram haldið, að niðurgreiðslur ýmissa vörutegunda kæmu neytendum að litlu sem engu haldi, og ríkisstj. sökuð um að viðhalda þessu ástandi þvert ofan í yfirlýsingar sínar um að vilja afnám niðurgreiðslna og til þess eins að falsa kaupgjaldsvísitölu, eins og stundum hefur verið sagt. Hvað sem líður sannindum þessara ásakana, er víst, að afnám niðurgreiðslna á einstökum vörutegundum hefði, áður en kaupgjaldsvísitala var á ný upp tekin á laun, af launþegasamtökunum verið réttilega metin sem bein og óbætt kjaraskerðing, og því lögð áherzla á að fá slíkt bætt í næstu kjarasamningum. Nú á greiðsla verðlags-

uppbóta á laun hins vegar að tryggja launþegum bætur fyrir afnám niðurgreiðslna á hverri þeirri vörutegund, sem þær gilda um í dag. Ríkisstj. hyggst, eins og fram kemur í lok grg. fyrir frv., mæta nauðsynlegum útgjöldum vegna frv. þessa eða samþykktar þess með því að draga úr eða afnema með öllu niðurgreiðslur á ákveðnum vörutegundum. Ég tel eðlilegt og skylt að skýra nú þegar frá þessum fyrirhuguðu ráðstöfunum, þó að endanlega hafi ekki verið frá þeim gengið eða gildistöku þeirra.

Herra forseti. Ég tel ekki þörf á að ræða efni einstakra greina frv., svo ljóst sem efni þeirra er og endurtekning frá fyrri þingum. En að lokinni þessari umr. legg ég til, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Það frv., sem hér liggur fyrir, kemur ekki að öllu leyti á óvart, því að það var boðað í sambandi við frv. það, sem hér var til umr. fyrir nokkrum dögum um breytingar á útflutningsgjaldi á sjávarafurðir, að fljótlega væri að vænta frekari ráðstafana til aðstoðar við sjávarútveginn. Ég býst þó við því, að fáa hafi órað fyrir jafnalvarlegum tíðindum og þetta frv. hefur að flytja, því að vissulega eru það alvarleg tíðindi, að nú á tímum skuli enn til viðbótar fyrri ráðstöfunum þurfa að veita um 80 millj. kr. til sjávarútvegsins og það án þess að það hafi að nokkru leyti verið hugsað fyrir þeim fjárhæðum í sambandi við afgreiðslu fjárl.

Í sambandi við umr. um breytingar á l. um útflutningsgjald sjávarafurða var fjallað almennt um erfiðleika og afkomuhorfur sjávarútvegsins, og margt af því, sem þá var sagt, á við einnig um þetta mál, og get ég af þeim sökum verið fáorðari en ella um þetta frv., sem hér liggur fyrir. En það verð ég þó að segja viðvíkjandi þessu frv., að það er sannarlega ekki neitt fagnaðarerindi, sem hæstv. ríkisstj. flytur okkur þm. nú á fárra daga fresti um afkomu og erfiðleika sjávarútvegsins. Það eru, eins og óþarft er raunar að rifja hér upp, aðeins fáir dagar síðan frv. um útflutningsgjald af sjávarafurðum var hér til umr. og afgreiðslu, þar sem um það bil 40 millj. kr. voru færðar á milli, ef svo má segja, þeirri upphæð létt af bolfiskveiðum, en tilsvarandi upphæð lögð á síldarútvegsmenn og síldarsjómenn. Og nú kemur svo þetta frv. strax í kjölfarið. Samkv. því á að veita sjávarútveginum 80 millj. kr. í uppbætur, eins og þar nánar segir eða eins og líka hæstv. sjútv.-mrh. gerði grein fyrir. Það á að veita 20 millj. til uppbóta á línu- og handfærafisk. Það á að veita 50 millj. kr. til frystihúsa til framleiðniaukningar og annarra endurbóta, og það á að veita 10 millj. kr. til skreiðarframleiðenda til verðuppbóta á skreiðarframleiðslu. Þær 80 millj., sem hér er um að ræða, virðist eiga samkv. frv. og því, sem fram kom hjá hæstv. sjútvmrh. hér áðan, að færa yfir á almenning með þeim hætti að lækka eða fella niður með öllu niðurgreiðslur á tilteknum vörutegundum.

Þannig er þá komið fyrir sjávarútveginum í einu mesta góðæri, sem gengið hefur yfir þetta land, þegar á heildina er litið. Þeir erfiðleikar, sem þannig steðja að útveginum nú á tímum, verða vissulega ekki raktir til þess, að hér hafi verið léleg aflabrögð eða óhagstæð markaðskjör. Þvert á móti hefur verið hér hvert metaflaárið á fætur öðru, svo sem alkunnugt er, þegar á heildina er litið. Verðlag á útflutningsafurðum hefur einnig farið síhækkandi, og viðskiptakjörin hafa yfirleitt verið sérlega hagstæð, og markaðir hafa verið nægilegir, að því er virðist. Samt er nú svo komið. Það eru vissulega alvarleg tíðindi, og það er ekki furða, þó að menn setji hljóða, þegar þeir heyra þessi tíðindi, og það er vissulega ekki að undra, þó að menn spyrji: Hverju sætir þetta? Og svarið er einfalt. Það er verðbólgan, sem þessu veldur. Og það var rakið nægilega í umr. hér síðast, og ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um það í þessu sambandi. En það er sannleikurinn, að þó að aflinn aukist og þó að verðlagið hækki, fer það jafnóðum í verðbólguhítina og þó meira til, því að alltaf sígur meira og meira á ógæfuhliðina og vandamálið verður sífellt óviðráðanlegra. Þetta er sá sorglegi sannleikur. Og ríkisstj. fæst því miður ekki til þess að taka upp baráttuna við dýrtíðina, sem hún þó þyrfti að gera, ef ráða ætti við þessa meinsemd, sem hér er um að tefla og fer sívaxandi og öllum landslýð er að verða æ ljósara, að ekki verði við ráðið, nema snúizt sé af alvöru og festu við sjálfu vandamálinu, verðbólgunni og dýrtíðinni.

Hér er sem sagt farið fram á miklar uppbætur til sjávarútvegsins. Það er að vísu ekki ný saga, því að eins og kom fram hjá hæstv. sjútvmrh., hafa uppbætur verið greiddar áður í þessu skyni. En þarna er farið fram á verulegar upphæðir, 20 millj. kr. til verðuppbóta á línufisk. Ég vil segja það, að ég fellst á það, sem hæstv. sjútvmrh. sagði varðandi það atriði. Það er vissulega mikil þörf á því að reyna að örva þær veiðar og þörf á því efalaust að styrkja þá, sem við þær veiðar fást. Og í öðru lagi er þarna um 50 millj. kr. að tefla til frystihúsanna til hagræðingar, eða eins og það er orðað: til endurbóta og framleiðniaukningar. Þessi upphæð hefur verið áður veitt. Ég hygg, að það hafi verið gengið út frá því, þegar það kom fyrst til mála að veita þessa upphæð, að það væri ekki verið þar að innleiða eitthvað, sem ætti að vera varanlegt, sem þá væri veitt í eitt skipti fyrir öll, til þess að hjálpa frystihúsunum til að koma á hjá sér nauðsynlegum endurbótum. En reyndin hefur orðið sú, að þetta hefur orðið varanleg fjárgreiðsla, að því er virðist, og þarna er um að tefla það, að upphæðin er hækkuð frá því í fyrra, þar sem hún var þá 33 millj., nú er gert ráð fyrir, að hún verði 50 millj. Þetta hljómar vel að mörgu leyti, að þetta sé veitt til framleiðniaukningar og endurbóta. Og vissulega er nauðsynlegt að reyna að vinna að sem mestum endurbótum á þessu sviði. En spurningin er, hversu sá fyrirvari er bókstaflega tekinn. Um það verða að fást upplýsingar, og er sjálfsagt að óska eftir upplýsingum um það, hvernig þessu fé hefur verið nákvæmlega ráðstafað og skipt á milli frystihúsa. Ef því er t. d. skipt þannig á milli frystihúsa, að bara sé miðað við vinnslu hvers frystihúss, er náttúrlega um nokkuð annað að tefla heldur en fjárveitingar beint til framleiðniaukningar og endurbóta í hverju

frystihúsi. Þá er náttúrlega um styrki til frystihúsanna að tefla, styrki, sem kallaðir eru fallegum nöfnum.

En ég verð að segja það, að ég treysti mér ekki á þessu stigi til að segja til um það, hvort það er þörf á þessum 50 millj. eða ekki. Ég treysti mér ekki til að vefengja það, að frystihúsin geti ekki komizt af án þeirra. Það var reyndar upplýst hér í umr. síðast, þegar rætt var um útflutningsgjald af sjávarafurðum, að hagur frystihúsanna væri mjög misjafn, og því var haldið fram af sumum a. m. k., að sum frystihúsin hefðu auðveldlega getað tekið á sig þá verðhækkun, sem leiddi af verðlagssamningunum síðast og verðlagsákvörðuninni, án þess að fá tilsvarandi lækkun á útflutningsgjaldinu. Ég fyrir mitt leyti féllst ekki og gat ekki fallizt á þau rök. En það voru samt mikilvæg rök, sem komu þar fram og gera það að verkum, að það er nauðsynlegt að spyrja nú í sambandi við þessa fjárveitingu um nánari grg. um það, hvernig þessu er varið og hver þörfin sé.

Viðvíkjandi 10 millj. til skreiðarverðsuppbóta er það sama að segja, að ég treysti mér ekki til þess á þessu stigi að vefengja, að það sé þörf á þessum uppbótum, og í stuttu máli sagt treysti ég mér ekki á þessu stigi að vefengja það, að sjávarútvegurinn þurfi á þessu að halda. En þó verður auðvitað mjög vel að athuga það, áður en horfið er að þessu ráði. Það er skylda þm. og n. þeirrar, sem fær þetta mál til meðferðar, að kanna rækilega, hvort það sé raunverulega þörf fyrir þessar fjárveitingar. En það er sorglegt, eins og margoft hefur verið tekið fram, að það skuli vera komið svo fyrir sjávarútveginum nú á tímum.

En þörf atvinnugreinarinnar fyrir þetta fé er ekki nema önnur hliðin á þessu máli, því að það fylgir hér böggull skammrifi. Það verður einhvers staðar að taka þessar 80 millj., og fyrir þessari fjárhæð, 80 millj. kr., er ekki gert ráð í fjárl. Það verður að segjast, að það er í hæsta máta undarlegt, að það skuli ekki hafa verið gert, og þær skýringar, sem hæstv. sjútvmrh. gaf á því áðan, eru vituskuld á engan hátt fullnægjandi, því að svo mikið mátti náttúrlega sjá þá fyrir, að það mundi verða þörf á einhverjum fjárveitingum í þessu skyni, og því hefði auðvitað átt að gera ráð fyrir því við samningu fjárlaganna.

Það er alveg laukrétt, sem hæstv. ríkisstj. segir í grg. þessa frv. í niðurlagi hennar, að hér er vissulega um verulegt fjárhagslegt vandamál að tefla. Það er verulegt fjárhagslegt vandamál að útvega 80 millj. Jafnvel á þessum síðustu og verstu tímum, þegar krónan er ekki orðin raunverulega mjög mikils virði, verða þó 80 millj. ekki gripnar upp úr sandinum. En ríkisstj. viðurkennir það, að hér sé um verulegt fjárhagslegt vandamál að ræða. Hún segir með eiginlega alveg óvenjulegri hógværð, að það sé nú um verulegt fjárhagslegt vandamál að ræða og ríkisstj. telji ekki rétt að hækka skatta í því skyni að standa straum af þessum greiðslum. Þótti engum mikið, þó að nú gæti ríkisstj. séð, að nóg væri komið af pinklum á Skjónu. Og það er þá gott að hafa viðurkenningu hennar á því, hæstv. ríkisstj., að þar verður ekki meiru á bætt. Og hún telur ekki heldur rétt að draga úr útgjöldum til verklegra framkvæmda þeirra vegna. Þetta játar ríkisstj. líka. Ég er nú ekki hissa á því, þó að stjórnin telji sér ekki fært að draga meira úr verklegum framkvæmdum en orðið er.

En þá kemur ráðið, sem er þó frekar ráðaleysi, að það sé fyrirhugað að lækka niðurgreiðslur á vöruverði. En þrátt fyrir þær upplýsingar, sem komu fram hjá hæstv. sjútvmrh. hér áðan, verður að spyrja: Hver verður afleiðingin af því, ef niðurgreiðslum er nú hætt eða þær felldar niður að þessu marki? Það liggur í augum uppi og raunar kom það fram hjá sjútvmrh., að vísitalan hlýtur að hækka og dýrtíðin hlýtur að magnast, og sjálfar aðgerðir ríkisstj. verða þannig til þess að ýta undir dýrtíðina og verðbólguna. (Gripið fram í.) Ég vildi nú gjarnan ljúka við mál mitt. Ég held, að ég verði ekki mjög lengi, ef ég mætti fá 5 mínútur eða svo.

Það má náttúrlega sitthvað segja um niðurgreiðslur, en til þess er nú ekki tími hér og ég skal ekki fara út í það. Það má vel vera, að sitthvað sé athugavert við þær, og e. t. v. má segja, að einhver misnotkun hafi átt sér stað í sambandi við þær, og því hefur stundum verið fleygt, eins og hæstv. sjútvmrh. vék að í sinni ræðu, að það hafi stundum verið leikinn hálfgerður skollaleikur í sambandi við niðurgreiðslur á einhverjum einstökum vörutegundum, til þess að halda vísitölu niðri, og það hafi í því sambandi verið hugsað meira um vísitöluna en um hina raunverulegu dýrtíð. En hvað sem því líður, hafa þó niðurgreiðslurnar verið neyðarúrræði, sem notazt hefur verið við, þegar ekki hefur verið hægt að finna annað til þess þó að reyna að halda dýrtíðinni ofurlítið í skefjum. Og mig langar í þessu sambandi að spyrjast fyrir um það, á hvaða vörutegundum meiningin er að fella niðurgreiðslur niður. Það hefur að sjálfsögðu nokkra þýðingu, því að það skiptir vitaskuld máli, á hvaða vörum niðurgreiðslurnar eru gerðar. Og í öðru lagi vil ég spyrja að því, hvað það þýði í vísitölu, að felldar eru niður greiðslur eða lækkaðar um 80 millj. kr. Hvað hækkar framfærsluvísitalan mikið vegna þess? Mér er það ekki alveg ljóst, en ég gæti látið mér detta í hug, að hún hækkaði t. d. um 4 stig, og við skulum segja, að hún hækki það, til þess að hafa hér ákveðna tölu við að miða, og ef það er nú svo, vil ég spyrja: Hvað kosta 4 vísitölustig ríkissjóð, bara ríkissjóð, í beinum launagreiðslum? Ég mundi halda, — ég veit það ekki fyrir víst, — að hvert kaupgjaldsvísitölustig kostaði ríkissjóð í beinum launagreiðslum nálægt 10 millj. Ef það væri rétt ályktað hjá mér, mundi þetta þýða, að ríkissjóður losnar að vísu, ef af þessum ráðagerðum verður, við 80 millj. kr. til niðurgreiðslna, en hann verður þá jafnframt að auka greiðslur sínar í laun um 20—40 millj. Þá er ekki mismunurinn á þessu orðinn svo mjög mikill, og þá verður ríkissjóður einhvers staðar að fara að leita að ráðum til þess að hafa eitthvað upp í þær launagreiðslur. Auðvitað komast allar þessar hækkanir strax út í verðlagið og hafa í för með sér víxlverkanir, eins og alkunnugt er, og dýrtíðin hlýtur af þessum sökum að magnast.

Svo vil ég að lokum spyrja um það, sem hlýtur

að vera eitt meginatriðið í þessu sambandi og ég geri ráð fyrir að aðrir kannske spyrji meira um en ég, sem eru þeim málum kunnugri, og það er þetta: Hvernig kemur þetta heim, þessi ákvörðun að fella niður niðurgreiðslur eða lækka þær sem svarar 80 millj. kr., — hvernig kemur það heim við kjarasamningana s. l. sumar? Það hefur verið sagt, að fjárhagur ríkissjóðs væri svo bágborinn, að hann gæti ekki tekið á sig neitt til viðbótar því, sem hann nú ber. Það má vel vera, að svo sé í raun og veru, en samt sem áður verður um það að spyrja, áður en þetta mál er afgreitt og ákveðið að hætta slíkum niðurgreiðslum sem þessum, hvernig afkoma ríkissjóðs hafi verið á s. l. ári. Það er kunnugt, að hæstv. fjmrh. var eðlilega nokkuð svartsýnn á hana. Ef til vill hefur heppnin verið með og hún orðið eitthvað skárri en gert var ráð fyrir. Og ef það hefur reynzt svo, er líklegt, að fjárlagaáætlunin á þessu ári gæti kannske tekið á móti einhverju. Um þetta skal ég ekkert fullyrða, en þetta er eitt af þeim atriðum, sem hljóta að verða athuguð.

Ég vil að lokum segja það, herra forseti, og ég skal stytta mál mitt, að ég tel hér vera á ferðinni mikið vandamál. Ég tel það ekki tímabært á þessu stigi að taka beina afstöðu til málsins. Ég tel nauðsynlegt, að fyrir liggi ýmsar upplýsingar, m. a. þær, sem ég hef hér drepið á, áður en það verður gert. Og þetta vandamál, sem hér er um að tefla, hefur vissulega margar hliðar. Ég vil, eins og ég hef áður sagt, ekki vefengja það, að full þörf sé fyrir þessar uppbætur, en það þarf náttúrlega að kanna svo vel sem kostur er, hver hin raunverulega þörf er, og þá fyrst, þegar málið allt hefur verið frá ýmsum hliðum gaumgæfilega athugað í n., sem fær það til meðferðar, er tímabært að taka endanlega afstöðu til þess. Hér er um mjög stórt skref að ræða, að hverfa þannig frá niðurgreiðslunum að þessu leyti, og í raun og veru virðist mér þetta skref tákna algera uppgjöf hjá hæstv. ríkisstj., algera uppgjöf við það að reyna að halda verðbólgunni í nokkrum skefjum. Það er að vísu viðurkennt áður af hæstv. ríkisstj., að henni hefur ekki tekizt að halda dýrtíðinni í skefjum, enda liggur það nú í augum uppi. En hún hefur þó haft vissa viðleitni, eins og t. d. niðurgreiðslurnar, til þess að halda verðbólgunni í skefjum, en með því að hætta þar við, sýnist öllu vera sleppt lausu.

Björn Jónsson: Herra forseti. Þegar skattafrv. hæstv. ríkisstj. voru hér til umr., áður en alþm. fóru í jólaleyfi, sögðu bæði ég og ýmsir aðrir í sambandi við þau, að það væri óvarlegt að gera ráð fyrir því í sambandi við afgreiðslu fjárlaga og skattamálin, sem þá voru rædd, eins og ég sagði, að ekki þyrfti a. m. k. að gera ráð fyrir jafnmikilli upphæð og árið áður í styrki til sjávarútvegsins, og því kynni svo að fara, að því er okkur virtist, að ekki yrði látið staðar numið við það að leggja á benzínskatt, að leggja skatt á alla raforku landsmanna, að leggja á gjaldeyrisskatt, að hækka fasteignaskatt, að hækka aukatekjur ríkissjóðs, heldur væri næsta líklegt, að þegar Alþ. kæmi saman að nýju, yrði þráðurinn tekinn upp með sama hætti og haldið áfram að leggja á nýja skatta. Þessu var svarað svo af hæstv. fjmrh., ef mig misminnir ekki því meira, að það væri að vísu líklegt, að þarna væri einhver vandi fyrir hendi, en það væri ekki ljóst enn þá, hversu mikill hann væri, og að öðru leyti urðu orð hans ekki skilin á annan veg en hann teldi, að hér væri ekki um meiri vanda en svo að ræða, að það rúmaðist innan þeirra fjárl., sem afgr. höfðu verið, og þyrfti þess vegna ekki nýja skattheimtu. Ég hygg, að flestum sé ljóst, að spádómar okkar í stjórnarandstöðunni hafi nú komið nokkuð á daginn, því að nú nýlega hefur verið samþ. hér á hv. Alþ. af stjórnarliðinu að leggja sérstakan skatt á síldarútveginn til styrktar öðrum greinum sjávarútvegsins, og hér er svo á ferðinni jafngildi stórfelldrar nýrrar skattahækkunar. Og ég vil segja það, að það er auðvitað um algeran orðaleik að ræða um þær ráðstafanir, sem eru fyrirhugaðar í sambandi við framkvæmd á þessu frv., sem hér liggur fyrir, þegar sagt er, að þar sé ekki um skattheimtu að ræða, því að ég tel, að það sé ekki aðeins, að það sé hliðstætt við nýja og áður óþekkta skattheimtu, heldur jafnvel um miklu lakari ráðstafanir að ræða af mörgum ástæðum en þótt skattar hefðu beinlínis verið hækkaðir.

Í grg. með frv. segir, að þær ráðstafanir, sem frv. gerir ráð fyrir, muni kosta um 80 millj. kr. Af ræðu hæstv. sjútvmrh. varð ekki ljóst, hvort það er hugmyndin að rúma eitthvað af þeirri upphæð innan fjárlaga og með þeim tekjum, sem ríkissjóður hefur, eða hvort það er meiningin að lækka niðurgreiðslurnar um þessar 80 millj. eða einhverja lægri upphæð. Utan að sér hefur maður heyrt, að það sé aðeins um 50 millj. kr. lækkun að ræða, en sem sagt, það varð ekki ljóst af ræðu hæstv. ráðh., og vildi ég mega spyrja hann nákvæmlega um það, hvort það er meiningin að lækka niðurgreiðslurnar alveg um þessar 80 millj. eða einhverja lægri upphæð, því að vitanlega skiptir það máli, þegar þetta mál er rætt. Heyrzt hefur talað um, að aðeins 50 millj. kr. lækkun á niðurgreiðslunum svaraði til 3.6 stiga hækkunar á framfærsluvísitölu eða 2% kauphækkunar, sem af því leiddi. Jafnvel þótt ekki sé gert ráð fyrir meiru en því, og virðist mér það þó vera óvarlegt, þegar þess er gætt, að þessi aðferð, sem hér er viðhöfð, kostar ríkissjóð nálægt 20 millj. kr., skilst mér þá, að fjáröflunin, sem raunverulega væri þarna um að ræða, sem þyrfti vegna þessara ráðstafana, væri rétt um 100 milljónir. En ég tel ástæðu til þess að spyrja nánar um þetta, því að svör við þessu hlýtur hæstv. ráðh. að hafa á reiðum höndum. Þessi atriði hljóta að hafa verið skoðuð niður í kjölinn, þegar ákveðið var að fara þessa leið til þeirrar fjáröflunar, sem þetta frv. útheimtir. En jafnvel þó að við gerum ekki ráð fyrir nema 3.6 stiga hækkun á framfærsluvísitölunni og þar af leiðandi 2% kauphækkun að krónutölu, er þó alveg auðséð, að hér er um verulega aukningu að ræða á rekstrarkostnaði alls atvinnurekstrar í landinu, allra atvinnuveganna og einnig ríkissjóðs.

Með þessu frv. er ætlað að létta undir með frystihúsunum, þ. e. a. s. að það á að auka bætur til þeirra, svokallað hagræðingarfé, sem ég kem

nánar inn á síðar, um 17 millj. kr. frá s. l. ári. En eftir þeim tölum, sem ég hef séð um samanlögð vinnulaun frystihúsa, mun 2% kauphækkun þýða það, að af þessari upphæð fara aftur 10—12 millj., þannig að upphæðin, sem raunverulega er aukning ríkissjóðs til frystihúsanna frá fyrra ári, er þá komin niður í 5 millj. kr. Það er sem sagt að verulegu leyti látið með annarri hendinni, en tekið með hinni. Ég mundi gizka á, þó að það sé engan veginn nákvæmar tölur, og þær verða þá leiðréttar af hæstv. ráðh., ef þær eru mjög fjarri lagi, að þetta muni, eins og ég áður sagði, kosta ríkissjóð allt að 20 millj. kr., og vafalaust, að fyrir allan fiskiðnað í landinu er hér ekki um lægri upphæð en aðrar 20 millj. kr. að ræða. Og síðan kemur sú hækkun, sem af þessu leiðir, vitanlega fram á öllum öðrum atvinnurekstri, í hækkandi þjónustu og yfirleitt öllu, sem heyrir undir atvinnurekstur og almenna þjónustu í landinu.

Ég tel mjög vafasamt, að hér sé ekki raunverulega um brigðmæli að ræða við frystihúsin samkv. því samkomulagi, sem gert var við þau í vetur, þar sem gert var ráð fyrir, að hagræðingarfé svokallaða væri aukið um 17 millj. kr., en aukningin er í reynd ekki nema 5 millj. eða lítið yfir það, þegar dæmið er reiknað til fulls, þ. e. a. s. í staðinn fyrir þá aðstoð, sem þeim var lofað, aðstoð til að standa undir 2% fiskverðshækkun, hráefnisverði, fá þau raunverulega aðeins aukna aðstoð sem svarar til ½%.

Það er svo önnur hlið á þessu máli, eins og hv. síðasti ræðumaður kom hér inn á að nokkru, að þetta frv. og þau úrræði, sem boðuð eru samfara því, eru glöggt dæmi um það öngþveiti, sem verðbólgan hefur skapað og verðbólgustefna ríkisstj. er að skapa, þegar það gerist á sama tíma sem verðlag á afurðum frystihúsanna hækkar um 13—14% á einu ári, en ef það væri útreiknað í kaupi, mundi það vera 4—5 sinnum meira, eða svaraði til kauphækkunar, sem væri 4—5 sinnum hærri en sú hækkun, sem verður á útflutningsvörunni, og þegar búið er að taka þar að auki 40 millj. frá annarri atvinnugrein til að styrkja hana með, þarf enn að koma til ráðstöfunar upp á 80—90 millj. kr. til hjálpar þessari atvinnugrein. Þetta er auðvitað talandi tímanna tákn og sýnir glögglega, hvert stefnir, enda mun það sannast mála, að þær ráðstafanir, sem eru fyrirhugaðar í sambandi við þetta frv., leysa raunverulega engan vanda, heldur hljóta að skapa annan vanda og raunar meiri en þann, sem menn þykjast vera að leysa.

Í sambandi við þetta verður auðvitað að hafa það í huga, þegar athuguð er afkoma og staða fiskiðnaðarins, að á komandi vori standa fyrir dyrum kaupsamningar milli almennu verkalýðsfélaganna og fiskiðnaðarins. Og það þarf auðvitað enginn að ætla, miðað við þá stórfelldu aukningu, sem hefur orðið á þjóðartekjum á síðustu árum, og ekki síður á síðasta ári en önnur undanfarin ár, að verkalýðsfélögin muni sætta sig við nokkuð annað en fá réttmæta hlutdeild í þeirri aukningu. En verðbólguþróunin og ráðstafanir þessar og aðrar svipaðar, sem hæstv. ríkisstj. hefur gert, torvelda auðvitað alveg stórkostlega, að þeir samningar geti tekizt með eðlilegum hætti. Mér sýnist, að í sambandi við þessar ráðagerðir um lækkun á niðurgreiðslunum geti ekki gerzt nema eitt af tvennu: Annaðhvort fær verkafólkið 2% minni kauphækkun en annars væri fullkomlega mögulegt fyrir fiskiðnaðinn og réttmætt, eða þau taka ekki aðeins það, sem þau eiga fullkomlega rétt á, heldur einnig þessi 2% til viðbótar, og mundi þá auðvitað skapast alveg nýr vandi og það skarð, sem haldið er fram að sé hér í getu fiskiðnaðarins, vera jafnófyllt sem áður. Annar hvor hlýtur að verða að bera þessar nýju byrðar, sem hér eru á lagðar, annaðhvort verkafólkið, sem vinnur í fiskiðnaðinum, eða fiskiðnaðurinn sjálfur. Um annað er ekki að ræða, nema fyrirhugaðar séu þá, þegar að þessum samningum kemur, enn nýjar ráðstafanir af hálfu hæstv. ríkisstj., sem sennilega yrðu þá svipaðar hinum fyrri og mundu ekki gera annað en velta vandanum á undan sér.

Ég held, að það sé ákaflega óráðlegt að reyna að leysa eitt vandamál með því að skapa annað vandamál, sem er engu betra viðfangs og raunar enn erfiðara, þegar til frambúðar er litið. Það má auðvitað segja, að það sé ekki sérstakt einkenni á þessum ráðagerðum, sem hér eru uppi, heldur almennt einkenni á þeim úrræðum, sem hæstv. ríkisstj. hefur beitt nú um langt skeið. Þar er bætt einni bótinni ofan á það fat, sem þegar er gatsliitið. Ég held, ef sá vandi er fyrir hendi, sem menn vilja vera láta í sambandi við fiskiðnaðinn og ég vil ekki að öllu leyti gera lítið úr, að þá beri að leita annarra úrræða en þeirra, sem hækka ekki aðeins tilkostnað fiskiðnaðarins sjálfs, heldur allra atvinnugreina í landinu, og hljóta að verka til þess að stórauka dýrtíðina og verðbólguna.

Eins og ég sagði áðan, tel ég, að af tvennu illu væru almennar skattahækkanir betri fyrir launamenn en þessi aðferð, sem hér er viðhöfð, og það er vitanlega ekki nokkur möguleiki á því að afgreiða málið eins og hæstv. sjútvmrh. gerði hér áðan, segja, að af því að vísitala er greidd á laun, sé hér enginn skaði skeður fyrir verkafólk. Það fær þetta bætt, segir hann, og það hefur yfir engu að kvarta. — En ég segi, hér er verið að stela eðlilegum kauphækkunarmöguleikum frá verkafólkinu með þessum aðgerðum, þ. e. a. s. ef aðrar aðgerðir koma þá ekki til af hálfu hæstv. ríkisstj. til þess að auka möguleika fiskiðnaðarins til að standa undir eðlilegum kauphækkunum.

Ég álít, að í slíku máli sem þessu hefði það verið ekki aðeins æskilegt, heldur eðlilegt og nauðsynlegt að leita samráðs við verkalýðssamtökin og hagsmunasamtökin, en það hefur áreiðanlega ekki verið gert. Þetta mál hefur áreiðanlega hvorki verið rætt við atvinnurekendur í fiskiðnaðinum né við verkalýðssamtökin, og það mun sýna sig að vera heldur óheppileg aðferð. Ég vil benda á það í sambandi við það, sem ég sagði, að jafnvel skattheimta, beinlínis skattheimta, væri betri. Vitanlega eru til fleiri en ein skatthækkunaraðferð, sem ekki hafa nein áhrif til að hækka verðlagið eða auka verðbólgu. Það væri t. d. vel hugsanlegt að leggja á verðhækkunarskatt. Það væri möguleiki að lækka útflutningsgjald, eins og ég ræddi um í sambandi við annað mál, sem hér var á dagskrá

fyrir fáum dögum. Það eru ýmsir aðrir möguleikar til en þeir að beita þeim aðferðum einum, sem eru til þess fallnar að auka á kostnað atvinnuveganna og hækka allt verðlag í landinu.

Ég held þess vegna, að hæstv. ríkisstj. beri að endurskoða afstöðu sína í þessu máli, þ. e. a. s. afstöðu sína til niðurgreiðslnanna og falla frá því að draga úr þeim. Ég álít það einhverja allra óheppilegustu aðgerð í efnahagsmálum, sem nú er unnt að gera. Það má auðvitað segja, að ef hæstv. ríkisstj. stefnir að stríði við verkalýðssamtökin í sambandi við kjarasamninga á komandi vori, þá er þetta heppileg aðferð til þess að koma því stríði af stað. En það er ekki heppileg aðferð, ef hæstv. ríkisstj. ætlar að stefna að friðsamlegri lausn þessara mála í vor, því að svo greinilega sem nokkuð getur verið greinilegt er verið að draga úr möguleikum til þess.

Þessu vildi ég sérstaklega koma á framfæri, án þess að ég að svo komnu ræði mikið um sjálf efnisatriði frv. Mér finnst í raun og veru það versta við þetta frv. þær aðgerðir, sem boðaðar eru síðast í grg., og það væri unnt að uppfylla fullkomlega þau loforð, sem gefin voru í sambandi við ákvörðunina um fiskverðið, án þess að til slíkra óyndisúrræða sé gripið sem hér er um að ræða.

En þó að ég ræði ekki að svo komnu mikið um hin beinu efnisatriði frv., vil ég þó mega að lokum beina fsp. til hæstv. sjútvmrh., hvernig hann og hæstv. ríkisstj. hyggst framkvæma viss atriði í frv. Við höfum, eins og hann réttilega sagði, haft þann hátt á undanfarin 2 ár, — þetta er þriðja árið, sem það er í gildi, — að veita frystihúsunum svokallað hagræðingarfé. Hér hefur þó ekki verið um neinar beinar styrkveitingar að ræða til þess að hagræða í frystihúsunum. Hér hefur verið fram að þessu um beina verðuppbót að ræða á hráefni, og þessum upphæðum hefur verið úthlutað til frystihúsanna í réttu hlutfalli við hráefniskaup þeirra. Þetta á auðvitað ekkert skylt við hagræðingu, því að þá njóta þau frystihús jafnra styrkja, sem hafa þegar haft fullkomna möguleika til þess af eigin rammleik að koma rekstri sínum í mjög æskilegt form og það gott horf, að rekstur þeirra hefur skilað stórfelldum gróða á undanförnum árum, eins og frystihúsin hafa gert almennt hér á Suðvesturlandi, Suðurlandi og Vestmannaeyjum. Vandamál frystihúsanna hefur fyrst og fremst verið bundið við Vestfirði, Norðurland og að nokkru leyti Austfirði, bæði vegna aflatregðu og þó ekki síður eða a. m. k. að nokkru leyti vegna þess, að þau hafa ekki haft fjárhagslegt bolmagn til þess að hagræða rekstri sínum og gera þær endurbætur í honum, sem væri nauðsynlegt til þess að skapa þeim betri starfsgrundvöll. Ég tel það ekki eiga saman nema að nafninu, hvort hér er um einhliða verðuppbót að ræða, sem kemur jafnt til þeirra, sem engin þörf er á að styrkja, eða hvort á að beina þessum styrkjum fyrst og fremst til þeirra, sem er ábótavant um hagræðingu og skortir fjármagn til þess að geta bætt rekstur sinn. Þá aðferð teldi ég eðlilega og æskilega og miklu gagnlegri heldur en hina, að styrkja þá mest, sem bezta hafa möguleikana. En það er kunnara en frá þurfi að segja, að frystihúsin hér á Suðvesturlandi hafa að undanförnu skilað stórfelldum gróða, og ég vil segja, að þrátt fyrir allar verðhækkanir og þrátt fyrir verðbólguna séu ekki miklar líkur á því, að þau geti ekki komið sæmilega út á því ári, sem nú er byrjað, þ. e. a. s. ef þau fá sæmilegt hráefni og svipað og á undanförnum árum.

Ég vil svo einnig taka það fram, að ég tel, að svo mikil þörf sem er á því að styrkja þau frystihús í landinu til þess að bæta rekstur sinn, þar sem afkoman er verst, þykir mér alveg óvíst, hvort sú aðferð hefði ekki verið eins góð og hver önnur a. m. k. að hafa uppbótina á línufiskinn hærri en hún er og minni verðbótina, sem veitt er beint til frystihúsanna almennt. Eins og ég sagði áðan, er það öruggt, að höfuðerfiðleikarnir í frystiiðnaðinum úti um land eru annars vegar fjárskortur til hagræðingarstarfsemi og hins vegar hráefnisskortur. En eins og kom fram í ræðu hæstv. sjútvmrh. og var fullkomlega rétt, liggur verulegur hluti af þeim flota, sem hægt væri að gera út á línu, en það er einmitt hann, sem öðrum fremur hefur staðið undir frystiiðnaðinum í þeim landsfjórðungum, þar sem um einhverja raunverulega erfiðleika er að ræða. En sem sagt, ég vonast til þess, að hæstv. ráðh. svari þeim fsp., sem ég hef hér lagt fram, og svör við þeim eru að mínu viti nauðsynleg, til þess að þetta mál liggi algerlega ljóst fyrir.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Ég tel rétt að segja nokkur orð við þessa umr., vegna þess að að sjálfsögðu snertir þetta mál verulega fjárhag ríkissjóðs, enda hafa komið fram í umr. frá þeim tveimur hv. þm., sem hér hafa talað, ýmis atriði, sem ég tel nauðsynlegt að ræða frekar.

Ég vil þá fyrst og fremst leiðrétta þann misskilning hjá hv. 4. þm. Norðurl. e., að ég hafi í sambandi við umr. fjárl. gefið í skyn, að þetta rúmaðist innan ramma fjárl., eins og þau voru afgreidd. Það hef ég aldrei sagt, enda veit ég, að hv. þm. og allir hv. þm. munu gera sér það fullkomlega ljóst, að þar var ekkert svigrúm til þess að mæta þessum útgjöldum. Ég tók það hins vegar fram að gefnu tilefni við fsp. í sambandi við umr. um fjárl. þá, að það væri ekki ætlunin að mæta þessum væntanlegu útgjöldum, ef til kæmu, með því að leggja á nýja skatta. Hitt hefði ríkisstj. að sjálfsögðu gert sér ljóst, að hún yrði að gera ráð fyrir því, að einhver útgjöld yrðu í sambandi við aðstoð til sjávarútvegsins á þessu ári, og vitanlega hefði það verið íhugað, hvaða úrræði ætti að velja til þess að mæta þeim útgjöldum.

Aðstoðin við sjávarútveginn fyrir árið 1965 var ákveðin með sérstökum lögum, eftir að fjárlög voru afgreidd, og var ekki í fjárl. þá gerð nein ráðstöfun til þess að afla fjár í þessu skyni, enda vissi þá enginn, hver þessi útgjöld yrðu. Þegar fjárlög voru endanlega afgreidd, var heldur ekkert vitað um þetta efni annað en það, sem þótti vera líklegt, að einhverja aðstoð þyrfti að veita sjávarútveginum einnig í ár. Niðurstaðan hefur því orðið sú sama og á s. l. ári, að flutt er

sérstakt frv. nú eftir afgreiðslu fjárl., þar sem leitað er staðfestingar Alþ. á að veita aðstoð til sjávarútvegsins í samræmi við fyrirheit, sem ríkisstj. gaf, þegar viðræður fóru fram milli fiskkaupenda og fiskseljenda til ákvörðunar fiskverðs fyrir yfirstandandi ár, og er þetta frv. og frv., sem var hér fyrir nokkru til meðferðar, um útflutningsgjald, til þess að fullnægja þeim fyrirheitum ríkisstj.

Svo sem upplýst hefur verið af hæstv. sjútvmrh. og frv. enda ber með sér, má gera ráð fyrir, að útgjöld vegna þessa frv., ef að lögum verður, muni í ár nema um 80 millj. kr. Það hygg ég vera ljóst öllum hv. þdm., að ekki hafi verið um það að ræða, að ríkissjóður gæti tekið á sig þessi aukaútgjöld. Af hálfu stjórnarandstöðunnar var mjög rækilega og ég vil segja réttilega á það bent, þegar fjárlög voru afgreidd, að það væri stefnt þar á yztu nöf og útgjöld beirra svo mikil miðað við tekjuhorfur, að jafnvel annar stjórnarandstöðuflokkurinn taldi sér ekki fært að leggja fram nema eina brtt. til útgjaldaauka við fjárl., þar eð hann teldi, að svo tæpt væri stefnt með það, að ríkisbúskapurinn yrði hallalaus á árinu 1966 eftir greiðsluhalla tveggja undanfarinna ára. Þetta hygg ég vera ljóst dæmi þess, að menn hafi ekki talið, að það væri um að ræða neinar tekjulindir, sem ekki væri þegar búið að ráðstafa með fjárl. Sannleikurinn er líka sá, að tekjuáætlun fjárl. var við það miðuð, sem bezt var þá vitað af hálfu beirra sérfræðinga, sem að því unnu í Efnahagsstofnuninni, hvað líklegt væri, að hámarkstekjur ríkissjóðs gætu orðið á árinu 1966, og var þar ekkert ætlað fyrir afföllum, sem má auðvitað telja mjög óvarlegt að gera, ekki sízt þegar atvinnuvegir okkar eru jafnóstöðugir og við allir þekkjum og vitum, að frá ári til árs er ákaflega erfitt að gera áætlanir, sem geti ekki sveiflazt til meira en lítið, raunverulega að vísu á báðar hliðar. En miðað við það góðærisástand, sem fjárlagaáætlunin var byggð á, voru sannast sagna ekki miklar líkur til, að horfur væru á, að tekjur ríkissjóðs yrðu meiri á árinu 1966 en gert er ráð fyrir í fjárl.

Það hefur alltaf verið fyrirhugað að mæta heim útgjaldaauka, sem yrði af aðstoðinni við sjávarútveginn, á þann hátt, sem er skýrt frá í grg. þessa frv., að lækka útgjöld til niðurgreiðslna, í hve ríkum mæli þetta verður gert, er ekki nákvæmlega hægt að segja á þessari stundu, en því er ekki að leyna, að horfurnar um útgjöld ríkissjóðs á þessu ári eru þær, að vegna launabreytinga opinberra starfsmanna, sem til komu í þann mund, sem verið var að afgreiða fjárlög, og ýmissa annarra atvika eru horfur á því, að ríkissjóður þurfi á að halda til þess að mæta þessum útgjöldum og útgjöldum vegna þessa frv. allt að 150 millj. kr. á yfirstandandi ári. Það er meginstefna ríkisstj., sem lýst hefur verið, að ríkisbúskapurinn verði rekinn hallalaust. Niðurstaða af útkomu ársins 1965 liggur ekki enn fyrir, en Alþ. verður að sjálfsögðu gerð grein fyrir því, strax og auðið er, það er verið að vinna að því uppgjöri. Sem betur fer eru horfur á, að sú útkoma verði eitthvað betri en líkur voru taldar á í október- eða nóvembermánuði vegna þess mikla innflutnings, sem varð síðasta hluta ársins, og þeirrar tekjuöflunar, sem kom til vegna hins óvenjulega síldarafla, sem hefur verið meiri en nokkurt undanfarið ár. Hvað þetta færir ríkissjóði í tekjuauka, skal ósagt látið, en þó mun mega fullyrða, að engu að síður verði einhver halli á ríkissjóði á s. l. ári. Ef gert er ráð fyrir því, að atvinnuvegirnir gangi jafnvel á árinu 1966 og 1965, má gera ráð fyrir því, að einhver tekjuauki komi hér til hjá ríkissjóði umfram það, sem áætlað er í fjárl. Nú má auðvitað segja, að það sé harla lítil skynsemi í því að gera ráð fyrir, að jafnmikil eindæma síldveiði verði á árinu 1966 eins og árinu 1965, sem er einstakt í sinni röð. Og það, sem af er þessu ári, blæs því miður ekki byrlega með vertíð. Hvernig þetta kemur allt til að líta út, er ekki gott að segja á þessu stigi, en ég vil láta það koma hér skýrt fram, að það er ekki ætlun ríkisstj. að taka í ríkiskassann meira fé en nauðsynlegt er, til þess að ríkisbúskapurinn verði hallalaus, og lækkun á niðurgreiðslum mun verða við það miðuð, að ekki sé þar tekið umfram þarfir. Hvað lækkunin því nákvæmlega verður, er erfitt að spá um á þessu stigi. Það hefur ekki verið endanlega ákveðið, hvenær hún tekur gildi eða hvort hún verður öll gerð í einu eða í áföngum. Það fer nokkuð eftir því, hvernig horfurnar eru með fjáröflun. En það, sem meginmáli skiptir auðvitað í þessu efni, er, að það liggi ljóst fyrir, að ætlunin er ekki að taka meira fé á þennan hátt en ríkissjóður raunverulega þarf á að halda. Vegna aðstoðarinnar við útgerðina mun ríkissjóður þurfa á að halda um 100 millj. kr., ef reiknað er með þeim hækkunum, sem verða vegna hækkunar á vísitölu sem launahækkun. Hvort þarf að mæta allri þessari upphæð eða jafnvel einhverju meira með lækkun á niðurgreiðslum, skal ég alveg láta ósagt á þessu stigi eða hvort hægt er að komast af með minni fjárhæð. Það fer, eins og ég áðan sagði, algerlega eftir því, hvernig horfurnar verða með afkomu ríkissjóðs.

Ég hygg, að allir hv. þm. hafi verið sammála um, að það væri sjálfsögð og eðlileg fjármálastefna, að ríkisbúskapurinn væri hallalaus, og það yrði að hverfa frá þeim hallarekstri, sem hefði verið tvö undanfarin ár, og geri ég naumast ráð fyrir, að ágreiningur sé á milli ríkissti. og stjórnarandstöðu um þetta sjónarmið, og jafnframt því ekki heldur ágreiningur um, að það sé sjálfsagt og eðlilegt, að ekki sé gengið lengra í innheimtu gjalda eða sparnaði við útgjöld ríkissjóðs, sem ganga til niðurgreiðslna, heldur en ýtrasta nauðsyn krefur. Og þetta er það sjónarmið, sem mun verða farið eftir.

Á þessu stigi er vitanlega ómögulegt af mörgum ástæðum að segja frá því, hvernig lækkun niðurgreiðslna verður hagað. Það verður að gerast með litlum fyrirvara, þegar þær breytingar verða gerðar, af margvíslegum ástæðum, sem ég veit að allir hv. þm. skilja, að þegar um slíkar breytingar er að ræða, er ekki hægt að veita langan frest í því sambandi. Það er því ekki auðið á þessu stigi eða rétt af mörgum ástæðum að gera grein fyrir því nákvæmlega, hvaða niðurgreiðslur verði niður felldar, enda skiptir það í rauninni ekki höfuðmáli í sambandi

við áhrifin af því, að niðurgreiðslurnar séu felldar niður.

Hvort þessi leið, sem ríkisstj. leggur hér til að fara, er heppilegri eða óheppilegri en nýir skattar, verða menn að hafa um sína skoðun. Það er mat ríkisstj., að þessi leið sé heppilegri.

Það hefur allajafna í rauninni verið skoðun manna, að það ætti að stefna að því að hverfa frá niðurgreiðslukerfinu eins skjótt og auðið væri, það væri óheilbrigt kerfi á margan hátt. Það er auðvitað hárrétt, sem hér hefur komið fram, að minnkun niðurgreiðslna veldur vísitöluhækkun og þar af leiðandi einhverjum kauphækkunum, og ástæðan til þess, að verkalýðssamtökin fengu verðtryggingarákvæði á ný sett í lög, var fyrst og fremst til að mæta hættunni af þessu. Og það eru vitanlega ekki á neinn hátt vanefndir við verkalýðssamtökin, þó að þessi leið sé hér farin, vegna þess að áhrifin af þessum lækkunum niðurgreiðslna koma að sjálfsögðu fram í vísitölunni. Hitt er svo aftur annað mál, sem hv. 4. þm. Norðurl. e. sagði, að það má auðvitað færa nokkur rök fyrir því, að þetta rýri aðstöðu fyrirtækja til að greiða hærri laun síðar meir. Það er annað mál. En ég er í ákaflega miklum vafa um, að það væri hægt að finna úrræði til að afla þessa fjár með skattheimtu, án þess að það mundi þá annaðhvort lenda á almenningi sem aukin útgjöld eða þá lenda á fyrirtækjunum. Það er auðvitað hægt að hugsa sér að sleppa fyrirtækjunum við nýja skatta. Ég býst nú ekki við, að það ætti mikinn hljómgrunn hér á Alþ., en ef fyrirtækin yrðu að borga þessa nýju skatta, rýrnaði að sjálfsögðu einnig möguleiki þeirra til þess að mæta launakröfum. Fram hjá þeirri staðreynd verður ekki gengið, að hér er um að ræða, að við verðum að horfast í augu við það að afla þessara tekna.

Nú kunna einhverjir hv. þm. að segja sem svo, hvort það hafi nokkur ástæða verið til þess að leggja þennan bagga á ríkissjóðinn og hvort það hafi verið þörf á því að veita þessa aðstoð, sem hér er gert ráð fyrir í sambandi við ákvörðun fiskverðsins. Það er auðvitað matsatriði. Það var niðurstaðan, að þetta væri óumflýjanlegt. Ég skal alveg fúslega játa, að ég tel, að það sé mjög slæmt að þurfa að fara inn á þessa braut og í rauninni algerlega óeðlilegt ástand að þurfa að borga styrki til sjávarútvegsins á þennan hátt, miðað við það góðæri og miðað við þá stórhækkandi verðlag, sem verið hefur á sjávarafurðum. Sumir hafa haldið því fram, að það hefði ekki þurft að veita þessa aðstoð. Það kann vel að vera, og þá ber að saka okkur um rangt mat á þeirri aðstöðu. Hins vegar hygg ég þó, að fram hjá þeirri staðreynd verði ekki komizt, að þessi hækkun fiskverðsins hafi verið nauðsynleg, til þess að væri hægt með nokkrum sæmilegum hætti að hafa frið um útgerðina. En það er annað mál í þessu, sem menn verða að hafa í huga. Það er hér mikið talað um, að þetta stafi af dýrtíðarflóðinu og það kafni allt í verðbólguhítinni, eins og hér var komizt að orði. Þetta hygg ég, að sé ekki rétt, nema þá a. m. k. að nokkru leyti. Þetta stafar af öðrum ástæðum, þessi vandi hjá sjávarútveginum, sem við stöndum hér andspænis þrátt fyrir stórhækkandi verðlag. Það stafar kannske fyrst og fremst af hinu stórhækkandi verðlagi. Það kemur á daginn, og það vitum við, að hækkunin á síldarverðinu s. l. ár var ekki eingöngu miðuð við að mæta hækkunum, sem orðið höfðu á dýrtíð, heldur var það reiknað út frá því, hvað var talið auðið, að síldarverksmiðjur eða síldarkaupendur gætu greitt, miðað við söluverð síldarinnar, sem hafði hækkað geysilega mikið. Og ástæðan til þess, að það var talið óumflýjanlegt að framkvæma nú þessa stórfelldu hækkun á fiski upp í 17%, var ekki eingöngu sú, að það hefði hækkað svo verðlag, heldur vegna þess, að það varð að vera hér eðlilegt samræmi á milli þessara veiða og síldveiðanna, þannig að það kemur einnig inn í þetta dæmi. Þetta vitum við öll. Það er því þarna fleira, sem kemur til, heldur en svokölluð verðbólguhít, og ég býst við, að verulegur hluti þessarar hækkunar hefði komið til, þó að ekki hefði verið um neinn verðbólguauka að ræða til þess að skapa þarna jöfnuð á milli. En eins og ég sagði, get ég fullkomlega fallizt á það sjónarmið, að það sé í rauninni mjög hörmulegt og óeðlilegt, að það þurfi að taka á ríkið mjög veruleg útgjöld einmitt á þeim tíma, þegar jafnmikil hækkun verður á útflutningsafurðum og raun hefur verið á nú síðustu árin. En niðurstaðan hefur verið þessi, til þess að nokkur leið væri til samkomulags, og ég hygg, að menn séu þeirrar skoðunar hér almennt, að ekki hafi verið auðið að komast hjá því að hækka fiskverðið um þessi 17%, engin leið að ná saman endum í því dæmi án þess að veita þá fyrirgreiðslu, sem hér er, og því miður á þann hátt ekki aðeins að veita sömu aðstoð úr ríkissjóði og var á s. l. ári, heldur hækka þá aðstoð um 17 millj. kr., en ríkisstj. vildi ekki bera ábyrgð á að láta stöðvast alla samninga á því, að á milli bæri um þetta atriði.

Ég held, herra forseti, að ég hafi þá vikið að því, sem má telja að snerti fjárhagshlið þessa máls. Ef til vill er skoðun Alþ., að það sé heppilegra að fara einhverja aðra leið til þess að afla þessa fjár, og ég tel lágmark, að það þurfi að afla þess fjár, sem hér er ætlað til útgerðarinnar, með nýjum ráðstöfunum. Eins og ég gat um áðan, var útgjaldaauki ríkissjóðs vegna launahækkana opinberra starfsmanna og af ýmsum öðrum ástæðum, sem ekki var reiknað með, verulega umfram það, sem gert var ráð fyrir. Þó að ríkissjóður gæti tekið það á sig í von um hækkaðar tekjur á þessu ári, verður ekki lengra gengið, þannig að það verður að afla sérstaklega þeirra útgjalda, sem hér eru ráðgerð, en þó þannig, sem ég vil enn endurtaka í lok míns máls, að allt er þetta við það miðað, að ekki verði tekið í ríkissjóðinn meira með þessum aðgerðum heldur en svo, að ríkisbúskapurinn geti orðið á árinu hallalaus, og telji Alþ., að það verði gert á einhvern heppilegri hátt með skattheimtu, er að sjálfsögðu rétt að íhuga allar slíkar till. Það er ekki trúaratriði fyrir ríkisstj. að velja þessa leið. Þetta var sú leið, sem hún taldi heppilegasta, auðvitað engan veginn góða, en heppilegasta til að afla þessa fjár. En sé það skoðun hv. þm., að það sé hægt að gera það með heppilegri hætti,

þá mun að sjálfsögðu ekki standa á því, að það mál verði athugað af fullri alvöru.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Það er nú ekki eftir ræðu hæstv. fjmrh. þörf á því, að ég víki að mörgum þeim atriðum, sem þegar hafa komið fram í þessum umr., en þó vildi ég einkum víkja að tvennu. Í fyrsta lagi því, að ég tel, að það hafi þegar komið fram í þessum umr., eins og reyndar við umr. um frv. til l. um útflutningsgjaldið, að sumir hv. alþm. vilji meta þetta svo, að hér sé raunverulega um stjfrv. að ræða, sem mótað sé að einu og öllu eftir vilja ríkisstj. Sannleikurinn er sá, að þau tvö frv., sem hér hafa komið fram, annað þegar afgreitt og hitt, sem við ræðum nú, eru staðfesting á samkomulagi, sem er gert í frjálsum samningum þeirra aðila, sem hér eiga hlut að máli. Mér finnst eins og þessi staðreynd sé dálítið sniðgengin í umr. eða a. m. k. á stundum. Og það snertir einmitt það atriði, sem ég vildi sérstaklega víkja hér að. Öðrum atriðum, sem snerta fjármál og umr. hafa aðallega snúizt um, hefur hæstv. fjmrh. þegar svarað og gert þau skil, sem kostur er á við umræðurnar nú.

Ég vík þá sérstaklega að þeirri spurningu hv. 4. þm. Norðurl. e., þegar hann spyr að því, hvort ekki sé mögulegt að haga skiptingunni á hagræðingarfénu, hinu svokallaða hagræðingarfé, eins og hann nefndi það, á annan veg en verið hefur, og taldi í því sambandi, að hlutur þeirra verr stöddu fiskiðjuvera væri þar verri en hinna, sem betur stæðu sig. En sannleikurinn er sá í þessu máli eins og reyndar í útgerðinni sjálfri, að það eru ákveðnar greinar útgerðarinnar, sem standa sig allvel og þurfa ekki á styrkjum að halda, og ákveðin atriði fisksölunnar einnig, eins og t. d. saltfisksins, og ákveðnar greinar útgerðarinnar, eins og smæstu vélbátarnir, sem hafa staðið sig verr. Aftur má benda á aðrar greinar í báðum tilfellum, sem standa sig vel, eins og þegar hefur komið fram í umr. um hið margnefnda frv. um útflutningsjöfnunargjaldið. En það er einmitt hagur þessara verst stöddu aðila í báðum tilfellum, sem verið er að reyna að leiðrétta, og samkomulag það, sem gert var um fiskverðið, ber með sér, að stefnt hefur verið að því.

Afleiðingar þess samkomulags, sem gert var um fiskverðið, eru þessi frv. bæði. Ég skal ekki, án þess að afla mér frekari upplýsinga, fullyrða neitt um það, hvort möguleikar eru á að breyta úthlutun þessa útflutningsgjalds eða þessa hagræðingargjalds, heitir það, frá því, sem verið hefur. En ég hygg, ég tek fyrirvara á því, að um það hafi verið samið, að það yrði gert með sama hætti og verið hefur. Á annan hátt get ég ekki svarað þessari fsp. hv. þm. Mér er ekki kunnugt um, að um það hafi verið samið, eða a. m. k. hafa þær till. enn ekki borizt sjútvmrh., að önnur skiptiaðferð yrði höfð á nú en gilt hefur að undanförnu. Það þýðir hins vegar óbeint um leið, að samningsaðilar hafa litið svo á, að þessu yrði hagað með sama hætti. Ég álít rétt, að sú n., sem málið fær endanlega til meðferðar, kynni sér þetta frá þeim aðilum, sem geta skýrt frá þessu frá fyrstu hendi. b. e. a. s. þeim aðilum, sem fulltrúa áttu í yfirnefnd verðlagsráðsins, sem gekk frá þessu samkomulagi. En ég hef ekki séð till. í þá átt að breyta þessu. Ef svo er, að aðilar líta þannig á, að samkomulagið hafi verið gert með þeim hætti eða það hafi verið að því staðið á þann veg, að þessi háttur yrði á hafður áfram, tel ég, að samkv. þeim viðræðum og upplýsingum, sem fram komu í sambandi við útflutningsgjaldið, sé litið svo á, að það sé bundið í samkomulaginu að hafa þessa skiptingu óbreytta. En ég tel rétt, að n. athugi það undir meðferð málsins.

Þetta fannst mér það atriði í umr., sem sérstaklega sneri að mér að svara, og um önnur atriði, sem fram komu hjá hv. þm., bæði 3. þm. Norðurl. v. og hv. 4. þm. Norðurl. e., hefur hæstv. fjmrh. svarað efnislega, eins og kostur er á nú. Ég álít, að það dæmi sé ákaflega einfalt, eins og ég hef reynt að leggja áherzlu á í fyrri ræðum mínum um þessi mál. Ríkisstj. er kölluð til eða réttara sagt: það er fram á farið við hana, hvort hún vilji skerast í leikinn og brúa það bil, sem er á milli viðsemjenda, meðan á deilunni um fiskverðið stendur. Ríkisstj. átti þá þeirra kosta völ að neita þeirri milligöngu og eiga það yfir höfði sér, að stór þáttur útgerðarinnar lægi niðri um óákveðinn tíma, eða taka á sig þær skuldbindingar, sem hún hefur gert, og staðfesta þetta samkomulag með þeirri milligöngu, sem felst í frv. um útflutningsgjaldið og frv., sem hér er til umr., um aðstoð við sjávarútveginn. Málið er ákaflega einfalt að mínu viti, og tildrög þessara frv. beggja eru með sama hætti staðfesting á þessu samkomulagi. Frávik þar frá eru þess vegna ekki í venjulegum skilningi stjfrv., sem ríkisstj. sjálf og stuðningsmenn hennar hafa haft áhrif á að móta, heldur er hér um staðfestingu á samkomulagi samningsaðila um fiskverð að ræða.

Ég tel ekki þörf á því á þessu stigi málsins að víkja nánar að einstökum atriðum þessara umr. Til þess gefst áreiðanlega kostur síðar. En ég hefði álitið, að rétt væri, að sjútvn., sem væntanlega fær málið til meðferðar, hefði sama hátt á og við afgreiðslu frv. um útflutningsgjaldið, að taka þá menn til spurninga, sem hún telur að gerst viti um, hvernig þetta samkomulag er til orðið. Þannig fær hún upplýsingarnar frá þeim aðilum, sem að því stóðu, og getur þá jafnframt metið þá möguleika, sem kynnu að vera á því að breyta einstökum greinum, en skoðun mín er sú, að svigrúmið sé í þeim efnum ákaflega þröngt, hér sé um að ræða að samþykkja frv. eins og þau eru, þetta eins og hið fyrra, eða fella þau. Ég legg áherzlu á, að frv. nái fram að ganga sem allra fyrst, til þess að þessar greiðslur, sem þar er gert ráð fyrir, geti átt sér stað og útgerðarmálin eða mál þessara samningsaðila geti gengið með þeim hætti, sem ríkisstjórnin hefur lýst yfir, að hún vilji stuðla að.

Björn Jónsson: Herra forseti. Ég mun nú ekki lengja þessar umr. mikið, þó að reyndar ærið tilefni væri til að ræða ýmislegt af því, sem fram hefur komið. Ég get þó ekki stillt mig um að víkja nokkrum orðum að þeim ræðum, sem hæstv. ráðh. hafa nú verið að halda. Ég

var að reyna að taka eins vel eftir og ég gat, hver raunveruleg svör hæstv. fjmrh. væru við þeim spurningum, sem ég bar fram og fjölluðu fyrst og fremst um það, um hve miklar breytingar væri hér að ræða frá fjárl. Í fjárl. er ákveðin upphæð, kringum 500 millj., að mig minnir, ætluð til niðurgreiðslna á vöruverði, og það er auðvitað um algera breytingu að ræða á samþykkt fjárl., ef teknar eru stórkostlegar upphæðir af því og notaðar til annarra hluta. En svör við því, hvað hér væri um miklar upphæðir að ræða, átti ég erfitt með að finna út hjá hæstv. ráðh. Þó skildist mér, að 100 millj. væri sú tala, sem hann staðnæmdist aðallega við, en gæti þó bæði hækkað og lækkað og komizt allt upp í 150 millj., jafnvel þó að ekkert óvenjulegt gerðist. En ég álít þetta vera mjög athyglisverða yfirlýsingu, og er sjálfsagt að skoða betur, hvað í þessu felst og þá jafnframt í þeirri yfirlýsingu hæstv. ráðh., sem ég gat ekki annað en fundið að fælist í orðum hans, að hvern þann fjárhagsvanda, sem bæri að höndum nú á næstunni, ætti að leysa með því að minnka niðurgreiðslur á vöruverði, sem hann taldi ákaflega óæskilegar. Það er reikningsatriði, sem ég er ekki tilbúinn að reikna til fulls, hvað það þýðir, ef hæstv. ríkisstj. ætlar að minnka niðurgreiðslurnar á næstu tímum um 500 millj. kr. En það væri vissulega ástæða til þess að reikna það dæmi og athuga, hvaða áhrif það hefði á alla efnahagsþróunina í landinu, á verðlagsmálin og á hag atvinnuveganna. Ég hygg, að það sé ekkert smáræði, sem þar er um að tefla. En frekar ætla ég ekki að ræða nú um annars þessa töluvert loðnu ræðu hæstv. ráðh., enda tók hann mjög á þeim ágæta eiginleika að geta talað langt mál án þess að segja nokkuð hreint út um hlutina.

En ég verð þá jafnframt að lýsa nokkurri undrun minni á ræðu hæstv. sjútvmrh. Í sambandi við ræðu hans vil ég benda á, að í 2. gr. þessa frv., sem hér liggur fyrir, segir:

„Stofnlánadeild sjávarútvegsins úthlutar fé þessu til tiltekinna framkvæmda í samráði við Landsbanka Íslands og Útvegsbanka Íslands eftir reglum, sem sjútvmrh. setur.“

Ég held, að ef hér er eingöngu um að ræða að veita verðuppbót til frystihúsanna eftir hráefnismagni, þ. e. a. s. hreina verðuppbót á keyptan fisk, geti þetta orðalag ekki staðizt, og ef á að framkvæma þetta eftir orðanna hljóðan, geti sú aðferð, sem hann taldi líklegast að yrði viðhöfð og hefur verið viðhöfð, raunverulega ekki staðizt. Það er vitanlega ekki greitt til tiltekinna framkvæmda, ef það er greitt eingöngu eftir keyptu hráefnismagni.

Að öðru leyti þótti mér það furðulegt, að samtök fiskkaupenda og fiskseljenda hefðu ekki aðeins tekið í sínar hendur löggjafarvaldið, samið þetta frv. og þvingað því upp á hæstv. ríkisstj. gegn hennar vilja, heldur hefðu þm. einnig tekið sér ráðherravaldið um það, hvern hátt reglugerð yrði hagað, og það gegnir vitanlega hinni mestu furðu, þegar hæstv. ráðh. vísar algerlega frá sér hreinum spurningum um það, hvernig hann hyggist hafa aðalatriðin í þeirri reglugerð, sem honum er falið að setja samkv. lögum, og vísar þar til aðila utan þings, sem vitanlega hafa ekkert vald með nokkrum löglegum hætti til þess að taka ákvarðanir um þessi efni. En ég vil aðeins segja það, að það hefði einhvern tíma verið sagt, að vald Alþ. væri komið eitthvað út í bæ til óhlutvandra manna eða manna, sem ættu ekki með það að fara, ef þessi háttur hefði verið upp tekinn undir öðrum kringumstæðum. Ég vil aðeins segja þetta í sambandi við það, hvaða háttur er á um greiðslu þessa svonefnda hagræðingarfjár, því að vitanlega er þar ekki um neitt hagræðingarfé að ræða, ef það er alger og hrein fiskverðsuppbót, og verður þá að breyta lögum í samræmi við það, að það er ekki með slíkum hætti, sem á því hefur verið haldur, verið raunverulega að bæta hag þeirra, sem verst eru settir, heldur fá þeir mest, fá þær fiskvinnslustöðvar mest, sem mesta hafa möguleikana, hafa mesta hráefnið og hafa komizt bezt af á undanförnum árum. Það er þess vegna ekki verið að bjarga þeim, sem frekast skyldi bjargað í þessum efnum.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Það er í framhaldi af síðustu orðum hv. þm., hv. 4. þm. Norðurl. e., er hann segir, að það komi sér mjög spánskt fyrir sjónir, eins og hann segir, eða hann lýsir furðu sinni á því, að ráðh. skuli vísa til aðila úti í bæ um hluti, sem eigi að vera og séu löggjafaratriði og á valdi Alþ. að ákveða. Nú gerði ég það ekki. Ég vísaði ekki til neinna aðila um það. Hins vegar vil ég minna hv. þm. á það, af því að við áttum þá báðir hlut að máli um slíka samningagerð við þáv. hæstv. ríkisstj. og milligöngu hennar um ákveðna samninga hér árið 1955, hverjum augum hann hefði litið það, ef sú hæstv. ríkisstj., sem þá sat að völdum, hefði í einhverju breytt því, sem okkur var lofað, mér og honum, sem áttum þá sameiginlega sæti í samninganefnd verkalýðsfélaganna, um ákveðin atriði, sér í lagi í sambandi við atvinnuleysistryggingasjóð. — hverjum augum hann hefði litið það, ef ríkisstj. hefði ekki staðið við þau loforð. Það, sem hér hefur gerzt, er, að ríkisstj. hefur lofað því að beita sér fyrir samþykkt þeirra frv. við þá samningsaðila, sem hér áttu hlut að máli og ég hef margtekið fram. Geri ríkisstj. það ekki, munu aðilar áreiðanlega telja sig óbundna af þessu samkomulagi. Samkomulagið grundvallast á því, að þessi frv. verði samþ. Það er það fyrirheit ríkisstj., sem er verið að standa við með flutningi þessa frv. Nákvæmlega eins og við hefðum þá orðið hjartanlega sammála um að meta það brigð, ef ekki hefði verið staðið við þau loforð, sem voru gefin í hinni stóru og miklu vinnudeilu, sem þá var háð, mundu aðilar á sama hátt meta þetta í dag. Ég vitna nú til þessa atriðis, af því að við áttum sérstaka og ágæta samvinnu um að knýja þessi loforð fram þá, og við hefðum verið hjartanlega sammála um að meta það brigð og svik við það samkomulag, sem þá var gert, hefði ekki verið við þetta staðið. Það er nákvæmlega sama sagan, sem hér er að endurtaka sig.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til sjútvn. með 12 shlj. atkv.

Á 51. fundi í Ed., 17. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 285, n. 313 og 316, 317, 330).

Frsm. meiri hl. (Jón Árnason): Herra forseti. Eins og fram kemur í nál. meiri hl. sjútvn. um mál þetta, náðist ekki samkomulag innan n. um afgreiðslu þess. 6 af 7 nm. mæla með samþykkt frv., en tveir þeirra, hv. 3. þm. Norðurl. v. og hv. 6. þm. Sunnl., hafa fyrirvara og áskilja sér rétt til þess að flytja eða fylgja brtt., sem fram kunna að koma við afgreiðslu málsins. Hv. 5. þm. Reykn. hefur hins vegar skilað séráliti um málið og flytur tvær brtt. við frv. á sérstöku þskj.

Eins og fram kom í framsögu hæstv. sjútvmrh. fyrir máli þessu, er efni þessa frv. einn liður þeirra ráðstafana, sem ríkisstj. hét að beita sér fyrir og tengdar eru því samkomulagi, sem náðist um fiskverð á yfirstandandi ári. Þær ráðstafanir, sem hér er lagt til að gerðar verði, má segja að séu að mestu leyti hinar sömu, sem framkvæmdar hafa verið á tveimur undanförnum árum.

Samkv. 1. gr. er lagt til, að greiddar verði úr ríkissjóði verðuppbætur á línu- og handfærafisk, sem nema 25 aurum á hvert kg. Kemur sú upphæð til skipta milli sjómanna og útvegsmanna samkv. samningum um hlutaskipti. Er hér um sömu upphæð að ræða og greidd var á s. l. ári, en að þessu sinni samdist einnig svo um, að fiskkaupendur greiða sömu upphæð til viðbótar. Nýtur línu- og handfærafiskurinn því raunverulega 50 aurum hærra verðs en annar hliðstæður bolfiskur. Um það verður ekki deilt, að línu- og handfærafiskurinn er úrvalshráefni, og er það vafalitið gæðum þessa fisks að þakka, hve gott orð íslenzki fiskurinn hefur hlotið á heimsmarkaðinum, og þá einnig því að þakka, hvað tekizt hefur að ná háu verði fyrir íslenzkar fiskafurðir. Ég tel, að hér sé stefnt í rétta átt með því að verðlauna úrvalsvöru og það geti e. t. v. ráðið úrslitum um það, hvort unnt verður að halda áfram þessum veiðiskap eða ekki, að svo verði einnig í framtíðinni.

Samkv. 2. gr. frv. er lagt til að greiða 50 millj. kr. úr ríkissjóði á árinu 1966 til framleiðniaukningar frystihúsa og annarra endurbóta í framleiðslu frystra fiskafurða. Er þessi upphæð um 17 millj. kr. hærri en greidd var í þessu sama skyni á s. l. ári og heildarupphæðinni ætlað að brúa um 2% af þeim 17%, sem meðalfiskverðið hækkaði um. Um úthlutun þessa fjár er gert ráð fyrir sama fyrirkomulagi og átti sér stað á s. l. ári, en það mun í framkvæmdinni hafa verið svo, að hlutur hvers frystihúss miðaðist við framleiðslumagn. Ekki er að efa, að sá styrkur, sem með þessum hætti hefur gengið til frystihúsanna á undanförnum tveimur árum, á sinn stóra þátt í því að koma á verulegum endurbótum í hraðfrystiiðnaðinum. Hefur sú aukna hagræðing, sem þannig hefur skapazt, auðveldað þessari mikilvægu atvinnugrein að standa að verulegu leyti undir þeirri fiskverðshækkun, sem menn voru yfirleitt sammála um, að óhjákvæmileg væri að þessu sinni.

Samkv. 3. gr. er lagt til að greiða úr ríkissjóði 10 millj. kr. verðuppbætur á útflutta skreiðarframleiðslu. Er hér um sömu upphæð að ræða og greidd var á s. l. ári. Framleiðsla skreiðar er e. t. v. sú grein sjávarútvegs, sem hefur hvað erfiðastan rekstrargrundvöll. Allt fyrir það er sú framleiðsla mjög þýðingarmikill þáttur í hagnýtingu aflans og þá sérstaklega í sambandi við netafiskinn. Eins og fram kemur í grg. frv. frv., liggur það hins vegar fyrir, að enginn sjávarafli hefur á undanförnum árum hækkað jafnlítið í verði á erlendum markaði og skreiðin. Það er því augljóst mál, að sá stuðningur, sem þessi atvinnugrein nýtur samkv. þessu frv., er sízt of mikill.

Þá er loks samkv. frv. þessu gert ráð fyrir, að stjórn aflatryggingasjóðs sé heimilt að ákveða, að bætur úr sjóðnum til togara vegna aflabrests á s. l. ári skuli miðast við úthaldstíma þeirra, svo og að setja um það nánari reglur með samþykki sjútvmrh. Er hér um óbreytt orðalag að ræða frá því, sem var á s. l. ári fyrir árið 1964.

Hv. 5. þm. Reykn. flytur á þskj. 317 brtt. við 4. gr., þar sem hann leggur til, að við gr. bætist, að styrkur fyrir þann úthaldstíma togaranna, sem þeir veiða fyrir innlendan markað, skuli vera helmingi hærri en fyrir þann úthaldstíma, sem skipin veiða fyrir erlendan markað. Ég geri ráð fyrir, að það, sem flm. á hér við, sé sá afli, sem togararnir setja hér á land til vinnslu, enda þótt megnið af þeim afla fari eftir sem áður á erlendan markað. Samkv. því, sem frv. gerir ráð fyrir í þessum efnum, er ætlað að setja um þetta nánari reglur. Í því sambandi er eðlilegt, að sjóðsstjórnin hafi samráð við félagssamtök togaraeigenda, og ég tel, að það væri æskilegt, að aðstaða togaranna til löndunar hér heima væri bætt frá því, sem nú á sér stað. Óski samtök þeirra eftir því, að reglugerðin kveði skýrt á um þetta atriði, efast ég ekki um, að sjóðsstjórnin mundi taka þá ósk til rækilegrar athugunar, og tel því brtt. óþarfa.

Einn liður í rekstri togaranna, sem verkar óheillavænlega og væri nauðsynlegt að breyta til þess m. a. að greiða fyrir því, að togararnir settu afla sinn hér á land til verkunar, er verðjöfnunargjald það, sem þeir eru látnir greiða af olíunni og gengur til að greiða niður rekstrarkostnað síldarverksmiðjanna, sem eins og öllum er kunnugt hafa nú á síðari árum haft mjög góða afkomu. Nú munar það togarana mörgum tugum þúsunda í hverri veiðiferð, hvort þeir kaupa olíuna í erlendri höfn eða hér heima. Mér er kunnugt um, að hér er um verulegar upphæðir að ræða, sem hafa mundu í sumum tilfellum úrslitaáhrif um það, hvort skip leggur afla á land í heimahöfn eða hér á landi eða siglir með aflann á erlendan markað. Ég tel, að hér sé raunar um sjálfsagða leiðréttingu að ræða varðandi togarana, og því fyrr sem hún kæmi til framkvæmda, því betra væri það.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess, herra forseti, að orðlengja frekar um frv., en legg til, að það verði samþ. og því síðan að lokinni þessari umr. vísað til 3. umr.

Frsm. minni hl. (Gils Guðmundsson): Herra forseti. Eins og fram kemur í nál. og hv. frsm. meiri hl. hefur skýrt frá, gat ég ekki orðið samferða meðnm. mínum í sambandi við afstöðuna til þessa frv. Það, að ég skila sérstöku nál. og get ekki mælt með samþykkt frv. óbreytts, er ekki vegna þess, að ég dragi það út af fyrir sig í efa, að ýmsar greinar sjávarútvegsins og ákveðinn hluti fiskiðnaðar þurfi á stuðningi að halda, eins og högum er nú háttað í okkar þjóðlífi í dag á sjöunda ári hinnar margumræddu viðreisnar. Það er kunnara en frá þurfi að segja, að allar helztu atvinnugreinar landsmanna stynja nú undir verðbólguokinu. Þannig er það um landbúnaðinn, þannig er það ekki síður um ýmsar greinar iðnaðar og það raunar í svo ríkum mæli, að því er iðnaðinn snertir, að horfir til algerrar rekstrarstöðvunar og hruns í ákveðnum greinum hans. Og vissar greinar sjávarútvegsins eru óneitanlega illa staddar. En það er staðreynd, að góð aflabrögð undanfarin ár og stórfelldar hækkanir sjávarafurða á erlendum mörkuðum virðast engan veginn hrökkva til til þess að hamla gegn sívaxandi tilkostnaði af völdum verðbólgunnar.

Þessu frv., sem hér er til umr., er það hlutverk ætlað að bæta hér nokkuð úr skák. Ég neita því engan veginn, að það fé, sem hér á að leggja fram í styrki af opinberri hálfu til ákveðinna greina sjávarútvegs og fiskiðnaðar, hjálpar eitthvað upp á sakirnar, enda þótt það nái skammt og beri óneitanlega vott um það, að stjórnarvöldin sjá heldur fá og smá úrræði til verulegrar og varanlegrar lausnar þeim vanda, sem hér er við að glíma. Það er enn verið að kaupa sér einhvern gálgafrest, en eins og löngum áður er forðazt að leggja til atlögu við meinsemdina sjálfa, við verðbólguna. Raunar tel ég, að sú skattheimtuleið, sem boðuð er í grg. þessa frv., hafi þann annmarka, að hún hljóti að auka á verðbólguþróunina, og mun ég koma dálítið nánar að því síðar.

Enda þótt maður viðurkenni þörf á til að mynda 80 millj. kr. opinberum stuðningi við sjávarútveg og fiskiðnað, er ekki þar með sagt, að þetta frv. þræði í öllum efnum eðlilegustu og hagfelldustu leiðirnar til þess að koma því fé til þeirra aðila, sem helzt þurfa þess með, eða það tryggi það, að þetta fé verði hagnýtt á sem beztan hátt þjóðhagslega séð. Ég tel, að þarna skorti nokkuð á, og m. a. þess vegna hef ég kosið að gefa út sérstakt nál. og flytja brtt. við frv.

Ég skal nú stuttlega víkja að helztu atriðum þessa frv.

1. gr. fjallar um uppbót á verð á ferskum fiski, veiddum á línu og handfæri, og nemur, eins og kunnugt er, 25 aurum á kg, og er þetta sama uppbót af ríkisins hálfu og ákveðin var í fyrra. Allir munu vera á einu máli um, að það er mikil ástæða til þess að styðja bennan veiðiskap, styðja það, að menn geti aflað fisks með þessum hætti, á línu eða handfæri. Það er viðurkennt, að þetta er langmesti gæðafiskurinn, sem við fáum, það er bezta hráefnið til allrar vinnslu, og eins og hv. frsm. meiri hl. benti á, hefur sá fiskur, sem þannig er veiddur, átt sinn mikla hlut að því að koma góðu orði á íslenzkar fiskafurðir og stuðla að því, að fyrir þær hefur fengizt hátt og jafnvel sihækkandi verð. Það er hætt við, að þær breytingar, sem orðið hafa á síðustu árum, þar sem neta- og nótaveiði er svo stórum vaxandi og svo stórum mikill meiri hl. af þeirri notkun veiðarfæra, sem nú er uppi höfð, — það er hætt við, að hún geti breytt þessu til hins verra, og hefur því miður þegar gert það að einhverju leyti. Það er þess vegna enginn ágreiningur um, að það er full ástæða til þess að stuðla að því, að línu- og handfæraveiðar verði stundaðar áfram, enda er kunnugt, að ákveðinn hluti bátaflotans, hinir minni bátar, á í mörgum tilfellum örðugt með að stunda ýmsar aðrar veiðar, þó að þeir geti stundað með árangri þessar veiðar, ef nægilega hátt verð fæst fyrir aflann. Þá eru einmitt þessar veiðar sérstaklega mikils verðar í þeim landshlutum, sem hafa nú að undanförnu búið við einna örðugast atvinnuástand, og m. a. af þeim ástæðum er nauðsynlegt að efla þær. Ég er því sammála þessari ráðstöfun, sem um það fjallar að styrkja eða verðbæta þann fisk, sem fæst með þessum veiðum. Uppbótin hefði vissulega þurft að vera hærri en ákveðið var í fyrra og ákveðið er í þessu frv. En hér er um að ræða verð, sem hefur verið samið um og gildir þetta ár. Það þyrfti hins vegar að athugast vandlega, hvort ekki sé rétt og nauðsynlegt að hæta hér um næst, þannig helzt, að bæði ríkissjóður og fiskvinnslustöðvarnar legðust á eitt um að hækka verðið á þessari gæðavöru enn til nokkurra muna og auka á þann hátt muninn á 1. flokks hráefni annars vegar og jafnvel 2. og 3 flokks hráefni hins vegar.

2. gr. þessa frv. fjallar um 50 millj. kr. til framleiðniaukningar og annarra endurbóta á hraðfrystihúsum. Það er ætlunin, að þessi fjárstuðningur hækki úr 33 millj. kr., eins og hann var í fyrra, í 50 millj. kr. nú. Þó sýnist mér við nánari athugun, að þetta sé e. t. v. dálítið orðum aukið og kannske ekki miklu meira en nafnið, að hér sé um verulega raunhæfa hækkun að ræða. Og þar kemur það til, að hæði í grg. þessa frv. og í ræðum heirra hæstv. ráðh., sem um málið töluðu hér við 1. umr., kom það ljóslega fram, að fyrirhugað er, að ríkissjóður hæti sér upp þau útgjöld, sem þetta frv. gerir ráð fyrir, með því að hætta eða draga úr niðurgreiðslum vissra vörutegunda. Það mundi að sjálfsögðu hafa það í för með sér, að kaupgjaldsvísitala og þar með laun hækkuðu sem þessu svarar. Og það er svo augljóst mál, að ekki þarf um það að hafa mörg orð, að þetta bitnar á öllum atvinnurekstri í landinu, og það mun ekki fjarri lagi, að frystiiðnaðurinn muni þorga allt að 10 millj. kr. í auknar launagreiðslur af þessum sökum, eða geti farið svo, að það verði sú eða svipuð upphæð, þannig að ef það yrði þessi upphæð, svo sem líkur benda til, sýnist mér, að raunveruleg aukning á þessu svonefnda hagræðingarfé sé ekki 17 millj., heldur þá ekki meira en 7 millj. kr.

Í sambandi við þetta vil ég leyfa mér að spyrja hæstv. sjútvmrh.: Þegar samið var um fiskverðið nú í janúarmánuði og fyrirheit gefið, að því er mér skilst, um það, að hið svonefnda hagræðingarfé hækkaði úr 33 í 50 millj. kr., var

þá jafnframt skýrt frá því þeim, sem þarna sátu við samningaborð, að þessa og annars fjár til stuðnings við sjávarútveginn yrði aflað með því móti, sem nú er ráðgert, með því móti að draga úr niðurgreiðslum eða hætta niðurgreiðslum á vissum vörutegundum og þar með hækka allt kaupgjald í landinu? Áttu frystihúsaeigendur von á því að þurfa beinlínis að borga sjálfir í hækkuðum launum um það bil 10 millj. kr. af þessu hagræðingarfé? Geta þeir ekki litið svo á með nokkrum eða e. t. v. fullum rétti, að hér væri um brigð að ræða, ef þetta hefur ekki legið ljóst fyrir, þegar samningar um fiskverðið voru gerðir í janúarmánuði? Ég veit þetta ekki. Þetta hefur kannske legið ljóst fyrir þá, en ég spyr, hvort svo hefur verið.

Um þetta hagræðingarfé að öðru leyti vil ég segja þetta: Í þeirri gr. frv., sem um það fjallar, segir, að því skuli verja til framleiðniaukningar frystihúsa og annarra endurbóta í framleiðslu frystra fiskafurða. Síðan á sjútvmrn. að setja reglur um úthlutun þessa fjár. Þetta ákvæði og orðalagið mun vera algerlega óbreytt frá l. um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins, eins og þau voru samþ. hér í fyrra. Mér sýnist, að ákvæði l., til að mynda frá í fyrra, og frv. nú um þetta efni séu nokkuð greinileg og megi í rauninni teljast alveg ótvíræð. Það er til þess ætlazt, að þessu fé verði skipt eftir ákveðnum reglum, sem rn. setur, til frystihúsa í því skyni að koma þar á endurbótum, sem leiði til framleiðniaukningar. Það virðist því auðsætt, að fénu á að verja til tiltekinna framkvæmda, sem bæti rekstraraðstöðu þeirra frystihúsa, sem sækja um slíkt fé og sýna fram á, að þau hafi slíkar framkvæmdir á prjónunum eða hafi leyst þær af höndum. Það virðist þess vegna algerlega eðlilegt, að í reglum, sem um þetta atriði eru settar, séu ákvæði um það, að fjárupphæðir til slíkra framkvæmda séu veittar með hliðsjón af þeim framkvæmdum í tilteknum frystihúsum, sem viðurkenndar eru að heyri undir það, sem segir í lögunum að sé til framleiðniaukningar og endurbóta. Þetta virðist vera alveg ljóst og greinilegt í frv. og í l., eins og þau voru samþ. í fyrra.

Þörfin á því fyrir frystihúsin að bæta beinlínis rekstraraðstöðu sína og auka möguleika á bættri framleiðni er alveg vafalaust mjög mismunandi. Þau eru komin mislangt í þessu efni. Sum eru þegar búin góðum tækniútbúnaði, en önnur hafa orðið aftur úr og eiga þess vegna í miklum erfiðleikum, m. a. af þeim sökum, þótt ekki komi annað til. Og þetta fer vitanlega sízt eftir því, hversu mikið magn af fiski, hversu mikið hráefni hvert hús getur fengið og tekið til vinnslu. Það er sjálfsagt í mörgum tilfellum, að þarna sé um öfug hlutföll að ræða, þannig að þau frystihúsin, sem hafa beztan tækniútbúnað nú þegar, hafa tök á því að fá og taka meiri fisk til vinnslu heldur en hin, sem þarna skortir verulega á og þurfa vissulega og sannanlega á stuðningi að halda.

Það er upplýst, að þessu svonefnda hagræðingarfé hefur verið úthlutað þannig, að raunverulega má telja það eins konar verðuppbót eða stuðning til kaupa á fiski til vinnslu. Og þá er það ljóst, að þau hús fá í mörgum tilfellum mest af þessu hagræðingarfé, sem hafa bezta afkomuna, þau hús, sem hafa á undanförnum árum skilað umtalsverðum gróða og hafa þar af leiðandi vafalaust getað aukið sína hagræðingu án sérstaks fjárhagslegs stuðnings, en hin fá þá vitanlega minnst, sem lítið fiskmagn fá til vinnslu, m. a. vegna erfiðrar afstöðu, vegna þess að þeirra tæknibúnaður er lakari en hinna og þyrftu þess vegna nauðsynlega að eiga kost á hagræðingarfé til þess að geta kippt sínum málum í betra lag.

Það er að vísu, að ég tel, ekki að fullu upplýst, hvort ætlunin er að hafa þennan hátt á, eins og verið hefur. Þó hefur mér skilizt, að það muni vera ætlunin að breyta þessu ekki, og mér skildist á því, sem hv. frsm. meiri hl. n. sagði hér áðan, að hann gerði fastlega ráð fyrir því, að þessu verði ekki breytt, þessu svonefnda hagræðingarfé verði úthlutað eftir þessari, að ég tel, nokkuð einkennilegu reglu, að það fari eftir innlögðu fiskmagni til frystihúsanna. Nú vil ég einnig leyfa mér að spyrja hæstv. sjútvmrh., hvort hann hefur hugsað sér að gera einhverja breytingu á þessu fyrirkomulagi eða hvort hann ætlar að hafa það óbreytt og hvort e. t. v. var um það samið eða það gefið fyllilega í skyn við samningagerð um fiskverðið í vetur, að þetta verði óbreytt. Er sem sagt ætlunin að hafa sama háttinn á og verið hefur undanfarin tvö ár, að úthluta þessu fé samkv. skýrslum um fiskmagn, þ. e. a. s. sem hreinum styrk til frystihúsanna til hráefniskaupa, en ekki, að ég tel, sem hagræðingarfé, því að ég get ekki séð, að það sé á neinn hátt réttnefni, ef þessi regla á að gilda áfram, að tala um þetta sérstaklega sem hagræðingarfé, heldur ætti þá miklu fremur að ganga hreint til verks og kalla þetta styrk til hráefniskaupa eða eitthvað í þá áttina? Ég tel, að það sé a. m. k. mjög hvimleitt, svo að ekki sé meira sagt, að leiða í lög ákvæði, sem eru, að ég tel, nokkuð skýr að orðalagi, ef ekki er ætlunin að fara nokkurn veginn eða raunar alveg bókstaflega eftir laganna hljóðan. Í því felst óþörf og ég vil segja heldur leiðinleg blekking. Þessi háttur, sem hefur verið hafður á, að samþykkja þennan fjárstuðning undir nafninu hagræðingarfé, en úthluta honum á þann hátt, sem gert hefur verið og mér skilst að ætlunin sé að gera, minnir mig allt of mikið á hendingarnar, sem við lærðum vist margir í skólaljóðunum í gamla daga, þessar hendingar eftir Jón á Bægisá:

„Vakri-Skjóni hann skal heita,
honum mun ég nafnið veita,
þó að meri það sé brún."

Varðandi þetta atriði flyt ég brtt., sem að mínum dómi á að taka af öll tvímæli um það, að þetta fé skuli vera veitt til framleiðniaukningar. Ég legg til, að við 2. gr. frv. varðandi þær reglur um úthlutun, sem sjútvmrn. er ætlað að setja, bætist þessi orð:

„Í reglunum skal ákveðið, að þau frystihús, sem hafa erfiða rekstraraðstöðu og sérstaka þörf fyrir stuðning til endurbóta og framleiðniaukningar, njóti hlutfallslega hærri styrks en hin, sem betri aðstöðu hafa."

Í 4. gr. þessa frv., eins og í hinum eldri l., er ákvæði um stuðning við togaraútgerðina. Sá stuðningur mun hafa verið veittur í því formi, að greidd hefur verið ákveðin upphæð fyrir hvern úthaldsdag togara og það jafnt hvort heldur hann veiddi fyrir erlendan markað, sem ég svo kalla, þ. e. a. s. veiddi til þess að sigla með aflann ísvarinn á erlendan markað, eða til þess að leggja upp í frystihús til vinnslu hér innanlands. Varðandi þessa tilhögun flyt ég aðra brtt. á þskj. 317. Þar legg ég til, að styrkur þessi á úthaldsdag verði helmingi hærri, þegar veitt er fyrir innlendan markað eða til þess að leggja fiskinn upp til vinnslu hér innanlands. Rökin fyrir þessu virðast mér tiltölulega ljós. Sá fiskur, sem veiddur er til þess að leggja upp í frystihús hér, skapar í fyrsta lagi aukna atvinnu, og á því er vissulega mikil þörf, að því er varðar ýmis frystihús, sérstaklega utan Suðurlandssvæðisins, ef svo mætti segja, þar sem oft skortir mjög tilfinnanlega hráefni og þar sem atvinnuástandið er einna lakast. Ég skal ekki fullyrða um það, hversu miklu þetta mundi nema, hvort útgerðarmenn teldu af þessari breytingu það mikið hagræði, að það eitt gerði það verulega girnilegra en nú að leggja aflann upp hér, en þó hygg ég, að það mundi a. m. k. í ýmsum tilvikum auðvelda það að hafa þann hátt á í ríkara mæli en nú er, því að það má segja, að nú sé svo komið af ýmsum ástæðum, m. a. vegna tiltölulega hás verðs á markaði erlendis og þá allmiklu lægra og mjög verulega miklu lægra hráefnisverðs á heimamarkaði, að togararnir sigla með nær því allan sinn afla, en hitt er alger undantekning, að hann sé lagður upp til vinnslu hér. Ég tel það miður farið og tel, að bæði með þessari ráðstöfun og ýmsum fleiri, m. a. þeirri, sem hv. frsm. meiri hl. n. nefndi hér áðan, eigi að beina togurunum aftur inn á þá braut meira en nú er, að þeir leggi upp fyrir innlendan markað, sérstaklega á vissum árstímum, þegar jafnvel atvinnuleysi steðjar að í ákveðnum landshlutum og mikil þörf er á að fá hráefni til vinnslu.

Þá kem ég að því atriði, sem ég tel að skipti mjög verulegu máli í sambandi við þetta frv., þó að ekki komi það fram í frv. sjálfu, heldur sé aðeins vikið að því í lok grg., þ. e. hvernig ráðgert er að afla ríkissjóði fjár til þess að standa undir þeim kostnaði, sem af frv. þessu leiðir. Ég og við Alþb.-menn teljum, að þetta sé varhugaverðasta og versta atriðið í sambandi við þetta mál. Það heyrist oft sagt, og sérstaklega eru það eðlilega þeir, sem fara með stjórnina hverju sinni, að stjórnarandstaðan sé yfirleitt með mörgum eða flestum útgjöldum, en á móti fjáröfluninni, sem þarf til þess að standa undir þeim útgjöldum. Nú er það að vísu hið eðlilega og sjálfsagða verkefni ríkisstj. og þingmeirihl. að leggja fram skattheimtutill., till. til þess að standa undir þeim útgjöldum, sem nauðsynleg eru talin hverju sinni. En hitt er rétt, vil ég segja, að stjórnarandstaðan mætti gjarnan og gæti oftar en hún gerir, bæði nú og áður, bent á aðrar og hagfelldari leiðir eða önnur og hagfelldari úrræði í þessum efnum en þau, sem hún gagnrýnir. Eg er engan veginn hræddur við að staðhæfa, að það eru til ýmsir tekjuöflunarmöguleikar fyrir ríkissjóð, sem eru betri og ég vil segja sérstaklega hættuminni en þessi til þess að ná saman endum í sambandi við fjáröflun til þessa máls.

Hver er þá höfuðgallinn við þá leið, sem ætlunin er að fara í sambandi við tekjuöflun í ríkissjóð til að standa straum af þessum útgjöldum? Ég tel, að það sé um tvo mjög mikla ókosti að ræða á þessari leið. Það er þá í fyrsta lagi, að niðurgreiðslur, þótt þær hafi vitanlega sína annmarka og óneitanlega, eru þær til hagsbóta fyrir láglaunafólk. Þær eru, eins og sakir standa í okkar þjóðfélagi, til hagsbóta fyrir það fólk, sem verður að nota hlutfallslega mest af tekjum sínum til þess að kaupa fyrir brýnustu lífsnauðsynjar. Þær eru mikilvægar fyrir til að mynda aldrað fólk, sem lifir á ellilífeyri og e. t. v. smávægilegum tekjum eða lítils háttar eignum. Þær eru mikilvægar fyrir fjölmennar barnafjölskyldur, sem verða að verja mjög verulegum hluta af tekjum sínum til þess að kaupa daglegt brauð, ef svo má segja. Og það gefur auga leið, að fjölskylda, sem hefur lágar tekjur og ver — við skulum segja helmingi þeirra tekna til þess að kaupa niðurgreiddar matvörur, slík fjölskylda stendur ólíkt verr að vígi, það skiptir hana miklu meira máli, hvort þessar vörur eru niðurgreiddar eða ekki, heldur en aðra fjölskyldu með góðar tekjur, sem ver kannske ekki nema fjórðungi eða fimmtungi af tekjum sínum til þess að kaupa þau matvæli, sem til að mynda nú eru niðurgreidd, eða e. t. v. minni hluta en það. Það er að vísu sagt og það með réttu, að vísitala kaupgjalds og þar með kaup muni hækka að því skapi, sem hætt verður að greiða ákveðnar vörutegundir niður. En þarna kemur hið sama fram, að það munar vitanlega minnst um hækkunina á kaupgjaldinu hjá láglaunafólki, en mest hjá hinum, sem nota lægstan hundraðshluta tekna sinna til matvælakaupa eða til þess að kaupa þær vörur, sem hafa verið og eru niðurgreiddar. En annað atriði, sem ég tel mikinn ókost á þessari leið, er það, að ef hætt er að greiða niður vöruverð eða dregið úr þeim niðurgreiðslum til mikilla muna, hefur það, eins og ástatt er í okkar þjóðfélagi og eins og um hnútana er búið, veruleg áhrif á verðbólguþróunina. Vörur hækka, kaupgjald hækkar, og þannig heldur áfram víxlverkun kaupgjalds og verðlags.

Hæstv. fjmrh. skýrði raunar frá því í ræðu við 1. umr. þessa máls, að frv. þetta hefði sennilega ekki minni útgjöld í för með sér fyrir ríkissjóð en 100 millj. kr., þ. e. a. s. það mundi kosta ríkissjóð um 20 millj. kr. í hækkuðu kaupgjaldi að afla þeirra 80 millj. eða spara, ef við orðum það þannig, þessar 80 millj., sem frv. gerir ráð fyrir að veita til sjávarútvegsins, spara þær með lækkuðum niðurgreiðslum. Þegar þar við bætist, að þessi ráðstöfun kostar alla aðra launagreiðendur í landinu mjög verulegar upphæðir, tugi millj. kr., og þær upphæðir koma beint út í verðlag brýnustu lífsnauðsynja, virðist þetta í hæsta máta dýr og óhentug aðferð til þess að afla þeirra 80 millj., sem hér er um að ræða.

Nú verður að sjálfsögðu sagt: Einhvers staðar verður að taka þetta fé, ef ætlunin er að veita sjávarútveginum þann stuðning, sem hér um

ræðir. — Og það er vitanlega rétt. En ýmislegt kemur hér að sjálfsögðu til greina annað en það að fella niður eða lækka niðurgreiðslur á lífsnauðsynjum. Það má til að mynda spyrja, hvort ekki kæmi fyllilega til greina, að í þessu sambandi yrði lagður á sérstakur verðaukaskattur, þ. e. a. s. að á einhvern hátt yrði reynt að skattleggja verðbólgugróðann eða þann gróða, sem myndazt hefur beinlínis vegna verðbólguástandsins. Fleiri leiðir mætti að sjálfsögðu athuga, og ég tel mig mega fullyrða, að stjórnarandstaðan mundi verða til viðræðna um heppilega lausn þess fjárhagsvandamáls, sem hér er um að ræða, heppilega lausn þess, hvernig eigi að afla ríkissjóði þeirra tekna, sem til þess þarf að standa straum af framkvæmd þeirra laga, sem hér um ræðir.

Að síðustu vil ég svo aðeins segja þetta: Ég legg áherzlu á tvennt: Í fyrsta lagi, að frv. verði breytt í það horf, sem brtt. mínar benda til. Ég tel það óeðlilegt og raunar fráleitt, að í l. standi ár eftir ár ákvæði, sem ætlunin er að sniðganga, vil ég segja, eða framkvæma á annan hátt en berum orðum er gert ráð fyrir í l. Og raunar held ég, að það sé spurning, hvort sú framkvæmd fær hreinlega staðizt lagalega séð. Ég tel sjálfsagt, að um þetta ákvæði, þetta svonefnda hagræðingarfé, séu ótvíræð ákvæði á annan hvorn veginn, á þann veg annars vegar, eins og ég legg til, að þetta verði alveg ótvírætt framleiðniaukningarfé, sem fari til þeirra frystihúsa, sem standa í framkvæmdum, er leiða til framleiðniaukningar, ellegar þá hitt, að það verði skýrt tekið fram í l., að þetta sé og skuli vera styrkur til hráefniskaupa, ef það er ætlunin hjá hæstv. ríkisstj. að haga framkvæmd málanna þannig, eins og verið hefur. Og þó að ég sé andvígur því fyrirkomulagi og telji hitt fyrirkomulagið eðlilegra og hagfelldara, finnst mér alls kostar ófært að afgreiða l. á þann hátt, eins og ég sagði áðan, að tala um Vakra-Skjóna, þar sem einungis er um gömlu brúnu merina að ræða.

Eitt atriði, sem ég vildi að lokum leggja á áherzlu að nýju, er það, að til þess að standa undir þessum stuðningi við útgerðina, sem hér er fyrirhugaður, tel ég, að það sé mjög varhugavert og háskalegt með tilliti til verðbólguþróunarinnar að fara þá leið, sem gert er ráð fyrir í grg. þessa frv. og yfirlýst er af hæstv. ráðh., að ætlunin sé að gera. Og ég vil ítreka: Hér ber að fara aðrar leiðir. Leiðir, sem hafa ekki sömu eftirköst, eru vissulega til, ef vilji er fyrir hendi til þess að fara þær.

Karl Kristjánsson: Herra forseti. Á þskj. 330 höfum við hv. 3. þm. Norðurl. v. leyft okkur að leggja fram till. um, að við 2. gr. frv. þessa um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins bætist svo hljóðandi ákvæði:

„Enn fremur er ríkissjóði heimilt að verja á árinu 1966 10 millj. kr. til greiðslu vinnsluuppbóta á þeim stöðum, sem fiskvinnsla ber sig ekki vegna erfiðrar aðstöðu, svo sem af því, að hráefni skortir eða afli er sérstaklega dýr í vinnslu, enda sé vinnslan talin nauðsynleg vegna útgerðar á hlutaðeigandi stöðum. Rn. setur reglur um greiðslu uppbótanna að fengnum till. Fiskifélags Íslands og Landssambands ísl. útvegsmanna."

Þessari till. þarf ekki að fylgja úr hlaði með langri framsögu. Hún skýrir sig raunar sjálf. Á landinu, ekki sízt norðanverðu og austanverðu, eru ýmsar fiskvinnslustöðvar, sem hafa ekki borið sig að undanförnu og eiga í mjög erfiðri vök að verjast. Hætt er við, að í það horf sæki á þessu ári, eins og dýrtíðar- og verðbólgumálum er háttað. Þó að frv. þetta ákveði, að ríkissjóður leggi fram 50 millj. kr. á árinu til „framleiðsluaukningar frystihúsa og annarra endurbóta í framleiðslu frystra fiskafurða," nær ekki sú aðstoð til þess að létta sérstaklega undir með þeim fiskvinnslustöðvum, sem skortur á hráefni þjakar, eða þá til vinnslu að verulegu leyti á afla, sem er dýr í vinnslu. Og má telja, að skylt sé á þessum uppbóta-viðreisnartímum að veita þar sérstaka aðstoð með uppbótum. Séu vinnslustöðvar þessar nauðsynlegar fyrir framleiðendur og verkafólk, þar sem þær eru reknar, eins og víðast mun vera, mega þær alls ekki fara í kaldakol. Hæstv. ríkisstj. landsins veitir sannarlega ekki af að hafa heimild til að eyða 10 millj. kr. í því skyni að draga þarna úr afleiðingum verðbólgunnar, sem geisar í umboði hennar. Eðlilegt má telja, að Fiskifélag Íslands og Landssamband ísl. útvegsmanna verði til ráðuneytis um greiðslu þessara uppbóta, eins og till. gerir ráð fyrir.

Máske spyr nú hæstv. ríkisstj., eins og henni hefur jafnan hætt við að spyrja, þegar stjórnarandstæðingar flytja útgjaldatill.: hvar eru tekjur á móti þessu? Að þessu sinni vil ég vitna til þess, að ríkisstj. hefur lagt fram frv. þetta, sem gerir ráð fyrir 80 millj. kr. útgjaldaauka fyrir ríkissjóð 1966, án þess að sjá fyrir samsvarandi tekjuauka beinlínis, og munar þá ekki miklu, þótt 10 millj. bætist við, úr því að hæstv. ríkisstj. er hvort sem er að grafa í verðbólgunámur sínar eftir fé upp í 80 millj., enda er hér um heimild, en ekki ófrávíkjanlega fyrirskipun að ræða, að vísu heimild, sem eftir öllum horfum nú þarf að vera hægt að nota.

Ég treysti því, að hv. þm. sjái ástæðu til að greiða þessari till. atkv. sitt, og ég undirstrika það, að þetta er heimild til að bæta úr þörf, sem nærri því má telja víst, að verður mjög rík fyrir hendi.

Helgi Bergs: Herra forseti. Það, sem boðað er í lok grg. að fylgi í kjölfar þessa frv., markar að vissu leyti tímamót í efnahagsmálunum hér, því að með því gefst hæstv. ríkisstj. upp við frekari tilraunir til þess að hafa hemil á verðlagsþróuninni í landinu. Til þess að bæta fiskiðnaðinum upp um 65 millj. kr., því að raunverulega er það það, sem um er að ræða, eins og ég skal koma að síðar, á að velta á annað hundrað millj. króna út í verðlagið og auka þannig stórlega hraða verðskrúfunnar. Þetta er boðskapurinn, sem þetta frv. flytur okkur. Frv. sjálft felur þetta ekki í sér, og við erum samþykkir því með fyrirvara um breytingar, sem sjálft frv. felur í sér, ég og hv. 1. þm. Norðurl. e. (KK), sem ásamt mér hefur skrifað undir nál. með fyrirvara, og mér þykir rétt að gera hér í örfáum orðum grein fyrir fyrirvara okkar.

Við erum, eins og ég segi, samþykkir því aðalatriði frv.-greinanna sjálfra, að fiskiðnaðurinn fái þau framlög, sem þar er gert ráð fyrir, og að staðið verði við þau fyrirheit, sem voru forsendur samkomulagsins um fiskverðið í jan. s. l. Á hinn bóginn teljum við frv. gallað, og fyrirvari okkar lýtur m. a. að því, að við teljum æskilegt að breyta því nokkuð, en hins vegar að því, að við viljum vekja athygli og vara við þeim afleiðingum, sem það hefur í för með sér, ef hæstv. ríkisstj. fer þá leið, sem boðuð er í grg. þessa frv.

Óðaverðbólgan grefur nú sem óðast undan atvinnugreinum landsmanna, fleirum og fleirum, jafnt og þétt. Hæstv. ríkisstj. hefur enga stefnu í þessum málum. Hún hefur enga efnahagsmálastefnu. Nú á fiskiðnaðurinn að fá nokkrar uppbætur, þar sem hann ella hefði rekið í strand. Og í annan tíma eru það einhverjir aðrir, sem á að reyna að láta halda áfram með einhverjum bráðabirgðaúrræðum. Vegna fiskverðssamninganna í janúar var ríkisstj. til þess neydd að gera eitthvað í málinu, og þannig aðstaða kemur upp öðru hverju gagnvart ýmsum stéttum. En stefna hæstv. ríkisstj. er engin önnur en að reyna að finna einhver bráðabirgðaúrræði til þess að forða strandi hjá einum í dag, hjá öðrum á morgun. En óðaverðbólgan fær að halda áfram að grafa undan öllu saman jafnt og þétt og með vaxandi hraða.

Í þessu frv. er gert ráð fyrir því að leggja fram til fiskiðnaðarins 80 millj. kr., þannig að hagræðingarfé, sem kallað er, til hraðfrystihúsanna skal nema 50 millj. kr., verðuppbætur á línufisk og handfærafisk 20 millj. kr. og verðuppbætur á skreiðarframleiðslu 10 millj. kr. Fyrir þessu 80 millj. kr. framlagi var ekki á neinn hátt séð í fjárlögum, sem afgr. voru hér á hv. Alþ. fáum vikum áður en fiskveiðasamningarnir, sem eru tilefni þessa frv., voru gerðir. Það lá auðvitað ljóst fyrir, þegar fjárl. voru til meðferðar, að fjármuni þyrfti til þessara hluta. Það vissum við allir. Samt var ekki fyrir neinu fé séð í þessu efni í sambandi við fjárlagaafgreiðsluna, og það er að mínum dómi stórlega vítavert.

Hvernig hyggst svo hæstv. ríkisstj. afla fjár á móti þessum 80 millj.? Auðvitað er það einnig gert með bráðabirgðaúrræðum, án þess að menn virðist hafa gert sér fulla grein fyrir þeim afleiðingum, sem það hlýtur að hafa. Nú á að minnka niðurgreiðslurnar til þess að mæta þessu og kannske meir, því að ef mér hafa borizt réttar fréttir af ummælum hæstv. fjmrh., sem ég því miður heyrði ekki, mun hann hafa boðað, að það ætti að minnka niðurgreiðslur, svo að ríkissjóður yrði hallalaus. Nú veit ég ekki, hvað þetta þýðir með þeirri fjármálastjórn, sem hér hefur verið tíðkuð um sinn, og ég raunar dreg það nokkuð í efa, að hæstv. fjmrh. viti það sjálfur. En ef niðurgreiðslur verða minnkaðar bara um 80 millj. kr., þær 80 millj. kr., sem fiskiðnaðurinn á að fá, skilst mér, að það þýði 2% hækkun á almennu kaupgjaldi vegna hækkunar verðlagsvísitölu, og það kostar ríkissjóð 20 millj. kr., þá erum við komnir upp í 100. Það mundi þurfa, eftir þessari kenningu, að lækka niðurgreiðslurnar um 100 millj. kr. En þá er sú vísitöluhækkun, sem af því leiðir, ekki 2% lengur, heldur 2½%, og þannig heldur spólan áfram. Það er þess vegna nokkuð ljóst, að til þess að mæta þessum aðgerðum á þann hátt, sem boðað er, verður að velta á annað hundrað millj. kr. út í verðlagið.

En hvað kostar svo 2½—3% hækkun fiskiðnaðinn, sem leikurinn er gerður til að styðja? Ég tel, án þess að hafa gert neina tilraun til þess að grafa upp um það nákvæmar tölur, að gera megi ráð fyrir, að vinnulaun, sem greidd eru í hraðfrystihúsunum og við skreiðarvinnslu og saltfiskverkun, muni nema a. m. k. 5 eða 6 hundruð millj. kr. á ári. Og þá er auðséð, að þessar aðgerðir, sem þarna eru boðaðar, muni kosta þá, sem átti að styðja, a. m. k. 15 millj. kr. strax, hvað sem síðar verður, þegar skrúfan spólar meira upp á sig.

Niðurstaðan verður þess vegna sú, sem ég gat um í upphafi, að til þess að veita hraðfrystiiðnaðinum stuðning, sem í raun og veru nemur 65 millj. kr. eða þar um bil, er velt út í verðlagið upphæðum, sem nema á annað hundrað millj. kr. og munu gefa vísitöluskrúfunni nýjan snúningskraft.

En til hvers er svo að vinna, þegar það er ljóst, að innan stundar verðum við jafnnær, ef ekkert verður að gert? Verðbólgan heldur áfram að grafa undan öllu saman, hraðar og hraðar. Það er augljóst, að í þessum málum verður að finna aðrar leiðir og jafnvel í þessu máli aðra bráðabirgðaleið, leið, sem hefur minni verðbólguáhrif en sú, sem hér er boðuð. Haldi hæstv. ríkisstj. fast við þá leið, sem hún boðar, getur það ekki þýtt annað en það, að hún hafi gefið frá sér allar tilraunir til viðnáms, sem raunar hafa ekki verið miklar í seinni tíð, en þó nokkrar, síðan kaupgjaldið var á ný tengt kaupgjaldsvísitölu.

Um þetta, sem hér hefur orðið mér aðallega að umræðuefni, fjallar þó ekki þetta frv., eins og ég tók fram, ekki frvgr. sjálfar. Við teljum, að það sé óhjákvæmilegt, eins og nú er komið, að samþykkja þær, þótt við viljum mæla með nokkrum breytingum. Hv. 1. þm. Norðurl. e. hefur gert grein fyrir brtt., sem hann flytur ásamt hv. 3. þm. Norðurl. v., og ég skal ekki fara neitt frekar orðum um hana, en lýsa stuðningi mínum við hana. Á þskj. 317 flytur hv. 5. þm. Reykn. tvær till. Sú fyrri gengur nokkuð í sömu átt og brtt. hv. 1. þm. Norðurl. e., sem ég geri ráð fyrir að verði afgreidd á undan, og nái hún ekki samþykki, tel ég rétt að styðja fyrri till. hv. 5. þm. Reykn. Enn fremur álít ég, að síðari brtt. hans um að reikna helmingi hærri styrk til togaranna fyrir innlendan fiskiðnað heldur en erlendan markað, eigi rétt á sér og eigi að fá stuðning. En ég vil gera það að lokaorðum mínum að vara hæstv. ríkisstj. alvarlega við þeim fyrirætlunum að gefa frá sér síðustu tilraunir sínar til að sýna verðbólguþróuninni nokkurn viðnámsvott. Það getur aldrei leitt í annað en ófæru.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Umfram þær umr., sem fram fóru hér við 1. umr. málsins, tel ég ekki þörf mikilla

aths. við þær ræður, sem síðan hafa verið haldnar, en vildi þó leitast við að svara tveim fsp., sem sérstaklega var til mín beint.

Það var í fyrsta lagi sú fsp. hv. 5. þm. Reykn., hvort þeim, sem við samningsborðið sátu í yfirnefnd verðlagsráðs sjávarútvegsins, hafi verið frá því skýrt, hvaða leið ríkisstj. ætlaði til lausnar þeim fjárhagsvanda, sem samkomulagið hljóðaði um. Ég hygg, að þetta sé nokkuð efnislega rétt eftir haft um spurninguna. Þessu er til að svara, að ég hef reynt að afla mér upplýsinga um þetta síðan, að samningsaðilum öllum var greinilega frá því skýrt, að um þrjár leiðir væri að velja, eins og frá er skýrt í lok grg. fyrir þessu frv., og einhverja þessara leiða yrði ríkisstj. að fara. En það, hver af þessum þremur leiðum yrði valin, mun hins vegar nm. ekki hafa verið tilkynnt um, enda kom málið ekki í hendur ríkisstj., fyrr en samninganefndirnar eða yfirnefnd verðlagsráðsins hafði gengið frá sínu samkomulagi, sem var að áskildu því, að ríkisstj. féllist á staðfestingu á því samkomulagi, sem m. a. felst í þessu frv., þannig að það er alls ekki um nein griðrof að ræða hér eða farið á bak við þá aðila, sem þarna eiga hlut að máli, því að þeir vissu, að einhverja af þessum þremur leiðum yrði að velja.

Í öðru lagi er spurt að því: Verður skipting hagræðingarfjárins með sama hætti og verið hefur undanfarin ár? Þá er því til að svara samkv. því, sem ég hef nýjastar upplýsingar um, að í öllum viðræðum yfirn. var gengið út frá því, að skiptingin yrði óbreytt um þessa hluti. Breyting frá því, sem gilt hefur á s. l. ári, gæti því hæglega af a. m. k. öðrum aðilanum, þ. e. a. s. fiskkaupandanum, verið talin rof á endanlegri niðurstöðu þess samkomulags, sem gert var. Og þessu svaraði ég reyndar við fyrri umr. málsins, því að þetta atriði bar þá einnig á góma, að ég teldi, að ekki væri unnt að fara inn á neinar verulegar eða meiri háttar breytingar á skiptingu þessa fjár frá því, sem áður hefur gilt, ef það reyndist svo, að yfirn. hefði gengið út frá því, að sömu reglur giltu áfram. Og það hef ég fengið staðfest nú, að í öllum viðræðum n. var gengið út frá því, að skiptareglurnar yrðu óbreyttar.

Þessum tveimur atriðum vildi ég svara. Mér er einnig kunnugt um það, að á meðan á umr. yfirnefndarinnar og viðræðum aðila stóð, kom upp sú till. þar, að féð, hið umrædda hagræðingarfé, rynni allt til stofnlánadeildar sjávarvegsins. Þessu var mjög kröftuglega mótmælt af fiskkaupendum í n., og þeir lögðu á það áherzlu, eins og ég áðan sagði, að skiptareglurnar yrðu þær sömu og skiptingin yrði falin þeim sömu aðilum og verið hefur undanfarin ár. Ég tel að öðru leyti ekki þörf á að bæta við þær skýringar mínar, sem ég gaf við 1. umr. *málsins, og það, sem kom þá fram hjá hæstv.* fjmrh., því að þar tel ég, að flestum þeim atriðum, sem fram komu í framsöguræðum hv. stjórnarandstæðinga nú, hafi verið svarað.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Það væri auðvitað mjög fróðlegt að ræða nokkuð þær hugleiðingar, sem fram voru settar hjá sérstaklega tveimur hv. þm., sem hér hafa talað, þeim 5. þm. Reykn. og 6. þm. Sunnl., varðandi verðbólgu og efnahagsmál, en ég skal ekki fara að tefja þessar umr. með því. Það gefst kostur á að gera það á öðrum vettvangi. En það voru aðeins nokkur orð, sem ég vildi hér segja, bæði út af brtt. þeim, sem fyrir liggja, og nokkrum atriðum öðrum.

Ég skal fullkomlega játa það, að ég er persónulega mjög sammála þeirri hugsun, sem kemur fram í brtt. hv. 5. þm. Reykn. um, að æskilegt væri að haga greiðslu hagræðingarfjárins með öðrum hætti en gert er. Og ég tel, að það væri mjög athugandi, hvort hægt er að fá samkomulag um einhverja breytingu í því efni. En enda þótt ég hafi þá skoðun, — og ég tala þar algerlega persónulega, — tel ég mér ekki fært að styðja till. á þessum vettvangi, og það byggist fyrst og fremst á því, sem hæstv. sjútvmrh. hefur hér gert grein fyrir, að það var gert ráð fyrir því og var út frá því gengið, þegar samkomulagið var gert við frystihúsin, að tiltekin vinnubrögð yrðu í meginatriðum höfð í þessu sambandi. Ég tel hins vegar rétt að láta þessa skoðun mína koma í ljós, vegna þess að ég vil ekki, þrátt fyrir það, þó að till. hv. þm. verði felld, megi það túlkast sem svo, að það sé almenn skoðun þm., sem kynnu að greiða atkv. gegn henni, að það kæmi ekki til álita að haga greiðslu hagræðingarfjárins með þessum hætti, þannig að ekki megi gagnálykta frá afstöðu manna, að það merki það, að menn vilji alls ekki, að það sé tekið tillit til þeirra sjónarmiða, sem þarna er um að ræða. Þetta tel ég nauðsynlegt að komi fram, vegna þess að ella mætti líta svo á, að það að fella þessa till. merkti, að menn væru algerlega ásáttir með að fara þessa leið, sem frv. gerir ráð fyrir. Ég tel, að hagræðingarfé geti átt mikinn rétt á sér, og það er gert ráð fyrir því, t. d. í sambandi við frv., sem ríkisstj. flytur um iðnlánasjóð, að það sé komið á sérstakri aðstoð við iðnaðinn í því efni, og það er mjög mikils um vert í sambandi við sjávarútveginn líka, og það er engum efa bundið, að það er rétt, að aðstaða frystihúsanna er mjög mismunandi. Hins vegar varð þessi skoðun ofan á í samtökum hraðfrystihúsaeigenda eða fiskkaupenda, sem voru aðilar að þessu samkomulagi um fiskverðið, og ég tel, að með hliðsjón af því, að ríkisstj. samþykkti að beita sér fyrir því, að þessi aðstoð yrði veitt, og það var grundvöllurinn að því, að samningar tókust, verði að standa við það samkomulag, enda þótt menn kunni að vera mismunandi hrifnir af einstökum atriðum í því efni. Ég tel því, að það sé mjög æskilegt þrátt fyrir þetta, hvernig málið liggur fyrir, að það verði kannað, hvort með einhverjum hætti er hægt að koma við skilningi á því, að þessu fé yrði skipt með öðrum hætti. En það yrði að *sjálfsögðu að gerast með samkomulagi.*

Hv. 1. þm. Norðurl. e. gerði hér grein fyrir till. um frystihús, sem ættu í erfiðleikum, og ræddi þar einmitt mismunandi aðstöðu fiskvinnslustöðvanna, sem er í nokkuð svipuðum anda og hv. 5. þm. Reykn. ræddi. Þó er þessi till. hv. 1. þm. Norðurl. e. nokkuð óljós, hvernig ætti að hugsa sér framkvæmd hennar, en það mun

þó vera gert ráð fyrir einhverjum svipuðum leiðum í því efni og felast í till. hv. 5. þm. Reykn. Það getur út af fyrir sig vel verið, að það muni ekki um að bæta einum pinkli á Skjónu, eins og sagt er, — var það Brúnka? — jæja, hvað sem hún heitir, en það kemur nú samt oftast nær að því, að öllu er ofboðið. 10 millj. eru kannske ekki mikið fé, en miðað við allar þær hneykslanir manna við þetta, — það er út af fyrir sig sjaldan hneykslazt yfir því að vísu, að það sé verið að greiða út peninga, — en miðað við hneykslanir manna yfir þeim ráðstöfunum, sem eigi að gera til þess að afla fjárins, getur þetta skipt nokkru máli. Látum það allt vera. Það var ekki það, sem ég ætlaði um að ræða, heldur hitt, að ég er efnislega sammála hv. 1. þm. Norðurl. e. um, að það er um að ræða, eins og ég áður sagði, mikla mismunun varðandi afkomu fiskverkunarstöðva og sérstaklega varðandi möguleika þeirra til þess að fá afla til vinnslu, og ég tel þess vegna alveg rétt, að það komi fram hér við þessar umr., að þó að ég telji ekki auðið að styðja þessa till., merkir það sízt af öllu það, að ríkisstj. hafi ekki haft skilning á því, að hér væri um erfiðleika að ræða. Við vitum, að það eru einmitt sérstaklega fiskvinnslustöðvar fyrir öllu Norðurlandi, sem hafa átt við mikla örðugleika að stríða, fyrst og fremst vegna þess, að þær hafa ekki fengið nema mjög takmarkað hráefni. Nú hefur af hálfu ríkisstj. verið gerð sérstök ráðstöfun til þess með alveg sérstakri styrkveitingu, sem nú er að vísu ekki örugglega vitað um, hvað há fjárhæð er, en það mun vera á milli 6 og 7 millj. kr., sem hefur verið heimilað að nota sérstaklega til þess að veita aðstoð í því skyni, að fiskvinnslustöðvar á Norðurlandi geti fengið hráefni, og til þess að greiða fyrir því í senn, að heimabátar geti verið þar, stundað veiðar heima fyrir án mjög verulegrar áhættu, og jafnframt til þess að gera tilraunir með flutning á hráefni frá útgerðarstöðum annars staðar á landinu. Þessu fé er ætlunin að verja á þessum vetri til aðstoðar einmitt við þessi byggðarlög og þessar fiskvinnslustöðvar og útgerðarfyrirtæki, sem þarna eiga við mesta erfiðleika að stríða. Og það má jafnframt ganga út frá því, og það verður að ætlast til þess, að það verði niðurstaðan varðandi ráðstöfun á hinum mismunandi markaðsmöguleikum hraðfrystihúsanna, að þeir möguleikar, sem nú eru fyrir hendi til þess að selja heilfrystan fisk, sem er miklum mun ódýrari í vinnslu fyrir frystihúsin en önnur fiskverkun, að það verði fyrst og fremst látið koma til góða frystihúsum, sem eiga í erfiðleikum, og þess vegna var lögð á það mikil áherzla af ríkisstj. í viðskiptasamningum að fá einmitt möguleika til þess að selja slíkan fisk. Þetta hvort tveggja hefur að sjálfsögðu mjög veigamikla þýðingu fyrir einmitt þessar stöðvar og þessa staði, sem hv. 1. þm. Norðurl. e. ræddi um, þannig að ég tel, að þrátt fyrir það, þó að ekki verði talið fært að samþykkja þessa till. eins og hún liggur fyrir, hafi vissulega verið gerðar mjög jákvæðar ráðstafanir til þess að líta með skilningi á erfiðleika þessara aðila.

Ég vil, eins og ég sagði í upphafi, ekki fara að efna hér til almennra umræðna um skattamál og efnahagsmál og skal því reyna að forðast að gefa mikil tilefni til þess. Því var lýst yfir af báðum þeim hv. talsmönnum, sem aðallega gagnrýndu frv. hér áðan, 5. þm. Reykn. og 6. þm. Sunnl., að það versta við þetta frv. væri tekjuöflunin, og það er í rauninni ekkert nýtt að heyra þá skoðun varðandi mál, sem hér liggja fyrir þingi, ekki eingöngu frá þessum hv. þm., heldur frá stjórnarandstöðunni yfirleitt, og þetta séu út af fyrir sig ágæt mál, en það, sem sé slæmt við þau, sé það, að ekki sé gert ráð fyrir að afla fjár til að standa undir kostnaði við þau. Hv. 6. þm. Sunnl. var nokkru orðhvassari í sinni ræðu og taldi þetta allt mjög vítavert og sýndi, að ríkisstj. hefði ekki tök á neinu. Hins vegar var lítið upplýst um „hina leiðina", sem manni skilst að nú sé eina leiðin. Því miður fær maður aldrei þessi vísdómsorð, hvernig eigi að leysa þetta með öðrum og skynsamlegri hætti en hér er um að ræða. En það kannske kemur í ljós á sínum tíma.

Hv. 5. þm. Reykn. sýndi þó viðleitni til þess, sem ber vissulega að virða, og játaði í rauninni, að þótt það væri skylda ríkisstj. að benda á úrræði, væri það að sjálfsögðu einnig skylda stjórnarandstöðu, sem væri andvíg úrræðunum, að benda á einhverjar leiðir þá aðrar. Og hann nefndi þó eitt atriði, þar sem hann ræddi um skattlagningu svokallaðs verðbólgugróða. Þetta lítur út af fyrir sig vel út á pappírnum, það má segja, að að vissu leyti hafi ríkisstj. farið þá leið, og sú leið mætti þó mjög takmörkuðum skilningi frá stjórnarandstöðunni hér, en það var í sambandi við það, þegar samþykkt var fyrir áramótin að hækka fasteignamat til eignarskatts, því að að sjálfsögðu felst verðbólgugróðinn ekki hvað sízt í því, að menn eigi húseignir og fasteignir og hafi þannig verndað peninga sína gegn verðfalli og í gegnum árin, sem vissulega er rétt, öðlazt þannig mjög verulegar fjárhæðir. Hvort ber að túlka það sem gróða eða ekki, er önnur saga. Það fer eftir því, hvernig á málið er litið. Kostnaður við byggingar hefur að sjálfsögðu aukizt á móti, þó að það sé ekki í öllum tilfellum hliðstætt, það fer eftir atvikum. En engu að síður má þó segja, að þarna sé um að ræða nokkurs konar skattlagningu verðbólgugróðans. Ég sé ekki með góðu móti, að það væri hægt að hugsa sér annað skattlagningarform en einmitt einhvern slíkan eignarskatt, þannig að ég held, að það þurfi allt að hugleiðast betur, áður en menn telja, að sé hægt að afla til viðbótar 80 millj. kr. með þessum hætti.

Varðandi svo að lokum þær ávítur hv. 6. þm. Sunnl., að það væri stórlega vítavert, eins og hann orðaði það, að hafa ekki í fjárl. séð fyrir fé til að mæta þessum útgjöldum hér, sem hann sjálfur þó viðurkenndi að enginn hefði vitað um, fyrr en nokkrum vikum eftir að fjárlög voru afgreidd, þá held ég nú, að sá ágæti maður sjálfur mundi ekki telja þetta jafnvítavert og hann segir í sínum málflutningi, til þess er hann allt of glöggur maður að gera sér ekki grein fyrir því, að það er útilokað að gera ráð fyrir og ákveða fjárveitingu til útgjalda, sem enginn veit, hversu há verða. Það var hins vegar tekið fram í sambandi við afgreiðslu fjárlaga, eins og hér hefur

verið rætt um, að vitanlega hefði ríkisstj. gert sér grein fyrir því, að allar horfur væru á því, að einhverja aðstoð þyrfti að veita í þessu efni. Þá lágu ekki fyrir niðurstöður af athugunum á efnahag frystihúsanna eða afkomu útgerðarinnar, og það yrði að sjálfsögðu að liggja endanlega fyrir, áður en hægt væri að taka ákvörðun um þá hluti, og það yrði þá að sjálfsögðu að sjá fyrir fjármunum til þess. Og það var alltaf haft í huga að fara þá leið, sem hér er gert ráð fyrir, að mæta þeim útgjöldum með lækkun niðurgreiðslna. Ég sé því ekki, að varðandi formið á því, hvernig þetta mál ber að, sé það með nokkrum óeðlilegum hætti, því að það er auðvitað enginn kostur á því, og ég held ekki, að jafnvel hv. 6. þm. Sunnl. sé svo forspár maður, að hann hefði getað fullyrt þá nákvæmlega um það, hve mikið fé þyrfti í þessu skyni.

Það má svo í ofanálag segja það varðandi þessar vítur, að manni skildist við afgreiðslu fjárl., að allar tillögur ríkisstj. til að jafna halla fjárl. væru líka vítaverðar, þannig að það hefði sennilega ekki breytt ákaflega miklu um þær vítur, þó að hefðu verið fluttar till. um einhverja sérstaka skatta þá til þess að mæta væntanlegum útgjöldum, sem enginn vissi um. Mér er sem ég hefði séð framan í suma hv. stjórnarandstæðinga, ef fluttar hefðu verið tillögur í þá átt, án þess að hafa nokkra hugmynd um, hver raunveruleg útgjöld á þeim liðum yrðu.

Ég skal svo aðeins endurtaka það að lokum, að eins og hv. 5. þm. Reykn. réttilega sagði, er það að sjálfsögðu skylda ríkisstj. að benda á úrræði til þess að mæta þeim útgjöldum, sem hún leggur til að séu tekin á ríkissjóðinn. Það hefur hér verið gert. Menn segja sumir, að það hefði verið heppilegra að fara aðrar leiðir í því efni. Um það má að sjálfsögðu ræða og rökræða fram og aftur, og það er ekkert trúaratriði fyrir ríkisstj., hvort þessi leið er farin eða önnur. Það var niðurstaðan, að þetta væri heppilegasta leiðin, sem um væri að ræða, fremur en að skerða enn verklegar framkvæmdir eða leggja á beina nýja skatta, þannig að þetta er sú skoðun, sem mótast í frv. Það er svo auðvitað gersamlega út í hött og er ekki hægt að taka á nokkurn hátt alvarlega þá menn, sem óskapast yfir þessu án þess að hafa þó nokkra tillögu fram að færa. En við hina, sem gagnrýna þetta og segja, að það hefði verið betra að fara einhverjar aðrar leiðir, er að sjálfsögðu hægt að ræða, og mér finnst sjálfsagt, að það sé tekið til athugunar við meðferð málsins hér í þingi, hvort þar er um nokkrar raunhæfar tillögur að ræða, sem hægt væri að sýna fram á að leystu þennan vanda með æskilegri hætti en gert er ráð fyrir.

Skattahækkanir eru auðvitað alltaf vandamál, í hvaða formi sem þær eru, hvort sem það eru beinir skattar eða taka af hlunnindi, eins og hér er gert, og það er auðvitað engin sérstök speki, sem menn hafi ekki gert sér grein fyrir, að þetta muni hafa viss áhrif, skattahækkanir allar hafa það yfirleitt. Og ég er ekki búinn að sjá það t. d., að menn mundu koma sér saman um það, þegar verið er að gagnrýna, að þetta leggist aftur á atvinnurekstrinn, að leggja á einhverja skatta, sem atvinnurekstrinn hefði komizt hjá að greiða sjálfur. Ég er ekki alveg búinn að sjá, að menn hefðu fundið slík úrræði eða talið sér gerlegt að styðja að skattlagningu annarra þjóðfélagsborgara, þannig að það lenti ekki á atvinnurekstrinum. A. m. k. held ég, að það sé úrræði, sem ekki hefðu verið líkleg til þess að hljóta þann skilning almennings, sem talið er og að sjálfsögðu er alltaf nauðsynlegt að sé sem mest fyrir hendi, þegar um lausn á svona vandamálum er að ræða.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 330 felld með 11:6 atkv.
— 317,1 felld með 11:6 atkv.
2.—3. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 317,2 felld með 11:6 atkv.
4.—5. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Á 52. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 56. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 57. fundi í Nd., 21. marz, var frv. tekið til 1. **umr.**

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér um ræðir, hefur hv. Ed. þegar afgreitt samhljóða úr hv. þd., þrátt fyrir að ýmsar brtt. hv. stjórnarandstæðinga hefðu þá verið felldar við atkvgr. þar.

Við umr. um frv. um útflutningsgjald af sjávarafurðum fyrir skömmu lýsti ég því yfir, að von væri á öðru frv. um aðstoð eða ráðstafanir vegna sjávarútvegsins til staðfestingar á því fiskverði, er yfirnefnd verðlagsráðs samþykkti 6. jan. s. l. Þetta frv. er nú hér til 1. umr.

Á tveimur undanförnum árum hefur ríkissjóður greitt framlag til framleiðniaukningar og hagræðingar í framleiðslu hraðfrystiiðnaðarins. Framlög ríkisins í þessu skyni námu 43 millj. kr. árið 1964 og 33 millj. kr. árið 1965. Upphaflega ástæðan til þessa stuðnings við undirstöðuatvinnuveginn var á sínum tíma talin sú, að þær launahækkanir, sem hér var samið um á árinu 1963, gæti þessi atvinnuvegur ekki borið, eins og á stóð um verðlag fyrir fiskafurðir erlendis. Þær endurbætur, sem síðar hafa átt sér stað á þessum mikilvæga iðnaði okkar, m. a. fyrir umrætt framlag ríkisins, hafa reynzt nær ómetanlegar okkur í vil til þeirrar hörðu samkeppni, sem á sér stað á heimsmarkaðinum um sölu fiskafurða. Það er engum vafa undirorpið, að hið jafnt hækkandi verðlag erlendis á fiskafurðum okkar á s. l. árum byggist að öðru jöfnu og jafnvel vilja sumir fullyrða öðru fremur á bættum vinnsluaðferðum og þar með aukinni hagnýt-

ingu aflans, sem umræddur styrkur ríkisins hefur stuðlað að.

Svo sem frá er skýrt í grg. frv., tóku frystihúsin að fullu á sig 15% kauphækkun árið 1963 og einnig það, sem í þeim efnum bættist við á árinu 1964, ásamt þeirri fiskverðshækkun, 6%, sem einnig bættist við á því ári og ríkissjóður hafði greitt þá um sinn til bráðabirgða. En vegna 5½% fiskverðshækkunar, sem þá var ákveðin af yfirnefnd verðlagsráðs sjávarútvegsins, svo sem áður er frá greint, var ákveðið með l. nr. 34 í ársbyrjun s. l. árs að greiða 33 millj. kr. úr ríkissjóði.

Niðurstaða yfirnefndar verðlagsráðs að þessu sinni varð sú, að ekki væri unnt að ná samkomulagi aðila um minni fiskverðshækkun en 17%, þrátt fyrir gott árferði í afurðasölumálum og bætta aðstöðu heima fyrir í sjálfri framleiðslunni. Var nauðsynlegt talið til að brúa bilið til samkomulags, að hið opinbera hlypi nú enn undir bagga, ef tryggja ætti sjómönnum og útgerðarmönnum fyrrnefnt verð. Tekjumismunur sjómanna af bolfiskveiðum og síldarsjómanna hafði aukizt með hinu góða árferði í síldveiðum undanfarin ár og því eðlilegt, að tregða væri á sjómönnum til þessara starfa, þar sem minni tekjuvon var. Í áttina til tekjujöfnunar milli þessara greina sjávarútvegsins var 17% fiskverðshækkun því nú talin algert lágmark samkv. mati yfirnefndarinnar. Til þess að margnefnt samkomulag um fiskverð gæti átt sér stað, var samkvæmt athugun yfirnefndarinnar talið nauðsynlegt í fyrsta lagi að hækka framlagið til framleiðniaukningar um 17 millj. kr., eða úr 33 millj. kr. í 50 millj. kr., sem talið var samsvara 2% fiskverðshækkun. Í öðru lagi, að 25 aura verðuppbót á línu- og handfærafisk, sem greidd var á árinu 1965, héldist áfram óbreytt þetta ár, en auk þess féllust fiskkaupendur á — og nú í fyrsta sinn — að greiða jafnháa upphæð á móti á þennan fisk. Framlag ríkissjóðs í þessu efni er áætlað 20 millj. kr. Í þriðja lagi var á s. l. ári með sérstökum lögum samþykkt að heimila greiðslu verðuppbótar úr ríkissjóði á útflutta skreið, er næmi allt að 10 millj. kr. Heimild þessi var að fullu notuð, og var nú einnig álitið nauðsynlegt að heimila sömu verðuppbætur í krónutölu. Í fjórða lagi: Til þess að umrætt samkomulag gæti tekizt, var umfram framangreinda aðstoð enn fremur álitið nauðsynlegt að breyta viðmiðun útflutningsgjaldsins, svo sem þegar hefur verið afgreitt frá hv. Alþingi með sérstöku frv. nú fyrir skömmu.

Samanborið við fjárhagslega aðstoð hins opinbera í þessum efnum á s. l. ári, er hér um 17 millj. kr. hækkun að ræða. Þá nam þessi aðstoð 60—63 millj. kr. Nákvæm endanleg tala er enn ekki að fullu ljós, en skv. frv. þessu mun aðstoðin nema um 80 millj. kr.

Þegar fjárlög voru endanlega afgreidd hér á Alþ. nú fyrir jól, varð ekki séð, að hve miklu leyti aðstoðar hins opinbera væri þörf. Það eina, sem lá þá örugglega fyrir í þessum málum, var, að verulegar hækkanir höfðu orðið í mörgum greinum útfluttra sjávarafurða, eins og frá er skýrt í grg. frv., og því ljóst, að fiskkaupendur gætu af þeim sökum borið nokkra fiskverðshækkun. Það kom einnig á daginn, að í fyrsta sinn í starfi verðlagsráðsins gátu fiskkaupendur nú fallizt á að taka á sig 8% fiskverðshækkun. Fiskseljendur, sjómenn og útgerðarmenn, töldu það boð hins vegar allt of lítla hækkun og vísuðu málinu af þeim ástæðum til yfirnefndar, sem endanlega felldi úrskurð sinn, svo sem hér greinir, 6. jan. s. l.

Af þessum ástæðum er ljóst, að ekki var mögulegt að áætla tekjuþörf í þessu skyni við afgreiðslu fjárlaga. Að mati ríkisstj. er tekjuöflun fjárl. hins vegar það naum, að ekki er fyrirsjáanlega unnt fyrir ríkissjóð að taka á sig þau útgjöld, er af samþykkt frv. þessa leiðir, án rekstrarhalla.

Með framangreindar staðreyndir í huga er eðlilegt, að hv. alþm. spyrji: Með hvaða hætti hyggst ríkisstj. leysa þann fjárhagslega vanda, er af útgjöldum þessum leiðir? Taki ríkisstj. á sig að leysa þann fjárhagslega vanda, sem fylgdi 17% fiskverðshækkun, var því um tvær höfuðleiðir að velja: Í fyrsta lagi að beita sér fyrir almennum skattahækkunum, er brúað gætu bilið. Í öðru lagi að létta af ríkissjóði þeim útgjöldum, sem þegar er gert ráð fyrir, t. d. verklegum framkvæmdum eða niðurgreiðslu vöruverðs.

Varðandi fyrri liðinn er það að segja, að ríkisstj. hefur lýst sig við fjárlumr. andvíga almennum skattahækkunum. Af þeim ástæðum yrði lausn vandans nú ekki fundin með þeim hætti. Hvað síðari liðinn áhrærir virðist óþarft að minna á, að á s. l. 2 árum hefur verið notuð almenn heimild í fjárl. til að draga úr opinberum framkvæmdum og yrði þegar af þeim ástæðum ekki farið inn á þá braut enn einu sinni.

Í blöðum hv. stjórnarandstæðinga sem og reyndar víðar hefur því verið þráfaldlega fram haldið, að niðurgreiðslur ýmissa vörutegunda kæmu neytendum að litlu sem engu haldi, og ríkisstj. sökuð um að viðhalda þessu ástandi þvert ofan í yfirlýsingar sínar um að vilja afnám niðurgreiðslna og til þess eins að falsa kaupgjaldsvísitölu, eins og stundum hefur verið sagt. Hvað sem líður sannindum þessara ásakana, þá er víst, að afnám niðurgreiðslna af einstökum vörutegundum hefði, áður en kaupgjaldsvísitala var á ný upp tekin á laun, verið af launþegasamtökunum réttilega metið sem bein og óbætt kjaraskerðing og því lögð áherzla á að fá slíkt bætt í næstu kjarasamningum. Nú á greiðsla verðlagsuppbótar á laun hins vegar að tryggja launþegum bætur fyrir afnám niðurgreiðslna á vörutegundum, sem nú gilda.

Ríkisstj. hyggst, eins og fram kemur í lok grg. fyrir frv., mæta nauðsynlegum útgjöldum vegna frv. þessa með því að draga úr eða afnema með öllu niðurgreiðslur á ákveðnar vörutegundir. Það er hins vegar ekki endanlega ákveðið, hverjar þessar vörutegundir eru, og óeðlilegt að skýra frá því í einstökum atriðum, þótt svo væri, að sú ákvörðun hefði verið tekin, eins og hv. þm. hlýtur að vera ljóst. Ég tel hins vegar eðlilegt og skylt að skýra nú þegar frá þessum fyrirhuguðu ráðstöfunum, sem ríkisstj. hyggst gera, þótt endanlega hafi ekki verið frá þeim gengið eða gildistöku þeirra.

Herra forseti. Ég legg til, að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Þetta frv., sem hér liggur fyrir, ber vott um það, sem raunar orkar ekki lengur tvímælis, að komið er á hér á landi nýtt uppbótakerfi í verulegum hluta útflutningsframleiðslunnar samhliða niðurgreiðslukerfinu, en til niðurgreiðslu á vörum innanlands er í fjárl. fyrir árið 1966 gert ráð fyrir að verja nálega 560 millj. kr. Þetta uppbóta- og niðurgreiðslukerfi er að sjálfsögðu rökrétt afleiðing af þeirri þróun, sem orðið hefur á öðrum sviðum efnahagslífsins, þ. e. a. s. hinni sívaxandi dýrtíð síðustu ára.

Í 1. gr. þessa frv. er ákveðið að greiða úr ríkissjóði 25 aura verðuppbót á hvert kg af línu- og handfærafiski og áætlað, að sú upphæð nemi um 20 millj. kr. Samkvæmt 2. gr. á að greiða 50 millj. kr. á framleiðslu hraðfrystihúsanna. Og í 3. gr. er heimilað að greiða allt að 10 millj. kr. til verðuppbóta á skreiðarframleiðslu. Það er að vísu orðað svo, að 50 millj. skv. 2. gr. skuli greiða til framleiðniaukningar og endurbóta, en í umr. í hv. Ed. um þetta mál kom það glöggt fram, hvers konar greiðslur hér er raunverulega um að ræða. Samtals eru útgjöld skv. frv. áætluð 80 millj. kr. Við þetta bætist svo það fé, sem greitt er vegna framleiðslu togarafisks, en um ráðstöfun þess fjár eru ákvæði í 4. gr. frv., þar sem heimilað er að miða greiðslur til togara úr aflatryggingasjóði við úthaldstíma þeirra á því ári o. s. frv.

Þessar uppbótagreiðslur hafa áður átt sér stað, en verða nú skv. frv. nokkru hærri en fyrr, ef að lögum verður. Athyglisvert er, að þær þarf að inna af höndum og hefur þurft, á sama tíma og verð hefur hækkað til muna á sjávarafurðum erlendis. Sú staðreynd undirstrikar alveg sérstaklega þá þróun, sem hér á sér stað í efnahagsmálum.

Að því hníga flest rök, að ég ætla, að þær uppbætur, sem hér er um að ræða, séu óhjákvæmilegar, til þess að sú útflutningsframleiðsla, sem hér á hlut að, fái staðizt. Á sumum sviðum, hygg ég, að meira þurfi til að koma, ef duga skal. Á þessu stigi málsins vil ég láta í ljós þá skoðun, að uppbótin til frystihúsanna verði, ef hún verður greidd á sama hátt og áður, alls kostar ófullnægjandi fyrir þau frystihús eða vinnslustöðvar, sem erfiðasta aðstöðu hafa, og hef ég þá sérstaklega í huga ýmis frystihús á því svæði, þar sem sumarveiðar eru stundaðar, og þá einkum Norðurland. Ég held, að óhjákvæmilegt sé að samþykkja breyt. eða viðbót við frv. til að bæta úr þeirri þörf, sem hér er um að ræða. Einnig virðist mér, að taka þurfi til sérstakrar athugunar ákvæði 4. gr. frv. um uppbætur til togaraútgerðarinnar eða greiðslur, á hvern hátt þær skuli inntar af höndum.

Fé til þeirra uppbóta, sem gert er ráð fyrir í frv., er ekki veitt í fjárl. þessa árs. Í grg. frv. er gert ráð fyrir tilfærslu í uppbóta- og niðurgreiðslukerfinu, til þess að hægt sé að greiða þessar 80 millj., sem hér er um að ræða, þ. e. a. s. að lækka niðurgreiðslur á vöruverði innanlands um 80 millj. á þessu ári. Samkvæmt þessu hlýtur vöruverð að hækka, þ. e. a. s. verð á þeim vörum, sem niðurgreiðslan verður lækkuð til.

Ég vil nú leyfa mér að spyrja hæstv. ráðh., hvort áætluð hafi verið sú hækkun á vísitölunni, sem brottfall þessara niðurgreiðslna hefur í för með sér, og þá um leið, hverju sú vísitöluhækkun nemi til hækkunar á útgjöldum ríkissjóðs á árinu.

Þar sem ég á sæti í nefndinni, sem fær væntanlega málið til meðferðar, mun ég ekki ræða það nánar að þessu sinni.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Þegar fjárlög voru hér til lokaafgreiðslu um miðjan desember, minnist ég þess, að ég gerði þá fyrirspurn til hæstv. fjmrh., hvort ríkisstj. hefði ekki reiknað með því, að greiða þyrfti stuðning við sjávarútveginn á árinu 1966 á svipaðan hátt og gert hafði verið á árinu 1965, og hvort ríkisstj. hefði þá ekki hugsað sér, hvernig ætti að standa undir slíkum greiðslum. Ég taldi þá, að það væri alveg augljóst mál, að það yrði ekki hjá því komizt að greiða a. m. k. jafnmikinn styrk til framleiðslunnar og verið hafði, og reyndar þó miklu frekar líklegt, að það yrði að greiða þarna nokkru meira, og þá sýndist auðvitað eðlilegt, að tillit yrði tekið til þessa við afgreiðslu fjárl. Hæstv. fjmrh. gaf þá hér yfirlýsingu um það, að ríkisstj. hefði beinlínis gert ráð fyrir þessu, og hann sagði enn fremur, að hann teldi fært, að ríkissjóður stæði undir svipuðum greiðslum til stuðnings sjávarútveginum á árinu 1966 og hann hefði gert á árinu 1965, án þess að grípa þyrfti til þess að leggja á nýja skatta, en tók greinilega fram, að þetta væri við það miðað, að stuðningurinn væri af svipaðri stærðargráðu, eins og hæstv. ráðh. orðaði það, á árinu 1966 og hann hefði verið á árinu 1965, ef um meira yrði að ræða, yrði að sjálfsögðu að athuga það sérstaklega.

Ég verð því að segja það, að þær yfirlýsingar, sem hafa verið gefnar í sambandi við flutning á þessu frv. um það, að ríkissjóður geti ekki staðið undir þeim stuðningi til sjávarútvegsins, sem felst í þessu frv., og þurfi nú að gera ráð fyrir lækkun á niðurgreiðslum á vöruverði vegna þessara ráðstafana, þær yfirlýsingar koma mér einkennilega fyrir sjónir með tilliti til þess, sem hæstv. fjmrh. sagði hér við afgreiðslu fjárl. um miðjan desembermánuð. Ég veit, að það má að vísu segja, að skv. þessu frv. sé gert ráð fyrir nokkurri hækkun frá því, sem ráðgert var með lögunum, sem í gildi voru fyrir árið 1965. Það er gert ráð fyrir því, að greiðslan til frystihúsanna hækki úr 33 millj. kr. í 50 millj. kr., eða hækkunin nemur alls 17 millj. kr. En varla trúi ég því, að svo hafi verið knapplega siglt með fjárhagsafkomu ríkissjóðs, að ekki væri hægt að taka á ríkissjóð 17 millj. kr. upphæð og það þurfi nú að gera sérstakar fjármálalegar ráðstafanir vegna þessarar litlu hækkunar. Vitanlega getur þessi hækkun á stuðningnum við sjávarútveginn ekki réttlætt það, að nú eigi að fara að draga úr niðurgreiðslum á vöruverði, sem nemur 80 millj. kr. eða jafnvel yfir 100 millj. kr., sem maður skyldi helzt halda af þeim upplýsingum, sem hér hafa fram komið, þegar þetta mál hefur verið til umr. í þinginu.

Ég vildi nú sérstaklega óska eftir því, að hæstv. fjmrh. gerði grein fyrir því, hvernig þessum málum raunverulega er varið, Ummæli hans liggja alveg greinilega fyrir varðandi þetta

mál frá afgreiðslu fjárl. Hins vegar hefur hæstv. sjútvmrh. í framsögu fyrir málinu lýst því yfir, að það sé ekki unnt fyrir ríkissjóð að taka á sig þær greiðslur, sem frv. gerir ráð fyrir, án þess að til rekstrarhalla komi, og af því verði að grípa til þess að draga úr niðurgreiðslum eða fella þær niður með öllu í einstökum greinum. Ég get ekki séð, að fyrri yfirlýsingar fjmrh. fái samrýmzt þessum yfirlýsingum, sem nú fylgja með þessu frv. frá ríkisstj. Það má ef til vill vera, að hæstv. fjmrh. telji, að ráðstafanir, sem miða í þá átt að minnka niðurgreiðslur á vöruverði um 80 eða 100 millj. kr., séu ekki nýr skattur. En ég efast ekkert um, að hæstv. fjmrh. viðurkennir það, að slík ráðstöfun jafngildir fullkomlega nýrri skattlagningu. Það að draga úr niðurgreiðslum á vöruverði þýðir vitanlega hækkandi vöruverð, og bein afleiðing af því er síðan hækkuð vísitala og hækkað kaupgjald, og fleiri hækkanir á verðlagi hljóta að fylgja þar í kjölfarið.

Ég hélt, að það hefði ekki farið á milli mála og verið fullviðurkennt af hæstv. fjmrh., að það er í rauninni alveg sama að leggja á nýja skatta og að fella niður tilteknar greiðslur frá hálfu ríkisins, sem síðan verða til þess, að verðlagið hækkar.

Þegar hæstv. fjmrh. gerði þær ráðstafanir, að dregið var úr fjárveitingu til rafmagnsveitna ríkisins, þá vitanlega leiddi það til þess, að það varð að hækka í staðinn raforkuverðið. Þetta jafngilti vitanlega nýrri skattlagningu. Nákvæmlega það sama gerðist, þegar ráðstafanir voru gerðar til þess, að ríkissjóður hætti að greiða það framlag, sem hann hafði greitt um skeið til vegasjóðs, og ákveðið var í staðinn að hækka verð á benzíni til þess að jafna þennan tekjumissi sjóðsins. Það þýddi auðvitað hækkandi verðlag á benzíni og jafngilti nýrri skattlagningu. Eins er það vitanlega, ef ríkissjóður dregur að sér höndina í sambandi við niðurgreiðslur á vöruverði, sem leiðir til hækkandi vöruverðs, að þá jafngildir það nýrri skattlagningu.

Ég ætla ekki, að hæstv. fjmrh. hafi gefið hér þá yfirlýsingu, sem hann gerði í þessum efnum, á þeim grundvelli, að hann gæti farið í fjáröflun eftir þessari leið og neitað því, að hér væri um nýja skattlagningu að ræða. Þá sýnist mér helzt, að eitthvað hafi komið fyrir hjá ríkissjóði frá því að fjárl. voru afgr. um miðjan desembermánuð og þar til nú, að það hafi eitthvert óhapp komið fyrir, sem hafi orðið þess valdandi, að ríkissjóður geti ekki staðið undir þessum útgjöldum, sem hæstv. fjmrh. gerði beinlínis ráð fyrir að ríkissjóður gæti staðið undir. Mér er ekki ljóst, hvaða óhöpp þetta eru, og teldi því, að eðlilegt væri, að fjmrh. gerði grein fyrir því, hvaða ástæður til þess liggja.

Það fer auðvitað ekkert á milli mála, að slík ráðstöfun sem sú, að ríkissjóður dragi nú úr niðurgreiðslum á vöruverði, er mjög óheppilegt, eins og nú háttar okkar verðlagsmálum. Það er ekki aðeins það, að hækkandi verðlag, sem leiðir fljótlega af sér hækkandi kaupgjald, komi til með að bitna aftur á þeim aðilum, sem er verið að veita stuðning með þessu frv., því að auðvitað er það, að hækkandi kaupgjald kemur til með að leggjast ekki sízt á þá framleiðendur, sem framleiða fyrir erlendan markað, heldur er það einnig, að ráðstafanir í þessa átt hljóta að gera vandann í sambandi við lausn kaupgjaldsmálanna á komandi sumri stórum meiri en annars yrði. Ég hefði haldið, að ríkisstj. þyrfti einmitt nú að gera allt, sem í hennar valdi stæði, til þess að reyna a. m. k. að koma í veg fyrir verðhækkanir Verðhækkanirnar á undanförnum árum hafa orðið allt of miklar, það er viðurkennt af öllum, og þær vitanlega leiða af sér síhækkandi verð á vörum, það leiðir vitanlega af sér, að vinnulaun hljóta að hækka sem afleiðing þar af, og ég hygg, að ríkisstj. muni sannreyna það á næsta sumri, að það verður ekki auðveldara að leysa vanda kaupgjaldsmálanna, eftir að hún hefur gert ráðstafanir í þessa átt, sem miða að því að hækka verðlag í landinu. Ég á því í rauninni afar erfitt með að skilja þessa ráðstöfun frá hendi ríkisstj.

Þá gerir ríkisstj. sér það auðvitað ljóst, að fyrri samningar, sem hún hefur staðið að við launþegasamtökin í landinu, t. d. varðandi lausn á húsnæðismálum, eru þess eðlis, að ráðstafanir frá hennar hálfu til hækkunar á verðlagi jafngilda raunverulega því að kippa grundvellinum undan því samkomulagi, sem hún hafði gert varðandi lán til íbúðarhúsabygginga. Hvað þýðir það, þegar hin almenna verðlagsvísitala hækkar um 4%, eins og búast má við, ef dregur úr niðurgreiðslum á vörum upp á 100 millj. kr.? Það mundi þýða, að kaupgjald hækkar eftir vísitölu um 2—2½%. En hvað þýðir hækkun á kaupgjaldi um 2%? Það þýðir það, að hvert lán, sem veitt hefur verið til íbúðarhúsabygginga í landinu upp á 280 þús. kr., eins og hámarkslánið er, hvert slíkt lán hækkar um 2%, stofn þess, og síðan hækka einnig um 2%, sem bein afleiðing af þessari verðhækkun, vextir af viðkomandi láni. Það er beinlínis stofninn sjálfur, sem hækkar, en það er auðvitað árgjaldið, sem hækkar um 2% og síðan áfram allan tímann, því að maður gerir ekki ráð fyrir því, að þessi 2% fari. Ef þessi 2% hyrfu, þá breyttist það aftur, það er rétt, en þetta vitanlega leggst á bæði stofninn sjálfan eða afborganir og vexti. Hér er því verið að gera umsamin húsnæðislán almennings í landinu stórum lakari en menn gengu út frá, að þessi lán yrðu. Ég býst ekki við því, að slíkar ráðstafanir bæti fyrir ríkisstj. til þess að leysa kaupgjaldsvandamálin.

Mig undrar því, að ríkisstj. skuli ætla sér að fara inn á þá braut, sem hún er að tilkynna hér varðandi þetta mál. Ég held, að ríkisstj. hefði þurft að haga sér varðandi ríkissjóð á svipaðan hátt og ég held að hún hefði einnig átt að haga sér gagnvart ýmsum öðrum aðilum í landinu, sem hafa með verðlagsmál að gera, að hún hefði sett sér það gagnvart ríkissjóði, að ríkissjóður yrði að láta sér nægja þær tekjur, sem hann hefði yfir að ráða, og hann yrði þá að draga eitthvað úr útgjöldum, sem hann ætti betur að ráða við, heldur en draga úr niðurgreiðslum á vöruverði, sem hann veit að þýðir hækkandi verðlag í landinu. En reglan hefur því miður allt of lengi verið sú, að þeir, sem stjórna fjármálum ríkisins, segja: Nú vaxa hjá okkur útgjöldin, nú þurfum við meira, og þá er

í rauninni ekkert annað en við verðum bara að ná í meiri tekjur. — Og svo er haldið áfram, þó að afleiðingin verði vitanlega sú, sem raun er á í sambandi við verðlagsmálin í landinu. Eins þyrfti vitanlega ríkisstj. að halda fast að ýmsum öðrum aðilum í þjóðfélaginu, sem hafa með verðmyndunarmálin að gera, halda fast að þeim að hækka ekki verðlag.

Ég skal ekki ræða hér um þetta mál öllu meira að þessu sinni, fyrr en ég hef heyrt svör hæstv. fjmrh., því að ég verð að segja það, að þær yfirlýsingar, sem fylgja með þessu frv., eru ekki að mínum dómi í samræmi við þær yfirlýsingar, sem hæstv. fjmrh. hefur gefið um þetta efni.

Um þær fjárgreiðslur, sem ráðgerðar eru samkv. þessu frv. til stuðnings sjávarútveginum, segi ég aðeins það, að ég tel, að það sé ekki hægt undan þeim að skjótast. Það hefur verið samið um það við hinar ýmsu greinar sjávarútvegsins að fá þessar fjárhæðir. Það eru eflaust ekki allir á einu máli um það, hvort rétt sé að hafa hann framkvæmdahátt á, sem gert er ráð fyrir með þessu frv. um afhendingu þessa fjár, það er annað mál. En ég held, að það verði ekki hægt að skjóta sér undan því að inna þessar greiðslur af höndum, sem frv. gerir ráð fyrir. En hitt þykir mér öllu lakara, að ríkissti. skuli ætla að nota þessar fjárgreiðslur til þess að afsaka slíka stefnu sem þá að stefna til þess að hækka verðlagið eða víta af stað í rauninni nýrri verðhækkunarskriðu.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Það hefur verið að vonum allmikið rædd hér fjárhagshlið þessa máls, og er mér að sjálfsögðu skylt að svara þeim fsp. og aths., sem komið hafa fram í því efni.

Hv. 3. þm. Norðurl. e. spurðist fyrir um, hver mundi verða vísitöluhækkun af því brottfalli niðurgreiðslna, sem fyrirhugað væri, og í annan stað, hvað væri gert ráð fyrir að það yki útgjöld ríkissjóðs, sú hækkun, sem af þeim vísitöluhækkunum stafaði. Það hefur verið gert ráð fyrir því, að útgjöld ríkissjóðs samtals af þessum ráðstöfunum, bæði af aðstoðinni við sjávarútveginn og af hækkunum, sem leiddi af kaupgjaldshækkunum vegna lækkunar á niðurgreiðslum, mundu samtals nema um 100 milli. kr. Þó er ekki gott að segja um þetta nákvæmlega, vegna þess að enn þá hafa ekki verið teknar endanlega ákvarðanir um það, hversu langt verður gengið í lækkun niðurgreiðslna, en það mun þó mega gera ráð fyrir, að hækkun kaupgjaldsvísitölu af þeim sökum muni geta numið allt að 2%.

Eins og hæstv. sjútvmrh. sagði, eru slíkar ráðstafanir sem lækkun á niðurgreiðslum þess eðlis, að það er útilokað, að hægt sé að skýra frá þeim löngu fyrir fram, af mjög skiljanlegum ástæðum, vegna þeirra áhrifa, sem slík vitneskja kynni að hafa á viðskiptalífið, og geri ég því ekki ráð fyrir, að hv. þm. geri beinlínis kröfu til þess, að slíkar upplýsingar séu gefnar.

Hv. 5. þm. Austf. vitnaði hér til orðræðna, sem urðu á milli okkar í sambandi við afgreiðslu fjárl., og kom mér það vissulega ekkert á óvart, að hann minnti á þau ummæli hér, þar sem ég hafði látið orð falla í þá átt, að í tilefni af því, að hann spyrðist fyrir um, hvort ekki væri að vænta nýrra skattálagna í sambandi við aðstoðina við útgerðina, þá mun ég hafa komizt svo að orði, að miðað við það, að ekki yrði um aukningu á þeirri aðstoð að ræða, gerði ríkisstj. ekki ráð fyrir að leggja fram till. um nýja skatta. Ég álít, að sú leið, sem hér er farin, sé ekki neitt brot á þeirri yfirlýsingu. Við getum auðvitað endalaust um það deilt, hvort sú lækkun á framlögum til niðurgreiðslna, sem hér er gert ráð fyrir, megi kallast skattur eða ekki skattur, en formlega séð er hér ekki um neinar nýjar skattaálögur að ræða. Hér er um að ræða lækkun á útgjöldum ríkissjóðs, sem leiðir af sér hækkun kaupgjaldsvísitölu til uppbóta á þeim kostnaðarauka, sem verður hjá borgurunum.

Ég skal vitanlega á það fallast, að það er ekki hægt að staðhæfa það og heldur auðvitað ekki rétt fremur en þegar um almennar vísitölubreytingar er að ræða, að menn fái þar bætur í hlutfalli við þau auknu útgjöld, sem þeir hafa. Vísitölukerfið er þess eðlis, að þar er aldrei um slíkt að ræða. Það fer eftir mörgum atvikum. Einn fær raunar meira bætt en annar. En efnislega séð geri ég þó ekki ráð fyrir, að hv. þm. neiti því, að það hefur verið talið, að betta væri eina úrræðið, vísitölukerfið, til þess að veita uppbætur fyrir verðhækkanir.

Það er ekkert launungamál heldur, að þegar ég mælti þessi orð, hafði ég beinlínis það í huga, að þessu yrði mætt með lækkun niðurgreiðslna. Ég gat um það, sem öllum mun vafalaust hafa verið ljóst, að vitanlega hefði ríkisstj. rætt það, hvernig ætti að mæta þeim vanda, og hv. þm. er það öllum í fersku minni, að fjárlög voru afgreidd án nokkurs greiðsluafgangs, þannig að vitanlega lá það í augum uppi, að það var engan varasjóð þar um að ræða, sem auðið væri að nota til þess að mæta þessum auknu útgjöldum. Af þeim sökum veit ég, að hv. 5. þm. Austf. kemur það ekkert á óvart, þó að einhverjar ráðstafanir þurfi að gera til að afla þessa fjár. Það er vitanlega rétt hjá honum, að flestum þeim ráðstöfunum, sem um var að ræða fyrir áramótin, enda þótt þær fælu í sér lækkun á útgjöldum ríkissjóðs, fylgdu samhliða skattaálögur, svo sem raforkunni, sem hann nefndi hér áðan. Það hefur ekkert verið farið dult með, að það hefur verið lagður á sérstakur raforkuskattur. Benzínskattur var hækkaður, og þar var um beina skatthækkun að ræða til þess að mæta minnkuðum tekjum vegasjóðs, sem leiddi af því, að framlag til vegamála var fellt niður. En ég get fullvissað hv. þm. um, að það hefur hér ekkert óhapp komið fyrir í sambandi við þetta, nema það megi teljast óhapp, sem ég get vissulega tekið undir að er, að á jafnmiklum velgengnistímum fyrir sjávarútveginn skuli þurfa að grípa til þess að hækka bætur til hans, svo sem raun ber vitni um. En það er annað mál og stærra, sem ég skal ekki hér út í fara, og á því eru skýringar, miklu fleiri og víðtækari en þær einar, að þetta sýni, hvað verðbólgubróunin hafi leitt okkur út í. Það eru fleiri atvik, sem valda því, að það var talið óumflýjanlegt að hækka fiskverðið svo mikið sem hér bar raun vitni. Og ég er ekki andvígur því, síður en svo,

að sú aðstoð sé veitt, sem hér varð samkomulag um. Það leiddi til þess friðar, sem varð um fiskverðið að lokum, og ég fyrir mitt leyti gat ekki staðið á því að láta stranda samkomulag um fiskverðið á 17 millj. kr., úr því að það var ekki um meiri hækkun að ræða til þess að ná endum saman. Um þessar ráðstafanir, sem hér er um að ræða varðandi lækkun niðurgreiðslnanna, vil ég taka skýrt fram, þótt menn, eins og ég sagði, geti deilt um það fram og aftur, hvort lækkun niðurgreiðslna sé nýr skattur eða ekki, þá eru það ekki þessar 17 millj., sem ráða neinum úrslitum um þær ráðstafanir, sem gert er ráð fyrir að gera til þess að mæta þessum auknu útgjöldum, heldur hefur alltaf verið gert ráð fyrir því, að ef þyrfti að veita viðlíka aðstoð til sjávarútvegsins, þó að hún yrði ekki meiri en hún var á s. l. ári, mundi að sjálfsögðu verða að afla nýs fjár, og var alltaf haft í huga að gera það með þessum hætti.

Varðandi það atriði, að eðlilegasta lausn þessa máls væri sú að segja bara, að ríkissjóður yrði að láta sér nægja þær tekjur, sem hann hefur, þá er naumast hægt að ræða í alvöru slíka kenningu, nema því aðeins að menn séu reiðubúnir á móti til þess að fallast á verulegan niðurskurð útgjalda. Það er vitanlega eina úrræðið, sem þá kemur til greina. Og við vitum það, að svo sem bent er á í grg. með þessu frv., var þar ekki um aðra leið að ræða en þá að skera niður verklegar framkvæmdir. Og það byggist á því, að svo að segja öll önnur útgjöld ríkissjóðs eru lögboðin, þannig að það er ekki hægt að mæta 80 millj. kr. útgjöldum með því að tala um, að það eigi að spara einhverjar óljósar fjárhæðir, heldur yrði að gera mjög viðtækar ráðstafanir í því efni, og á s. l. ári, eins og menn vita, gaf 20% lækkun framlaga til verklegra framkvæmda um 80 millj. kr. Það er skoðun ríkisstj., að ekki sé fært að ganga lengra í því efni nú og því ekki aflað til þess heimilda, en það er vitanlega eina úrræðið, sem fyrir hendi er, nema því aðeins að menn vilji þá fallast á að breyta einhverju í gildandi löggjöf um framlög ríkissjóðs til meiri háttar þjónustustarfsemi, sem er þá á annað borð á þann veg, að það sé skyndilega hægt að spara, þó að slíkri starfsemi sé hætt, því að það vita allir hv. þm., að jafnvel þótt samkomulag yrði um að hætta veigamikilli þjónustustarfsemi eða framlögum ríkisins til ákveðinna þarfa, er þar oftast nær þannig háttað, að það sparar ekki ríkissjóði útgjöld fyrr en eftir allverulegan tíma, enda hygg ég, að hv. 5. þm. Austf. meini ekki í alvöru það, sem hann segir hér í þessu efni, vegna þess að það er allt of óraunsæ kenning, til þess að ég vilji ímynda mér, að jafnglöggur maður og hann haldi þessu fram af neinni sannfæringu.

Auðvitað er það slæmt að þurfa að lækka niðurgreiðslur og valda hækkun á verðlagsvísitölu. Ég get fullkomlega tekið undir það. Og það hefði vitanlega verið á allan hátt æskilegra, ef það hefði verið hægt hjá því að komast. Hitt er annað mál, að þeirri kenningu hefur oft verið haldið fram og það af, að ég hygg, flestum flokkum á hinum ýmsu tímum, að niðurgreiðslurnar séu mesta ólánsúrræði, og það hefur oft verið fært til ámælis þessari ríkisstj., að það sé uppbóta- og niðurgreiðslukerfi, sem hún styðjist við. Hitt er svo annað mál, að það er ekki jafneinfalt að afnema þessar niðurgreiðslur eins og menn vilja oft vera láta, svo sem auðvitað kemur fram, þegar á í alvörunni til þess að koma, að niðurgreiðslurnar séu lækkaðar. Hitt er annað mál, að ég held, að við hljótum með tímanum að verða að stefna að því að komast út úr niðurgreiðslukerfinu með einhverjum hætti. Það er engin frambúðarlausn á okkar verðlagsmálum að halda þessu niðurgreiðslukerfi uppi. En það er meira mál, sem ég skal ekki hér út í fara.

Hitt vil ég segja út af því, sem hv. 5. þm. Austf. sagði varðandi kjarasamninga við verkalýðinn, að það væri í rauninni fallinn grundvöllur undan samkomulagi varðandi byggingarmál, sem gert var á s. l. vori, að ég get með engu móti fallizt á þá kenningu, enda var aldrei gefin nein yfirlýsing og ekki heldur hægt af hálfu ríkisstj. að gefa neina yfirlýsingu eða skuldbindingu um það, að hún ábyrgðist það, að verðlags- eða kaupgjaldsvísitala hækkaði ekki. Það, sem verkalýðurinn tryggði sig fyrir í því efni, var í kjarasamningunum 1964, þegar krafa var gerð um það, sem var fallizt á, að vísitölukerfið yrði aftur sett í samband, þannig að lækkun á niðurgreiðslum eða hækkun verðlags, af hvaða ástæðum sem það var, kæmi fram í kaupgjaldsvísitölu.

Ég held ekki, herra forseti, að ég þurfi að lengja þessar umr. meira að sinni. En ég geri ráð fyrir því, eins og kom fram hjá hv. 5. þm. Austf., að hann telji, að þetta, sem ég hef hér sagt, og það, sem frv. felur í sér og kom greinilega fram í hans ræðu, sé ekki í samræmi við þá yfirlýsingu, sem ég gaf við afgreiðslu fjárl. Ég álít hins vegar, að það sé í fullu samræmi við það og öllum hafi verið vitanlegt, að það yrði að gera ráðstafanir til þess að afla tekna og þær ráðstafanir, sem hér eru gerðar, séu ekki venjulegar skattaálögur, svo sem við vorum að ræða um einmitt í sambandi við afgreiðslu fjárlaga.

Eðvarð Sigurðsson: Herra forseti. Ég vil fyrst taka það fram, að ég held, að það hafi verið óþarfi að gera ráð fyrir þeim hækkunum, sem hér er um að ræða, og á ég þar alveg sérstaklega við hækkunina til frystihúsanna. En hins vegar tel ég, að ef það væri talið alveg óhjákvæmilegt að afla aukins fjár, sé þetta ein sú lakasta leið, sem hægt var að velja. Hún hefur í för með sér, eins og hér hefur verið bent á, að útgjöld þeirra, sem verið er að aðstoða og á að hjálpa með þessu, aukast verulega vegna hækkunar á vísitölu og þar af leiðandi kaupgjaldi. Eins fer um útgjöld ríkissjóðs. Þau koma til með að hækka verulega af sömu ástæðu. Það, sem raunverulega fer þá til þeirrar aðstoðar, sem hér um ræðir, fer að verða, þegar allt kemur til alls, lítill hluti af þeim upphæðum, sem þetta hlýtur að velta á sig, ekki aðeins í því, sem ég hér hef nefnt, heldur og áfram. Hér er sem sagt valin sú leiðin, sem hlýtur að hafa í för með sér meiri verðbólguaukningu en nokkuð annað, sem hægt hefði verið að láta sér detta í hug að gera. Það er þetta, sem er það alvarlega í þessum hlutum, mjög alvarlegt, og

sérstaklega verkalýðshreyfingin mun líta mjög alvarlegum aukum. Það hafa að vísu ekki verið nefndar hér þær vörutegundir, sem gert er ráð fyrir að fella niður eða lækka niðurgreiðslur á. Hins vegar er augljóst, að það eru þær vörur, sem eru hvað þyngstar í neyzlu hjá almenningi. Þær koma sárast við þá, sem úr minnstu hafa að spila. Þessar vörur eru einnig þær þyngstu eða með allra þyngstu einingunum í vísitölunni og hljóta þess vegna að hafa hvað mest áhrif á hana.

Það hefur oft verið sagt, og ég hygg, að svo sé um eitthvað af því, sem menn hafa nú í huga að létta niðurgreiðslum á, að það séu vörur, sem séu þess eðlis, að það sé kannske býsna auðvelt að koma við svindli á einhvern hátt. Þetta var orðið alvarlegt, t. d. með kartöflurnar. Það má vera, að það séu til vörutegundir, sem sé eitthvað svipað ástatt um nú. Ekki vil ég mæla því bót, að menn komist upp með að hafa rangt við í þeim efnum og fái sér uppbætur út á vörur, sem þeir kannske alls ekki hafa með höndum, hafa möguleika til þess að taka þær oftar en einu sinni. Þetta má laga á allt annan veg en með því að afnema niðurgreiðslur og lækka niðurgreiðslufúlguna, sem því næmi, sem greitt er vegna þessara vörutegunda. Það má alveg eins færa á milli, afnema kannske á einni vörutegundinni, en auka á annarri, það er auðveldur hlutur.

Það, sem hér var sagt um húsnæðismálin af hv. 5. þm. Austf., er, trúi ég, alveg rétt. Þegar búið er að vísitölubinda húsnæðismálalán launþeganna, hefur að sjálfsögðu sérhver hreyfing á vísitölunni upp á við bein áhrif á þessi lán, hækkar þau, gerir þau óhagstæðari en ella. Þegar það jafnframt skeður, að þær vörur, sem eru viðkvæmastar fyrir hinn almenna launþega, hækka í verði, að vísu á að koma þar á móti hækkun kaupgreiðsluvísitölunnar, þá er augljóst, að einmitt þessar hækkanir eru þeim mun óhagstæðari sem þær verka meira til hækkunar á vísitölunni og þar með til hækkunar á þeim lánum, sem bundin eru kaupgreiðsluvísitölunni. Mér skildist á því, sem hæstv. fjmrh. sagði, að þessi hækkun mundi nema um 2% eða sennilega rösklega 2% í kaupi. Það hækkar lánin að sama skapi. Það má náttúrlega deila um það, hvort hér er um eiginlegar skattahækkanir að ræða eða ekki, — ósköp ófrjóar deilur kannske út af fyrir sig. En ég held, að það fari ekki á milli mála, að það hefði verið hægt að leggja á margan skattinn og hægt að viðhafa ýmsar aðferðir til þess að ná þessum peningum með skattahækkunum, mætti nefna því nafni, sem tvímælalaust hefðu komið sér betur fyrir almenning í landinu og tvímælalaust hefðu haft minni áhrif til verðbólguaukningar en þessar ráðstafanir, sem hér er gert ráð fyrir að verði, þannig að þótt hægt sé að segja, að með þessu hafi skattar ekki verið hækkaðir og ekki verið breytt hið minnsta, er þetta ráðstöfun, sem er verri, beinlínis verri. Og ég vil undirstrika það, að þetta hlýtur að hafa í för með sér, að allar hreyfingar í kaupgjaldsmálum verða erfiðari en ella. Ég hygg nú, að það hafi ekki beint verið ástæðan fyrir því að velja þessa leið.

En ég vil sérstaklega undirstrika það, að þótt niðurgreiðslur út af fyrir sig séu ekkert sérstaklega æskilegur hlutur, mun verkalýðshreyfingin í landinu hafa mjög vakandi auga á, hvað gerist í þeim efnum, og ég mundi hafa talið, að einmitt nú, þegar svo skammt er til aðgerða í þeim efnum, hefði verið farsælla, að ríkisstj. hefði nú leitað til verkalýðshreyfingarinnar um lausn þessa vanda. Ég efast ekki um, að verkalýðshreyfingin hefði verið til viðræðu um það, og hún hefði áreiðanlega haft sínar skoðanir á, að margt annað kæmi fyrr til greina heldur en þær leiðir, sem hér virðist nú eiga að velja.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Það voru aðeins nokkur orð. Það er nú þegar orðið áliðið nætur. — Ég verð aðeins að lýsa undrun minni yfir því svari, sem hæstv. fjmrh. veitti til skýringar á þeirri yfirlýsingu, sem hann gaf við afgreiðslu fjárl. varðandi það mál, sem hér hefur verið rætt. Þegar hann lýsti því yfir við afgreiðslu fjárl., eins og hann endurtók hér, að það væri skoðun sín, að það þyrfti ekki að grípa til nýrra skatta til að standa undir hliðstæðum greiðslum til stuðnings sjávarútveginum og hefðu farið til hans á s. l. ári, segir hæstv. fjmrh. nú, að hann hafi beinlínis haft í huga, þegar hann gaf þessa yfirlýsingu, að það yrði gripið til þessara ráðstafana um lækkun á niðurgreiðslum. Það má undarlegt heita, að hann skyldi þá ekki skýra frá því alveg hreint og greinilega, eins og hann þó var spurður. Hann var spurður af mér um það, hvort það mundi þurfa að grípa til þess að leggja á nýjar álögur. Og það verð ég að segja, að það er lítil alvara, sem fylgir hjá hæstv. fjmrh. í sambandi við afgreiðslu fjárl., að þegar er verið að greiða atkv. um tiltekna liði á fjárl., meina menn ekkert með því, þeir eru jafnvel ákveðnir í að fara ekkert eftir því, sem þeir eru að leggja fyrir Alþ. og samþykkja. Þeir hafa allt annað í huga, að hverfa frá þessum upphæðum. Það er undarlega staðið að málum. Ég hygg, að það hafi fleiri skilið ummæli hæstv. fjmrh. en ég á þá leið, þau sem hann gaf hér 13. des., að ríkisstj. hefði beinlínis gert ráð fyrir því, að fjárhagur ríkissjóðs leyfði að standa undir hliðstæðum greiðslum til sjávarútvegsins á árinu 1966 og hann hefði getað staðið undir á árinu 1965. En það að ætla að snúa sig út úr þessu á þann hátt, að hér sé ekki um skattaálögur að ræða, ekki formlega séð, eins og hæstv. fjmrh. sagði, slíkt er aðeins orðaleikur. Vitanlega er hér um ráðstöfun að ræða, sem fullkomlega jafngildir skattahækkun, og þar er þess vegna aðeins um orðaleik að ræða.

Mér þykir alveg einsýnt, að frá því, sem hæstv. fjmrh. hefur gert sér vonir um við afgreiðslu fjárl. um greiðslugetu ríkissjóðs, hefur hann nú verið að hverfa og grípur þá til þessa ráðs að ætla að lækka niðurgreiðslur á vöruverði, þó að hann sjái, að afleiðingarnar verða almenn verðhækkun, sem vitanlega kallar á stóraukin útgjöld, bæði hjá ríkinu og hjá atvinnuvegunum. Hann gerir sýnilega, eftir því sem hann sagði hér, ráð fyrir því, að þessi 2% hækkun á kaupi muni þýða í aukin útgjöld hjá ríkissjóði 20 millj. kr. Og ég veit, að hann hefur líka gert sér grein fyrir því, að sjávarútvegur-

inn sem heild í landinu fær af þessum sökum ekki minni aukaútgjöld á sig en sem nemur 20 millj. kr. Það mun láta nærri, að frystihúsin ein muni verða að taka á sig af þessum ástæðum í kringum 12 millj. kr. vegna 2% hækkunar á kaupi. Og svo vita allir, að slíkar hækkanir leiða af sér nýjar hækkanir og nýjan vanda.

Ég skal svo ekki lengja þessar umr. frekar, en mér þykir sem sagt, að illa hafi staðizt þær yfirlýsingar, sem hér voru gefnar varðandi þetta mál við afgreiðslu fjárlaga.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Ég ætla nú ekki að fara að karpa við hv. 5. þm. Austf. um skatta eða ekki skatta. Það er, eins og hv. 3. landsk. þm. sagði, kannske næsta ófrjótt tal að vera að karpa um það. Mín skoðun er sú, að það sé ekki um nýja skatta að ræða í venjulegri merkingu þess orðs, svo sem okkar orðræður voru í sambandi við fjárl. Hv. 5. þm. Austf. hefur um það aðra skoðun, og þýðir ekki um það að fást. Og þó að honum kannske þyki, að ég geri með því minn hlut enn verri, vil ég taka það fram, að ég hafði ekkert í huga þá um það, að fjárhagur ríkissjóðs kynni að leyfa það að taka á ríkissjóð þær kvaðir, sem leiddi af aðstoð við útveginn, enda hafði þá enginn maður hugmynd um það, hvort eða hversu mikla fjárhæð þar væri um að ræða. Og varðandi það atriði, að það sé óhæfileg meðferð fjárl. að láta menn greiða atkv. um útgjaldatill., svo sem átti sér stað um niðurgreiðslurnar, sem ég geri ráð fyrir að hann hafi átt við, og miða þær við þá upphæð, sem þar var um rætt, veit hv. þm. mætavel, að niðurgreiðslufjárhæðin er ætíð fullkomin áætlunarupphæð í fjárl. og niðurgreiðslum hefur verið breytt til og frá á fjárhagsári æ ofan í æ, þannig að það hefur aldrei verið talið, að þar væri um neina fastmótaða fjárhæð að ræða, enda byggjast niðurgreiðslur ekki á neinni lagasetningu. Heimild til þeirra er að vísu byggð sem almenn heimild á lagasetningu, má segja, en ákvarðanirnar um það, hvort eða að hve miklu leyti niðurgreiðslum sé beitt, eru í höndum ríkisstj. hverju sinni, og hefur aldrei verið efazt um það, að hún hefði þar ákvörðunarvald, hvað sem liði þeirri tölu, sem stæði í fjárlögum.

Annars var það ekki þetta, sem gaf mér tilefni til að standa upp, heldur var það ræða hv. 3. landsk. þm., sem var með sérstakri hógværð og flutt af fullkominni viðurkenningu á öllum staðreyndum þessa máls. Hann vék að því, sem vissulega má um deila, hvort rétt sé að fara þessa leið, sem hér er talað um, að lækka niðurgreiðslur eða framkvæma önnur úrræði, svo sem t. d. að leggja á skatta í einhverju formi. Það er fullkomlega virðingarvert sjónarmið og allt annars eðlis en halda því fram, að það sé ekkert að gera í þessu efni annað en einfaldlega að segja bara ríkissjóði að bera sín útgjöld. Þarna er um allt aðra hugsun að ræða og miklu raunsærri og rökréttari, sem fullkomlega er þess virði, að henni sé gaumur gefinn.

Það er skoðun ríkisstj., svo sem kemur fram í grg. þessa frv., að hún telur ekki fært að gera till. um nýja skatta né heldur telur hún fært að leggja til, að útgjöld til verklegra framkvæmda ríkisins verði enn lækkuð, en það eru, eins og ég áðan sagði, þau einu útgjöld, sem er hægt að spara nokkrar verulegar fjárhæðir á, heldur telur hún, að þetta úrræði sé skást af þessum þremur, þó að það sé engan veginn gott. Og ég skal taka undir það með hv. þm., að þetta er vissulega engan veginn gott, að grípa til þessa úrræðir, ekki vegna þess, að það sé ekki gott að losna við niðurgreiðslur, heldur vegna þeirra afleiðinga, sem það hefur, miðað við núverandi verðlagskerfi okkar. Og ég vil taka það skýrt fram, svo sem ég tók fram einnig í Ed., að ef það er skoðun hv. þm. við nánari athugun þessa máls í þn. eða með öðrum hætti, að það sé hyggilegri leið að grípa til einhverra skatta, sem menn geta þá verið sammála um eða nokkurn veginn sammála um að leggja á, heldur en velja það úrræði, sem hér er bent á, finnst mér það fullkomlega þess virði, að allar slíkar hugleiðingar séu athugaðar af fullri alvöru.

Það eina, sem vakir fyrir ríkisstj., er það, sem ég veit að allir hv. þdm. gera sér grein fyrir að verður að gerast, að afla fjár til að standa undir þeim útgjöldum ríkissjóðs, sem hér er um að ræða. Ég geri ekki ráð fyrir, að hér sé neinn hv. þm., hvorki í stjórnarliðinu né stjórnarandstöðu, sem sé ekki sammála um, að það beri að stefna að því, að ekki verði hallarekstur hjá ríkissjóði á þessu ári, eins og verið hefur síðustu 2 ár, það sé hin brýnasta nauðsyn að lagfæra það ástand. En ef ætti að fara að leggja þessi útgjöld á ríkissjóð án þess að hirða nokkuð um að sjá fyrir fé til þess að standa undir þeim, þá væri um fullkomið ábyrgðarleysi að ræða, sem hlyti að stefna út í hallarekstur — vísvitandi stefna út í hallarekstur á þessu ári.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 58. fundi í Nd., 22. marz, var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 33 shlj. atkv. og til sjútvn. með 33 shlj. atkv.

Á 60. fundi í Nd., 28. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 285, n. 369 og 370, 382, 385).

Afbrigði um brtt. 382 og 385, sem voru of seint fram komnar, leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Birgir Finnsson): Herra forseti. Eins og fram kemur í nál. á þskj. 369, leggur meiri hl. sjútvn. til, að þetta frv. verði samþ., en tveir nm. skrifa undir það nál. með fyrirvara. Sjöundi nm., hv. 5. þm. Austf., lýsti því yfir í n., að hann væri í sjálfu sér samþykkur frv., þótt hann skilaði séráliti vegna þeirra till., sem uppi eru til tekjuöflunar í sambandi við frv., og hefur hann skilað sérstöku nál.

Ég sé ekki ástæðu til að rekja frv. ýtarlega. Það var gert hér af hæstv. sjútvmrh. við 1. umr., og í hv. Ed. hafa orðið um það ýtarlegar umr. En aðalatriði frv. eru að mestu sams konar og voru í l. um aðstoð við sjávarútveginn s. l. ár. Það, sem breytt er, er það, að sú aðstoð, sem ráðgerð er samkv. frv., mun verða allt að 17 millj. kr. hærri en ráðgert var s. l. ár.

Í 1. gr. frv. er gert ráð fyrir, að ríkissjóður

greiði fiskseljendum 25 aura verðuppbót á hvert kg línu- og handfærafisks. Þetta er jafnhá uppbót og greidd var s. l. ár, og á þessi uppbót að koma til skipta milli sjómanna og útgerðarmanna samkv. samningum um hlutaskipti. Ég vil í sambandi við brtt., sem ég hef leyft mér að flytja við frv. ásamt hv. 11. landsk. þm., aðeins ræða þetta mál.

Það mun hafa sýnt sig, að afli á línu og handfæri var ekki það mikill s. l. ár, að uppbæturnar á þannig veiddan fisk hafi numið nema 18—19 millj. kr., en eins og hv. alþm. muna frá s. l. ári, var gert ráð fyrir, að þessar uppbætur gætu numið allt að 22 millj. kr. Af þeirri áætlunarupphæð hafa þannig orðið afgangs, ef svo mætti segja, 3—4 millj. kr.

Nú hagar þannig til á Vestfjörðum, að raunveruleg vetrarvertíð byrjar þar fyrr en annars staðar. Hún byrjar venjulega kringum 1. október, eða um miðjan október. Og haustúthaldið á línu hefur fyrir Vestfirði mun meiri þýðingu en annars staðar. Við höfum þess vegna, ég og hv. 11. landsk. þm., beitt okkur fyrir því, að það, sem vantaði á áætlunarupphæðina frá í fyrra, þ. e. a. s. 22 millj. kr., yrði notað til þess að greiða sérstakar uppbætur á línu- og handfærafisk að haustinu til. Okkur er ljóst, að þetta hefur sérstaka þýðingu fyrir Vestfirði, en að sjálfsögðu miðast till. okkar við það, að þessar uppbætur geti orðið greiddar hvar sem er á landinu til þeirra, sem hafa stundað línu- eða handfæraveiðar að haustinu. En lögin frá í fyrra, sem ráðgert er að fella úr gildi með því lagafrv., sem hér liggur fyrir, heimila ekki hærri greiðslu á hvert kg fisks en 25 aura. Til þess að opna leið til þess, að hugmynd okkar geti orðið framkvæmd um greiðslu sérstakra haustuppbóta, höfum við flutt þá brtt., sem hér liggur fyrir á þskj. 395. Hún hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Aftan við 1. gr. komi 2 nýjar mgr., svo hljóðandi:

Heimilt er að greiða viðbótaruppbót á línu- og handfærafisk, veiddan á tímabilinu frá 1. október 1965 til 31. desember 1965, umfram þá 25 aura á hvert kg, sem ákveðið var með lögum nr. 34 8. maí 1965, að ríkissjóður skyldi greiða.

Heildaruppbætur á línu- og handfærafisk á árinu 1965 skulu þó ekki fara fram úr 22 millj. kr."

Ég vil taka það fram, að ég bar ekki þessa till. undir meðnm. mína í sjútvn. og þeir hafa þess vegna ekki haft tækifæri til þess að athuga hana. Get ég þess vegna fyrir mitt leyti fallizt á að taka till. aftur til 3. umr., til þess að menn fái tækifæri til að kanna málið nánar.

Að síðustu vil ég í þessu sambandi benda á, að línuútgerðin, sem stundað var síðari hluta ársins 1965, hefur að sjálfsögðu verið mun óhagstæðari en línuútgerðin, sem stunduð var fyrri hluta ársins. Það mætti orða þetta þannig, að 25 aura uppbótin, sem greidd var í fyrra, sé línuútgerðinni minna virði síðari hluta ársins vegna hinna miklu almennu kauphækkana, sem urðu á miðju árinu 1965, og einmitt með tilliti til þess, að útgerðin síðustu mánuði ársins er mun erfiðari og kostnaðarsamari en hún var á aðalvertíðinni, miðum við till. okkar við haustið. Ég mundi ekki telja, að þetta kæmi þeim, sem stundað hafa línuútgerð að haustinu, að nægilegum notum, ef afganginum af 22 millj. kr. frá í fyrra, yrði dreift á allt árið.

Ég sé svo ekki ástæðu til, herra forseti, að ræða frekar um frv. eða blanda mér í þær deilur, sem orðið hafa um niðurfellingu á niðurgreiðslum á vöruverði, sem ráðgerðar eru til þess að mæta útgjaldaauka ríkissjóðs vegna frv. En að efni til eru nm. sammála um frv., eins og það liggur fyrir, þó að tveir hv. nm. flytji við það sérstaka brtt. og einn nm. skili sérstöku nál. af þeim ástæðum, sem ég hef greint frá.

Frsm. minni hl. (Lúðvík Jósefsson): Herra forseti. Ég hef skilað sérstöku nál. á þskj. 370 um mál þetta. Í því nál. kemur fram, að ég er ekki andvígur þeim greiðslum, sem gert er ráð fyrir að ríkissjóður inni af höndum til útgerðarinnar samkv. þessu frv. Mér er ljóst, að ríkisstj. hefur átt aðild að samkomulagi við samtök útvegsmanna um þessar greiðslur, og það verður ekki undan því vikizt að standa við það samkomulag, sem þar hefur verið gert. Það er ekki gott að gera sér fyllilega grein fyrir því, hvort bein þörf hefði verið á að greiða þessar fjárhæðir allar, en það tel ég ekki skipta hér höfuðmáli. Ríkisstj. hefur hins vegar látið þess getið í sambandi við flutning þessa frv., að hún hugsi sér að fella niður ýmsar niðurgreiðsluupphæðir á vöruverði og standa þannig fyrir því að hækka vöruverð í landinu með þeim afleiðingum, sem það hefur. Ég er algerlega mótfallinn þessum fyrirhuguðu ráðstöfunum ríkisstj., sem hún tengir við þetta frv., og af því taldi ég nauðsynlegt að víkja að því sérstaklega í nál. og gera þar fulla grein fyrir því, að ég er andvígur þessum ráðstöfunum, sem ríkisstj. þykist þurfa að grípa til í sambandi við samþykkt þessa frv. En að öðru leyti mun ég ekki greiða atkv. gegn frv., af því að suma liði þess gæti ég stutt, en aðrir eru þess eðlis, að ég dreg nokkuð í efa, að rétt hefði verið að samþykkja þá.

Ég hef áður lýst því hér, að ég tel, að það sé mjög óheppilegt að haga stuðningsgreiðslum til togaraútgerðarinnar í landinu á þann hátt, sem gert hefur verið. Ég tel, að það ætti að greiða mun hærri bætur fyrir þann útgerðartíma togaranna, sem þeir eru reknir fyrir innanlandsmarkað, en fyrir þann tíma, sem þeir eru reknir beinlínis fyrir útsiglingar. Og ég tel einnig, að það hefði verið þörf á því að hafa annan hátt á um dreifingu þess fjár, sem á að ganga til frystihúsanna, en gert er ráð fyrir í þessu frv. En þegar þetta mál hefur verið hér til afgreiðslu áður, hefur ekki þýtt að sýna brtt. í þá átt, og hef ég því ekki flutt neinar brtt. við þessa grein frv. að þessu sinni.

Um þá till., sem flutt er hér af tveimur hv. þm. á þskj. 385 um að veita sérstaka heimild til þess að greiða viðbótaruppbætur á línu- og handfærafisk fyrir síðustu mánuði s. l. árs, vil ég segja það, að till. um þetta efni hefur ekki verið rædd í sjútvn., og ég teldi eðlilegt, að till. væri því tekin aftur til 3. umr. og n. fengi tækifæri til að ræða þessa till. Hins vegar skal ég lýsa því yfir, að ég er meginefni till. samþykkur.

Ég tel ofur eðlilegt, að það séu greiddar nokkru hærri uppbætur fyrir þessa síðustu mánuði en fyrri mánuði ársins, og með sérstöku tilliti til þess, að það var sannanlega varið lægri fjárhæð í þessu skyni en ráð var fyrir gert, tel ég ofur eðlilegt, að heimild í þá átt, sem felst í þessari till., sé veitt. En hvort þessa heimild á að binda nákvæmlega við 3 síðustu mánuði ársins eða kannske eitthvað lengri tíma, það er mál, sem þyrfti að athuga betur.

Ég hef þetta svo ekki lengra um afstöðu mína til málsins. Ég mun ekki greiða atkv. gegn frv., tel ýmsa þætti þess þannig, að það sé eðlilegt að samþykkja þá, en er ekki fullkomlega samþykkur öllum þáttum frv., en er fyrst og fremst andvígur því, hvernig ríkisstj. hugsar sér að afla fjár í þessu skyni.

Jón Skaftason: Herra forseti. Við fulltrúar Framsfl. í sjútvn. hv. d. skrifum undir nál. meiri hl. sjútvn. með fyrirvara um það að flytja sjálfir brtt. eða fylgja öðrum brtt., er fram kunna að koma við meðferð málsins í deildinni.

Við þykjumst þess fullvissir, að sá stuðningur við ýmsar greinar sjávarútvegsins, sem frv. ráðgerir, sé nauðsynlegur, vegna þess að það mun staðreynd, að sú óðaverðbólga, sem hér hefur þróazt undanfarandi ár, hefur gert það að verkum, að framleiðslukostnaður margra greina þessa undirstöðuatvinnuvegar er nú orðinn svo mikill, að reksturinn gengur ekki án einhverrar aðstoðar. Með samþykki okkar við álit meiri hl. sjútvn. erum við þó ekki að lýsa yfir fylgi okkar við þá fyrirætlun hæstv. ríkissti. að hætta eða draga mjög úr niðurgreiðslum á vöruverði til þess að afla fjár til að standa undir þeirri aðstoð, sem frv. ráðgerir til sjávarútvegsins.

Við hv. 3. þm. Norðurl. e. (GíslG) höfum leyft okkur að flytja eina brtt. á þskj. 382, sem hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Við 2. gr. Aftan við gr. bætist svo hljóðandi málsgrein:

Enn fremur er ríkissjóði heimilt að verja á árinu 1966 10 millj. kr. til greiðslu vinnsluuppbóta á þeim stöðum, sem fiskvinnsla ber sig ekki vegna erfiðrar aðstöðu, svo sem af því að hráefni skortir eða afli er sérstaklega dýr í vinnslu, enda sé vinnslan talin nauðsynleg vegna útgerðar á hlutaðeigandi stöðum. Ráðunevtið setur reglur um greiðslu uppbótanna að fengnum tillögum Fiskifélags Íslands og Landssambands ísl. útvegsmanna."

Till. skýrir sig sjálf, og ég sé ekki ástæðu til þess að fara um hana hér frekari orðum. Við flm hennar höfum þó ákveðið með hliðsjón af því, að önnur brtt. við þetta frv., sem fram hefur komið hefur verið tekin aftur til 3. umr. til þess að ræða hana í sjútvn., að draga okkar till. nú til baka og geyma hana til 3. umr.

Út af brtt. þeirri, sem frammi liggur á þskj. 385, vil ég aðeins segja það, að ég get í öllum meginatriðum samþykkt hana. En þar sem hún verður væntanlega rædd í hv. sjútvn., sé ég ekki ástæðu á þessu stigi málsins til að gera hana að sérstöku umtalsefni.

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Formaður sjútvn., frsm. meiri hl., gat þess, að till. sú, sem hér er flutt af honum og hv. 11. landsk. þm., hafi ekki verið rædd í sjútvn., þegar málið var þar afgreitt.

Till. er það seint fram komin, að ég treysti mér ekki til að láta í ljós, hvort ég muni geta fylgt henni, eins og hún liggur fyrir, því að á þessu máli eru óneitanlega fleiri hliðar. Ég tel, að það komi mjög til athugunar, hvort ekki sé eðlilegt, ef hægt er að greiða aukauppbót á línu- og handfærafisk, að sú uppbót nái yfir allt árið, ekki tiltekinn tíma árs, heldur yfir allt árið. Þetta fer náttúrlega eftir því, um hvað mikið fjármagn er að ræða og hvort það verður þá raunverulega nokkur stuðningur við þessa grein útvegsins, ef ekki er meira fjármagn en svo fyrir hendi, að það komi ekki að neinu verulegu gagni. Hitt mundi ég vilja segja, að ef hægt væri að ákveða fyrir fram uppbætur á fisk, veiddan við skulum segja frá 1. okt. og til áramóta, mundi það að mínu áliti koma mjög vel til greina. Það byggist á því, að þetta er einmitt sá tími árs, sem fiskiðjuverin hafa minnst hráefni og gætu þar af leiðandi bæði bætt sinn rekstur og þeir, sem í húsunum vinna, mundu fá við það aukna atvinnu, auk þess sem bátar víðar um land en nú er gætu séð sér hag í því að hefja haustútgerð. Ég veit til þess, að haustútgerð hefur af atvinnulegum ástæðum sums staðar verið styrkt af opinberu fé, þó að ekki væri þar um ríkissjóð að ræða, og gafst á þeim tíma sæmilega og varð til þess, að mun fleiri bátar fóru á haustvertíð en áður hafði til þekkzt.

En þar sem till. hefur verið tekin aftur til 3. umr. og málið mun sennilega verða rætt í sjútvn., sé ég ekki ástæðu til að lengja umr. hér meira, en eins og ég tók fram í upphafi, er afstaða mín til þess ekki mörkuð enn.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr., en það er aðeins út af þeim orðum, sem hv. 3. þm. Sunnl. lét falla hér í sambandi við þá brtt., sem við flytjum á þskj. 385. 2. landsk. og ég, að hann taldi, að það gæti komið til greina, að slík uppbót ætti þá að koma á allt árið 1965.

Eins og hv. þm. sjá, er þessi till. okkar um, að aftan við 1. gr. frv. komi 2 nýjar málsgr., þar sem heimilað er að greiða viðbótaruppbót á línu- og handfærafisk veiddan á tímabilinu frá 1. okt. 1965 til 31. des. 1965 umfram þá 25 aura á hvert kg, sem ákveðið var með lögum frá 8. maí 1965 að ríkissjóður skyldi greiða, og jafnframt, að heildaruppbætur á línu- og handfærafisk á árinu 1965 skuli þó ekki fara fram úr 22 millj. kr., eins og upprunalega var gert ráð fyrir. En fyrir það, að færri bátar stunduðu línuútgerð á vetrarvertíð 1965, og fleira kom þar til greina, gæftaleysi mjög mikið, sérstaklega í janúarmánuði, varð línuaflinn miklu minni en áætlað var, og því má segja, að eftir sé nokkur fjárhæð, sem er tiltölulega lítil, en ef á að skipta þessari fjárhæð á allan línuafla, sem á land kom árið 1965, verða þetta mjög litlar bætur fyrir allan bátaflotann.

Eins og frsm. fyrir nál. og fyrir brtt., 2. landsk. þm., tók fram, er höfuðrökstuðningur okkar, sem þessa till. flytjum, að það varð mikil hækkun á útgerðarkostnaði, hækkun á tryggingu til

skipverja, eftir samningum verkalýðsfélaganna við atvinnurekendur í júnímánuði 1965, en útgerðin varð að búa við sama fiskverð út árið. Þess vegna má segja og öll sanngirni mælir með því, að það sé komið eitthvað til móts við þá aðila til þess að mæta þeim hækkunum, sem urðu á útgerðarkostnaði síðustu mánuðina.

Ég skal fyllilega taka undir það með hv. 5. þm. Austf., að það getur verið áhorfsmál, hvort við eigum endilega að miða þessar bætur við 1. okt. eða jafnvel fara 1—2 mánuði fram í tímann, það getur verið mikið áhorfsmál, og er alls ekki fjarstæðukennt, að það sé athugað. En hitt finnst mér vera sama og engar bætur, ef á að fara að ráðstafa þessari litlu upphæð yfir á allt árið 1965, og sömuleiðis er það ekki réttlátt, að það sé gert, vegna þess, sem ég áðan sagði, að útgerðarkostnaðurinn hækkaði mjög verulega á miðju síðasta ári.

Ég fyrir mitt leyti get mjög vel fellt mig við það að taka þessa till. aftur til 3. umr. og tel alveg sjálfsagt, að sjútvn. fjalli nánar um till.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 61. fundi í Nd., 29. marz, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 382 og 385 teknar aftur til 3. umr.

1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.

2.—5. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 28 shlj. atkv.

Á 62. fundi í Nd., 31. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 285, 382, 385, 400, 407).

Frsm. meiri hl. (Birgir Finnsson): Herra forseti. Við 2. umr. þessa máls lögðum við hv. 11. landsk. þm. og ég fram brtt. á þskj. 385, eins og þar greinir. Það var horfið að því ráði að taka þá till. aftur til þessarar umr. og athuga hana í sjútvn. hv. d. Þetta hefur verið gert, og það hefur orðið samkomulag um það í sjútvn. að mæla með till. með þeirri breytingu, sem fram kemur á þskj. 400, þ. e. a. s. að í staðinn fyrir orðin „1. október" í till. okkar komi: 1. júlí. Um till. hv. 3. þm. Norðurl. e. og hv. 4. þm. Reykn. á þskj. 382 er ekki samkomulag í sjútvn.

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Ég lét þess getið við 2. umr. í sambandi við till. á þskj. 385, að ég væri ekki reiðubúinn til að taka afstöðu til hennar, af því að ég taldi, að ekki lægju fyrir nægilega glöggar upplýsingar um, hvað raunverulega væri um háa fjárhæð að ræða í sambandi við auknar uppbætur á línu- og handfærafisk. Það var þar talað um 3—4 millj. kr., en samkv. upplýsingum, sem Fiskifélag Íslands hefur veitt mér, tel ég, að þar sé um allverulega hærri upphæð að ræða en gert var ráð fyrir og hér kom fram við 2. umr.

Samkv. upplýsingum Fiskifélagsins voru greiddar upbætur á línu- og handfærafisk á tímabilinu 1. jan. til 30. júní s. l. ár samtals 7.3 millj., á tímabilinu 1. júlí til 30. sept. 2.6 millj. og á tímabilinu 1. okt. til 31. des. 4.5 millj., eða samtals 14.4 millj. Ef ganga á út frá, að áætlunarupphæð, sem var 22 millj., yrði fullnotuð, sýnist mér, að þarna sé um að ræða ekki 3—4 millj., heldur 7—8 millj., sem til uppbóta gæti komið, ef upphæðin yrði fullnotuð. Með tilliti til þessa tel ég mjög eðlilegt, — hér er um heimildarákvæði að ræða, — að ríkisstj. fái heimild til þess að greiða uppbætur á línufisk veiddan árið 1965 frá 1. jan. til 31. des. Ég tel ekki ástæðu til að takmarka þetta, hvorki við 1. okt. né 1. júlí, þar sem upphæðin sýnir sig vera önnur og hærri en við höfðum ástæðu til að ætla, þegar málið var rætt hér við 2. umr. Ég hef því leyft mér að flytja brtt. á þskj. 407, sem hljóðar svo, með leyfi forseta: „Orðin „á tímabilinu 1. okt. 1965 til 31. des. 1965" falli niður." Mundi þá till., ef þetta yrði samþ., hljóða svo: „Heimilt er að greiða viðbótaruppbót á línu- og handfærafisk veiddan 1965 umfram þá 25 aura á hvert kg, sem ákveðið er með lögum nr. 34 8. maí 1965, að ríkissjóður skyldi greiða. Heildaruppbætur á línu- og handfærafisk á árinu 1965 skulu þó ekki fara fram úr 22 millj. kr." Meðan annað liggur ekki fyrir en þarna sé um verulega hærri upphæð að ræða en við höfðum ástæðu til að ætla við 2. umr., legg ég til, að sú brtt., sem ég hef flutt á þskj. 407, verði samþykkt.

Frsm. meiri hl. (Birgir Finnsson): Herra forseti. Eins og tekið var fram af hálfu okkar, sem flytjum brtt. á þskj. 385, við 2. umr. málsins, byggjum við þessa till. á því, að það sé meiri þörf uppbóta á línu- og handfærafisk fyrir þá, sem gerðu út síðari hluta árs 1965, heldur en þá, sem gerðu út fyrri hluta ársins. Þetta stafar af því, eins og var fram tekið af okkar hálfu, að á miðju ári 1965 urðu miklar hækkanir á kostnaðarliðum útgerðarinnar, sem gera það að verkum, að sú 25 aura uppbót, sem ákveðin var með l. um aðstoð við sjávarútveginn s. l. vetur, rýrnaði verulega. Það kann vel að vera, að það séu réttar upplýsingar, sem hv. 3. þm. Sunnl. flutti um það, að ekki væri búið að borga út eins mikið af þessum bótum og okkur hafði verið upp gefið, er við fluttum þessa till. Ég vil þess vegna taka fram, að þrátt fyrir það, að svo kunni að reynast, reiknum við ekki með, að í þetta fari meira en 3—4 millj., eins og við gerðum ráð fyrir, þegar till. var lögð fram. Enda er það svo, eins og hv. alþm. sjálfsagt vita, að fjáröflunin til ráðstafananna vegna sjávarútvegsins í fyrra var gerð með þeim hætti, að áætlað var að skera niður verklegar framkvæmdir um 20%, og samkv. áætlun átti sá niðurskurður að nema allt að 120 millj. kr. Í reynd mun niðurskurðurinn ekki hafa numið nema 85 millj. kr. og má því segja, að það geti verið hæpið, að þeir peningar, sem þarna er um að ræða, séu í raun og veru fyrir hendi. Það mundi þess vegna vera undir velvilja hæstv. fjmrh. komið, hvort sú heimild, sem veitt yrði samkv. till. okkar, yrði notuð eða ekki.

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Hv. 2. landsk. drap hér á það réttilega, að það mundi vera undir velvilja hæstv. fjmrh., hvort þarna yrði um nokkrar aukauppbætur að ræða eða ekki, ef þessar till. yrðu samþ. Þetta er alveg

rétt. Ég tel þess vegna, að þar sem aðeins er um heimildarákvæði að ræða, megi fjmrh. mjög gjarnan einnig fá heimild til þess að athuga, hvort ekki sé ástæða til þess að greiða einnig uppbætur á fisk veiddan á tímabilinu frá 1. jan. til 30. júní. Það er hans að dæma um, hvort ríkissjóður er bær um það eða hvort fjármagn er til þess, og ef það skyldi sýna sig, að fjármagn væri til til þess, tel ég það mjög eðlilegt, að hann fái einnig heimild til þess að greiða uppbætur fyrir þetta tímabil eins og síðari hluta ársins. Ég gat þess, að Fiskifélagið hefði veitt mér þessar upplýsingar um, að greiddar hefðu verið 14.4 millj. í uppbætur á línu- og handfærafisk árið 1965. Ég skal geta þess til viðbótar, sem mér láðist að geta áðan, að sá aðili, sem ég þar talaði við og fékk þessar upplýsingar hjá, taldi, að þegar öll kurl væru komin til grafar, gætu þessar uppbætur kannske farið upp í 15 eða 15.1 millj., að hann gizkaði á, þannig að þarna er raunverulega um 7—8 millj. kr. afgang að ræða, ef miðað er við áætlunarupphæðina 22 millj. kr.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Út af þeim ummælum, sem hv. 3. þm. Sunnl. hafði hér áðan, vil ég vekja athygli hv. þm. á því, að ef fjmrh. telur og ríkisstj., að hún geti ekki notað heimildina í ríkari mæli en það að greiða 3—4 millj. kr. í uppbætur á handfæra- og línufisk, og eftir að sú till. er komin fram frá 6 af 7 nm. í sjútvn. að greiða þessar uppbætur frá 1. júlí til áramóta, en ef till. hv. 3. þm. Sunnl. yrði samþ. og ekki yrði hér um meira fé að ræða en þetta, verður maður að segja eins og er, að þessar uppbætur eru lítils virði, ef þær eiga að koma á allt árið.

En það, sem öllu máli skiptir, er það, hvað er réttlátt að gera í þessu máli og hvað ekki. Við höfum lýst því yfir, flm. till., hv. 2. landsk. þm. og ég, að við teljum, að þessar uppbætur eigi að ná til þess tímabils, eftir að stórfelld hækkun varð á útgerðarkostnaði, eftir að samningar voru gerðir við verkalýðsfélögin, og þess vegna sé margfalt meiri þörf á því að bæta upp þann hluta ársins, eftir að hækkanir urðu, og kæmi þá útgerðinni, sem stundaði þessar veiðar, að meiri notum en útþynna þessa litlu fjárhæð á allt árið. Ég vænti þess því, að hv. þd. skilji það, að með þessari till. okkar höfum við farið fram á, að það verði greiddar um það bil 3½ millj. kr. til útgerðarmanna, sem stundað hafa handfæra- og línufisk síðari hluta ársins. Okkar upprunalega till. var miðuð við 1. okt., og vildum við miða hana við haustið. Sjútvn. hefur aftur flutt hér brtt., sem ég fyrir mitt leyti get mjög vel fellt mig við, að miða þessar uppbætur við 1. júlí. Það kemur útgerðinni og sjómönnum að sama skapi miklu betur, að þeir fái uppbætur, eftir að stórfelld breyting varð á útgerðarkostnaði og hækkun á vöruverði gagnvart sjómannastéttinni og útgerðarmönnum líka, heldur en þynna þessa till. út upp á allt árið, eins og hv. 3. þm. Sunnl. leggur til.

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Það var aðeins út af þeim ummælum hv. 11. landsk. þm., að 6 af 7 meðlimum sjútvn. hefðu verið sammála um þetta atriði. Þá vil ég geta þess, að fyrir n. lágu ekki þær upplýsingar, sem nú hafa komið fram frá Fiskifélaginu. N. stóð í þeirri meiningu, að þarna væri aðeins um 3—4 millj. að ræða, en ekki 7—8, ef heimildin er fullnotuð. Ef heimildin væri notuð samkv. minni till. allt árið, miðað við 7—8 millj., á móti till. sjútvn. að nota 3—4 millj. hálft árið, yrði um sömu upphæð að ræða á allan línufisk veiddan allt árið og þeir í upphafi gerðu ráð fyrir að yrði á línufisk veiddan á síðari hluta ársins.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Út af þeim umr., sem farið hafa fram, vil ég taka fram, að ég er samþykkur brtt. þeirri, sem flutt er á vegum sjútvn. á þskj. 400, og þar með brtt. á þskj. 385, ef hún verður með þeirri breytingu, sem till. á þskj. 400 mundi hafa í för með sér, ef samþ. yrði, enda var ég einn af þeim sjútvn.-mönnum, sem á fundi tóku þessa afstöðu.

Í sambandi við þetta mál að öðru leyti vil ég minna á það, að ég flutti ásamt hv. 4. þm. Reykn. við 2. umr. brtt. við þetta frv. á þskj. 382. Þessa brtt. tókum við aftur til 3. umr. í því skyni, að sjútvn. gæti fjallað um hana. Um till. var fjallað í n., en það varð ekki samkomulag á fundinum um að mæla með till., en hins vegar var ekki heldur tekin afstaða gegn henni á þessum sjútvn.-fundi. Ég vænti því, að það reynist svo við atkvgr., að meiri hl. sjútvn.-manna og þá einnig meiri hl. hv. dm. geti á það fallizt að samþykkja þessa brtt. En brtt. er þess efnis, að heimilt verði á árinu 1966 að verja allt að 10 millj. kr. til vinnsluuppbóta á þeim stöðum, þar sem fiskvinnsla ber sig ekki vegna erfiðrar aðstöðu, svo sem af því að hráefni skortir eða afli er sérstaklega dýr í vinnslu, enda sé vinnslan talin nauðsynleg vegna útgerðar á hlutaðeigandi stöðum. Það er gert ráð fyrir, að rn. setji reglur um greiðslu þessara uppbóta, ef heimildin verður notuð, og að þær reglur verði settar að fengnum till. Fiskifélags Íslands og Landssambands ísl. útvegsmanna. Eins og ég hef sagt, felst í þessari brtt. aðeins heimild til hæstv. ríkisstj. til að greiða þessa upphæð.

Við umr. um þetta mál fyrr á þinginu minnist ég þess, að sitt af hverju hefur verið rætt um fjárhag vinnslustöðva og þá sérstaklega hraðfrystihúsa og af sumum látin orð falla um það, að ýmis hraðfrystihús mundu vera vel fær um það að greiða nokkra hækkun á fiskverði, a. m. k. þá hækkun, sem orðið hefur. En hitt hygg ég, að engum geti blandazt hugur um, sem kynnir sér þetta mál samvizkusamlega, að frystihúsin og vinnslustöðvarnar eru nokkuð misjafnlega stödd í þessu máli og að verulegur hluti af frystihúsunum, sérstaklega í einstökum landshlutum, á mjög örðugt og hefur erfið rekstrarskilyrði. Ég hef alveg sérstaklega í huga í þessu sambandi frystihúsin á Norðurlandi, þar sem ég er kunnugastur, og ég veit ekki betur en það sé almennt viðurkennt, bæði af hæstv. ríkisstj. og einnig af öðrum aðilum, sem um það hafa fjallað, og hafi sérstaklega komið fram í kjarasamningum á Norðurlandi s. l. vor, að sérstök nauðsyn væri til þess að bæta rekstraraðstöðu frystihúsa í þessum landshluta. En þó að ég nefni sérstaklega Norðurland, þar sem ég er

kunnugastur, veit ég, að það er víðar, sem þessar vinnslustöðvar berjast í bökkum og eru reknar með halla, og hygg ég, að svipað muni eiga við t. d. um vinnslustöðvar á Austfjörðum sums staðar, a. m. k. norðanverðum Austfjörðum.

Ég vil aðeins segja það að lokum, að mér finnst, að þegar mál af þessu tagi er til meðferðar, geti þingið ekki látið eins og þetta sérstaka vandamál sé ekki til, — þetta sérstaka vandamál frystihúsanna og vinnslustöðvanna í vissum landshlutum, þeim sem eiga við sérstaka rekstrarörðugleika að stríða. Vænti ég þess því, að hv. þm. geti á það fallizt að veita þessa heimild, sem hæstv. ríkisstj. mundi þá væntanlega yfirvega síðar ásamt þeim aðilum, sem bezt fylgjast með þessum málum, hver ástæða væri til að nota.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 64. fundi í Nd., 1. apríl, var frv. tekið til frh. 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 65. fundi í Nd., 2. apríl, var fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 407 tekin aftur.

— 400 samþ. með 31 shlj. atkv.

— 385, svo breytt, samþ. með 28 shlj. atkv.

— 382 felld með 18:15 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv. og endursend Ed.

Á 60. fundi í Ed., 4. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 446).

Á 61. fundi í Ed., 5. apríl, var frv. tekið til einnar umr.

Frsm. meiri hl. (Jón Árnason): Herra forseti. Frv. þetta er komið aftur frá Nd., vegna þess að á því var gerð nokkur breyting, sem felst í 1. gr. frv., 2. og 3. mgr., sem hljóða svo, með leyfi forseta:

„Heimilt er að greiða viðbótaruppbót á línu- og handfærafisk, veiddan á tímabilinu frá 1. júlí 1965 til 31. desember 1965, umfram þá 25 aura á hvert kg, sem ákveðið var með lögum nr. 34 8. maí 1965, að ríkissjóður skyldi greiða.

Heildaruppbætur á línu- og handfærafisk á árinu 1965 skulu þó ekki fara fram úr 22 millj. kr.“

Sjútvn. kom saman og ræddi þessa breytingu, sem orðið hefur á frv., og er sammála um að mæla með, að þessi breyt. verði samþ.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 459).

---

19. Skógrækt.

Á 43. fundi í Nd., 21. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um viðauka við lög nr. 3/1955, um skógrækt [122. mál] (stjfrv., A. 245).

Á 44. fundi í Nd., 22. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Á síðasta Alþ. flutti Oddur Andrésson, varaþm., ásamt fleirum till. um það að skora á ríkisstj. að hlutast til um, að flutt verði frv. til l. um skjólbelti. Frv. það, sem hér er til umr., er samið í tilefni þessarar þál. og hefði vitanlega getað orðið án hennar, en till. rak eigi að síður á eftir, að þetta frv. er til orðið.

Það hefur lengi verið í norðanverðri og vestanverðri Evrópu unnið að því að koma upp skjólbeltum til þess að auka gróðurinn. Er talið, að skjólbeltin geri mikið til þess að auka gróðurinn, auka vöxtinn og þá sérstaklega þar, sem veður eru óstöðug og kuldasamt. Það er talið, að hitastigið verði hærra á hinu skýlda svæði en á berangri, að minni hætta sé á næturfrostum í hinu skýlda svæði, að hiti jarðvegsins í 15—20 metra dýpi verði hærri á hinu skýlda landi, að gróður verði öruggari og örari vegna örari starfsemi plöntunnar í skjóli en þegar næðingur er og að áhrifa skjólbeltanna gæti meira, þar sem er óstöðug veðrátta, vindasamt og kuldasamt, en þar sem veðrátta er stöðug og hlýviðri, og það er þess vegna, sem í norðanverðri Evrópu hefur sérstaklega verið ástundað að gera skjólbelti.

Í seinni tíð hafa Íslendingar gert sér ljóst, hvers virði það er fyrir þjóðina að vernda gróðurinn og auka gróðurinn, að koma í veg fyrir það, að jarðvegurinn fjúki í burt, eins og hann hefur gert öldum saman. Það er vitað, að á landnámsöld og áður var landið miklu gróðursælla en það hefur verið í seinni tíð, að þá var samfelldur gróður allt upp í 600 m hæð, og það var ekki fyrr en landið hafði verið í byggð nokkurn tíma, að uppblásturinn fór að gera vart við sig. Fróðir menn hafa talið, að svo hafi verið komið okkar málum um síðustu aldamót, áður en sandgræðslan tók til starfa, að ef ekki hefði verið hafizt handa, hefðu heil héruð lagzt í auðn og síðar á fáum öldum hefði sá gróður og jarðvegur, sem í landinu er, horfið víðast hvar, en eftir hefði staðið jarðvegslaus klettaeyja hér norður í hafi. Þetta hefði orðið ömurlegt hlutskipti. En nú dettur engum í hug, að þetta verði, vegna þess að það hefur verið spyrnt við fótum, sandgræðsla ríkisins hefur unnið þrekvirki í meira en hálfa öld, og nú er komin sókn í stað undanhaldsins og jarðvegurinn og gróðurinn verndaður. Á síðasta þingi voru sett lög um gróðurvernd og landgræðslu, og í seinni tíð hefur verið aukið það fé, sem varið er til gróðurverndar, uppgræðslu og ræktunar. Skógræktin hefur einnig fengið talsvert fé til umráða, enda eru flestir sammála um, að hún gegni í meginatriðum því hlutverki að binda gróðurinn, vernda jarðveginn, skapa skjól og gera allan vöxt jurtanna örari og loftslagið betra en áður.

Um skjólbelti er lítið að ræða hér á landi enn sem komið er. Þótt aðeins hafi verið byrjað á því á stöku stað, er það tæplega umtalsvert enn sem komið er. En skjólbeltin hafa eigi að síður miklu hlutverki að gegna hér í framtíðinni, ekki síður en á hinum Norðurlöndunum og víðar í Norður-Evrópu. Það er enginn vafi á

því, að skjólbeltarækt hér á landi getur orðið mjög þýðingarmikil. Þess vegna er það gott, að þetta frv. er fram komið. Það verður vonandi gert að lögum. Reynslan sýnir svo, hvernig bezt verður að haga sér í þessari starfsemi. Hún sýnir, hverju þarf við að bæta síðar meir, og hún sýnir einnig, hvað rétt verður að verja miklu fjármagni til þessara mála, þegar stundir líða.

Frv. þetta er í 10 greinum og skv. 1. gr. frv. er lagt til, að ríkissjóður styrki ræktun skjólbelta, eftir því sem fé verður veitt til á fjárlögum hverju sinni. Og skv. 2. gr. er kveðið svo á, að skógræktarstjóri hafi yfirumsjón þessara mála. 3. gr. kveður svo á, að allir ábúendur lögbýla, garðyrkjubýla og félagsbundin samtök um ræktun korns og garðávaxta geti komið til greina til þess að njóta styrks. Þá er gert ráð fyrir því, að þessir aðilar skuli hafa til umráða minnst 10 hektara lands í samfelldri ræktun.

Skv. 4. gr. er styrkur því háður, að skógarvörður og héraðsráðunautur hafi mælt með landinu, sem tekið er til ræktunar. Og þá er kveðið svo á, að það skuli ekki veittur styrkur, fyrr en vissum áfanga er náð, þannig að það sé sýnilegt, að rétt hafi verið að farið, og það, sem gert hefur verið, beri árangur.

Þá er ákveðið í 5. gr., hvernig skuli með fara girðingar og annað, sem þessi mál snerta, og að það sé hægt að endurkrefja styrkinn, ef misbrestur verður á vörzlu skjólbelta, þannig að því sé spillt, sem áður hefur verið gert.

Í 6. gr. er ákveðið, hversu styrkurinn megi nema miklum kostnaði, en það er gert ráð fyrir, að hann megi vera ⅓ af girðingarkostnaði og helmingur af gróðursetningarkostnaði.

Þá er ekki mikið meira um frv. að segja. Það skýrir sig sjálft og ætti því ekki að vera þörf að hafa fleiri orð um það að svo stöddu, en ég er einn í hópi þeirra, sem gera sér vonir um, að lagasetning á þessum grundvelli geti orðið til þess að örva hér ræktun og margs konar gróður og þess vegna beri að lögfesta þetta frv.

Herra forseti. Ég vil leggja til, að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til 2. umr. og hv. landbn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 30 shlj. atkv. og til landbn. með 28 shlj. atkv.

Á 59. fundi í Nd., 24. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 245, n. 353 og 375).

Frsm. meiri hl. (Gunnar Gíslason): Herra forseti. Það náðist ekki einhugur um þetta mál í landbn. Meiri hl., en hann skipa 6 af nm., leggur til, að frv. verði samþ., en áskilja sér þó rétt til þess að flytja eða fylgja brtt., sem fram kunna að koma. Það kom fram í n., að einn hv. nm., hv. 5. þm. Norðurl. v., var andvígur frv. og skilar um það séráliti. Það álit er nú ekki komið enn á borð þm., en mér skilst, að hv. þm. leggi ekki til, að frv. verði felt, heldur að það verði látið daga uppi, og er það að mínu viti dálítið óvanaleg afgreiðsla úr nefnd á einu þingmáli.

Við sendum þetta frv. til umsagnar búnaðarþings. Búnaðarþing sat að störfum, þegar málið kom til okkar. Umsögn búnaðarþings hefur ekki enn borizt landbn., en hún hefur verið birt bæði í blöðum og útvarpi, og er álit búnaðarþings á þá lund, að það skorar á Alþ. að fresta þessu máli og gefa stjórn Búnaðarfélagsins tóm til þess að láta semja frv. til l. um breyt. á jarðræktarlögum, þar sem ákvæði þessa frv. yrðu tekin upp.

Meiri hl. landbn. getur ekki fallizt á þessa ósk búnaðarþings, enda var ekki neinn einhugur um hana á þinginu, því að ályktun þingsins var samþ. með 12:9 atkv., enda má, ef sýnist seinna meir, fella þetta frv., ef að lögum verður, inn í jarðræktarlög, þegar þau á sínum tíma koma til breytinga eða endurskoðunar hér í þinginu.

Eins og bent er á í aths. við þetta frv., er ræktun skjólbelta orðin mikilvægur þáttur í búskap nágrannalanda okkar, og ræktun þeirra fer sívaxandi víða um lönd. Ástæðan fyrir þessu er sú, að reynslan sýnir, að skjólbelti tryggja verulegan uppskeruauka á jarðargróða, og þeim mun meiri verður þessi uppskeruauki í köldum löndum, þar sem veðrátta er óstillt. Vafalaust yrði reynslan sú sama hér í okkar næðingssama landi, og mundi skjólbeltarækt, ef vel tækist, stuðla að því, að uppskera t. d. korns og garðávaxta yrði árvissari en hún er nú. Þetta frv. örvar bæði bændur og félagsbundin samtök um ræktun korns og garðávaxta til þessarar ræktunar, og það kveður á um verulegan styrk af opinberri hálfu til þeirra, sem í slíkar framkvæmdir ráðast og framkvæma þær í samræmi við ákvæði þessa frv.

Ég hef ekki fleiri orð um þetta, það er ástæðulaust. Hæstv. landbrh. fylgdi frv. ýtarlega úr hlaði hér við 1. umr., en eins og ég sagði, meiri hl. landbn., eða 6 af nm., leggur til, að frv. verði samþ.

Frsm. minni hl. (Björn Pálsson): Herra forseti. Ég samdi grg. fyrir mínu áliti, en það er ekki búið að útbýta henni og er dálítið óþægilegt að taka málið fyrir áður, einkum af því að þessi grg. er sérstakt listaverk, sem ég hefði óskað eftir að þm. læsu, áður en þeir greiddu atkv., svo að ég vildi helzt, að það yrðu ekki greidd atkv. um málið, fyrr en búið er að lesa þessa grg. mína, því að þótt ég fari að segja nokkur orð, er ekkert víst, að mér takist það eins vel. Ég hef ekki búið mig undir, en er ekki eins fljótur að hugsa og hraðmælskur og hv. 3. þm. Reykv., þannig að það er ekki víst, að ég geti haldið eins langa og snjalla ræðu og sá hv. þm. gerir oft, þótt hann sé blaðalaus.

En frv. þetta er um ræktun skjólbelta og auðsjáanlega samið af skógræktarstjóra, og frsm. meiri hl. n. las hér upp dálítinn kafla af því, sem hann birtir hér í grg. Satt að segja trúi ég ekki alveg bókstaflega þessum aths., sem hann gerir við lagafrv., en vafalaust er eitthvað til í því, sem hann segir. En við verðum að miða framkvæmdir hér á landi við þá aðstöðu, sem hér er. Það kemur m. a. fram í aths. hjá skógræktarstjóra, eða sem ég veit að hann hefur samið, — hann talar mikið um Jótland og það hafi eiginlega ekkert verið hægt að rækta á

Norður-Jótlandi, áður en þessi blessuð skjólbelti komu. En einhvern veginn er það þannig í Noregskonungasögum og víðar, að það er getið um, að þar hafi verið fólk, og það hefur án efa lifað á grasrækt, kornrækt, griparækt og öðru slíku, þannig að ég veit aldrei til, að norðurhluti Jótlands hafi verið í eyði, vegna þess að þar hafi ekki verið skjólbelti. Það kemur enn fremur fram í þessum aths., þegar hann talar um tvöfaldar girðingar. Það þarf náttúrlega að girða í kringum skjólbeltin, til þess að gróðurinn þrífist. Hann talar um það, að ef eigi að beita, þurfi að vera tvöföld girðing. Og hann segir hér á einum stað: „Hér var aldrei um annan girðingarkostnað að ræða en ódýrar stórgripagirðingar, sem bændur urðu að standa undir“ — eða bera kostnað af, væri nú kannske réttara að segja. En það kemur þarna í ljós, að það er ekkert sauðfé þarna. En hér á landi er ógerningur að rækta skjólbelti, þar sem sauðfé er og hross, því að það eyðileggur þau. Það þarf að girða tvöfaldar girðingar og það mjög vandlega. Við getum sagt, að þetta geti dugað að sumrinu, en þegar snjóa leggur að vetrinum, fennir að girðingunum og yfir þær. Fé og hross ganga þarna yfir. Það er loðið á milli, skepnurnar sækja í bilið á milli girðinganna, þar er kafloðið, því að annars staðar er orðið graslaust, og eyðileggja þetta algerlega, Það er ekki fyrir nokkurn mann að verja þetta. Þannig er þetta í fannasveitunum.

Þetta horfir allt öðruvísi við, þar sem eingöngu væri um kornrækt að ræða eða kartöflurækt og rófnarækt og ekki væri um neina beit að tala að vetrinum. Og svo er annað, að það er útilokað, að bændur hefðu tíma til þess að halda við þessum girðingum. Við þekkjum það, sem í sveitunum búum, að þeim gengur illa að halda við túngirðingunum sínum, hvað þá heldur, ef það ætti að halda við þessum girðingum.

Í öðru lagi veit ég hvergi nokkurs staðar til, þar sem sauðfjárhjarðir eru, að þar sé verið að rækta skjólbelti. Ég hef verið í Ástralíu og Nýja-Sjálandi, og þar voru ekki nokkur einustu skjólbelti. Þeir höfðu eytt stórfé í að eyða skóginum til þess að geta gert landið að graslendi til að beita fénu á. Hér verður því ógerlegt að framkvæma þessa skjólbeltarækt, þar sem sauðfé og hross eru. Ég fullyrði það. Og með vaxandi sauðfjárhjörðum verður farið að láta féð liggja við opið að vetrinum, og það fer um landareignina og eyðileggur gróður eins og þennan, bæði vegna þess að girðingunum verður ekki haldið nægilega við vegna kostnaðar og skorts á vinnuafli og í öðru lagi er ógerlegt að verja þetta svæði, sem á að rækta skjólbelti á. Vilji menn rækta skjólbelti í kringum kornakra og kartöflugarða, þarf ekki nema einfalda girðingu, og þeir þurfa að girða þetta svæði hvort sem er og fá samkv. jarðræktarl. styrk út á þær girðingar. Ég skil það ekki, ef það er ógurlegur gróði að þessu, hér um bil ómögulegt að rækta jörðina öðruvísi en að fá skjólbelti, að það borgaði sig þá ekki fyrir þá alveg styrklaust að setja niður fáeinar plöntur, og það er afar einkennilegur hugsunarháttur, ef ómögulegt er að gera neitt án þess að fá greiddan meiri eða minni styrk til þess. Ég veit ekki, hvort við aukum manndóm okkar bændastéttar eða yfirleitt neinna þjóðfélagsþegna með því að ala þann hugsunarhátt upp, að þó að það sé gróði að framkvæma hlutinn, megi ómögulega gera það án þess að fá styrk til þess.

Þá er gert ráð fyrir því í þessu frv., að það eigi að vera eftirlit með því, að þetta komi að gagni, það sé vel hirt um plönturnar og girðingu vafalaust við haldið og öðru slíku, annars ætti að endurgreiða styrkinn. Það verða anzi skemmtilegar deilur um það að fara að innheimta þær upphæðir og meta þær og innheimta aftur. Ég held, að það yrði dýr innheimta og erilsöm. Það má ekki gera neitt, hvorki girða eða planta né annað, nema með samþykki héraðsráðunautar og skógarvarða. Fyrst þarf hann að mæla með framkvæmdunum, í öðru lagi þarf að fylgja nákvæmlega eftir fyrirmælum skógarvarða um legu skjólbelta og annað slíkt. Í d-lið er það, að landssvæði það, sem vernda skal, hafi verið girt löggirðingu. Allt þetta kostar mikið vafstur og fyrirhöfn, og ég held nú satt að segja, að það verði ekki mjög margir til þess að basla við þetta.

Ég veit, að það er mikils virði fyrir kornið í hauststormum, að sé eitthvert skjól. En trén eru nú þannig, að þau þrífast yfirleitt ekki hér á landi, nema þeim sé skýlt. Ég efast um, að það sé nokkur gróður hér, sem hefur meiri þörf fyrir skjól en trjáplöntur. Og þó að það eigi að reyna að rækta þær í skjóli, deyja þær meira og minna. Ég hef garð heima, þar sem ég er búinn að setja niður nokkur hundruð plöntur. Meira og minna deyr út af þessu, fullerfitt að verja hann fyrir kindum og hrossum, þegar snjóalög eru að vetrinum, og meira að segja stundum ógerlegt. Ég held, að það séu eitthvað tvö ár síðan mikið af trjágróðri hérna á Suðvesturlandi dó út. Ísland er nefnilega þannig, veðráttan er þannig, þessir hlýindakaflar síðari hluta vetrar og snemma á vorin og kuldakast á eftir, það veldur því, að Ísland er ekki skógræktarland. Og af hverju er landið hér um bil skóglaust? Það er vitanlega af því, að það eru ekki góð skilyrði fyrir skógrækt hér á landi. Það er alltaf verið að tala um að rækta skóg og rækta skóg og veittar í þetta milljónir árlega. Ég sé ekki, að fjárhagslegur árangur sé nokkur. Það er hægt að rækta sæmilegar trjátegundir innan um kjarrið, sem komið er. M. ö. o.: ef við ætlum að rækta greni og einhverjar nytsamlegar trjátegundir, verðum við að vernda þær alveg sérstaklega, veita þeim skjól. Víðirinn, sem á að vera til skjóls, t. d. í görðum stundum, ég hef reynslu fyrir því í garði heima hjá mér, að það er hann, sem er hvað viðkvæmastur. Hann springur svo snemma út á vorin og svo deyr hann. Björkin heldur sér betur.

Ég held, að það verði nokkuð seinunnið verk fyrir þá bændur, sem hafa sauðfjárrækt og hross, að koma upp hjá sér skjólbeltum. Ég held, að það sé hlutur, sem ekki borgar sig. Annað er það, þó að nokkrir hrislukvistir verði mannhæðarháir í skjólbeltunum, þá held ég, að það skýli ekki langan veg frá sér, þegar um viðlend beitilönd er að ræða.

Viðvíkjandi grasræktinni, þegar unnið er með stórum vélum, er vitanlega ekki hægt að kljúfa

landið sundur í ótal reinar með skjólbeltum, því að það gengur ekkert vinnan með slíku. Og þó að kæmi einnar eða tveggja mannhæða hátt skjólbelti, verndar það ekki gegn stormum mjög langt frá sér. En menn þurfa að hafa stóra reiti til að slá og raka, annars gengur vinnan ekki, þannig að hvað grasrækt viðvíkur er þetta hreinn barnaskapur. En sé um þennan óhemjugróða að ræða, eins og höfundur frv. gerir ráð fyrir, viðvíkjandi kartöflurækt — og hann telur raunar mestan gróða af heyfengnum, 24.1%, getum við komið upp skjóli með því að hafa þétt vírnet, alveg eins góðu og með tvöfaldri eða þrefaldri trjáröð, með því að hafa bara þétt girðingarnet. Það má vel vera, að það spretti eitthvað betur næst því. En stór munur yrði það aldrei, og það væri ekki breið sú rein, sem það skýldi, þannig að um væri að ræða 24% meiri grasvöxt. Ég er hræddur um, að það þurfi að bera á a. m. k. eitthvað meira til að fá þá auknu uppskeru, ekki kemur hún af sjálfu sér.

Annars ætla ég ekki að fara að rekja einstök atriði í þessari grg., en á Norður-Jótlandi talar hann um, að þar séu eingöngu nautgripir. Og það skal ég játa, að það er hægt að girða fyrir nautgripi að sumrinu, en um vetrarbeit er vanalega ekki að tala hjá þeim, nema það væru holdanaut, og þá geri ég ráð fyrir, að það yrði að girða nokkuð vel, a. m. k. í snjóasveitum, til þess að þau skemmdu ekki þessa kvistlinga.

Ég held því, að þetta verði hálfgert vandræða-frv. í framkvæmd. En það er ákaflega vinsælt að vera með öllu, hvað vitlaust sem það er, sem menn koma með, og segja já við því og biðja alltaf um gott veður hjá öllum og út af öllu. En ég sé enga ástæðu til þess að gera það í þetta skipti, og til þess að það sé ekki neinn hávaði um þetta, legg ég til í þeirri grg., sem væntanlega verður bráðlega útbýtt, að frv. verði látið sofna hér í d. Mér finnst það eiginlega lágmarkskrafa, að Búnaðarfélagi Íslands sé leyft að gera einhverjar till. um þetta, þá í sambandi við jarðræktina, en það sé ekki einhliða litið á þann áróðurspistil, sem hér er, þar sem ekkert tillit er tekið til þeirrar aðstöðu, sem íslenzkir bændur hafa til skjólbeltaræktar, og málið sé þá tekið til frekari athugunar, ef það er ekki svæft alveg til fulls á komandi árum. Ef það er svona gífurlegur gróði að rækta skjólbelti, þar sem um korn- og garðrækt er að ræða, eru þessir menn vel megnugir að gera það án þess að fá beinan styrk til þess.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Ég vil aðeins þakka hv. landbn. fyrir að hafa afgr. þetta mál með 6:1 atkv., og ég vil einnig minna minni hl., hv. 5. þm. Norðurl. v., á, að þótt hann hafi samið listaverk, sem hefur ekki enn verið útbýtt og ekki fengið að njóta sín, þá er eftir 3. umr. hér í þessari hv. d., þótt málið verði afgr. til 3. umr. í dag, og þá má vel vera, að listaverkið hafi þau áhrif á meiri hl. deildarmanna, að þeir snúist og snúist þá gegn málinu eftir að hafa kynnt sér það. Það er ekki nema gott, að menn komi með rök með eða móti málum.

Það var auðheyrt, þegar hv. 5. þm. Norðurl. v. var að tala hér áðan, að hann hafði þessa skoðun á málinu, og þá var eðlilegt og sjálfsagt, að hann héldi henni fram. Ég er hins vegar á sömu skoðun og meiri hl. hv. landbn., að þetta frv. geti orðið að gagni, og þess vegna á að samþ. það. Búnaðarþing lagði til, að það væri lagt á hilluna, með 12:9 atkv., og með allri virðingu fyrir búnaðarþingi er engin vissa fyrir því, að þessi naumi meiri hl. þar hafi haft réttara fyrir sér en þeir 9, sem vildu, að frv. gengi fram. Það er sjónarmið út af fyrir sig að fella þetta frv. inn í jarðræktarlögin, og það er vitanlega hægt, þótt seinna verði, ef það að nánar athuguðu máli þykir hyggilegt.

Ég tel, að frv. þetta, ef það verður að lögum, geti ýtt undir marga menn að hefja skjólbeltarækt, sem hefur ekki verið gert áður. Skjólbelti eru ræktuð víða í hinum norðlægari löndum. Það er víðar en á Jótlandi. Það er í Norður-Noregi, það er í Norður-Svíþjóð, það er í Norður-Finnlandi og einmitt helzt þar, sem margs konar viðkvæmur gróður á erfitt uppdráttar. Þessi ræktun á þess vegna sérstaklega erindi hingað, og það dugir ekki að segja, að menn geti gert þetta án þess að fá styrk, ef gróði sé að því. Það er vitanlegt, að sá gróði kemur ekki fyrr en skjólbeltin eru komin upp og farin að njóta sín, og þótt ég geti verið sammála hv. 5. þm. Norðurl. v., að það eigi ekki endilega að styrkja allt, getur framlag frá ríkinu til nauðsynlegra framkvæmda, sem teljast til nýjunga og ekki er fengin reynsla fyrir, orðið til þess að ýta framkvæmdinni af stað, og það er það, sem okkur vantar hér á Íslandi. Eftir meir en þúsund ára búsetu í landinu hefur lengst af verið gengið á gróðurinn. Þess vegna er sá skógur, sem talað var um hér á landnámsöld, óvíða fyrir hendi.

Hitt er svo ekki rétt, sem hv. þm. sagði hér áðan, að Ísland væri ekki skógræktarland. Ég vil ráðleggja hv. þm. að ferðast um landið og sjá árangurinn af þeim tilraunum, sem skógrækt ríkisins hefur haft með höndum undanfarin ár. Ég vil ráðleggja hv. þm. að koma í Hallormsstaðaskóg. Þar er nytjaskógur. Þar eru 10—12 metra há tré, og þar eru gildir trjástofnar, eins og sjást í skógum víða erlendis. Þar er lerki, þar er greni, þar er fura, þar er Alaskaösp, og þar er þetta stóra, beina og svera birki. Og þetta er víðar. Ég vil ráðleggja hv. þm. að koma í Haukadal og sjá skógrækt ríkisins þar, í Skorradal og á fleiri stöðum, þar sem skógræktin hefur haslað sér völl á undanförnum árum.

Það er rétt, það er varið nokkrum milljónum árlega til skógræktar. Við þurfum ekki að gera ráð fyrir því, sem erum komnir á miðjan aldur og meira, að við njótum beinnar uppskeru af því, sem við sáum til skógræktar í dag. En það er framtíðin. Það er verið að gera landið betra fyrir framtíðina. Og við skulum ekki sjá eftir því, sem við leggjum til þeirra mála, það er skylda okkar. Sú kynslóð, sem núna byggir Ísland, hefur lagt drjúgan skerf af mörkum til þess að bæta landið. Það hefur verið hafizt handa gegn eyðingu og uppblæstri með starfsemi sandgræðslunnar. Skógræktin er annar liður í ræktunarmálunum, sem þarf að fylgja landgræðslunni eða sandgræðslunni, og hin almenna jarðrækt í landinu gengur einnig út á

þetta, að bæta landið og fyrirbyggja uppblásturinn, og nú í seinni tíð hefur verið varið talsverðu fé til þess að bera á afréttarlönd og græða upp flögin og sárin þar.

Nú veit ég, að hv. 5. þm. Norðurl. v. er ræktunarmaður og skilur nauðsynina á hinni almennu ræktun. En ég veit líka, að þegar hann fer að hugsa um skjólbeltin og kynna sér þátt þeirra víða erlendis og þá sérstaklega á hinum norðlægu breiddargráðum, þá hefur hann manndóm til þess að skipta um skoðun og fylgja því, sem hann að athuguðu máli telur vera gott. Og það er þetta frv., það miðar að því að létta undir með hinum viðkvæma gróðri, gera skilyrðin betri til margs konar gróðurs og ræktunar, og það er þess vegna, sem við viljum ekki leggja þetta mál á hilluna og tefja það. Við viljum samþ. þetta frv. eins og það er, en vera svo opnir fyrir leiðréttingum seinna, eftir því sem reynslan hefur kennt okkur.

Frsm. minni hl. (Björn Pálsson): Það er ekki ástæða til þess, að ég fari að deila mikið um þetta mál við hæstv. landbrh., en ég stend við það, sem ég sagði, að það fer ekki saman sauðfjárrækt og skógrækt, hvergi í heiminum, og í þeim héruðum, þar sem er mikið um sauðfé, þar verður ekki hægt að rækta skóga nema á alveg afgirtum svæðum. Ég veit vel, að það er skógur á Hallormsstað, en það var bara alltaf skógur þar. Ég veit líka, að þeir eru farnir að planta þar niður nýjum trjátegundum á milli trjánna, af því að þeim gengur illa að rækta þau á bersvæði. Ég tók það fram áðan, að það er hægt að rækta greni og lerki og ýmislegt inni í skógum. Þetta eru nefnilega plöntur, sem þurfa skjól. En viðvíkjandi tekjunum, hvað ætli það séu nú miklar tekjur af þessum blessuðum skógum? Það væri gaman að vita það. Það er víst eitthvað grisjað þarna árlega. Ég veit ekki, hvort það er notað í girðingarstaura eða eitthvað smávegis smíðað úr því, en ég er alveg sannfærður um, að það svarar ekki kostnaði að vinna það. Það væri fróðlegt að vita um þessar tekjur.

Ég hef ekki trú á, að Ísland sé skógræktarland, en ég get tekið undir með ráðherranum, að við eigum að græða landið upp, eftir því sem hægt er. Það eigum við bara ekki að gera með skógi, nema þá okkur til gamans. Það er allt í lagi að hafa fáeinar jarðir til að rækta á skóg, en að það hafi hagnýta þýðingu, það tek ég ekki undir. Menn geta hirt vel um garða hér í kringum húsin, menn geta hirt vel um þá að sumrinu sér til gamans og heilsubótar, en menn, sem eru önnum kafnir í heyskap og fjárgæzlu, hafa ekki tíma til að fórna tíma í að hirða um stóra trjágarða. En bæjarbúar geta það vitanlega, og það getur verið bæði heilnæmt og ánægjulegt starf fyrir þá. Reykvíkingar eru víst að reyna að rækta hér skammt frá talsvert af trjám. Ég hygg, að það sé mikið af þeim dautt og líti ekkert sérstaklega vel út með þann skóg, en það eru til smávegis skógarleifar, og ef við athugum hvar þær eru, þá er það þar, sem kennir meginlandsveðráttu, þar sem vorar seint, þar er minni hætta á, að trén deyi út. Þannig er það á Hallormsstað, og þannig er það í Fnjóskadal. Það eru víss svæði í landinu, þar sem eru möguleikar á að rækta dálitinn skóg, og það er sérstaklega á þessum svæðum. En á sandgræðsluna eigum við að leggja áherzlu. Skógræktin er fyrst og fremst sport, getur verið prýði að henni, og hún getur verið ánægjuauki að vissu marki, og ég hef minnzt á það áður og álít það enn þá, að við eigum fyrst og fremst að fela byggðarlögunum að sjá um þetta. Þetta er ágætt „hobby" fyrir ungmennafélög, og sýslufélögin gætu séð um þetta. Hvers vegna græða þeir ekki upp sandana í Rangárvallasýslu með trjám? Af því að það er ekki hægt. Þeir geta sáð grasfræi í þá og borið á þá og grætt þá þannig upp, en það er ekki hægt að græða þá upp með skógi. Skógræktarskilyrðin eru nefnilega þannig hér á landi, það er hægt að láta trén lifa með sérstaklega mikilli umhirðu og veita þeim skjól, en öðruvísi ekki, og það er of dýr ræktun, til þess að hún muni svara kostnaði.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 25:1 atkv.
2.—10. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 27:1 atkv.

Á 60. fundi í Nd., 28. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Frsm. minni hl. (Björn Pálsson): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Það kom fram hjá forseta við 2. umr., að hann virtist líta á það sem eitthvað óviðeigandi, að ég lagði til, að frv. væri látið daga uppi. Forseti Sþ. leit öðrum augum á þetta og taldi þetta sérstaka háttvísi. Og það er svo, enda virðist hæstv. forseti Nd. varla hafa skilið þetta í svipinn, — ég veit, að hann er farinn að skilja þetta nú. En ég vil í þessu sambandi benda á það, að við, sem í stjórnarandstöðunni erum, getum ekki ætlazt til þess, að þm. stjórnarliðsins felli frv. fyrir ríkisstj., því að þetta er ekkert stórmál, en ef það væri um stórmál að tala, þýddi það vantraust. Þess vegna álít ég, að stjórnarandstaðan ætti að taka þennan sið upp, ef henni líkar illa frv., sem stjórnin kemur með, að fara hógværlega fram á, að þau verði látin daga uppi. Það er allt annað að koma með þetta í nál., — það er skoðun, sem kemur fram í nál., — eða bera það fram í tillöguformi, því að þá till. þarf vitanlega að bera upp, en ekki álit manns, sem kemur fram í nál. Þetta vildi ég skýra. Af því að þetta er frumlegt hjá mér, þá vildi ég benda á þetta og benda jafnframt á það, að ég held, að stjórnarandstaðan ætti yfirleitt að taka þetta form upp í stað þess að leggja til hvað eftir annað að fella frv. fyrir stjórninni. Það er aldrei gert, þýðir ekkert að fara fram á það.

Annar liður viðvíkjandi þessu er það, að það kom fram hjá hæstv. landbrh., að ég þyrfti að fara að ferðast um landið og sjá þessa glæsilegu skóga, sem hér væru. Það er satt, að ég hef ekki skoðað Hallormsstaðaskóg, en ég hef komið í skóg í Fnjóskadalnum. En svo fór ég að spyrj-

ast fyrir um skógrækt hérna sunnanlands hjá nákunnugum mönnum, eftir að ég fékk þessa áminningu. Annars hef ég ferðazt talsvert um dagana, þó að ég hafi ekki mátt vera að kíkja á öll þessi skógarrjóður hér á landi. Ég hef þó fylgzt með því, að það er yfirleitt ekki betur búið í kringum þessa skóga heldur en annars staðar. Eiginlega flæma þessir skógar bændurna hálfgert í burtu. Þeir mega ekki hafa skepnur sínar þarna í friði og annað því um líkt, og landið er gert nytjalítið. Ég fór að spyrjast fyrir um þessa skóga hér á Suðvesturlandinu. Hér uppi í Heiðmörkinni er megnið af þessum trjám dautt, sem var látið niður, og hitt sprettur lítið og illa og á víst eftir að deyja mikið af því enn þá. Á Þingvöllum er þetta orðið eitthvað á aðra mannhæð, var látið þar í einn álitlegasta blettinn, og í raun og veru er ekki nema gott um það að segja, því að þetta land var ekki notað til annars. En að það gefi einhverjar fjárhagslegar tekjur, það skuluð þið ekki ímynda ykkur. Þetta á að vera til prýði, og um það er ekki nema gott að segja.

Í þriðja lagi fór ég að spyrjast fyrir um skógræktina í Haukadal, og þar hafði það gengið þannig, að þessu var sáð í bjarkarkjarr, og það tók ég fram við 2. umr. málsins, að helzt væri hægt að halda lífi í barrskógunum þannig að sá þessu innan um björkina. Mikið af þessu er dautt, en hitt er orðið rúm mannhæðarhá tré. Mann, sem er nákunnugur þessu, spurði ég, hvort hann héldi, að þessi tré væru orðin til einhvers nýt eftir 100 ár. Hann sagði, að skógræktin væri lítils virði, ef það yrði ekki fyrr. En þetta gefur auga leið, hvort það borgar sig fyrir okkur að fórna sæmilegu landi undir skógrækt, þegar tré vaxa svona seint og verða kannske aldrei til hagnýtra hluta, og við sjáum, að það borgar sig alla vega betur að nota gott land til annars. En á slæma landinu þrífast trén ekki. Við verðum að reyna að rækta barrskógana upp í kjarri, og það er í rauninni ekkert við því að segja, að það sé gert. Það er eytt miklu fé í þetta. En ég álít, að ríkið eigi ekki að vera að leggja milljónir í þetta, heldur eigi þetta að vera ræktað fyrir heimahéruðin. Það er búið að stofna skógræktarfélög í mörgum sýslum. Við stofnuðum skógræktarfélög fyrir eitthvað 20—30 árum í Húnavatnssýslunni. Ég er ekki farinn að sjá einn einasta skóg koma upp, ekki nokkurn. Svo var gefið býli til skógræktar. Það er byrjað að sá. Það liggur á móti austri, og ég er sannfærður um, að plönturnar deyja hér um bil allar út. En það er eins og ég tók fram, það er í einstaka stað hér á landi mögulegt að rækta dálítið af trjám. Að það hafi fjárhagslega þýðingu fyrir þjóðfélagið eða viðkomandi héruð, það skulum við ekki ímynda okkur. En þetta getur verið ánægjuauki, og ég t. d. tel prýði að görðunum hér í Reykjavík. En það þarf að rækta trén upp með fádæma umönnun og í skjóli, og þá geta þau þrifizt. Það er engin planta, sem við reynum að láta vaxa hér, sem þarf jafnmikla umönnun og trén. Þannig er nú þessi skógrækt hér á Suðvesturlandinu.

En það eru raunar ekki Íslendingar eða styrkirnir, sem hafa búið til Hallormsstaðaskóg eða Vaglaskóg, heldur eru þetta fornar skógarleifar, sem gera það kleift að rækta barrtré.

Svo spurði ég að því, hvað gert væri við kjarrið í Haukadal, birkikjarrið, sem búið er að friða og ætti að stækka, en stækkar hér um bil ekki neitt, hvort ekki væri hægt að nota þetta í eldsneyti eða til einhvers. Nei, ónei, það borgaði sig ekki enn þá. Hitt veit ég, að hér í Reykjavík eru fáeinir menn, sem hafa gaman af að vera eitthvað öðruvísi en annað fólk, sem hafa arin í húsum sínum, — við sjáum það t. d. í okkar fræga Glaumbæ, að þar er arinn, og þar brenna einhverjir birkikubbar. Ég held, að þeir fái ekki mikið fyrir þetta. En þetta er ágætt, ef einhvern langar til að vera eitthvað öðruvísi en annað fólk, sem hafa arin í húsum sínum, — við sjáum það t. d. í okkar fræga Glaumbæ, að þar er arinn, og þar brenna einhverjir birkikubbar. Ég held, að þeir fái ekki mikið fyrir þetta. En þetta er ágætt, ef einhvern langar til að vera eitthvað öðruvísi en aðrir menn, að brenna einhverjum trjábútum, og þeir borga vafalaust eitthvað fyrir það. En að þetta hafi fjárhagslegt gildi, því hef ég ekki trú á.

Segja má, að það skipti ekki miklu máli, hvort þetta sé samþykkt eða ekki, vegna þess að þarna sé aðeins um heimild að ræða, samkv. fjárl., ef veitt er fé til að rækta þessi skógræktarbelti.

En það eru tvö atriði, sem ég vildi benda á í þessu sambandi, og það er í fyrsta lagi, ef bændur fara að taka upp á þessari vitleysu, sem hafa sauðfé, þá eyða þeir í þetta bæði vinnu og peningum, því að það er ekki lítill peningur, sem liggur í tvöföldum girðingum. En eins og ég lýsti við 2. umr. er útilokað að rækta þessi skógræktarbelti, þar sem sauðfé er. Ef kind kemst í skjólbeltin og skemmir þau, á að endurgreiða styrkinn. Ég held, að fáir vildu taka það á sig að líta eftir því. Það má vel vera, að einstaka maður fari að eyða peningum og vinnu í það að búa til þessar tvöföldu girðingar til að reyna að rækta þessar plöntur, sem aldrei mundu vaxa eða þrífast. Tel ég það illa farið.

Í öðru lagi, ef við samþykkjum þetta frv., eins og það liggur fyrir, sýnir það sig, að við höfum ekki vit á hlutunum. Við erum ekki með á því, hvað hægt er að gera hér í skógræktarmálum og við hvaða skilyrði trjáplönturnar þrífast. Það sýnir fáfræði okkar á okkar atvinnuvegum, ef við förum að samþykkja þetta frv. Þess vegna óska ég eftir nafnakalli, þegar frv. þetta verður borið upp við 3. umr., því að ég vil ekki binda mitt nafn við þessa flónsku. Þetta er höfuðatriðið. Enn fremur verða sífelldar deilur og rex út af þessu. Héraðsráðunautar eiga að mæla fyrir skjólbeltunum eða skógræktarstjóri og ákvarða, hvar þau verði. Nú gefur það auga leið, þar sem er um heyrækt að ræða, að skjólbeltin þvælast fyrir, þegar slegið er og heyinu er rakað saman.

Viðvíkjandi því að skjólbeltin auki grasvöxt, þá má vera, að það sé skjól að þeim 2—3 faðma. En hvaða þýðingu hefur það, þó að það sé eitthvað loðnara þar? Það er bara, að sá blettur er sprottinn úr sér og það er verra að heyja á honum. En það er hreinn barnaskapur að ætla að taka þetta upp nema í þeim tilfellum, eins og ég

benti á við 2. umr., þar sem er um garðrækt að ræða og lítil svæði og e. t. v. með kornrækt, að það gerði eitthvert gagn. Þó held ég, að með garðræktina þarna í Rangárvallasýslunni, í Þykkvabænum, að þeim gangi illa niðri við sjávarsandinn að rækta trjágirðingar kringum garðana. Ég held, að trén verði dálítið laus fyrir í fjörunni niðri undir sjónum.

Þetta er aðalatriðið. Ég held, að þetta sé hlutur sem er vanhugsaður og geti ekki orðið til mikilla nytja. En heill þeim, sem vilja rækta skóg. Þeir verða bara að gera það á annan hátt en þennan. Ef menn hafa ánægju af því að girða blett og eyða fristundum sínum í það, er það vel farið. En að bændur hafi tíma til þess, er alveg fráleitt, eða það sé fjárhagslega hyggilegt fyrir þá. Það er allt annað mál með sandgræðsluna. Það er stórt mál. Í raun og veru álít ég, að skógræktina ættum við að fá héruðunum í hendur, skógræktarfélögunum og ungmennafélögunum, ríkið ætti að hætta að skipta sér af því. En sandgræðslan er stórmál. Það ætti að beina meiri orku í það í ýmsum tilfellum. Ég hygg, að það sé tæplega nógu vel frá því gengið, þar sem verið er að reyna að rækta upp sandana á ýmsum stöðum.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 31:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já: GÞG, HÁ, DÁ, HV, IngJ, IG, JP, JR, LJós, MB, ÓL, PS, RA, SÁ, SI, SE, SvJ, AJ, ÓskJ, BGr, BF, BBen, BFB, RJ, EÁ, EOl, RG, EystJ, GuðlG, GunnG, SB.

nei: SkG, ÞÞ, BP.

GíslG greiddi ekki atkv.

5 þm. (JóhH, JSk, MÁM, EðS, GeirG) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Skúli Guðmundsson: Mér er sagt, að búnaðarþing nýafstaðið hafi fjallað um þetta mál og samþ. þar ályktun þess efnis, að rétt væri að vísa þessu máli frá. Hins vegar mun búnaðarþing vilja fá ákvæði um stuðning við skjólbelti inn í jarðræktarlögin. Og með tilvísun til þessarar afstöðu búnaðarþings segi ég nei.

Þórarinn Þórarinsson: Með tilvísun til þess, sem hv. 1. þm. Norðurl. v. sagði, segi ég nei.

Á 56. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 58. fundi í Ed., 31. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Frv. þetta um breyt. á l. um skógrækt var flutt í Nd. og hefur fengið afgreiðslu þar án breytinga. Hv. landbn. Nd. sendi málið til búnaðarþings til umsagnar. Á búnaðarþingi var samþ., að þessu máli skyldi frestað, með 12:9 atkv., vegna þess að meiri hl. búnaðarþings taldi eðlilegt að fella þetta mál inn í jarðræktarlögin. Hv. Nd. taldi ekki ástæðu til að fallast á þessa skoðun búnaðarþings, vegna þess að ef það sýndi sig, að það færi betur í jarðræktarlögunum, væri alltaf opin leið til að breyta lögunum, en að fresta málinu, þótt ekki væri meira en um eitt ár, væri ekki til gagns. Og þannig vil ég líta á málið, um leið og ég viðurkenni, að það skuli vera til athugunar, það sem meiri hl. búnaðarþings heldur fram, að þetta mál mætti fella inn í jarðræktarlögin.

En megintilgangur þessa frv. er að veita styrk á fjárlögum til þess að rækta skjólbelti. En eins og kunnugt er, er talið og reyndar reynsla fyrir því, að skjólbelti geti haft mjög mikilvæga þýðingu fyrir margs konar gróður, ekki sízt þann gróður, sem viðkvæmastur er. Þess vegna hefur skjólbeltaræktun átt sér stað um langan tíma víða um lönd og þá ekki sízt hin norrænu lönd, þar sem loftslag er kalt.

Skv. 1. gr. er sem sagt gert ráð fyrir því að veita styrk til skjólbeltaræktar, eftir því sem fé er veitt á fjárlögum.

Þá er skv. 2. gr. frv. gert ráð fyrir því, að skógræktarstjóri hafi yfirumsjón með ræktun skjólbelta. Þeir, sem koma til greina að njóta styrks, eru skv. 1. gr. ábúendur lögbýla og garðyrkjubýla, félagsbundin samtök um ræktun korns eða garðávaxta, enda sé land það, sem tekið er til ræktunar, eigi minna en 10 ha. að flatarmáli.

Þá kveður 4. gr. á um það, hvaða skilyrðum beri að fullnægja til þess að geta notið styrks. Það er þá fyrst, að skógarvörður og héraðsráðunautur hafi mælt með framkvæmdum, að fylgt hafi verið fyrirmælum skógarvarðar um legu skjólbelta og gerð þeirra, að eigandi eða vörzlumaður lands eða jarðar hafi annazt jarðvinnslu og lagt til nægan áburð skv. fyrirmælum skógarvarðar, að landsvæði það, sem vernda skal, hafi verið girt löggirðingu, sbr. 16. gr. l. nr. 3 1966, um skógrækt, að lokið sé ákveðnum áfanga gróðursetningar, sem nánar er kveðið á um í reglugerð.

Þá kveður 5. gr. á um það, að girðingarstyrk skuli aðeins miða við girðingar utan um samfellt ræktunarland.

6. gr. kveður svo á, að styrkur skv. 1. gr. megi nema allt að ⅓ af girðingarkostnaði og helmingi af andvirði trjáplantna og kostnaði við gróðursetningu.

Skv. 7. gr. er eiganda skjólbelta eða vörzlumanni skylt að fara eftir fyrirmælum skógarvarða um friðun og hirðingu þeirra.

Þetta eru meginatriði frv., og er það skoðun þeirra, sem þessum málum eru kunnugastir, að með því að lögfesta þetta frv. geti það ýtt undir skjólbeltaræktunina í landinu og orðið til þess að auka margs konar gróður, sem hefur átt erfitt uppdráttar.

Ég tel ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um málið að svo stöddu, en vil leggja til, herra forseti, að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til 2. umr. og hv. landbn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til landbn. með 14 shlj. atkv.

Á 61. fundi í Ed., 5. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 245, n. 445).

Frsm. (Bjartmar Guðmundsson): Herra forseti. Frv. þetta er viðauki við lög um skógrækt, nr. 3 1955. Helzta atriði þess er það, að ríkissjóður styrki ræktun skjólbelta undir yfirumsjón skógræktarstjóra. Til greina sem styrkþiggjendur koma ábúendur lögbýla og félög manna, sem rækta korn eða garðávexti eftir nánari fyrirmælum. Skilyrði fyrir styrkjum eru þau, að skógarvörður og héraðsráðunautur hafi mælt fyrir framkvæmdum og gert áætlanir um þær og að löndin séu girt öruggri girðingu. Gert er ráð fyrir, að nánari fyrirmæli verði gerð um þessi atriði í reglugerð. Styrkur má vera allt að ⅓ af girðingarkostnaði og hálfum kostnaði við kaup á plöntum og niðursetningu þeirra.

Ræktun skjólbelta er lítt þekkt hér á landi, en þó ofurlítið, og virðist hafa gefið allgóða raun, þar sem þetta hefur verið reynt, t. d. á Sámsstöðum í Fljótshlíð. Víða í nágrannalöndum okkar er mjög góð reynsla af skjólbeltaræktun, sem gefur mikinn uppskeruauka, eftir því sem tilraunir hafa sannað, einkanlega í kaldari löndum. Reynsla tilrauna, t. d. í Jótlandi af margra ára tilraunum og rannsóknum, er sú, að á landi, þar sem ræktað er hey eða gras til fóðurs, þá verði uppskera af landi allt að 24.1% meiri, þar sem skjólbelti hafa verið ræktuð, og um 17.1% meiri af korni og 13.4% af kartöflum og rófum.

Góð skjólbelti hér á landi ættu að geta haft meiri áhrif en þetta, vegna þess að hér er loftslag kalt og stormasamt. Þá er og mikilsvert fyrir ýmiss konar búpening að njóta skjóls af skógi.

Ég fer ekki lengra út í að rekja efni þessa frv. Það er komið frá Nd. og fékk þar einróma meðmæli landbn. og að ég hygg einróma samþykkt deildarinnar. Samkv. því, sem fram kemur á þskj. 445, hefur landbn. Ed. mælt einróma með frv. Legg ég því til, að það verði samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2.—10. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 62. fundi í Ed., 12. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 466).

---

20. Atvinnuleysistryggingar.

Á 35. fundi í Ed., 14. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 29 7. apríl 1956, um atvinnuleysistryggingar [106. mál] (stjfrv., A. 226).

Á 36. fundi í Ed., 15. febr., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.

Á 38. fundi í Ed., 18. febr., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Síðari hluta árs 1955 var hér á landi mikil vinnudeila og um leið ein sú lengsta og víðtækasta deila, sem nánast tók til landsins alls. Við lok þessarar áhrifamiklu kjaradeilu var samið um eitt mikilvægt nýmæli í kjarasamningum hér á landi. Þáverandi hæstv. ríkisstj. gaf samningsaðilum fyrirheit um að beita sér fyrir lagasetningu um, að stofnaður skyldi sérstakur atvinnuleysistryggingasjóður, sem hálfu ári seinna eða hinn 7. apríl 1956 var endanlega staðfest með lagasetningu um atvinnuleysistryggingasjóð, og eiga lög þessi því nú um þessar mundir 10 ára afmæli. Óhætt er að fullyrða, að án tilkomu þessara laga um sjóðinn hefði þá ekki verið samið um þá kauphækkun, sem endanlega var þó um samið. Af þessu tilefni vil ég gefa eftirfarandi upplýsingar, sem ég hef reynt að afla mér nú um starfsemi sjóðsins til síðustu áramóta. En til 31. des. 1965 hafði sjóðsstjórnin samþykkt verðbréfakaup og lán eins og hér segir:

1) Bréfakaup og óbein fyrirgreiðsla vegna íbúðarlána 230.6 millj. kr.
2) Hafnarbótalán 83.2 millj.
3) Til fiskiðnaðar 85.1 millj.
4) Vegna annars iðnaðar 38.2 millj.
5) Til félagsheimila verkalýðsfélaganna 26.8 millj.
6) Lán til Reykjavíkurborgar, aðallega hitaveitulán, 38.2 millj., og önnur smærri lán 13.5 millj.

Samtals hefur því sjóðurinn lánað í þessu skyni 515.6 millj. kr. En sjóðurinn stendur nú þannig í dag, að í verðbréfum eru 399.5 millj., í bönkum og lögbundnum sjóðum 237.2 millj. og í innheimtu — þar af er gert ráð fyrir, að 60% verði innheimt við reikningslok — um 100 millj. Sjóðurinn stendur því í dag skv. þessu yfirliti í 736 7 millj. kr.

Af þessu yfirliti má glögglega sjá, að sjóðurinn hefur veitt mikilsverða fjárhagsaðstoð til atvinnu- og félagsmála, — aðstoð, sem fullyrða má að hefði orðið á ýmsan veg annan, svo að ekki sé meira sagt, ef sjóðsins hefði ekki notið við.

Í þeim umr., sem fram fóru við stofnun sjóðsins hér á hv. Alþ., í dagblöðum og á mannfundum, var mikil áherzla á það lögð, að æskilegasta hlutverk sjóðsins yrði það að koma með fjárveitingum sínum í veg fyrir atvinnuleysi. Þessu hlutverki hefur sjóðsstjórnin gegnt samkv. gildandi lagaákvæðum á þann hátt, sem framangreint yfirlit ber með sér, auk sjálfra atvinnuleysisbótanna. Í upphaflegum lögum um sjóðinn, sem enn eru óbreytt að öllu öðru leyti en því, að árið 1958 var samþ. breyt. á stjórnarárið sjóðsins, var gert ráð fyrir endurskoðun laga um hann innan tiltekins tíma. Með bréfi, dags. 28 sept. 1960, skipaði báv. félmrh., Emil Jónsson, 5 manna n. til að endurskoða lögin. N. starfaði lengi og vann að mjög ýtarlegri endurskoðun á hinum einstöku ákvæðum l. Samkomulag náðist hins vegar ekki um afgreiðslu frv. N. samdi samt sem áður frv. og

skilaði því til rn. um miðjan marz 1964, en tveir nm., þ. e. fulltrúar Alþýðusambandsins og vinnuveitenda, skiluðu hvor um sig séráliti og gerðu grein fyrir sérskoðunum sínum. Þessi séráliit svo veigamikilla aðila um grundvallaratriði hafa til þessa komið í veg fyrir flutning þessa frv.

En helztu breytingar umræddS frv. frá gildandi lögum voru þessar: 1) Hálfar vaxtatekjur leggist við stofnsjóðinn. 2) Lögbinda beri reglur um ráðstöfun á handbæru fé sjóðsins. 3) Auk þeirra verkalýðsfélaga, sem l. ná nú til, skyldu þau enn fremur gilda um félög verzlunarfólks. 4) Einfaldari reglur um færslu tekna sjóðsins á sérreikninga verkalýðsfélaganna. 5) Rýmkuð skilyrði fyrir bótarétti, m. a. með breyttum ákvæðum um biðtíma. 6) Upphæð atvinnuleysisbóta verði hin sama og upphæð slysabóta. 7) Felld er niður krafa gildandi l. um ríkisábyrgð á lánum til sérreikninga, þegar stofnfé á sérreikningi er þrotið til bótagreiðslna. 8) Ýmsar minni háttar breytingar, m. a. til samræmis við skattalög o. s frv.

Svo sem fyrr er greint, er það ágreiningur Alþýðusambandsins og vinnuveitenda, sem torveldað hefur flutning þessa frv., þótt almennt feli það í sér allveigamiklar endurbætur frá gildandi l. Eðlilegt virðist að reyna enn að brúa það bil, sem þarna er á milli, en óeðlilegt er að taka upp umr. hér nú um þessi ágreiningsatriði.

Svo sem í upphafi var sagt, ólu margir með sér þær vonir, að sjóðurinn, gæti, er honum yxi fiskur um hrygg, komið með lánastarfsemi sinni í veg fyrir atvinnuleysi. Það hefur hann vissulega gert, svo sem fyrrgreint yfirlit ber með sér. Ýmsum og þá fyrst og fremst forsvarsmönnum verst stæðu sveitarfélaganna og framámönnum verkalýðsfélaga í þeim héruðum hefur hins vegar fundizt sem forsendur fyrir lánum úr sjóðnum eða sjálf lánaskilyrðin væru of bröng. Sérstaklega er þar átt við það, að engin heimild er í l. um að mega veita beina styrki eða vaxtalaus lán til þeirra staða, sem átt hafa við verulegt og langvarandi atvinnuleysi að stríða. Samkv. gildandi l. má því aðeins veita lán, að sett sé fyrir því öruggt veð eða trygging og/eða ríkisábyrgð. Staðreynd er það hins vegar, að einmitt þeir staðir, sem átt hafa við langvarandi atvinnuleysi að stríða, eru jafnframt verst settir með útvegun fullnægjandi veða eða trygginga og ábyrgða. Í umr. um það frv., sem hér liggur fyrir til umr., og aðdraganda þess hefur einnig verið bent á þann möguleika, að atvinnuleysistryggingasjóður lánaði atvinnubótasjóði slík lán upp að fyrir fram ákveðnu marki, en sá sjóður hefur lagaheimild til slíkra styrkja og gæti endurlánað hlutaðeigandi aðilum.

Niðurstaðan af hugleiðingum þessum er það frv., sem hér er nú til umr. Eins og þar kemur fram, yrði með samþykkt þess rýmkaður að nokkrum mun möguleikinn fyrir lántöku fyrrgreindra aðila, þótt viðurkenna verði, að ekki sé þar fullnægt óskum margnefndra byggðarlaga. Þá er í frv. einnig gert ráð fyrir, að fella megi niður vexti og afborganir af lánum um lengri eða skemmri tíma, og einnig, að ekki þurfi aðrar tryggingar fyrir lánum þessum en einfalda ábyrgð hlutaðeigandi sveitarfélags. Tvímælalaust er hér því um að ræða stóraukið hagræði þeirra sveitarfélaga, er undir heimild þessa falla.

Mál þetta var á undirbúningsstigi borið undir stjórn atvinnuleysistryggingasjóðs, og kom þar ekki fram sérstök andstaða við frv., eins og það er nú flutt. Vitað er, svo sem fyrr er fram komið, að ýmsar fleiri breytingar eru nauðsynlegar taldar á frv., eins og t. d. hækkun bóta vegna atvinnuleysis upp í allt að sömu upphæð a. m. k. og slysabætur, og margar fleiri breytingar hafa heyrzt nefndar. Það hefur hingað til tekizt að halda allgóðum friði um l. um atvinnuleysistryggingar og alla framkvæmd þeirra, sem er út af fyrir sig ómetanlegt. Þess vegna er a. m. k. nú af rn. hálfu ekki lagt til, að lengra sé gengið en frv. ber með sér. N. sú, sem frv. fær nú til meðferðar, gerir að sjálfsögðu sínar athuganir á málinu, og er rn. fúst til þess að veita henni þá aðstoð eða upplýsingar, sem mögulegt er.

Ég legg svo áherzlu á, að frv. fái sem skjótasta afgreiðslu, og tel ekki þörf á að ræða það efnislega frekar en þegar er gert, þar sem sjóðstjórnin er einmitt um þessar mundir að gera áætlun um útlán þessa árs og því nauðsynlegt, að hún viti sem fyrst niðurstöður málsins hér á hv. Alþ.

Herra forseti. Ég legg til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og félmn.

Björn Jónsson: Herra forseti. Ég stend ekki hér upp til þess að hafa uppi gagnrýni á þetta frv., a. m. k. ekki að svo komnu máli, enda skildist mér á ræðu hæstv. félmrh., að til greina kæmi að breyta því í nefnd, þ. e a. s. þeim ákvæðum, sem það hefur sérstaklega inni að halda, og þá aðallega á þá lund, að atvinnubótasjóður gæti orðið lántakandi ásamt öðrum aðilum. Ég mundi telja þessa breytingu til bóta, en ætla ekki að fjölyrða um það að svo komnu.

Ég álít, að það hefði vel komið til greina að ganga lengra í þessa átt, að rýmka um starfsemi sjóðsins, og hefði ekki talið það neina goðgá, þó að um beina styrki hefði verið að ræða í sambandi við það að koma í veg fyrir atvinnuleysi og styrkja uppbyggingu á þeim stöðum, þar sem sérstaklega er þörf á. En sem sagt, ég læt það bíða til betri tíma a. m. k. að ræða það frekar, þangað til þau efnisatriði, sem frv. fjallar um, hafa fengið á sig væntanlega endanlega mynd í meðferð þeirrar n., sem kemur til með að fjalla um það hér.

En í sambandi við þetta mál get ég ekki alveg stillt mig um að fara að dæmi hæstv. félmrh. og minnast örlítið á tilkomu þessa sjóðs og nokkur atriði, sem koma upp í hugann í því sambandi. Ég held, að það fari ekki á milli mála, að þegar samið var um atvinnuleysistryggingasjóð 1955, — og ég hygg, að hæstv. félmrh. muni það vel, því að hann sat í þeim samningum sem fulltrúi verkalýðshreyfingarinnar, einn af mörgum í þeirri samninganefnd, sem um þetta samdi við ríkisstj., — þá hafi a. m. k. það atriði í sambandi við atvinnuleysistryggingasjóð verið ofarlega í huga, sem lýtur að hinni beinu trygg-

ingastarfsemi, og það hafi í raun og veru, a. m. k. í fyrstunni, verið aðalatriðið. Það er að vísu alveg rétt, að sjálfsagt hafa menn haft það í huga strax frá byrjun, að hlutverk sjóðsins væri hvort tveggja í senn: sú beina tryggingastarfsemi, sem lögin fjalla um, og einnig önnur starfsemi, eins og lánastarfsemi, sem gæti komið í veg fyrir atvinnuleysi. Ég er auðvitað alveg sammála hæstv. ráðh. um það, að sú starfsemi er mikils virði. En ég held samt, að það megi ekki gleyma því, að atvinnuleysistryggingasjóður er þó samkv. öllu eðli málsins og hugsun fyrst og fremst tryggingasjóður, þ. e a. s. hann eigi að skapa öryggi í þeim tilfellum, þegar um atvinnuleysi er að ræða.

Það hefur farið svo á þeim 10 árum, sem sjóðurinn hefur starfað, ég vil segja: sem betur fer, að það hefur ekki komið til alvarlegs atvinnuleysis og greiðslur frá sjóðnum í hinu beina tryggingaskyni hafa verið ákaflega litlar. Og ég tel það reyndar athyglisvert, að þegar hæstv. félmrh. kemur hér með mjög góðar upplýsingar um það, hvernig sjóðurinn hafi starfað, minnist hann ekki á það, hvað hafi verið mikið látið úti í tryggingagreiðslum á þessu tímabili. En það stafar vitanlega af því, hvort sem þar er um gleymsku eða ásetning að ræða, að hér er um svo óverulega upphæð að ræða, að það hlýtur að leiða til þess, að menn staldri við og spyrji, hvað liði þessari raunverulegu tryggingastarfsemi, sem ég vil segja að hafi verið raunverulega fyrsta og stærsta atriðið, þegar um sjóðinn var samið. Höfuðástæðan fyrir því, að lítið hefur verið greitt úr sjóðnum í tryggingaskyni, er auðvitað þessi staðreynd, sem ég minntist á, að atvinnuleysi hefur verið lítið, hefur verið staðbundið og bundið við árstíma, en ekki um fjöldaatvinnuleysi að ræða, sem hefði getað komið verulega við sjóðinn. En einnig er nokkur ástæða fólgin í því, að lögin um atvinnuleysistryggingarnar hafa ekki verið endurskoðuð eins og lög standa til. Lögin hafa verið brotin að því leyti, og það hafa ekki af þeirri ástæðu verið gerðar neinar breytingar á tryggingabótunum á þessu 10 ára tímabili. Þær standa óbreyttar enn í dag, grunnbæturnar, sem lögin ákváðu í fyrstu, og hefur aðeins lagzt á það sú vísitala, sem gert er ráð fyrir í lögunum. En vitanlega var það svo, að þegar lögin voru sett, — og það var aðeins ætlazt til þess þá, að þau stæðu óbreytt í tvö ár eða til 1958, en þá átti endurskoðuninni að vera lokið, — þá var það sjónarmið haft að fara mjög gætilega í þetta, ákveða bæturnar mjög lágar, meðan nokkurt stofnfé væri að safnast og meðan sjóðurinn væri að styrkjast til þess að gegna því hlutverki, sem hann átti að gegna. En vitanlega var það hugmyndin áreiðanlega hjá öllum, sem um þetta mál fjölluðu, að þegar sjóðnum yxi fiskur um hrygg, yrði um verulegar hækkanir á bótunum að ræða. En það hefur sem sagt farizt fyrir að endurskoða þetta eins og önnur atriði í sambandi við löggjöfina, og ég tel, að við svo búið megi ekki standa.

Það er að vísu ágætt, að atvinnuleysistryggingasjóður hefur breytzt frá því að vera hugsaður sem tryggingasjóður gegn atvinnuleysi og í það að verða almennur fjárfestingarsjóður fyrir landsmenn. En ég hygg, að það geti farið svo, að þeir, sem gjalda til sjóðsins raunverulega hluta af kaupi sínu, eins og hæstv. félmrh. viðurkenndi með sínum orðum, — hann sagði, að það hefði ekki verið samið um það kaupgjald, það hefðu ekki verið gerðir þeir samningar, sem voru gerðir 1955, ef ekki hefði verið samið um sjóðinn, og í því felst vitanlega, að það var raunverulega fallið frá kröfum um kauphækkanir gegn því að fá ákveðna sjóði, og þetta er sömuleiðis viðurkennt með því, að á pappírnum a. m. k. eru verkalýðsfélögin skráð eigendur að sjóðnum, hvert verkalýðsfélag á sinn hlut í þessum sjóði, og þau eru raunverulega hinn eini skráði eigandi, — en ég hygg, að þó að það sé gott, að við höfum fengið öflugan fjárfestingarsjóð, kunni svo að fara, að almenningur og þá fyrst og fremst láglaunafólkið, sem greiðir í þennan sjóð hluta af raunverulegum launum sínum, það fari að hika við, hvort það sé réttmæt aðferð, ef hér er eingöngu um fjárfestingarsjóð að ræða fyrir atvinnureksturinn og fyrir sveitarfélögin, fyrir ríkið, en hins vegar ekki sjóð, sem það nýtur neinna verulegra hlunninda úr og á engan beinan aðgang að til þess að bæta sinn hag á nokkurn hátt. Ég tel, að bæturnar, eins og þær eru núna úr sjóðnum í atvinnuleysistilfellum, séu orðnar hreint hneyksli, miðað við þá stórkostlegu sjóðmyndun, sem hér er um að ræða. Bæturnar, sem nú eru greiddar úr sjóðnum, nema ekki nema kannske innan við 1/10 hluta af vaxtatekjum sjóðsins, kannske er það ekki nema 1/20, ég skal ekki fullyrða um það. En það væri fróðlegt að fá upplýsingar um, hvað það væri mikill hluti, ekki af árlegum tekjum sjóðsins, heldur aðeins af sjálfum vaxtatekjunum. En á hinn bóginn það, sem einstaklingarnir fá í sinn hlut, er nú 106 kr. á hvern virkan dag, sem fjölskyldufaðir er atvinnulaus, eða 2650 kr. á hvern atvinnuleysismánuð. Einhleypur maður fær 93 kr. á dag eða 2265 kr. Og hæstu mögulegu bætur, sem menn geta notið í atvinnuleysistilfellum, eru 120 kr. á dag, þ. e. a. s. ef börnin á heimilinu eru 3 eða fleiri, eða réttar 3000 kr. á mánuði. Ég þarf ekki mörgum orðum að því að eyða, hve langt er hægt að komast með að lifa á þessum bótum. En ég hygg, að þegar þessar upphæðir eru skoðaðar í ljósi þeirrar stórkostlegu auðsöfnunar, sem á sér stað, og sjóðmyndunar, geti menn verið sammála mér um það, að þessar bætur eru hneyksli, — þær eru hreint hneyksli. Og sagan er ekki öll sögð með þessu, vegna þess að til þess að geta öðlazt þessar lítilfjörlegu bætur þurfa menn að hafa uppfyllt það skilyrði að hafa verið atvinnulausir í a. m. k. 36 daga á síðustu 6 mánuðum og a. m. k. 9 daga af síðustu 18 dögum áður en bætur eru greiddar, þannig að bæturnar eru miklu minni en þetta á hvern raunverulegan atvinnuleysisdag, sem um er að ræða. Ef t. d. um er að ræða tveggja mánaða atvinnuleysi, eru raunverulegar bætur á hvern dag ekki nema helmingur af þessu eða röskar þús. kr. á mánuði fyrir fjölskylduföðurinn.

Ég álít, að þó að sú staðreynd blasi við, að stjórn atvinnuleysistryggingasjóðs, sem falin var endurskoðun l., hafi ekki verið fær um að ná samkomulagi um heildarendurskoðunina, megi

ekki við svo búið standa hvað bæturnar snertir og biðtímann a. m. k. Ég held, að sú staðreynd, að það hafi ekki tekið tvö ár að reyna að endurskoða lögin eins og ákveðið er í lögunum, heldur 6—7 ár, það sýni aðeins, að þeir, sem hafa fjallað um það mál, eru ekki færir um að leysa vandann, sem um er að ræða, og þar verði aðrir að koma til. Og ég held, að í þessu tilfelli a. m. k. sé Alþ. sá rétti aðili, sem á að ráða hér bót á, enda hygg ég, að þó að deilur hafi verið um margt í sambandi við starfsemi sjóðsins, hafi ekki verið svo ýkjamiklar deilur um það í sjóðsstjórninni, að bæturnar bæri að hækka. Ég fyrir mitt leyti verð þó að segja það, að ég get engan veginn fellt mig við, að bæturnar séu endilega bundnar við það að verða þær sömu og slysabætur. Vitanlega geta slysabætur líka verið allt of lágar, og hinn atvinnulausi maður er auðvitað engu bættari fyrir það, þó að bæturnar séu ekki hærri þar.

Það, sem hér er um að ræða, er það, hvort þeir, sem eiga sjóðinn, greiða í hann og hafa myndað hann með vinnu sinni, eigi að njóta þeirra réttinda, sem upphaflega voru fyrst og fremst hugsuð með tilkomu sjóðsins, eða ekki. Og ég held, að það væri miklu farsælla að leysa þetta mál á þann hátt, sem verkamenn almennt og verkalýðsfélögin mundu sætta sig við, heldur en til þess þyrfti að koma að gera það ef til vill að úrslitaatriði í sambandi við nýja samninga um kaup og kjör að fá þennan sjóð og starfsemi hans í það horf, í það lágmarkshorf, sem verkafólk getur sætt sig við. Ég geri þetta að umtalsefni hér vegna þess, að ég álít, að hér sé um svo brýnt mál að ræða, að það sé ekki sæmandi á nokkurn hátt fyrir hv. Alþ. að opna þessi lög og gera á þeim nokkrar breytingar öðruvísi en þetta mál sé tekið til gagngerðrar athugunar og á því ráðin bót.

Ég vil trúa því og hef mikla ástæðu til að álíta, að hæstv. félmrh. skilji vel, hvar skórinn kreppir að í þessu efni, sem ég hef hér gert að umtalsefni, og ég vil leyfa mér að beina þeim tilmælum til hans, um leið og ég beini þeim til þeirrar hv. n., sem fær málið til athugunar, að hún taki þetta sérstaka atriði í sambandi við löggjöfina til athugunar, og ef hún gerir það af fullri einlægni, þá er ég ekki í nokkrum vafa um, að hún kemst að þeirri niðurstöðu, að hér má ekki við svo búið standa og að þær kröfur, sem uppi hafa verið um hækkanir á atvinnuleysisbótunum, eru fullkomlega réttmætar og eiga að ganga í gegn nú þegar, hvað sem að öðru leyti líður ákveðinni heildarendurskoðun á þessum lögum.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 14 shlj. atkv.

Á 49. fundi í Ed., 14. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 226, n. 294, 295, 301).

Frsm. (Þorvaldur G. Kristjánsson): Herra forseti. Heilbr.- og félmn. hefur fjallað um frv. það, sem hér liggur fyrir, rætt um það á nokkrum fundum og orðið sammála um að mæla með samþykkt frv. með breytingum, sem lagðar eru fram á sérstöku þskj., 295. Karl Kristjánsson og Ásgeir Bjarnason áskilja sér rétt til þess að flytja eða fylgja frekari brtt., en Alfreð Gíslason telur brtt. n. ganga of skammt og hefur flutt frekari brtt. á þskj. 301.

Hér er um að ræða frv. til l. um breyt. á l. nr. 29 1956, um atvinnuleysistryggingar. Árið 1956, þegar þessi löggjöf var sett, höfðum við almannatryggingar, þar sem almenningur var tryggður gegn afleiðingum þess að missa starfsgetu sína fyrir ellisjúkdóma, slys eða örorku eða af öðrum ósjálfráðum ástæðum. En á þeirri tíð vantaði veigamikinn hlekk í okkar tryggingakerfi, og sá hlekkur var settur með setningu laga um atvinnuleysistryggingar. Með þeim lögum var almenningur tryggður gegn því, að starfsgetan yrði verðlaus, þ. e a. s. ef menn gætu ekki hagnýtt starfsorku sína, af því að um atvinnuleysi væri að ræða.

En svo mikilvægt sem það var að greiða bætur til þeirra, sem voru atvinnulausir, liggur það í augum uppi, að mikilvægast af öllu hlýtur að vera að koma í veg fyrir atvinnuleysi. Og mér sýnist, að það eigi ekki að greiða mönnum bætur fyrir það að ganga atvinnulausir fyrr en í síðustu lög, það eigi að gera flest, sem mögulegt er áður, til þess að koma í veg fyrir atvinnuleysið sjálft. Nú er það svo, að atvinnuleysistryggingalögin frá 1956 sköpuðu ekki aðeins aðstöðu til þess að greiða bætur þeim, sem yrðu fyrir atvinnuleysi, heldur sköpuðu þau að vissu leyti betri aðstöðu til þess að koma í veg fyrir sjálft atvinnuleysið. Þetta gerðist með þeim miklu sjóðsmyndunum, sem hafa orðið samkv. þessum lögum. Um síðustu áramót var talið, að eignir atvinnuleysistryggingasjóðs hefðu numið á 8. hundrað millj. kr., og árið 1964 hafði atvinnuleysistryggingasjóður tæplega 123 millj. kr. í tekjur það ár, og tekjuafgangur sjóðsins var rúmlega 120 millj.

Það gefur auga leið, að það er ekki sama, hvernig svo miklum fjármunum er varið eða hvernig þessi sjóður er ávaxtaður. Þessu gerðu menn sér þegar grein fyrir 1956, þegar lögin um atvinnuleysistryggingasjóð voru sett. Í aths. með frv. að þeim lögum sagði svo m. a., að ef um útlán geti orðið að ræða, telji n. eðlilegt, að forgangsrétt hafi lánveitingar, sem ætlaðar eru til varanlegrar atvinnuaukningar, einkum þar sem þörf er fyrir slíkar framkvæmdir. Það er greinilegt, að ég held, að það sé enginn vafi á því, að hér hefur vakað fyrir löggjafanum það sjónarmið að ráðstafa sjóðnum, eftir því sem við yrði komið, sem mest til þess að koma í veg fyrir atvinnuleysi. En í l. frá 1956 eru ströng ákvæði um þessar lánveitingar, þannig að stjórn sjóðsins er ekki heimilað að ávaxta fé sjóðsins í útlánum eða vaxtabréfum nema gegn ábyrgð ríkissjóðs eða annarri öruggri tryggingu.

En síðan þetta ákvæði var sett 1956, höfum við fengið reynslu af löggjöf þessari og það hefur komið í ljós, að þessi ákvæði um tryggingar á útlánum sjóðsins eru til trafala, þegar haft er í huga það sjónarmið að veita lánin þangað, þar sem þörfin er mest, til þess að afstýra atvinnuleysi. Þar kann það að vera, að það sé erfitt að veita fullkomnar tryggingar, og það kann einnig að vera, að það sé erfitt að greiða háa vexti

eða vexti yfirleitt af slíkum lánum, sem þessum til atvinnuaukningar. Með tilliti til þess að bæta úr þessu er frv. það, sem hér liggur fyrir, komið fram.

Í frv. þessu er lagt til, að lánaheimild sjóðsstjórnarinnar verði rýmkuð frá því, sem nú er. Í fyrsta lagi er lagt til, að þegar í hlut eiga staðir, sem við eiga að stríða verulegt atvinnuleysi, sé heimilt að veita lán, sem verði vaxtalaust eða með lágum vöxtum um lengri eða skemmri tíma. Í öðru lagi gerir frv. ráð fyrir, að sjóðsstjórninni sé heimilað að ákveða, að slík lán verði afborgunarlaus tiltekið árabil. Og í þriðja lagi er lagt til, að ekki þurfi aðra tryggingu fyrir slíkum lánum en ábyrgð hlutaðeigandi sveitarfélaga, en lán þessarar tegundar megi þó ekki nema hærri fjárhæð samtals á ári hverju en nemur fjórðungi vaxtatekna sjóðsins. Loks er svo lagt til í frv. þessu, að sjóðsstjórn skuli leita umsagnar stjórnar atvinnubótasjóðs, áður en hún veitir lán samkv. þessari lagagr., sem hér er um að ræða. Hér er aðeins gert ráð fyrir því, að atvinnubótasjóður, sem hefur það hlutverk að leysa úr vandræðum vegna atvinnuskorts, hafi aðstöðu til þess að fylgjast með þeim ráðstöfunum, sem sjóðsstjórn atvinnuleysistrygginganna kynni að gera samkv. þessari lagaheimild.

Þetta er efni frv., sem hér liggur fyrir, en eins og ég gat um áðan, var heilbr.- og félmn. sammála um að mæla með samþykkt þessa frv. og bera fram brtt., sem lagðar eru fram á þskj. 295. Skal ég nú víkja að efni þeirra tillagna.

1. brtt. gerir ráð fyrir, að 17. gr. núgildandi l. breytist og verði orðuð svo sem greinir í brtt. Hér er um að ræða breytingu frá núgildandi lögum aðeins í 1. mgr. Þar er lagt til, að ákvæðunum um biðtíma verði nokkuð breytt frá því, sem nú er, í þá átt, að bætur verði greiddar fyrr en nú er. Biðtíminn er þó 6 dagar, eins og nú er, en tímabilið, sem þessir 6 atvinnuleysisdagar eru á, er stytt úr 18 dögum í 12 daga. Þegar um er að ræða algert og samfellt atvinnuleysi, er lagt til, að heimilt sé að greiða bætur eftir 9 daga atvinnuleysi og þá frá og með 7. atvinnuleysisdegi í stað eftir 18 daga, sem nú gildir, og frá og með 16. atvinnuleysisdegi. Hér er um að ræða rýmkun bótaréttar frá því, sem er í gildandi lögum.

2. brtt. kveður svo á, að 18. gr. núgildandi laga orðist svo sem fram er tekið í brtt. 18. gr. l. fjallar um upphæð atvinnuleysistryggingabótanna. Samkv. núgildandi l. er gert ráð fyrir ákveðnu lágmarki bóta og ákveðnu hámarki. Nú er lágmarkið fyrir einhleypa kr. 46,17 á dag, en hámarkið kr. 102,33 fyrir einhleypa. Fyrir kvænta er lágmarkið kr. 58.67 en hámarkið kr. 117.34, og fyrir hvert barn kr. 12.50 lágmark og kr. 15.55 hámark. Ákvörðun bótanna á milli þessara marka fer eftir reglum, sem gert er ráð fyrir að úthlutunarnefndir setji. Í brtt. þeirri, sem hér liggur fyrir, er lagt til, að í staðinn fyrir þessi ákvæði verði bæturnar alls staðar hinar sömu og jafnháar slysadagpeningum samkv. almannatryggingal. En í því sambandi verður að gæta þess, að slysadagpeningar greiðast fyrir alla daga, helga jafnt sem rúmhelga, en atvinnuleysisbætur greiðast aðeins fyrir rúmhelga daga. Slysadagpeningar eru nú fyrir einhleypan á dag kr. 119.48, fyrir kvæntan mann kr. 135.19 og fyrir hvert barn kr. 15.72. Samkv. þessu er því lagt til, að atvinnuleysisbæturnar verði hækkaðar nokkuð. Hækkun þessi er þó ekki eins mikil og kynni að virðast í fljótu bragði, þegar þess er gætt, að úthlutunarnefndir hafa yfirleitt ákveðið bæturnar í hámarki. En bótagrundvöllur er traustari, þegar um slys er að ræða, heldur en þegar um atvinnuleysi er að ræða, svo að hærri bætur vegna atvinnuleysis en slysa koma vart til greina.

Þetta er meginbreytingin, sem felst í þessum lið brtt. frá því, sem nú er ákveðið í l. Það er enn fremur tekið fram í brtt., og það er nýmæli, að grunnupphæð að viðbættri verðlagsuppbót skuli jafnan standa á heilum eða hálfum tug króna. Hér er einungis um að ræða afgreiðsluatriði og skiptir engu raunverulegu máli fyrir upphæð bótanna.

Þá er 3. liður brtt., sem er svo hljóðandi, að aftan við 1. gr. frv., er verði 3. gr., komi ný mgr., er orðist þannig:

„Heimilt er að veita atvinnubótasjóði lán samkvæmt grein þessari án sérstakra trygginga."

Þessi till. skýrir sig sjálf. Það þótti eðlilegt og nauðsynlegt að setja ákvæði um þetta, þannig að atvinnubótasjóðurinn, sem hefur það hlutverk að vinna að atvinnujöfnun og jafnvægi í byggð landsins, sé meira en til kvaddur til að segja álit sitt um þessi efni, heldur sé veitt heimild til þess að veita honum bein lán úr atvinnuleysistryggingasjóðnum, án þess að sérstakar tryggingar séu settar. Þetta er til þess að leggja enn þá meiri áherzlu á þá viðleitni að ráðstafa atvinnuleysistryggingasjóðnum til þess að koma í veg fyrir atvinnuleysið sjálft, og hygg ég, að naumast geti verið ágreiningur um, að það sé rétt stefna, og ég skal ekki fjölyrða frekar um það.

Ég hef þá lokið við að gera grein fyrir þeim brtt., sem n. í heild fylgir. Sumir nm., eins og ég gat um áðan, hafa áskilið sér rétt til þess að koma með aðrar brtt. eða frekari brtt. eða fylgja þeim, og einn nm. hefur þegar lagt fram frekari brtt. Ég skal ekki á þessu stigi málsins tjá mig um þær. En það er augljóst mál, að það kemur margt til álita að breyta í lögum um atvinnuleysistryggingasjóðinn. Við munum það, hvernig sá sjóður varð til. Hann varð til upp úr verkfallinu mikla 1955, og það þurfti að semja þessa löggjöf með tiltölulega stuttum fyrirvara, og ég hygg, að flestir, ef ekki allir, sem tjáðu sig um frv. að atvinnuleysistryggingalögunum, þegar það var lagt fram hér á hv. Alþ., hafi einmitt talað um, að það þyrfti von bráðar eða sem fyrst að endurskoða þessi lög. Og það var gert ráð fyrir því í 22. gr. laganna, að lögin yrðu endurskoðuð eftir tvö ár. Sú endurskoðun hefur ekki enn farið fram hér á Alþ. Árið 1960 skipaði félmrh. sérstaka n. til að endurskoða lögin, en sú endurskoðun hefur ekki komið fram hér á Alþingi. Það mun ekki vera neitt leyndarmál, að það sýnist sitt hverjum í sumum atriðum um það, hvernig á að breyta atvinnuleysistryggingal.

og ég skal ekki fara út í þá hluti hér. En till. n. í heild eru ekki umfangsmeiri en raun ber vitni, vegna þess að það var talið eðlilegt að halda sér við gerð brtt. innan þeirra marka, sem talið var líklegt, að víðtæk samstaða gæti verið um.

Alfreð Gíslason: Herra forseti. Eins og nál. heilbr.- og félmn. ber með sér og hv. síðasti ræðumaður tók einnig fram, var ekki um að ræða neinn djúpstæðan ágreining innan n. um efnisatriði þessa frv. Sömuleiðis voru allir hv. nm. inni á því, að ganga bæri nokkru lengra í breytingum á l. um atvinnuleysistryggingar, og það var fyrst, þegar að því kom, hverju breyta skyldi og á hvern hátt, að nokkurs skoðanamunar gætti. Ég skal taka það fram strax, að ég er ekki andvígur brtt. heilbr.- og félmn. á þskj. 295, þótt mér hins vegar finnist þær ganga fullskammt. Þess vegna hef ég á þskj. 301 flutt brtt., sem að verulegu leyti eru svipaðs efnis og till. á þskj. 295, en ganga heldur lengra. Ég skal nú í örfáum orðum gera grein fyrir brtt. mínum á þskj. 301.

1. liður þeirra fjallar um það, að þrjár nýjar greinar komi inn í frv.:

Í fyrsta lagi, að gerð verði breyting á 15. gr. laganna. Í 15. gr. er rætt um það, hverjir eigi rétt til bóta, og þar er eitt skilyrðið það, að menn verði að sanna, að þeir hafi á s. l. 6 mánuðum verið atvinnulausir a. m. k. 36 virka daga, þar af 9 daga á síðustu 18 dögum. Þetta skilyrði finnst mér satt að segja óskiljanlega strangt. Það bætir úr að vísu, að annars staðar í l. er heimild til þess að víkja frá þessu stranga ákvæði. En ég vildi og taldi rétt að leggja það til, úr því að um breytingu á l. er nú að ræða, að þessu stranga ákvæði í 15. gr. yrði breytt og þetta skilyrði fyrir rétti til bóta haft þannig, að í stað 6 mánaða komi 3 mánuðir og í stað 36 daga komi 10 dagar.

Þá legg ég til, að 2. gr. frv. fjalli um breytingu á 17. gr. l. Aðalbreytingin, sem felst í minni till., ef miðað er við brtt. n., er í því fólgin, að ég legg til, að atvinnuleysisdagpeningar greiðist nákvæmlega á sama hátt og slysadagpeningar nú, en fyrir því er ekki gert ráð í brtt. heilbr.- og félmn. Að vísu er þar ákveðið, að upphæð bótanna, dagpeningaupphæðin, skuli vera sú sama og slysadagpeningarnir. En annar munur, sem er verulegur, er ekki lagfærður. Þegar slysadagpeningar eru greiddir, eru þeir greiddir jafnt fyrir helga daga sem rúmhelga. En samkv. l. um atvinnuleysistryggingar skulu atvinnuleysisbætur aðeins greiddar fyrir virka daga. Þennan mun vildi ég láta nema á brott nú, þegar á annað borða er verið að færa atvinnuleysisbæturnar til samræmis við slysadagpeninga. Það hlýtur að gilda alveg sama um atvinnulausa menn og atvinnulausar fjölskyldur eins og slasaða menn og þeirra fjölskyldur, að þeir þurfa einnig að lifa og nærast á helgidögum. Þetta er sú meginbreyting, sem felst í b-lið minna brtt.

Þá er einnig þar gert ráð fyrir, að niður skuli falla biðtími þeirra, sem notið hafa sjúkra- eða slysadagpeninga og verða atvinnulausir, þegar þær greiðslur falla niður. Þetta er að vísu heimilað í l., eins og þau eru nú, en mér finnst rétt, að nú sé notað tækifærið og tiltekið það, sem ég tel vera sjálfsagt, að þegar svona stendur á, skuli biðtíminn falla niður. Í l. er gert ráð fyrir, að hámarkstími bótagreiðslna sé 4 mánuðir ár hvert. Ég legg til, að sá tími sé hækkaður, þannig að hámarkstíminn verði 6 mánuðir á ári hverju.

Loks hef ég leyft mér í mínum brtt. að gera ákvæðin um brottfall bótaréttar einfaldari á þann veg, að rétturinn skuli niður falla, þegar bæturnar að viðbættum öðrum tekjum fara fram úr 75% af dagvinnukaupi verkamanna í Reykjavík. Þetta tel ég vera að gera málin einfaldari og ekki gengið á rétt neins, enda á öðrum stað og í öðru sambandi gert ráð fyrir því, að atvinnuleysistryggingabætur megi ekki fara fram úr 75% af dagvinnukaupi verkamanna að viðbættum öðrum tekjum, sem bótaþegi kann að fá.

Þá er ein brtt. mín við 18. gr., og er þar um að ræða hækkun bótaupphæða til samræmis við slysadagpeninga. Hún er mjög svipuð till. n. um sama efni, nema hvað bætur fyrir hvert barn á framfæri eru lítið eitt hærri samkv. till. minni. Enn fremur er í henni gert ráð fyrir, að grunnupphæð bóta skuli breytast í samræmi við grunnkaup Dagsbrúnarverkamanna, en ekki aðeins vera heimild til þess, svo sem nú er ákveðið í l. og einnig ráðgert í brtt. n. Ég geri ráð fyrir því, að enginn ágreiningur sé um þetta atriði, að upphæð bótanna skuli breytast í samræmi við grunnkaup Dagsbrúnarverkamanna. Og ef enginn ágreiningur er um það, hvers vegna þá ekki að láta það standa í lögunum?

Þá flyt ég loks brtt. við 1. gr. frv., eins og það er nú, brtt. þess efnis, að við gr. bætist heimild til handa sjóðsstjórninni að veita verkalýðsfélögum lán, vaxtalaus eða með lágum vöxtum, til byggingar félags- og orlofsheimila. Verkalýðsfélögin munu að vísu hafa fengið lán úr þessum sjóði til nefndrar byggingarstarfsemi, en lánin eru mjög óhagstæð fyrir verkalýðsfélögin, þ. e. a. s. þau eru veitt með venjulegum útlánsvöxtum, og eins og kunnugt er, eru þeir mjög háir nú til dags. Vaxtabyrðin er mjög þung á herðum bessara félaga, sem að sjálfsögðu eru ekki fjárhagslega sterk, og ég hefði talið það mjög vel til fallið, að verkalýðsfélögunum yrði ásamt öðrum aðilum veitt lán til byggingar yfir félagsstarfsemi sína með lágum vöxtum eða vaxtalaus með öllu. Ég skal taka það fram, að ég teldi ekkert því til fyrirstöðu í þessu sambandi, að samtök atvinnurekenda nytu sams konar kjara, ef um það væri að ræða, að þau samtök vildu byggja yfir sína félagsstarfsemi.

Ég þarf þá ekki að fara fleiri orðum, að ég hygg, um brtt. mínar á þskj. 301. En að síðustu vil ég leggja áherzlu á tvö atriði, sem þar er komið inn á. Í fyrsta lagi legg ég mikla áherzlu á, að atvinnuleysisdagpeningar séu greiddir fyrir helga daga sem virka, og í öðru lagi legg ég sérstaka áherzlu á, að verkalýðsfélögunum sé gefinn kostur á því að fá lán úr sjóðnum vaxtalaus eða með lágum vöxtum. Ég vil sérstaklega beina þessum óskum mínum til

hæstv. félagsmálaráðherra í þeirri von, að hann geti enn fengið einhverju um þokað í þessu efni.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Ég vil aðeins í upphafi til þess að fyrirbyggja frekari misskilning leiðrétta eitt lítið atriði úr ræðu frsm. heilbr.- og félmn. Það var varðandi það atriði, að þeirri endurskoðun, sem sett var á fót 1960, væri ekki lokið. Það er ekki alls kostar rétt. Þeirri endurskoðun er lokið. En hitt er rétt, sem er náttúrlega aðalatriði í hans máli, að það nál. hefur ekki komið fyrir augu alþm., einfaldlega af þeirri ástæðu, sem ég tók fram í framsöguræðu fyrir þessu frv., vegna þess ágreinings, sem var á milli mikilvægra aðila að þessari endurskoðun, þ. e. a. s. fulltrúa Alþýðusambands og vinnuveitenda, en meðal þeirra var grundvallarágreiningur um afgreiðslu málsins, og það er ástæðan til þess, að það frv., sem varð niðurstaðan af þessari endurskoðun, hefur ekki verið flutt. Og það var vitanlega aðalatriðið, sem máli skipti í sambandi við þau atriði, sem hv. frsm., 4. þm. Vestf., gat um.

Í sambandi við þær brtt., sem n. hefur hér lagt fram, vil ég lýsa ánægju minni með þær og vísa um þær að öðru leyti til framsöguræðu minnar, þar sem ég minntist á, að nauðsynlegt væri fyrr eða seinna, að þessi ákvæði l. væru endurskoðuð umfram það, sem í frv. var lagt til, og fagna ég því, að hér hefur orðið samkomulag í n. um að leggja til þær breytingar, sem fram koma á þskj. 295, og tel þær mjög í bótaátt og það fari ekki á milli mála, að þar er um miklar endurbætur að ræða frá gildandi ákvæðum og ég hygg sér í lagi meðlimum verkalýðsfélaganna í vil, enda hygg ég, að um það hafi ekki verið ágreiningur í hv. heilbr.- og félmn.

Varðandi þær brtt. aðrar, er hv. 9. þm. Reykv. leggur til á sérstöku þskj., 301, vil ég segja það, að sjálfsagt má færa fyrir þeim ýmis ágæt rök, en vil þó taka það fram, að flest af því, sem hann leggur þar til, er umfram það, sem samkomulag varð um í fyrrnefndri endurskoðun, og gengið allverulega lengra en aðilar urðu þó sammála um við þá endurskoðun, sem fram fór á tímabilinu 1960—1964. Ég hygg, að till. n. allrar séu mjög í samræmi við þær niðurstöður, sem út úr þeirri endurskoðun komu, og þar sem aðilar verkalýðshreyfingarinnar við þá endurskoðun höfðu þar á þær fallizt, tel ég, eins og á stendur nú, ekki rétt að ganga lengra en þar varð samkomulag um. Ég hygg, að það fari ekki heldur á milli mála, eins og ég gat um í minni framsöguræðu fyrir málinu, að hér væri nauðsyn á að reyna enn á það, hvort samkomulag fengist ekki milli aðila um allsherjarendurskoðun á l., og ég mun reyna að beita mér fyrir því, að sú tilraun verði gerð, þó að þarna sé um allverulegan og djúpstæðan ágreining að ræða. En ég vil aðeins, að það komi hér fram, um leið og ég þakka n. ágæt störf, að ég tel ekki rétt að ganga lengra í breytingum að þessu sinni heldur en n. leggur til, þar sem ætla má, að um þær breytingar geti orðið samkomulag. Þar með segi ég ekki, að ýmsar af þeim brtt., sem hv. 9. þm. Reykv. leggur til, geti ekki átt rétt á sér. En þar sem hér er um að ræða mjög viðkvæmt mál milli mjög mikilvægra aðila á vinnumarkaðinum, tel ég ekki rétt að ganga að sinni lengra og tel, eins og ég áðan sagði, að með samþykkt brtt. n. hafi verið gengið svo vel í leiðréttingarátt um aðalágalla l., að ég vil ekki stefna þeim endurbótum í hættu með því að leggja til, að frekari breytingar verði á þeim gerðar. Ég vona, að menn geti orðið sammála um það hér í hv. þd., að þær endurbætur, sem nefndin leggur til, séu til verulegra umbóta frá gildandi ákvæðum og þær nái fram að ganga.

Að svo mæltu endurtek ég þakkir mínar til n. fyrir afgreiðslu málsins og fagna þeim breytingum, sem n. leggur til.

Frsm. (Þorvaldur G. Kristjánsson): Herra forseti. Ég hygg, að það hafi verið smávegis misskilningur hjá hæstv. félmrh., er hann taldi, að ég hefði ekki gert mér grein fyrir því, að endurskoðun á atvinnuleysistryggingalögunum hefði farið fram. Mér var fullkomlega kunnugt um það. En það, sem ég sagði, var, að endurskoðunin hefði ekki komið fram hér á Alþ. Mér var kunnugt um, að það lá fyrir árangurinn af starfi þessarar nefndar, sem skipuð var árið 1960.

Ég hef í raun og veru ekki ástæðu til þess að fara miklu frekar út í þær umr., sem hér hafa orðið. Það er eins og hæstv. félmrh. sagði, þær breytingar, sem n. í heild stendur að, fjalla um efni, sem hefur orðið samkomulag um, og það þótti ekki rétt að fara lengra í brtt. en sem því næmi. Sumt af því, sem hv. 9. þm. Reykv. leggur til í sínum brtt., kann að hafa við nokkur rök að styðjast, og má vera, að sumt sé til bóta. Hins vegar þykir mér sumar röksemdir hans nokkuð hæpnar, og vík ég þá sérstaklega að því, eins og hann sagði, að það væri eðlilegt, að atvinnuleysistryggingabætur væru greiddar fyrir helgidaga, eins og slysabætur eru greiddar fyrir helgidaga. Ég held, að hér liggi til grundvallar þessari skoðun hjá hv. 9. þm. Reykv., að það megi leggja slys og atvinnuleysi að jöfnu. En það er langt frá því, að svo megi gera, og eftir því sem ég veit bezt, er það aldrei gert í tryggingalöggjöf. Það er jafnan litið svo á, að grundvöllur slysatrygginga sé miklu öruggari en grundvöllur atvinnuleysistrygginga. En hv. þm. segir: Þeir, sem eru atvinnulausir, þurfa líka að lifa á helgidögum. — Auðvitað er þetta rétt, og þetta hefðum við vitað, þó að læknisfróður maður hefði ekki sagt. En þetta eru engin rök í þessu máli. Þegar menn eru búnir að koma á 5 daga vinnuviku, gerum við ráð fyrir auðvitað, að verkamenn lifi hina 2 daga vikunnar, þó að þeir hafi ekki tekjur nema í 5 daga. Og atvinnuleysisbæturnar eru miðaðar við það, að þær séu það háar, að mönnum sé stoð af þeim til þess að lifa alla daga vikunnar, bæði virka daga og helgidaga.

Þetta var annar þáttur þess, sem hv. þm. lagði mesta áherzlu á. Hinn þátturinn var sá, að sjóðsstjórninni yrði heimilað að veita verkalýðsfélögunum lán, vaxtalaus eða með lágum vöxtum til bygginga félagsheimila eða orlofsheimila.

Ég efast ekki um, að þetta gæti verið gott í sjálfu sér. En ég efast um, að þetta eigi að hafa forgang, af því að ég hef þá bjargföstu trú, að meginatriðið í þessu máli og það, sem kemur launþegum bezt, sé að koma í veg fyrir atvinnuleysi. Og þó að félagsheimili séu gagnleg, tek ég hitt fram yfir, og því tel ég ekki, að það sé brýn nauðsyn að samþykkja þetta núna frekar en aðrar till., sem hv. þm. leggur fram. En það er eins og ég sagði í minni fyrri ræðu, að það er fullkomin ástæða — og það eru allir sammála um — að gera verulegar breytingar á atvinnuleysistryggingalögunum. Það eru stórgallar á þeirri löggjöf, og einn mesti gallinn eru þau ákvæði, að það skuli ekki vera einn tryggingasjóður fyrir allt landið, heldur sérreikningar fyrir hvert verkalýðsfélag. Það er stór galli, vegna þess að í þeim byggðarlögum í landinu, þar sem atvinnuvegirnir eiga í vök að verjast, þar sem atvinna er minnst og þar sem tekjur atvinnuleysistryggginganna eru þar af leiðandi minnstar, er mest þörfin fyrir að greiða bætur. Það er þess vegna ekki vansalaust að hafa atvinnuleysistryggingalöggjöfina þannig, að það skuli vera svo, að möguleikarnir til þess að greiða bætur skuli vera í öfugu hlutfalli við þörfina. Þetta er ekki vansalaust.

Ég efast ekki um, að hv. 9. þm. Reykv. vilji í sjálfu sér endurbæta þessa löggjöf, og það kann að vera, eins og ég sagði áðan, að sumt af hans brtt. stefni í þá átt. En hversu miklu þýðingarmeira væri það ekki, ef hann ynni á þeim vettvangi, þar sem ætla verður, að hann hafi aðstöðu til, að vinna þeirri skoðun fylgi að afnema sérreikninga verkalýðsfélaganna og gera atvinnuleysistryggingasjóðinn að einum tryggingasjóði fyrir allt landið? Ég hygg, að hv. þm. gerði enn þá meira gagn með því að beita sér fyrir slíkri breytingu og vinna að því, að samstaða geti orðið um slíka breytingu.

Það væri e. t. v. ástæða til þess að nefna aðra stórgalla á þessari löggjöf, en ég skal ekki fara út í þá sálma hér nema þá að gefnu tilefni.

ATKVGR.
Brtt. 301,1.a felld með 10:2 atkv.
— 301,1.b felld með 10:2 atkv.
— 295,1 (ný gr., verður 1. gr.) samþ. með 16 shlj. atkv.
— 295,2 (ný gr., verður 2. gr.) samþ. með 15 shlj. atkv.
— 301,1.c felld með 10:2 atkv.
— 301,2 felld með 10:2 atkv.
— 295,3 samþ. með 16 shlj. atkv.
1. gr. (verður 3. gr), svo breytt. samþ. með 17 shlj. atkv.
2. gr. (verður 4. gr.) samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 51. fundi í Ed., 17. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 312).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 56. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 58. fundi í Nd., 22. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Fyrir eigi alllöngu var lagt fram á þskj. 106 frv. til l. um breyt. á l. nr. 29 frá 1956, um atvinnuleysistryggingar. Það frv., sem upphaflega var lagt fram, fjallaði einungis um eitt atriði, þ. e. a. s. rýmkun á útlánareglum núgildandi laga um atvinnuleysistryggingar, en síðan hefur frv. tekið allmiklum breyt. í meðferð Ed. á málinu, svo sem þskj. 312 ber með sér, og skal vikið örlítið nánar að þeim breyt. síðar.

Á síðari hluta árs 1955 var hér á landi mikil og víðtæk vinnudeila og um leið ein sú lengsta, sem nánast tók til landsins alls. Við lok þessarar áhrifamiklu kjaradeilu var samið um eitt mjög merkilegt atriði í kjarasamningum hér á landi. Þáverandi hæstv. ríkisstj. gaf fyrirheit um að beita sér fyrir lagasetningu um, að stofnaður skyldi sérstakur atvinnuleysistryggingasjóður, sem ári seinna, eða hinn 7. apríl 1956, var endanlega staðfest með lagasetningunni um atvinnuleysistryggingasjóð, og eiga lög þessi því nú um þessar mundir 10 ára afmæli.

Óhætt mun að fullyrða, að án tilkomu þessara tillagna um sjóðinn hefði þá ekki verið samið um þá kauphækkun, er endanlega var um samið, og er því tvímælalaust, að hér var brúað bil, sem með öðrum hætti virtist þá vart mögulegt, og verkalýðshreyfingin sætti sig við mun lægri kauphækkanir vegna tilkomu þessara laga eða fyrirheits um þá lagasetningu.

Í sambandi við þessi merku tímamót í sögu þessara laga þykir mér rétt að gefa þær upplýsingar hér, að sjóðurinn hafði samþykkt lán og verðbréfakaup um s. l. áramót fyrir samtals 515 millj. og 600 þús. kr., sem voru veitt til íbúðalána, hafnarbótalána, fiskiðnaðar og annars iðnaðar, félagsheimila verkalýðsfélaganna, hitaveitulán til Reykjavíkurborgar og ýmis önnur smærri atriði. Eign sjóðsins var á sama tíma eða í árslok 736.7 millj. kr., en hins vegar höfðu atvinnuleysisbætur á þessum starfstíma sjóðsins aðeins numið 7.5 millj. kr. Af þessu yfirliti má glögglega sjá, að sjóðurinn hefur veitt mikilvæga fjárhagsaðstoð til atvinnu- og félagsmála, — aðstoð, sem fullyrða má, að orðið hefði á annan veg, ef sjóðsins hefði ekki notið við.

Í þeim umr., sem fram fóru við stofnun sjóðsins hér á hv. Alþ., og í umr. í dagblöðum og á mannfundum var mikil áherzla lögð á, að æskilegasta hlutverk sjóðsins yrði það að koma með fjárveitingum sínum í veg fyrir atvinnuleysi. Þessu hlutverki hefur sjóðsstjórnin gegnt samkv. gildandi lagaákvæðum á þann hátt, sem framangreint yfirlit ber með sér.

Í upphaflegu lögunum um sjóðinn, sem enn eru óbreytt að öllu öðru leyti en því, að árið 1958 var samþ. breyting á stjórnarskipuninni, var gert ráð fyrir endurskoðun l. eftir tiltekinn tíma.

Með bréfi, dags. 28. sept. 1960, skipaði þáv. hæstv. félmrh., Emil Jónsson, 5 manna n. til að endurskoða lögin N. starfaði lengi og vann

að mjög ýtarlegri endurskoðun á hinum einstöku ákvæðum l. Samkomulag náðist hins vegar ekki um afgreiðslu frv. Nefndin samdi samt sem áður frv. og skilaði því til rn. um miðjan marzmánuð 1964. En tveir nefndarmanna, það voru fulltrúar Alþýðusambandsins og vinnuveitenda, skiluðu hvor um sig séráliti og gerðu grein fyrir sérskoðunum sínum. Þessi sérálit svo mikilvægra aðila hafa til þessa komið í veg fyrir, að frv. þetta væri flutt. En að sjálfsögðu ber brýna nauðsyn til, að enn þá einu sinni verði reynt að ná samkomulagi um þau veigamiklu atriði, sem fólust í þessari heildarendurskoðun, og reynt verði, eftir því sem kostur er á, að koma fram frv. til staðfestingar þeirri endurskoðun. En ég held, að það sé rétt og eðlilegt, að hér komi fram þau höfuðatriði, sem í frv. þessu fólust, þrátt fyrir það, að það hafi ekki verið flutt.

Helztu breyt. umræddS frv. frá gildandi lögum voru eftirfarandi:

1) Hálfar vaxtatekjur leggist við stofnsjóðinn. 2) Lögbinda beri reglur um ráðstöfun á handbæru fé sjóðsins. 3) Auk þeirra verkalýðsfélaga, sem lögin taka nú til, gildi þau einnig um félög verzlunarfólks. Þetta ákvæði hefur nú komið til kasta síðustu kjarasamninga verzlunarfólks og því verið heitið af ríkisstj., að frá og með næstu áramótum muni aðild þeirra verða lögfest. 4) Einfaldari reglur um færslu tekna sjóðsins á sérreikninga verkalýðsfélaganna. 5) Rýmkuð skilyrði fyrir bótarétti, m. a. með breyttu ákvæði um biðtíma, en það ákvæði hefur verið tekið upp í þeim breyt., sem hv. heilbr.- og félmn. Ed. gerði á frv. frá því, sem það var upphaflega flutt, og kemur fram á þskj. 312. 6) Upphæð atvinnuleysisbóta verði hin sama og upphæð slysabóta. Til þessarar till. í frv. er einnig tekið tillit í fyrrgreindum breytingum Ed. og kemur einnig fram á þskj. 312. 7) Felld er niður krafa gildandi laga um ríkisábyrgð á láni milli sérreikninga, þegar starfsfé á sérreikningi er þrotið til bótagreiðslna. 8) Auk ýmissa minni háttar breytinga eru til samræmis við ákvæði skattal. o. fl. gerðar breytingar í frv.

Svo sem í upphafi sagði, ólu margir með sér þær vonir, að sjóðurinn gæti, er honum yxi fiskur um hrygg, komið með lánastarfsemi sinni í veg fyrir atvinnuleysi. Það hefur sjóðurinn vissulega gert, og tel ég, að það hafi verið til stórfellds hagræðis fyrir hinar ýmsu atvinnugreinar og þá ekki sízt fyrir þá staði, sem erfiðast hafa átt í þeim efnum undanfarin ár. En ýmsum og þá fyrst og fremst forsvarsmönnum verst stæðu sveitarfélaganna hefur hins vegar fundizt, að forsendur fyrir lánum úr sjóðnum, þ. e. a. s. sjálf lánsskilyrðin, væru of þröngar. Sérstaklega hefur um það verið kvartað, að þar væri engin heimild um að mega veita beina styrki eða vaxtalaus lán til þeirra staða, sem við verulegt og langvarandi atvinnuleysi eiga við að stríða. Samkv. gildandi l. má því aðeins veita lán, að sett sé fyrir því öruggt veð eða trygging og/eða ríkisábyrgð. Staðreynd er það hins vegar, að einmitt þeir staðir, sem átt hafa við langvarandi atvinnuleysi að stríða, eru jafnan verst settir með útvegun fullnægjandi veða eða trygginga og ábyrgða. Í þessum umr. fyrrgreindra aðila hefur oft verið bent á þann möguleika, að atvinnuleysistryggingasjóður lánaði atvinnubótasjóði slík lán upp að fyrir fram ákveðnu marki, en sá sjóður hefur lagaheimild til slíkra styrkja og gæti endurlánað hlutaðeigandi aðilum. Stefnt er að því með upphaflegu frv. þessu að tryggja þetta fyrirkomulag, og kemur það fram í síðustu mgr. 3. gr. frv., eins og það er nú orðið, og er m. ö. o. það upphaflega frv., sem ég minntist hér á.

Ég vona, að sú n., sem mál þetta fær hér til meðferðar, yfirfari gaumgæfilega þær aðrar breytingar, sem samkomulag gæti orðið um, en áherzla hefur verið á það lögð að reyna að ná fram sem mestri einingu hér á hv. Alþ. um þær breytingar, sem kostur væri á til bóta í starfsemi sjóðsins, því að um allt starf sjóðsins frá öndverðu hefur tekizt mikil og góð eining og hefur ríkt um þessi vandasömu mál mjög lofsverður friður, og hygg ég, að það séu allra velviljaðra manna óskir, að svo megi enn verða.

Ég lýsti því í Ed. og get endurtekið það hér, að ég fagna þeim breytingum, sem Ed. gerði á frv., og tel, að þær séu til bóta, hafði reyndar skorað á n. í upphafi í framsöguræðu að athuga einmitt sérstaklega þessi tvö atriði, hvað og gert var, og alger samstaða fékkst um þetta að lokum. Þó að brtt. hafi verið felldar við frv., þá var það endanlega afgreitt samhljóða.

Herra forseti. Ég legg til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og félmn.

Eðvarð Sigurðsson: Herra forseti. Ég vil aðeins undirstrika það, sem hæstv. félmrh. sagði hér um upphaf þessa sjóðs, atvinnuleysistryggingasjóðsins, en hann varð til, eins og hann sagði, með samningum í vinnudeilunum miklu 1955 og öllum ljóst, sem þar komu við sögu, að þær deilur hefðu ekki verið leystar, ef ekki hefði komið til m. a. samkomulagið um atvinnuleysistryggingasjóðinn. Með framlagi til atvinnuleysistryggingasjóðs af hálfu atvinnurekenda, ríkisvalds og sveitarfélaga var mætt hluta af þeim kaupkröfum, sem verkalýðshreyfingin bar fram. En hún taldi þetta mál svo mikilsvert, svo þýðingarmikið, að verulega var slegið af kröfum um kauphækkanir, þegar tryggður var framgangur þessa máls. Það má því segja, að það er hlutur, sem ég bið menn að hafa vel í huga, þegar rætt er um þennan sjóð, að þessi sjóður er eins konar geymslufé á kaupgjaldi verkafólks, sem lagt hefur verið til hliðar á þennan sérstaka hátt. Það er því ekki neitt um að villast, að verkalýðshreyfingin, verkalýðsfélögin eiga sterka hlutdeild í þessum sjóði, og það var og viðurkennt með þeim lögum, sem upphaflega voru sett um atvinnuleysistryggingasjóðinn. Þar var endurskoðunarákvæðið með þeim hætti, að lögin skyldu endurskoðuð að tveim árum liðnum í samráði við aðila, þ. e. a. s. bæði samtök verkafólksins og einnig samtök atvinnurekenda. Ég minni á þetta og þreytist aldrei á því, því að mér finnst, að það sé mikil tilhneiging til þess að líta á þennan sjóð sem hvern annan fjárfestingarsjóð í landinu, sem ríkisvaldið og jafnvel Alþ. geti farið með að sínum geðþótta

að verkalýðshreyfingunni fornspurðri. Ég vil alvarlega vara við öllum bollaleggingum í þá átt.

Um það frv., sem hér liggur fyrir, vildi ég aðeins segja það, að ýmis atriði þess eru á þann veg, að fullt samkomulag er um þau. Inn í frv. hafa verið tekin í meðferð Ed. ýmis þau atriði, sem sú n., sem félmrh. gat um og hafði lögin til endurskoðunar, varð sammála um að miklu leyti. Að vísu skal ég viðurkenna það, að ég var aldrei samþykkur þeim bótaupphæðum, sem nú hafa verið settar inn í lögin og eru miðaðar við, að atvinnuleysistryggingabætur skuli vera hinar sömu og slysabætur. Ég sé enga ástæðu til þess, að bætur úr þessum sjóði fylgi endilega einhverjum reglum um bætur úr öðrum sjóðum. Hér er um að ræða algerlega sjálfstæðan sjóð, sem aðeins er háður sínum eigin fjárhag, og ég held, að það efist enginn um það í dag, að þessi sjóður, sem á höfuðstól upp á 700 millj. kr., getur mjög vel staðið undir tiltölulega góðum bótagreiðslum, a. m. k. eins og atvinnuástand hefur nú verið hér á landi. Ég ætla ekki að gera neinn höfuðágreining um það efni. Ég hef áður tekið þetta fram og vil aðeins endurtaka, að það er skoðun mín, að það þurfi ekki að binda bætur úr atvinnuleysistryggingasjóði við, hvað greitt er einhvers staðar annars staðar úr öðrum sjóðum.

Varðandi 3. gr. þessa frv., þar sem farið er inn á nýjar brautir um lán úr sjóðnum, og það var einvörðungu um það efni, sem frv. var í sinni upphaflegu mynd, er það að segja, að um þetta mál hefur verið mikið rætt milli þeirra, sem hér hafa átt hlut að máli, og allt meginefni 3. gr. má segja, að hafi orðið samkomulagsatriði milli ýmissa aðila, sem um málið fjölluðu. Ég vil hins vegar í þessu sambandi mjög vara við því, að það verði farið inn á þá braut, sem virðist mikil tilhneiging til, að veita ekki lán úr þessum sjóði, heldur óafturkræfa styrki til ýmiss konar fyrirtækja, bæði bæjarfélaga og einstaklinga, en það hefur mjög borið á tilhneigingu til þess. Ég er algerlega andvígur því, að lán eða slíkir styrkir séu veittir úr atvinnuleysistryggingasjóði. Hins vegar tel ég, að þeim aðilum, sem sérstaklega þarf að hjálpa, eins og bæjarfélögunum víða á Norðurlandi, sveitarfélögunum, sé sjálfsagt að hjálpa með lánum til langs tíma, jafnvel vaxtalausum eða með lágum vöxtum og afborgunarlausum um skemmri eða lengri tíma. Þetta tel ég, að sé rétt að gera, en hins vegar sé ekki farið inn á þá braut að veita óafturkræfa styrki úr sjóðnum til slíkra hluta.

Niðurlagið á 3. gr., þar sem sagt er, að heimilt sé að veita atvinnubótasjóði lán samkv. þessari gr. án sérstakra trygginga, er mjög nálægt því að vera óafturkræfir styrkir, og ég verð að segja það, ég er engan veginn sammála því, að þetta ætti að vera á þennan veg, og tel, að um slík lán þyrftu að koma tryggingar, sem sjóðurinn getur tekið gildar. Við vitum, í hvað lán úr atvinnubótasjóði gjarnan geta farið, og ég mundi telja alveg óforsvaranlegt um a. m. k. mörg þau svið að fara að lána á slíkan hátt úr atvinnuleysistryggingasjóði og er alveg „prinsipielt" á móti því, að þannig lán séu veitt, sem mættu heita óafturkræfir styrkir.

Ég vildi taka þetta fram hér og svo einnig vara við því, að það sé farið þannig með fé þessa sjóðs, þó að mikið sé og menn kannske haldi, að það geti enzt í hvað sem er, — það sé farið með það á annan veg en þann, sem stjórn sjóðsins getur sætt sig við. Og ég vil sérstaklega taka það fram vegna þeirra ummæla, sem hér féllu í gærkvöld í sambandi við annað mál frá hv. 7. landsk., að hann hafði mjög mikla tilhneigingu til þess, að þessi sjóður legði álitlegar upphæðir beint í ýmsa stofnlánasjóði. Ég er andvígur því og tel, að sjóðsstjórnin eigi að hafa á hendi þau lán, sem veitt eru úr sjóðnum, þ. e. a. s. beint til þeirra aðila, sem lánin fá. Ég ætla ekki að fara frekar inn á það atriði hér. En ég vil að lokum aðeins fagna þeirri yfirlýsingu, sem hæstv. félmrh. gaf hér áðan, sem var á þá leið, að reynt mundi að koma fram þeim till. til breytinga á l., sem fólust í áliti þeirrar n., sem hafði þau til endurskoðunar. Ég satt að segja vil ekki gera mikið úr þeim ágreiningi, sem þar varð, og tel, að það hefði verið hægt alllöngu fyrr að koma öllu meginefni þeirra till. fram, og vil sem sagt mjög fagna því, ef af því verður, að veruleg tilraun verður gerð til þess að koma þeim hugmyndum fram, gera að lagaákvæðum, því að mörg þeirra eru áreiðanlega til mikilla bóta frá því, sem nú er, enda ekki óeðlilegt, að ýmis atriði þessara 10 ára gömlu laga þurfi að endurskoða.

Óskar Jónsson: Herra forseti. Ég finn ástæðu til þess að segja örfá orð í sambandi við þetta mál, sem hér liggur fyrir, frv. til l. um breyt. á l. nr. 29 7. apríl 1956, um atvinnuleysistryggingar. Tilefni þess er aðeins það, að ég vil leyfa mér fyrir hönd verzlunarstéttarinnar að þakka hæstv. ríkisstj. fyrir það, að hún átti góðan þátt í því, að verzlunarfólk fái aðild að atvinnuleysistryggingasjóðnum. Þetta hefur verið mikið áhugamál þessa fólks undanfarið. Það hefur talið sig vera vinnufólk, eins og annað fólk, sem verið hefur í samtökum A. S. Í., og fagnar því vissulega að geta nú átt von á því að eiga aðild að þessum sjóði. Þessi sjóður er mikið verðmæti í raun og veru, og það er áreiðanlega fagnaðarefni, að hann skuli byggjast upp fyrir samtök vinnandi manna í landinu og geta orðið sterk og viðamikil stoð til bjargar, þegar á liggur, í ýmsum tilfellum, svo sem honum er ætlað.

Þessi orð verða ekki fleiri frá minni hálfu að sinni, en ég álít, að þessi sjóður sé mikið verðmæti og það beri að fara um hann mjúkum höndum og með varúð, mikilli varúð, því að hann er og mun verða enn frekar í framtíðinni ómetanleg stoð við ýmiss konar uppbyggingu í landinu.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 25 shlj. atkv.

Á 62. fundi í Nd., 31. marz, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 64. fundi í Nd., 1. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 312, n. 399, 408).

Frsm. (Birgir Finnsson): Herra forseti. Það frv., sem hér um ræðir, er komið frá hv. Ed. Þegar frv. var lagt fyrir Ed., var aðalefni þess í þeirri gr., sem nú er 3. gr. þess, en í meðförum Ed. hefur verið bætt við þeim greinum, sem nú eru 1. og 2. gr.

Frv. miðar að því að veita stjórn atvinnuleysistryggingasjóðs rýmri heimildir en áður hefur verið til lánveitinga. Fram að þessu hefur stjórnin eingöngu veitt lán gegn mjög ströngum tryggingum, ef svo mætti segja, oftast nær ekki nema gegn ríkisábyrgð, en með þessu frv., sem hér liggur fyrir, er gert ráð fyrir, að þegar sérstaklega stendur á, sé hægt að víkja frá þessu og í sumum tilfellum að veita lán gegn ábyrgð sveitarsjóðs. Á þetta einkum við, þegar um það er að ræða að ráða fram úr erfiðleikum atvinnulífsins á stöðum, þar sem atvinnuleysi er. Einnig felur frv. það í sér, að heimilt verði að veita atvinnubótasjóði lán án sérstakra trygginga.

Í meðferð hv. Ed. var svo, auk þess að rýmka þannig um lánveitingar sjóðsins, bætt inn þeim tveim gr., sem ég gat um áðan, og fela þær það í sér, að bætur úr sjóðnum vegna atvinnuleysis verði nokkru ríflegri en verið hefur. En eins og kunnugt er, og ég vil segja: sem betur fer, hefur ekki komið til þess, að sjóðurinn hafi þurft að greiða neinar verulegar upphæðir vegna atvinnuleysis. Ákvæðin, sem voru í l. um það atriði, voru orðin á eftir tímanum, og ástæða til að endurskoða þau. Reyndar er það svo, að talið er, að endurskoða þurfi þessa löggjöf í heild, en ýmissa orsaka vegna hefur ekki orðið úr því, eins og hæstv. félmrh. gerði grein fyrir í framsöguræðu sinni í Ed., og þótti ekki ástæða til að taka að þessu sinni til endurskoðunar önnur atriði en þau, sem komin eru inn í þetta frv. Þó er það svo, að í meðferð heilbr.- og félmn. þessarar d. varð samkomulag um það að bera fram eina brtt. til viðbótar, og liggur hún hér fyrir á þskj. 399. Sú brtt. hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Aftan við 3. gr. komi ný mgr., svo hljóðandi:

Sjóðsstjórninni er heimilt að ákveða lægri vexti en venjulega útlánsvexti af lánum til samtaka verkafólks og atvinnurekenda til að koma upp húsnæði fyrir félagsstarfsemi sína, þar með talin lán til orlofsheimila verkafólks."

Um þessa till. var alger samstaða í heilbr.- og félmn., og mæli ég með því fyrir hönd n., að hún verði samþ.

Hér er einnig fram komin á þskj. 408 önnur brtt., frá hv. 7. þm. Reykv., sem hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Á eftir 3. gr. komi ný gr., er orðist svo:

3. tölul. í ákvæðum til bráðabirgða orðist svo:

Á meðan kjararannsóknanefnd starfar, skal kostnaður við störf n. greiddur úr atvinnuleysistryggingasjóði, enda séu fulltrúar Alþýðusambandsins í n. kjörnir hlutfallskosningu á þingum þess. Reikningar yfir slíkan kostnað skulu samþ. af forsrh.

Við 4. gr. bætist:

Jafnframt eru úr gildi fallin lög nr. 21 21. maí 1964, um breyt. á l. nr. 29 7. apríl 1956, um atvinnuleysistryggingar."

Um þessa till. hefur heilbr.- og félmn. ekki fjallað, en ég get fyrir mitt leyti lýst því yfir, að ég er henni efnislega samþykkur.

Ég sé svo ekki ástæðu til, herra forseti, að fara fleiri orðum um þetta mál, en ég leyfi mér að mæla með samþykkt frv. með þeirri breyt., sem heilbr.- og félmn. stendur að.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Frsm. heilbr.- og félmn. hefur nú gert grein fyrir málinu, og þarf ég ekki miklu við það að bæta.

Þetta frv. hefur sem sé tekið allverulegum breytingum, frá því að það var lagt fram í hv. Ed. Undirbúningur þessa máls var sá, að það var nokkuð rætt af hæstv. ríkisstj. á s. l. hausti eða öndverðum vetri, hvort hægt væri að fá samkomulag um það að rýmka ákvæði atvinnuleysistrygginganna á þann veg, að sjóðsstjórninni yrði heimilt að verja allt að ¼ hluta vaxtatekna atvinnuleysistryggingasjóðs til þess að hlaupa undir bagga með þeim byggðarlögum, sem yrðu fyrir barðinu á tilfinnanlegu atvinnuleysi og ekki fyndust úrræði til þess að bæta úr. Með því að þessi sjóður góðu heilli er orðinn allsterkur, fannst okkur, sem tókum þetta mál til athugunar fyrir hönd verkalýðshreyfingarinnar, að það væri eftir atvikum rétt að ganga inn á rýmkun á þessum ákvæðum laganna um atvinnuleysistryggingar og heimila að verja allt að ¼ af vaxtatekjum hans til þess að ráða bót á aðsteðjandi atvinnuleysi, þar sem það herjaði, og þannig nota styrkleika sjóðsins að nokkru leyti til þess að koma í veg fyrir atvinnuleysi, þar sem hann væri nú orðinn svo sterkur, að hann ætti þrátt fyrir þessa skerðingu vaxtateknanna að geta staðið við það hlutverk sitt að greiða sómasamlegar bætur, þegar menn yrðu fyrir barðinu á atvinnuleysi, og greiða þannig atvinnuleysisbætur.

En þegar málið var til meðferðar í Ed., fannst mönnum rétt að hækka bótagreiðslur, þannig að þær héldu a. m. k. gildi sínu, eins og upphaflega hefði verið til ætlazt, og sjóðurinn hefði styrkleika til þess, og á það var fallizt í Ed. Sú breyting er nú orðin á 1. gr. þessa frv. Einnig var fallizt á, að atvinnuleysistryggingabætur skuli nú verða sama upphæð og slysabætur samkv. almannatryggingalögum, og virðist það vera sanngjörn og sjálfsögð breyting líka.

Aðalbreytingin, sem í upphaflega frv. fólst, var sú, að heimilt væri að veita lán með lágum vöxtum, jafnvel vaxtalaus, og niður mætti fella um skeið afborganaskyldu hjá lántakendum, til þess að þessi aðstoð frá atvinnuleysistryggingunum kæmi að sem öruggustu gagni gagnvart hinum máttarminnstu sveitarfélögum, sem yrðu fyrir atvinnuleysi. Eftir stóð hitt, að þessi sterki sjóður, eins og allir vita, varð þannig til, að í vinnudeilu 1955 slökuðu verkalýðsfélögin nokkuð til á kaupkröfum gegn því að fá komið á fót atvinnuleysistryggingunum. Þess vegna líta nú verkalýðsfélögin þannig á, að hann sé myndaður í raun og veru af kaupi verkafólks og eigi þannig verkalýðsfélögin ríka eignarhlutdeild í þessum sterka sjóði, sem þau vitanlega fella sig mjög vel við, að sé öryggis- og hjálparsjóður þjóðfélagsins og sveitarfélaganna og fólksins, sem annars kynni að bíða óbætanlegt tjón af atvinnuleysi.

Nú var þess farið á leit, þegar málið var komið hér til hv. Nd., rætt við ríkisstj., hvort ekki væri hægt að fá samkomulag um það, að auk þeirra breytinga, sem gerðar höfðu verið á frv. í hv. Ed., yrði á það fallizt, að verkalýðssamtökin fengju lán úr atvinnuleysistryggingasjóðnum með lægri vaxtakjörum en venjulegum útlánsvöxtum, að sjóðsstjórninni yrði veitt slík heimild. Það er niðurstaða þessa máls, að um þetta fékkst samkomulag, og þegar til kasta hv. heilbr.- og félmn. kom, féllst hún einnig á þetta, þannig að nú er hér brtt. við frv. frá því, sem það var, þegar það kom frá Ed., um að heimila sjóðsstjórninni að ákveða lægri vexti en venjulega útlánsvexti af lánum til samtaka verkafólks og atvinnurekenda til þess að koma upp húsnæði fyrir félagsstarfsemi sína. Undir þessa heimild falli lán til orlofsheimila verkafólks og þá auðvitað félagsheimila, sem verkalýðsfélög eiga hlutdeild í. Ég tel þetta til stórbóta fyrir verkalýðshreyfinguna, einkum með tilliti til þeirra verkefna, sem þau hafa nú með höndum, sem sé byggingar félagsheimila víða eða þátttöku í byggingu þeirra og svo byggingar orlofsheimila, sem er stórt framtíðarviðfangsefni og rétt hafið. En við höfum fengið lán til orlofsheimilisins að Ölfusborgum úr atvinnuleysistryggingasjóði, en samkv. vaxtakjörum þeim, sem sjóðsstjórnin hefur lánað eftir að undanförnu, eru vextirnir mjög háir, milli 9 og 10%, og vaxtabyrðin af orlofsheimilinu í Ölfusborgum er núna um 600 þús. kr. á ári, allþung byrði, sem við þó kæmumst ekki hjá að þyngja verulega með áframhaldandi framkvæmdum, að svo miklu leyti sem við yrðum að gera það með lánsfé með slíkum kjörum.

Hér er sem sé opnuð heimild sjóðsstjórnar til þess að veita lán til slíkrar mannvirkjagerðar, slíkra framkvæmda með lægri vaxtakjörum en útlánsvextir eru venjulega. Ég fagna því, að samkomulag skuli hafa fengizt um þessa breytingu, og vænti þess, að það verði ekki málinu til falls, þó að þessi breyting gerist hér svo seint á tímanum, því að vissulega þykir mér líklegt, að hv. Ed., sem gerði ýmsar breytingar á frv. til bóta og ég tel sjálfsagðar, muni fallast á þessa breytingu, sem einnig er til stórbóta frá verkalýðsfélaganna sjónarmiði eða sjónarmiði alþýðusamtakanna í heild.

Ég hefði að sjálfsögðu helzt kosið að taka upp til flutnings brtt., sem fram komu í hv. Ed., en fengu þar ekki samþykki og voru felldar. En eftir að samkomulag fékkst um þetta mál, fannst mér allsendis óviðurkvæmilegt af mér að fara að taka upp breytingar, sem kynnu að verða til þess að sundra samstöðu um þetta mál, og lét þær því liggja. En þar sem ég tel, að ég hafi með því viljað greiða þessari samkomulagsleið braut, hlýt ég að hafa þá afstöðu að leggjast gegn öðrum brtt., sem fram kunna að koma eða komnar eru við þetta frv., og mun mælast til þess, að frv. verði nú afgreitt sem samkomulagsmál, eins og það nú liggur fyrir samkv. brtt. heilbr.- og félmn., því að ef einhverjir færu nú að taka upp brtt., sem kynni að verða ágreiningur um, gæti málinu öllu verið stefnt í nokkra tvísýnu og kannske orðið til þess, að frv. yrði ekki lögfest á þessu þingi. En það hygg ég, að enginn vilji gera, sem ann hagsmunum verkalýðshreyfingarinnar, og vil því vonast til þess, að frv. fái hér fljóta afgreiðslu, eins og n. nú mælir með því, og það geti þannig farið til hv. Ed. sem greiðlegast og fengið þar endanlega afgreiðslu.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.
Brtt. 408 tekin aftur til 3. umr.
— 399 samþ. með 30 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 30 shlj. atkv.
4. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 30 shlj. atkv.

Á 66. fundi í Nd., 4. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 67. fundi í Nd., 5. apríl, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 444, 408).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Brtt. 408 tekin aftur.
Frv. samþ. með 28 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 61. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að frv. væri endursent frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 63. fundi í Ed., 14. apríl, var frv. tekið til einnar umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 478).

---

21. Iðnlánasjóður (stjfrv.).

Á 55. fundi í Nd., 15. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 45 3. apríl 1963, um Iðnlánasjóð [148. mál] (stjfrv., A. 314).

Á 56. fundi í Nd., 17. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Frv. þetta til l. um breyt. á l. um iðnlánasjóð á þskj. 314 er liður í þeirri ákvörðun ríkisstj., sem lýst var yfir við byrjun þessa þings, að efla stofnlánasjóði atvinnuveganna og koma meiri samræmingu í efnahagsskipunina, sem m. a. væri í því fólgin að skapa meiri tengsl á milli þeirra stofnana, sem veittu fjárfestingarlán, og viðskiptabankanna og peningastofnana og fulltrúa atvinnulífsins.

Aðalefni þessa frv. stefnir að því að styrkja verulega iðnlánasjóðinn frá því, sem verið hefur. Megintilgangurinn er að hafa hliðsjón af aðstöðu iðnaðarins í dag. Hann stendur að vissu leyti á vegamótum. Í ýmsum iðn-

greinum eiga sér stað mjög örar og miklar tæknibreytingar. Ný viðhorf skapast við aukið verzlunarfrelsi í landinu og áform ríkisstj. um breytingar á tollalöggjöfinni, sem hún hefur lýst yfir, að hún muni gera. Hún hefur í því sambandi gert það ljóst, að hún muni veita iðnaðinum ákveðinn aðlögunartíma í því sambandi, og verður nánar gerð grein fyrir stefnu ríkisstj. í tollamálum við annað tækifæri bráðlega á þessu þingi. Til þess að mæta þessum nýju viðhorfum iðnaðarins m. a. og hlaupa þar undir bagga af hálfu hins opinbera eru þau ákvæði 2. gr. þessa frv. að koma upp nýjum lánaflokkum í iðnlánasjóði, sem hafa þann sérstaka tilgang að veita sérstök hagræðingarlán til viðbótar almennum lánum, er að mati sjóðsstjórnarinnar teldust stuðla verulega að því að auka framleiðni og bæta aðstöðu iðnfyrirtækja til þess að aðlaga sig nýjum viðhorfum vegna breyttra viðskiptahátta, svo sem tollabreytinga og fríverzlunar. Til þess að slík hagræðingarlán kæmu að verulegu gagni, var það skoðun ríkisstj., að þau þyrftu að vera til viðbótar hinum almennu lánum og með hagkvæmari kjörum, sem fælist þá í því, að þau yrðu bæði til lengri tíma og með lægri vöxtum og jafnvel afborgunarlaus fyrstu árin, þegar erfiðleikarnir í þessu sambandi eru mestir. Ef þetta átti að takast, þurfti að efla iðnlánasjóðinn. Í því sambandi er honum veitt 100 millj. kr. ný lántökuheimild, en ríkið ábyrgist skuldbindingar sjóðsins samkv. l., og jafnframt er gamla lántökuheimildin, sem var 100 millj. kr., hækkuð upp í 150 millj. kr. En af þeirri almennu lántökuheimild hafa nú verið notaðar 66.5 millj. kr.

Jafnvel þó að hinum nýja lánaflokki væri útvegað lánsfé, gat hann tæplega undir því risið að veita það lánsfé með lægri vöxtum og til lengri tíma og afborgunarlaust fyrst í stað, nema sérstakar ráðstafanir væru gerðar til að mæta þeim byrðum, sem þannig væru lagðar á iðnlánasjóð að lána út fé með hagkvæmari kjörum en hann sjálfur kynni að fá það lánað. Í þessu skyni og jafnframt til þess að styrkja iðnlánasjóðinn almennt er ákvæði 1. gr. frv., en í því felst að breyta ríkissjóðsframlaginu, sem verið hefur 2 millj. kr., í 10 millj. kr. Með þessu móti styrkist sjóðurinn verulega á skömmum tíma og verður þess umkominn að taka á sig nokkrar byrðar vegna mismunar á lánum, sem sjóðurinn tekur og kann að veita. Með þessari verulegu eflingu iðnlánasjóðs er haldið áfram þeirri þróun, sem átt hefur sér stað á undanförnum árum, því að eftir að lögin frá 1963 voru sett um iðnlánasjóð, hefur orðið gerbylting í starfsemi hans og aðstöðu hans til lánveitinga. Kemur þetta greinilega fram af þeim upplýsingum, sem gefnar eru í grg. frv.

Framlög ríkissjóðs hafa aldrei verið há til iðnlánasjóðs, aðeins nokkrir tugir þús. fyrst í stað og aldrei hærri en 2 millj. kr., sem byrjað var á 1960, og þannig hafa framlög ríkissjóðs til iðnlánasjóðs í heild numið um 20 millj. kr. En með l. frá 1963 var iðnlánasjóði veitt ný tekjuöflun með iðnlánasjóðsgjaldinu, 0,4% iðnlánasjóðsgjaldi, sem iðnaðurinn sjálfur greiðir, og það hefur orðið veruleg tekjulind fyrir sjóðinn, var á fyrsta árinu, hluta af ári 1963, 4.2 millj. kr., árið 1964 12.9 millj. kr. og s. l. ár 15.9 millj. kr. Og það má ætla, að þetta gjald verði á þessu ári 17—18 millj. kr. Iðnlánasjóðsgjaldið hefur þannig, frá því að það var upp tekið 1963, veitt iðnlánasjóði 33 millj. kr. Á sama tíma hefur ríkisstj. veitt iðnlánasjóði atbeina um lánsfé, og hefur iðnlánasjóður fengið lánað af svokölluðu PL-480 fé 50.5 millj. kr. síðustu árin og úr bankakerfinu 16 millj. kr. á s. l. ári eða samtals 66.5 millj. kr. Með þessari eflingu iðnlánasjóðs hefur alveg skipt um möguleika hans til útlána og ráðstöfun á fé sjóðsins. Hann var þannig bær um að lána á s. l. ári rúmar 58 millj. kr., 50 millj. kr. 1964 og 38 millj. kr. 1963, eða milli 140 og 150 millj. kr. á þessum þremur síðustu árum. Áður hafði sjóðurinn verið vanmegnugur. 1962 voru heildarútlán 13.9 millj. kr., 1961 9.7 millj., 1960 4.2 millj. og áður þaðan af minna, á árunum 1956—1959 rúmar 2 millj. kr. á ári.

Í þessu sambandi er veigamikið að gera sér grein fyrir, að Framkvæmdabanki Íslands hefur verulega aukið útlán sín til iðnaðarins á s. l. árum. Ég vek sérstaklega athygli á þessu vegna þess, að fyrir þinginu liggur frv. um, að Framkvæmdabankinn verði lagður niður og við verkefnum hans taki Framkvæmdasjóður Íslands, og Framkvæmdasjóði Íslands er ætlað það hlutverk að lána fjárfestingarlánasjóðunum fé. Þá verður að ætla, að hliðsjón verði höfð af lánveitingum Framkvæmdabankans til iðnlánasjóðs, þegar að því kemur að taka ákvarðanir um það á næsta ári, hvað Framkvæmdasjóðurinn telur eðlilegt að lána til iðnlánasjóðsins. En Framkvæmdabankinn hefur lánað til iðnaðar á s. l. 5 árum þetta frá 24 og upp í nærri 43 millj. kr. Það er miklu meira hlutfallslega en lánað var til iðnaðar á fyrstu árum bankans, því að heildarlán bankans til iðnaðar, frá því að hann var stofnaður 1953, eru 207.8 millj. kr., og af því verður ljóst, að fram til ársins 1962 hafa þá aðeins verið lánaðar tæpar 8 millj. kr. til iðnaðarins á 9 ára tímabili, frá því að bankinn hóf starfsemi sína. Þetta er veigamikið atriði að leggja áherzlu á í sambandi við þær ákvarðanir, sem síðar kunna að verða teknar um lánveitingar Framkvæmdasjóðsins til stofnlánasjóða atvinnuveganna og þá iðnlánasjóðs.

Ég held ekki, að ég þurfi að hafa miklu fleiri orð um þetta frv. og skýrt sé fram komið, hvað fyrir ríkisstj. vakir með flutningi þess. Það er í stórum dráttum að efla iðnlánasjóðinn almennt verulega og efla hann alveg sérstaklega með hliðsjón af þeim viðfangsefnum, sem iðnaðurinn þarf nú að horfast í augu við. Íslenzkur iðnaður hóf göngu sína sem veikur stofn á þeim tímum, þegar hér voru mikil verzlunarhöft, skömmtun og takmarkaður gjaldeyrir landsmanna. Og það verður tæpast talið, að þetta hafi verið hollar aðstæður til þess að vaxa upp við. Hitt er ljóst, að iðnaðurinn er einmitt af þessum sökum og var að ýmsu leyti vanbúinn að taka á móti auknu verzlunarfrelsi og þar af leiðandi aukinni verzlunarsamkeppni. Ég vil taka það fram í þessu sambandi, að fram til þessa hafa engir tollar verið afnumdir, sem iðnaðinum eru til óhagræðis. Hann hefur þurft að mæta vissum erfiðleikum í sambandi við aukna frí-

verzlun og þar af leiðandi aukna samkeppni, en tollarnir, sem lækkaðir hafa verið fram til þessa, eru iðnaðinum eingöngu til hagræðis. Það hafa verið lækkaðir tollar á vélum til iðnaðarins úr 35% niður í 25% og niður í 15%. Það hafa verið gefnar heimildir til þess að létta af tollum á innflutningi dráttarbrauta, og tollum hefur verið létt af innfluttum vélum til niðursuðu fiskafurða til útflutnings. Fram til þessa hafa þess vegna þær aðgerðir, sem átt hafa sér stað í tollamálunum, eingöngu verið iðnaðinum til hags. Hvernig hins vegar iðnaðinum muni takast að mæta aukinni erlendri samkeppni við aukna fríverzlun og minnkandi tollvernd, skal ég ekki segja um. Það er augljóst mál, að eftir því sem okkur auðnast að létta af tollunum, sköpum við möguleika til ódýrari vöru í landinu, sem ætti að stuðla að því að draga úr verðbólgunni hérlendis.

Við höfum dæmi um það frá Noregi, að aukin fríverzlun þar, meira verzlunarfrelsi og algert afnám tollverndarinnar varð til þess, að iðnaðurinn tók stórstökk fram á við til aukinnar þróunar og miklu meiri en menn höfðu gert sér vonir um eða talið, að þeir gætu búizt við. Nú skal ég ekki fullyrða um það, að aðstæðurnar séu með öllu þær sömu hér hjá okkur og Norðmönnum, og brestur mig kunnugleika til þess. Ríkisstj. vill þess vegna fara hér með gát, veita iðnaðinum ákveðinn aðlögunartíma og á þann hátt, að hann viti, hversu langur hann er og að hverju stefnir, og á sama tíma að veita iðnaðinum sérstakan stuðning, eins og hún hefur reyndar heitið honum með aukningu og eflingu stofnlánasjóðs iðnaðarins, iðnlánasjóðs.

Það hefur komið greinilega í ljós frá samtökum iðnrekenda, að þeir telja sig reiðubúna til þess að mæta aukinni erlendri samkeppni og telja í raun og veru ekki nema til góðs eins, að aukin fríverzlun skapist hér á landi, og það muni stuðla að því að skapa meiri samkeppni, skapa betri framleiðslu og til lengdar verða til þess að styrkja þessa atvinnugrein. Hins vegar hafa þeir bent á, að þeir þurfi vissan aðlögunartíma og telji nauðsynlegt, að það opinbera veiti þeim vissa aðstoð og vissa hjálp, m. a. á því sviði, sem þetta frv. fjallar um. Ég vona, að ríkisstj. mæti með þessu frv. óskum, sem fram hafa komið af hálfu iðnrekenda og fyrirsvarsmanna þeirra og frv. megi verða til þess að styrkja og efla íslenzkan iðnað sem eina af okkar aðalatvinnugreinum.

Ég vil svo leyfa mér að leggja til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og iðnn.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Þetta frv. staðfestir það, sem ég og fleiri hafa haldið hér fram, að sú breyting, sem gerð var á iðnlánasjóðslögunum 1962, hafi gengið of skammt. Það sést bezt á því, að nú leggur hæstv. ríkisstj. fram frv., þar sem gert er ráð fyrir verulega meiri eflingu iðnlánasjóðs en á þinginu 1962. Ég hygg samt, að það sé ekki ofmælt, þó að sagt sé, að hér sé einnig of skammt gengið. Ég vil í því sambandi benda hv. þd. á annað frv. um iðnlánasjóð, um breyt. á l. um iðnlánasjóð, sem nýlega hefur verið lagt fram í þessari hv. d. Þar er gert ráð fyrir verulega meiri aukningu á starfsfé iðnlánasjóðs en í þessu frv. Meginmunurinn á þessu frv. og því, sem ég og nokkrir aðrir þm. hafa flutt, er sá, að í þessu frv. er gert ráð fyrir að hækka framlag ríkisins til iðnlánasjóðs úr 2 millj. í 10 millj. kr., en í því frv., sem ég flyt ásamt nokkrum öðrum hv. þm., er gert ráð fyrir, að framlag ríkissjóðs verði jafnhátt tekjum þeim, sem sjóðurinn fær af gjaldi því, er iðnaðurinn greiðir til hans samkv. 1. tölul. í 5. gr. laganna. Eins og upplýst er í grg. þessa frv., námu þessar tekjur, þ. e. það, sem iðnaðurinn greiðir sjálfur til sjóðsins, á s. l. ári um 15 millj. kr., en gert er ráð fyrir, að þær nemi á þessu ári, eins og hæstv. ráðh. upplýsti hér rétt áðan, milli 17 og 18 millj. kr. Samkv. okkar frv. mundi því framlag ríkisins til iðnlánasjóðs hækka í 17—19 millj. kr. á þessu ári, í stað þess að það hækkar aðeins um 10 millj. og þó má gera ráð fyrir, að þessi munur verði enn þá meiri á næstu árum. Ef þróunin verður eitthvað lík því, sem hún hefur verið, kemur þetta gjald, sem iðnaðurinn greiðir til sjóðsins, til með að hækka árlega. Hér er að sjálfsögðu um talsverðan mun að ræða.

En með þessu er þó ekki öll sagan sögð, og það sjá menn bezt með því að líta í það frv. um fiskveiðasjóð, sem ríkisstj. hefur lagt fram nokkurn veginn samtímis því frv., sem hér liggur fyrir. Í frv. um fiskveiðasjóð er gert ráð fyrir, að ríkisframlagið verði jafnhátt og tekjur fiskveiðasjóðs verða af útflutningsgjaldi hverju sinni. Það hefur verið krafa iðnaðarmanna, bæði iðnrekendasambandsins og Landssambands iðnaðarmanna, að iðnaðurinn nyti í þessum efnum jafnréttis við aðra atvinnuvegi, að til stofnlánasjóðs hans yrði greitt jafnhátt tillag og iðnaðurinn sjálfur greiðir til sjóðsins, alveg eins og á sér stað bæði í sambandi við fiskveiðasjóð og stofnlánadeild landbúnaðarins. Þessi tvö frv., sem ég nú nefndi, þetta frv. og frv. ríkisstj. um fiskveiðasjóð, sem lagt er fram nokkurn veginn samtímis, sýnir, að hér er verið að gera upp á milli atvinnuvega. Iðnaðurinn er ekki látinn hafa sama rétt og sjávarútvegurinn. Það er enn haldið áfram þeirri gömlu venju að líta á hann sem einhvern 2. flokks atvinnuveg við hliðina á sjávarútvegi og landbúnaði. Þessu þarf vissulega að breyta, því að iðnaðurinn er þegar orðinn svo þýðingarmikill hér á landi og á þó eftir að verða þýðingarmeiri, að það er ekki nema sjálfsagt jafnréttismál, að honum sé í hvívetna tryggð sams konar aðstaða og öðrum öndvegisatvinnuvegum þjóðarinnar. Þess vegna felst í því frv., sem ég og nokkrir aðrir þm. hafa lagt fram um iðnlánasjóð, ekki aðeins það, að það er lagt til, að ríkisframlagið verði verulega hærra, heldur einnig það, sem er ekki síður mikilvægt, að iðnaðinum sé í þessum efnum tryggð jafnréttisaðstaða við aðra atvinnuvegi. Ég vildi því vænta þess, fyrst hæstv. ríkisstj. hefur nú fallizt á það að gera nokkrar endurbætur á tekjuöflun iðnlánasjóðs, að hún gangi svo langt, að sjóðnum verði í þessum efnum veitt full jafnréttisaðstaða við aðra atvinnuvegi.

Þá er rétt að víkja að því, að í þessu frv. ríkisstj. felst sú nýbreytni, að gert er ráð fyrir sér-

stakri lántöku fyrir sjóðinn og verði því fé, sem honum aflast þannig, varið til sérstakra hagræðingarlána. Ég vil í þessu sambandi benda á það, að fyrir nokkru hafa framsóknarmenn í Ed. lagt fram frv. um framleiðnilánadeild við Framkvæmdabanka Íslands, sem er ætlað líkt hlutverk og þetta. Það frv. hefur reyndar verið áður flutt hér á Alþ., en ekki náð þá fram að ganga. Samkv. því frv. er ætlazt til, að tryggðar verði 800 millj. kr. 10 næstu árin til að veita atvinnuvegunum svipuð hagræðingar- og framleiðnilán og gert er ráð fyrir í þessu frv., að iðnlánasjóður verði gerður fær um að veita iðnaðinum að nokkru leyti. Ég held, að það sé óhjákvæmilegt að taka þetta upp, ekki aðeins í sambandi við iðnaðinn, heldur líka aðra atvinnuvegi, og þess vegna megi það, sem hér er lagt til í sambandi við iðnlánasjóð, ekki verða til þess að torvelda framgang frv. framsóknarmanna um framleiðnilánadeildina. Það er tvímælalaust jafnmikil þörf fyrir framgang þess máls, þó að það atriði verði samþ., sem felst í þessu frv. um sérstök hagræðingarlán.

Þá vil ég víkja að því, sem ég tel ekki síður þýðingarmikið, að þó að unnið sé að því að bæta úr stofnlánaþörf iðnaðarins, eins og gert er með þessu frv. að nokkru leyti, er ekki síður þörf að bæta úr rekstrarlánaþörf hans. Hún er kannske enn þá meiri og tilfinnanlegri en jafnvel sjálf stofnlánaþörfin. Í því sambandi vil ég minna á till., sem við nokkrir framsóknarmenn höfum flutt á þingi nú og reyndar oft áður, þess efnis, að Seðlabankinn endurkaupi hráefna- og framleiðsluvíxla af iðnaðinum með líkum hætti og hann kaupir slíka víxla af sjávarútvegi og landbúnaði. Það þarf ekki að rekja það, því að það er öllum hv. þm. kunnugt, hve stórkostlega rekstrarkostnaður atvinnuveganna hefur aukizt á undanförnum árum, og það hefur að sjálfsögðu aukið þörf þeirra fyrir rekstrarlán. Þó að rekstrarlán til iðnaðarins hafi nokkuð farið hækkandi á undanförnum árum, nægir það hvergi nærri til að mæta þessari vaxandi þörf. Auk þess kemur það til viðbótar, að þegar íslenzkar iðngreinar þurfa að fara að keppa við erlendar iðngreinar í vaxandi mæli, eykst þessi lánaþörf enn meira, sem liggur í því, að erlend iðnaðarfyrirtæki geta veitt kaupendunum oft og tíðum svo og svo langa lánsfresti, en það getur íslenzkur iðnaður ekki gert, nema hann fái tilsvarandi aðstoð frá ríkisvaldinu eða bönkunum til þess að veita slík lán. Ég hygg þess vegna, að það, sem nú sé kannske einna mest aðkallandi hjá iðnaðinum, auk þess sem bætt er úr þörf hans fyrir aukin stofnlán, sé einmitt þetta, að það sé bætt úr hinni miklu þörf hans fyrir stóraukin rekstrarlán og það verður ekki gert með öðrum hætti en þeim, að Seðlabankinn leysi úr þessum vanda hans, líkt og hann leysir úr vanda sjávarútvegs og landbúnaðar. Því hefur að vísu verið haldið fram hér í d. eða í sameinuðu þingi, að það sé í raun og veru búið að bæta úr þessari þörf með einhverjum reglum, sem Jóhannes Nordal hefur samið um, að Seðlabankinn veiti iðnaðinum slíka aðstoð eða endurkaupi af honum slíka víxla. En þær reglur eru svo furðulega saman settar og skringilega útbúnar, að þær veita iðnaðinum enga úrlausn í þessum efnum, og þess vegna tekur því ekki, að á þær sé minnzt. Það þarf allt annað og miklu meira að gera fyrir iðnaðinn í þessu sambandi heldur en felst í þessum reglum Jóhannesar Nordals. Ég vil þess vegna nota þetta tækifæri til að skora á hæstv. ríkisstj. að vinna nú einnig að því að leysa úr rekstrarlánaþörf iðnaðarins með því að fallast á þá till., sem fyrir þinginu liggur í þessum efnum og í raun og veru er ekki annað en endurnýjun á gömlum þingvilja, því að till. um þetta efni var einmitt samþ. hér fyrir 8 árum eða nokkru áður en vinstri stjórnin fór frá völdum og hefði vafalaust verið framkvæmd þá, ef sú stjórn hefði farið lengur með völd og sá ráðh., sem fór með bankamálin í þeirri stjórn, hefði ekki sýnt sérstaka tregðu í því að framkvæma þetta mál. En það er sannarlega kominn tími til þess, að þingviljinn fái að njóta sín í þessum efnum, því að ég trúi ekki öðru en hann sé fyrir hendi og Seðlabankanum sé ekki látið haldast það uppi að sýna þá tregðu í þessum efnum, sem skaðar nú iðnaðinn kannske meira en nokkuð annað.

Eðvarð Sigurðsson: Herra forseti. Það eru eflaust allir sammála um, að það er mikil þörf fyrir að auka lánastarfsemina við iðnaðinn, bæði hvað snertir stofnlán og eins rekstrarlán. Hins vegar geta að sjálfsögðu verið deildar skoðanir um, hve mikið eigi að gera hverju sinni. Ég held, að það fari ekki á milli mála, að það frv., sem hér liggur nú fyrir, er til bóta og stefnir í rétta átt í þessum efnum, bæði með auknu framlagi af ríkissjóðs hálfu og einnig með því, að heimildir til lána eru verulega rýmkaðar. Alþb. mun þess vegna styðja þetta mál og veita því brautargengi hér í þinginu, og ég tel óþarft að hafa um það mörg orð, en vil aðeins lýsa yfir, að Alþb. mun styðja þetta frv.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti, Ég vil þakka hv. 3. landsk. þm., sem hefur lýst því yfir fyrir hönd Alþb., að það muni styðja þetta frv. og fylgja því fram, og tel ég það mikið til gildis, að um það skapist sem mest samstaða og beztur skilningur í þinginu.

Ég sé ástæðu til þess að taka tvö atriði fram í sambandi við ræðu hv. 5. þm. Reykv., og það er aðeins til leiðréttingar, að öðru leyti skal ég ekki fara sérstaklega út í þá ræðu.

Hv. þm. sagði, að þetta frv. sýndi það, að verið væri enn að gera upp á milli atvinnuveganna, og það væri meginefni málsins, að skv. þessu frv. nyti iðnaðurinn ekki jafnréttis við sjávarútveg og landbúnað, þar sem ríkissjóðsframlagið væri afmarkað 10 millj. kr., en ríkið legði fram á móti útflutningsgjaldi til fiskveiðasjóðs jafnháa upphæð og jafnháa upphæð til stofnlánasjóðs landbúnaðarins gegn framlagi bændanna þar. Þetta eru ekki sambærilegar aðstæður, og það fær ekki staðizt, að það sýni, að hér sé um misrétti að ræða milli atvinnuveganna, og þetta verða menn að gera sér ljóst. 1% gjaldið hjá bóndanum er tekið af tekjum bóndans og fer ekki undir nokkrum kringumstæðum inn í verðlagið. Verði útflutn-

ingsafurða okkar geta útflytjendurnir ekki ráðið, þeir eru þar háðir samkeppninni á hinum erlenda markaði og að þessu leyti einnig er ósambærileg aðstaða útflutningsins og iðnaðarins. Það er engum greiði gerður með því að reyna að villa sýn í þessu sambandi.

Hv. þm. sagði, að fyrirsvarsmenn iðnrekenda og Landssambands iðnaðarmanna hefðu gert kröfur um það, að iðnaðurinn fengi að þessu leyti að njóta jafnréttis, og það er rétt, að bæði þessi samtök hafa gert ályktanir þess efnis, að til þess að njóta jafnréttis við sjávarútveg og landbúnað þurfi framlag ríkissjóðs að vera jafnt iðnlánasjóðsgjaldinu. Ég hef rætt við fyrirsvarsmenn beggja þessara aðila, Landssambands iðnaðarmanna og iðnrekenda, og leitt þeim fyrir sjónir, að þetta er ekki sambærilegt og krafa þeirra er byggð á misskilningi, og ég veit ekki betur en þeir hafi fallizt á þessi sjónarmið við nánari athugun. Þetta vildi ég benda á, og ég vona, að hv. þm. fallist einnig á þessa skoðun, því að ég tel ekki, að við gerum iðnaðinum á nokkurn hátt gagn með því að telja honum trú um, að hann njóti ekki jafnréttis vegna einhverra aðstæðna, sem í sjálfu sér sýna ekki eða sanna ekki, að hann njóti ekki jafnréttis, eða að honum sé eitthvað mismunað miðað við aðrar stéttir. Hér er ólíku saman að jafna og ég er sannfærður um það, að hv. 5. þm. Reykv. við nánari athugun áttar sig á því.

Hann lagði mikla áherzlu á það, hv. 5. þm. Reykv., að rekstrarlánaþörf iðnaðarins mundi vera erfiðasta viðfangsefnið nú, hér væri verið að bæta verulega úr stofnlánaþörfinni. Ég get fallizt á það, að rekstrarlánaþörfin er mjög mikil og rekstrarlánaskortur er sjálfsagt mikill í þessari atvinnugrein, eins og reyndar í öllum atvinnugreinum í okkar fátæka eða fjármagnsrýra landi, en iðnaðurinn, held ég, að þarna sé alls ekki verr settur en aðrar atvinnugreinar. Ég hef látið gera könnun á því og rannsaka hlut iðnaðarins í viðskiptalánum bankanna, rekstrarlánunum, og hann heldur fyllilega sínum hlut til móts við aðrar atvinnugreinar, landbúnað, sjávarútveg og verzlun, og í því felst einnig, þar sem hann heldur sínum hlut hlutfallslega, þar sem lán hans hafa hlutfallslega ekki minnkað, heldur frekar aukizt sum árin, miðað við aðrar atvinnugreinar, að það hefur verið mjög mikil aukning á rekstrarlánum til iðnaðarins. Heildarútlán bankanna jukust eitthvað úr 7—8 hundruð millj. kr. á s. l. ári, í 1500 millj. kr., og í þessari gífurlegu útlánaaukningu fær iðnaðurinn fullkomlega sinn hlut, miðað við það, sem áður hefur verið. En það er rétt, að sjálfsagt finnst mörgum, sem þar fjalla um, að rekstrarlánin séu rýr, og það er alveg sama sagan í hinum atvinnugreinum okkar og af skiljanlegum ástæðum, sem öllum þm. eru fyllilega ljósar.

Hv. þm. sagði, að eina leiðin til að bæta úr rekstrarlánaþörfinni, þá væntanlega fram yfir það, sem nú er, væri, að Seðlabankinn endurkeypti hráefnavíxla, eins og hann orðaði það, iðnaðarins. Ég hef gert áður grein fyrir því hér á þessu þingi, að Seðlabankinn hefur talið sig reiðubúinn til að endurkaupa víxla af iðnaðinum eftir vissum reglum, sem hann hefur sett, og því er haldið fram, að þessar reglur séu þannig, að það rúmist ekki innan þeirra marka neitt sem nemur til endurkaupa frá iðnaðinum. Mér er kunnugt um það, að Seðlabankinn er að endurskoða þessar reglur. Ég hef rætt um það við stjórn Iðnaðarbankans og komið á sérstökum viðræðum milli bankastjóra Iðnaðarbankans og Seðlabankans um þetta efni. Sjálfur hef ég haldið því fram, að þetta atriði mundi aldrei leysa neitt verulega úr rekstrarlánafjárþörf iðnaðarins. Ég hef gert það alveg hiklaust og einart og varað iðnrekendur og iðnaðinn við því að gera sér of miklar vonir, þó að hafin væru endurkaup á víxlum iðnaðarins hjá Seðlabankanum, því að aðstaða iðnaðarins er algerlega ósambærileg við sjávarútveg og landbúnað. Og hér er enn verið að villa mönnum sýn af þeim mönnum, sem sí og æ eru að tala um, að þetta sé atriðið til að leysa úr rekstrarlánaþörf iðnaðarins. Ég hef hins vegar stutt eftir fremsta megni að því, að það væri hægt að koma í kring endurkaupum á lánum viðskiptabankanna til iðnaðarins, og ég hef beinlínis sagt við stjórn Iðnaðarbankans: Útbúið þið slíka víxla, sem eru sambærilegir við afurðavíxla sjávarútvegs og landbúnaðar, og farið þið til Seðlabankans og bjóðið þeim að kaupa þessa víxla, og látið þið mig vita, ef þeir kaupa ekki. Þeir hafa ekki getað komið í kring svona víxlum, og enginn seðlabanki endurkaupir viðskiptavíxla, fyrr en viðskiptabankarnir eru búnir að lána slíka víxla.

Rekstrarlánaþörf iðnaðarins er fyrst og fremst fullnægt með venjulegum viðskiptavíxlum og með reikningslánum, hlaupareikningslánum og yfirdrætti á hlaupareikningi, en það hefur verið mjög takmarkað. Því hefur verið lýst yfir, að ef iðnaðurinn framleiðir til útflutnings og lagerar hér upp vörur til útflutnings, þá getur hann fengið endurkeypta víxla, sem lánaðir eru út á þennan lager, eins og aðrar útflutningsgreinar. Það liggur fyrir. Það liggur einnig fyrir, að það gætu orðið til hagræðis í stærsta iðnrekstrinum hér endurkaup á afurðavíxlum, hjá mjög stórum iðnfyrirtækjum, sem liggja með stóra og verðmæta lagera, fyrst og fremst einnar tegundar, við skulum segja eins og stórar veiðarfæragerðir, sem þyrftu að liggja með miklar birgðir á milli vertíða af veiðarfærum, og þar er atriði, sem hægt væri að lána út á. Og undan því hefur ekki verið kvartað, að sú eina veiðarfæragerð, sem starfar hér, hafi ekki fengið nægjanleg rekstrarlán út á þessar afurðir sínar. Á sama hátt hef ég haldið því fram, að í skipasmíðunum mætti koma við endurkaupum til hagræðis fyrir íslenzkar skipabyggingar, vegna þess að það sé líklegt, að ef þær komast verulega í gang, þá þurfi skipasmíðastöðvarnar að liggja með stóra lagera, sem þær þurfa að geta gripið til eftir hendinni, og lagera, sem hægt væri að kontrolera. Þannig mætti lána út á sjálft hráefnið. En ég held, að það verði í mjög fáum tilfellum, sem aðstaða skapast til að lána út á framleidda vöru iðnaðarins, sem ekki er til útflutnings, heldur á innlenda markaðinn, að hún verði svo í stórum stíl, að þetta geti skipt nokkru verulegu máli. Ég hefði gaman af,

ef hv. 5. þm. Reykv. vildi benda á einhverja fyrirmynd þess, hvað hann vildi í þessu sambandi um endurkaup, og þá er hægt að taka það upp. Þetta hefur aldrei verið skilgreint nánar hér í þinginu. Það hefur verið leitað eftir leiðum til þess að gera þetta af bankastjórum Iðnaðarbankans í samráði við bankastjóra Seðlabankans, og því miður held ég, að niðurstaðan verði sú, að hér verði ekki sú hjálparhella, sem sumir hafa vænzt, og þá er auðvitað ekki um annað að ræða, ef iðnaðurinn nýtur ekki nægilegra rekstrarlána, en að reyna að auka þau almennt með meiri víxlakaupum til iðnaðarins, hærri reikningslánum og meiri yfirdrætti, eins og gengur og gerist.

Ég segi þetta nú aðeins vegna þess, að mér finnst ekki ráðlegt að vera stöðugt að tala um hluti og láta hilla undir, að eitthvað sé hægt að liðsinna og hjálpa atvinnugreinum, ár eftir ár og láta í það skína, að það sé einhver óvild og þjösnaskapur annaðhvort hjá Seðlabankanum eða stjórnvöldum að öðru leyti, að slík hjálp kemur ekki til greina. Það er mjög vafasamt, að okkar litla, margþætta íslenzka iðnaði verði nokkurn tíma að verulegu leyti gagn að þessu. Ég endurtek: ef það er iðnaður til útflutnings, þá verður það vafalaust að gagni. Ef það er stóriðja, stórrekstur hér innanlands, sem annaðhvort liggur með stóra hráefnalagera eða stóra lagera af framleiðsluvöru, þá kynni það einnig að koma að gagni, og þá er opin leið, eins og nú er, ef viðskiptabankarnir lána út á þetta, taka veð í þessu með sama hætti og hjá sjávarútvegi og landbúnaði, að slíkir víxlar verði endurkeyptir af Seðlabankanum.

Að öðru leyti virðist ekki vera neinn ágreiningur um þetta mál, og þykir mér vænt um það, en þessum tveimur atriðum vildi ég aðeins víkja að til áréttingar og til þess að við skildum betur, hvað fyrir hinum vakir, og það kæmi ljóst fram í raun og veru, hvernig aðstaðan er þessum tveimur tilfellum, sem ég hef sérstaklega gert að umræðuefni.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Ég get verið stuttorður, því að það voru ekki nema tvö atriði, sem hæstv. ráðh. minntist á, og ég skal halda mig við þau.

Annað atriðið var það, að ráðh. hélt því fram, að það væri ekki rétt að bera saman stofnlánasjóði atvinnuveganna hvað snerti gjöld þau, sem viðkomandi atvinnuvegir greiddu til þeirra, það væri ekki hægt að bera saman útflutningsgjaldið, sem rynni í fiskveiðasjóð, og bændaskattinn, sem rynni til stofnlánadeildar landbúnaðarins, og það gjald, sem iðnaðurinn er látinn greiða í iðnlánasjóð.

Ég man ekki betur en þegar upphaflega var lagt til á Alþ., að þetta gjald væri lagt á iðnaðinn, og ég held, að það hafi verið fyrirrennari hæstv. ráðh. í iðnaðarráðherrasætinu, núv. forsrh., sem mælti fyrir því máli, — ég man ekki betur en því væri haldið fram þá, að hér væri verið að leggja til, að iðnaðurinn greiddi sambærilegt gjald í sinn stofnlánasjóð og aðrir atvinnuvegir væru látnir greiða í stofnlánadeild landbúnaðarins og fiskveiðasjóð, svo að þessi skýring hæstv. ráðh. kemur mér því dálítið spánskt fyrir sjónir, vegna þess að hún er ekki í samræmi við það, sem upphaflega var sagt um þetta gjald. Eða á að skilja þetta svo, að þetta sé framkvæmt þannig, að t. d. iðnfyrirtækin borgi þetta gjald ekki sjálf, heldur megi láta það ganga inn í verðlagið? Ég hygg, að þetta sé framkvæmt a. m. k. þannig, að þar sem er um verðlagseftirlit að ræða eða verðlagshöft, þá fái iðnfyrirtækin ekki þetta tekið inn í verðlagið, og þess vegna sé um alveg hliðstætt gjald að ræða og t. d. bændurnir greiða. En ef það hefur orðið einhver breyting á þessu frá því, sem skýrt var frá hér í upphafi, þegar þetta gjald var lagt á, þá er gott að fá það upplýst. En mér sýnist a. m. k., að á þeim ályktunum, sem samtök iðnaðarmanna hafa verið að samþykkja á undanförnum fundum sínum, hafi sá skilningur komið fram, að þau teldu, að iðnfyrirtækin greiddu þetta gjald, en ekki neytendur, og þess vegna væri hér um hliðstætt gjald að ræða og aðrir atvinnuvegir greiða í sína stofnlánasjóði. En það er rétt að fá upplýst til hlítar, hvort þetta gjald er tekið af iðnaðinum eða hvort það er tekið af neytendum og er þess vegna allt annað en túlkað hefur verið. Ég skal játa það, að ef svo er komið í framkvæmdinni, að iðnaðurinn greiði þetta raunverulega ekki, heldur aðrir aðilar, þ. e. a. s. þeir, sem borga vöruna, þá er hér ekki um sambærilegt mál að ræða. En þá hafa líka iðnaðarmannasamtökin ekki heldur sótt málin á réttum grundvelli, og þá hefur þetta ekki heldur verið rétt skýrt fyrir Alþ., þegar gjaldið var upphaflega lagt á og hæstv. núv. forsrh. mælti fyrir þeirri álögu.

Hitt atriðið, sem hæstv. ráðh. ræddi um, var rekstrarfjárskortur iðnaðarins, og hann játaði, að iðnaðurinn byggi við nokkurn rekstrarlánaskort. Mér fannst hann gera samt heldur lítið úr því, a. m. k. miðað við það, sem iðnrekendur halda sjálfir fram, og hann lýsti því yfir sem sinni skoðun, að það væri útilokað að bæta úr þessu með því að taka upp endurkaup á hráefna- og framleiðsluvíxlum. En það fór samt þannig hjá hæstv. ráðh., að hann svaraði sér eiginlega sjálfur og á þann veg, að þetta væri rangt hjá honum, því að hann nefndi sjálfur þó nokkuð mörg tilfelli, þó nokkuð margar iðngreinar, þar sem væri tiltölulega auðvelt að framkvæma þetta, eins og t. d. skipasmíðastöðvar, eins og vélsmiðjur, eins og veiðarfæragerðir o. s. frv., eða öll þau fyrirtæki, sem þurfa að liggja með verulega lagera, og þess vegna er hægt að finna út og mæla, hver lánsþörf þeirra er í sambandi við þetta, og leggja á það mjög svipaðan mælikvarða og hjá sjávarútvegi og landbúnaði. Þetta gildir vitanlega um fjölmörg iðnfyrirtæki, margar iðngreinar aðrar. Það er þess vegna ekki eins erfitt að framkvæma þetta og hæstv. ráðh. vill í öðru orðinu vera láta, þar sem hann játar það í hinu orðinu, að það sé tiltölulega auðvelt að framkvæma þetta hjá tilteknum iðngreinum, enda er alveg víst, að iðnrekendur eru ekki slíkir bjálfar, að þeir séu að gera þessar kröfur ár eftir ár og geri sér ekki grein fyrir, að þetta sé framkvæmanlegt. Og ég er alveg viss um það, að ef hæstv. ráðh. fengi um þetta, þótt ekki

væri nema litla lexíu hjá núverandi sessunaut sínum, þá ætti hann að geta sannfærzt um þetta.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til iðnn. með 21 shlj. atkv.

Á 59. fundi í Nd., 24. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 314, n. 357, 343).

Frsm. (Jónas G. Rafnar): Herra forseti. Á undanförnum áratugum hafa sjávarútvegur og landbúnaður átt greiðan aðgang að hagstæðum stofnlánum úr öflugum lánasjóðum. Í því sambandi má sérstaklega minna á fiskveiðasjóð, sem veitt hefur lán til kaupa á nýjum skipum og skipasmíði innanlands, stofnlánadeild sjávarútvegsins og stofnlánadeild landbúnaðarins.

Öðru máli gegnir hins vegar um iðnaðinn, sem þó hefur á undanförnum árum stórum fært út kvíarnar og mun nú veita fleirum atvinnu en nokkur annar atvinnuvegur. Vöntun á stofnlánum hefur beinlínis staðið uppbyggingu iðnaðarins fyrir þrifum og leiðir m. a. til þess, að hann er nú verr undir það búinn en skyldi að standast samkeppni við erlendar framleiðsluvörur, eftir að rýmkað var um innflutning þeirra.

Rétt er þó að taka fram, að Framkvæmdabanki Íslands, sem stofnaður var með lögum 1953, hefur veitt ýmsum greinum iðnaðarins mikla hjálp, auk lánveitinganna til fiskvinnslustöðva og í þarfir landbúnaðarframleiðslunnar.

Það er langt síðan forvígismenn iðnaðarins hófu að berjast fyrir því, að iðnreksturinn eignaðist eigin stofnun, sem veitt gæti framkvæmdalán til langs tíma. Óhætt er að segja, að fyrsti árangur þessarar baráttu hafi verið stofnun iðnlánasjóðs árið 1935. Lengi vel hafði sjóðurinn yfir sáralitlu fjármagni að ráða og lánaði því nær eingöngu til véla- og tækjakaupa. Ríkisframlag til sjóðsins var fyrst 25 þús. kr. á ári, sem nokkrum sinnum var svo hækkað, en aldrei svo mikið, að nokkra verulega þýðingu gæti haft fyrir getu sjóðsins sjálfs.

Á árinu 1962 fól iðnmrh. fjögurra manna n. að endurskoða löggjöfina um iðnlánasjóð, og tillögur þessarar n. voru síðan lagðar fyrir Alþingi í frumvarpsformi og samþ. óbreyttar sem lög frá Alþ. í apríl 1963. En það má segja, að með þessum lögum hafi verið mörkuð greinileg þáttaskil í starfsemi iðnlánasjóðs. Sjóðnum var tryggður nýr tekjustofn, 0.4% gjald, sem innheimtist af iðnaðinum í landinu, og þetta gjald var lagt á sama stofn og aðstöðugjald til sveitarfélaganna. Þá voru einnig sett fyllri ákvæði um lántökuheimild til sjóðsins og endurlán hans. Starfssvið sjóðsins var aukið, þar sem gert var ráð fyrir lánveitingu til byggingar verksmiðju- og iðnaðarhúsa og til endurskipulagningar iðnfyrirtækja, auk véla- og tækjakaupanna, og upphæð lána var ákveðin allt að 60% kostnaðarverðs og ýtarleg ákvæði sett um, gegn hvaða tryggingu slík lán skyldu veitt.

Iðnlánasjóðsgjaldið hefur fyllilega skilað þeim tekjum, sem vonazt var til, en þær munu hafa numið til síðustu áramóta röskum 33 millj. kr. Sjóðurinn hefur fengið að láni að tilhlutan ríkisstj. frá árinu 1961 til þessa 66.5 millj. Útlán hans námu árið 1964 50.6 millj. og 1965 58.3 millj. Þegar það er haft í huga, að útlánin voru fyrir 5 árum um 4 millj. og að meðaltali á árunum 1955—1959 2.2 millj., þá er ljóst, hversu geta hans hefur stórkostlega vaxið, og má segja, að nú fyrst hafi sjóðurinn þýðingu fyrir iðnaðinn í landinu.

Frv. það, sem hér er til umr., um breyt. á l. um iðnlánasjóð, felur í sér ákvæði, sem enn munu valda tímahvörfum í starfsemi sjóðsins, ef frv. nær fram að ganga. Í fyrsta lagi er lagt til í frv. að hækka árlegt framlag ríkissjóðs til sjóðsins úr 2 millj. í 10 millj. kr., í fyrsta skipti á árinu 1967. Með þessari hækkun styrkist hagur sjóðsins að sjálfsögðu mjög mikið, og þetta ríkisframlag mun stuðla að örum vexti hans á tiltölulega skömmum tíma.

Þá er einnig lagt til að hækka hina almennu lánsheimild sjóðsins úr 100 millj. í 150 millj., en ónotað er af heimildinni nú sem stendur um 33 millj. kr.

Í þriðja lagi er heimilað, að sjóðurinn taki allt að 100 millj. kr. lán til þess að mynda nýjan lánaflokk í því skyni að veita sérstök svonefnd hagræðingarlán til viðbótar hinum almennu útlánum sjóðsins.

Allar þessar till. miða að því að gera iðnlánasjóð sem færastan um að styðja iðnað Íslendinga með hagstæðum stofnlánum, eins og komizt er að orði í 1. gr. laganna um iðnlánasjóð.

Sjóðurinn hefur núna öruggar tekjur þar sem er 0.4% gjaldið, en það eitt mun gefa á þessu ári sennilega um 17 millj. kr. Á næsta ári verður ríkissjóðsframlagið 10 millj. Eigið fé sjóðsins er nú þegar um 72 millj. Af þessu er ljóst, að þarna verður um mjög öfluga lánastofnun að ræða innan tiltölulega fárra ára.

Eins og fram kemur í nál. hefur iðnn. athugað frv., og nefndin mælir með efni frv., en tveir nm. flytja brtt. á þskj. 343, þar sem lagt er til, að gengið verði lengra hvað varðar framlag ríkissjóðs til iðnlánasjóðs. Meiri hl. n. lítur svo á, að það sé mjög myndarlega farið af stað með því að hækka ríkisframlagið upp í 10 millj., og einnig telur meiri hl., að miðað við reynslu sé ekki ástæða til þess að hækka lánsheimildina fram úr því, sem ráð er fyrir gert í frv. Meiri hl. n. leggur því til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Ég vil aðeins leyfa mér að þakka hv. iðnn. fyrir skjóta og röggsamlega afgreiðslu þessa máls. Ég tel mikils virði, hvað þingið hefur tekið þessu máli greiðlega. Ég tel það góðs vita, sem iðnaðurinn má vel við una.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Tveir þm., ég og hv. 3. þm. Norðurl. e., sem eigum sæti í iðnn., höfum borið fram á þskj. 343 þrjár brtt. við það frv., sem hér liggur fyrir. Þessar brtt. eru í samræmi við frv. um breytingar á iðnlánasjóðslögunum, sem 5 þm. Framsfl. lögðu fram fyrr á þinginu. Ég sé þess vegna ekki ástæðu til að ræða ýtarlega efni þeirra hér, því að það var gert við framsögu málsins, þegar

það frv. var til 1. umr. hér í d., en aðeins rifja það upp, í hverju þessar till. eru fólgnar.

1. brtt. er sú, að í stað þess að í frv., sem fyrir liggur, er lagt til að hækka framlag ríkisins úr 2 millj. í 10 millj. kr. árlega, þá er lagt til í brtt. okkar, að framlag ríkissjóðs verði árlega jafnhátt og tekjur þær, sem sjóðurinn fær af því gjaldi, er iðnaðurinn greiðir til hans árlega, en það er áætlað nú á þessu ári í kringum 17—18 millj. kr. Hér er því um allverulega hækkun að ræða frá því, sem gert er ráð fyrir í frv., sem fyrir liggur. En þó er það kannske ekki aðalatriðið í þessu máli, heldur það, að með brtt. er lagt til, að iðnlánasjóður njóti sömu aðstöðu og stofnlánasjóðir sjávarútvegs og landbúnaðar, þ. e. að ríkið leggi honum árlega til jafnhátt framlag og nemur gjaldi því, sem viðkomandi atvinnugrein greiðir í viðkomandi stofnlánasjóð.

Ég held, að ef svo fer, sem ég trúi ekki að óreyndu, að þessi till. nái nú ekki fram að ganga, hljóti hún að gera það fyrr en seinna, vegna þess að hér er um sjálfsagt réttilætismál að ræða. Iðnaðurinn er fullkomlega þess verður, að hann njóti í þessum efnum sem öðrum sömu aðstöðu og aðrir atvinnuvegir. Hann er svo þýðingarmikill og á þó vafalaust eftir að verða enn þýðingarmeiri á komandi árum, að hann verðskuldar fullkomlega að vera settur jafnhátt og sjávarútvegur og landbúnaður.

2. breyt., sem við leggjum til að gerð verði á frv., er sú, að hin almenna lánsheimild, sem felst til handa sjóðnum í frv., verði hækkuð úr 150 millj. kr. í 200 millj. kr. Við álítum, að þörfin fyrir eflingu iðnlánasjóðs sé svo mikil, að það veiti ekki af því að hækka lánsheimildina í þetta mark.

3. brtt., sem við berum fram, felst í því að lengja lánstíma þeirra lána, sem sjóðurinn veitir. Lánstíminn í lögunum nú er 15 ár hvað snertir fasteignir, en 7 ár hvað snertir vélar. Við leggjum til, að lánstíminn verði lengdur upp í 20 ár hvað snertir fasteignir og 10 ár hvað snertir vélar, og þetta er gert til samræmis við þau ákvæði, sem um þetta eru í fiskveiðasjóðslögunum og í lögunum um stofnlánadeild landbúnaðarins. Við teljum, að iðnaðurinn hafi ekki síður þörf fyrir það en landbúnaður og sjávarútvegur að fá lán til þess tíma og þess vegna sé eðlilegt, að þessi breyting verði gerð á lögunum um iðnlánasjóð að þessu sinni.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að fjölyrða meira um þetta mál, en vil vænta þess, að þessum till. verði vel tekið.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Það er eitt atriði, sem ég vildi aðeins vekja athygli á í sambandi við þetta mál, og ég vil taka undir það, sem aðrir hv. þm. hafa hér sagt um nauðsyn þess að búa sem bezt að íslenzkum iðnaði.

Í 2. og 3. gr. þessa frv. er sérstaklega rætt um sérstök hagræðingarlán, og þegar við tölum um þessa hluti, þá held ég, að það sé nauðsynlegt, að við gerum okkur dálítið betur grein fyrir því en gert hefur verið í framkvæmd hingað til á Íslandi, hvað meint er með þessu. Það er alveg rétt, eins og tekið er fram bæði í frv. sjálfu og grg. þess, að það, sem við erum að reyna að búa okkur undir, er, að íslenzkur iðnaður geti staðizt samkeppni erlends iðnaðar, þegar eða ef tollar hér verða lækkaðir, þannig að iðnaður njóti ekki lengur tollverndar. En það er eitt, sem við verðum að gera okkur ljóst, þegar við ræðum um erlendan iðnað og í hverju hans yfirburðir felast, að þeir felast ekki bara í því, að innan verksmiðju, sem framleiðir þessa og þessa vöru, sé komið við mjög hagnýtu vinnuskipulagi, því hagrætt sem bezt, heldur felast yfirburðirnir fyrst og fremst í því, að sjálf iðngreinin er skipulögð í svo ríkum mæli, að slíkur stórrekstur verður þar úr, að smárekstur stenzt það ekki. Sú þróun, sem hefur gengið fyrir sig alla þessa öld, hvort sem við teljum hana góða eða illa, hún er sú, að iðnfyrirtækin erlendis verða í sífellu stærri og stærri og að sá smái, duglegi, einstaki atvinnurekandi er settur út úr spilinu. Við getum harmað þessa þróun, við getum litið á hana sem slæma eða hvað sem við viljum, en þetta er einfaldlega þróun tækninnar í nútíma þjóðfélagi.

Ef við þess vegna ætlum í staðinn fyrir þann skjólgarð, sem við nú um áratugi höfum haft um þann iðnað, sem framleiðir fyrir íslenzkan markað, því að það er hann fyrst og fremst, sem við erum raunverulega að tala um í þessu sambandi, um hinn iðnaðinn gilda nokkuð önnur lögmál, hann hefur alltaf orðið að standast erlenda samkeppni á einn eða annan máta, það sem framleitt er fyrir útflutningsmarkaðinn, — ef við ætlum þess vegna að láta okkar innlenda iðnað standast samkeppni, þá er ekki nóg að ætla sér innan einnar verksmiðju, þar sem vinna 10—20 menn eða 40—50 að skipuleggja vinnuna betur. Það er óhugsandi að ætla að standast slíka samkeppni, án þess að rekstur inn sé eins stór og um leið eins hagrænt skipulagður og íslenzkur markaður undir nokkrum kringumstæðum leyfir. Annars brotnar okkar íslenzki iðnaður í samkeppninni við þann erlenda.

Hvað er það, sem mun gera okkur sérstaklega erfitt í þessu sambandi, eins fámennri þjóð og við hér erum? Það, sem mun gera okkur erfitt, er það, að ákaflega mikið af íslenzkum fyrirtækjum er eins konar fjölskyldufyrirtæki, þar sem ein fjölskylda svo að segja stendur að þessu og þessu og einn maður úr fjölskyldunni vinnur að því, er kannske forstjóri og fjölskyldan vinnur þarna meira eða minna og jafnvel oft náið fólk, venzlafólk og annað slíkt. Það eru öll möguleg fjölskyldusjónarmið, sem ráða því, að þessi iðnaður er hafður mjög smár og svo að segja dregur dám af því, að viðkomandi aðili hefur ekki efni á meiru, jafnvel þó að hann fái góð lán. Hvað er það, sem erlendis hefur brotið niður allan þennan iðnað, hvort sem við teljum það gott eða illt? Það, sem hefur brotið hann niður, er, að bankarnir erlendis, þeir stóru bankar, hafa sagt sem lánardrottnar við iðnrekendurna: Það þýðir ekkert fyrir ykkur að vera með þessi smáfyrirtæki. Þið verðið að standa saman, þið verðið að færa þetta saman í eitt, þið verðið að færa þetta saman og með því móti gera þetta tæknilega eins fullkomið og hægt er.

Það er þessi þróun, sem hefur verið að ger-

ast. Hún hefur venjulega þýtt það, að í staðinn fyrir, að í einu fjölskyldufyrirtæki er einhver og einhver fjölskyldumaður og seinna meir kannske sonur hans, sem tekur þar við, án tillits til þess, hvort viðkomandi maður hefur nokkra hæfileika til þess að reka viðkomandi iðnrekstur, — í staðinn er það erlendis stórt og mikið hlutafé, sem er í þessum iðnrekstri, og þar sem hlutafjáreigendurnir velja forstjórann eftir því, hve duglegur hann er í því tæknilega og verzlunarlega, sem þarf til þess að stjórna þessu fyrirtæki, þó að hann eigi kannske engan hlut í þessu. Við skulum bara taka síðustu ráðstöfun Krupp-verksmiðjanna. Það er þessi samkeppni, sem við verðum að fara að horfast í augu við, ef við ætlum okkar verndartolla smátt og smátt, og stór fyrirtæki, gríðarlega stór fyrirtæki, þar sem jafnvel verksmiðja með 1000 manns er talin frekar smátt fyrirtæki, það er þetta, sem við eigum að keppa við. M. ö. o.: sú aðferð að reka þessa hluti út frá því að bjarga sér frá degi til dags og hver einstakur aðili eigi að geta stofnað svona fyrirtæki, hlaupið í banka og fengið þar lán, ef hann hefur góð sambönd og svoleiðis nokkuð, þessi sveitamennska, ef ég má nota það orð, steindrepur okkur. Ef við ætlum að halda áfram eins og verið hefur, að einhver klíkuskapur geti komið upp undireins, sem er í algerri mótsögn við alla tækni í þessu sambandi, erum við dauðir, þá skulum við ekki hugsa um þetta. Ég skal bara taka sem dæmi það, sem ég hef áður tekið einmitt í sambandi við útflutningsfyrirtækin. Það er í sambandi við Kassagerðina, sem ýmsir okkar heimsóttu fyrir nokkru. Ef við höfum eitt stórt fyrirtæki, sem er tæknilega vel rekið, er það bjánaskapur, fjárhagslegur bjánaskapur, að stofna annað við hliðina. Það eykur ekki íslenzkan iðnað. Það gerir aðstöðu hans verri, hvort sem við erum að framleiða fyrir útflutningsmarkað eða við erum að framleiða fyrir þann enn þá takmarkaðri íslenzka markað. Þetta eru hlutir, sem við höfum orðið að horfast í augu við, og ég tala um þetta vegna þess, að það er sú barnalega trú hjá mörgum mönnum hér á Íslandi, sem alið er á af pólitískum flokkum hér, að frjáls samkeppni sé eitthvað, sem lækni þessa hluti. Við skulum segja t. d., að bara ef við fáum að njóta frjálsrar samkeppni, við skulum segja, að við hefðum 10 skóverksmiðjur á Íslandi til þess að framleiða skó handa Íslendingum, þá sé allt í þessu fína lagi. Það er blessuð frjálsa samkeppnin, 10 skóverksmiðjur og 10 eigendur þeirra fá að keppa hverjir við aðra. Þetta er sá herfilegasti misskilningur. Við höfðum fyrir nokkrum árum á Íslandi 10 skóverksmiðjur. Ég held, að það hafi unnið í þeim til samans 190 manns. Ég held, að þær séu farnar á hausinn flestallar núna nema ein. Af hverju? Af því að 10 skóverksmiðjur eru hlægilegar, ef þær eiga að fara að keppa við erlendar skóverksmiðjur. Það var hægt að reka eina eða tvær nokkuð stórar, ef þær einbeittu sér á ákveðna hluti. En ef þær ætluðu að framleiða allt frá t. d. inniskóm upp í vaðstígvél, var það slík tæknileg mótsögn, að það hlaut að drepa þær. Það var hægt að hafa 1—2 stórar skóverksmiðjur með því að einbeita þeim að alveg ákveðnum hlutum, við skulum segja karlmannaskóm eða eitthvað þess háttar, og leyfa kvenfólkinu að flytja sitt inn, af því að það gerir heldur meiri kröfur en við karlmennirnir í slíkum efnum. En þegar við hugsum um þessa hluti, verðum við að hugsa í samræmi við okkar tíma.

Ég veit, að þetta er erfitt. Það er erfitt í svona litlu landi. Okkur þykir ekkert gaman að því hér á Íslandi að hafa kannske eina einustu verksmiðju í viðkomandi grein, og ég veit ósköp vel, að það þýðir, að við verðum að hafa gott eftirlit með þeirri verksmiðju. En ef við erum búnir að lækka tollana, ef verzlunin er orðin frjáls með vöruna, sem hún framleiðir, er það erlenda samkeppnin, sem er það harðvítuga eftirlit gagnvart henni, svo að segja piskurinn á hana. En þetta þýðir, að þeir menn, sem stjórna bankamálum á Íslandi, verða ofurlítið að setja sig inn í, hvernig slíkum málum er stjórnað erlendis. Ég er hræddur um, að í mörgum tilfellum hafi það verið svo hér, að nú er stofnað t. d. fyrirtæki í einni grein og það gengur vel, og þá kemur einhver annar áhugasamur maður, sem langar til þess að græða líka, og vill reisa annað fyrirtæki í sömu grein og fer máske til sama bankans og biður um lán þar, ef hann fær það ekki þar, fær hann það kannske í öðrum banka, til þess að koma upp öðru fyrirtæki í sömu greininni, með þeim afleiðingum, að rétt á eftir eru bæði dauð. Það er alveg óhjákvæmilegt, ef við ætlum að reyna að vernda íslenzkan iðnað, þannig að hann geti staðizt samkeppnina utan frá, að við ekki aðeins lánum honum, eins og hérna er lagt til, — það er alveg rétt stefna, sem hér er farið inn á, — heldur líka, að það sé farið að hugsa öðruvísi í þessum efnum af hálfu þeirra manna, sem raunverulega stjórna þessu og bera ábyrgð á því, sérstaklega t. d. þeirra bankastjóra, sem lánin veita, og þess, sem ég álít að ætti að vera þarna til og hef oft lagt til, einhvers konar ráðs, sem athugi vel, á hvern hátt íslenzkur iðnaður verður bezt skipulagður til þess að standast samkeppnina. Það fer svo um alla þá peninga, sem við kunnum að lána íslenzka iðnaðinum, ef við lánum honum skipulagslaust og án þess að taka tillit til þess, sem tækniþróun nútímans krefst, að skömmu seinna eru þessir peningar tapaðir og fyrirtækið farið á höfuðið.

Mér er alveg ljóst, að með því að fara inn á þá stefnu, sem ég hins vegar býst við að reynist að mörgu leyti mjög erfitt að hindra að farið verði inn á af ótalmörgum ástæðum, að lækka tolla meira og meira hér heima, verður þetta svo ægileg samkeppni fyrir svona litla þjóð, að við þurfum að vera á tindi þeirrar tækni og skipulags innan þess rekstrar, sem við reynum að halda við, sem hægt er að vera. Ég vildi aðeins undirstrika þetta, vegna þess að mér hefur fundizt oft í sambandi við þá hagræðingu, sem talað hefur verið um hjá okkur að undanförnu, að hún sé hugsuð allt of þröngt, aðeins innan einstakra fyrirtækja til þess að reyna að pína ofurlítið meiri vinnu út úr mannskapnum í sambandi við þau, en ekki hugsað nógu stórt, þannig að það sé iðngreinin sjálf, sem við séum að skipuleggja. Hagræðingin í

henni í samræmi við fyllstu tæknimöguleika með hliðsjón af okkar markaði er það eina, sem getur hjálpað okkur.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Út af ræðu hv. 3. þm. Reykv. get ég sagt það, að ég fellst í öllum aðalatriðum á það, sem hann hélt fram, og er honum sammála um þau sjónarmið, sem hann reifaði, og það er alveg rétt, að hann lítur þarna raunsætt á hlutina, sem við komumst ekki hjá að gera okkur grein fyrir sjálfir, að aðstaða iðnaðarins — það má segja, að hún sé á nokkrum vegamótum. Hann mun lenda í miklu harðari samkeppni við erlendar iðnaðarvörur en hann hefur þurft að standa í fram til þessa og einmitt iðnaðarvörur hjá háþróuðum löndum. Og ég held, að það sé rétt metið hjá honum líka, að við munum eiga erfitt með að komast hjá þessu, hvort sem við viljum eða viljum ekki, hvort sem við viljum vera í einhverju friverzlunarbandalagi eða ekki, að þetta verður, hygg ég, óhjákvæmilegt.

Varðandi hagræðingarlánin er ég honum alveg sammála um, að þar sem við höfum talað um hagræðingarlán fram til þessa, hefur það verið nokkuð handahófskennt, t. d. í sjávarútveginum. Engu að síður hefur þar átt sér stað ákaflega þýðingarmikil hagræðing, mjög þýðingarmikil og miklu reyndar meiri en menn gera sér almennt grein fyrir. Og í sambandi við nýjan lánaflokk í iðnlánasjóði, svokölluð hagræðingarlán til aukinnar framleiðni og til þess að hjálpa iðnaðinum til þess að mæta þeim nýju viðhorfum, er mér ljóst, að það þarf að vanda það nokkuð vel, hvernig um þau verður búið, og mundi það verða verkefni til ákvörðunar í reglugerð eftir nána og vandlega athugun þessa máls.

Ég vil láta þess getið í þessu sambandi og í beinu framhaldi af ræðu hv. 3. þm. Reykv., að ég hef að beiðni Félags ísl. iðnrekenda falið framkvæmdastjóra Iðnaðarmálastofnunar Íslands að kynna sér, hvernig bezt mætti koma á athugun á því, að íslenzk iðnfyrirtæki sameini sig að einhverju leyti í stærri einingar, eins og hv. þm. vék að. Það er fordæmi fyrir þessu, sem við vitum nokkuð um, frá hálfu Norðmanna, en fyrsta skref þessa máls er, að Iðnaðarmálastofnunin kanni málið og kynni sér það og geri till. til iðnmrn. um, hvernig slíka athugun mætti helzt upp taka. Þessi sjónarmið eru í hugum iðnrekenda hér og komu fram einmitt þegar við vorum með þeim ekki alls fyrir löngu að skoða iðnfyrirtæki, Kassagerðina o. fl., eins og hv. 3. þm. Reykv. vék að.

Ég hef einnig sett á laggirnar nú eða er að setja á laggirnar þriggja manna n. til þess að athuga, með hverjum hætti iðnaðinum verði bezt veitt tækniaðstoð. Þessi n. er skipuð fulltrúum frá Félagi ísl. iðnrekenda og Iðnaðarmálastofnuninni, og formaður n. er skipaður af iðnmrh., og hefur skólastjóri Tækniskólans fallizt á að taka að sér formennsku þessarar nefndar.

Ég hef áður vikið að því, að iðnaðinum var fyrir nokkru látin í té nokkur tækniaðstoð, aðallega í samvinnu við Efnahagsstofnun Evrópu, sem nú er niður fallin, og það er að mínum dómi mjög þýðingarmikið að taka þráðinn upp aftur og gera sér grein fyrir því, á hvern hátt iðnaðinum nú verður veitt — og nú er kannske meiri nauðsyn en nokkru sinni áður — veruleg tækniaðstoð, sem um munar, til þess að mæta hinni hörðu erlendu samkeppni. — Þetta vildi ég segja út af ræðu hv. 3. þm. Reykv.

Ég skal ekki víkja neitt að ræðu hv. 5. þm. Reykv. Við höfum talað um þessi mál áður í sambandi við önnur mál, sem brtt. hans og annars þm. í sambandi við þetta frv. ganga út á um eflingu iðnlánasjóðs, en um till. um lengingu lánanna hef ég ekki sérstaklega rætt áður. Hana tel ég mjög vafasama, sérstaklega í sambandi við vélalánin, og er þetta ekki sambærilegt við ákvæði fiskveiðasjóðslaganna, því að þar er aðeins gert ráð fyrir því, að lánin út á skipin megi vera allt að 15 árum, en út á annað, vélar eða tæki, á það að metast, eins og í frv. segir og eins og hefur verið gert fram til þessa, eftir endingartíma þess hlutar, sem lánað er út á. Ég hygg, að almennt sé ekki rétt að miða endingartíma véla í iðnaði við lengri tíma en 7 ár. Það er auðvitað vitað, að sumar vélar endast lengur og miklu lengur. En ég held, að hins vegar sé almennt óskynsamlegt að gera það. Aftur á móti er gert ráð fyrir því í þessu frv., eins og 2. gr. segir til um og nánar er að vikið í grg., að hagræðingarlánin svokölluðu, við notum þar eitt orð yfir þau, mundu geta orðið til lengri tíma, og við skulum segja þá 10 ára vélalán og upp í 20 ára fasteignalán, sérstaklega þó þannig, — það stendur í mínum huga, en yrði nánar ákveðið í reglugerð, — að fyrstu 3 árin t. d. væru vélalánin afborgunarlaus, meðan erfiðleikarnir væru mestir, og yrðu svo borguð niður á 7 árum eftir þann tíma, eða allt í allt í 10 ár.

Vélalánin eru veigamikill þáttur í lánum iðnlánasjóðs. eins og fram kemur í grg., þar sem fylgir yfirlit yfir efnahag, eignir og skuldir, iðnlánasjóðs, en þar eru vélalánin 86 millj. kr. og byggingarlánin 53 millj. kr. Ég hygg, að með því að hafa hin sérstöku viðbótarlán lengri, náist nokkuð það, sem hér er að stefnt, að veita sem sagt iðnaðinum lengri lán en almennt er gert ráð fyrir, en þá aðeins í sérstökum tilfellum, eins og nánar er vikið að og ég hef áður rætt um. Ég held þess vegna, að það sé ástæðulaust að samþykkja þessa brtt. sem almenna breytingu við iðnlánasjóðslögin, og að öðru leyti hef ég lýst andstöðu minni gegn hinum brtt., brtt. um, að ríkissjóður leggi á móti iðnlánasjóðsgjaldinu. Ein brtt. er náttúrlega ekki veigamikil, hvort lánsheimildin er 150 millj. kr. eða 200, eins og ég held að till. sé um. En ég benti á það, að upphaflega var almenna lánsheimildin 100 millj., það er búið að nota af henni 66.5 millj. kr., og að svo stöddu taldi ég eðlilegt og nægjanlegt, að heimildin yrði aukin í 150 millj. Að sjálfsögðu er gengið út frá því, að það mundi aldrei standa á þinginu að auka þessa heimild, ef væri búið að fullnota hana.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 60. fundi í Nd., 28. marz, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 343,1 felld með 18:13 atkv.

1. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.
Brtt. 343,2 felld með 19:13 atkv.
2. gr. samþ. með 31 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.
Brtt. 343,3 felld með 19:12 atkv.
4. gr. samþ. með 31 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 28 shlj. atkv.

Á 61. fundi í Nd., 29. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 57. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 58. fundi í Ed., 31. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Í frv. þessu til l. um breyt. á iðnlánasjóðslögunum frá 1963 felst framkvæmd á þeim áformum ríkisstj. að efla stofnlánasjóði atvinnuveganna. Það eru tveir meginþættir þessa máls: í fyrsta lagi aukning ríkissjóðsframlagsins til iðnlánasjóðs samkv. 1. gr. úr 2 millj. kr. í 10 millj. kr., og ákvæði 2. gr. um að taka upp nýjan lánaflokk í því skyni að veita sérstök hagræðingarlán til viðbótar almennum lánum, sem að mati sjóðsstjórnarinnar teldust stuðla verulega að því að auka framleiðni og bæta aðstöðu iðnfyrirtækja til þess að aðlaga sig nýjum viðhorfum vegna breyttra viðskiptahátta, svo sem tollabreytinga og fríverzlunar. Og það er gert ráð fyrir því, að slík hagræðingarlán geti orðið með betri kjörum en hin almennu lán sjóðsins og þá bæði lægri vextir, lengri lánstími eða jafnvel afborgunarlaus fyrst í stað, eftir því sem síðar yrði ákveðið í reglugerð. Sjóðnum er veitt 100 millj. kr. lánsheimild í þessum tilgangi, en jafnframt er almenna lánsheimild sjóðsins, sem var 1963 100 millj. kr., hækkuð í 150 millj., en hún er nú að verulegu leyti notuð, eins og fram kemur í grg., þar sem sjóðurinn hefur á undanförnum árum fengið um 66.5 millj. kr. lánsfé, ýmist af svokölluðu PL-480 fé eða úr bankakerfinu.

Það er augljóst mál, að iðnlánasjóður mun eflast verulega á næstu árum með aukningu ríkissjóðsframlagsins, og iðnlánasjóðsgjaldið hefur einnig farið síhækkandi, og gert ráð fyrir, að það geti orðið 17—18 millj. kr. á yfirstandandi ári, og með slíkum framlögum sjóðnum til handa mun hann brátt styrkjast verulega og verða iðnaðinum til meiri styrktar en hann hefur verið fram til þessa. Þá vil ég vekja sérstaka athygli á því, að á síðustu árum hafa útlán sjóðsins getað aukizt mjög verulega og nálguðust 60 millj. kr. á s. l. ári. Ég vil einnig vekja athygli á því, sem fram kemur í grg., að Framkvæmdabankinn hefur lánað verulegt fé til iðnfyrirtækja á undanförnum árum, en samkv. öðru frv., sem ríkisstj. hefur flutt, um Framkvæmdasjóð Íslands, er gert ráð fyrir að leggja hann niður, en einmitt þessar lánveitingar tel ég, að ættu að koma til sérstakrar athugunar, þegar síðar verður ákveðið um lán Framkvæmdasjóðs Íslands, eftir að það frv. er orðið að lögum, til hinna einstöku stofnlánasjóða.

Frv. þetta er komið frá Nd. og fékk þar skjóta og góða afgreiðslu, og ég vil leyfa mér að vænta þess, að það verði ekki neinn verulegur ágreiningur um málið í þessari hv. d., og leyfi mér að leggja til, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. iðnn.

Helgi Bergs: Herra forseti. Í þessu frv. felast, að því er mér virðist, þrjú atriði. Í fyrsta lagi, að framlag ríkissjóðs til iðnlánasjóðs er hækkað í 10 millj. úr 2, eins og það hefur verið.

Með lögum um iðnlánasjóð frá 1963 var honum skapaður nýr tekjustofn með iðnlánasjóðsgjaldinu, sem vissulega hefur, eins og hæstv. ráðh. tók fram, orðið til þess að efla sjóðinn mjög verulega. Hér komum við þá um leið að „prinsip"-atriði, sem oft hefur verið rætt um hér á hv. Alþ., og ég ætla ekki í sjálfu sér að fara að vekja hér upp að þessu sinni spurninguna um það, hvort hinar einstöku atvinnugreinar eigi sjálfar að byggja upp sína stofnlánasjóði með sköttum á sig eða hvort þetta eigi að skoðast sem þjóðfélagslegt verkefni og þetta eigi að byggjast upp af óskiptu fé landsmanna. Ég ætla, eins og ég segi, ekki að fara að vekja þær umr. upp nú að sinni, þær hafa farið fram svo oft áður. En ég vil þó ekki láta hjá líða að benda á það, að miðað við þá stefnu, sem upp hefur verið tekin í þessum efnum á undanförnum árum, situr iðnaðurinn við annað borð og býr við önnur skilyrði að þessu leyti en sjávarútvegur og landbúnaður. Iðnlánasjóðsgjaldið, sem iðnaðurinn greiðir, hefur á þeim tveim fullu árum, sem það hefur verið innheimt, verið 13 millj. 1964 og tæpar 16 millj. 1965, og ef ég tók rétt eftir, gerði hæstv. ráðh. ráð fyrir, að það mundi verða 17—18 millj. á þessu ári, en framlag ríkissjóðs á þessum sömu árum hefur verið 2 millj. kr. Í lögum um stofnlánadeild landbúnaðarins er gert ráð fyrir því, að ríkissjóður leggi fram jafnt framlag á móti þeim sköttum, sem atvinnuvegurinn leggur á sig, og í lögum um fiskveiðasjóð er gert ráð fyrir því einnig, að ríkissjóður leggi fram jafnháa fjárhæð og fiskveiðasjóður fær af útflutningsgjaldinu. Ef það er talið eðlilegt, að afla þessum sjóðum fjár á þann hátt, sem gert hefur verið undanfarin ár, virðist með sama hætti eðlilegt að gera ráð fyrir því, að iðnlánasjóður fengi framlag frá ríkinu, sem næmi jafnmikilli upphæð og innheimtist í iðnlánasjóðsgjaldi. Nú skal ég ekki gera lítið úr því, að það er stigið með þessu frv. verulegt skref í þá átt, þar sem gert er ráð fyrir að hækka framlög ríkissjóðs upp í 10 millj., en mundu verða 17—18, ef gert væri ráð fyrir þessari grundvallarreglu, sem ég er að tala um. En þó að verulegt skref sé stigið í þessa átt með frv., er þó eigi að síður önnur regla gildandi þarna en gildandi er fyrir aðra atvinnuvegi, og í hv. Nd. báru tveir þm. fram brtt. við þetta frv., sem gerði ráð fyrir því, að

tekin yrði upp sams konar regla í þessu efni og er í fiskveiðasjóði og stofnlánadeild landbúnaðarins, en sú brtt. náði ekki fram að ganga.

Annað atriðið, sem þetta frv. fjallar um, er hækkun á lánsheimild iðnlánasjóðs úr 100 millj. upp í 150 millj., og er ekki neitt um það að segja. Það er sjálfsagt þörf á því að hækka þessa lánsheimild.

En ég skal aðeins nefna þriðja atriðið, sem í þessu frv. felst, en það er, að iðnlánasjóði er heimilt að fengnu samþykki ríkisstj. að taka lán allt að 100 millj. kr. til þess að mynda nýjan lánaflokk í því skyni að veita sérstök hagræðingarlán til viðbótar almennum lánum. Hér er á ferðinni svipuð hugmynd og sett hefur verið fram í frv., sem ég flyt hér í þessari hv. d. ásamt nokkrum öðrum þm. Framsfl. um framleiðnilánadeild við Framkvæmdabankann. En þessi heimild, sem hér er um að ræða, eða þetta lagaákvæði, sem hér er gert ráð fyrir, er þó annars eðlis, að því leyti til a. m. k., að það nær aðeins til iðnaðarins, en okkar frv. nær til annarra atvinnuvega einnig. Ég vil eigi að síður láta í ljós ánægju mína yfir því, að það skuli fyrirhugað að taka upp þessa sérstöku lánastarfsemi, sem tvímælalaust er mjög mikil þörf á, og láta um leið í ljós þá ósk, að ef mönnum fellur ekki að samþykkja frv. okkar um þetta efni eða í þessa stefnu, er þess vonandi að vænta, að sams konar lánastarfsemi muni verða tekin upp fyrir aðra atvinnuvegi, sem þetta frv., sem hér liggur fyrir, nær ekki til.

Okkar skoðun var að vísu sú, að nauðsynlegt væri, að svona lánastarfsemi hefði úr einhverju öðru að spila en tómu lánsfé, og í okkar frv. var þess vegna gert ráð fyrir því, að ríkissjóður legði fé til þessarar lánastarfsemi, þannig að í þeirri lánadeild, sem það frv. gerði ráð fyrir, myndaðist smám saman höfuðstóll. Hér er að vísu ekki gert ráð fyrir því, að í þeirri lánadeild iðnlánasjóðs, sem um þessi hagræðingarlán fjallar, myndist neinn höfuðstóll, heldur er gert ráð fyrir eingöngu 100 millj. kr. láni, og er það að sjálfsögðu nokkur galli og vissulega veigamikill galli. Eigi að síður ber að fagna því, að hér er þó gert ráð fyrir að stíga nokkurt skref í þessa stefnu.

Ég vil láta í ljós þá skoðun mína, að e. t. v. þurfi þetta frv. nokkurra breytinga við, en gangi í rétta stefnu og sé æskilegt, að það fái góða fyrirgreiðslu í hv. deild.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til iðnn. með 13 shlj. atkv.

Á 60. og 61. fundi í Ed., 4. og 5. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 62. fundi í Ed., 12. apríl, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 314, n. 439, 448).

Frsm. (Sveinn Guðmundsson): Herra forseti. Iðnn. hefur haft til athugunar frv. til l. um breyt. á l. nr. 45 frá 3. apríl 1963, um iðnlánasjóð, 148. mál Nd. Nefndin hefur orðið sammála um að mæla með frv., en einstakir nm. áskilja sér rétt til þess að fylgja brtt. eða koma fram með brtt., eins og fram kemur í nál. á þskj. 439.

Það má segja, að í tíð núv. hæstv. ríkisstj. sé brotið blað um framþróun íslenzks iðnaðar hvað fjármögnun snertir. Með samþykkt laga um iðnlánasjóð 1963 varð hin mesta stökkbreyting í aðstöðu íslenzks iðnaðar til fjárfestingarlána. Með samþykkt þessa frv. fær iðnlánasjóður möguleika til lántöku, allt að 250 millj. kr. að hámarki, en nú nema lántökur sjóðsins nær 70 millj. kr. Nýir lántökumöguleikar eru því 180 millj. kr. Af lántökuheimildinni, 250 millj. kr., er gert ráð fyrir, að 100 millj. renni til stofnunar sérstaks lánaflokks innan iðnlánasjóðs til hagræðingarlána fyrir íslenzkan iðnað. Er hér um algert nýmæli að ræða, sem hefur mjög mikla þýðingu, eins og nú horfir. Gert er ráð fyrir, að þessi hagræðingarlán verði með hagstæðum lánskjörum, lánstími lengri en gerist hjá sjóðnum, lægri vextir og lánin afborgunarlaus fyrst í stað. Hefur þetta hina stórkostlegustu þýðingu. Allir þekkja dæmin um það, þegar fjárfestingarlánin falla, áður en framkvæmdin er farin að skila arði.

Með þessu lagafrv. er einnig gengið út frá, að framlag ríkisins til iðnlánasjóðs hækki á næsta ári úr 2 millj. í 10 millj. kr. Hér er einnig um byltingu að ræða, og er þarna að verulegu leyti komið til móts við óskir, sem samtök iðnaðarins í landinu hafa sett fram. Það er fróðlegt að sjá í grg., sem fylgir með lagafrv. þessu, að framlög ríkissjóðs til iðnlánasjóðs hafa numið frá stofnun sjóðsins 1935 til ársins 1965, í 30 ár samtals, aðeins 20 millj. kr. Átak það, sem nú skal gert, er auk lántökuheimildanna, að ríkissjóður leggi iðnlánasjóði 10 millj. kr. árlega eða sömu upphæð og meðaltal 15 ára, miðað við framlag ríkisins frá stofnun.

Með samningi um álbræðslu í Straumsvík, sem nú hefur verið lagður fyrir hv. Alþ., er gert ráð fyrir, að væntanleg álbræðsla greiði iðnlánasjóðsgjald, 4.1% af framleiðslugjaldi því, sem bræðslunni er gert að greiða. Hér er einnig um verulegar tekjur að ræða til handa iðnlánasjóði, eða um 3 millj. kr. á ári, þegar álbræðslan hefur náð fullum afköstum. En á 25 ára tímabili má gera ráð fyrir, að álbræðslan hafi greitt iðnlánasjóði um 60 millj. kr. með óbreyttu heimsmarkaðsverði á áli. Miðað við verðþróun í heiminum má gera ráð fyrir, að þessi upphæð verði mun hærri.

Eins og fram kemur í mjög ýtarlegri grg. með frv., hefur framlag ríkisins til iðnlánasjóðs numið 20 millj. kr. þau 30 ár, sem sjóðurinn hefur starfað. Hins vegar er iðnlánasjóðsgjaldið, sem iðnaðurinn sjálfur greiðir, komið upp í 33 millj. á þremur árum, og við bætast væntanlega í ár 17 millj. kr. Hefur þá iðnaðurinn sjálfur lagt fram til sjóðsins 50 millj. kr. á 4 árum.

Fram til ársins 1965 hafði iðnlánasjóður lánað út 80 millj. kr., aðallega til vélakaupa, og oft svo smátt sniðið, að ekki kom að fullu gagni. Á s. l. ári hafði hagur sjóðsins hins vegar batnað svo vegna tilkomu lána að tilhlutan hæstv. ríkisstj. af PL-480 fé og frá bankakerfinu samkv. framkvæmdaáætlun ríkisstj., að útlán s. l. ár urðu 58.5 millj., m. ö. o.: útlán sjóðsins jukust

á þessu eina ári um nær 75%, og námu heildarútlán þá frá stofnun sjóðsins 139.6 millj. kr. Þar af eru vélalán 86 millj., en 53.6 millj. kr. í byggingarlánum. Á s. l. ári veitti iðnlánasjóður 217 lán, en synjaði 154.

Það er fróðlegt nú að gera sér grein fyrir stöðu iðnlánasjóðs nokkuð fram í tímann, t. d. fram til ársloka 1970, miðað við þá fjármöguleika, sem sjóðurinn hefur nú og honum eru skapaðir með þessu frv. og álsamningnum. Stofnsjóður í árslok 1965 er sem næst 72 millj. kr. og skuldir sjóðsins 68 millj. Útlán eru því samtals 140 millj. kr. Auknar lántökur samkv. þessu lagafrv. verða 180 millj. Vaxtatekjur og þóknun s. l. ár urðu 10 millj. kr., og má því áætla þær fram til ársloka 1970 með öllum þessum möguleikum, sem sjóðnum eru skapaðir, samtals 75 millj. kr. Ganga verður út frá, að lán úr Framkvæmdasjóði aukist heldur en minnki, miðað við lán þau, sem Framkvæmdabankinn hefur að undanförnu lánað til iðnaðar. En í framsöguræðu hæstv. iðnmrh. um frv. til l. um Framkvæmdasjóð í hv. Nd. upplýsti ráðh., að tekið verði tillit til þess, hvað Framkvæmdabankinn hefur lánað íslenzkum iðnaði undanfarin ár, þegar kemur til, að ákveða skal lán úr Framkvæmdasjóði. Ef þetta nemur að jafnaði á ári 40 millj. kr., bætast sjóðnum hér 160 millj. kr. til ársloka 1970. Ríkisframlagið í ár verður 2 millj. kr., en hækkar svo samkv. þessu lagafrv. í 10 millj. kr. á ári. Nemur þetta framlag þá á þessu tímabili 32 millj. kr. Iðnlánasjóðsgjaldið, sem á s. l. ári er líklega 17 millj. kr., má áætla með aukningu og tilkomu álbræðslunnar að nemi 125 millj. kr. Samkv. þessum hugleiðingum verður því iðnlánasjóður og þar með útlán iðnlánasjóðs í árslok 1970, með því, sem sjóðurinn hefur nú til umráða í útlánum, samtals 712 millj. kr. Sé gengið út frá, að sjóðurinn fái sömu fyrirgreiðslu úr bankakerfinu sem á síðasta ári og standi þannig straum af afborgunum lána, má ganga út frá, að iðnlánasjóður eigi fyrir sér að fimmfaldast frá því, sem nú er, á næstu 5 árum. Ef sjóðnum verða á þessu tímabili fengin aukin verkefni frá hæstv. ríkisstj. eða hv. Alþ., fylgja þar væntanlega með auknir fjármöguleikar.

Að þessu athuguðu er ekki annað séð en vel sé hugsað fyrir þessum fjárfestingarsjóði iðnaðarins á þessu tímabili, sem ég hef rætt um, til ársloka 1970. Hér er um slíka byltingu að ræða í fjárfestingarlánum fyrir íslenzkan iðnað og þann skilning frá hendi ríkisvaldsins og núv. hæstv. iðnmrh., að þetta ber að þakka alveg sérstaklega. Er þess að vænta, að nú verði gert jafnmyndarlegt átak varðandi rekstrarfjárþörf þessarar þýðingarmiklu atvinnugreinar.

Eins og ég gat um í upphafi, mælir iðnn. með þessu frv. um breyt. á l. um iðnlánasjóð, og er þess að vænta, að hv. þdm. veiti þessu máli **stuðning.**

Helgi Bergs: Herra forseti. Eins og ég ræddi um við 1. umr. þessa máls, virðist mér, að um iðnlánasjóðinn eigi að gilda hinar sömu reglur, sem látnar eru gilda um stofnlánadeild landbúnaðarins og fiskveiðasjóð varðandi framlag ríkisins á móti því framlagi, sem innheimt er frá atvinnuvegunum sjálfum. En í þessum sjóðum landbúnaðarins og sjávarútvegsins er, eins og ég gat um þá, gildandi sú regla, að ríkið leggur jafnt framlag á móti því fé, sem innheimt er hjá atvinnuvegunum sjálfum.

Á þskj. 448 hef ég ásamt hv. 1. þm. Vestf. lagt fram brtt. við þetta frv., sem gengur í þessa átt, og ég sé ekki ástæðu til að endurtaka þann rökstuðning fyrir þeirri till., sem ég setti fram hér við 1. umr. málsins.

Sú hækkun, sem þetta frv., eins og það liggur fyrir, gerir ráð fyrir á framlagi ríkisins til iðnlánasjóðs, er í sjálfu sér góðra gjalda verð, svo langt sem hún nær. En okkur flm. þessarar brtt. virðist, að það beri að gilda sömu reglur um þennan sjóð og gilda um hliðstæða stofnlánasjóði annarra atvinnuvega, og þess vegna flytjum við brtt. okkar um það, að framlag ríkisins verði jafnhátt iðnlánasjóðsgjaldinu.

ATKVGR.
Brtt. 548 felld með 9:5 atkv.
1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 63. fundi í Ed., 14. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 479).

---

22. Fuglaveiðar og fuglafriðun.

Á 1. fundi í Sþ., 11. okt., var útbýtt frá Nd.: **Frv. til l. um fuglaveiðar og fuglafriðun** [11. mál] (stjfrv., A. 11).

Á 3. fundi í Nd., 14. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Árið 1948 gerðist Ísland aðili að alþjóðaráði um fuglavernd. Var þá komið á fót nefnd til þess að koma fram fyrir Íslands hönd í þessum samtökum og hefur hún verið nefnd fuglafriðunarnefnd. Í henni eiga nú sæti dr. Finnur Guðmundsson náttúrufræðingur, sem er formaður n., Kristinn Stefánsson prófessor, Þorbjörn Jóhannesson kaupmaður og Þorsteinn Einarsson íþróttafulltrúi. 1954 voru síðan felld saman í eina heild ýmis sundurlaus ákvæði í íslenzkum lögum um rétt til fuglaveiða, friðun fugla og veiðitíma, svo og ákvæði um fuglaveiðisamþykktir. Er hér um að ræða gildandi lög um þessi efni, nr. 63 frá 1954, um fuglaveiðar og fuglafriðun. Í lögunum voru ýmis nýmæli, svo sem ákvæði um stjórn fuglafriðunar- og fuglaveiðimála, ákvæði um veiðitæki og veiðiaðferðir, inn- og útflutning fugla, kaup og sölu þeirra o. fl. Var leitazt við, að þessi lagasetning væri að efni til í sem nánustu samræmi við alþjóða-

samþykkt um verndun fugla, sem gerð hafði verið í París 1950. Hin nýju lög tóku gildi í ársbyrjun 1955, og ári síðar eða í janúar 1956 fullgilti ríkisstj. Íslands fyrrnefnda alþjóðasamþykkt um verndun fugla.

Síðar kom í ljós, að óhjákvæmilegt virtist, að heimild væri til þess í lögunum að leyfa veiði sumra fugla á friðunartíma þeirra, þar eð þeir kunna að valda tilfinnanlegu tjóni á nytjum eða hindra viðkomu og aukningu fuglategunda, sem æskilegt er að viðhalda og fjölga. En þar sem þá var enn fremur ljóst, að nauðsynlegt væri, að fram færu rannsóknir á veigamiklum þáttum þessara mála, varð að ráði að fresta endurskoðun l., unz þeim rannsóknum væri lokið. Sem dæmi má nefna, að brýna nauðsyn bar til þess að rannsaka vandlega tjón á nytjagróðri af völdum grágæsa. Af ýmsum ástæðum reyndist þó ekki unnt að hefjast handa um aðgerðir í því máli fyrr en á árinu 1963, að samið var við brezka aðila um framkvæmd rannsóknanna. Þessir aðilar unnu síðan í tvö sumur, 1963 og 1964, í samráði við íslenzka aðila að víðtækum athugunum á íslenzka grágæsastofninum, stærð hans, útbreiðslu og lífsháttum. Þegar niðurstöður af þessum rannsóknum lágu fyrir, en það var haustið 1964, var talið ástæðulaust að fresta lengur endurskoðun l. frá 1954.

Í júní 1959 hafði menntmrh. falið fuglafriðunarnefnd að endurskoða l. frá 1954. 30. okt. 1964 fól rn. nefndinni að ljúka sem allra fyrst endurskoðun l., og störfuðu þeir Agnar Ingólfsson náttúrufræðingur og Birgir Thorlacius ráðuneytisstjóri með n. að því verki. Niðurstaðan varð sú, að samið var nýtt frv. til l. um fuglaveiðar og fuglafriðun, og er það frv., sem hér er nú flutt. Frv. hafði verið sent búnaðarþingi til umsagnar og breytt nokkuð að fenginni umsögn þess. Höfundar frv. eru í öllum aðalatriðum á einu máli um ákvæði þess. Ég sé ekki ástæðu til þess að rekja efni frv. í einstökum atriðum. Þó skal ég geta helztu nýmælanna, sem í því felast.

Í 11. gr. er það nýmæli, að heimild er þar til að veita undanþágu frá friðunarákvæðum frv., þegar um er að ræða tegundir, sem valda verulegu tjóni á nytjum. Enn er reynslan talin hafa sýnt, að brýn nauðsyn sé á því, að slík heimild sé í l. um fuglaveiðar og fuglafriðun. Er kveðið svo á, að hægt sé að veita einstökum handhöfum fuglaveiðiréttar tímabundið leyfi til veiði slíkra fugla, á hvaða tíma árs sem er. En þó er gert ráð fyrir, að þessi undanþáguheimild taki ekki til sjaldgæfari tegunda, svo sem arnar, fálka og snæuglu. Sérákvæði eru um grágæsir, og miða þau að því að gera leyfisveitingar einfaldari að því er þessa tegund varðar. Í gr. eru og ákvæði um heimild til töku grágæsareggja, án þess að leyfi komi til. Samkv. gildandi l. eru grágæsir alfriðaðar, frá því að þær koma á vorin og þangað til 19. ágúst. Þetta hefur valdið mikilli óánægju hjá bændum í sumum héruðum landsins, sem hafa orðið fyrir nokkrum búsifjum af þeirra völdum. Samkv. ákvæðum gr. geta bændur fengið leyfi til að veiða grágæsir á hvaða tíma árs sem er, svo framarlega sem þær valda tilfinnanlegu tjóni á nytjagróðri. Einstakir veiðiréttarhafar geta fengið leyfi til slíkra veiða, en hreppstjórar geta fengið leyfi til slíkra veiða, en hreppstjórar geta fyrir þeirra hönd einnig fengið slíkt leyfi. Þrátt fyrir þessar víðtæku heimildir verður þó að teljast mjög ólíklegt, að með gæsaveiðum verði hægt að koma í veg fyrir, að grágæsir valdi spjöllum á nytjagróðri, enda eru sáralítil líkindi til, að hægt sé að hafa nokkur veruleg áhrif á stærð grágæsastofnsins með veiðum einum, jafnvel þótt grágæsir væru ófriðaðar með öllu. Nauðsynlegt er því, að menn geri sér ljóst, að þessar undanþáguheimildir útiloka alls ekki nauðsyn ráðstafana til þess að verja ræktað land fyrir gæsum með ýmsum ráðum, sem gefizt hafa vel, t. d. í Skotlandi og víðar.

Í 27. gr. er ákvæði um, að óheimilt skuli að brenna sinu eftir 1. maí ár hvert. Það hefur farið í vöxt á síðari árum, að sina sé brennd á vorin, og er ekki óalgengt, að þetta sé gert í maímánuði og jafnvel fyrri hluta júnímánaðar. Slíkt er talið með öllu óviðunandi, því að þá eru fuglar almennt komnir á varpstöðvarnar og margir farnir að verpa. Afleiðingin af þessu verður sú, að hreiðrum og eggjum margra fugla er eytt í eldi. Til þess að koma í veg fyrir slíkt er vart um annað að ræða en banna sinubruna eftir 1. maí ár hvert, en það eru þau tímatakmörk, sem eðlilegast er talið að miða við.

Önnur nýmæli frv. eru ýmist í tengslum við þessi atriði eða minni háttar, og sé ég því ekki ástæðu til að rekja þau nánar né heldur það efni frv., sem er samhljóða gildandi lögum.

Að svo mæltu leyfi ég mér að leggja til, herra forseti, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til menntmn. með 26 shlj. atkv.

Á 12., 16. og 17. fundi í Nd., 8., 11. og 15. nóv., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 19. fundi í Nd., 18. nóv., var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 11, n. 57, 58, 67, 85).

Frsm. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Frv. það um fuglaveiðar og fuglafriðun, sem hér kemur til 2. umr., er endurskoðun á fyrri l. um þetta efni, gerð af fuglafriðunarnefnd og nokkrum öðrum sérfróðum mönnum.

Flestar þær breyt., sem frv. gerir á gildandi l., virðast sjálfsagðar og eru óumdeildar. Rýmkað er allverulega um hömlur á baráttu gegn grágæs, sem valdið hefur bændum vaxandi tjóni, og er það gert skv. eindregnum óskum þeirra. Þá er veiði svartfugls á snörufleka bönnuð, en hún hefur raunar lagzt niður af sjálfu sér alls staðar á landinu, að undanteknum tveimur stöðum. Enn er veiðitíma fugla breytt hvað nokkrar tegundir snertir, og eru reglur um það efni gerðar einfaldari en áður voru. Um allt þetta er algert samkomulag, og gerir menntmn. till. um 3 breyt., sem eru á þskj. 58 og þurfa varla skýringar við.

1. brtt. er leiðrétting. 2. brtt. er leiðrétting á formsatriði, því að ekki er hægt að setja í lög,

að breyta megi lögum með reglugerð einni. Verður því að vera undanþáguákvæði í öðru formi. Og loks eru sett örlítið strangari ákvæði en áður voru um vernd arnar, fálka, snæuglu og haftyrðils, sem taldar eru þær 4 fuglategundir í landinu, sem hætta er á að kunni að eyðast.

Þessu til viðbótar gerir frv. ráð fyrir breyttum baráttuaðferðum gegn svartbak, og er lagt til, að lög um eyðingu svartbaks, sem sett voru á síðasta þingi, verði felld úr gildi, en reglugerðir samkv. þessum l. og ákvæði þeirra komi í staðinn.

Eins og sjá má á nál. á þskj. 57, hafa 3 af 5 nm. í menntmn., hv. 3. þm. Sunnl., hv. 3. þm. Vestf. og hv. 2. þm. Norðurl. v., skrifað undir nál. með fyrirvara, og er sá fyrirvari bundinn við þær breyt., sem frv. gerir varðandi eyðingu svartbaks. Í samræmi við það hafa þessir 3 þm. flutt sérstaka brtt., sem þeir að sjálfsögðu munu gera grein fyrir.

Hér er um athyglisvert mál að ræða, sem getur snert margt fleira en eyðingu svartbaks. Kjarni þess er sá, að vísindamenn eru nú þeirrar skoðunar, að yfirleitt sé tilgangslaust að reyna að eyða fuglategundum, sem verða mjög útbreiddar, með því að skjóta fuglinn. Er þessi skoðun íslenzkra sérfræðinga í samræmi við það, sem nú virðist vera álit sérfróðra manna í öðrum löndum, og hefur þróun löggjafar óðum gengið í þá átt, að hætt er við að veita sérstök verðlaun fyrir fuglaeyðingu á þennan hátt. Að sjálfsögðu er ekki ætlunin að banna það, að svartbakur sé skotinn. Oft getur það að sjálfsögðu komið að miklu gagni á takmörkuðum svæðum eða við að verja einstaka staði gegn ágangi fugla, sem mikið er af. En það er skoðun vísindamannanna, að verðlaunaveitingar úr opinberum sjóðum fyrir skotna fugla eigi ekki rétt á sér og þar sé um illa meðferð á opinberu fé að ræða, því að fyrir þær fáist ekki sá árangur, sem talið var áður fyrr að fengist. Til að skýra þetta vil ég leyfa mér að lesa örlítinn kafla úr grg. eftir Agnar Ingólfsson fuglafræðing, sem hefur lagt mikla stund á lífnaðarhætti mávanna, þar á meðal kynnt sér þær aðferðir, sem beitt hefur verið til að útrýma mávum eða fækka þeim.

Það fylgir vaxandi siðmenningu og velmegun, að þessar fuglategundir elta mannabyggðir, lifa á úrgangi ýmiss konar, bæði frá verksmiðjum, sláturhúsum, *frystihúsum og heimilum manna*, og mávum hefur fjölgað svo, að til alvarlegs baga er á mörgum stöðum.

Agnar Ingólfsson bendir á, að sú aðferð að greiða verðlaun fyrir eyðingu meindýra hafi mjög verið notuð í mörgum löndum, t. d. *Bandaríkjunum*, Bretlandi og Norðurlöndum og víðar. „En á seinni árum hefur mikið verið rætt og ritað um þessa aðferð. Komið hefur í ljós, að í langflestum tilvikum, sem rannsökuð hafa verið, hafa þessar verðlaunaveitingar reynzt algerlega gagnslausar. Samkv. því hefur aðferðin verið lögð niður víðast hvar. Einna lengst hefur hún haldið velli í Bandaríkjunum, en þar er nú hvert ríkið á fætur öðru að leggja hana niður. Nýlega var samþ. á fundi Alþjóðafuglaverndunarráðsins ályktun þess efnis, að skora á öll aðildarríki ráðsins að hætta slíkum verðlaunaveitingum, þar sem þær eru gagnslausar að mestu. Það, sem einkum mælir á móti verðlaunaveitingum, er þetta:

1) Það hefur sýnt sig, að þeir einstaklingar, sem drepnir eru vegna verðlaunanna, eru ávallt svo fáir, að engu máli skiptir fyrir heildarstofninn, *nema hann sé mjög lítill*. Þessar verðlaunaveitingar hafa því oftast verið bein sóun á fé.

2) Í þau fáu skipti, sem aðferðin hefur borið árangur, hefur hún reynzt mjög kostnaðarsöm, og hefði verið unnt að ná sama árangri á mun ódýrari hátt með öðru en veitingu verðlauna.

3) Oft eru það tiltölulega fá dýr, sem mestu tjóni valda, og er þá oftast reynt að drepa þau, án tillits til þess, hvort til verðlauna er að vinna eða ekki.

4) Alls staðar, þar sem þessi aðferð hefur verið notuð, hefur verið töluvert um svik í sambandi við hana. Nægir í þessu sambandi að nefna nærtæk dæmi, eins og tilbúning minkaskotta og greiðslu verðlauna fyrir ýmsar aðrar mávategundir en svartbak.

5) Þessi eyðingaraðferð er fremur ógeðfelld, þar sem hún hvetur menn til að taka sér byssu í hönd og drepa dýr eingöngu í þeim tilgangi að hljóta verðlaun fyrir."

Agnar Ingólfsson segir ennfremur:

„Vil ég nú víkja nokkru nánar að greiðslu verðlauna fyrir eyðingu svartbaks. Hér að framan hef ég komizt að þeirri niðurstöðu, að eyða þyrfti a. m. k. 125 þús. svartbökum á ári hverju, til þess að *einhverjar* líkur séu fyrir því, að svartbökum fækki verulega. Það ætti einnig að vera ljóst af framanrituðu, að engin líkindi eru til, að menn geti haft áhrif á stærð svartbaksstofnsins með skotum, jafnvel þótt há verðlaun væru greidd fyrir hvern unninn svartbak, og mundu þessar verðlaunaveitingar því aðeins vera sóun á fé. Ef reyna á að eyða þessum fjölda svartbaka á ári, er auðsætt, að ráða verður til þess hóp manna, sem starfi eingöngu að þessu verki með stórvirkum aðferðum. Það má teljast mjög góður árangur, ef einum slíkum veiðimanni tekst að eyða 5 þús. svartbökum á ári. Mundi því þurfa að fá a. m. k. 25 veiðimenn til þess að ná þessum árangri. Samkv. núgildandi l. eru greiddar allt að 12 kr. fyrir hvern unninn svartbak, en sú upphæð mun vart nægja fyrir skotum." — Þetta var skrifað, áður en frv. var samþ., sem hækkaði verðlaunin í 20 kr. — „Sé miðað við 20 kr. verðlaun, mundu verðlaunaveitingar fyrir 125 þús. svartbaka nema 2½ millj. kr. Þar sem góð svartbaksskot munu nú kosta um 10 kr., og þar sem óhætt mun að reikna með því, að hjá góðum skyttum falli ekki svartbakur nema að meðaltali í öðru hverju skoti, er ólíklegt að menn fari að stunda svartbaksveiðar að nokkru ráði vegna verðlaunanna. Ef ráða ætti sérstaka svartbaksveiðimenn, yrði að sjálfsögðu að greiða þeim fullt kaup auk verðlaunanna. Ef launin til þeirra eru áætluð 100 þús. kr. á ári, mundi þessi liður nema 2½ millj. kr."

Á þennan hátt rekur fuglafræðingurinn, hvílíkur kostnaður það yrði, ef reynt væri með þessari aðferð að drepa a. m. k. 125 þús. svartbaka á ári, en það telja þeir vera lágmark, til

þess að það sjái verulega á stofninum. Hins vegar benda hinir sérfróðu menn á, að ýmsar aðrar aðferðir til eyðingar svartbaks ryðji sér til rúms. Fram eru komin ýmis lyf, sem geta komið í staðinn fyrir hættulegt eitur, og þar að auki er mikið gert að því að úða yfir hreiður, þannig að eggin eyðileggist, án þess fuglinn verði þess var, og hefur það líka borið góðan árangur. Loks telja sérfræðingarnir, að hér á landi væri hagkvæmast og skynsamlegast að halda uppi varnaraðgerðum við þá staði, þar sem tjón af völdum þessara fugla er mest, sem er aðallega við æðarvarp, og beita þar eitri á takmörkuðum svæðum undir föstu eftirliti. Telja þeir, að á þann hátt sé hægt að verja æðarvarpið og forða frá því tjóni, sem þar verður mest, enda er yfirleitt um að ræða staðbundinn hluta svartbaksstofnsins á slíkum stöðum, sem mestu tjóni veldur.

Hér hefur áður verið gerð tilraun til þess að fá menn til að eyða þessum fugli fyrir verðlaun. Það var á árunum 1942—54. Samkv. yfirliti um greiðslur, sem þá voru inntar af hendi, voru að meðaltali drepnir rösklega 3 þús. svartbakar á ári. En samkv. beztu vitund manna þarf að drepa töluvert á annað hundrað þús., til þess að sjáist á stofninum.

Þetta eru nokkrar þær röksemdir, sem fram eru færðar fyrir því, að við eigum að hætta við þá aðferð að veita peningaverðlaun af opinberu fé fyrir svartbaksdráp, en eigum að skipuleggja aðgerðir á annan hátt, verja æðarvarp og aðra staði, þar sem tjóni er valdið, og gera það með nýjustu aðferðum, sem við þyrftum þó að reyna á skipulagsbundinn hátt við íslenzkar aðstæður.

Þetta deilumál, sem getur snert fleira en mávana eina, er að mörgu leyti líkt rjúpnamálinu fræga, sem miklum umr. olli á þingi fyrir allmörgum árum. Þá voru margir þm. þeirrar skoðunar, að veiðimenn væru alvarlegasta hættan, sem steðjaði að rjúpnastofninum, við yrðum því að banna rjúpnaskot til þess að vernda stofninn. Þá héldu sérfræðingar fram sömu skoðun og þeir hafa í þessu svartbaksmáli, að skotin mundu ekki ráða úrslitum um rjúpnastofninn. Þeirra aðferð var reynd, og mér skilst, að hún hafi sannazt. Rjúpnastofninn, sem virtist vera orðinn mjög lítill, hefur rétt sig við aftur, og nú er mjög mikið um rjúpu, enda þótt skot hennar hafi ekki verið takmörkuð. Finnst mér, að taka mætti nokkurt tillit til þess, að þessi reynsla hefur nýlega fengizt, þegar deilt er um sömu grundvallaratriði í nýju máli. Af þeim sökum hefur meiri hluti menntmn. viljað samþykkja þetta stjórnarfrv., eins og það er lagt fram, en minni hl. n. gerir brtt. við þetta eina atriði.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Það var út af smáatriði, sem ég hafði hreyft við einstaka nm., en þeir hafa ekki borið fram brtt. um, og ég tel rétt að komi til atkv. Í 36. gr. frv. segir.

„Þeim, sem starfa að því að taka ham af fuglum og setja þá upp, er óheimilt að inna þau störf af höndum, nema fuglanna hafi verið aflað á löglegan hátt. Þeim skal og óheimilt að setja upp eða taka ham af örnum, fálkum og snæuglum, jafnvel þótt þeirra hafi verið löglega aflað, nema í þágu opinberra almenningssafna íslenzkra."

Ég tel, að þetta ákvæði sé með öllu ótækt. Ef hamanna er löglega aflað, er engin ástæða til að setja á þær hömlur, sem hér eru ráðgerðar. Það er að vísu sú röksemd færð í athugasemd frv., að hætt sé við, að fram hjá því verði farið, ef þetta bann um að setja upp hami fyrir einstaklinga sé ekki sett. En það er alveg nóg að leggja þá sönnunarskyldu á aðila, að þeir verði að sanna, að þeir hafi fengið haminn löglega, til þess að tryggja þetta. Hitt hlýtur í raun og veru að leiða til þess, að farið yrði að kanna heima hjá einstökum mönnum, hvort þeir hefðu fengið inn í sínar stássstofur, eins og í grg. segir, þessa fugla. Slíkur eltingarleikur er nánast sagt hlægilegur og ósamboðið Alþingi að setja slíka löggjöf. Það má segja, að þetta sé ekki stórt atriði, en hér er dæmi um það, hvernig menn í áhuga sínum fara allt of langt og leiðast til að setja reglur, sem með öllu eru óframbærilegar eða svo er mín skoðun.

Ég leyfi mér að flytja hér svo hljóðandi skriflega brtt.:

„Brtt. við frv. til laga um fuglaveiðar og fuglafriðun. Við 36. gr. Seinni málsliðurinn falli niður.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 89) leyfð og samþ. með 31 shlj. atkv.

Óskar E. Levy: Herra forseti. Það varð ekki að fullu samstaða í menntmn. þessarar hv. þd. um afgreiðslu þessa máls, sem hér er tekið til 2. umr., frv. til laga um fuglaveiðar og fuglafriðun.

Þrír nm., hv. 3. þm. Sunnl., hv. 3. þm. Vestf. og ég, skrifa undir nál. á þskj. 57 með fyrirvara, og höfum við af því tilefni flutt brtt. við frv. á þskj. 67, sem ég vil gera grein fyrir og ræða málið almennt í stuttu máli.

Það er lagt til í frv., að nýsett lög nr. 50 frá 8. maí þ. á., um eyðingu svartbaks, verði algjörlega þurrkuð út, numin úr gildi, en í þeirra stað komi aðeins skv. 25. gr. frv. heimildarákvæði um, að ráðuneytið geti, — það er ekki skylda þess, — að fengnum till. fuglafriðunarnefndar sett reglugerðarákvæði um tiltekið atriði alls málsins, sem nú er ákveðið í nefndum lögum.

Ég verð að segja það, að mér finnst fuglafriðunarnefnd, þótt hún sé óefað mikill aðili í ríkinu og okkur að líkindum ber að lúta með mikilli virðingu, fara fram á allmikið sér til handa. Og ég er að velta því fyrir mér, hvort það sé raunverulega hægt siðferðilega fyrir hæstv. menntmrn., þótt til þess fáist leyfi hinnar mikilsvirtu fuglafriðunarnefndar, að setja í reglugerð svo til nákvæmlega sömu ákvæði og Alþingi Íslendinga hefur fellt úr lögum, sem með einróma samþykki voru fyrir stuttu sett.

Það virðist ekki vera veigamikill ágreiningur um meginstefnuna í þessum málum. Nær allir telja, að aðgerða sé þörf, og nær allir telja, að fara eigi inn á nýjar leiðir. Og það var einmitt þess vegna, sem lögin voru sett á s. l. vori, og

það eru ákvæði í þeim lögum um það, og kem ég að því síðar í ræðu minni.

Flm. brtt. á þskj. 67 telja óforsvaranlegt að afnema nú lögin um eyðingu svartbaks frá s. l. vori og flytja því þessar till. En þær eru eingöngu um það, að lögin verði látin halda sér nú um sinn, unz þau hafa sýnt sig a. m. k. að einhverju leyti í framkvæmd.

Ég tel rétt að rifja upp nokkur helztu atriðin, sem fram komu við umr. á hv. Alþingi á s. l. vori við afgreiðslu laganna um eyðingu svartbaks. Rökin fyrir þeim lögum verða ekki betur sett fram að mínum dómi.

Flm., Bjartmar Guðmundsson, hv. 8. landsk. þm., sagði m. a. við 1. umr. málsins í hv. Ed., með leyfi forseta:

„Svartbakur eða veiðibjalla öðru nafni hefur lengi verið illa séður í varplöndum, og ýmiss konar annan usla er einnig talið og er víst að hann gerir, t. d. í veiðivötnum og veiðiám. Stundum tekur hann lömb og ýmiss konar aðra fugla en þá, sem varpfuglar geta talizt. Einkum er það æðarfuglinn, sem hefur orðið fyrir barðinu á svartbak, og hafa æðarvarpseigendur jafnan lagt mikla stund á að halda þessum fugli svo í skefjum, að honum fjölgaði ekki svo mikið, að æðarvörpum stafaði mjög mikil hætta af. Áður fyrr lögðu varpeigendur sjálfir fé til höfuðs þessum fugli, stundum allverulegar upphæðir, en hin síðari ár, eða frá 1936, hafa gilt sérstök lög um eyðingu svartbaks, og hefur hið opinbera og sýslufélögin í sameiningu staðið straum af kostnaði við það að eyða honum.

Þau lög, sem nú gilda, eru rúml. 30 ára gömul með breyt. 1941, 1951 og 1962. Almennt er talið, að þessi lög séu gagnslaus. Þar er aðeins um skotlaun að ræða, sem eru svo lág, að enginn finnur hvöt til þess að stunda svartbaksveiðar fyrir þau. Og sú sorglega útkoma er nú augljós öllum mönnum, að svartbak hefur fjölgað í landinu langt fram yfir það, sem menn vita til að hafi verið áður. Það kveður svo rammt að þessu, að í flestum æðarvörpum liggur þessi vargur svo í unganum, að mikill hluti hans fer í svartbak, um leið og æðarkollurnar leggja frá hreiðrinu með ungana til vatns. Það berast kvartanir frá varpeigendum um allt land út af þessu, og æðardúnshlunnindi eða tekjur af æðardún hafa farið minnkandi ár frá ári.

Búnaðarþing hefur rætt þetta mál oftar en einu sinni og gert um það ályktanir. Almennt er þess vænzt og krafizt af varpeigendum, að eitthvað sé gert til þess að fækka þessum fugli sem um munar. En víst er, að nýjar leiðir verður að fara, ef nokkuð á að gera, sem til gagns horfir."

Hv. frsm. landbn. Ed., Ragnar Jónsson, sagði m. a., með leyfi forseta:

„Málum er því þannig komið í þessum efnum, að svartbakurinn gerist æ aðgangsharðari með ári hverju, og horfir til stórvandræða víða í æðarvarpi, þar sem fuglinn hefur naumast nokkurt griðland orðið fyrir þessum gráðuga vargfugli. Þá ógnar svartbakurinn og andastofninum og étur ómælt af laxaseiðum og smásilungi. Ég hygg, að það sé skoðun allra, sem fylgjast með háttalagi svartbaksins og hinni öru fjölgun hans, að það sé mál til þess komið að hefja öfluga herferð gegn honum.

Þar sem frv. það, sem hér liggur fyrir, gerir ráð fyrir, eins og ég gat um áðan, að veiðistjóri taki að sér umsjón eyðingaraðgerðanna undir stjórn Búnaðarfélags Íslands, og heimilt er skv. frv. að ráða sérstaka menn til veiðanna til lengri eða skemmri tíma, auk hækkaðra skotmannslauna, má vænta þess, að frv., ef að l. verður, mundi stuðla að því, að svartbaknum verði fækkað verulega á skömmum tíma. Og það er áreiðanlegt, að það er fyllilega mál komið til þess að hefja öfluga herferð gegn þessum gráðuga fugli."

Og enn fremur segir flm.: „Það, sem í þessu frv. felst, er í fyrsta lagi það, að reyndar verði alveg nýjar aðferðir til þess að eyða svartbak."

Hér er rétt að minna á og undirstrika það alveg sérstaklega, að það eru ekki skotverðlaunaákvæði eldri laga, sem flm. og frsm. í þessu tilfelli sérstaklega undirstrika. Það er einmitt það, sem er sérstaklega undirstrikað, að fara inn á alveg nýjar leiðir í málinu.

Frsm. landbn. Nd., hv. 3. þm. Austf., Jónas Pétursson, sagði m. a., með leyfi forseta:

„Segja má í skemmstu máli, að þetta sé tilraun til þess eða einn liður í því, sem nú er mikið reynt, að taka vísindin og tæknina í þágu atvinnuveganna. En þó að það láti kannske ekki mikið yfir sér, er það um það að reyna nýjar aðferðir við eyðingu og útrýmingu svartbaks, sem er aðalbölvaldur og meinvættur við æðarvarp hér á landi. En það er enginn vafi á því, að í æðarvarpinu eru fólgnir miklir framtíðarmöguleikar, ef hægt er að auka það, og þess vegna mælir landbn. einróma með því, að þetta frv. verði samþykkt."

Herra forseti. Ég hef nú rakið nokkuð gang þessa máls á síðasta þingi. Ljóst er af ræðum flm. og frsm. landbn. beggja deilda Alþ., að þeir hafa allir sem einn talið fækkun svartbaksins aðkallandi nauðsynjamál og hvatt mjög þingið til aðgerða í málinu svo og þess, að farið yrði inn á nýjar leiðir. Allir hafa þeir talið skotverðlaunaákvæðið ekki einhlítt, enda þótt þeir hafi talið það til bóta og sjálfsagt með öðrum samverkandi ákvæðum, og kem ég að því síðar í minni ræðu.

Hv. Alþ. samþykkti svo frv. um eyðingu svartbaks 8. maí á s. l. vori með samhljóða og mikilli þátttöku í atkvgr. í báðum hv. d. Alþ., og er það fyrirbæri ekki of altítt. Nú er komin fram till. utan þings um, að hv. Alþ. geri sér þá hneisu að fella úr gildi þessi lög, sem aðeins hafa staðið í 6 mánaða tíma og í engu fengið tíma til að sýna kosti sína eða galla. Ég tel slíka málsmeðferð alveg fráleita, og ef till. verður samþ., tel ég það bera vott um allt of mikla léttúð í löggjafarstarfi á Alþ.

Ég tel rétt að víkja nokkuð að 1. um eyðingu svartbaks. 1. gr. kveður á um það, að veiðistjóri, sem er talinn mjög dugandi maður og hefur reynslu í starfi, skuli hafa alla stjórn á aðgerðum við eyðingu svartbaks undir yfirstjórn Búnaðarfélags Íslands. Þetta ákvæði er eðlilegt og vænlegt til árangurs.

4. gr. hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Hinir ráðnu veiðimenn skulu vera vel útbúnir að öllum tækjum og lyfjum, sem bezt henta við eyðingu svartbaks. Eru hinum ráðnu mönnum leyfilegar eyðingaraðgerðir hvar sem er, svo sem í varpstöðvum svartbaksins og annarra fugla, við árósa, fiskvinnsluhús, sláturhús eða á öðrum stöðum, þar sem svartbakur heldur sig mikið."

Það hefur nokkuð verið rætt um það, að koma þyrfti að nýjum aðferðum við þessa vinnslu, og er það rétt. 4. gr. kveður einmitt á um það. Það eru að vísu ekki nefnd svefnlyf í gr., sem nú eru af mörgum talin mjög líkleg til árangurs á þessu sviði, en það er talað um lyf, og vitanlega heyra þá svefnlyf undir þessa gr., sem allir tala um, að séu mjög líkleg til árangurs. En veiðimennirnir skulu vera vel útbúnir að öllum tækjum og lyfjum. Ég held, að það verði varla kveðið öllu skýrar á um þessi atriði í reglugerð.

5. gr. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Heimilt er veiðistjóra að fela áðurnefndum ráðnum mönnum eyðingu minka, refa og hvers konar vargfugla, sem herja á æðarvarp, ef nauðsyn krefur."

Hér er um að ræða mjög þýðingarmikla breytingu frá fyrri l. um eyðingu svartbaks, vegna þess að örugglega má gera ráð fyrir því, að þar sem ráðnir menn fara um til refa- og minkaveiða, svo sem lög gera ráð fyrir, eru á ferð hinir hæfustu menn, sem völ er á hverju sinni, það þekki ég af eigin reynd. Svo er það mjög hagkvæmt fyrir það opinbera, að vargfuglinn og hin grimmu og skaðlegu dýr, minkurinn og refurinn, séu unnin í einni og sömu ferð, þar sem svo hagar til, en það er aðallega með ströndum fram, svo og með ám og veiðivötnum.

Hér kemur líka mjög til góðs ákvæði 11. gr. um verðlaun fyrir skotinn svartbak. Þetta ákvæði hefur hneykslað nú orðið einstakan hv. þm., sem stafar mest af því, að ákvæðið er misskilið. Því hefur jafnvel verið haldið fram, að þetta ákvæði mundi verða lítt bærilegt vegna kostnaðar og íþyngja skattborgurum landsins um of. Ég lít svo á, að þetta ákvæði eldri l. hafi verið látið halda sér í núgildandi l. aðallega vegna veiðanna með ströndum fram, þar sem fuglinn er mjög dreifður, enda styggja skot þar aðra svartbaka minnst. En þessir strjálu fuglar éta jafnaðarlega mest af æðarungum, bókstaflega sitja um þá, þegar þeir ganga frá hreiðrinu. Hví skyldu minka- og refaveiðimenn, sem vinna nokkurs konar ákvæðisvinnu, hafa lögum samkv. ákveðið fyrir unnið dýr, fara að eyða tíma sínum og skotum á svartbak, ef þeir fengju ekkert fyrir að vinna vargfuglinn? Ekki væri hægt að koma við tímavinnu í þessum tilvikum hvað snertir svartbaksveiðarnar, vegna þess að veiðimennirnir eru við annað verk, þ. e. refa- og minkaveiðarnar.

Mig langar til að minna á það, sem hv. frsm. menntmn. sagði hér áðan um vörzlu á æðarvörpunum. Hann taldi, að það væri sérstaklega hagkvæmt að fara inn á þá leið að verja vörpin. En ég vil minna á, að það er einmitt það, sem æðarvarpseigendur hafa gert. En hættan hefur ekki skeð í vörpunum. Hættan hefur verið til staðar, þegar ungarnir hafa komið út úr vörpunum og dreift sér um voga og víkur meðfram allri ströndinni, þá er ekki á nokkurs manns færi að verja ungana, eins og gefur að skilja, svo að þessi röksemdafærsla hv. frsm. menntmn., held ég, fellur um sjálfa sig.

Þá segir svo í grg. Agnars Ingólfssonar, sem prentuð er með því frv., sem hér er til umr., með leyfi forseta:

„Í verstöðvum er oft hægt að skjóta svartbaka, þar sem þeir safnast saman við úrgang. Er þá oft hægt að skjóta í mávaþvöguna og hafa allmarga í skoti. En við fyrsta skot styggjast mávarnir, og líður oft langur tími, unz þeir koma aftur. Verða mávarnir því varari um sig sem oftar er skotið, unz þeir hætta alveg að koma í færi. Með þessari aðferð er því aðeins unnt að skjóta mjög takmarkaðan fjölda svartbaka."

Ég tel, að þessi tilvitnun ætti að sannfæra flesta um, að enginn mun verða tekjuhár né ríkur af því að skjóta svartbak og buddu skattborgarans er ekki mikil hætta búin af skotverðlaunaákvæðum svartbakseyðingarlaganna. Rétt er og að benda á, að í 10. gr. þeirra er skýrt ákvæði um, að engir megi stunda þessar veiðar aðrir en ráðnir menn samkv. 3. gr. Það er því á valdi veiðistjóra hverju sinni, á hvern veg vinnslunni er hagað, og vitanlega sæfir hann eða hans menn fuglinn með lyfjum, ef það reynist hagkvæmt, og það ætti ekki að vera því opinbera ofviða að gjalda kaup miðað við hinn almenna vinnumarkað við að hálshöggva sofandi fuglinn. Tal sérfræðinga um, að hér sé um hættulegt ákvæði að ræða og ekki mundi veita af allt að 5 millj. kr. fjárveitingu í þessu skyni, ef eitthvað ætti að duga, er að mínum dómi algerlega út í hött. Hitt mun sanni nær, að smáfjárveiting, svo sem nú er gerð till. um á fjárl.frv. fyrir árið 1966, muni gera mikið gagn. Ég tel raunar, að það megi gera tiltölulega stórátak með því litla fjármagni, verði því skynsamlega varið, og það vil ég ætla, að verði gert.

Þar sem ég þekki bezt til, verpir svartbakurinn í tugþúsunda tali á tiltölulega litlu, flatlendu, afmörkuðu svæði. Ég leyfi mér að fullyrða, að væri einn maður ráðinn t. d. í vikutíma árlega til að eyða svartbaksungum á þessu svæði, mundi sem ekkert af ungum komast upp. Að halda því fram, að slík framkvæmd verði of dýr fyrir ríkið og hefði enga þýðingu upp á svartbaksstofninn, er náttúrlega fjarstæða, sem öllum er ósamboðið að halda á lofti. Það hefur ætíð verið talið til rányrkju, þegar ungviðin eru drepin, og þá sé hverri dýrategund hætta búin, og ég held, að það hljóti að vera eins með svartbaksstofninn, ef ungviðið er drepið, eigi stofninn eitthvað takmarkaða framtíð fyrir sér.

Ég geri ráð fyrir því, að svona hagi til í svartbaksvörpum víðar á landinu. Hins vegar hefur það ekki verið meiningin að mínu áliti, að veiðistjóri sendi út her manns með ærnum kostnaði, eins og sagt hefur verið af einum manni, sem vinnur með miklum áróðri í blöðum og útvarpi að því að fá svartbakseyðingarlögin numin úr gildi, enda gefur það auga leið, að veiðistjóri verður að sníða sér stakk eftir vexti í þessum efnum, því að það verður Alþ., sem ákveður

það hverju sinni, hve miklu fé verður varið til þessarar nauðsynlegu starfsemi. Undanfarin nokkuð mörg ár hafa verið í lögum ákvæði, sem skyldað hafa svartbakseigendur til að taka svartbaksegg og granda svartbaksungum. Þeir, sem hér hafa átt hlut að máli, munu hafa gert þetta, eftir því sem í þeirra valdi hefur staðið. Verði nú brtt. okkar þremenninganna á þskj. 67 felldar og frv. um fuglaveiðar og fuglafriðun samþ., verða engin ákvæði í l. um þetta efni. Ætla ég, að það geti orðið ærið áhrifaríkt til hins verra, og það mun skapa landsmönnum mikil vonbrigði.

Ég vil leyfa mér að fara nokkrum orðum um grein dr. Finns Guðmundssonar, sem birtist í Morgunblaðinu 11. þ. m. um eyðingu svartbaks. Doktorinn hefur, svo sem kunnugt er, lagt til í því frv., sem hér er til umr., að svartbakseyðingarlögin verði numin úr gildi. Nokkrum dögum eftir að frv. er lagt fram hér á Alþ., segir doktorinn í nefndri grein, með leyfi forseta:

„Á árunum 1942—1954 voru greidd verðlaun fyrir unna svartbaka, og námu þau fyrst 1 kr. og síðar 3 kr. fyrir hvern svartbak. Samkv. yfirliti um greiðslur, sem inntar voru af hendi í þessu skyni, voru að meðaltali drepnir rösklega 3000 svartbakar á ári á þessu tímabili. Það skal fúslega játað, að ég átti nokkurn þátt í setningu þeirra laga, þar sem gert var ráð fyrir þessum verðlaunaveitingum sem lið í baráttunni við svartbakinn."

Ekki er þess getið, hve mikið hefur verið fellt á árunum 1954—1965, en ætla verður, að það hafi ekki verið minna. Líklegt má því telja, að þessir ca. 100 þús. fuglar, sem drepnir hafa verið á þessu tímabili, hefðu aukið talsvert kyn sitt, ef þeir hefðu fengið að lifa, og stofninn væri nú talsvert meiri, ef ekkert hefði verið að gert. Þá segir doktorinn enn fremur, með leyfi forseta:

„Að lokum skal hér vikið nokkru nánar að hinum nýju l. um eyðingu svartbaks og einstökum greinum þeirra. Þar er m. a. kveðið svo á, að veiðistjóri skuli undir yfirstjórn Búnaðarfélags Íslands hafa stjórn allra aðgerða við eyðingu svartbaks og skuli hann, svo sem kostur er, afla upplýsinga um svartbaksstofninn, leiðbeina mönnum um eyðingu hans, skipuleggja eyðingaraðgerðir, gera tilraunir með nýjar vinnsluaðferðir og vernda æðarfugl gegn ágangi svartbaks. Um þessi ákvæði l. er ekki nema gott að segja," segir doktorinn.

Um þessi ákvæði l. er ekki nema gott eitt að segja, og þetta eru meginatriði l., sem doktorinn er að ræða hér um, það eru meginatriði l. frá s. l. vori. Hin atriðin eru bara tiltölulega smávægileg atriði hjá þessu.

Þetta er það síðasta, sem ég hef séð á prenti frá dr. Finni, og ég vil aðeins segja það að lokum, að ég fagna honum sem samherja í þessu máli, og ég tel, að hv. alþm. ættu ekki að vera í vandræðum með að greiða brtt. okkar atkv. eftir þessa yfirlýsingu dr. Finns. Og ég get að síðustu sagt aðeins þetta: Ég er dr. Finni þakklátur fyrir þessa yfirlýsingu. Hún er mjög réttmæt, og ég vil segja það, að batnandi manni sé jafnan bezt að lifa.

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Ég skrifaði undir nál. það, sem hér liggur fyrir frá menntmn. á þskj. 58, með fyrirvara. Einnig hef ég gerzt meðflm. að brtt. við frv., þannig að mér þykir rétt að gera grein fyrir afstöðu minni til málsins. Eins og réttilega kom fram hjá frsm. menntmn., var enginn ágreiningur um efni frv., hina fræðilegu hlið þess. Ágreiningur varð um það eitt, hvort l. um eyðingu svartbaks, sem samþ. voru hér á Alþ. s. l. vor, ættu að nemast úr gildi, eins og lagt er til í frv., eða hvort þau ættu að fá að standa áfram. Það, sem gerir, að ég tel óeðlilegt, að þessi lög verði numin úr gildi nú þegar, er sama og fram kom hjá hv. 2. þm. Norðurl. v. í framsöguræðu hans hér með brtt., að þessi lög eru aðeins búin að standa um hálft ár, og eftir því sem ég fæ bezt séð, hefur ekkert komið fram, sem gefur tilefni til að nema þau úr gildi. Ég greiddi þessum lögum atkv. hér á Alþ. í vor, og var ég þá sannfærður um af þeim rökum, sem fram komu, bæði hjá flm. frv. og eins hjá þeim, sem mæltu með nál., að þau væru nauðsynleg og gagnleg. Ég hef ekki að neinu leyti getað sannfærzt um, að það, sem þá var staðhæft um þessi lög, væri ekki á fullum rökum reist, enda held ég, að bæði nál. og eins það, sem dr. Finnur Guðmundsson hefur um þetta ritað opinberlega, gefi vel til kynna, að eðlilegt hafi verið að setja l. og eðlilegt sé, að þau fái að standa áfram. Ef þessi lög verða nú numin úr gildi, er aðstaða þeirra, sem þau voru sett til þess að bjarga, þ. e. eigenda æðarvarpa, þannig, að aðeins mundi verða heimilt að verja vörpin með því að skjóta svartbak, og einnig, ef væri gefin út reglugerð samkv. 25. gr., að eyða honum með öðrum hætti, en opinber aðstoð til handa þessum aðilum væri öll numin úr gildi með lögum. Eins og ég sagði áðan, var ég sannfærður um, að það væri eðlilegt, að Alþ. gerði ráðstöfun til þess að aðstoða þá aðila, sem æðarvörp hafa, til þess að vernda þau fyrir þeim vágesti, sem svartbakurinn er talinn vera í æðarvarpinu.

Í grein dr. Finns Guðmundssonar í Morgunblaðinu 11. þ. m. segir hann m. a. þetta, með leyfi hæstv. forseta:

„Megingalli þeirra," þ. e. svartbakslaganna, „er sá, að þar er gert ráð fyrir stórfelldum framlögum til aðgerða, sem ekki eru minnstu líkindi til að beri nokkurn árangur."

Ég vil um þetta segja, að það er mjög virðingarvert að mínum dómi af embættismanni að rökstyðja mál sitt bæði fyrir menntmn. og eins á opinberum vettvangi með því, að það sé verið að hans dómi að eyða fjármunum ríkisins að óþörfu. Hins vegar hlýtur það að verða hlutverk Alþ. að meta fjárhagshlið þeirra l., sem það setur, og meta þá, hve mikið fé Alþ. vill veita í hverju tilfelli til framkvæmdar laganna.

Í þessari sömu grein bendir dr. Finnur Guðmundsson á, að samkv. framtölum nemi heildardúntekja á landinu nú um 2000 kg af dúni á ári og verðmæti þessarar framleiðslu sé um 3.7 millj. kr. Í hugleiðingum sínum, sem birtar eru með grg. frv., segir Agnar Ingólfsson þetta, með leyfi forseta:

„Æðardúntekja hefur farið mjög þverrandi á

undanförnum áratugum. Samkv. framtölum hefur dúntekjan hin síðari ár verið nálægt 2000 kg á ári. En það sem af er þessari öld hefur hún orðið mest rösk 4500 kg. Þar sem vitað er, að allmikil brögð eru að því, að slælega sé talið fram, einkum hin síðari ár, er þó sennilegt, að dúntekjan nú sé töluvert meiri en framtöl sýna. Það er mjög vafasamt, að dúntekja geti orðið öllu meiri hér á landi en um 5000 kg á ári, miðað við beztu skilyrði.“ Og Agnar Ingólfsson heldur áfram: „Það eru eflaust margar orsakir til rýrnunar dúntekjunnar. Það, sem helzt kemur til greina, er fjölgun svartbaks, silfurmávs og minks.“

Ég tel, að þeir aðilar, sem virðast mest leggja upp úr því að fá lögin um eyðingu svartbaks afnumin, séu búnir að gera þetta að nokkuð einföldu reikningsdæmi fyrir Alþ. að vega og meta, hvað það telur rétt að veita mikla fjármuni í sambandi við framkvæmd þessara laga. Það liggur fyrir, að Agnar Ingólfsson telur, að dúntekja á undanförnum árum hafi minnkað um 2500 kg eða um röskan helming miðað við það, sem nú er. Að vísu er fram tekið, að hann telur fleiri ástæður en svartbakinn fyrir því, að dúntekjan minnkaði, en hann telur þó helztu ástæðuna vera fjölgun svartbaks. Dr. Finnur Guðmundsson telur í grein sinni, að þessi 2000 kg, sem fram koma á framtölum, séu að verðmæti um 3.7 millj. Nú eru í fjárl. áætlaðar 300 þús. kr. til eyðingar svartbaks. Ég tel það mjög eðlilegt og sjálfsagt af Alþ. að veita þeim aðilum, sem þarna eiga hlut að máli, þ. e. þeim, sem varplönd eiga og nytja, þessa aðstoð til þess að koma í veg fyrir, að dúntekja í æðarvörpum haldi áfram að dragast saman, fyrst það liggur fyrir frá þessum sérfræðingum, að ein af helztu ástæðunum sé fjölgun svartbaks. Mér finnst þetta vera mjög ljóst og einfalt reikningsdæmi, að það séu án efa víðar í fjárl. upphæðir, sem kannske frekar mættu hverfa út af þeim heldur en einmitt þetta, því að dúntekja er einn af tekjuliðum landbúnaðarins og á sumum jörðum verulegur tekjuliður í framleiðslu þeirra, þannig að það verður ekki talið óeðlilegt, þó að ekki meiri fjármunum en fjárl. gera ráð fyrir sé eytt í þessu sambandi.

Afstöðu mína til þess að leggja fram þessa brtt. ásamt hv. 2. þm. Norðurl. v. og 3. þm. Vesturl. mótar fyrst og fremst þetta tvennt, sem ég hef nú drepið á, að ég tel ekki frambærilegt fyrir Alþ. að nema úr gildi lög, sem aðeins hafa staðið í 6 mánuði og ekki er farið að sýna sig í neinu, að þau rök, sem voru færð fram fyrir setningu þeirra, hafi ekki verið rétt og geti staðizt í öllum atriðum, og annað hitt, að ég tel sjálfsagt, þar sem það liggur fyrir, að fjölgun svartbaks í landinu er að eyða æðarvörpum, þar sem þau þó enn finnast, þá tel ég sjálfsagt fyrir Alþ. að veita þeim mönnum, sem þau eiga og þeirra njóta, þá aðstoð, sem gert er í fjárl., og láta lög um eyðingu svartbaks standa áfram, a. m. k. þar til það sýnir sig, að þau séu ekki raunhæf í framkvæmd.

Frsm. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Það er gömul saga, að sé minnzt á fugl eða mink eða einhverja slíka íbúa landsins í þingsölum, verður það jafnan hita- eða tilfinningamál. Er ekkert nema gott um það að segja. Þó vil ég út af því, hvernig þessar umr. snúast, biðja þá, sem standa að umdeildri brtt., að reyna nú ekki að flytja mál sitt eins og hinir nm. séu fylgjendur svartbaksins og vilji ekki eyða honum eða vilji, að æðarvarp eyðist. Þetta er hörmuleg mistúlkun á málinu, af því að deilan er ekki um það, hvort eyða þurfi svartbak. Það er þekkt um allt norðurhvel jarðar, að þessum fugli hefur fjölgað óeðlilega mikið. Deilan er um það, hvernig skynsamlegast og árangursríkast sé að fækka svartbak. Deilan er ekki um það, hvort verja skuli æðarvarpið eða ekki. Deilan er um það, hvernig er skynsamlegast að verja æðarvarp til þess að ná árangri. Deilan er ekki um, hvort ríkissjóður þoli, að þingið veiti 300 þús. kr. í skotverðlaun fyrir svartbak. Deilan er um það, hvort við fáum það fyrir þessa peninga, sem við ætlum að fá, eða ekki, hvort við getum varið þessum fjármunum til eyðingar mávanna á annan hentugri hátt. Það er afar einfalt og freistandi að reyna að mistúlka þessi grundvallaratriði, en ég vona, að þm. láti sér skiljast, um hvað málið snýst.

Ég vil benda mönnum á, hvað það er, sem hér liggur fyrir þinginu. Það er ekki till. utan þings, eins og sagt var. Það er stjfrv. Þetta stjfrv. er undirbúið af n. og flutt af ríkisstj. og fyrir því mælir einn ráðh., eins og venja er. Þessari n. var falið að endurskoða lagabálk, og þegar lagabálkar eru endurskoðaðir, er venja að fella saman í ein lög mismunandi lög, sem hafa gilt um skylt efni. Og það er ómögulegt annað en viðurkenna, að ákvæði um eyðingu svartbaks eigi heima í l. um fuglaveiðar og fuglafriðun. Annars verðum við að kalla þessi lög, sem vafalaust verða í einhverri mynd afgreidd, „lög um fuglaveiðar og fuglafriðun að undanteknum svartbak“. Þó að svo hafi viljað til, að ein þeirra laga, sem giltu á þessu sviði, hafi verið sett um það leyti sem endurskoðuninni lauk, er engin ástæða til, að lög um svartbak eigi ekki að falla inn í heildarlöggjöf eins og hver önnur. Hér er því um fullkomlega eðlileg vinnubrögð að ræða og ekkert við það að athuga.

Þar að auki má benda á, að þessi nýju lög voru afgreidd á síðustu dögum þingsins. Þau höfðu legið í rn., sem ekki taldi rétt að flytja frv., af því að í því rn. lágu þær grg., sem síðar hafa komið fram frá sérfróðum mönnum á þessu sviði. Þau rök, sem þar var um að ræða, voru ekki flutt. Það getur vel verið, að sitthvað sé athugavert við vinnubrögð þingsins. Hygg ég, að það væri frekar að afgreiða í skyndi á síðustu dögum fyrir þingslit frv. en hitt, að afgreiða vel yfirveguð heildarfrumvörp snemma á þingi, eins og nú liggur fyrir.

Ég vil fagna því, að hv. 2. þm. Norðurl. v. lagði í sínu máli höfuðáherzlu á skynsamlegar og nýjar leiðir til eyðingar svartbaks, og ég verð að álykta af ræðu hans, að nú sé 99% samkomulag í þessu máli þrátt fyrir deilur. Hann taldi, að ákvæðin um skotverðlaun væru algert aukaatriði. En barátta gegn svartbak að nýjum leiðum getur átt sér stað og á að eiga sér stað samkv. þessu frv., eins og það er. Það, sem hv.

þm. taldi lögunum mest til gildis, er enn í frv. Það eina, sem mundi falla niður, er skotverðlaunin.

Þær upplýsingar, sem ég hef fengið í sambandi við þetta mál og af reynslu annarra þjóða, hafa sannfært mig um það, að þetta mál endar eins og rjúpumálið. Það endar á því, að skoðanir vísindamanna um gagn af því að fara út með byssu til að reyna að útrýma fuglategund, sem nemur e. t. v. milljónum einstaklinga, munu sigra. Það er ekki vísindalegt, hyggilegt og getur aldrei borið tilætlaðan árangur, jafnvel þótt það sé dramatískt að horfa á mann ganga út og taka að skjóta á varginn. Þetta er skoðun vísindamanna, sem hafa legið yfir þessum vandamálum hér og erlendis, sem hafa skoðað reynslu af því, hvað 100 þús. skyttur gerðu í Danmörku, hvað þeir gerðu vestur í Ameríku og í Hollandi, sem úðuðu eggin í hreiðrum, og hjá þeim, sem notað hafa aðrar aðferðir. Niðurstaða þeirra er þessi. Ég hygg, að það sé ekki af því, að þeir haldi, að ríkissjóður muni fara á hausinn við að veita 300 þús. til útrýmingar svartbaks. Hér er um grundvallaratriði að ræða, og ef nokkuð af persónulegum eða nærtækari ástæðum er fyrir afstöðu þeirra, er það ef til vill, að á sama tíma og fé er eytt í útrýmingaraðgerðir, sem þeir telja, að ekki nái árangri, er náttúruvísindum og náttúrurannsóknum neitað um auknar fjárveitingar. Ég er ekki að segja, að um fé sé neitað af mannvonzku. Við þurfum því miður að neita mörgum góðum málefnum um aukið fé. En þessi samanburður hefur vafalaust getað haft einhver áhrif.

Þarna greinir á milli. Vísindamenn eru sannfærðir um, að skotverðlaunin séu tilgangslaus. Þeir, sem ekki vilja afnema verðlaunin, trúa því hins vegar, að þau beri árangur, og skal ég á engan hátt misvirða það.

Þegar menn halda, að þeir hafi veruleg áhrif á fuglastofn með því að skjóta nokkur þúsund fugla, skulu menn hugsa til grágæsarinnar. Við vitum, að 1/3 hluti af öllum íslenzka grágæsastofninum er skotinn á flugi sínu í Skotlandi og Englandi á hverjum vetri. Hin mikla veiðimannaþjóð, Bretar, murkar niður þriðjunginn af þessari íslenzku fuglategund, en samt fjölgar henni svo mikið, að hún er að verða til vaxandi vandræða, og er nauðsynlegt, eins og gert er í þessu lagafrv., að gera nýjar ráðstafanir til þess að verja ræktað land fyrir gæsinni.

Það er niðurstaða eftir mjög miklar rannsóknir, að óhætt sé að drepa 40% af rjúpnastofninum án þess að útrýma honum, án þess að hann ekki rétti við aftur.

Þetta eru vísindalegar staðreyndir, sem við horfumst í augu við. Það er þetta, sem er á bak við það, að menn vilja hverfa frá verðlaununum. En ég vil taka það fram, að ef uppi eru aðrar till. um aðstoð við bændur, sem hafa æðarvarp, til að verja varpið á annan hátt en með svo almennum ákvæðum eins og hinum, mundi ég vera reiðubúinn til þess að íhuga slíkt mál og veita því stuðning.

Hæstv. forsrh. flutti mjög skiljanlega brtt. Menntmn. staðnæmdist við þetta ákvæði í athugun sinni og spurði sérfróða menn: Af hverju má ekki stoppa upp örn, fálka eða snæuglu, ef maður kemur með dauðan fuglinn og hefur komizt yfir hann á löglegan hátt? Ég held, að það sé varla hægt að komast yfir þessar sjaldgæfu fuglategundir á löglegan hátt, nema maður finni þá dauða. Reynslan er sú, að þeir menn, sem langar til að komast yfir þessa fugla, komast á einhvern hátt yfir þá, granda þeim, og svo halda þeir þessu fram: Ég fann hann á veginum! Það er ekki nokkur leið að afsanna, að fuglinn sé á þann hátt fenginn.

Nú vil ég biðja menn að athuga, að hér er um að ræða tegundir eins og örn, en það eru aðeins 10—20 pör lifandi í landinu, og er álíka mikið talið vera af snæuglu, en nokkru meira af fálka. Hér er um að ræða tegundir, sem eru alveg að deyja út, og sérfræðingar segja, að það sé engin leið að framfylgja friðunarákvæðum nema á þennan hátt. Þarna er sem sagt gat í friðunarreglum, og þetta eru ástæðurnar fyrir því, að ákvæðið er fram komið.

Ég vil að lokum beina því til hæstv. forseta, að hann ljúki ekki þessari umr., fyrr en menntmn. hefur fengið tækifæri til að fjalla um brtt., sem hafa komið fram, enda er sjálfsagt ekkert, sem rekur á eftir afgreiðslu málsins. Hygg ég, að það væri skynsamlegt, að n. kæmi saman og ræddi þessar brtt., áður en lengra er haldið.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Skýring hv. frsm. á 36. gr. fær ekki staðizt, vegna þess að samkv. fyrri málslið 36. gr. verður að sanna, að hamurinn sé fenginn á löglegan hátt. Ég skil ákvæðið svo. Sönnunarbyrðin hvílir á þeim, sem haminn hefur undir höndum, svo að einhliða umsögn hans dugir ekki, og það skilst mér, að sé alveg nóg vörn í þessu máli. En það er einnig annað ákvæði, sem ég vildi benda á og ég tel, að sé ákaflega utan við allan veruleika, jafnvel eftir að hv. n. hefur flutt brtt. við það, og það er 28. gr. Eins og hún er í frv. segir nú: „Mynda- og kvikmyndatökur af örnum, fálkum, snæuglum og haftyrðlum við hreiður þeirra skulu óheimilar nema með leyfi rn., að fenginni umsögn fuglafriðunarnefndar.“ Nú ætlast n. að vísu til þess, að þessu sé breytt, þannig að það sé óheimilt að trufla þessa fugla við hreiður þeirra. En því til viðbótar á það að haldast að efni til, að óheimilt sé að taka myndir nema með leyfi rn. að fenginni umsögn fuglafriðunarnefndar. Ég spyr nú: Hverjum dettur í hug í alvöru, ef maður kemur að hreiðri þessara fuglategunda, að hann skreppi til byggða og það verði skotið á ráðuneytisfundi og nefndarfundi til þess að skera úr um þetta vandamál? Þetta er of mikill stofulærdómur, til þess að hann fái staðizt.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Á þskj. 85 hef ég leyft mér að flytja brtt., sem er við 5. gr. frv., um, að 2. mgr. hljóði svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Fuglaveiðar á afréttum utan landareigna lögbýla eru háðar leyfum sveitarstjórna eða upprekstrarfélaga, sem afréttirnar eiga eða nota.“

Frv. þetta, sem hér er til umr. nú, var sent

búnaðarþingi til umsagnar, er það síðast starfaði. Búnaðarþing gerði nokkrar aths. við frv., og m. a. lagði það til, að þessi mgr. 5. gr. yrði svo hljóðandi, eins og ég hef gert brtt. um. Í grg., sem frá búnaðarþingi fylgdi út af aths., er gerð grein fyrir því, að víða er það svo, að sveitarfélög eða hluti af sveitarfélögum notar afréttarlönd og hafa notað um aldaraðir, án þess að nú séu til fyrir þeim kaupbréf eða sönnunargögn fyrir eign þeirra Það er enginn vafi á því, að það er mjög hæpið og meira en hæpið að ætlast til þess, að hverjum einum sé heimilt að vaða um afréttarlönd þeirra undir því yfirskini, að þeir séu þar að veiða fugl. Nú er á það bent, að þetta ákvæði sé í gildandi lögum. En það er enn þá verra, að það standi í lögum þeim, sem hér verða afgreidd, vegna þess að það er orðin um það umr. og það hefur verið túlkað svo, að öllum væri heimilt þarna um að vaða. Ekki er vafi á því, að þó að ekki séu til nú sönnunargögn eins og kaupbréf fyrir afrétti eins og Þverárafrétti, er þetta afréttur með tilgreindum landamerkjum, og hefur verið ótvíræður afnotaréttur þeirra, er yfir Þverárafrétti eiga að ráða. Það er því eðlilegt, að þeir hafi rétt til þess að leyfa eða banna umferð um þennan afrétt sinn einnig á fuglaveiðum. Ég held, að hv. Alþ. eigi að gjalda varúð við að hafa þetta svo opið eins og gert er ráð fyrir í þessu frv.

Þá vil ég í framhaldi af þessu leyfa mér að spyrja frsm. n., hv. 5. þm. Vesturl., um það, hvort nokkur tilmæli hafi komið fram í n. eða umr. um það að breyta rjúpnaveiðitímanum, þannig að hann hefjist ekki fyrr en 1. nóvember, en stæði þá eitthvað fram í janúar. Þetta hef ég heyrt ýmsa menn ræða um, og hafa þeir beðið mig um að athuga þennan þátt. m. a. vegna þess, að rjúpan væri tæplega orðin verzlunarvara um miðjan október, þegar leyfi er veitt til þess að fara að drepa hana. Þetta vildi ég biðja hv. n. að athuga og vita, hvort hún vildi gera að sinni till.

Út af því, sem hér hefur verið rætt um svartbakinn og l., sem sett voru hér í fyrravor í sambandi við eyðingu svartbaks, vil ég taka undir það með hv. 5. þm. Vesturl., að það eru mikil brögð að því á hv. Alþ. og hefur farið árvaxandi, að hér er hrúgað inn málum síðustu daga þingsins og þeim er rubbað af. Og við stjórnarandstæðingar verðum oft varir við það, að því er haldið fram, að stjórnarandstaðan sé með óþarfa málþóf, ef hún vill, að mál séu sæmilega rædd. Þess vegna má vel vera, að afgreiðsla þessa máls hér á síðasta hv. Alþ. hafi ekki verið svo sem skyldi. En það, sem ég mundi fyrst og fremst vilja segja í sambandi við þetta frv., er það, að hér er Alþ. að afhenda öðrum valdið til þess að framkvæma þetta ákvæði. Það er eðlilegt, eins og hv. 5. þm. Vesturl. tók fram, að ákvæði um eyðingu svartbaks sé þáttur í þessari löggjöf. Það finnst mér eðlilegt. En það er ekki eðlilegt, að einhverri n. eða hv. rn. sé falið að framkvæma það eftir sínu höfði, en Alþ. segi þar ekkert frekar um heldur en gert er í þessu lagafrv., því að hér er í raun og veru ekkert sagt og það er á valdi þeirra, sem eiga að framkvæma, hvernig með málið er farið. Alþ. leggur þeim engar reglur um það, hvernig meðferð þessa máls skuli hagað.

Ég verð líka að segja í sambandi við grg. frv. og það álit fuglafræðingsins, sem lesið var upp hér af hv. frsm. í upphafi þessarar umr., að það fannst mér helzt til ódýr áróður. Mér fannst, að það væru ekki nægjanleg rök til þess að sannfæra þá, sem nokkuð hafa með þessum málum fylgzt, og það væri meiri keimur af ódýrum áróðri. Mér finnst ég líka kenna þess í þessari grg., að það er lagt tiltölulega lítið upp úr æðarvarpi. Það vil ég ekki ganga inn á, að sé gert. Æðarvarpið er einhver skemmtilegustu hlunnindi, sem hægt er að hugsa sér fyrir þá, sem það þekkja, auk þess sem það er mjög verðmæt hlunnindi. Það er líka á fleiri sviðum, sem svartbakurinn hefur gert mikinn usla, heldur en í æðarvarpi, og það var rétt, sem hv. 2. þm. Norðurl. v. tók fram hér í ræðu sinni áðan, að hættan er ekki um æðarfuglinn, meðan eggin eru í hreiðrunum, heldur fyrst og fremst þegar ungarnir eru komnir á sjóinn. Þá kemur svartbakurinn og sporðrennir ungunum hverjum á fætur öðrum. Það hef ég horft á, og það verður ekki varið fyrir þessum fugli þar, þó að það takist að verja hreiðrin.

Nú má vel vera, og ég ætla ekki að gera lítið úr því, að vísindamenn okkar kunni ráð, sem dugi við eyðingu svartbaks. En hví má þá ekki setja þær reglur ljósar upp í frv.? Hví á það að vera á valdi þeirra einna?

Ég vil líka geta þess, að það var mjög sótt á okkur þm. Vesturl. í fyrra að standa að löggjöf um eyðingu svartbaks, ekki fyrst og fremst frá hlunnindabændunum, heldur frá þeim, sem áttu að njóta neyzluvatnsins á Akranesi, vegna þess að svartbakurinn er svo mikið í kringum þá veiðistöð, að það var talið óframkvæmanlegt, eins og þá stóð á, að verja neyzluvatnið fyrir ágengni þessa fugls. Við vorum því mjög hvattir til þess að standa að þessu máli, sem afgreitt var hér í fyrra. Nú er það vitanlegt, að þó að ekki sé hægt að eyða svartbaki með skotum nema að takmörkuðu leyti, er mjög hægt að fæla hann frá, eins og líka kemur fram í grg., með skotum, og það var einmitt sú hugsun, sem lá á bak við þær aðgerðir, sem var stefnt að hér í fyrravor. Ég vil því enda mál mitt með því að segja, að ég ætla ekki að fara að deila við fuglafræðingana um, að það sé seinleg aðferð að eyða svartbaki með skotum, það er mér ljóst. Hitt álít ég, að Alþ. eigi ekki að gera, að afhenda það vald, sem það hefur, á svo ódýran hátt eins og það gerir hér. Og það væri eðlilegt að fella inn í frv. sérstakan kafla um eyðingu svartbaks, en ekki eina heimildargrein, eins og þarna er gert. Það eru vinnubrögð, sem Alþ. á ekki að viðhafa, og ég vildi treysta hv. n. til þess að athuga það mál betur, áður en frv. verður afgreitt hér úr hv. d., um leið og ég treysti henni til að athuga þá brtt., sem ég hef flutt, og þau tilmæli, sem ég beindi til frsm. áðan.

Frsm. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Ég vil ekki kvarta undan hlutskipti mínu, en það er dálítið nýstárlegt fyrir óbreyttan frsm. einnar n. að eiga í hörkuvandræðum við að verja stjfrv. fyrir sjálfum forsrh.

En ég vil segja það um þær tvær gr., sem hann hefur vakið athygli á, að þær eru báðar þeirrar náttúru, að þær kunna að virðast spaugilegar við fyrstu sýn, en sterkar röksemdir valda því, að þær eru komnar í frv.

Tilgangurinn með ákvæðinu um að banna uppstoppun af þessum sjaldgæfu fuglum, sem ráðh. nefndi fyrst, er sá, að þeir, sem koma með þessa fugla, séu skyldaðir til að fara með þá til náttúrugripasafnsins. Það er mikilvægt atriði til að gefa náttúrufræðingum kost á að friða þennan fuglastofn.

Um mynda- og kvikmyndatöku af örnum, fálkum, snæuglum og haftyrðlum vil ég segja, að það er ekki líklegt, að menn, sem spássera um landið, rekist af tilviljun á hreiður þessara fugla, þar sem ekki er um að ræða nema 10—20 pör af þessum tegundum. En hitt er staðreynd, sem við vitum um, að það er gífurleg ásókn af alls konar erlendum sérfræðingum og óbreyttum ferðamönnum í að koma hingað til lands og fá að elta uppi þessi hreiður, setjast að þeim með miklu brambolti, jafnvel byggja heil ljósmyndaskýli og ná myndum, sem þeir geti sýnt erlendis. Af þessum ágangi er svo mikið, að ástæða hefur þótt til að setja þessa gr. í frv. Yfirleitt er það svo, að allur þorri manna, sem býr í nágrenni við hreiður þessara fugla, veit af hreiðrunum, og hafa flestir hug á að verja fuglinn. Þetta fólk fylgist með mannaferðum, það hefur aðstöðu til aðgerða, þegar þessir ágengu útlendingar vaða uppi, og þetta fólk gæti stöðvað slíkan ágang, ef þessi heimild væri í l., og það getur spurt, hvort komið hafi verið við hjá viðkomandi yfirvöldum í Reykjavík og fengið leyfi til að taka myndir. Ég býst við, að þessum útlendingum komi það ekki á óvart að þurfa að útvega sér leyfi til slíkra aðgerða við dýrategundir, sem eru rétt að deyja út. — (**Forsrh.**: Nægir ekki ákvæðið um, að það megi ekki trufla fuglana?) Það kann að vera, að það nægi, en það kom sem till. frá miklum áhugamanni um vernd þessara fugla til n. að banna almenna truflun, og var því bætt við í brtt. n., en það getur vel verið, að það ákvæði eitt dugi.

Út af því, sem hv. 3. þm. Vesturl. sagði, vil ég taka það fram, að n. mun að sjálfsögðu taka till. hans til athugunar, ef forseti verður við óskum mínum um að gefa henni tóm til þess, áður en umr. verður haldið áfram.

Ég vil segja það í sambandi við vörn æðarvarpsins, sem ég tel vera mjög mikið atriði, því að fyrir utan þau nyt, sem við höfum af æðarfuglinum, er hann einhver skemmtilegasti og fegursti fugl, sem við eigum, að hugmyndin er ekki aðeins að verja hreiðrin, meðan fuglinn er í egginu, heldur er skoðun vísindamanna sú, að það sé tiltölulega takmarkaður stofn, sem sækir á hvert æðarvarp. Með því að eyða þessum stofni, eyðist hættan á því, að hann gangi á ungana á þessu svæði vikurnar á eftir.

Ég er þeirrar skoðunar um vatnsvandamál Akurnesinga, að þar sé mjög glöggt dæmi um, að það muni litlu breyta, þó að skotnir séu nokkrir eða jafnvel allmargir svartbakar. Ein af þeim aðferðum, sem nú er talað um til að ganga á takmarkað varpsvæði í fjallinu, er að úða hvert hreiður. Mundi það vera langsamlega fljótvirkasta aðferðin til að eyða svartbaknum þar, ef það ætti að gerast. Það þýðir ekki að steypa undan svartbaknum, því að hann verpir aftur einu sinni eða tvisvar, en með þessu móti er hægt að hindra viðkomu hans.

Kjarninn í þeim nýju skoðunum, sem vísindamenn halda fram, er sá, að til sé lögmál í náttúrunni um það, að fjöldi tegundanna, hvort sem eru fuglar eða önnur dýr, fari eftir viðkomu og lífsaðstöðu aðallega. Það, sem gerzt hefur með svartbakinn, er, að lífsskilyrði hans hafa batnað verulega, og þess vegna hefur honum fjölgað gífurlega. Þetta mál í heild verður því aldrei leyst, fyrr en maðurinn gætir betur affalls og úrgangs, fyrr en við eyðum því, sem fellur til í frystihúsum og sláturhúsum, algerlega í lokuðum tækjum og förum betur með sorphauga kringum mannabyggðir. Þegar það tekst, mun svarbaksstofninn fyrst fara verulega minnkandi aftur.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Ég skal ekki tala langt mál um þetta frv., það er búið að gera það rækilega. En mér finnst, að það ætti að vera augljóst öllum mönnum, að það skaðar ekki á nokkurn hátt fuglafriðun í landinu, þó að lög um eyðingu svartbaks standi áfram, hróflar ekki við tilgangi þessa frv. um fuglafriðun. Þetta tel ég eitt aðalatriðið. Eða að hvaða leyti mundu lög um eyðingu svartbaks spilla fyrir fuglafriðun, sem hér er ákveðin í þessu frv.? Ég veit ekki til þess, og ég hef ekki heyrt einn einasta mann minnast á það, sem er ekki heldur von. Hvers vegna á þá að afnema lögin? Ég hef ekki heyrt færð fram nema ein rök, þau, að það sé í sparnaðarskyni gert, spara eigi útgjöld frá ríkinu, þessar 300 þús. eða hvað það er, sem borgað er til þess. Eftir allar þessar ræður hef ég ekki heyrt önnur rök fyrir þessu en þetta.

Þá kemur spurningin: Ef á að spara fyrir ríkið með þessu móti þessar 300 þús. kr., þarf þá ekki að afnema skotlaun fyrir refi, afnema skotlaun fyrir að drepa mink, því að allir vita, að ekki verður ref útrýmt úr landinu með skotum og sennilega ekki mink heldur? Nei, ég held, að það sé fjarri öllu lagi, að þetta séu nokkur rök fyrir því að vera á móti brtt. okkar, að lög um eyðingu svartbaks standi áfram.

Hv. frsm. menntmn. hefur rætt hér þó nokkuð ýmsar aðferðir til þess að fækka svartbak og segir, að skotin geri ekkert gagn og það sé hægt að gera eitthvað annað. Það er hægt að úða hreiður þess í stað. Þarna er hann farinn að ræða um aðferðir við eyðingu svartbaks, en í 2. gr. l. um eyðingu svartbaks segir, að veiðistjóri skuli leiðbeina mönnum við eyðingu svartbaks, skipuleggja eyðingaraðgerðir, gera tilraunir með nýjar vinnsluaðferðir og vernda æðarvörp gegn ágengni svartbaks. Allt þetta á að fella úr gildi. Og hvað er svo í frv., sem á að koma í staðinn? Ekki neitt, ekkert nema heimild fyrir ríkisstj. að gefa út reglugerð. Það getur vel verið rétt, og ég vil ekkert vera að draga það í efa, að það verði ekki fækkað verulega svartbaksstofninum í landinu með skotum. En það er margt fleira, sem á að gera, heldur en að skjóta samkv. l. um eyðingu svartbaks.

Og ég held, að það hafi komið fram hjá náttúrufræðingum, að það muni vera hægt að ná árangri í fækkun svartbaks í einstökum æðarvörpum með skotum, með eitrun og með svæfingarlyfjum Hefur þetta ekki alltaf verið tilgangur l. um eyðingu svartbaks? Það er að vernda, eftir því sem kostur er á, einstakar varpstöðvar, þótt við getum ekki fækkað stofninum að neinu ráði í landinu.

Ég held að ræða hv. 2. þm. Norðurl. v. hafi sýnt það, að þessum árangri hefur verið náð að verulegu leyti, og það er tilgangur sjálfra l. um eyðingu svartbaks. En allt á að þurrka út með einu pennastriki með frv. þessu.

Hv. frsm. menntmn. nefndi minkaskott sem dæmi um það, hvað sé nú fáránlegt að vera að borga þessi skotlaun, það hafi verið búin til minkaskott. Er kannske hætt við, að menn fari að búa til svartbaksvæng, eða hvað? Nei, það eru ekki nokkur rök að mínum dómi. Auðvitað eru lög brotin, það vitum við. Það hefur meira að segja komið fyrir, að tollalögin hafi verið brotin, verið tekin tollsvikin vara inn í landið. Á þá að afnema öll tollalög, eða hvað?

Ég hef ekki séð neins staðar álit varpeigenda eða að álits þeirra hafi verið leitað um þá fullyrðingu, að engin áhrif hafi orðið af lögunum um eyðingu svartbaks. Þau eru að vísu ekki nema sex mánaða gömul, og það er ekki að búast við miklum árangri á þeim tíma, en það hefur ekki heldur verið spurt um reynsluna, það ég veit til, hjá þeim, sem bezt ættu um þetta að vita.

Hv. frsm. segir, að það sé langeðlilegast að fella þessi lög inn í lög um friðun fugla. Það getur verið rétt, að þau mættu vera þar. Það er ekkert aðalatriði í þessu máli, hvort þau eru sérlög eða kafli úr öðrum lögum, heldur að einhver lagaákvæði séu til um þetta. En ef þetta verður gert, að fella úr gildi þessi sex mánaða gömlu lög um eyðingu svartbaks, þá kemur ekkert í staðinn, nema ef reglugerð verður einhvern tíma sett, sem við vitum nú ekkert um. Það hefur oft verið ákveðin með lögum setning reglugerða, og svo hafa þær alls ekki verið settar, og a. m. k. vitum við ekki, hvað stendur í þeirri reglugerð, ef hún kemur einhvern tíma.

Nei, það er heldur fljótfærnislegt, vil ég segja, að afnema þessi lög, sem eru ekki eldri en þetta og eru ekki farin að sýna sig að neinu ráði og alþm. voru sammála um að setja, og ég held, að hv. 2. þm. Norðurl. v. hafi ekkert ofmælt um það, að það sýni hálfgerða léttúð að haga sér þannig. Mér sýnist það vera hreinlega játning um það, að Alþingi hafi á s. l. vori afgreitt svo vitlaus lög, að það verði nú að afnema þau í heilu lagi. Ég er ekki tilbúinn að skrifa undir slíka játningu.

Umr. frestað.

Á 24. fundi í Nd., 30. nóv., var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 11, n. 57, 58, 67, 85, 89, 107).

Frsm. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Menntmn. hefur rætt frv. um fuglaveiðar og fuglafriðun enn á einum fundi til þess að fjalla um þær brtt., sem fram komu við byrjun 2. umr. Hér er aðallega um að ræða 2 nýjar till., aðra frá hæstv. forsrh. við 36. gr., hina frá hv. 3. þm. Vesturl., Halldóri E. Sigurðssyni, við 5. gr.

Ég vil fyrst minnast á brtt. hv. 3. þm. Vesturl., Halldórs E. Sigurðssonar, sem er á þskj. 85. Hann leggur til, að 2. málsgr. 5. gr. hljóði þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Fuglaveiðar á afréttum utan landareigna lögbýla eru háðar leyfum sveitarstjórna eða upprekstrarfélaga, sem afréttirnar eiga eða nota."

Ekki treysti meiri hl. menntmn. sér til þess að mæla með samþykkt þessarar brtt., og hygg ég, að aðeins einn nm. hafi stutt hana. En út af þessu máli, sem er miklu viðtækara og alvarlegra en ætla mætti í fyrstu, vil ég benda á örfá atriði.

Í fyrsta lagi mun hafa gengið hæstaréttardómur um veiðirétt á afrétti viðkomandi sveitarfélagi í hag, og telja ýmsir hugsanlegt, að sá dómur geti þýtt það, að sveitarstjórnir hafi rétt til þess að ráðstafa fuglaveiðum á sama hátt. Hins vegar hef ég rætt þetta mál örlítið við rektor háskólans, sem hefur áður um það fjallað í sambandi við fuglaveiðar og fuglafriðun. Hann hefur tjáð mér, að réttarstaða lands, sem er ofan byggða á Íslandi, sé óljós. Telur hann brýna nauðsyn til þess að fá færa menn til að kanna, hver réttindi og réttarstaða, þ. á m. eignarréttur og yfirráðaréttur, sé á afréttum og löndum fyrir ofan afrétt. Mér virðist því, að það væri mjög óhyggilegt að samþykkja einstök ákvæði, eins og nú er lagt til um almenn ákvæði um veiðirétt, heldur sé óhjákvæmilegt, að Alþ. eða ríkisstj. hafi frumkvæðið um að láta í fyrsta lagi fara fram þá rannsókn, sem okkur er bent á að þörf sé á, til þess að fá skoðanir fróðustu manna um það, hvernig þessum málum sé raunverulega háttað í dag. Og þegar sú rannsókn liggur fyrir, væri eðlilegt, að Alþ. tæki ákvarðanir um það, hvernig það vill haga eignar- og yfirráðarétti þessa lands. Þetta mál er að vissu leyti á tímamótum nú. Enn er þetta land ekki komið í svo mikið verð, að þingið geti ekki gert þær ráðstafanir, sem því kann að sýnast, en hins vegar er nú augljós sú þróun, að hér á landi vex upp hröðum skrefum þéttbýli, og á ég þá bæði við minnstu kauptún og stærri kaupstaði, allt upp í höfuðborgina. Um leið og fólkið safnast saman í slíkar byggðir, verður að hugsa fyrir því, að einhvers staðar séu opin lönd. Þó að það kunni að sýnast við fyrstu sýn, að ærið nóg sé af þeim á Íslandi, getur eignar- og yfirráðaréttur, sem verður til að þrengja smám saman afnot landanna, allan veiðirétt, síðan umferðarrétt, orðið til þess að þrengja mjög að mönnum. Á sama hátt má segja, að um leið og fólkinu fjölgar og farartækjunum fjölgar, séu vaxandi líkur á því, að menn fari inn á óbyggðir, og þar getur skapazt umferð um verðmætustu lönd, eins og afrétti, sem gæti valdið tjóni, og verður þá ekki síður að hugsa fyrir því, að hægt sé að halda uppi eðlilegri vernd frá því sjónarmiði.

Að öllu þessu samanteknu tel ég, að það væri mjög óhyggilegt að setja ákveðið lagaákvæði,

eins og lagt er til með till. hv. 3. þm. Vesturl., og ég mundi telja það vel að verið, ef hann fengist til þess í samráði við aðra að draga hana til baka. Ef hann vill ekki gera það, treysti ég mér ekki til að mæla með samþykkt hennar. Ég vil láta eindregið í ljós þá von, að þetta mál verði til þess, að sú rannsókn, sem háskólarektor bendir á, verði látin fara fram, áður en langt líður. Meiri hl. menntmn. hefur þó viljað ganga örlítið til móts við þessi sjónarmið með 1. brtt. á þskj. 107, þar sem segir, að á sama hátt og segir í viðkomandi gr., megi auka friðun einstakra fuglategunda og takmarka slík ákvæði við tiltekin svæði. Með þessu er beinlínis opnaður möguleiki til þess, að það sé hægt að friða einstakar fuglategundir á takmörkuðum svæðum, ef sérstök hætta stafar af, og hafa menn t. d. í huga heiðargæsina, sem bent hefur verið á, að ef til vill kunni að þurfa að veita einhverja vernd, aðallega í Þjórsárverum.

Hitt deilumálið, sem mikið var um talað hér, var varðandi uppsetningu á örnum, fálkum og snæuglum, og lagði forsrh. til, að síðari málsliðurinn í 26. gr. félli niður. Þótti honum það ósamræmi, að ekki mætti setja upp hami af örnum, fálkum, eða snæuglu, jafnvel þótt fugls hefði verið löglega aflað.

N. hefur enn rætt þetta við sérfræðinga náttúrufræðistofnunarinnar, og þeir benda á, að af þessum þremur fuglategundum sé svo lítið í landinu, að það verði að halda uppi allróttækum aðgerðum til þess að vernda þá. Þeir telja, að það sé ómögulegt að ganga úr skugga um það í hverju tilviki, hvort maður hafi komizt yfir þessa fugla á löglegan hátt eða ekki. Auðvitað þykjast allir hafa fundið þá á förnum vegi, þegar þeir koma með haminn og vilja láta setja hann upp. Dæmi eru til þess, að menn komu með vitni að því, að þeir hefðu fundið fálka á förnum vegi, en þegar náttúrufræðingurinn tók fuglinn í sundur, þá var fullt af skotum inni í honum.

Þó að við lítum svo á, að sá, sem með fugl kemur, eigi að sanna, að hann hafi fengið hann á löglegan hátt, er það talið of umsvifamikið að þurfa að láta fara fram málaferli um hvern fugl. Meiri hl. n. hefur því viljað hafa þessi ákvæði ljósari og banna það ótvírætt að setja upp hami af örnum, fálkum og snæuglum nema í þágu opinberra almenningssafna íslenzkra, og er það byggt á frekari íhugun málsins og viðræðum við þá menn, sem fróðastir eru um þessi mál, og sé ekki raunverulega hægt að friða þessa fugla á annan hátt.

Meiri hl. menntmn. mælir því með samþykkt á þeim tveim till., sem eru á þskj. 107, og telur, að með þeim sé á vissan hátt, og þó ekki algerlega, gengið til móts við hinar tvær brtt., sem nefndarmeirihlutinn hefur ekki treyst sér til þess að samþykkja.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Það tekur því ekki að fjölyrða um þetta mál. Þær brtt., sem ég hreyfði, eru þess eðlis, að menn gera upp sinn hug um þær eftir sinni tilfinningu hver og einn. Ég vil einungis benda á, að það, sem mér finnst varhugaverðast við þessi ákvæði, er, að þau eru þess eðlis, að það eru engar líkur til þess, að farið verði eftir þeim. Það eru engar líkur til þess, að menn hverfi frá því að ljósmynda hreiður, sem þeir koma að, ef þeir hafa ljósmyndavél á annað borð, og ef þeir komast yfir fugl og hafa á annað borð löngun til þess að fá hann stoppaðan, þá finna þeir einhver ráð til þess að gera það, jafnvel þrátt fyrir það bann, sem hér er sett. Ég held því, að löggjöfin sé ákaflega þýðingarlítil, eins og slík löggjöf verður alltaf, sem fer of smásmugulega í hluti. En um þetta getur hver haft sína skoðun.

Það, sem ég vildi taka fram, er, að mér finnst orðalag n. á 36. gr. betra en eins og er í frv., og mundi ég þess vegna taka aftur brtt. mína við 36. gr., verði till. n. samþ., en óska eftir því, að brtt. hennar við 36. gr. verði borin upp í tvennu lagi, þannig að menn geti greitt atkvæði um seinni liðinn sér, og eins mundi ég vilja óska þess, að brtt. á þskj. 58 við 28. gr. yrði borin upp í tvennu lagi, þannig að fyrri parturinn: „Óheimilt skal að trufla erni, fálka, snæuglu eða haftyrðla á varpstöðvum þeirra“ — yrði borinn upp sér og seinni parturinn sér. Þá er hægt að sleppa við að bera fram brtt., því að mismunandi skoðanir geta komizt að.

Axel Jónsson: Herra forseti. Aðeins í sambandi við 36. gr. Eins og frsm. tók fram, varð ekki fullt samkomulag um afgreiðslu n. þar um, og ég vil upplýsa, að enn frekar eftir viðræður við dr. Finn Guðmundsson, þá sýnist mér óþarfi að setja það ákvæði, sem þarna er um að ræða. Hann upplýsti, að nú þegar væri verulega gott samkomulag og samvinna milli fuglafriðunarnefndar annars vegar og þeirra manna, sem starfa að því að setja upp hami, og það hygg ég, að sé sú einasta og haldbezta vörn í þessu, að slíkt samkomulag og samvinna sé sem bezt á milli þessara aðila. Með tilliti til þessa tel ég það óþarfa og vil taka undir með forsrh., að það eru máske takmarkaðar líkur á því, að það verði á allan hátt haldið, þó að slíkt ákvæði sem hér um ræðir sé sett inn.

En varðandi till. þá, sem 3. þm. Vesturl. flytur, þá vil ég og taka undir það, sem frsm. sagði um það mál, að það er augljóst, að það vantar miklu skýrari ákvæði varðandi afréttarlöndin, og það er kannske ekki aðeins varðandi veiðirétt þar, hvort heldur er í vatni eða varðandi fuglalíf. Það mun einnig koma í ljós, að efnistaka, svo sem malarnám, á afréttarlöndum getur orðið nokkurt deilumál og mun verða svo kannske innan tíðar, og er augljóst, að þarna vantar í viðtækum skilningi áreiðanlega miklu ákveðnari löggjöf en við nú búum við.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 85 tekin aftur til 3. umr.
5. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 58,1 samþ. með 24 shlj. atkv.
6. gr., svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv.
7. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
8.—12. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Brtt. 107,1 samþ. með 23 shlj. atkv.
— 58,2, svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv.

13. gr., svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv.
14. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
15.—19. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
20.—24. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 67,1 samþ. með 19:9 atkv.
25. gr., svo breytt, samþ. með 22:1 atkv.
26.—27. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 58,3 fyrri hluti samþ. með 26 shlj. atkv.
— 58,3 síðari hluti felld með 14:14 atkv.
28. gr., svo breytt, samþ. með 23:1 atkv.
29. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
30.—35. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 107,2 fyrri málsgr. samþ. með 31 shlj. atkv.
— 107,2 síðari málsgr. samþ. með 17:14 atkv.
— 89 kom ekki til atkv.
36. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.
37. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
38.—43. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 67,2 samþ. með 16:9 atkv.
44. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.
45. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Á 25. fundi í Nd., 6. des., var frv. tekið til 3. umr. A. 128, 85, 142).

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Ég hef leyft mér að leggja fram eina litla brtt. við þetta frv. Hún er á þskj. 142, og það var verið að útbýta henni nú á þessari stundu. Till. er um það, að við 8. gr. bætist einn liður, þannig orðaður:

„Eigi má veiða fugla á helgidögum þjóðkirkjunnar."

Það er algild regla, að húsdýr eru ekki aflífuð á sunnudögum, og ég tel, að fuglarnir ættu einnig að vera friðhelgir á slíkum dögum.

ATKVGR.
Afbrigði um brtt. 142, sem var of seint fram komin, leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 85 felld með 16:9 atkv.
— 142 felld með 14:8 atkv.
Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 23. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 25. fundi í Ed., 9. des., var frv. tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Frv. þetta er komið frá hv. Nd. og var samþ. þar að gerðum nokkrum smávægilegum breyt., sem ég skal nefna stuttlega hér á eftir. Samning þessa frv. og flutningur þess á sér í stuttu máli þessa sögu:

Árið 1948 gerðist Ísland aðili að alþjóðaráði um fuglavernd. Þá var komið á fót n. til þess að koma fram fyrir Íslands hönd í þessum samtökum, og hefur hún verið nefnd fuglafriðunarnefnd. Í henni eiga nú sæti þeir dr. Finnur Guðmundsson náttúrufræðingur, sem er form. n., Kristinn Stefánsson prófessor, Þorbjörn Jóhannesson kaupmaður og Þorsteinn Einarsson íþróttafulltrúi. 1954 voru síðan felld saman í eina heild ýmis sundurleit ákvæði í íslenzkum lögum um rétt til fuglaveiða, friðun fugla og veiðitíma, svo og ákvæðið um fuglaveiðisamþykktir. Er hér um að ræða gildandi lög um þessi efni nr. 63 frá 1954, um fuglaveiðar og fuglafriðun, sem þessu frv. er ætlað að koma í staðinn fyrir. Í gildandi lögum voru á sínum tíma ýmis nýmæli, svo sem ákvæði um stjórn fuglafriðunar- og fuglaveiðimála, ákvæði um veiðitæki og veiðiaðferðir, inn- og útflutta fugla, kaup og sölu þeirra og fleiri atriði. Var á sínum tíma leitazt við, að þessi lagasetning væri að efni til í sem nánustu samræmi við alþjóðasamþykkt um verndun fugla, sem gerð hafði verið í París 1950. Þessi núgildandi lög tóku gildi í ársbyrjun 1955, og ári síðar, eða í jan. 1956, fullgilti ríkisstj. fyrrnefnda alþjóðasamþykkt um verndun fugla.

En síðar kom í ljós, að óhjákvæmilegt virtist, að heimildir væru til þess í lögum að leyfa veiði sumra fugla á friðunartíma þeirra, þar eð þeir kunna að valda tilfinnanlegu tjóni á nytjum eða hindra viðkomu og aukningu fuglategunda, sem æskilegt er að viðhalda og fjölga. En þar sem þá var enn fremur ljóst, að nauðsynlegt væri, að fram færu rannsóknir á veigamiklum þætti þessara mála almennt, varð það að ráði að fresta endurskoðun þessara fuglafriðunarlaga, unz þeim rannsóknum væri lokið. Þess vegna var niðurstöðu þeirra rannsókna beðið, en þær voru m. a. gerðar í samráði við brezka eða skozka sérfræðinga í þessum málum. Þegar skýrslur um þessar athuganir lágu fyrir, skipaði menntmrn. nefnd til að endurskoða fuglafriðunarlögin frá árinu 1955. Í n. áttu sæti þeir dr. Finnur Guðmundsson, form., Kristinn Stefánsson prófessor, Þorbjörn Jóhannesson kaupmaður og Þorsteinn Einarsson íþróttafulltrúi, og hefur þessi nefnd samið það frv., sem hér er nú flutt.

Ég skal fara fáeinum orðum um helztu nýmælin, sem í þessu frv. fólust, áður en Nd. gerði vissar breytingar á atriðum, sem ég skal nefna hér á eftir.

Í 11. gr. er það nýmæli, að heimild er þar til að veita undanþágu frá friðunarákvæðum, begar um er að ræða tegundir, sem valdi verulegu tjóni á nytjum, en reynslan er talin hafa sýnt, að brýna nauðsyn beri til þess, að slík heimild sé í l. um fuglaveiðar og fuglafriðun. Er kveðið svo á, að hægt sé að veita einstökum handhöfum fuglaveiðiréttinda tímabundin leyfi til veiði slíkra fugla, á hvaða tíma árs sem er, en þó er gert ráð fyrir, að þessi undanþáguheimild taki ekki til sjaldgæfra tegunda, svo sem arnar, fálka og snæuglu. Sérákvæði voru í frv. um grágæsir, og miða þau að því að gera levfisveitingar einfaldari að því er þessa tegund snertir. Í greininni eru ákvæði um heimild um töku grágæsareggja, án þess að leyfi komi til. En skv. lögunum frá 1955 voru grágæsir alfriðaðar, frá því, að bær komu á vorin og þangað til 19. ágúst. Þetta hafði valdið mikilli óánægju hjá bændum í sumum héruðum landsins, sem orðið höfðu fyrir búsifjum af þeirra völdum. Í frv., eins og það var flutt, var gert ráð fyrir því, að bændur gætu fengið leyfi til þess að veiða grágæsir á

hvaða tíma árs sem er, svo framarlega sem þær valda tilfinnanlegu tjóni á nytjagróðri. Í 27. gr. frv. er ákvæði um, að óheimilt skuli vera að brenna sinu eftir 1. maí ár hvert. Hefur það farið í vöxt á síðari árum, að sina sé brennd á vorin, og er ekki óalgengt, að þetta sé gert í maímánuði og jafnvel í fyrri hluta júnímánaðar. Þetta er talið með öllu óviðunandi, því að þá eru fuglar almennt komnir í varpstöðvarnar og margir farnir að verpa. Afleiðing af þessu verður sú, að hreiðrum og eggjum margra fugla er eytt í eldi, en til að koma í veg fyrir slíkt, er vart um annað að ræða en banna sinubruna eftir 1. maí ár hvert, en það eru þau tímamörk, sem eðlilegast er talið að miða við, og er gert ráð fyrir því í frv.

Nd. gerði nokkrar breytingar á frv., fyrst og fremst á 25. gr. og 28. gr., en nú er gert ráð fyrir því, að 25. gr. hljóði svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Eigi má nota eitur til að tortíma fuglum. Að fengnum till. fuglafriðunarnefndar getur rn. með reglugerð veitt undanþágu frá ákvæði þessarar gr. að því er varðar notkun eiturs eða svæfandi lyfja í sambandi við eyðingu tiltekinna tegunda, svo sem svartbaks, hrafns og kjóa.“ Gert hafði verið ráð fyrir því, að bannað væri að greiða verðlaun fyrir eyðingu svartbaks.

28. gr. hljóðaði svo: „Mynda- og kvikmyndatökur af örnum, fálkum, snæuglum og haftyrðlum við hreiður þeirra skulu óheimilar, nema með leyfi ráðuneytisins, að fenginni umsögn fuglafriðunarnefndar.“ Þar var fellt niður það ákvæði, að myndatökur skuli óheimilar, nema leyfi menntmrn. komi til.

Þá er 36. gr. frv. breytt þannig, að í frv. stóð, að heim. sem starfa að því að taka hami af fuglum eða setja þá upp, sé óheimilt að inna þau störf af höndum, nema fuglanna hafi verið aflað á löglegan hátt. „Þeim skal og óheimilt að setja upp eða taka hami af örnum, fálkum og snæuglum, jafnvel þótt þeirra hafi verið löglega aflað, nema í þágu opinberra almenningssafna íslenzkra.“ Felld eru niður ákvæðin í seinni hluta þessarar greinar, þar sem bannað er að setja upp hami af örnum, fálkum og snæuglum, þó að þeirra hafi verið löglega aflað.

Þá var sú breyting gerð á 44. gr., að gert hafði verið ráð fyrir því í frv. að fella úr gildi lög, sem sett voru á s. l. vori um eyðingu svartbaks, þar sem settar voru sérstakar reglur um eyðingu svartbaks. Þetta ákvæði um, að niður skuli felld gildandi lög um eyðingu svartbaks, var fellt niður úr frv. í Nd., og er þar kannske um að ræða eina mikilsverðustu breytinguna, sem Nd. gerði á frv. Það kemur þannig frá Nd. og er flutt þannig hér, að lögin um eyðingu svartbaks frá því á s. l. vori eru látin halda sér, þannig að við þeim er ekki hróflað.

Að svo mæltu leyfi ég mér, herra forseti, að óska þess, að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til menntmn. með 13 shlj. atkv.

Á 50. fundi í Ed., 15. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 128, n. 299, 300, 309).

Frsm. (Bjartmar Guðmundsson): Herra forseti. Frv. þetta um fuglafriðun og fuglaveiðar var lagt fram í Nd. í byrjun þings í haust. Það er samið af mþn., sem skipuð var 1959 af menntmrh., og hefur n. því haft alllangan tíma til undirbúnings þessu frv., en hlutverk n. var að endurskoða lög um fuglafriðun og fuglaveiðar frá 1954. Sú n., sem undirbúið hefur þetta frv., er svonefnd fuglafriðunarnefnd, en í henni eiga sæti dr. Finnur Guðmundsson, sem mun vera formaður n., Kristinn Stefánsson prófessor, Þorbjörn Jóhannesson formaður Dýraverndunarfélags Íslands og Þorsteinn Einarsson íþróttafulltrúi. Þar sem alllangt er um liðið síðan þetta frv. var til umr. hér í þessari hv. d., tel ég rétt að rifja aðeins upp helztu atriði, sem horfa til breytinga við eldri ákvæði um fuglafriðun og fuglaveiðar.

Í 7. gr. frv. eru nokkrar orðalagsbreytingar, en efnisbreyting er einkum sú, að starfssvið fuglafriðunarnefndar er nokkuð aukið og henni ætluð þóknun fyrir störf sín.

8. gr. kveður á um friðunartíma einstakra fuglategunda, og eru þar gerðar nokkrar tilfærslur á nú, sem ég tel, að séu til bóta. Þá er þremur tegundum bætt í hóp fugla, sem eru alfriðaðir. Það er hrafnsönd, flórgoði og margæs. Ég tel þetta vel farið, því að þetta eru fuglategundir, sem mjög fátt er af og fer fækkandi og nauðsynlegt að vernda meira en hefur verið gert hingað til. Hins vegar er tveimur fuglategundum bætt við þann hóp, sem er ófriðaður. Það eru tegundir, sem náttúrufræðingar telja, að hafi fjölgað um of og geri allmikinn skaða í öðru fuglalífi. Það er silamáfur og silfurmáfur.

10. gr. fjallar um eggjatöku, og eru þar nokkrar breytingar frá fyrri ákvæðum, sem miða að því að alfriða egg, þar sem á annað borð er leyfð eggjataka, alfriða egg tveggja tegunda, þ. e. skutulandar og straumandar. Straumöndin er að verða mjög fáséð hér í landi, en skutulöndin nýr innflytjandi og mjög eðlilegt að hlúa að þessum tegundum báðum.

Í 11. gr. frv. eru alveg ný ákvæði, og það er ein helzta breytingin, sem er borin fram í þessu frv. Þar er gert ráð fyrir því, að leyfa megi að veiða tilteknar tegundir, sem gera skaða, annaðhvort á öðru fuglalífi eða þó einkum á nytjagróðri landsins. Lýtur þetta einkanlega að grágæs, sem nú er gert ráð fyrir að leyfa að skjóta á friðunartíma, þar sem hún hefur valdið usla í túnum, kornökrum eða kartöflugörðum, og þessu verður þannig fyrir komið, að veita á tímabundin leyfi til að skjóta þessa fugla í þeim tilgangi að halda þeim frá þessum gróðurlöndum. Ég tel, að þó að allar slíkar undanþágur séu mjög varhugaverðar, sé þó rétt undir þessum kringumstæðum að veita þessar tímabundnu veiðiheimildir, og mæli því með því, og það er sökum þess, að það er vitað, að það er mjög erfitt að verja sum gróðurlönd fyrir þessum fugli, sem mun nú vera orðið fleira af en áður var, og að mínu áliti eina leiðin að verja nytjagróður fyrir grágæsum sú að leyfa að skjóta á þær og einnig að haga ræktun þannig, að auð-

veldara sé að verja gróðurlöndin, og enn fremur eru ýmis ráð, að því er snertir hræður og ýmsar tilfæringar, sem þekktar eru og gefa allgóða raun í nágrannalöndum okkar.

12. gr. kemur í stað 11. gr. gildandi laga og felur í sér nokkrar breytingar og fjallar um söfnun fugla og eggja, og eru þar nokkrar lagfæringar frá því, sem verið hefur, og er svipað að segja um 13. gr.

III. kafli frv. fjallar um fuglaveiðasamþykktir, og eru þar þau nýmæli í nú, að gert er ráð fyrir, að ekki verði leyfðar fuglaveiðar á snöruflekum, sem hingað til hafa verið leyfðar samkv. fuglaveiðasamþykktum á tveimur stöðum hér við land. Þessi ákvæði eru, eins og ég sagði, ný nú, en voru raunar til umr., þegar fuglaveiðalögin voru afgreidd 1954 og þá lagt til, að þessar veiðar væru bannaðar, en Alþ. tók inn heimild um þetta þá. Ég tel, að ekki sé hægt að mæla með þessari veiðiaðferð vegna þeirrar reynslu, sem fengin er af snöruflekaveiði hér við land, enda alls staðar aflögð nú nema á tveimur stöðum, eins og ég sagði, og notuð þó mjög lítið.

Í 24. gr. eru nýmæli, sem eru hliðstæð þeim, sem 11. gr. fjallar um, og þar er gert ráð fyrir því, að leyfa megi að veiða grágæsir í sárum með því að reka þær í kvíar. Það er að mínu áliti mjög gagnslítið, ef ekki gagnslaust, að því er það snertir að verja gróðurland, að leyfa þessa veiðiaðferð, sem er mjög óaðgengileg, en þó hefur ekki orðið samkomulag í menntmn. að leggja til, að þessi grein verði felld niður, en ég fyrir mitt leyti get ekki stutt þessa grein og mun ekki veita henni brautargengi við atkvgr., en hins vegar hafa nm. allir óbundnar hendur um það.

Á 25. gr. var veigamikil breyting frá því, sem áður hefur gilt um veiðar, einkum er að því lýtur að fækka svartbak, og þar var enda lagt til, að lög, sem afgreidd voru á síðasta þingi, yrðu felld niður. En þar sem Nd. felldi þessar breytingar niður, sé ég ekki ástæðu til að ræða það hér, enda hefur ekki komið fram nein rödd í hv. menntmn. hér að taka aftur upp þau fyrri ákvæði, sem voru í frv., eins og nefndin gekk frá því.

Þá vil ég geta þess, að menntmn. hefur flutt 3 brtt. við frv., sem fyrir liggja hér á sérstöku þskj. Það er í fyrsta lagi við 8. gr., að þar er lagt til, að einn fugl verði nú alfriðaður. Það er gulönd eða stóra toppönd öðru nafni, sem er orðin ákaflega fágæt alls staðar, þar sem ég hef til spurt, og einnig hef ég leitað mér upplýsinga um það hjá dr. Finni Guðmundssyni og hann telur það rétt, að hún sé að verða ískyggilega sjaldgæf, og mun hann persónulega og ég hygg öll fuglafriðunarnefnd á einu máli um það, að rétt sé að alfriða nú þennan fugl. En hann er mjög eftirsóttur að skjóta hann vegna þess, hversu hann er tígulegur og fagur, og til að hafa hann á söfnum.

Þá er lagt til, að 27. gr. falli niður, en hún fjallar um sinubrennur, en hér á Alþ. voru afgreidd lög um þetta efni í vetur, svo að gr. er óþörf, enda hníga þau lög, sem sett voru, mjög í sömu átt og lagt er til í þessu frv. Þó eru undanþáguákvæði í l. um það, að sinu megi brenna allt að því hálfum mánuði síðar á vori norðanlands, þegar seint vorar, heldur en lagt hafði verið til í þessu frv.

Þá er enn brtt. við 28. gr., en henni hafði verið breytt í Nd., en menntmn. Ed. hefur talið rétt að breyta henni frá því, sem hún er þar, og leggur til, að gr. orðist á þá leið, að tekið sé upp í hana ákvæði, sem stuðli að því að vernda hreiður fyrir truflunum og ágangi, en engin ákvæði eru til um þetta í eldri lögum og ekki heldur í frv. n. Enn fremur er lagt til, að tekið verði upp í gr. ákvæði um það, að sett skuli sérákvæði í reglugerð um, hvernig umgangast megi hreiður og fugla við hreiður, sem eru mjög sjaldgæfir, svo sem ernir, fálkar, snæuglur og haftyrðlar, vegna þess að það eru mörg dæmi um það, að menn, sem hafa farið um landið til þess að mynda þessa fugla, hafa orðið að liggja svo lengi yfir hreiðrunum, að eggin hafa orðið köld eða ungarnir jafnvel drepizt eða fuglinn yfirgefið hreiðrið. En þess ber að geta, að í brtt. við þetta, sem prentuð er hér á þskj., hefur orðið ein prentvilla, en mgr. hljóðar svona, með leyfi forseta:

„Um mynda- og kvikmyndatökur af örnum, fálkum, snæuglum og haftyrðlum við hreiðurgerð þeirra“ o. s. frv. — orðið hreiðurgerð hefur komið hér inn í prentuninni, en á að vera: „við hreiður þeirra skulu sett sérákvæði í reglugerð.“

Ég sé ekki ástæðu til að flytja brtt. við þetta, en vil geta um þetta hér við umr., svo að það verði lagfært í prentun. Að öðru leyti er menntmn. samþykk þeim breyt., sem hv. Nd. gerði við þetta frv., þegar málið var þar til umr.

Að svo mæltu legg ég til, að frv. þetta verði samþ. með þeim breytingum, sem ég hef hér gert grein fyrir.

Karl Kristjánsson: Herra forseti. 23. gr. í frv. þessu, sem hér er til umr., hljóðar þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Eftirtalin tæki eða útbúnað má eigi nota til fuglaveiða: Fleka (snörufleka), stingi eða króka, öngla, boga, gildrur, blys eða annan ljósaútbúnað, svo og allar aðrar fastar veiðivélar, þótt hér hafi ekki verið taldar.“

Í gildandi l. eru ákvæði þessi á sama hátt orðuð að öðru leyti en því, að aftan við gr. í áframhaldi af þeim er svo hljóðandi undantekningarheimild, sem breytir miklu um gr.:

„Þó má með ákvæðum í fuglaveiðisamþykkt heimila að nota fleka (snörufleka) til fuglaveiða á takmörkuðum svæðum.“

Samkv. frv. á að fella þessa undantekningarheimild niður, eins og hv. frsm. n. gerði líka grein fyrir. Mér vitanlega hefur heimildin aðeins verið notuð á tveim takmörkuðum svæðum á seinustu árum: við Drangey í Skagafirði og við Grímsey nyrðra. Nú á að svipta þá, sem þessar veiðar hafa stundað, þessu bjargræði, ekki af því, að svartfuglastofninn þurfi að friða fyrir veiðum, síður en svo, því að hann er sagður óþarflega yfirgangsmikill á sumum svæðum, heldur af því, að flekaveiðar séu ómannúðlegar umfram aðrar veiðiaðferðir, sem leyfðar eru. Og rétt er það, að fyrrum voru flekaveiðarnar sóðalegar, þegar bandingjar voru látnir velkjast á flekunum langtímum saman,

stundum ekki vitjað um flekana nema eins og verkast vildi, og hafrót sleit þá oft og tíðum upp, svo að þá rak víða um sjó með bandingjana. En nú orðið gegnir öðru máli. Í fuglaveiðisamþykktunum fyrir þessi svæði hafa verið sett ströng ákvæði um flekaveiðarnar og eftirlit fyrirskipað. Seinustu árin hefur því ekki verið um svo ómannúðlegar flekaveiðar að ræða sem þær voru fyrrum. Raunar er hægt að segja, að allar veiðar séu ómannúðlegar. Öllu lífráni fylgir grimmd og ljótleiki. En náttúran er þannig upp byggð af höfundi sínum, að eins líf er annars dauði, og það verður ekki upphafið. Þetta frv. okkar hér viðurkennir líka lífránið. Þó mætti e. t. v. segja, að hægt væri að friða dýr gegn veiðum, sem menn gera sér eingöngu til skemmtunar, en það er alls ekki gert, og ég er ekki að halda því fram, að svo eigi að vera. Hver veiðir t. d. lax á stöng eftir kúnstarinnar reglum nema sér til skemmtunar? Ég held, að það geri varla nokkur maður af bjargræðisástæðum. Ætli hér fyrirfinnist nokkur, sem vildi banna stangarveiðar? Aftur á móti á samkv. frv., sem við erum að ræða, að banna Grímseyingum og Skagfirðingum algerlega að veiða lengur svartfugl á fleka, þótt þeir geri það eingöngu af nytsemisþörf, m. ö. o. geri það sér til lífsbjargar og veiðiaðferðin sé alls ekki sumum öðrum veiðiaðferðum ómannúðlegri.

Grímseyingar skrifuðu okkur þm. sínum, þegar þeir urðu þess varir, að svipta átti þá réttinum til flekaveiða, og báðu okkur að gæta réttar síns og þarfa í þessum efnum. Skagfirðingar skrifuðu einnig sínum þm. vegna sinna hagsmuna sams konar beiðni. Ég vil nú kynna hv. Ed.-þm. meginkafla úr erindum Grímseyinga og Skagfirðinga og bið hæstv. forseta um leyfi til að mega lesa þessa kafla. Erindi Grímseyinganna er til mín sem 1. þm. Norðurl. e., og var ég beðinn að leggja það fyrir aðra þm. kjördæmisins og hef gert það. Það er ritað af Óla Bjarnasyni, útvegsbónda í Grímsey, og fylgir því yfirlýsing frá Magnúsi Símonarsyni hreppstjóra. Erindi Skagfirðinganna er frá sýslunefndinni þar. Grímseyingar segja:

„Þessar veiðar eru aðeins stundaðar við sérstök veiðiskilyrði og flekar ekki yfirgefnir, á meðan þeir eru úti. Þannig verður biðtími fugla á flekum mjög stuttur og aldrei um það að ræða, að flekar glatist með veiði. Enn fremur mun það tæpast koma fyrir með þessari aðferð, að missist særðir fuglar. Hins vegar vita það allir, sem fást við fuglaveiðar með skotvopnum, að margir fuglar sleppa frá þeirri aðför meira eða minna særðir, stundum álíka margir eða jafnvel fleiri en þeir, sem falla í valinn. Frá sjónarmiði heilbrigðrar dómgreindar hlýtur því aðferð okkar Grímseyinga við þennan veiðiskap með snöruflekum að teljast síður en svo ómannúðlegri en ef skotvopnum væri beitt.

Þá er hin hlið málsins, sú er snýr að fjárhagslegri þýðingu þessara veiða. Það skal strax tekið fram, að þessar fuglaveiðar hafa ekki verið stundaðar hér á hverju ári, heldur einkum þegar illa árar með aðra tekjumöguleika. Eins og þm. mun flestum kunnugt, byggja Grímseyingar afkomu sína mest á fiskveiðum á smábátum. Að vísu hafa flestar fjölskyldur einhvern stuðning af landbúnaði, en það er aðeins til heimilisnota. Stærð eyjarinnar og aðstaða leyfir ekki, að sú atvinnugrein sé aukin, svo að neinu nemi. Þegar því sjávarafli bregzt eða reynist rýr, er ekki í mörg horn að líta eftir bjargarleiðum, sem geti létt undir, þar til úr rætist. Það er undir þvílíkum kringumstæðum, sem við teljum þessar svartfuglaveiðar hafa verulega þýðingu fyrir hag okkar eyjarbúa, enda markaður nægur og góður fyrir þær afurðir. En vegna þess, hvað umræddar fuglaveiðar hafa verið stundaðar óreglulega af fyrrnefndum ástæðum, er ekki auðvelt að gefa nákvæma skýrslu um heildartekjur af þeim hér í Grímsey á tilteknu árabili. Einnig hefur verðmæti þeirra afurða verið breytilegt, farið hækkandi, eins og flestra annarra. Það yrði því nokkuð villandi, þótt nefndar væru tölur yfir þær t. d. s. l. 5 ár, hvað þá lengra aftur í tímann. Hins vegar ætti það að gefa nokkra hugmynd um tekjumöguleika þennan og þýðingu hans, ef annað bregzt, að það eru talin eðlileg afköst, að einn maður veiði þetta 100—200 fugla yfir daginn við góðar aðstæður. S. l. sumar seldist fuglinn á 20 kr. stk. Mun því sízt oftalið, þó að reiknað sé með því eftir núverandi verðlagi, að heildartekjur eyjarbúa af þessum veiðum gætu orðið á einu ári 150—200 þús. kr., ef nauðsyn krefði, að menn stunduðu þær almennt um tíma. Af þessum fáu orðum mætti mönnum verða ljóst, að afgreiðsla þessa máls getur haft talsverða þýðingu fyrir okkur Grímseyinga.

Mér og raunar víst fleirum hefur skilizt, að þm. kosti til þess allmiklum tíma og ærnum bollaleggingum að ráða fram úr því, hvað hægt sé að gera til stuðnings ýmsum þeim stöðum víðs vegar um landið, þar sem atvinnulíf er mjög einhæft og stopult. Og hvað sem segja má um góða viðleitni í þeim efnum og stundum nokkurn árangur, blasir við sú staðreynd, að víða heldur uppflosnunin áfram í hinum dreifðu byggðum, öllum til óheilla, ef ekki vandræða. Það væri því gróft spor í öfuga átt, ef í þessu tilfelli ætti að kippa í burtu einni þýðingarmikilli bakstoð í atvinnuöryggi smástaðar, ég vil segja í nafni misskilinnar mannúðarviðleitni.

Við viljum því eindregið fara fram á, að 23. gr. hins umræddda lagafrv. verði breytt, hvað snertir ákvæði um flekaveiði, þannig, að sú veiði verði leyfð áfram með því skilyrði, að flekar verði aldrei yfirgefnir, á meðan þeir eru notaðir sem veiðitæki. Með því móti yrði komið í veg fyrir misnotkun þessarar veiðimennsku. Einnig teldum við eftir atvikum ekki óeðlilegt né ósanngjarnt gagnvart neinum öðrum, ef betur þætti henta að hafa 23. gr. óbreytta, en aftan við hana kæmi viðauki, er fæli í sér staðbundna undanþágu Grímseyingum til handa til þessara veiða, gegn því skilyrði, sem ég áðan nefndi.

Grímseyingar geta ekki notfært sér nema að mjög takmörkuðu leyti ýmsa þá fyrirgreiðslu, sem hið opinbera lætur af hendi til stuðnings aukins landbúnaðar vegna lítils landrýmis og strjálla samgangna, og raunar ekki sjávarútvegs heldur, sökum lítilla hafnarskilyrða. Þess vegna munum við ekki fást til að trúa því, fyrr

en þá á reynir, að þingfulltrúar sýni einhug sinn í því að svipta okkur á útkjálka þessum drjúgum tekjumöguleika, er við hingað til höfum notið stuðnings af, ef illa hefur árað, nema þá að tryggja okkur um leið annan bakhjarl til tekjuöflunar, er eigi væri lakari. En fari svo, gagnstætt vonum okkar, að þessi málaleitan hljóti engan hljómgrunn meðal þingfulltrúa, þá munum við ekki geta séð mikið samræmi milli orða og athafna í viðhorfi þeirra gagnvart málum dreifbýlisins, a. m. k. kæmi þá í ljós, að raunhæf umhyggja þeirra fyrir þeim málum næði ekki hingað norður undir heimskautsbaug".

Þetta skrifar Óli Bjarnason. Og neðan við kemur yfirlýsing, svo hljóðandi:

„Ég undirritaður votta hér með, að framanskráð ummæli Óla Bjarnasonar um veiðiaðferð og verðmæti þeirra veiða, er þar um ræðir, svo og þýðingu þeirra fyrir Grímseyinga, er illa aflast til sjávarins, er í alla staði rétt, og vænti ég, að mál þetta fái þá afgreiðslu, sem þar er farið fram á.

Grímsey, 1. febrúar 1966.
Magnús Símonarson,
hreppstjóri, Grímsey."

Eins og ég gat um áðan, skrifuðu Skagfirðingar líka þm. þess héraðs, eða Norðurl. v., og þeirra erindi er að aðalefni til samþykkt sýslufundar Skagafjarðarsýslu 15. febr. s. l., en þá halda þeir aukafund. Hér er eftirrit af 5. lið fundargerðar, það er frá atvinnumálanefnd:

„Fyrir Alþ. liggur frv. til l. um fuglaveiðar og fuglafriðun, sem ætlað er að komi í stað laga þeirra, sem nú gilda um þetta efni. Í frv. er m. a. gert ráð fyrir að banna án undantekningar að nota fleka (snörufleka) til fuglaveiða. Þessi breyt., ef að lögum yrði, mundi hafa í för með sér afnám þeirra ákvæða í samþykkt um fuglaveiði í Drangey, sem heimilar nú flekaveiði við eyna með takmörkuðum hætti. Af þessu banni mundi leiða, að loku mundi verða skotið fyrir allverulegan tekjustofn, sem héraðsmenn hafa að fornu og nýju haft af flekaveiði við Drangey. Verður eigi séð, að gild ástæða sé til að banna þessa veiðiaðferð af mannúðarsökum frekar en ýmsar aðrar, enda verður eftir atvikum ekki séð, að við Drangey verði við komið annarri veiðiaðferð hentugri, en vart getur ætlun löggjafans verið, að fuglaveiði við eyna leggist með öllu niður, og væri illa farið, ef svo yrði. Með skírskotun til framanritaðs skorar sýslunefnd Skagafjarðarsýslu á Alþ. að breyta 23. gr. téðs frv. á þá leið, að greinin verði algerlega samhljóða 21. gr. laga nr. 63 1954, um fuglaveiðar og fuglafriðun. Telur sýslunefndin þm. kjördæmisins skylt að vinna að framgangi þessa máls á Alþingi."

Þetta var samþykkt með 9:1 atkv., og svo er staðfestur útdráttur þessarar fundargerðar. En með þessari áskorun senda þeir greinargerð frá manni þeim, sem hefur verið og er eftirlitsmaður Drangeyjar. Og ég ætla, með leyfi forseta, að leyfa mér að lesa upp þessa grg.:

„Fuglaveiðar hafa verið stundaðar við Drangey í nokkrar undanfarnar aldir. Eigi er vitað með vissu, hvenær þær hófust, en talið er, að menn frá Hólum í Hjaltadal hafi fyrstir farið að nota snörufleka og hafi þeir fengið hugmyndina þannig, að þeir sáu rekaviðartré alþakið fugli. Þeir, sem veiðarnar stunduðu, fóru til veiða fyrsta miðvikudag í sumri, eða næsta færan dag, ef veður hamlaði. Þá tóku menn sér byrgisstæði og byggðu byrgi, sem notuð voru, á meðan fuglaveiðin stóð yfir. En það mun hafa verið frá því um miðjan maímánuð til loka júlí. Til veiðanna voru notaðir flekar úr þunnum fjölum, 2×3 fet að stærð hver fleki. Á hverjum fleka voru um 100 hrosshárssnörur. Þrír flekar voru bundnir saman, og var það kölluð niðurstaða. Flekunum var lagt við stjóra, sem á voru bundin kefli til að varna því, að flekarnir sykkju. Um niðurstöðurnar var vitjað tvisvar í sólarhring, eftir ákvörðun umsjónarmanns. Flekaveiðar voru lítið eða ekki stundaðar á árunum frá 1935—1951. Þá brá svo við, að varpið minnkaði stórlega. Úr eynni fengust oft um 12000 egg fyrir þann tíma, en árið 1951 fengust aðeins tæp 4000 þús., og var þó mjög hagstætt veður yfir sigtímann. Eftir að farið var að stunda flekaveiðar aftur, hefur varpið aukizt jafnt og þétt, og nú mun eggjatakan vera orðin svipuð og hún var áður.

Nú eru flekaveiðar stundaðar á stærri bátum en áður var. Veiðimenn halda til í bátunum og geta því dregið upp niðurstöður sínar á mjög skömmum tíma, ef veður spillist. Á fleka veiðist eingöngu geldfugl, og getur það átt sinn þátt í, að varpið minnkar með minnkandi fuglaveiði, því að geldfuglinn situr í bjarginu og veldur þar ónæði. Einnig er eyjarinnar gætt fyrir skotum þann tíma, sem fuglaveiði er stunduð, og mun það aðalorsökin. Kunnugir telja það útilokað, að um ofveiði muni geta orðið að ræða við Drangey, eins og nú er málum háttað, en telja flekaveiðar heppilega grisjun, sem ekki verður við komið með öðrum veiðiaðferðum. Ekki hefur tekizt að veiða svartfugl í háf í Drangey, þótt vanir menn hafi gert tilraunir til þess.

Eins og fyrr segir hafa fuglaveiðar verið bjargræðisvegur Skagfirðinga í aldaraðir, enda Drangey nefnd „vorbæran" Skagfirðinga. Aldrei hefur atvinnuvegur þessi notið styrks frá opinberum aðilum, þrátt fyrir niðurgreiðslu á kjöti, og í mörg ár hefur svartfugl verið seldur á samkeppnisfæru verði við annað kjöt. Nú eiga allmargir menn góðan Drangeyjarútveg og báta, sem keyptir hafa verið til að nota þá til fuglaveiða. Menn þessir verða því fyrir tilfinnanlegu tjóni, ef veiðar þessar verða bannaðar fyrirvaralaust, því að reiknað hefur verið með, að veiðarnar yrðu leyfðar áfram, þar sem samþykkt var staðfest um þær 1962. Að áliti fiskifræðinga og sjómanna er svartfugl einn mesti skaðvaldur í fiskistofninum, og væri æskilegt að leita umsagnar fiskifræðinga um frv. Stuttu eftir aldamót var fuglaveiði yfir vorið um 70000 fuglar að meðaltali, eftir því sem skýrslur frá þeim tíma herma. Þá stunduðu um 60 bátar veiðar við Drangey. Það virðist harla undarleg afstaða til atvinnuveganna að ætla fyrirvaralaust að banna aldagamlan atvinnuveg á þeim forsendum, að hann sé ómannúðlegur, á sama tíma og Alþ. sér sér ekki fært að banna fuglaskytterí yfir messu-

tíma á sunnudögum. Munu þó fuglaveiðar með skotum vafalaust ómannúðlegri en flekaveiðar.

Í fuglaveiðasamþykkt Skagafjarðarsýslu fyrir Drangey eru strangar reglur um veiðarnar. Til veiðanna þarf sérstakt leyfi. Einnig skal vitja um niðurstöður á ákveðnum tíma. Óheimilt er að veiða á helgidögum. Enn fremur skal draga upp niðurstöður, ef útlit er fyrir slæmt veður. Þess má einnig geta, að kosnir eru eftirlitsmenn Drangeyjar af sýslunefnd og bæjarstjórn Sauðárkróks, sem m. a. eiga að sjá um, að samþykkt þessi sé ekki brotin.

Á það má benda, að nú eru uppi háværar raddir um að heimila minkaeldi hér á landi og væri fróðlegt að bera saman þær veiðiaðferðir, sem beitt er gegn villiminknum, og flekaveiðarnar. Dýrabogar, stingir, hundar og gildrur með lifandi fiski, enn fremur benzín og ýmislegt fleira, er notað við minkaveiðar. Enginn heyrist tala um, að slíkt sé ómannúðlegt.

Fiskveiðar, sem eru aðalatvinnuvegur þjóðarinnar, eru mjög hliðstæðar flekaveiðum, hvað mannúðinni viðvíkur, en ef það er borið saman, er svarið: Fiskurinn er með köldu blóði. Loks skal á það bent, að í alþjóðasamþykkt um fuglafriðun segir svo í 6. gr.:

„Með því að sérstakir atvinnuhagsmunir eru í húfi í Noregi, Svíþjóð, Finnlandi og Færeyjum, mega rétt stjórnarvöld í löndum þessum gera undanþágu og leyfa sérstök frávik frá ákvæðum þessarar samþykktar. Ef Ísland skyldi gerast aðili að samþykktinni, mundu hinar sömu undanþágur og frávik verða leyfð þar, skyldi þess verða æskt."

Staddur á Sauðárkróki, 15. febr. 1966.
Jón Eiríksson, eftirlitsmaður Drangeyjar."

Það liggur ljóst fyrir af þessum erindum frá Grímseyingum og Skagfirðingum, að þeir telja sér mikilsvert að mega nota snörufleka sem veiðitæki. Grímseyingarnir taka fram, að þeir noti þessar veiðar einkum til vara, þegar fiskveiðar, sem eru aðalatvinnuvegur þar, bregðast, eins og alltaf vill brenna við öðru hverju, því að svipull er sjávarafli. Þetta er þá til lífsbjargar hjá þeim, fuglinn er þá bæði söluvara og matbjörg í bú hjá þeim. Tölur þær, sem nefndar eru í erindi Grímseyinganna um tekjur af flekaveiðum, eru að vísu ekki stór hluti af tekjum þjóðarinnar, en þó allmikils virði fyrir fámennið í Grímsey, þegar annað bregzt. Fyrir Grímseyinga er ekki auðvelt að svifa sér til eftir atvinnu. Það gerir einangrunin, eins og öllum má ljóst vera. Skagfirðingar telja flekaveiðarnar hafa verulega þýðingu hjá sér, og eiga þeir þó að vísu fleiri kosta völ en Grímseyingarnir.

Í athugasemdum þeim, sem fylgja frv. frá þeim, er sömdu það, er svo að heyra, að flekaveiðar samrýmist ekki alþjóðasamþykkt um verndun fugla, en að þeirri samþykkt gerðust Íslendingar aðilar 1956. Þetta er ekki rétt hermt hjá frv.-höfundunum. Ég hef lesið samþykktina, eins og hún er í íslenzka lagasafninu. Þar er einmitt talað um undanþágur fyrir tilgreind lönd, eins og eftirlitsmaður flekaveiðanna í Skagafirði skýrði frá og tók upp orðrétt, og má Ísland vera í þeim hópi. Enn fremur er talað um, að í löndum, þar sem veiðar, svo sem snörur, net, eitrað eða deyfandi agn, séu heimilar aðferðir skv. lögum, skuli smátt og smátt tekin í lög ákvæði, sem banni þær eða setji notkun þeirra takmörk. Ég bið hv. þm. að taka eftir orðunum „eða setji notkun þeirra takmörk". Flekaveiðum voru sett takmörk 1954 í l. um fuglaveiðar og fuglafriðun, sem nú gilda. Gildandi lög eru því ekki að þessu leyti í ósamræmi við alþjóðasamþykktina. Eigi nú að afnema algerlega flekaveiðarnar, er þar af leiðandi lengra gengið en alþjóðasamþykktin gerir kröfu til. Af því að svona standa sakir, hef ég ásamt hv. 3. þm. Norðurl. v. leyft mér að flytja till. til breyt. við frv. Er í till. gert ráð fyrir heimild, mjög takmarkaðri heimild til flekaveiða. Þetta er viðbót við 23. gr. og hljóðar á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Þó má með ákvæðum í fuglaveiðasamþykkt heimila að nota fleka (snörufleka) til fuglaveiða á takmörkuðum svæðum, þar sem það telst mikilvægt til bjargræðis, enda sé það skilyrði sett m. a., að veiðimennirnir liggi yfir flekunum til þess að aflífa fuglinn og tryggja, að flekarnir verði ekki reköld."

Till. er, eins og menn sjá og heyra, um áframhald á heimild til flekaveiða á takmörkuðum svæðum með sérstöku leyfi, þar sem veiðarnar metast mikilsverðar til bjargræðis, og ákvæði sett um, að flekarnir verði ekki yfirgefnir. Er því með till., ef hún yrði samþ., hert á núgildandi veiðireglum, þó að þær séu ekki afnumdar. Þessum reglum telja Grímseyingar sig geta fylgt, enda aðstaða þar mjög góð til þess vegna nálægðar veiðisvæðisins meðfram fjörunum í Grímsey. Og Skagfirðingar telja sig geta þetta líka, ef krafizt verður. Verður auðvitað eftir setningu slíkra ákvæða sem í till. felast enn fráleitara að tala um, að brotin sé alþjóðasamþykkt um fuglafriðun og fuglaveiðar með slíkri heimild.

Þegar litið er raunhæft á veiðiaðferðina, eftir að henni hafa verið sett umrædd takmörk, er hún síður en svo ómannúðlegri en margar aðrar aðferðir, sem frv. heimilar. Þegar skotið er með höglum í fuglahóp, er stofnað til óútreiknanlegrar særingar og örkumla, en það heimilar frv. Frv. heimilar í 22. gr. að veiða lunda í net, sem ekki þarf að vitja um oftar en tvisvar á dag, en það þýðir tvisvar á sólarhring í langdeginu, því að það er aðeins um þetta að ræða í langdeginu. Frv. heimilar í 25. gr. einnig að eitra fyrir fugla. Fari maður út fyrir þetta frv. og minnist dýrabogans, sem leyft er að nota, tekur enn verra við. Kópar eru veiddir í net í látrum á vorin. Hafið þið séð kópana „með barnsaugun djúpu og hreinu", svo að ég noti orð skáldsins, berjast um, flækta í netunum og reyna að verjast köfnun?

Ég þykist ekki vera kaldlyndari en gerist og gengur gagnvart dýrum. En mér virðist ekki vera samræmi í því að taka af Grímseyingum rétt til að veiða svartfugl á flekum eftir ströngum reglum, meðan hverjum sem vill er heimilt að skjóta í fuglahópa með höglum, varpeigendum er leyft að leggja net yfir lundaholur, og heimilt er að eitra fyrir vissar fuglategundir o. s. frv. Ef Skagfirðingar treysta sér til að fylgja jafnströngum reglum og Grímseyingar, verða

þeir að mega halda áfram flekaveiðum líka. Hins vegar standa Grímseyingarnir, eins og ég sagði áðan, mjög vel að vígi og betur að vígi en Skagfirðingar til að fylgja ströngum reglum.

Um þörf Grímseyinga vil ég sérstaklega segja þetta að lokum: Þeir sitja hina sögufrægu eyju og eru einangraðasta byggðarlag á Íslandi. Atvinnuvegir þeirra eru mjög einhæfir, aðallega fiskveiðar. Þegar fiskgengd er góð, hafa þeir nóg við að vera. Bregðist fiskaflinn, eru þeir illa settir, því að þeir eiga ekki í annað hús að venda eftir atvinnu. Í Grímsey mun mannfjöldi búsettra um 80. Þar voru við síðasta manntal tæplega 30 karlmenn á aldrinum 16—67 ára. Þessi fámenni hópur vinnandi karlmanna má illa við því að tvístrast til lands í atvinnuleit, þegar fiskveiðar bregðast. Og mikilsvert er fyrir Grímseyinga að geta þá gripið í að veiða svartfugl með ódýrri aðferð, eins og flekaveiðarnar eru.

Í bréfi Grímseyinganna segir, að talin séu eðlileg afköst, að maðurinn veiði 100—200 fugla á dag. Síðasta sumar, segir þar, seldist fuglinn á 20 kr. stk. Þarna getur því verið um 2—4 þús. kr. brúttótekjur að ræða fyrir mann á dag. Það er ekki lítil búbót og ekki alls staðar hægt að grípa slíkt upp. Það er þess vegna ekki lítið af mönnunum tekið, ef á að banna þeim að veiða á þennan hátt. Það er að mínu áliti mjög ósanngjarnt að svipta þá rétti til að bjarga sér með þessum hætti, eða vill Alþ. stuðla að því, að Grímsey fari í eyði? Það held ég alls ekki. En ef svo er ekki, má Alþ. ekki meina íbúum hennar að nota þær matarholur, sem þar eru og notaðar hafa verið og átt hafa mikinn þátt í að gera eyna byggilega til þessa dags. Það væri sannarlega öfugsnúið að tala um, að styðja þurfi dreifbýlisstaði, en taka um leið af þeim bjargræði, sem þeir hafa haft. Hér er þá ekki heldur um að ræða ómannúðlegri veiðiaðferð, eins og reglurnar hljóða, en aðferðir, sem þótt hefur rétt að leyfa á öðrum stöðum.

Ég leyfi mér að vænta þess, að hv. þm., sem telja t. d. rétt að leyfa að skjóta í fuglahópa og þreyta lax á stöng, fallist á tillögur okkar þm. norðurhjarans um að banna ekki flekaveiðar, en herða á mannúðlegri aðgát við þær, banna þær ekki, af því að þær eru bjargræðisvegur fólks, þar sem fárra kosta er völ, og þurfa alls ekki að vera ómannúðlegri í framkvæmd en ýmsar aðrar veiðar.

Frsm. (Bjartmar Guðmundsson): Herra forseti. Ég skal ekki lengja umræður mikið um þetta mál.

Það helzta, sem taldist til raka í hinni hraustlegu ræðu 1. þm. Norðurl. e. (KK), þar sem hann berst fyrir því að viðhalda snöruflekaveiði, sem fyrir löngu er fordæmd af hér um bil öllum, sem til þekkja, — það helzta í rökum hans var sem sé það, að hann benti á, að í fuglaveiðasamþykkt þeirri, sem hefur verið í gildi og er í gildi enn, séu ströng fyrirmæli um það, hvernig ganga eigi frá flekum eða vakta þá, svo að þeir losni ekki upp eða liggi í sjónum langan tíma, þar til fuglinn er tekinn af þeim. Og hann telur, að enn betur muni mega frá þessu ganga. Ég skal ekki fullyrða um það, hvort eitthvað megi betur frá þessum hlutum ganga en verið hefur, en ég hygg þó, að sjórinn, sjávarföll, kvika og brim, náttúruöflin sjái um það, að þarna sé ekki tryggilega hægt frá að ganga. Og á meðan þessi ströngu fyrirmæli um ákvæði um fuglaveiðasamþykkt voru í gildi, var þó ekki betur hægt um að búa hnútana en svo, að það er aðeins örstutt síðan ein niðurstaða, sem svo mun vera kölluð, fannst á reki inni á Eyjafirði, fimm flekar samfastir, með mörgum fuglum á, sem höfðu farið á flekann á ýmsum tímum, og sjónarvottur, sem horfði á flekann, sagði mér frá, að það hefði verið ófögur sjón að sjá. Og einn þessi fleki var tekinn og fluttur hingað til Reykjavíkur og er geymdur hér sem sýnishorn um þessar veiðar.

Hv. þm. vildi gera mikið úr því, að það væri verið að svipta Grímseyinga og þá, sem stunda veiðar við Drangey, einhverjum stórum tekjustofni. Hann meira að segja kvað svo fast að orði, að þetta væri spor í áttina til þess að leggja Grímsey í eyði. En sjálfir hafa Grímseyingar gefið upp, hversu miklar tekjur þeir hafa af þessu, og þær eru mjög óverulegar og geta engin áhrif haft á afkomu eyjabúa í heild. Mér er sagt, að aðeins örfáir menn stundi þessar veiðar við Drangey, en þeir hafi að vísu einhverjar þó nokkrar tekjur af. Hv. þm. var að bera saman þessa veiðaðferð við aðrar, sem ekki eru góðar, og ég skal taka alveg undir það. En það er ekki mikil bót í máli, þó að hægt sé að benda á einhverjar fleiri veiðiaðferðir, sem ætti að nema í burtu, og ég fyrir mitt leyti vildi gjarnan stuðla að því. Þó að það sé að vísu ekki hægt að koma í veg fyrir öll leiðinleg atvik og fyrirbæri í sambandi við fuglaveiðar, mætti þar sjálfsagt fleira bæta en þetta.

Ég skal svo ekki ræða um þetta mál lengur. Ég tel eðlilegt, að hv. dm. sýni afstöðu sína til þessarar veiðiaðferðar með atkvgr. eins og við aðrar greinar frv. og brtt., og mun að sjálfsögðu ekki skipta mér af því, hvernig einstakir menn greiða atkv. En mér finnst óaðgengilegt og að það sé jafnvel ekki síður óaðgengilegt fyrir þá menn, sem stunda þessar veiðar enn, að leyfa þær lengur en er.

Karl Kristjánsson: Herra forseti. Ég rökstuddi mál mitt fyrst og fremst með erindum þeim, sem borizt hafa hingað til Alþ. frá Grímseyingum og Skagfirðingum, þar sem þeir gera grein fyrir, hvernig veiðum háttar og hvaða þýðingu þær hafa fyrir byggðir þeirra. Hv. 8. landsk. þm. virtist ekki vilja taka mark á því, sem þessir menn segja í erindum sínum, og lét í það skína, að hann væri kunnugri málefnum. Ég skal játa, að veiðarnar eru ekkert sérstaklega geðfelldar, en svo er um margar veiðar, sem leyfðar eru. Ég t. d. hef oftar en einu sinni, já, oft og mörgum sinnum, séð særðar rjúpur berjast um í snjó og frosti, lamaðar eftir skot og blóðugar. Það er ljót sjón. Mér datt í hug, þegar hv. 8. landsk. var að tala, hvort hann, sem sjálfsagt hefur séð svona rjúpur eins og ég í héraði okkar heima, mundi telja sig geta afsakað það gagnvart slíkum rjúpum, að leyft er að leika þær þannig, — afsakað það með því, að af-

numdar hefðu verið flekaveiðar svartfugls við Grímsey og Drangey. Hann sagði frá því, að fundizt hefði ekki fyrir löngu, — hann nefndi ekki hvenær, en ekki fyrir löngu, — fleki eða uppistaða á reki utarlega í Eyjafirði, og það hefði verið ljót sjón að sjá hann. Það geta náttúrlega alltaf viljað til slys við veiðar og þessar veiðar líka, og ég kalla það slys, eins og nú er komið, ef það hefur verið eftir að samþykktirnar voru samdar, að þetta hefur átt sér stað. Ég minnist þess frá fyrri dögum, að oftar en einu sinni rak á fjörur heima hjá mér á Tjörnesi uppistöður og á þeim voru fuglaræflar, og ég veit, að það er ljót sjón að sjá fuglaræflana, ekki sízt af því að vargurinn sezt að þeim á flekunum og tætir hræin. Þá þótti engin furða, þótt fleka slíka ræki. Nú þykir svo merkilegt að finna fleka á reki, að uppistaðan er flutt til Reykjavíkur. Sýnir þetta, hve slysin eru fágætari nú en áður með flekana.

En eitt þótti mér þó eiginlega harðast hjá 8. landsk. þm., er hann segir, að tekjurnar fyrir Grímseyinga séu mjög óverulegar af flekaveiðunum, óverulegar! Ég held, að með því að meta þær þannig hljóti hann að bera heildartekjurnar saman við þjóðartekjurnar, en gæti þess ekki, að það eru aðeins 80 manns í Grímsey, og gætir þess ekki heldur og hrekur það alls ekki, sem Grímseyingar segja, að það sé ekkert fjarstæðuleg veiði, megi teljast eðlileg veiði, að maður veiði 100—200 fugla á dag, og fuglinn var s. l. ár, hvert stykki, seldur á 20 kr. Að segja manni, að það sé óverulegt fyrir hann að hafa upp 2000—4000 kr. með litlum veiðarfæratilkostnaði á einum degi, stenzt ekki með nokkru móti.

Ef þessi aflabrögð væru ekki t. d. Grímseyingum mikils virði til öryggis, þegar illa gengur að öðru leyti, sérstaklega, mundi ég vera með að banna þessar veiðar. Ég mundi vera með því að banna þær, ef þær væru bara hégómamál. En það er ekki neinn grundvöllur fyrir að segja hér, að veiðar, sem gefin hefur verið skýrsla um, eins og ég las hér, séu óverulegur bakhjallur fyrir fámennið í Grímsey.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 51. fundi í Ed., 17. marz, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2.—7. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

Brtt. 300,1 samþ. með 15 shlj. atkv.

8. gr., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.
9.—22. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

Brtt. 309 felld með 8:7 atkv.

23. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
24. gr. samþ. með 13:1 atkv.
25.—26. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

Brtt. 300.2 (27. gr. falli burt) samþ. með 17 shlj. atkv.

— 300,3 (ný 28. gr., verður 27. gr.) samþ. með 17 shlj. atkv.

29.—45. gr. (verða 28.—44. gr.) samþ. með 17 shlj. atkv.

Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 55. fundi í Ed., 24. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 340, 341).

Karl Kristjánsson: Herra forseti. Við 2. umr. þessa máls var felld með 8:7 atkv. till. frá mér og hv. 3. þm. Norðurl. v. að leyfa Grímseyingum og Skagfirðingum að veiða svartfugl með snöruflekum eftirleiðis, eins og þeir hafa gert um aldir, en þó framvegis með enn strangari reglum en áður. Þetta þótti mér lítil nærgætni við menn, sem fábreyttir atvinnuvegir sníða þröngan stakk, hins vegar nærgætni við svartfuglinn á þá leið, að líkist skinhelgi, þegar borið er saman við ýmsar veiðiaðferðir, sem leyfðar eru, ýmist sem aðalveiðiaðferðir eða sem undantekningar. En um þetta skal ég ekki fjölyrða. Það er komið sem komið er hér í þessari hv. d. um heimild til þessarar veiðiaðferðar. Aftur á móti er rétt að leiða hugann að þeim skaða, sem þeir, sem þessar veiðar hafa að undanförnu stundað samkv. fuglaveiðasamþykktum, verða nú fyrir vegna þess, að veiðitækin, sem þeir eiga, verða þeim algerlega ónýt. Þegar lögin, sem nú gilda um lax- og silungsveiði, voru sett árið 1957, voru þar í ný ákvæði, er takmörkuðu rétt manna til veiðanna, t. d. við hagnýtingu veiðivéla, og var þá ákveðið, að þeim, sem í misstu af þessum ástæðum, skyldu greiddar skaðabætur af hinu opinbera eftir mati, og þær bætur sumar hafa verið árlegar bætur síðan. Ekki er síður ástæða til, að þeir fáu menn, sem flekaveiðirétturinn verður nú að líkindum tekinn af, fái bætt veiðarfæratjón, sem þeir bíða þar við. Nógu harðleikið er að taka af þessum norðurstrandarbúum og eyjarskeggjum veiðiréttinn, sem hefur verið þeim veruleg afkomubót. Með tilliti til þessa höfum við hv. 3. þm. Norðurl. v. leyft okkur að leggja fram till. á þskj. 341 um, að bæta skuli í eitt skipti fyrir öll samkv. mati veiðitæki þau, sem verða ónýt við flekaveiðibannið. Till. hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta, — hún er við 23. gr.:

„Aftan við gr. bætist ný mgr., svo hljóðandi:

Nú hefur maður komið sér upp veiðitækjum samkv. fuglaveiðisamþykkt, sbr. síðasta málsl. 21. gr. l. nr. 63 1954, sem óheimilt verður að nota eftir þessum lögum, og skal þá ríkissjóði skylt að greiða honum bætur, ef hann krefst, fyrir veiðitækin samkv. mati."

Það getur alls ekki orðið hér um stórfelld útlát fyrir ríkissjóðinn að ræða, því að það eru ekki svo margir menn, sem geta gert bótakröfur, og ekki heldur um dýr veiðarfæri að ræða. Aftur á móti getur þessum mönnum sem einstaklingum dregið fjárhæð, sem ríkið munar ekkert um að greiða, og þýðingarmikið er, að mennirnir finni, að Alþ. vilji sýna þeim dálitla tillitssemi, eins og laxveiðimönnunum var sýnd, og ekki ónýta eignir þeirra, heldur bæta þeim veiðitækjatjónið, sem hin nýju lagaákvæði baka þeim annars. Ég leyfi mér að vænta þess, að allir þm. í þessari hv. d. geti sameinazt um að sýna þessa tillitssemi.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Ég hef ekki blandað mér í umr. um þetta mál til þessa, enda er aðeins örlítið atriði, sem mig langaði að koma að í sambandi við umr. um málið, áður en það er afgreitt héðan úr þessari hv. þd.

Ég hef að undanförnu lesið frásagnir tveggja gamalla sægarpa og sjósóknara, sem stunduðu sjó hér fyrr meir og reyndar annar þeirra allt fram til síðustu ára, og báðir þessir aðilar, sem eru kunnir aflamenn, fullyrða það, að ákveðnar tegundir fugla eyðileggi hér árlega mikið af ungviði, fiskiungviði við landið, sérstaklega á tilteknum, ákveðnum svæðum, þar sem um uppeldisstöðvar sé að ræða. Nú er það, að ég veit ekki hvernig n. hefur unnið að undirbúningi málsins, hvort hún hefur rætt við fiskifræðinga um t. d. skaðsemi ákveðinna fuglategunda eða hvort þeir telja, að svo sé. Þetta eru að vísu aðeins fullyrðingar, sem byggðar eru þó, að ætla verður, á mikilli reynslu þessara öldnu garpa, og ef það stefnir ekki málinu í neina hættu, mundi ég vilja leggja fram þá ósk, að n. frestaði nú um sinn endanlegri afgreiðslu málsins, ef tök væru á því að fá álit fiskifræðinga á því, hvert sannleiksgildi þessara fullyrðinga sé. Ef ákveðnar tegundir fugla reynast í þessu tilfelli jafnskaðsamlegar og þarna er fullyrt og þar við bætist svo sá skaði, sem þeir valda á landi, þá getur afstaða manna til tilveru þeirra æðimikið breytzt. Það er sem sagt í fáum orðum sagt ósk mín til n., ef hún vildi taka það að sér að eiga tal um þetta við fiskifræðinga, áður en málið hlýtur endanlega afgreiðslu, hvort þeirra álit sé, að um skaðsemi af þessum tilteknu fuglategundum sé að ræða fyrir fiskuppeldisstöðvar okkar.

Frsm. (Bjartmar Guðmundsson): Herra forseti, Út af ræðu hæstv. sjútvmrh. vil ég taka það fram sem mína skoðun, að hér geti ekki verið um það að ræða, að flekaveiðar, sem óskað er eftir að haldist við Grímsey og Drangey, geti haft nein veruleg áhrif á stofn svartfuglsins. Hins vegar hafði ég hugsað mér, þegar ég sá þessa brtt. nú, að rétt mundi vera, að menntmn. tæki þetta atriði til meðferðar á ný, áður en það er afgreitt héðan úr d., vegna þess að sú brtt., sem hér liggur fyrir, gæti kannske komið til með að valda einhverjum útgjöldum. Það, sem er aðalatriði þessa máls að mínu áliti og meiri hl. menntmn., er það, hvort leyfa eigi áfram þá veiðiaðferð, sem fyrir löngu hefur verið mjög gagnrýnd, þ. e. a. s. snörufleka, sem lagðir eru á sjó, og ég fer ekki út í það mál meira en ég gerði við síðustu umr. þessa máls. Mín afstaða í því efni er algerlega óbreytt. Ég tel það algerlega úrelta veiðiaðferð og óhæfa, En sem sagt, vegna þessarar brtt., sem nú er komin fram, og óskar hæstv. ráðh. mundi ég óska eftir því, að n. tæki hana til athugunar, áður en hún er afgreidd hér í d., og óska ég eftir, að málið verði tekið út af dagskrá og n., eins og ég sagði, athugi þetta atriði á ný.

Umr. frestað.

Á 57. og 58. fundi í Ed., 29. og 31. apríl, var frv. tekið til frh. 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 59. fundi í Ed., 1. apríl, var fram haldið 3. umr. um frv.

Frsm. (Bjartmar Guðmundsson): Herra forseti. Þegar þetta frv. var hér til umr. síðast, 3. umr., óskaði hæstv. sjútvmrh. eftir því, að það væri borið undir fiskifræðinga, hvort álit þeirra væri, að svartfuglinn gæti haft áhrif á fiskstofna hér við land.

Út af þessu var óskað eftir því, að umr. yrði frestað um þetta mál og menntmn. athugaði það í tilefni af þessari ósk hæstv. sjútvmrh. N. skaut á fundi og fól formanni sínum, hv. 2. þm. Reykv., að ræða við Jón Jónsson fiskifræðing um þetta atriði og einnig taldi hún rétt, að þetta væri borið undir helzta sérfræðing að því er fugla snertir, dr. Finn Guðmundsson. Álit Jóns Jónssonar fiskifræðings var það, að svartfuglinn mundi ekki hafa áhrif á fiskstofna hér við land, þó að hann að vísu, eins og viðurkennt er, éti nokkuð af fiskaseiðum. Í öðru lagi taldi Finnur Guðmundsson, að það mundi ekki vera um það að ræða, að svartfuglinn eða veiðar hans mundu nokkru geta skipt um það. Sem sagt, álit beggja þessara sérfræðinga var það, að það mundi engu máli skipta, hvort mikið eða lítið væri veitt af svartfuglinum.

Í öðru lagi taldi n. rétt að athuga í sambandi við þá brtt., sem hér liggur fyrir á þskj. 341, hvort samþykkt hennar kynni að hafa einhver áhrif þannig, að það skapaði fordæmi um það að greiða bætur, ef veiðarfæri eru bönnuð með lögum. Sú athugun virðist hafa leitt í ljós, að samþykkt þessarar brtt. muni ekki skapa nein ný fordæmi í þessu efni, og þar af leiðandi tel ég persónulega, að eðlilegt sé, að till. sé samþ., þar sem hún er sanngjörn og ekki er heldur að mínu viti um neinar verulegar upphæðir að ræða í sambandi við bætur fyrir það, að niður sé lögð flekaveiði við Grímsey og Drangey. Hins vegar hafa nm. aðrir óbundnar hendur um það, hvort þeir styðja þessa till. eða ekki, en sem sagt, samþykkt hennar skapar ekki nein ný fordæmi í þessu efni.

ATKVGR.

Brtt. 341 samþ. með 12:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BGuðbj, JÁ, KK, MJ, ÓB, ÓlJ, PÞ, ÁB, BGuðm, EggÞ, HB, SÓÓ.

nei: JÞ, SvG, BJ, FS, GilsG.

AuA greiddi ekki atkv.

2 þm. (ÞK, AG) fjarstaddir.

Frv., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 65. fundi í Nd., 2. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 437).

Á 68. fundi í Nd., 12. apríl, var frv. tekið til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 69. fundi í Nd., 14. apríl, var frv. aftur tekið til einnar umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 26 shlj. atkv. og afgr. sem lög Alþingi (A. 480).

23. Lánasjóður sveitarfélaga.

Á 49. fundi í Ed., 14. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um Lánasjóð sveitarfélaga [145. mál] (stjfrv., A. 308).

Á 50. fundi í Ed., 15. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Snemma árs 1964 skipaði þáv. fjmrh., Gunnar Thoroddsen, nefnd manna til þess að undirbúa frv. um lausn á lánamálum sveitarfélaga, og var lögð í það mikil vinna hjá þeirri nefnd að reyna að gera sér grein fyrir lánsfjárþörf sveitarfélaganna og með hvaða hætti mundi helzt auðið að leysa úr þeim vanda. Skoðanir voru að vísu nokkuð skiptar um það, hvernig þetta yrði bezt gert, en niðurstaðan varð sú, að n. kom sér saman um frv. um lánasjóð sveitarfélaga, sem lagt var fram seint á síðasta þingi. Þetta frv. gerði ráð fyrir, að stofnsettur yrði sérstakur lánasjóður, sem fyrst og fremst hefði það hlutverk að annast fyrirgreiðslu um stofnlánaútvegun fyrir sveitarfélögin, þannig að myndaður yrði kjarni að sjóði, sem hefði svipuðu hlutverki að gegna fyrir sveitarfélögin og stofnsjóðir atvinnuveganna hafa hver fyrir sína atvinnugrein.

Frv. þetta varð ekki útrætt á síðasta þingi og lágu til þess ýmsar orsakir, en ekki hvað sízt er rétt, að það komi fram, að það voru mjög skiptar skoðanir um það, hvort auðið væri eða raunar heppilegt að byggja þennan sjóð upp með þeim hætti eins og þar var gert, en þar var gert ráð fyrir, að annars vegar væri lagt úr jöfnunarsjóði sveitarfélaga viss fjárhæð, 15 millj. kr., til sjóðsins á ári hverju og framlag ríkissjóðs á móti, einnig 15 millj. kr. Það var að vísu ekki gert ráð fyrir, að framlag ríkissjóðs kæmi til greiðslu fyrr en á árinu 1966, fyrsta greiðsla, en miðað við þær horfur, sem voru um fjárhag ríkissjóðs, þótti sýnt, að hvað sem skoðunum manna að öðru leyti kynni að líða um það, hvort eðlilegt væri, að ríkið legði þannig af skattfé borgaranna fram þetta háa fjárhæð til þessa lánasjóðs, þá var augljóst, að aðstaðan var slík, að ekki var auðið að ákveða fyrir fram slíkan bagga, nema menn væru þá reiðubúnir til þess að mæta því með nýjum skattaálögum. Það kom enda í ljós við samningu fjárlaga fyrir árið 1966, sem öllum hv. þdm. er ljóst, að þar var allt það naumt varðandi tekjuöflun til að mæta útgjöldum, að það hefði tvímælalaust orðið að gera nýjar ráðstafanir til tekjuöflunar, ef það hefði átt að sjá fyrir þeirri fjárhæð, sem hér var um að ræða.

Vitanlega geri ég ráð fyrir, að sveitarfélagamenn allir a. m. k. mundu telja æskilegast, að það hefði verið unnt að byggja sjóðinn upp með þessum hætti, þar sem mótframlag ríkissjóðs jafnhátt framlagi jöfnunarsjóðs kæmi til. En hins vegar verð ég að segja fyrir mitt leyti, og veit ég, að þær skoðanir eru hjá mörgum öðrum, að það sé ekkert höfuðatriði málsins varðandi þennan sjóð og ekki endilega víst, að hér sé um eðlilega leið að ræða að leggja slíkar kvaðir á ríkissjóðinn. Það, sem fyrst og fremst er höfuðatriði málsins, er að fá stofnlánasjóð, sem geti verið milligönguaðili við útvegun lána handa sveitarfélögunum, því að hvað sem líður þessu framlagi ríkissjóðs, var það ljóst, að það yrði auðvitað að ganga út frá því, að afla þyrfti miklum mun meira fjár, og meginhlutverk sjóðsins og það, sem meginþýðingu hefur í starfi hans, er fyrst og fremst að vera milligönguaðili milli hinna einstöku sveitarfélaga og lánastofnana til þess að útvega sveitarfélögunum stofnlán. Þetta er sérstaklega brýnt, ekki hvað sízt nú, vegna þess að gert er ráð fyrir allvíðtækri breytingu á stofnlánakerfi í landinu, m. a. með því, að Framkvæmdabanki Íslands verði lagður niður og stofnaður sérstakur framkvæmdasjóður ríkisins, sem fyrst og fremst annist útvegun lánsfjár fyrir stofnsjóði atvinnuvega og aðra hliðstæða stofnsjóði, en láni ekki einstaklingum. Og þar sem Framkvæmdabankinn hefur haft með höndum ýmiss konar lánveitingar til sveitarfélaga, verður auðvitað óumflýjanlegt, að til sé einhver stofnsjóður fyrir sveitarfélögin, sem geti tekið slík lán og verið þar milligönguaðili.

Það var því brýn nauðsyn að koma í framkvæmd meginhugmyndinni um stofnun lánasjóðs sveitarfélaga, hvað sem leið möguleikunum til þess, að ríkið gæti lagt það af mörkum, sem upphaflega var gert ráð fyrir. Ég tók því upp viðræður við sambandsstjórn sveitarfélaganna um það, hvort ekki gæti náðst samkomulag um að leggja frv. fyrir þetta þing í því formi, sem aðgengilegt gæti talizt eða sæmilega aðgengilegt fyrir báða aðila. Og það frv., sem hér liggur nú fyrir til 1. umr., er niðurstaða af þessum samræðum, og eftir atvikum hefur stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga lýst sig fylgjandi því, að málið verði í þessu formi.

Í grundvallaratriðum er ekki um neina breytingu að ræða varðandi uppbyggingu þessa sjóðs og varðandi hlutverk hans. Það er það sama og var í frv., sem lagt var fram í fyrra. Varðandi fjáröflunina aftur á móti varð sú breyting, að það er ekki gert ráð fyrir föstu framlagi ríkissjóðs til sjóðsins, heldur að það verði ákveðið í fjárlögum hverju sinni, eftir því sem Alþ. sýnist henta. Hins vegar er gert ráð fyrir því, að það framlag úr jöfnunarsjóði sveitarfélaganna sem ráðstöfunarfé sjóðsins, 15 millj. kr., er gert var ráð fyrir í upphaflega frv., standi áfram. Og jafnframt er gert ráð fyrir því, að árlega falli til sjóðsins lán úr Framkvæmdasjóði Íslands, eftir því sem hverju sinni sé talið nauðsynlegt, annars vegar frá sjóðsins hendi og hins vegar mögulegt frá hálfu Framkvæmdasjóðsins að leggja fram.

Til þess að þetta geti orðið að raunveruleika, má gera ráð fyrir, að það sé nauðsynlegt, að sveitarfélögin almennt hefji gerð framkvæmdaáætlana. Það er fyrir því mikill vilji hjá sveitarfélögunum. Á s. l. hausti var haldin sérstök ráðstefna sveitarfélaganna einmitt til þess að ræða um framkvæmdaáætlanir þeirra. Reykjavíkurborg hefur þegar unnið að slíkri áætlun, nú í fyrsta skipti á svipuðum grundvelli og framkvæmdaáætlun ríkisins hefur verið, og það má gera ráð fyrir eftir þeim anda, sem er hjá sveitarstjórnarmönnum, að sveitarfélögin al-

mennt muni telja það mjög fýsilegt, að grundvöllur sé lagður að slíkri áætlanagerð fyrir sveitarfélögin, og það er í rauninni hin brýnasta nauðsyn til þess að framkvæmdaáætlanagerð og fjárfestingaráætlanir fyrir framkvæmdalífið í landinu í heild geti orðið raunverulegar og ekki meira og minna ágizkanir varðandi tvo faktora, bæði sveitarfélaganna og einkafaktorinn, sem er þriðji liðurinn í þessu plani, sem því miður enn sem komið er byggist á of miklum áætlunum eða getgátum.

Í samræmi við þá breytingu, að ríkissjóður leggur nú ekki fast framlag til lánasjóðs sveitarfélaganna, hefur þótt eðlilegt og rétt að gera þá breytingu varðandi eignaraðild sjóðsins, að hann skuli teljast sameign allra sveitarfélaganna, en ekki sameign ríkis og sveitarfélaga, eins og gert var ráð fyrir í upphaflega frv. Að vísu kunna menn að segja sem svo, að það sé ekki enn sýnt um það, hver verði framlög ríkisins til sjóðsins. En það má þá að sjálfsögðu á sínum tíma taka það til athugunar, og er ekki að efa, að sveitarfélagasambandið er fúst til að ræða þær breytingar. En eins og málið liggur fyrir nú, þótti eðlilegt að breyta frv. í þetta horf. Í samræmi við þessa breytingu er einnig gert ráð fyrir, að frá frv. í fyrra verði gerð veruleg breyting varðandi skipun sjóðsstjórnar, þannig að nú er það fulltrúaráð Sambands ísl. sveitarfélaga, sem kýs fjóra af fimm stjórnarmönnum, en ráðh. skipar einn mann og er hann formaður stjórnarinnar, en í frv. frá síðasta þingi var gert ráð fyrir annarri skipan stjórnarinnar og mun meiri aðild ríkisins að stjórn sjóðsins. Varðandi fjáröflun til sjóðsins er einnig gerð sú breyting, að það er gert ráð fyrir því í 14. gr. frv., að sveitarstjórnum skuli heimilt að koma til geymslu og varðveizlu í lánasjóði sveitarfélaga þeim sjóðum, sem eru í eign eða umsjá sveitarfélaganna. Hversu mikið fé hér mun geta orðið um að ræða fyrir lánasjóðinn, er ekki gott að segja. Það hafa stundum verið uppi hugmyndir í umræðum um þetta mál að setja annaðhvort upp sveitarfélagabanka eða sveitarfélagasparisjóð, ef svo má segja. Það hefur hins vegar mætt mótspyrnu og verið gagnrýnt af ýmsum aðilum innan sveitarfélaga einnig, að það væri ekki raunsætt, en ekki þótti óeðlilegt og raunar skynsamlegt að hafa það opið, að sveitarfélögin gætu varðveitt sína sérstöku sjóði í jöfnunarsjóðnum, sem yrði þá til þess að auka ráðstöfunarfé hans.

Einstök atriði frv. að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til að rekja sérstaklega. Hér er, eins og ég sagði, fyrst og fremst um það að ræða að leggja grundvöll að stofnun sjóðs, sem geti orðið milligönguaðili fyrir sveitarfélögin um útvegun stofnlána og til þess að geta einnig orðið til samráðs við sveitarfélög, sem í erfiðleikum eiga, til þess að reyna að leysa þeirra fjárhagsvandamál eftir þeim leiðum, sem tiltækilegar geta verið hverju sinni, og með því að þessi sjóður sé milligönguaðili, geti einnig á þann hátt orðið fundin úrræði til þess, að auðveldara verði fyrir viðkomandi sveitarfélög, sem kannske sum hver eru ekki sérlega sterk fjárhagslega, að fá þá fyrirgreiðslu, sem þau þurfa að fá með ábyrgð sjóðsins.

Ég tel ekki ástæðu, herra forseti, til að orðlengja frekar um málið, það skýrir sig að öðru leyti sjálft, og vil leggja til, að því verði að þessari umr. lokinni vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og félmn.

Karl Kristjánsson: Herra forseti. Ég bað um orðið til að lýsa ánægju minni yfir því, að fram er komið frá hæstv. ríkisstj. frv. um lánasjóð sveitarfélaga. Eins og hæstv. fjmrh. gat um, lá fyrir síðasta Alþ. frv. um sama efni, en allt í einu var hætt að setja það á dagskrá, og fannst ýmsum það furðulegt, vegna þess að ekki var annað vitað en það nyti almenns fylgis á þinginu. Nú hefur hæstv. fjmrh. gert grein fyrir því, hvers vegna frv. var ekki afgreitt á síðasta þingi í því formi, sem það þá lá fyrir, en aðalástæðan var sú, að hæstv. ríkisstj. treysti sér ekki til þess að láta ríkið vera þann aðila að lánasjóði sveitarfélaga, sem frv. gerði ráð fyrir, og hafa það fé fram að leggja af ríkisins hálfu, sem þar var ætlazt til. Og þetta frv., sem hér liggur fyrir, er byggt upp á þá leið, að aðild ríkisins verður nú minni en áður var hugsað, og þetta tel ég töluvert mikinn galla og frv. þetta þess vegna ekki eins æskilegt frá sveitarfélaganna sjónarmiði skoðað og hið fyrra var.

Eins og hæstv. ráðh. gerði grein fyrir, er ein aðalbreytingin frá fyrra frv. sú, að þar var gert ráð fyrir því, að ríkissjóður legði fram 15 millj. árlega til sjóðsins, eða jafnmikið og ætlazt var til að sveitarfélögin legðu fram gegnum jöfnunarsjóð sinn til sjóðsins á ári hverju. Eftir þessu frv. er gert ráð fyrir sama framlagi af hálfu jöfnunarsjóðs, en að framlag ríkissjóðs skuli ákveðið með fjárlögum ár hvert. Þess vegna á sjóðurinn framlagið undir því komið, hvernig ræðst á Alþ. hverju sinni. Og í samræmi við þetta voru svo tvær breyt., sem eru báðar í þá átt að draga úr aðild ríkisins að sjóðnum. Önnur er sú, að ríkið er ekki lengur eigandi sjóðsins eftir frv. með sveitarfélögunum, hann á nú að verða eign þeirra einna, og í öðru lagi það, að stjórn sjóðsins á að vera þannig skipuð, að fulltrúaráð sveitarfélaganna kjósi 4 af 5 í stjórnina og 1 sé ríkisskipaður, sem sé formaður stjórnarinnar. Samkv. fyrra frv. var það þannig hugsað, að Alþ. kysi 3 menn í stjórnina, sveitarfélögin 3 og ríkisstjórnin skipaði 1. Á þennan hátt verður sjóðurinn minna tengdur ríkinu og Alþ. en áður var hugsað, og ég álít þetta veikja nokkuð aðstöðu þá, sem skipuð er með sjóðmynduninni. Aðild ríkisins verður óbeinni. Vafalaust er þetta hugsað sem ráðdeild vegna ríkisins, og það má kannske teljast ráðdeild fyrir þess hönd, en að sama skapi er minna hugsað og verr fyrir hlut sveitarfélaganna. Og ég tel, að málið sé þannig vaxið, þýðing sveitarfélaganna svo mikil fyrir þjóðfélagsheildina, að rétt sé að ætla þjóðfélagsheildinni jafnan að ganga til átaks með sveitarfélögunum þar, sem því verður við komið.

En þrátt fyrir þetta, þótt frv. sé ekki það sama og það var í fyrra, lýsi ég yfir stuðningi við frv. og hugsa mér ekki að tefja það með neinum brtt. um þessi efni, enda hefur, eins og hæstv. ráðh. gat um, orðið samkomulag um frv. við stjórn sveitarfélaganna, og síðasti full-

trúaráðsfundur sveitarfélagasambandsins, sem haldinn var fyrir stuttu, samþ. fyrir sitt leyti að mæla með þessu frv., af því að þrátt fyrir þessar breytingar taldi fulltrúaráðið frv. fela í sér mikilsvert skref í rétta átt, sem fráleitt væri að hafna. Auðvitað gefst svo síðar meir tækifæri til þess að stíga lengra, og spá mín er, að það verði fljótlega gert, því að svo þýðingarmikið hlutverk hafa sveitarfélögin fyrir þjóðina. Framsfl. vill styðja framgang þessa máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 16 shlj. atkv.

Á 54. fundi í Ed., 22. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 308, n. 342, 337).

Frsm. (Auður Auðuns): Herra forseti. Efni þess frv., sem hér liggur fyrir, er hv. þdm. kunnugt frá síðasta Alþ., en þá var flutt frv. um lánasjóð sveitarfélaga, sem ekki varð útrætt.

Við 1. umr. málsins gerði hæstv. fjmrh. grein fyrir því, að hverju leyti þetta frv. er frábrugðið frv. því, sem flutt var á síðasta Alþ. Aðalbreytingin er í því fólgin, að í frv. í fyrra var gert ráð fyrir 15 millj. kr. árlegu framlagi til sjóðsins úr ríkissjóði, en í þessu frv. er hins vegar gert ráð fyrir framlagi úr ríkissjóði skv. ákvörðun fjárlaga hverju sinni.

Þessi breyting leiddi af sér nokkrar breytingar á öðrum gr. frv., eins og fram kemur í athugasemdum við frv. og einnig kom fram í framsöguræðu hæstv. fjmrh.

Eins og í athugasemdum segir, var frv. þetta samið og flutt í því formi, sem það nú liggur fyrir, í samráði við stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga, og það er rétt að geta þess einnig, að á fulltrúaráðsfundi Sambands ísl. sveitarfélaga, sem haldinn var hér í Reykjavík dagana 10. og 11. þ. m., var samþ. áskorun til Alþ. um að lögfesta frv. til laga um lánasjóð sveitarfélaga.

Heilbr.- og félmn. hefur athugað frv., og leggur nefndin til, að það verði samþ., en eins og fram kemur í nál. á þskj. 342, áskilur einn nefndarmanna, hv. 9. þm. Reykv., sér rétt til að flytja brtt. við 5. gr. frv., og það hefur hann þegar gert, og mun hann að sjálfsögðu gera grein fyrir þeirri brtt.

Alfreð Gíslason: Herra forseti. Eins og hv. frsm. heilbr.- og félmn. tók fram, varð ekki ágreiningur innan nefndarinnar um frv. í heild sinni. Hins vegar tók ég það fram á nefndarfundum, að ég mundi flytja brtt. við 5. gr. frv., brtt., sem fæli það í sér, að árlegt framlag úr ríkissjóði yrði jafnhátt árlegu framlagi úr jöfnunarsjóði.

Frv. sama efnis var á ferðinni á þinginu í fyrra, og í því frv. var einmitt gert ráð fyrir þessu, að árlegt framlag úr jöfnunarsjóði sveitarfélaga yrði 15 millj. kr. upphæð og að árlegt framlag úr ríkissjóði yrði einnig 15 millj. kr. að upphæð. Þessu hefur nú verið breytt á þann veg, að framlag úr ríkissjóði skuli ákveðið í fjárlögum hverju sinni.

Í þessari breytingu frá frv. í fyrra tel ég, að um talsverða afturför sé að ræða, og ég tel ekki sanngjarnt gagnvart sveitarfélögunum að breyta til í þessu efni.

Í frv. í fyrra var gert ráð fyrir, að ríkissjóður og sveitarfélögin skyldu greiða jafnháa upphæð í þennan ágæta lánasjóð sveitarfélaga. Þá var gert ráð fyrir, að lánasjóðurinn væri sameign ríkisins og sveitarfélaganna, en frá því hefur nú verið horfið með þeirri breytingu, sem orðin er á frv.

Hér var sem sagt um algert jafnræði í fjárhagslegu tilliti að ræða á milli ríkissjóðs og sveitarfélaganna, en nú er þetta jafnræði strikað út. Framlagið úr ríkissjóði skal ákveðast í fjárlögum hverju sinni, og með því er sýnilega, að því er ég bezt fæ séð, horfið að því að draga verulega úr stuðningi ríkissjóðs við sveitarfélögin í þessu efni.

Þetta tel ég mikilsvert atriði og sízt til þess fallið, að ég geti fylgt því. En fyrirætlun um það að draga úr framlagi ríkissjóðs frá því, sem hugsað var á síðasta ári, sannast bezt á því, að lánasjóðurinn, eins og ég tók fram áðan, á ekki að vera sameign sveitarfélaganna og ríkisins, heldur á að vera sjálfstæð stofnun, sameign allra sveitarfélaga á landinu. Ég tel þetta sem sagt ákveðið spor aftur á bak. Mér fannst og finnst mjög sanngjarnt, að ríkið leggi fram fé til þessa sjóðs alveg til jafns við sveitarfélögin, og tel, að það sé ekki ósanngjarnt, að þetta framlag verði óafturkræft, þannig að lánasjóðurinn verði þrátt fyrir það séreign sveitarfélaganna.

Sem sagt, ætlunin er að spara ríkissjóði útgjöld í þessu efni. En það má segja, að ef ríkissjóðurinn megi illa við að skuldbinda sig til þess að afhenda 15 millj. kr. árlega, þá má jöfnunarsjóður sveitarfélaga ekki síður illa við því. Og það munu vera margir fleiri en ég, sem líta svo á, að ríkisvaldið standi í það mikilli skuld við sveitarfélög landsins, að sízt hafi verið til of mikils ætlazt, að það legði fram þessar 15 millj. kr. árlega til lánasjóðsins.

Nú verður það hins vegar ofan á að hlífa ríkissjóði, en níðast á tekjustofnum sveitarfélaganna, níðast á jöfnunarsjóðnum. Það á að rýra það fjármagn, sem sveitarfélögunum stendur sameiginlega til boða til rekstrar og framkvæmda, rýra það um 15 millj. kr. árlega og leggja í þennan sjóð. Ég hefði talið það ekki ósanngjarnt, ef sanngjörn aðstoð hefði komið frá ríkinu, þ. e. a. s. gengið hefði verið til móts við sveitarfélögin um fjárframlög til þessa sjóðs.

Ég hef sem sagt á þskj. 337 flutt till. um það, að hvor aðili, ríkissjóður og jöfnunarsjóður, leggi væntanlegum lánasjóði til 15 millj. kr. hvor árlega. Með þeirri breytingu tel ég sveitarfélögunum vera rétt hjálparhönd og að þau verðskuldi það af hálfu ríkisvaldsins, enda ekki vanþörf á að rétta sveitarfélögunum hjálparhönd. En hjálp er þeim ekki veitt með þessu út af fyrir sig. Þetta er eins konar skyldusparnaður, sem felst í þessu frv., — skyldusparnaður, sem sveitarfélögunum er lagður á herðar. En ég tel, eins og ég sagði áðan, að sveitarfélögin megi illa við því að missa fé úr rekstrinum og framkvæmdunum, og væri þá lítill vegur, ef ríkið

kæmi þar til móts við, og auk þess hefði þá verið von til, að lánasjóðurinn gæti orðið eitthvað meira en nafnið eitt, orðið þess verulega megnugur að rétta hlut sveitarfélaganna beinlínis og óbeinlínis í auknum tekjum, er fram liðu stundir.

Ég vænti þess, að hv. dm. athugi þetta frá þessu sjónarmiði og að þessi brtt. verði samþ., en hún er, eins og ég sagði, sama efnis og ráð var fyrir gert í frv. á síðasta ári.

Frsm. (Auður Auðuns): Herra forseti. Það er nú ef til vill ekki mikil ástæða til að svara síðasta ræðumanni, sem gerði hér grein fyrir þeirri brtt., sem hann flytur við frv. Ég vil að mestu vísa til þess, sem fram kom hjá hæstv. fjmrh. við 1. umr. málsins. Mér heyrðist síðasti hv. ræðumaður tala eins og lánasjóðurinn mundi ekki hafa neitt fé til ráðstöfunar annað en þessar 15 millj., sem skv. 5. gr. frv. renna til hans úr jöfnunarsjóði sveitarfélaga. En það er að sjálfsögðu gert ráð fyrir því, að sjóðurinn hafi miklu meira fé til ráðstöfunar en þessar einu 15 millj., og má þá benda á aðra stafliði í 5. gr. frv.

Mér fannst það heldur fáránleg hugmynd hjá hv. þm., þegar hann talaði um, að með því að verja 15 millj. kr. úr jöfnunarsjóði í lánasjóðinn væri verið að níðast á sveitarfélögunum, og sagðist þó eftir atvikum geta sætt sig við það, ef framlag kæmi á móti af hálfu ríkisins. Ég vil þá benda á, að það framlag, sem fer í lánasjóðinn úr jöfnunarsjóði sveitarfélaga, er tekið af hinu stóra framlagi ríkisins til allra sveitarfélaganna í heild. Þetta fé kemur að sjálfsögðu í þarfir sveitarfélaganna, eftir því sem aðstæður á hverjum tíma kalla á í hverju sveitarfélagi fyrir sig. Það er sem sé gert ráð fyrir því í 5. gr. frv., að einnig komi árlegt lán úr Framkvæmdasjóði Íslands og aðrar lántökur, og það verður að sjálfsögðu eitt meginverkefni sjóðsins að hafa milligöngu um lánsútveganir fyrir sveitarfélögin, eins og fram kom við 1. umr. málsins.

Þá er einnig gert ráð fyrir, að árlegt framlag komi úr ríkissjóði, en að vísu ekki tiltekin fjárhæð, heldur verði það skv. ákvörðun fjárlaga hverju sinni.

Ég held, að ég sjái ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um málið, og með tilliti til þess ekki sízt að þetta frv., eins og það liggur nú fyrir, er samið og flutt í samráði við stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga og sambandið eftir atvikum getur fellt sig við frv. eins og það nú liggur fyrir, þá mun ég greiða atkv. gegn brtt. hv. þm.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.

2.—4. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

Brtt. 337 felld með 11:5 atkv.

5. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

6.—17. gr. samþ. með 18 shlj atkv.

Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 17 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkv.

Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 55. fundi í Ed., 24. marz, ar frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. var samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 59. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 60. fundi í Nd., 28. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Seint á síðasta þingi var lagt fram af þáv. hæstv. fjmrh. frv. um lánasjóð sveitarfélaga. Frv. þetta hafði verið undirbúið af sérstakri mþn., og var það efnislega á þá leið, að settur skyldi á laggirnar sérstakur lánasjóður sveitarfélaga, sem í höfuðatriðum væri þannig uppbyggður fjárhagslega, að úr jöfnunarsjóði yrðu lagðar 15 millj. kr. af óskiptu því fé, sem renna á til sveitarfélaganna, og síðan skyldi koma jafnhá fjárhæð frá ríkissjóði á móti. Þetta frv. varð ekki afgreitt á síðasta þingi, og er það ekkert launungarmál út af fyrir sig, að meginástæðan til þess var sú, að svo sem ástatt var fjárhag ríkissjóðs, var augljóst, að ekki var auðið að taka á ríkissjóð umrætt 15 millj. kr. framlag, nema því aðeins að nýjar tekjur kæmu á móti. Það var að vísu ekki gert ráð fyrir, að þetta framlag kæmi til greiðslu fyrr en á árinu 1966, en svo sem öllum hv. þdm. er kunnugt, var þannig ástatt í sambandi við afgreiðslu fjárl. fyrir það ár í haust, að gera varð margvíslegar ráðstafanir til þess að afla tekna, svo að auðið væri að afgreiða greiðsluhallalaus fjárlög, og hefði reynzt óumflýjanlegt að gera nýjar tekjuöflunarráðstafanir, ef hefði átt að samþykkja þá fjárhæð, sem hér um ræðir, til lánasjóðs sveitarfélaga.

Með hliðsjón af þessu hóf fjmrn. umr. við stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga um það, hvort ekki væri hægt að fá samkomulag um að leggja þó frv. fram í einhverju því formi, sem stjórn sambandsins teldi viðhlítandi, og niðurstöðuna af þeim umr. er að finna í því frv., sem hér liggur fyrir. Á því frv. er sú meginbreyting gerð varðandi ráðstöfunarfé lánasjóðsins, að ekki er ákveðið neitt fast framlag úr ríkissjóði, heldur verði það framlag ákveðið hverju sinni í fjárl. Jafnframt er tekið inn í greinina varðandi ráðstöfunarfé lánasjóðsins nýtt ákvæði, sem er árlegt lán úr Framkvæmdasjóði Íslands, en þetta byggist á því, svo sem hv. þdm. öllum er kunnugt, að í sambandi við endurskipulagningu lánasjóðakerfisins og niðurlagningu Framkvæmdabankans verður það óumflýjanlegt, að þeir aðilar, sem gert er ráð fyrir að njóti aðstoðar hjá væntanlegum framkvæmdasjóði, en áður fengu að einhverju leyti lánveitingar úr Framkvæmdabankanum, hafi sem millilið ákveðinn stofnsjóð, sem geti tekið þessi lán. Framkvæmdabankinn hefur í ýmsum tilfellum lánað sveitarfélögunum fé, og það má gera ráð fyrir því, að þörfin á því verði vaxandi, og er þegar af þessari ástæðu nauðsynlegt, að til sé sérstakur lánasjóður sveitarfélaganna, er haft

geti milligöngu um þessi lán. Jafnframt hafa farið fram allverulegar athuganir á því og er mikill áhugi hjá forráðamönnum sveitarfélaga á því, að gerðar verði framkvæmdaáætlanir fyrir sveitarfélögin á svipaðan hátt og gert er nú fyrir framkvæmdir ríkisins, og miðað við, að svo verði gert, sem ég tel að væri til mikilla bóta, bæði fyrir sveitarfélögin og fjárhagskerfi landsins í heild, verður vaxandi nauðsyn á, að einhver ákveðinn aðili annist milligöngu um lántökur til þessara framkvæmdaáætlana. Það er enda einnig augljóst, að hvað sem líður framlagi ríkisins, er lánasjóður þessi mjög mikilvægt tæki til þess að aðstoða einstök sveitarfélög, bæði við öflun stofnlána og jafnframt til þess í vissum tilfellum, eins og gert er ráð fyrir, að greiða fyrir samningum um lausaskuldir þeirra og leggja drög að því að styrkja þau sveitarfélög sérstaklega með ábyrgð sjóðsins, sem vegna afkomu sinnar eru þess ekki umkomin að fá lán sem sjálfstæðir lántökuaðilar, nema þá með millitryggingu, sem sjóðurinn mundi veita.

Ég geri ráð fyrir því, að talsmenn sveitarfélaganna hefðu að sjálfsögðu óskað eftir því fremur, að þetta framlag úr ríkissjóði hefði verið til staðar, og vafalaust má finna ýmis rök fyrir því. En þó tel ég ekki, að það sé neitt sjálfsagt við það, að ríkissjóður leggi á móti því framlagi, sem hér er um að ræða, sem er til komið með þeim hætti, að þar er um að ræða fjárhæð, sem ríkissjóður leggur sveitarfélögunum til af árlegum tekjustofnum sínum. Varð enda niðurstaðan sú, að eftir atvikum féllst stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga á það með hliðsjón af nauðsyn þess að fá þetta kerfi nú þegar byggt upp, að frv. yrði flutt í því formi, sem það nú liggur hér fyrir. Með hliðsjón af því, að ekki er gert ráð fyrir lögbundnu framlagi ríkissjóðs, heldur eftir mati Alþ. hverju sinni, þykir sanngjarnt að fallast á þá tilhögun, sem sveitarfélögin hafa einnig óskað eftir, að breytt yrði yfirstjórn sjóðsins, þannig að honum verður stjórnað af stjórn, sem að ⅘ hlutum er tilnefnd af fulltrúaráði Sambands ísl. sveitarfélaga, og því jafnframt slegið föstu, að sjóðurinn sé sameign allra sveitarfélaganna á landinu, en ekki sameign ríkis og sveitarfélaga, eins og var í upphaflega frv., og gildir það að sjálfsögðu, enda þótt til komi framlög þau, sem Alþ. kann að meta hverju sinni fært að leggja til sjóðsins. Það er því aðeins gert ráð fyrir því, að af ríkisstj. hálfu sé tilnefndur einn maður í sjóðsstjórnina, en þó jafnframt, að hann verði formaður stjórnarinnar.

Enda þótt, eins og ég áðan sagði, frv. þetta leiði af sér það, að nokkru minna fé er til ráðstöfunar af eigin fé heldur en gert var ráð fyrir í upphaflega frv., er þó, miðað við þær heimildir, sem þarna eru um lántökur, bæði hjá Framkvæmdasjóðnum og almennar lántökur, opnuð leið til þess, að sjóðurinn geti orðið sveitarfélögunum til mikilla hagsbóta. Jafnframt er gert ráð fyrir því, sem er nýtt í þessu seinna frv., að sjóðurinn hafi heimild til þess að taka til vörzlu ýmsa þá sérsjóði, sem sveitarfélögin kunna að hafa yfir að ráða, sem getur þá einnig aukið ráðstöfunarfé sjóðsins hverju sinni.

Ég sé ekki ástæðu til, herra forseti, nema tilefni gefist til, að ræða málið nánar, en legg aðeins áherzlu á það, sem ég áðan sagði, að um það er samkomulag við stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga, eins og það hér liggur fyrir. Vil ég leggja til, að frv. verði að þessari umr. lokinni afgr. til 2. umr. og hv. heilbr.- og félmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 28 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 27 shlj. atkv.

Á 68. fundi í Nd., 12. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 308, n. 426).

Frsm. (Guðlaugur Gíslason): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, er komið frá Ed. og var afgreitt til þessarar hv. d. óbreytt frá því, sem það var lagt fram.

Lánasjóður eða lánastofnun fyrir sveitarfélögin er gamalt mál, sem lengi hefur verið rætt, bæði á fundum fulltrúaráða sveitarfélaganna og einnig á landsþingum þeirra. Ég hygg, að öllum, sem við sveitarstjórnarmál fást, hafi verið og sé ljóst, að lánamöguleikar sveitarfélaganna eru mjög takmarkaðir. Tekjustofnar þeirra eru taldir það óvissir, að lánsstofnanir hafa ekki treyst sér yfirleitt til þess að lána til þeirra neitt sem heitir, hvorki rekstrarfé né stofnlán. Það skal viðurkennt, að með lögum um jöfnunarsjóð batnaði hagur sveitarfélaganna mjög að þessu leyti, bæði við það, að þau með jöfnunarsjóðnum fengu ákveðinn og öruggan tekjustofn, sem þau gátu útvegað sér lán út á, ef þannig stóð á, að þau þurftu á því fé að halda fyrr en það féll til útborgunar úr ríkissjóði.

Frv. sama efnis og hér liggur fyrir var lagt fyrir síðasta Alþ., en varð þá ekki útrætt. Í því frv., sem nú liggur fyrir til umr., eru tvær meginbreytingar, miðað við frv., sem lagt var fyrir síðasta Alþ. Það er í fyrsta lagi, að í frv., sem lagt var fyrir Alþ. síðast, var gert ráð fyrir ákveðinni fjárveitingu úr ríkissjóði að upphæð 15 millj. kr. á móti framlagi sveitarfélaganna úr jöfnunarsjóði, sem einnig voru 15 millj. Í þessu frv. er gert ráð fyrir samkv. 1. gr. þess, að árlegt framlag úr ríkissjóði skuli vera samkv. ákvörðun fjárl. hverju sinni. Auk þess er í 5. gr. frv. nú gert ráð fyrir árlegu láni úr Framkvæmdasjóði Íslands og einnig gert ráð fyrir öðrum lántökum, eftir því sem stjórn sjóðsins telur eðlilegt og nauðsynlegt. Í öðru lagi er sú breyting á frv. frá því í fyrra, að nú er gert ráð fyrir, að stjórn lánasjóðsins skuli aðeins skipuð 5 mönnum og skuli 4 þeirra tilnefndir af fulltrúaráði sveitarfélaganna, en einn þeirra, sem jafnframt verði formaður, skuli skipaður af ráðh. Áður hafði verið gert ráð fyrir, að um 7 manna stjórn væri að ræða, og skyldu þá þrír skipaðir af sameinuðu Alþ., þrír af fulltrúaráði sveitarfélaganna, en einnig var gert ráð fyrir, að formaður yrði skipaður af ráðh. Þessi breyting á stjórn sjóðsins er eðlileg, þar sem segja má, að lánasjóður sveitarfélaganna verði nú þeirra eign eingöngu, en áður var gert ráð fyrir, að hann yrði byggður upp sameiginlega af ríkissjóði með ákveðnu framlagi og einnig af framlagi úr jöfnunarsjóði, sem þá yrði tekið af framlagi sveitarfélaganna.

Ég sé ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta frv., en vil geta þess, að það lá fyrir til umr. á síðasta fulltrúaráðsfundi sveitarfélaganna, sem haldinn var nú fyrir skömmu, og var ýtarlega rætt þar og ekki gerðar till. um neinar breytingar á því, og liggur fyrir áskorun frá fulltrúaráði sveitarfélaganna um, að það verði afgreitt nú og gert að lögum á þessu þingi.

Heilbr.- og félmn., sem fékk þetta frv. til meðferðar, leggur til, að það verði samþ., en þrír nm. hafa þó áskilið sér rétt til þess að flytja eða fylgja breytingartillögum, sem fram kunna að koma.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
2.—17. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 27 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 28 shlj. atkv.

Á 69. fundi í Nd., 14. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

Umr. (atkvgr.) frestað.
Á 70. fundi í Nd., 15. apríl, var fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 493).

---

24. Stýrimannaskólinn í Reykjavík.

Á 1. fundi í Sþ., 11. okt., var útbýtt frá Ed.:
Frv. til l. um breyt. á l. um Stýrimannaskólann í Reykjavík, nr. 5 14. marz 1955 [8. mál] (stjfrv., A. 8).

Á 4. fundi í Ed., 19. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Það er kunnara en frá þurfi að segja, að miklar breytingar hafa orðið á siglingatækjum og veiðitækjum á árunum eftir síðari heimsstyrjöld. Ný tæki hafa komið fram, bæði við siglingar og fiskveiðar. Nauðsynlegt er, að nemendur stýrimannaskólans hljóti kennslu í gerð, meðferð og notkun þeirra siglingatækja, sem algengust eru nú um borð í skipum og þeir eiga að nota í starfi sínu eftir námið. Þess vegna var það, að skólaárið 1960—1961 var námstími í farmannadeild stýrimannaskólans lengdur um tvo mánuði í því skyni að auka kennslu í rafmagnsfræði og jafnframt tækjakennslu. Var að þessu veruleg bót. En einnig er þörf á að auka verulega tækjakennslu í fiskimannadeildinni og þess vegna óhjákvæmilegt að lengja einnig námstímann í þeirri deild.

Námstími fyrir fiskimannapróf er nú sá sami og var, áður en hin nýju tæki komu til sögunnar. Þótt bætt hafi verið við kennslustundum í meðferð og notkun siglingatækja, hafa þær enn verið of fáar, til þess að hægt hafi verið að gera þeirri kennslu skil sem æskilegt væri. Enn fremur hefur verið nauðsynlegt að samræma kennsluna fyrir hið minna fiskimannapróf og fiskimannaprófið. Af þessum sökum skipaði menntmrn. hinn 17. jan. 1964 5 manna nefnd til að endurskoða gildandi lög um Stýrimannaskólann í Reykjavík. Í nefndina voru skipaðir Jónas Sigurðsson, skólastjóri stýrimannaskólans, sem var skipaður formaður nefndarinnar, Guðmundur H. Oddsson skipstjóri, Jón Pálsson tómstundaráðunautur Æskulýðsráðs Reykjavíkur, Jón Sigurðsson formaður Sjómannasambands Íslands og Sverrir Júlíusson alþm. Samdi n. frv. það, sem hér er nú flutt, og var sammála um efni þess.

Helztu breytingar, sem samþykkt þessa frv. mundi hafa í för með sér að viðbættum reglugerðarbreytingum, sem í kjölfar þess mundu sigla, eru þessar:

1) Námstími fyrir fiskimannapróf verður lengdur um 2 mánuði, þannig að fyrsti bekkur mun starfa til marzloka í stað til janúarloka, eins og nú er. Hér verður um reglugerðarbreyt. að ræða, þar sem lengd námstíma til fiskimannaprófs hefur ekki verið tiltekin í lögum fyrir stýrimannaskóla öðruvísi en þannig, að tveggja ára deild skuli starfa fyrir fiskimannaprófið.

2) Eins árs deild frá 1. okt. til 1. marz starfi fyrir fiskimannapróf 1. stigs. Jafnframt starfi sams konar deild á tveim stöðum utan Reykjavíkur. Próf frá þessari deild veitir réttindi til skipstjórnar í innanlandssiglingum á íslenzku skipi allt að 120 rúmlestum brúttó. Er þannig gert ráð fyrir því, að sú samræming verði gerð á kennslunni fyrir hið minna fiskimannapróf og fiskimannaprófið, að þeir, sem standast próf upp úr 1. bekk fiskimannadeildar, öðlist sams konar réttindi og hið minna fiskimannapróf veitir nú.

3) Eins árs framhaldsdeild frá 1. okt. til maí starfi fyrir fiskimannapróf annars stigs. Inngönguskilyrði í hana séu fiskimannapróf 1. stigs eða sambærileg menntun. Próf frá þessari deild veitir réttindi til skipstjórnar á íslenzku fiskiskipi af hvaða stærð sem er og hvar sem er.

4) Eins árs deild frá 1. okt. til 1. marz starfi fyrir fiskimannapróf 1. stigs. Próf frá þessari deild veitir sömu réttindi og fiskimannapróf 1. stigs.

5) Eins árs framhaldsdeild frá 1. okt. til 31. marz starfi fyrir farmannapróf 1. stigs. Próf frá þessari deild veitir sömu réttindi og fiskimannapróf 1. stigs.

6) Eins árs framhaldsdeild frá 1. okt. til 31. marz starfi fyrir farmannapróf 2. stigs. Inngönguskilyrði í þá deild séu farmannapróf 1. stigs eða sambærileg menntun. Próf frá þessari deild veitir réttindi til þess að starfa sem undirmenn á íslenzku verzlunar- eða varðskipi.

7) Eins árs framhaldsdeild frá 1. okt. til maí starfi fyrir farmannapróf. Inngönguskilyrði í þá deild sé farmannapróf 2. stigs eða sambærileg menntun. Próf frá þeirri deild veitir rétt-

indi til skipstjórnar á íslenzku verzlunar- eða varðskipi af hvaða stærð sem er.

8) Komið á fót deild fyrir skipstjórapróf á varðskipum ríkisins. Þessi deild starfi með sama fyrirkomulagi og verið hefur, en vikulegur kennslustundafjöldi verði aukinn allverulega. Gera má ráð fyrir, að væntanlegir siglingafræðingar stýrimannaskólans sæki þessa deild.

Þessar eru breytingarnar, sem af samþykkt þessa frv. mundi leiða. Tel ég óhætt að fullyrða, að þær mundu hafa í för með sér verulega bætta menntun íslenzkra skipstjórnarmanna.

Að svo mæltu leyfi ég mér að leggja til, herra forseti, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til menntmn. með 16 shlj. atkv.

Á 58. fundi í Ed., 31. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 8, n. 403, 404).

Frsm. (Auður Auðuns): Herra forseti. Þetta frv., sem hér er til umr., er undirbúið af n., sem hæstv. menntmrh. skipaði árið 1964 til að endurskoða gildandi lög um Stýrimannaskólann í Reykjavík. Í grg., sem fylgdi till. þessarar n. og prentuð er í aths. við frv., er gerð grein fyrir þeim breytingum, sem frv. hefur að geyma. Þar segir m. a., að eftir þær miklu breytingar, sem orðið hafa á siglingatækjum og veiðitækjum á árunum eftir síðari heimsstyrjöldina, þegar ný tæki hafa komið fram, bæði við siglingar og fiskveiðar, sé það nauðsynlegt, að nemendur stýrimannaskólans fái kennslu í gerð, meðferð og notkun þeirra siglingatækja, sem eru algengust um borð í skipum og þeir eiga svo að nota í starfi sínu eftir námið.

Þessar breytingar, sem frv. hefur að geyma, eru svo til að öllu leyti við það miðaðar, að þetta geti orðið bæði með breyttu og auknu námsefni og lengingu árlegs skólatíma í einstökum deildum. Um síðara atriðið, lengingu námstímans í einstökum deildum, er það að segja, að það er reglugerðaratriði og kemur þess vegna ekki beinlínis fram í frvgr., en efni frv. er sem sé við það miðað, að slík lenging verði ákveðin í reglugerð. Þá er í frv. lagt til, að samræming verði gerð á kennslunni fyrir minna fiskimannapróf, sem svo er kallað, og fiskimannapróf, þannig að þeir, sem standast próf upp úr 1. bekk fiskimannadeildar skólans, öðlist sams konar réttindi og hið minna fiskimannapróf nú veitir, og er gert ráð fyrir, að á tveim stöðum úti á landi verði árlega starfandi 1. bekkjar deildir fiskimannadeildar á vegum og undir umsjá Stýrimannaskólans í Reykjavík.

Þá er það eitt mikilvægt atriði í frv., að það er gert ráð fyrir, að þeir, sem ljúka prófi upp úr 1. bekk farmannadeildar, skuli fá sömu réttindi og þeir, sem ljúka prófi úr 1. bekk fiskimannadeildar, enda segir í grg. frá undirbúningsnefndinni, að reynslan hafi verið sú, að flestir nemendur í farmannadeild hafi fengið talsverðan hluta af sínum tilskilda siglingatíma á fiskiskipum.

Þá tekur undirbúningsnefnd fram, að sú samræming, sem með frv. er lögð til fyrir hið minna fiskimannapróf og fiskimannapróf 1. stigsins, eins og það er í frv., verði til þess, að nemendur hætti síður námi, eftir að þeir hafa hlotið hið minna fiskimannapróf, heldur haldi þeir áfram og ljúki 2. bekk og þar með fullnaðarprófi frá fiskimannadeildinni og er vitnað til þess, sem kunnugt er, hvaða vandamál hefur risið á seinni árum vegna þess, að ýmsir hafa ekki hirt um að afla sér víðtækari menntunar en hið minna fiskimannapróf nú veitir.

Að öðru leyti vil ég vísa um efni frv. til þeirrar upptalningar í 7 stafliðum, sem er í aths. við frv. á bls. 8, þar er gerð í stuttu máli grein fyrir till. n., og einnig vil ég vísa til aths. við einstakar greinar frv.

Menntmn. hefur rætt frv. á allmörgum fundum og sent það nokkrum aðilum til umsagnar. Þá mætti einnig skólastjóri Stýrimannaskólans í Reykjavík, sem jafnframt var formaður þeirrar n., sem undirbjó frv., á fundi n., og voru þar rædd ýmis atriði, sem til umr. höfðu komið í n., og álits skólastjórans leitað um þau.

Það er rétt að taka það fram, að í einni þeirra umsagna, sem n. bárust, þ. e. a. s. í umsögn frá skólastjóra Stýrimannaskólans í Vestmannaeyjum, voru allmargar ábendingar, aðallega varðandi námsefni í skólanum og í einstökum deildum. N. leitaði að sjálfsögðu álits skólastjóra Stýrimannaskólans í Reykjavík, er hann kom á fundinn til n., um þessi atriði, og hann upplýsti það m. a., að sumt af því efni, sem ábendingar skólastjórans í Vestmannaeyjum lytu að, væri nú þegar kennt í skólanum. Menntmn. var á einu máli um það, að ábendingar skólastjóra Stýrimannaskólans í Vestmannaeyjum varðandi námsefni væru það sérfræðilegs eðlis, að n. treystist ekki til þess að dæma um þær eða taka til þeirra afstöðu, þannig að fluttar yrðu brtt. í þá átt, sem þar var lagt til. En hins vegar taldi n. eðlilegast, að þessar ábendingar yrðu teknar til athugunar í sambandi við nýja reglugerð fyrir skólann, sem að sjálfsögðu verður að gefa út, ef frv. þetta verður að lögum.

Eins og fram kemur á þskj. 404, flytur n. nokkrar brtt. við frv. Það má segja, að allt séu það minni háttar brtt. Þær yfirleitt miða að því annars vegar að færa orðalag til betri vegar að mati n. og gera það fyllra í einstökum greinum.

Ég skal þá fyrst víkja að 1. brtt. frá menntmn., sem er um það, að ný grein komi á undan 1. gr. frv., og efni þeirrar gr. er, að í stað orðsins skipstjórapróf í 1. gr. l. komi orðin „próf skipstjóra". 1. gr. l. hljóðar þannig: „Markmið stýrimannaskólans er að veita þá fræðslu, sem þarf til að standast fiskimannapróf, farmannapróf og skipstjórapróf á varðskipum ríkisins." Þetta þótti n. óeðlilegt orðalag og leggur til, að orðalag verði þannig: „próf skipstjóra á varðskipum ríkisins". Efnisbreyting er þetta að sjálfsögðu engin. Þetta orðalag: „skipstjórapróf á varðskipum ríkisins" — kemur fyrir víðar, bæði í l. og í frv., og eru ýmsar af brtt. menntmn., sem á eftir koma, við það miðaðar að færa þetta orðalag til betra vegar að okkar dómi.

Um annað atriði, sem snertir margar af brtt.,

skal ég fara nokkrum orðum. Í frv. er gert ráð fyrir því, að deildir skólans skuli vera þrjár, þ. e. a. s. tveggja ára deild fyrir fiskimannapróf, þriggja ára deild fyrir farmannapróf og sérstök deild fyrir skipstjóra á varðskipum ríkisins. Próf í fiskimannadeild eru skilgreind þannig, að próf eftir fyrra árs nám er nefnt fiskimannapróf 1. stigs og eftir annað árið í fiskimannadeild fiskimannapróf annnars stigs, sem er þá fullnaðarpróf úr fiskimannadeild. Farmannadeildin er hins vegar þriggja ára deild. Það er talað um farmannapróf 1. stigs eftir fyrsta árið, 2. stigs eftir annað árið, en eftir þriggja ára nám og þegar tekið er fullnaðarpróf úr þeirri deild, þá er það skilgreint aðeins sem farmannapróf. Þetta þótti okkur óeðlilegt og gæti valdið nokkrum misskilningi og ruglingi, og leggjum við því til, að alls staðar, þar sem talað er um farmannapróf í l. og í frv. í þeim skilningi, að það sé fullnaðarpróf frá farmannadeild, þá bætist við orðin „3. stigs", og er það í samræmi við skilgreiningu á öðrum prófum í farmannadeild og reyndar einnig í fiskimannadeild.

Þá skal ég aðeins víkja að 2. brtt. n. Í því sambandi vil ég upplýsa það, að n. barst erindi frá íþróttafulltrúa ríkisins, þar sem hann gerir aths. við það, að með 2. gr. frv., eins og það liggur fyrir, sé lagt til, að orðið íþróttir falli niður, en í stað þess komi sund. Eftir atvikum þótti n. rétt að flytja þá brtt. við frv., að ekki yrði sleppt orðinu íþróttir, heldur héldist það, en við bættust orðin „einkum sund" og þar með auðvitað gefið í skyn, að aðaláherzluna skyldi leggja á sundkennsluna.

Þá vil ég víkja að 6. brtt., sem er um það, að í stað orðsins „stórþjóðamáli" í 2. mgr. komi: stórþjóðarmáli. Það þótti betur á því fara að tala um stórþjóðarmál. Það má vera, að slíkt sé nokkurt matsatriði, en sú varð þó niðurstaðan, að n. flytur þessa brtt.

Þá er 7. brtt. n., sem er við 12. gr. frv. Í 12. gr. frv. er lagt til, að í stað orðsins „fimm" kennarar í 13. gr. l. komi: sex. En í l., eins og þau eru, segir, að við Stýrimannaskólann í Reykjavík skuli auk skólastjóra að jafnaði vera 5 skipaðir kennarar, 4 í siglingafræði og tungumálakennari, og stundakennarar eftir þörfum. Okkur þótti rétt að orða þetta þannig, að það yrðu eigi færri en 6, svo að ekki þyrfti þá, er til kæmi að fjölga kennurum í skólanum, að breyta l. í hvert sinn. — Sama gildir um b-lið 7. brtt. n., í stað orðsins „fimm" komi: eigi færri en fimm.

Þá er loks að geta um síðustu brtt., sem er við 15. gr. frv., gildistökugreinina. Verði frv. þetta að lögum nú á þessu þingi, munu þau l. að sjálfsögðu koma til framkvæmda næsta haust, og þótti okkur því rétt að miða gildistöku við það, að l. öðluðust þegar gildi. Nú er það svo að þegar l. koma til framkvæmda, þá verður að byrja að framkvæma þau smátt og smátt, þ. e. a. s. það verður byrjað að framkvæma þau í 1. bekk skólans og síðan áfram, vegna þess að síðari námsárin byggja að sjálfsögðu á undirstöðunni, sem lögð er í 1. bekk, og þar er einmitt ætlunin að breyta töluvert um. Gerir því n. till. um það orðalag, sem í 9. brtt. segir, að ákvæði l. frá 1955, þ. e. a. s. núgildandi laga, gildi um þá, sem hafa byrjað nám í skólanum, áður en l. komu til framkvæmda.

Ég held, að ég þurfi svo ekki að hafa fleiri orð um málið. Eins og fram kemur í nál. á þskj. 403 leggur n. til, að frv. verði samþ. með þeim breyt., sem ég nú hef gert grein fyrir.

Gils Guðmundsson: Herra forseti. Enda þótt ég hafi skrifað undir nál. og sé sammála öðrum nm. menntmn. þessarar hv. d. um að mæla með þessu frv., þykir mér ástæðu til að taka það fram, að ég hefði kosið, að sú endurskoðun í sambandi við stýrimannakennslu, sem gerð hefur verið og felst í þessu frv., hefði verið fyllri og ýtarlegri en þar er. Hins vegar er um að ræða ýmsar breytingar í þessu frv. til bóta og lagfæringar, sem ég tel þó, að ekki muni nægja nema til bráðabirgða.

Það hafa á undanförnum áratugum orðið mjög verulegar breytingar á stýrimannakennslu, og það er eðlilegt, því að svo miklar breytingar hafa orðið bæði að því er varðar siglingatæki og skip svo og að því er varðar veiðarfæri, fiskleitartæki og annað, sem komið hefur til sögunnar nú á síðari tímum. Það er miklu meiri fjölbreytni í þessu öllu nú en var fyrir nokkrum tíma, bæði fjölbreyttari skipakostur, fjölbreyttari veiðiaðferðir og veiðitæki. Þetta hefur eðlilega haft sín áhrif á kennsluna í stýrimannaskólanum, og hún hefur breytzt að nokkru í samræmi við það. En þó tel ég, að enn sem komið er hafi hún engan veginn fylgzt nægilega með tímanum.

Með því frv., sem hér liggur fyrir, er leitazt við að kippa ýmsum atriðum í réttara og betra horf, og því ber vissulega að fagna, að í þessu frv. er um að ræða tilteknar umbætur. En ég vil leggja á það áherzlu, að ég lít svo á, að hér sé aðeins um bráðabirgðalausn að ræða, það þurfi að gera miklu meira í þessu efni. Ég vil aðeins á það benda, að eins og lagt er til í þessu frv., þá er að vísu gert ráð fyrir lítils háttar lengri námstíma, til þess að menn fái réttindi til að stjórna fiskiskipi af hvaða stærð sem er, en það er þó ekki nema tveggja vetra nám, sem hér er um að ræða, og þegar tillit er tekið til þess, að ekki þarf neinn sérstakan undirbúning til að komast inn í stýrimannaskólann, menn geta komizt þangað inn, jafnvel þó að þeir hafi ekki annað en venjulegt skyldunám að baki sér, þá sér hver maður, að þetta er býsna skammur tími til þess að fá full réttindi til þess að stjórna stórum og dýrum fiskiskipum, skipum, sem e. t. v. kosta með útbúnaði öllum 20—30 millj. kr., skipum, sem eiga að stunda margvíslegar veiðar og sumar þess eðlis, að á öllu veltur, hversu menn eru hæfir til þess að hagnýta þá nútímatækni, sem um er að ræða í sambandi við fiskveiðar og fiskiskip. Mér hefur alltaf fundizt það nokkuð hlálegt, að til þess að öðlast full réttindi til að stjórna slíkum tækjum þurfi menn ekki að sitja nema tvo vetur í skóla, sem meira að segja skortir að ýmsu leyti, a. m. k. fram að þessu og raunar enn, mörg þau tæki, sem þeir koma svo til með að nota, þegar þeir taka við stjórn skipanna, — en aftur á móti menn, sem læra t. d. að sóla skó eða klippa hár,

þeir skuli vera 4 ár í slíku námi, svo að eitthvað sé tekið til samanburðar.

Það þarf ekki að fara um það mörgum orðum, hversu mikilvægt það er, hversu miklu máli það skiptir, að skipstjórnarlærðir menn á nútímaskipum geti hagnýtt þau tæki og þá tækni, sem nútíminn hefur fært mönnum upp í hendur. Ég vil aðeins í því sambandi benda á síldveiðarnar, þar hefur það sýnt sig hvað greinilegast, að þeir skipstjórnarmenn einir, sem hafa náð góðum tökum á tækni nútímans, koma með mikinn afla að landi, en hinir verða þar út undan. Þetta er vitanlega svo stórvægilegt atriði, að það er mjög fjarri allri skynsemi að spara það, sem til þarf til að kenna þeim mönnum, sem eiga að taka við slíkum dýrum og mikilvægum atvinnutækjum og stjórna þeim.

En mér er ljóst, að til þess að koma kennslu stýrimanna í það horf, sem vissulega væri æskilegast, skortir okkur þrennt. Í fyrsta lagi þarf að stefna að því og búa í haginn fyrir það, að hægt sé að lengja skólatímann í stýrimannaskólanum. Í öðru lagi skortir mjög auknar fjárveitingar til handa stýrimannaskólanum til véla- og tækjakaupa, svo að hægt sé að kenna stýrimannaefnum undirstöðuna í sambandi við notkun slíkra tækja í skólanum sjálfum. En í þriðja lagi, og á það vil ég leggja sérstaka áherzlu, ber öllum kunnugum mönnum saman um, að mjög bráðlega þurfi skólinn að fá sérstakt skólaskip eða aðgang að skipi, sem hægt sé að nota að hluta til sem skólaskip, það muni ekki vera kleift að koma þessari kennslu, þessari bráðnauðsynlegu kennslu, í æskilegt horf, miðað við nútímaþarfir, með öðru móti en þessu. Á þessu ríkir mikill áhugi meðal sjómannastéttarinnar. Um þetta hafa verið gerðar samþykktir af stýrimanna- og skipstjórafélögum og Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands. Mér er einnig um það kunnugt, að kennarar stýrimannaskólans telja ekki aðeins, að þetta sé æskilegt, heldur og nauðsynlegt, og sömuleiðis skólastjóri skólans, sem kom á fund menntmn. til þess að ræða um þetta frv., viðurkenndi það fyllilega, að á þessu væri orðin hin brýnasta þörf. Sumir þeir, sem gera ákveðnastar kröfur í þessu efni, telja, að sjálfsagt sé, að sérstakt skip verði keypt eða smíðað og útbúið sem skólaskip til notkunar fyrir skólann. Aðrir telja, að fyrst um sinn sé nægilegt og a. m. k. stórfelld úrbót frá því, sem nú er, ef skólinn gæti haft aðgang að góðu skipi svo sem 3—4 mánuði á ári, og hafa bent á í því sambandi, að líklegt sé, að hægt væri að sameina síldarleitarskip og skólaskip þannig, að stýrimannaskólinn gæti haft slíkt skip til afnota til að mynda 3—4 mánuði á ári, mánuðina jan.—apríl, en skipið yrði síðan notað sem síldarleitarskip aðra tíma árs, eftir því sem þurfa þætti.

Ég vil vekja athygli á þessu máli og undirstrika, að ég tel, að þetta sé hið mesta nauðsynjamál og að sá kostnaður, sem vitanlega yrði talsverður, sem af þessu leiddi fyrir hið opinbera, að koma upp slíkri verklegri kennslu stýrimannaefna á skólaskipi, verður áreiðanlega margfaldlega endurgoldinn og það á skömmum tíma.

Ég vil svo endurtaka það, sem ég sagði í upphafi, að ég fylgi þessu frv., það sem það nær, og tel, að það sé til bóta frá því, sem verið hefur, en að betur þurfi að gera í þessu efni, það þurfi að stefna að því að koma hér upp fullkominni nútímakennslu á þau tæki og á þá tækni, sem um er að ræða um borð í skipum, og að slíkt muni margfaldlega borga sig fyrir þjóðarheildina.

ATKVGR.

Brtt. 401,1 (ný 1. gr.) samþ. með 16 shlj. atkv.

1. gr. (verður 2. gr.) samþ. með 16 shlj. atkv.

Brtt. 404,2 samþ. með 16 shlj. atkv.

2. gr. (verður 3. gr.), svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.

Brtt. 404,3 (ný gr., verður 4. gr.) samþ. með 16 shlj. atkv.

3.—5. gr. (verða 5.—7. gr.) samþ. með 15 shlj. atkv.

Brtt. 404,4 samþ. með 17 shlj. atkv.

6. gr. (verður 8. gr.), svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.

Brtt. 404,5 samþ. með 17 shlj. atkv.

7. gr. (verður 9. gr.), svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.

8.—9. gr. (verða 10.—11. gr.) samþ. með 17 shlj. atkv.

Brtt. 404,6 samþ. með 17 shlj. atkv.

10. gr. (verður 12. gr.), svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.

11. gr. (verður 13. gr) samþ. með 17 shlj. atkv.

Brtt. 404,7 samþ. með 17 shlj. atkv.

12. gr. (verður 14. gr.), svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.

Brtt. 404,8 samþ. með 17 shlj. atkv.

13. gr. (verður 15. gr.), svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.

14. gr. (verður 16. gr.) samþ. með 16 shlj. atkv.

Brtt. 404,9 (ný 15. gr., verður 17. gr.) samþ. með 16 shlj. atkv.

16. gr. (verður 18. gr.) samþ. með 16 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Á 59. fundi í Ed., 1. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 429).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 64. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 68. fundi í Nd., 12. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Þetta frv. er komið frá hv. Ed., þar sem það var samþ. með shlj. atkv. að fengnum meðmælum hv. menntmn. Ed., sem gerði nokkrar brtt. við frv., sem þó lúta ekki að meginefni þess, heldur frekar að formi þess.

Þetta frv. er upphaflega samið af n., sem menntmrn. skipaði 17. jan. 1964 til þess að endurskoða lög um Stýrimannaskólann í Reykjavík. Í n. áttu sæti þeir Jónas Sigurðsson skóla-

stjóri stýrimannaskólans, sem var formaður n., Guðmundur H. Oddsson skipstjóri, Jón Pálsson tómstundaráðunautur Æskulýðsráðs Reykjavíkur, Jón Sigurðsson formaður Sjómannasambands Íslands og Sverrir Júlíusson alþm. Þessi n. var á einu máli um frv., eins og það var lagt fyrir hv. Ed.

Sú meginbreyting, sem í frv. felst, er, að lengdur er árlegur kennslutími í fiskimannadeild stýrimannaskólans, en það er kunnara en frá þurfi að segja, að miklar breytingar hafa orðið á siglingatækjum og veiðitækjum síðan síðari heimsstyrjöldinni lauk. Bæði hafa komið fram ný tæki, sem notuð eru við siglingar og fiskveiðar, og notkun ýmissa annarra tækja hefur stóraukizt frá því, sem áður var. Þess vegna hefur verið talið nauðsynlegt, að nemendur stýrimannaskólans hljóti verulega aukna kennslu í meðferð og notkun þeirra siglingatækja, sem nú orðið eru algengust um borð í skipum, bæði farskipum og fiskiskipum.

Fyrir nokkrum árum, eða skólaárið 1960—1961, var námstíminn í farmannadeild stýrimannaskólans lengdur um tvo mánuði með það fyrir augum fyrst og fremst að auka kennslu í rafmagnsfræði og jafnframt tækjakennslu. Tilgangur þessa frv. er sá fyrst og fremst að auka einnig um tvo mánuði kennslutíma í fiskimannadeild skólans. Þá er og gert ráð fyrir því að samræma kennsluna fyrir hið svonefnda minna fiskimannapróf og almenna fiskimannaprófið, þannig að þeir, sem standast próf upp úr 1. bekk fiskimannadeildar, öðlist sams konar réttindi og hið minna fiskimannapróf hefur veitt og veitir enn. Enn fremur er gert ráð fyrir því, að á tveim stöðum utan Reykjavíkur verði árlega starfandi 1. bekkjar deildir fiskimannadeildar á vegum Stýrimannaskólans í Reykjavík. Með því að sérstök réttindi fylgja prófi upp úr 1. bekk fiskimannadeildar, sambærileg hinu minna fiskimannaprófi, fyrir utan það, að menn öðlast við það sjálfstæð réttindi, er við því búast, að fleiri haldi áfram námi í fiskimannadeildinni en átt hefur sér stað fram að þessu.

Þetta eru meginbreytingarnar, sem í kjölfar samþykktar þessa frv. mundu verða, og hefur það verið ágreiningslaust hjá öllum, sem álits hefur verið leitað hjá um málið, að það horfi til verulegra bóta. Þess vegna vildi ég leyfa mér að vænta þess, að um málið verði samstaða hér í hv. d., eins og reyndist í hv. Ed.

Að svo mæltu leyfi ég mér að leggja til, herra forseti, að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til menntmn. með 25 shlj. atkv.

Á 70. fundi í Nd., 15. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 429, n. 472).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 25 shlj. atkv.

Frsm. (Axel Jónsson): Herra forseti. Mál þetta er 8. mál Ed., og í ræðu hæstv. menntmrh. í þessari hv. d., þegar hann mælti fyrir frv., kom það fram, að ráðh. hafði skipað 5 manna nefnd hinn 17. jan. 1964 til þess að endurskoða gildandi lög um Stýrimannaskólann í Reykjavík. Í nefndina voru skipaðir þeir Jónas Sigurðsson skólastjóri stýrimannaskólans, sem var skipaður form. nefndarinnar, Guðmundur H. Oddsson skipstjóri, Jón Pálsson tómstundaráðunautur Æskulýðsráðs Reykjavíkur, Jón Sigurðsson form. Sjómannasambands Íslands og Sverrir Júlíusson alþm. Var nefndin sammála um sínar niðurstöður.

Breytingar þær, sem nefndin leggur til, að gerðar verði á gildandi lögum um Stýrimannaskólann í Reykjavík, eru fyrst og fremst við það miðaðar að samræma kennslutilhögun skólans þeim miklu breytingum, sem orðið hafa á undanförnum áratugum varðandi siglingatæki og veiðitæki. Þessu eru fyrirhugað að ná með breytingu á námsefni og með lengingu á skólatímanum, en lengd námstíma er reglugerðaratriði, er kemur ekki beinlínis fram í frv., en efni frv. er við það miðað, að með reglugerðarákvæði verði námstíminn lengdur.

Þá er í frv. lagt til, að samræmd verði kennsla fyrir hið minna fiskimannapróf, sem kallað er, og fiskimannapróf, þannig að þeir, sem standast próf upp úr 1. bekk fiskimannadeildarinnar í skólanum, hljóti sömu réttindi og hið minna fiskimannapróf nú veitir, og er gert ráð fyrir því, að á tveim stöðum úti á landi verði árlega starfandi 1. bekkjar deildir fiskimannadeildar á vegum og undir umsjá Stýrimannaskólans í Reykjavík, og eru tilgreindir 3 staðir á landinu, sem slík námskeið skulu haldin á annað hvert ár, ef næg þátttaka fæst, þ. e. á Ísafirði, Akureyri og Neskaupstað. Heimilt er að hafa námskeiðin á öðrum stöðum, að tilskildu samþykki samgmrn. Rétt er í þessu sambandi að geta þess, að í Vestmannaeyjum er starfandi stýrimannaskóli.

Þá er það eitt atriði í frv., að gert er ráð fyrir því, að þeir, sem lokið hafa prófi úr 1. bekk farmannadeildar skólans, skuli fá sömu réttindi og þeir, sem ljúka prófi úr 1. bekk fiskimannadeildarinnar, og um þetta segir í grg. undirbúningsnefndarinnar með frv., að reynslan sé sú, að flestir nemendur í farmannadeildinni hafi fengið talsverðan hluta af sínum tilskilda siglingatíma á fiskiskipum. Þá tekur undirbúningsnefndin það fram, að sú samræming, sem með frv. er lögð til fyrir hið minna fiskimannapróf og fiskimannapróf 1. stigs, verði til þess, að nemendur hætti síður námi, eftir að þeir hafa hlotið hið minna fiskimannapróf, heldur haldi áfram námi og afli sér þar með víðtækari menntunar en hið minna fiskimannapróf veitir.

Að öðru leyti vísast til þeirrar upptalningar í 7 stafliðum, sem er í aths. við frv. á bls. 8, og til aths. við einstakar greinar þess.

Við meðferð málsins í menntmn. hv. Ed. var leitað álits nokkurra aðila. Einnig mætti á fundi nefndarinnar form. undirbúningsnefndar, skólastjóri stýrimannaskólans, og eins og fram kemur í áliti nefndarinnar á þskj. 403, flutti nefndin nokkrar brtt., sem prentaðar eru á þskj. 408, þar sem fyrst og fremst er um orðalagsbreytingar að ræða og einnig til að gera hinar ýmsu gr. frv. ýtarlegri og gleggri.

Alger samstaða var í menntmn. hv. Ed. um afgreiðslu málsins, og samþykkti sú deild frv. með áorðnum breytingum menntmn. samhljóða.

Á fundi menntmn. þessarar hv. þd. um málið mætti skólastjóri stýrimannaskólans og skýrði frv. og svaraði fsp., og eins og fram kemur á þskj. 472, mælir nefndin einróma með því, að frv. verði samþykkt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
2.—18. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Á 71. fundi í Nd., 18. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 27 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 519).

---

25. Útvarpsrekstur ríkisins.

Á 27. fundi í Sþ., 16. febr., var útbýtt frá Ed.:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 25/1943, um breyt. á l. nr. 16/1939, um breyt. á l. nr. 68/1934, um útvarpsrekstur ríkisins [118. mál] (stjfrv., A. 239).

Á 39. fundi í Ed., 21. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Það er kunnara en frá þurfi að segja, að eftir síðustu alþingiskosningar hefur flokkaskipun á Alþ. verið þannig, að allir þingflokkar fá ekki fulltrúa í 5 manna nefndir. Í framhaldi af þessu var 1964 gerð sú breyt. á lögum um þingsköp Alþ., að í þn. var fjölgað úr 5 í 7, beinlínis í því skyni, að allir þingflokkar gætu átt sæti í þn. Nú er svo alkunna, að Alþ. kýs ýmsar utanþingsnefndir til þess að fara með stjórn ýmissa opinberra stofnana. Ein þeirra nefnda er útvarpsráð, sem frá upphafi hefur verið skipað 5 mönnum. Útvarpsráð er kosið eftir hverjar alþingiskosningar, og var það gert eftir síðustu kosningar þannig, að aðeins þrír þingflokkanna eiga sæti í útvarpsráði.

Nú er það líka kunnara en frá þurfi að segja, að fyrir dyrum stendur mikil aukning á starfsemi ríkisútvarpsins með tilkomu íslenzks sjónvarps. Með sérstakri hliðsjón af því þykir eðlilegt, að fjölgað verði í útvarpsráði í 7, þannig að allir þingflokkar eigi sæti í þessari yfirstjórn ríkisútvarpsins.

Efni þessa frv. er það eitt, að útvarpsráð skuli skipað 7 mönnum ásamt jafnmörgum varamönnum og útvarpsráð skuli, eins og hingað til, kosið á fyrsta þingi eftir hverjar alþingiskosningar. Þá skuli umboð núverandi útvarpsráðsmanna falla niður við samþykkt þessa frv. og þá þegar kjósa nýtt útvarpsráð 7 manna. Þetta er allt efni málsins, og sé ég ekki ástæðu til að skýra það nánar eða fara um það fleiri orðum og leyfi mér þess vegna, herra forseti, að leggja til, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til menntmn. með 17 shlj. atkv.

Á 58. fundi í Ed., 31. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 239, n. 405, 414).

Frsm. (Auður Auðuns): Herra forseti. Í þessu frv. felast þær breytingar frá gildandi lögum um útvarpsrekstur ríkisins, að annars vegar verði fjölgað í útvarpsráði úr fimm í sjö manns og hins vegar skuli útvarpsráði heimilt að skipta með sér verkum við undirbúning dagskrár. Um rökstuðning fyrir þessum breytingum vísast til grg. með frv.

Menntmn. hefur athugað frv. og mælir með samþykkt þess með einni breytingu, sem n. flytur till. um á þskj. 414. Sú breyting er við fyrirsögn frv., og þessa breytingu leiðir beint af 2. gr. frv., ef að lögum verður, því að í 2. gr. er lagt til, að úr gildi verði numin tvenn lög, sem í fyrirsögn frv. greinir.

Ég held, að ég sjái ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um málið, en eins og fram kemur í nál. á þskj. 405, leggur menntmn. einróma til, að frv. verði samþ. með þessari einu breytingu.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 414 (ný fyrirsögn) samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv., með fyrirsögninni:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 68/1934, um útvarpsrekstur ríkisins.

Á 59. fundi í Ed., 1. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 430).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 64. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 68. fundi í Nd., 12. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Þetta frv. er komið frá hv. Ed., þar sem það var samþ. með shlj. atkv. að fengnum meðmælum hv. menntmn. d. Í frv. felst það, að fjölgað skuli í útvarpsráði úr 5 mönnum upp í 7.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að í síðustu kosningum breyttist styrkleiki stjórnmálaflokkanna á Alþ. þannig, að einn þingflokkanna, Alþb., fékk ekki fulltrúa í 5 manna n. Ýmsum lögum um þetta efni, svo sem þingsköpum, hefur verið breytt í það horf, að allir þingflokkar eigi sæti í n., þ. e. fjölgað í 5 manna

n. upp í 7. Útvarpið er það stór stofnun og útvarpsráð það mikilvæg n., að rétt hefur þótt, að allir þingflokkar eigi sæti í útvarpsráði, en það getur ekki orðið með öðrum hætti en þeim, að fjölgað sé í útvarpsráði úr 5 upp í 7. Þykir þetta sérstaklega æskilegt með hliðsjón af því, að starfsemi ríkisútvarpsins er einmitt nú þessar vikurnar eða þessa mánuðina að aukast mjög með tilkomu íslenzks sjónvarps, og þykir eðlilegt, að allir flokkar eigi þátt í stjórn svo stórrar og umfangsmikillar menningarstofnunar sem ríkisútvarpið er, einkum og sér í lagi eftir að sjónvarpið hefur einnig tekið til starfa. Um þetta reyndist ekki vera ágreiningur í hv. Ed., og svo vona ég, að reynist ekki heldur hér í hv. Nd.

Annað smávægilegt atriði er og í þessu frv., sem ekki er í gildandi útvarpsráðsl., en það er heimild til útvarpsráðs til að skipta með sér verkum við undirbúning útvarpsdagskrár. Raunar lít ég þannig á, að útvarpsráðið hefði heimild til slíks, þó að ekki sé skýrt tekið fram í gildandi l., en rétt er að taka það skýrt fram, einkum með hliðsjón af því, sem ég gat um áðan, að íslenzkt sjónvarp mun bráðlega taka til starfa, og þá getur verið mjög heppilegt, að verkaskipting eigi sér stað innan útvarpsráðs, og það er auðveldara að koma henni við, eftir að meðlimum þess hefur verið fjölgað úr 5 upp í 7.

Að svo mæltu leyfi ég mér, herra forseti, að leggja til, að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til menntmn. með 27 shlj. atkv.

Á 70. fundi í Nd., 15. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 430, n. 467).

Frsm. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Menntmn. samþykkir frumvarpið.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Á 71. fundi í Nd., 18. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 28 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 520).

---

26. Mat á sláturafurðum.

Á 51. fundi í Nd., 7. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum [135. mál] (stjfrv., A. 284).

Á 53. fundi í Nd., 10. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér er um að ræða, gengur út á það að skapa meira hreinlæti í slátrun dýra og meðferð sláturafurða. Frv. er samið af n., sem í áttu sæti Páll A. Pálsson yfirdýralæknir, Jón Sigurðsson borgarlæknir, Jónmundur Ólafsson kjötmatsformaður og Sæmundur Friðriksson framkvæmdastjóri.

Frv. þetta gengur út á það að búa sláturhúsin betur úr garði en þau hafa verið áður og gera meðferð sláturafurðanna betri á margan hátt. Það leiðir af sjálfu sér, að eðlilegt er að endurskoða lög, sem gilt hafa um þessi efni. Þau eru frá því 1949, og kröfur um betri meðferð sláturafurða hafa orðið miklu meiri en þegar þessi lög, sem nú gilda, voru sett. En þrátt fyrir það haldast ýmis atriði gömlu laganna óbreytt, og þess vegna er þetta frv. flutt sem breyt. við gömlu lögin.

1. gr. er svo að segja óbreytt frá því, sem er í gildandi lögum, að öðru leyti en því, að geitfé og hreindýr eru tekin inn í frv., þar sem kjötskoðun er eðlileg í samræmi við annað kjöt.

Þá gengur frv. út á það að veita aukið aðhald til þess að gera sláturhúsin betur úr garði. Samkv. gildandi l. er ráðh. heimilt að veita undanþágu frá löggildingu sláturhúsa til eins árs í senn, en í hvert skipti hefur sláturleyfishöfum verið veitt áminning um það, að á næsta hausti þurfi sláturhúsið að vera komið í gott lag, þannig að það geti hlotið löggildingu. Slíkt aðhald hefur ekki verið nægjanlegt, og hefur þetta því gengið þannig árum saman, að það hefur orðið að veita undanþágu ár eftir ár, þó að sláturhúsunum hafi ekki verið komið í lag. Það hefur orðið að gera það, segi ég, vegna þess að annars hefði ekki verið hægt að slátra. En nú er gengið út frá því, að það sé ekki heimilt að veita undanþágu nema tvisvar og verði ekki eftir 2 ár búið að koma sláturhúsunum í lag, verði þeim lokað. Þetta virðist vera eðlilegt og sjálfsagt ákvæði, því að það verður vitanlega að stefna að því að gera sláturhúsin þannig úr garði, að þau svari þeim kröfum, sem eðlilegar eru um hreinlæti og meðferð sláturafurðanna.

Þá er einnig samkv. 6. gr. gert ráð fyrir því, að það sé alveg útilokað að flytja sjálfdauðar skepnur inn í sláturhús, en það hefur verið heimilt samkv. gildandi lögum. Það sýnist ekki vera ástæða til þess vegna þess, að kjöt af sjálfdauðum skepnum er áreiðanlega sjaldan notað til manneldis og ætti vitanlega aldrei að nota til manneldis, og þetta er ekki til annars en þess að bjóða hættunni heim, að vera að fara með inn í sláturhús skepnur, sem hafa orðið sjálfdauðar, ef til vill af smitandi sjúkdómi.

Þá er einnig gert ráð fyrir því að banna brottflutning á lifandi fénaði, sem á annað borð er

kominn inn í sláturhúsrétt. Það virðist vera nauðsynlegt að setja þetta ákvæði í lög. Það er m. a. til þess að girða fyrir yfirtroðslur á fyrirmælum um sauðfjárveikivarnir, enda virðist sem kaup á líflömbum úr réttum sláturhúsa séu með öllu óþörf, og reynslan hefur reyndar sýnt, að þetta getur verið varhugavert.

Ákvæði 7. og 8. gr. eru að mestu í samræmi við gildandi lög, að því undanskildu, að það er skotið inn heimild til að taka upp mat á gærum, sem er talið eðlilegt að gert verði.

9., 10. og 11. gr. fjalla um kjötmatsmenn. Það er gert ráð fyrir að fjölga um einn yfirkjötmatsmann, og það þykir einnig eðlilegt, að laun yfirkjötmatsmanna séu ákveðin í reglugerð af ráðherra.

11. og 12. gr. núgildandi laga verða felldar niður, en í staðinn kemur 12. gr. frv., þar sem ákvæði hinna gömlu greina eru nánar skýrð.

Það hefur á undanförnum árum verið allmikið að því gert að flytja kjöt og sláturafurðir um langan veg ófrosið frá sláturhúsunum á markaðsstaði eða til frystihúsa. Þetta getur heppnazt og tekizt vel, ef rétt er að öllu farið, og í kuldatíð á þetta ekki að koma að sök, en það er vitað, að það þarf mikla aðgæzlu og hreinlæti, ef þetta á ekki að koma að sök. Þess vegna er tekin inn í frv. heimild til þess að skoða sláturafurðirnar aftur, eftir að þær eru komnar á markaðsstað, ef yfirdýralæknir og heilbrigðisnefnd á viðkomandi stað óska eftir því. Þykir eðlilegt að taka þetta í lög, þar sem borið hefur á því áður, að þetta hefur komið að sök, þótt sem betur fer sé í litlum mæli.

Þá er ákvæði í frv., sem nemur úr gildi bráðabirgðaákvæði frá 1949 um það að heimila heimaslátrun, en heimaslátrun á stórgripum hefur verið samkv. þessu bráðabirgðaákvæði síðan 1949, og bændur hafa margir sótzt eftir því að hafa þessa heimild, talað um, að þeir hafi sparað sér kostnað með því að vera lausir við að flytja lifandi gripi á sláturstað. Þetta má vera. En áreiðanlegt er, að þótt margir bændur hafi aðstöðu til þess að slátra þannig, að kjötið sé forsvaranlega úr garði gert, þá eru það margir, sem vantar bæði vinnukraft og kunnáttumenn, til þess að svo megi vera. Og það eru mörg dæmi þess, að kjöt af heimaslátruðu hefur verið fellt í verði, og þá er hagnaðurinn, sem bændur hafa af því að slátra heima, orðinn lítill og áreiðanlega enginn. Það þykir rétt að afnema þetta ákvæði, og er það þá í samræmi við þá stefnu, sem í þessu frv. er í heild, þ. e. að auka hreinlæti, auka vöruvöndun og koma til móts við kröfur neytenda um aukin vörugæði, eftir því sem unnt er. Þetta er vitanlega rétt stefna. Þetta er stefna, sem framleiðendur og neytendur hljóta að geta verið sammála um. Framleiðendur vilja fá sem mest fyrir sína vöru og framleiðendur vilja áreiðanlega flestir vanda sína vöru og hafa hana þannig úr garði gerða, þegar hún kemur í hendur neytandans, að hún sé boðleg. Og þetta snertir ekki aðeins innlenda markaðinn, heldur einnig og ekki síður erlenda markaðinn, þar sem við höfum undanfarin ár flutt á erlendan markað ýmsar sláturafurðir og stefnum að því, að það geti orðið í auknum mæli.

Það, sem þetta frv. felur í sér, er því að bæta úr þeim ágöllum, sem eru á gildandi lögum um slátrun og meðferð sláturafurða, miðar að því að auka hreinlæti og vöruvöndun og uppfylla sanngjarnar kröfur um það.

Ég vil, herra forseti, leggja til, að þessu frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. landbn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til landbn. með 23 shlj. atkv.

Á 60. fundi í Nd., 28. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 284, n. 374).

Frsm. (Gunnar Gíslason): Herra forseti. Landbn. þessarar hv. d. hefur haft til afgreiðslu frv. til l. um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum. Á einum fundi n. mættu þeir yfirdýralæknir og kjötmatsformaður, og ræddi n. við þá um frv., og kom það fram í þeim umr., að mikilla umbóta er þörf í sláturhúsunum og í starfrækslu þeirra.

Með þessu frv., ef að lögum verður, er gert ráð fyrir, að numin verði úr gildi lög nr. 5 frá 1949, um kjötmat o. fl. Flest ákvæði þeirra l. eru tekin upp í þetta frv., flest óbreytt, nokkrum er þó breytt og ný ákvæði tekin upp í frv., svo sem rakið var hér við 1. umr. málsins.

Í 2. gr. l. um kjötmat o. fl. er ráðh. heimilað að leyfa til eins árs í senn slátrun í sláturhúsum, sem ekki hafa fengið löggildingu, ef brýn nauðsyn krefur, eins og það er orðað í l., en jafnframt er tekið fram í þessari sömu gr. l., að unnið skuli að því sem fyrst, að slátrað verði ekki í öðrum húsum en þeim, sem hafa fengið löggildingu. Nú eru 17 ár liðin, síðan þessi lög voru sett, en enn þá er það samt svo, að í allmörgum húsum í landinu er slátrað án þess, að þau hafi fengið löggildingu, vegna þess að eigendur þeirra hafa ekki gert þær endurbætur á húsunum, að þau hafi fengið löggildingu, og hafa þeir þó á hverju ári fengið áminningu um að ráða hér bót á. Í frv. er nú lagt til, að þessi undanþáguheimild verði ekki veitt lengur en í tvö ár eftir gildistöku l. og eftir þann tíma verði ekki leyft að starfrækja nokkur sláturhús í landinu nema þau, sem hafa fengið löggildingu. Landbn. flytur að vísu brtt. við þetta ákvæði í frv., en landbn. viðurkennir þetta sjónarmið sem rétt. Við vitum, að kröfur um meðferð sláturafurða fara stöðugt vaxandi, og það hlýtur að vera sameiginlegt áhugamál bæði framleiðenda og neytenda, að öll meðferð á þessum þýðingarmiklu matvælum, sláturafurðunum, sé eins vönduð og kostur er á. Framleiðendur vilja að sjálfsögðu fá sem hæst verð fyrir vöru sína. Það er eðlilegt sjónarmið, en þeir geta ekki búizt við því að fá það verð fyrir vöru sína, nema þeir vandi hana, að varan sé góð vara og hún flokkist vel, og neytendur eiga vissulega rétt á því, bæði neytendur innanlands ekki síður en þeir, sem kaupa þessa vöru okkar erlendis, og við vonum allir, að hún verði keypt þar í æ ríkara mæli, — þeir eiga vissulega rétt á því, að meðferð á kjötinu og sláturafurðunum sé vönduð, svo sem framast má verða, og reynt

verði að fullnægja þeim hreinlætis- og heilbrigðiskröfum, sem nútíminn gerir í þessum efnum.

Brtt. n. eru fjórar, og þær er að finna í nál. á þskj. 374. Það er í fyrsta lagi, að við leggjum til, að undanþáguheimildin verði í 3 ár, en ekki í 2, veitt til eins árs í senn. Það má að vísu segja, að þarna sé slakað á ákvæðum frv., en hitt er alveg ljóst, að það er svo mikið verk að koma ýmsum sláturhúsum í viðunandi horf, og það er svo kostnaðarsamt, að það mun ekki af veita, að þriggja ára tími sé gefinn til þess.

Það er skoðun margra, að það eigi að fækka sláturhúsum í landinu. Það er t. d. eindregin skoðun yfirdýralæknis. Það má vel vera, að þetta sé rétt. En hitt er þó ljóst, að verði farið út í það að fækka mjög sláturhúsunum, hlýtur í flestum tilfellum að eiga að stækka þau húsin, sem áfram eiga að starfa, og gera á þeim margs konar endurbætur. Þess vegna hygg ég, að þeim veiti ekki af þessum þriggja ára tíma til þess.

Við vitum, að bændur leggja mikla áherzlu á, að slátrunin geti gengið greiðlega, og þess vegna hygg ég, að það verði mjög skiptar skoðanir um, hvort það eigi að fækka sláturhúsunum. A. m. k. verður þá að gera þau, sem eiga að starfa áfram, þannig úr garði, að þau geti orðið við óskum bænda um það, að slátrun dilkanna geti gengið sem greiðlegast að haustinu. Við vitum, að þegar slátrunin dregst allt fram yfir veturnætur, hlýtur það að leiða til þess, að bændur verða fyrir miklu afurðatjóni, ég vil segja öll haust, þó ekki sízt þegar haustveðrátta er ill.

Við 3. gr. frv. er einnig brtt. frá n. Frv. gerir ráð fyrir því, að atvmrn. löggildi húsin, og við leggjum til, að þeir, sem hyggjast byggja ný sláturhús eða ætla að ráðast í meiri háttar endurbætur á hinum eldri húsum, eigi að senda rn. teikningar af húsunum eða lýsingar á þeim endurbótum, sem þeir hyggjast gera, og fá samþykki rn. fyrir teikningunum og breytingunum, en leita skal þó umsagnar yfirdýralæknis eða héraðsdýralæknis um þessi atriði.

Við leggjum einnig til, að við 4. gr. komi viðauki um það, að héraðslæknum sé gert að framkvæma skoðun á sláturhúsum það tímanlega fyrir sláturtíð, að eigendum sláturhúsanna gefist nægur frestur til þess að framkvæma þær endurbætur á húsunum, sem skoðunin gerir ráð fyrir að þurfi að gera.

Að lokum er svo smávægileg brtt. við 9. gr. Við leggjum til, að síðasti málsl. 1. málsgr. falli niður, en í frv. stendur: „Kjötmatsformaður skal hafa aðsetur í Reykjavík.“ Nefndin sá ekki beint ástæðu til þess, að það væri ákvæði í lögunum, að kjötmatsformaður ætti heima hér í höfuðborginni. Hann mun að líkindum oftast eiga aðsetur í Reykjavík, því að hér er stærstur kjötmarkaðurinn, og hann þarf að hafa samvinnu og samráð við framleiðsluráðið, en hann þarf ekki endilega að eiga heima hér í höfuðborginni, hann gæti átt heima einhvers staðar í nágrenninu, og okkur fannst ekki ástæða til þess, að það væri tekið fram í l., að hann sæti hér.

Fleiri brtt. gerum við ekki við frv. Við teljum, að hér sé um mikið nauðsynjamál að ræða, að koma þessum málum í miklu betra horf en þau eru hjá okkur. Það er hreint og beint menningarlegt atriði, að við gerum það, og getur að sjálfsögðu mjög haft áhrif á það, hvort okkur tekst, eins og við vonum, að selja dilkakjötið okkar í æ ríkara mæli út úr landinu.

Landbn. er sem sagt sammála um að mæla með samþykkt frv. með þessum breytingum, sem ég hef rakið.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Ég vil þakka hv. landbn. fyrir það, að hún hefur afgreitt þetta mál fljótt, og einnig ekki síður fyrir það, að hún er sammála. Þessar 4 brtt., sem hv. frsm. var að lýsa, það er kannske vafasamt. að þær séu til bóta. Ég er ekkert sannfærður um það, en mér sýnist, að þær spilli málinu alls ekki, og kannske eru þær til bóta, og tilgangi frv. er alveg náð, þótt þær verði felldar inn í frv. Ég get þess vegna greitt atkv. með þessum brtt. og tel það mikinn ávinning, ef frv. getur orðið að l. á þessu þingi með þeim breytingum, sem til eru lagðar.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 374,1 samþ. með 25 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 374,2 (ný 3. gr.) samþ. með 24 shlj. atkv.
— 374,3 samþ. með 26 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.
5.—8. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 374,4 samþ. með 24 shlj. atkv.
9. gr., svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv.
10.—16. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Á 61. fundi í Nd., 29. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 397).

Ragnar Jónsson: Herra forseti. Ég vildi leyfa mér að gera aths. við 4. gr., en þar stendur í síðustu mgr.: „Héraðsdýralæknir skal leitast við að framkvæma skoðun á slátur- og frystihúsum á þeim tíma, sem gefur nægan frest til úrbóta, ef þörf krefur, fyrir næstu sláturtíð.“ Það eru þessi orð „leitast við að“, ég hefði viljað leggja til, að þau yrðu felld í burtu og það stæði aðeins „skal framkvæma skoðun á slátur- og frystihúsum“. Eg hef ekki haft tækifæri til þess að leggja fram brtt., en ég vænti þess, herra forseti, að ég megi gera það nú.

Umr. frestað um sinn, en var fram haldið síðar á fundinum.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 406) leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Frsm. (Gunnar Gíslason): Herra forseti. Hv. 6. landsk. þm. (RJ) hefur flutt hér brtt. við eina þeirra brtt., sem landbn. flutti við frv. um mat á sláturafurðum og samþ. voru hér í hv. d. í gær. Mér finnst hér vera um svo litla brtt. að ræða, að ég sé ekki ástæðu til þess að vera að fresta málinu hennar vegna. Að sjálfsögðu hefur landbn. ekki tekið neina afstöðu til þessarar

till., því að hún var flutt nú á stundinni, en ég geri ekki ráð fyrir því, að landbn. hafi neitt við hana að athuga, og ég legg til, að málið verði afgreitt nú.

ATKVGR.
Brtt. 406 samþ. með 22 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 34. fundi í Sþ., 30. marz, var frv. útbýtt frá Ed. eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 409).

Á 58. fundi í Ed., 31. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Frv. þetta var flutt í Nd. og hefur fengið afgreiðslu þar með lítils háttar breyt. Frv. er flutt til þess að bæta eftirlit, meðferð og mat á sláturafurðum. Frv. miðar að því að stuðla að meira hreinlæti í meðferð þessara matvæla en áður hefur verið gert. Frv. er samið af n., sem í áttu sæti Páll A. Pálsson yfirdýralæknir, Jón Sigurðsson borgarlæknir, Jónmundur Ólafsson kjötmatsformaður og Sæmundur Friðriksson framkvæmdastjóri. Lög þau, sem farið er eftir nú, eru síðan 1949, og hefur komið í ljós, að ýmislegt í þeim l. fullnægir ekki þeim kröfum, sem almennt eru nú gerðar til sláturhúsa, kjötmats og hreinlætis í meðferð á sláturafurðum.

Samkv. 1. gr. frv. er orðið læknir í lögunum skilgreint sem dýralæknir sá, er heilbrigðisskoðun annast, eða hver sá læknir eða læknanemi, sem löggiltur hefur verið til starfsins samkv. 7. gr. laga þessara. Skal það ávallt vera dýralæknir eða maður, sem hefur fengið vottorð um það, að hann sé hæfur til þess starfs. Þá er gert ráð fyrir því, að hver undirkjötmatsmaður lúti reglum, sem yfirkjötmatsmaður setur og sér um, að verði fylgt.

Þá er í gildandi lögum ákvæði, sem veitir ráðherra heimild til þess að veita undanþágu til slátrunar til eins árs í senn, þótt sláturhúsin séu ekki þannig, að þau uppfylli kröfur, sem gera þarf, þegar þau eru löggilt. Vegna þessarar undanþáguheimildar hefur verið ákaflega erfitt að fá sláturhúsaeigendur til þess að ganga þannig frá húsunum, að þau uppfylli kröfurnar, og hafa þessar undanþáguheimildir þess vegna verið margendurteknar, en samkv. þessu frv. er ekki heimilt að veita þessar undanþágur nema tvisvar. Hv. Nd. breytti þó þessu ákvæði þannig, að það er heimilt að veita undanþáguna þrisvar, til þess að gera sláturhúsaeigendunum léttara fyrir, gefa þeim lengri tíma til þess að lagfæra og breyta því, sem nauðsynlega þarf. Þetta á sérstaklega við um minni húsin víðs vegar um landið, að það hefur verið erfitt að hafa þau þannig úr garði gerð, að þau uppfylli lágmarkskröfur um hreinlæti og meðferð afurðanna.

Þá er gert ráð fyrir því að fjölga um einn yfirkjötmatsmann. Það er gert ráð fyrir því, að laun yfirkjötmatsmanna, sem eru löngu úrelt orðin, verði ákveðin með reglugerð, sem ráðh. setur.

Þá er lagt til, að 11. og 12. gr. fyrrgreindra laga verði felldar niður, en í staðinn komi ákvæði þau, sem um getur í 12. gr. frv. Eru þau nokkuð annars eðlis en nú er gert ráð fyrir, og er rétt að skýra það nokkru nánar. Það hefur færzt mjög í vöxt hin síðari ár, að sláturafurðir séu fluttar um langan veg beint á markað innanlands, áður en þær komast í frystigeymslu, og þykir eðlilegt, að heimild sé til, ef heilbrigðisnefnd krefst þess, að það fari fram endurmat á vörunni, eftir að hún er komin á áfangastað, og það hefur oft komið fyrir, að skemmdir hafa orðið á vörunni af þessum ástæðum, lítt áberandi, og þykir þess vegna nauðsynlegt að reyna að fyrirbyggja það.

Þá hefur verið bráðabirgðaákvæði í l. síðan 1949 um það að heimila heimaslátrun á stórgripum, en nú er gert ráð fyrir að fella úr gildi þetta bráðabirgðaákvæði. Það hefur lengi staðið til að gera þetta. Þetta bráðabirgðaákvæði átti að standa upphaflega 1 eða 2 ár, en það hefur verið talið óvinsælt að fella það úr gildi, og þess vegna hefur það dregizt, og ég býst við, að það sé þannig enn, að ýmsir, sem hafa notfært sér það að slátra heima, telji nærri sér gengið með því að fella þetta ákvæði burt. En eigi að síður verður að teljast eðlilegt, að það sé gert. Það hefur einnig komið fyrir, að kjöt hefur fallið í verði, vegna þess að það hefur ekki verið meðhöndlað á réttan hátt, þegar slátrað er heima, og eitt er víst, að það getur ekki samrýmzt þeim reglum, sem nú eru settar um heilbrigði og hreinlæti, að leyfa heimaslátrun á stórgripum til sölu á venjulegum markaði. Þess vegna er nú þetta fellt í burtu, og þess ber að geta, að ef varan er felld í verði, vegna þess að hún er ekki rétt meðhöndluð, þar sem slátrað er, er vitanlega ekki um neinn hagnað né sparnað að ræða hjá bóndanum, sem á þann grip, sem slátrað er heima. Þá er betra að kosta nokkru til um flutning og komast með gripinn í sláturhús, þar sem slátrunaraðferðin er með eðlilegum hætti.

Þetta frv. skýrir sig vitanlega sjálft, og er óþarfi að vera að rekja sérstaklega hinar ýmsu greinar. Það var, eins og ég áðan sagði, gerð smávegis breyt. á frv. í Nd. Það var við 2. gr., eins og ég áðan lýsti, að í staðinn fyrir 2 ár komi 3 ár, það er frestur til að lagfæra húsin. Og við 3. gr. var gerð einnig smávegis breyt., sömuleiðis 4. gr. og 9. gr., en skipta ekki neinu verulegu máli.

Ég tel, herra forseti, að það sé ekki ástæða til að orðlengja meira um þetta frv. að svo stöddu, og legg til, að að lokinni umr. verði málinu vísað til 2. umr. og hv. landbn.

Helgi Bergs: Herra forseti. Það eru aðeins nokkur orð. Ég þarf ekki að segja mikið, vegna þess að ég er þeim breytingum, sem gert er ráð fyrir í þessu frv., samþykkur og tel, að frv. sé til mikilla bóta. En það voru örfá atriði, sem ég ýmist vildi óska skýringa hæstv. ráðh. á eða beina til n. að skoða.

Í 2. gr. segir, að sláturfénaði, sem slátra á í því augnamiði að flytja kjötið nýtt, kælt, fryst, saltað eða á annan hátt verkað á erlendan markað eða til sölu og neyzlu innanlands, skuli slátrað í löggiltum sláturhúsum og kæling og frysting kjötsins fara fram í löggiltum frystihúsum.

Hér hefur verið skotið inn í núgildandi ákvæði orðinu „kæling“, kæling skuli fara fram í löggiltum frystihúsum. Það skýtur dálítið skökku við, vegna þess að nú er víðast hvar hætt að kæla kjötið í frystihúsum, heldur farið að setja það beint í frysti, og það hefur verið gert með meðmælum kjötmatsins að láta kælingu kjötsins fara fram í upphengjum sláturhúsanna og láta það síðan fara beint í frysti. Þessi breyting, sem hér er gerð, að skjóta þessu orði inn í, vildi ég gjarnan vita, ef hæstv. ráðh. hefur þær upplýsingar á takteinum, hvort það tákni nokkra afstöðubreytingu hjá kjötmatinu í þessu efni, því að mér er kunnugt um, að frystihús, sem byggð hafa verið í seinni tíð, hafa yfirleitt ekki forkæla, heldur bara frysta.

Enn fremur hefur mönnum verið það nokkurt umhugsunarefni, hvort að því sé stefnt með þessu frv. að leyfa aðeins slátrun þar, sem frysting getur farið fram á sama stað. Að vísu kemur þetta ekki ljóst fram í 2. gr., en í grg. frv. eru setningar, sem gætu bent til þess, að að þessu ætti að stefna, og væri æskilegt að fá upplýsingar um, hve brýn nauðsyn er talin á þessu, vegna þess að það er vitað, eins og fram hefur raunar komið, að allmörg sláturhús hafa ekki aðstöðu til þess að frysta kjötið, heldur senda það til frystihúsanna einhverja vegalengd.

Í þessari sömu gr. segir, að atvmrn. löggildi sláturhús og frystihús, að fengnum meðmælum frá yfirdýralækni eða hlutaðeigandi héraðsdýralækni. Mér hefði virzt, að það væri mjög æskilegt, að það væri einn aðili, sem annaðist það að gefa þessi meðmæli til atvmrn. til þess að fá sem mesta samræmingu í þessum efnum, og hefði í rauninni talið eðlilegra, að það þyrfti meðmæli frá yfirdýralækni, heldur en það dygði, að hver einstakur héraðslæknir tæki sjálfstæða afstöðu til málsins.

Svo voru aðeins örfá orð um 12. gr. Eins og hæstv. ráðh. tók réttilega fram, tíðkast það, að kjöt sé flutt alllanga leið á markað, og kann að koma fyrir, að það sé full ástæða til þess, að það fari fram á því endurmat, þegar á markaðinn kemur. Hins vegar virðist, eins og þessi gr. er í frv., að heilbrmrn. geti krafizt þess, að skoðun fari fram í sérstöku húsnæði, sem sveitar- eða bæjarfélagið leggur til. Ég vildi beina því til þeirrar n., sem fær þetta til athugunar, að kanna, hvort hér er ekki a. m. k. í ýmsum tilfellum gert ráð fyrir, að lagt sé í óhæfilegan kostnað. Ef verið er að flytja heila farma í t. d. frystihús í Reykjavík einhvers staðar utan af landi, þá þyrfti að koma við á alveg sérstökum stað með allan farminn til þess að láta fara fram skoðun, og manni virðist, að ef aðstaða væri til þess að láta skoðunina fara fram hjá þeim aðila, sem tekur við kjötvörunni, þá væri ólíkt hagkvæmara að flytja þann mannskap til, sem á að framkvæma þessa skoðun, heldur en að flytja til allan farminn. Á þetta vildi ég aðeins benda hv. n. til íhugunar.

Að svo mæltu vil ég endurtaka það, að ég álít, að þetta frv. sé til mikilla bóta frá því, sem verið hefur, og vil taka undir það, sem hæstv. ráðh. sagði, að það væri æskilegt, að það fengi greiða meðferð, og sé ég ekki ástæðu til að hafa um það fleiri orð.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Í sambandi við athugasemdir, sem hv. 6. þm. Sunnl. var að tala um, hvort það væri gert ráð fyrir einhverjum breytingum frá því, sem hefur tíðkazt, að hér er stundum talað um kælingu og frystingu kjötsins, þá hygg ég, að svo sé ekki. En þeir, sem sömdu þetta frv., yfirdýralæknirinn, Jón Sigurðsson borgarlæknir, Jónmundur Ólafsson kjötmatsformaður og Sæmundur Friðriksson, ættu að fylgjast með því, hvernig kjötið er meðhöndlað, en í þeim frystihúsum, sem ég þekki, er forkælir, og ég geri ráð fyrir, að þeir hafi reiknað með því. En ef það nýjasta er nú að byggja frystihúsin án forkælis, sýnist vera horfið frá því í framkvæmd, þar sem því er við komið, og hætt við kælingu, og þá er það af fenginni reynslu, að það sé til bóta, og þá getur ekki verið, að hér sé verið að setja þetta orð inn til þess að fara aftur til baka í það, sem áður var. Í tilefni af þessari aths. finnst mér það vel vera athugandi að spyrja þessa menn, sem sömdu frv., um það, hvað fyrir þeim vakir með þessu. Ég staldraði ekkert við þetta orð, vegna þess að ég hef vitað, að kjötið er venjulega sett inn í forkæli, áður en það er sett í frystirúm og kassa. En sennilegt er það, að það megi hvort tveggja vera, en sjálfsagt er að spyrja um það, hvað meint er með þessu, þar sem ég hef ekki skýringar á takteinum út af því.

Þá spyr hv. 6. þm. Sunnl. um það, hvort með þessu frv. sé stefnt að því að leyfa ekki slátrun, nema þar sem frystihús er til staðar. Það er ekki stefnt að því með þessu frv., og 12. gr. eiginlega gerir ráð fyrir því, að það sé mögulegt að slátra, án þess að frystihús sé við, því að það er gert ráð fyrir, að sláturafurðirnar séu fluttar jafnvel um langan veg, og ef ekki sé vel frá öllu gengið, geti það komið fyrir, sem hefur skeð, að varan sé ekki góð, og þess vegna er gert ráð fyrir því, að það sé heimilt að heimta endurmat á vörunni. Þá finnst mér það sjálfsagt, ef til þess þarf að koma, að það sé gert á þann hátt, sem er kostnaðarminnstur fyrir þann aðila, sem í hlut á og á að borga kostnaðinn við það. Það sýnist vera alveg sjálfsagt.

Þá er það um löggildinguna. Hv. 6. þm. Sunnl. taldi eðlilegt, að það væri einn aðili eða þá yfirdýralæknir, sem gæfi meðmæli um það, hvort ætti að löggilda hús, en hér er sagt í 2. gr.: „Yfirdýralæknir eða hlutaðeigandi héraðsdýralæknir“. Þetta er eins og það er í gildandi l., alveg tekið orðrétt upp eins og það er í gildandi l. En nú er þetta strangara en þó í gildandi l. að því leyti, að þegar á að byggja sláturhús, er gert ráð fyrir, að viðkomandi sendi teikningar inn til rn. og að teiknig fái staðfestingu yfirdýralæknis eða héraðsdýralæknis, áður en hún fær löggildingu. Vitanlega er það heppilegast fyrir þann, sem ætlar að ráðast í byggingu sláturhúss, að vita fyrir fram, áður en byrjað er á byggingunni, hvort hús, sem byggt er samkv. þessari teikningu, fær löggildingu. En það er náttúrlega matsatriði, hvort það er talið eðlilegt, að það sé yfirdýralæknirinn einn, sem þarna komi við sögu, eða héraðsdýralæknirinn. Ég vil benda á, að þannig er þetta í gildandi l., og héraðsdýralæknar eiga að vera fagmenn í

þessu, eiga að vera dómbærir um það, hvort teikningin er fullnægjandi eða ekki, og það gæti verið, að þeim þætti nærri sér höggvið, ef þeir væru felldir þarna út. Ég skal ekkert segja um það, ég hef ekkert athugað það, þetta er sem sagt matsatriði. Hins vegar er sagt á öðrum stað í frv., að héraðsdýralæknar skuli hafa eftirlit með sláturhúsum undir yfirstjórn yfirdýralæknis, þannig að ég held, að það sé yfirleitt svo góð samvinna milli héraðsdýralækna og yfirdýralæknis, að þeir viti yfirleitt alltaf hverjir um aðra og héraðsdýralæknar beri ákaflega oft mál undir yfirdýralækni.

En ég vænti þess, að þetta frv. fái skjóta ferð gegnum hv. d. Ef eitthvert atriði í frv. sýnist þurfa að lagfæra, breyta til bóta, er það vitanlega sjálfsagt og hægt að gera enn, þótt það verði til þess, að málið þurfi að fara aftur til Nd. Ég skal ekki við því amast, þótt einhverri setningu í frv. verði breytt, ef það sýnist vera til bóta.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til landbn. með 14 shlj. atkv.

Á 64. fundi í Ed., 15. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 409, n. 470).

Frsm. (Sigurður Ó. Ólafsson): Herra forseti. Frv. þetta um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum, sem hér er til 2. umr., er komið frá hv. Nd. og var samþ. þar með lítils háttar breytingum. Það má eiginlega segja, að þetta frv. sé um breytingar á gildandi lögum um kjötmat o. fl., flest ákvæði þeirra l. eru tekin lítt eða ekki breytt upp í þetta frv., en þar að auki eru í frv. nokkur ákvæði ný, sem ekki eru í gildandi l. Miða þessi ákvæði að því að bæta enn frekar en áður meðferð sláturafurða og koma sláturhúsum landsins í betra horf en nú er.

Ég sé ekki ástæðu til að rekja frv. grein fyrir grein, hæstv. landbrh. gerði því glögg skil við 1. umr. hér í d., og svo eru margar greinar þess, eins og ég gat um, shlj. gildandi lögum um þetta efni. En ég vildi aðeins minnast á örfá nýmæli, sem í frv. eru.

Er þá fyrst að minnast á 2. gr. frv., sem er um sláturhús. Í 1. málsgr. 2. gr. er kveðið svo á, að öllum sláturfénaði skuli slátrað í löggiltum sláturhúsum. 2. mgr. gr. segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Ráðh. getur þó, þar sem brýn nauðsyn krefur, leyft slátrun til eins árs í senn í sláturhúsum, sem ekki eru svo úr garði gerð, að löggilding geti farið fram í þeim, ef yfirdýralæknir og hlutaðeigandi héraðsdýralæknir telja, að slátrun og meðferð sláturafurða geti tekizt þar á viðunandi hátt. Undanþágu má þó ekki veita nema í 3 ár frá gildistöku þessara laga.“

Með þessu ákvæði, að takmarka undanþáguheimildina við 3 ár, er stefnt að því, að endir verði bundinn á það vandræðaástand, sem verið hefur á þessum málum, og slátrun geti innan fárra ára farið öll fram í löggiltum sláturhúsum. Um þetta segir í grg., sem fylgir frv.: „Í gildandi l. er ráðh. heimilt að veita undanþágu til slátrunar til eins árs í senn í húsum, sem eru svo ófullkomin að gerð og búnaði, að löggilding getur ekki farið fram. Í framkvæmd hefur þetta orðið þannig, að allmörg sláturhús hafa ekki hlotið löggildingu, en þar verið slátrað árum saman í skjóli undanþáguheimildar, en lítt eða ekki hirt um endurbætur, enda mörg þessara húsa það léleg, að vart mun nú borga sig að leggja mikið fjármagn í viðgerðina. En nú er lagt til, að eigi megi veita slíkar undanþágur nema þrisvar sinnum og þá til eins árs í senn. Eftir það ber að loka sláturhúsum þessum, unz þau hafa verið lagfærð eða endurbyggð svo, að þau séu löggildingarhæf, ella verði þau lögð niður.“ Verður að segja, að þetta sé til bóta og geti bundið enda, eins og ég sagði áðan, á það ástand, sem verið hefur í þessum málum.

Ég vil aðeins minnast nokkrum orðum á ákvæði 12. gr. frv., en þar er um nýmæli að ræða. Í 12. gr. frv. segir:

„Yfirdýralæknir eða heilbrigðisnefnd, sem í hlut á, getur fyrirskipað sérstaka læknisskoðun á kjöti og slátri, enda þótt það hafi áður hlotið lögboðna heilbrigðisskoðun og merkingu. Eins má fyrirskipa gæðamat á sláturafurðum, þótt það hafi áður farið fram.“

Um þetta atriði segir í grg. frv.:

„Mjög hefur færzt í vöxt hin síðari ár, að kjöt og aðrar sláturafurðir séu fluttar um langan veg beint á markað innanlands eða í frystigeymslu fjarri sláturstað. Í sumum tilvikum geta þessir flutningar tekið alllangan tíma, og þegar hlýtt er í veðri, hafa vörur spillzt í flutningum, þó að þær hafi verið óaðfinnanlegar, þegar flutningar hófust eða þegar heilbrigðisskoðun og mat fór fram á afurðunum. Hefur þráfaldlega komið fyrir, að þurft hefur að eyða sláturafurðunum af þessum sökum, þar sem þær hafa reynzt óhæfar til manneldis, er þær bárust á markaðsstað eða geymslustað. Oft má rekja slíkar skemmdir til hirðuleysis í meðferð vörunnar og of mikils annríkis fólks í sláturtíð.“

Enn fremur segir: „Því virðist eðlilegt og raunar sjálfsagt, að sett verði í löggjöf þá, er mál þessi varðar, ákvæði, sem girt gætu fyrir þá annmarka og tjón, sem að ofan er lýst. Því er lagt til, að heimilt sé að láta fara fram endurskoðun á kjöt- og sláturafurðum, ef viðkomandi heilbrigðisnefnd eða yfirdýralæknir telur ástæðu til. Ætti það að veita nokkurt aðhald um vandvirkni og aðgæzlu þeim, er sjá um meðferð, geymslu og flutning sláturafurða.“

Um þetta er auðvitað ekki nema allt gott að segja, og þetta eru staðreyndir, sem hafa þráfaldlega komið fyrir á hverju ári í sláturtíðinni, sem öllum er kunnugt um, sem fylgjast með þessum málum.

Í 12. gr. er einnig sagt í 2. mgr.:

„Bæjar- eða sveitarfélag skal sjá fyrir fullnægjandi húsnæði til framangreindrar skoðunar á sláturafurðum gegn sanngjörnu gjaldi, er eigandi afurðanna greiðir samkv. nánari fyrirmælum rn. að fengnum till. bæjar- eða sveitarfélaga.“

Búast má þó við, að þetta yrði óþarflega erfitt í framkvæmd. Eðlilegra fyndist manni, að þetta mat, ef fram færi, yrði framkvæmt á móttöku-

stað sláturafurðanna, sölustað eða þar sem afurðirnar á að frysta. Annars yrði um tvíverknað og óþarfa fyrirhöfn að ræða. Verður að vænta, að í framkvæmd verði þetta á þann veg, að ekki valdi óþarfa erfiðleikum eða kostnaði.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða meira um frv. Það liggur ljóst fyrir og var skýrt við 1. umr., og nokkrar umr. fóru þá fram um nokkur atriði þess, en landbn. hefur rætt frv. á tveim fundum og telur, að hér sé um mikið nauðsynjamál að ræða, og leggur því einróma til, að það verði samþ. óbreytt. Einn nm., hv. 4. þm. Norðurl. e., Björn Jónsson, var ekki viðstaddur afgreiðslu málsins í nefndinni.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2.—11. gr. samþ. með 14 shlj. atkv
12 gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
13.—16. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 65. fundi í Ed., 18. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 522).

27. Meðferð opinberra mála.

Á 35. fundi í Ed., 14. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 82 21. ágúst 1961, um meðferð opinberra mála [109. mál] (stjfrv., A. 229).

Á 37. fundi í Ed., 17. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Eins og fram kemur í grg. þessa frv. til l. um breyt. á l. um meðferð opinberra mála, stendur það að nokkru leyti í sambandi við það, að dómsmrn. hefur haft til meðferðar athugun á gangi dómsmála almennt, sbr. ábendingu í ályktun Alþingis um það frá 15. maí 1964. Þá um haustið skrifaði ég öllum dómurum landsins og fór þess á leit við þá, að þeir gerðu yfirlit yfir gang dómsmála, bæði meðferð einkamála og opinberra mála. Það tók nokkurn tíma að fá inn svör og skýrslur við þessari beiðni. Dómurum voru send sérstök skýrsluform, og síðan fékk ég Sigurð Líndal hæstaréttarritara til þess að vinna úr svörunum, þegar þau bárust, og semja um það sérstaka skýrslu, og hún lá fyrir á s. l. hausti. Ég taldi samt sem áður ekki rétt að svo komnu að gera nánari grein fyrir málinu hér á þingi, vegna þess að 1964 var farið fram á það, að gerð væri grein fyrir gangi dómsmála á árunum 1961, 1962 og 1963. Ég hef svo nú ákveðið að skrifa dómurum að nýju og biðja um sams konar skýrslugerð fyrir árin 1964 og 1965 og nánari greinargerð um þau mál, sem ólokið er 1965, en þegar þær skýrslur berast, og ég hef sett þeim tímamörk um það eða mun setja til 1. maí, — ég geri ráð fyrir, að það geti gengið fyrr nú en seinast, — þá verða þessar skýrslur felldar inn í þá skýrslugerð, sem þegar er búið að gera fyrir hin 3 árin, frá 1961—63, og kemur þá til með að liggja fyrir greinargott yfirlit um meðferð dómsmála á 5 ára tímabili.

Ég hef svo hugsað mér, að unnið yrði að því í dómsmrn. að kanna, hvort ástæða væri til lagabreytinga, sem leiða mætti af ábendingum frá dómurunum eða dómsmrn. sæi ástæðu til, og hafa málið þá tilbúið, annaðhvort í því formi, að það fylgdi sem greinargerð með einhverjum lagabreytingum, ef þurfa þætti, eða að þinginu væri hreinlega gefin skýrsla um málið, þegar það kemur saman á næsta hausti.

Ég skal ekki eyða meiri tíma í þetta, en vildi aðeins gera hv. þd. grein fyrir þessari rannsókn, sem nú stendur yfir í ráðuneytinu. Það hafa engar slíkar skýrslur verið gerðar áður. Mér finnst alveg augljóst mál af þeim skýrslum, sem komnar eru fyrir fyrra þriggja ára tímabilið, að mjög miklu auðveldara er að átta sig á, í hverju tafirnar liggja, og þá væntanlega þeim till., sem til úrbóta gætu verið. Þær skal ég ekki fullyrða um að svo stöddu, það geta bæði verið að einhverju leyti lagabreytingar, þó hygg ég ekki að verulegu leyti, en miklu meira sé um framkvæmdaatriði að ræða. En það kemur betur í ljós á sínum tíma.

En þetta mál snertir vissan þátt í meðferð opinberra mála, og eins og segir í grg., hafa þær athuganir, sem þegar liggja fyrir, þótt sýna það um meðferð opinberra mála, að á því sviði séu viðfangsefni til úrbóta tiltölulega afmörkuð. En það, sem hér er fjallað um, snertir sérstaklega umferðina og reglur um þau mál, sem sprottin eru af einhverjum misfellum í umferðinni. Þau mál hafa verið mjög mikið á dagskrá að undanförnu, alveg frá s. l. hausti, út af sérstökum tilfellum m. a. og ekki síst vegna alvarlegra umferðarslysa, sem átt hafa sér stað og eiga sér allt of títt stað. Ég átti þá viðræður um það við þá embættismenn, sem hér eiga helzt hlut að máli, saksóknara, sakadómara og lögreglustjóra, að þeir könnuðu, hvort við gætum ekki þegar í stað og án nokkurra tafa gert einhverjar úrbætur á meðferð opinberra mála, sem snerta umferðina, eins og ég sagði, sem væru þá sérstaklega í því fólgnar að hraða þessum málum og þau hlytu fljótari afgreiðslu en ella. Þeir skiluðu mér svo ekki alls fyrir löngu tillögum sínum, og á þær hef ég fallizt, og það eru þær till. þessara embættismanna, sem felast í þessu lagafrv., sem hér liggur fyrir.

Það eru talin upp í grg. þrjú atriði, sem helzt sé um að ræða í þessu frv. til breytinga frá eldri lögum. Í fyrsta lagi það, að lögreglustjóra eru heimilaðar sektargerðir fyrir brot gegn umferðarlögunum, áfengislögunum og lögreglusamþykktum allt að 5000 kr. sektum. Þetta er nýmæli, að lögreglustjórum séu veittar slíkar heimildir. Sakborningi er hins vegar í sjálfsvald sett, hvort hann gengst undir sektarákvörðun

lögreglustjóra, og geri hann það, er máli hans þar með lokið, en ef hann fellst ekki á að samþykkja það, gengur málið fyrir dómstólana.

Þá vil ég einnig í þessu sambandi geta þess, að í gildandi lögum er einungis slík heimild til sektarákvörðunar fyrir lögreglumann, þann er stendur vegfaranda að broti gegn umferðarlögunum eða lögreglusamþykkt, og sektarupphæð takmörkuð við 300 kr. Hér er lagt til, að sú hámarksupphæð verði hækkuð í 1000 kr. Þessi ákvörðun um 300 kr. hámarksupphæð er, held ég, frá 1952 eða eitthvað þar um bil. En það segir í athugasemdinni, sem ég sérstaklega vil vekja athygli á: „Þess er þó ef til vill ekki að vænta, að beiting lögreglumanna á sektarheimild þessari muni verða mikið notfærð.“ Þetta gæti misskilizt, og er átt við, að hún yrði mikið notfærð um það, sem hún nú er. Hún er mikið notfærð þessi heimild, og hún mundi verða strangari að því leyti, að hámarkið, sem hún miðar við, 300 kr., færist upp í 1000 kr. Það er að vísu hámarksákvörðun.

Það kemur hins vegar fram í 2. tölulið 1. gr. veigamesta breytingin, sem felst í þessu frv., á gildandi ákvæðum, en hún er sú að heimila dómara ákvörðun allt að eins árs ökuleyfissviptingar án málshöfðunar, ef brot er skýlaust sannað og sakborningur játast undir ákvörðunina. Slík réttindasvipting hefur ekki verið heimil áður nema með dómi. Það hefur oft viljað fara svo, að menn verða staðnir að augljósum brotum í umferðinni vegna einhverra verulegra misfellna, t. d. oft vegna ölvunar, og það er orðið svo mikið af þessum málum, sérstaklega í fjölbýlinu, að það getur iðulega og hefur iðulega hent, að málin eru hreinlega ekki tekin til dóms, fyrr en kannske liðið er á annað ár frá því, að verknaðurinn átti sér stað, augljós verknaður, sem veldur því, að viðkomandi á að missa sitt ökuskírteini, svo ekur hann áfram með sínu ökuskírteini, og sviptingin er ákveðin með dómi svona löngu seinna. Þetta tel ég mjög óheilbrigt og þurfa að lagfæra.

Það er að vísu svo, að það er í umferðarlögunum ákvæði um það, að lögreglustjóra sé heimilt að svipta mann ökuleyfi til bráðabirgða, og það hefur hann stundum gert, en síðan hefur dregizt að taka ákvörðun um þessa bráðabirgðasviptingu lögreglustjóra af dómstólum, og hér í Reykjavík hefur sérstaklega verið áberandi, að það hefur verið tilhneiging til þess hjá sakadómi að taka yfirleitt ekki til greina bráðabirgðasviptingu lögreglustjóra, og skil ég ekki í, hvernig stendur á því. En það getur orðið til þess, að maður er búinn að vera sviptur með ákvörðun lögreglustjóra ökuskírteini til bráðabirgða langan tíma og er svo dæmdur í ökuleyfissviptingu og hún miðuð við það, þegar dómurinn er felldur. Þetta þarf að lagfæra, og það eru í undirbúningi till. til lagfæringar á þessu ákvæði umferðarlaganna frá umferðarlaganefnd, og ég geri ráð fyrir að leggja fyrir d. næstu daga eða upp úr helginni breyt. á umferðarl., sem snerta þetta atriði og nokkur fleiri.

Ég skal aðeins víkja að því á eftir, en minnist svo að lokum aðeins á þriðja atriðið, sem skiptir máli í frv., að þegar verið er að auka þessar heimildir til þess að ákveða sektargerðir til lögreglustjóra og einnig til að svipta menn réttindum, eru sérstök ákvæði um afskipti saksóknara ríkisins af sektargerðum lögreglustjóra og lögreglumanna, sem til þess eru fallnar að gera sektargerðirnar einfaldari í meðförum og skapa samræmi í beitingu þeirra.

Hér með er rakið aðalefni málsins, og ég hef nokkra trú á því, að þetta geti skapað þegar í stað töluverðar umbætur í meðferð þessara greina opinberra mála, sem frv. sérstaklega fjallar um. En breytingar á umferðarlögunum að öðru leyti, sem ég mun bráðlega leggja fyrir og mundu þá koma til meðferðar í somu n. í d., byggjast á bráðabirgðanál., sem ég fékk frá rannsóknarnefnd umferðarslysa, en ég átti sérstaklega með henni fund í haust, og innti hana eftir, hvað liði hennar störfum, og þá kom í ljós, að hún taldi, að hún mundi eiga fyrir höndum töluvert langan tíma til að geta lokið sínum störfum og færði fyrir því ýmis rök í sambandi við skýrslusöfnun, sem hún þyrfti að annast, o. s. frv. En ég lagði á það megináherzlu þá við nefndina, hvort hún gæti ekki tekið út úr verkefnum sínum vissa þætti og skilað bráðabirgðaáliti, svo að einhverjar umbætur gætu á grundvelli þeirra komið til framkvæmda sem allra fyrst. Þetta féllst nefndin á og sendi mér í nóvembermánuði, 10. nóv., bráðabirgðaálit og till. um vissar aðgerðir, bæði í löggjöfinni, að vísu ekki verulegar á þessu stigi málsins, en í sambandi við reglugerðir og framkvæmd, sem gætu leitt til umbóta í umferðarmálunum og stuðlað að því að forða frá slysum. Þetta nál. hefur umferðarlaganefndin svo haft til meðferðar og nú þessa dagana skilað mér álitsgerð um bráðabirgðaálit rannsóknarnefndarinnar og till. til breyt. á umferðarlögum í samræmi við það. Þegar þetta frv. verður tilbúið, væntanlega strax upp úr helginni, verður látið fylgja því, fyrir utan grg. og till. umferðarlaganefndarinnar, þetta bráðabirgðaálit rannsóknarnefndarinnar í umferðarslysum, til frekari áréttingar, frekari athugana fyrir þm. og þá þn., sem málið fær til meðferðar.

Ég vil svo nota þetta tækifæri til þess að gera hv. þd. grein fyrir því, því að það mál snertir líka umferðina, að ég hef nú skipað nefnd skv. umferðarlögunum til þess að fjalla um endurkröfurétt vátryggingarfélaga á tjónum, sem þau greiða. Um þetta voru ákvæði í umferðarlögunum og eru, en þetta hefur aldrei komizt í framkvæmd. Nú greiðir vátryggingarfélag skaða, og ég held að menn séu mjög kærulausir fyrir því, sem hafa bíla sína tryggða, það geri ekki svo mikið til, tryggingarfélagið borgar brúsann, ef þeim verður eitthvað á. En það eru heimildir í umferðarlögunum, sem ekki hafa verið notaðar, til þess að vátryggingarfélögin geti vísað slíkum málum til sérstakrar endurkröfunefndar, sem fjallar um það og til þess getur leitt, að sá, sem hefur fengið bætt tjón hjá tryggingarfélögum, getur orðið að bæta tjónið sjálfur. Þetta mundi ég halda að gæti veitt mönnum verulegt aðhald, að menn verða að gera sér grein fyrir því, að það er ekki einhlítt, að tryggingarfélögin, enda þótt bifreið sé tryggð, bæti tjón, það geti komið að því, að vátryggingarfélagið fái sinn endurkröfurétt og

krefji skv. lögum viðkomandi aðila um að borga sér aftur tjónið, sem greitt hefur verið og orðið hefur á eignum, mönnum eða öðrum verðmætum.

Ákvæðin um þessa n. eru í 73. gr. umferðarlaganna, þar sem segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Nú hefur viðurkennt vátryggingarfélag greitt bætur skv. framangreindu," — eins og þar er rakið, — „og á það þá endurkröfurétt á hendur hverjum þeim, sem valdið hefur slysi eða tjóni af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi."

Það yrði þá endurkröfunefndarinnar að meta, hvort um ásetning er að ræða eða stórkostlegt gáleysi. Við skulum nú gera, vonandi með réttu, ráð fyrir því, að það sé mjög sjaldan, sem um ásetning sé að ræða, en ég held, því miður, að það geti mjög oft, eins og þessum málum er háttað hjá okkur, verið mikið álitamál um það, hvort ekki er um stórkostlegt gáleysi að ræða hjá ýmsum þeim, sem valdið hafa tjóni.

Ráðherra á að skipa formann nefndarinnar, og ég hef skipað Birgi Ísleif Gunnarsson hdl. formann þessarar endurkröfunefndar, og mér hafa 15. febr. borizt tilnefningar í nefndina frá vátryggingarfélögunum, eins og umferðarlögin gera ráð fyrir, og tilnefningar eru komnar frá þeim öllum. Það eru Ábyrgð h/f, Almennar tryggingar h/f, Brunabótafélag Íslands, Bifreiðatrygging h/f, Hagtrygging h/f, Samvinnutryggingar, Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f, Trygging h/f, Tryggingarfélagið Heimir h/f, Vátryggingarfélagið h/f og Verzlunartryggingar h/f. Allir þessir aðilar tilnefna 1 mann í þessa nefnd. En eins og ég sagði, formann nefndarinnar tilnefnir ráðh. Svo er gert ráð fyrir því, að þriðji aðilinn í nefndinni sé fulltrúi frá samtökum bifreiðaeigenda. Og Félag ísl. bifreiðaeigenda á þar hlut að máli og hefur af sinni hálfu tilnefnt mann í nefndina. Þessari n. skulu vátryggingarfélög senda gögn, er þau hafa reist á bótagreiðslur sínar skv. lögum þessum, og nefndin kveður á um, hvort endurkröfurétti skuli beitt gegn þeim, sem talinn er eiga sök, og samkv. l. er gert ráð fyrir því, að í meðferð hvers máls taki þátt formaðurinn og tveir aðrir nefndarmenn, er hann kveður til. Skal annar þeirra vera sá, sem félag það, er hlut á að máli, hefur kjörið í nefndina, og hinn skal vera fulltrúi sá, er landssamband bifreiðaeigenda hefur tilnefnt, og það er beinlínis tekið fram, að sé slíkt landssamband ekki til, nefni Félag ísl. bifreiðaeigenda mann í nefndina, og eftir því hefur verið farið. Kostnað af störfum þessarar nefndar greiði vátryggingarfélögin eftir reglum, sem dómsmrh. setur. Og hann setur nánari reglur um starfsháttu nefndarinnar. Mönnum hefur kannske fundizt, að þetta fyrirkomulag væri ekki í alla staði sem þjálast, og því ekki enn orðið úr að framkvæma þessi ákvæði fyrr en nú, og í samræmi við það hef ég óskað eftir því við nefndina, að hún taki strax til athugunar að gera till. til ráðuneytisins um reglur um starfsháttu n., og einnig er þess óskað, þar sem nú er unnið að endurskoðun umferðarlaganna, að nefnd þessi geri till. um breytta tilhögun á skipan nefndarinnar, ef nefndin telur slíks þörf. Ég veit nú ekki, hvort nefndin mundi hafa tíma til að hafa til till. um þetta, ef þær væru einhverjar, meðan þessi mál eru til meðferðar í þinginu, frv. til breyt. á umferðarlögum, sem ég hef verið að boða, en það er þó rétt að hafa það í huga undir meðferð málsins.

Ég vildi aðeins hafa gert bæði þd. og n. grein fyrir þessari sérstöku nefndarskipun, og eins og ég sagði áðan, mun hún nú geta tekið til starfa, því að allar tilnefningar í hana eru fram komnar.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að hafa fleiri orð um þetta frv., en vil leyfa mér að leggja til, að því verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til allshn. með 14 shlj. atkv.

Á 47. fundi í Ed., 8. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 229, n. 283).

Frsm. (Friðjón Skarphéðinsson): Herra forseti. Það hefur löngum verið orð á því gert, að langur tími færi til rannsóknar og meðferðar dómsmála hér á landi, bæði einkamála og sakadómsmála. Erfitt hefur reynzt að ráða bót á þessu, þótt ærin viðleitni hafi verið sýnd til þess á undanförnum árum og áratugum. Nokkuð hefur þó áunnizt, en þess er naumast að vænta, að slíkur hraði geti orðið á afgreiðslu dómsmála og dómsmeðferð sem almenningur mundi óska. Hætt er við, að slíkur hraði gæti aðeins fengizt á kostnað vandaðrar málsmeðferðar, sem hver málsaðili á skilyrðislausan rétt á. Því er ekki að neita þó, að sum sakadómsmál eru svo einföld, að áhættulaust er, að meðferð þeirra og afgreiðsla verði með nokkru meiri hraða og einfaldari hætti en hingað til hefur tíðkazt.

Frv. þetta um breyt. á l. um meðferð opinberra mála fjallar einmitt um meðferð nokkurra minni háttar sakadómsmála og miðar að því að fá skjótari málalok en nú tíðkast og þar með að auka varnaráhrif með því, að viðurlögum sé beitt sem skemmstum tíma eftir að brot er framið. Jafnframt gæti það nokkuð minnkað álag á dómendur sakadómsmála með dálitlum vinnusparnaði.

Í aths. við frv. segir, að dómsmrh. hafi falið saksóknara ríkisins, lögreglustjóranum í Reykjavík og yfirsakadómaranum í Reykjavík að vinna með dómsmrn. að tillögugerð um þessi efni og felist till. þessara aðila í frv. Helztu breytingar, sem ætlazt er til, að gerðar verði með frv., eru þessar:

Í fyrsta lagi að heimila dómara ákvörðun allt að eins árs ökuleyfissviptingar án málshöfðunar, ef brot er skýlaust sannað og ef telja má, að refsing fari ekki fram úr sektum, ef málið gengi til dóms. Og enn fremur er það skilyrði, að sakborningur játist undir þessa ákvörðun og saksóknara sé heimilt að kæra málið til hæstaréttar, ef hann telur rangt með farið.

Í öðru lagi er gert ráð fyrir, að lögreglustjórum séu heimilaðar sektaraðgerðir fyrir brot gegn umferðarlögum, áfengislögum og lögreglusamþykktum allt að 5000 kr. sektum. Sakborningi sé í sjálfsvald sett, hvort hann gengst und-

ir slíka sektarákvörðun lögreglustjóra. Geri hann það, er máli hans þar með lokið, ella gengur málið til dóms. Í gildandi l. er einungis slík heimild til sektarákvörðunar fyrir lögreglumenn, sem standa vegfarendur að broti gegn umferðarlögum eða lögreglusamþykkt, og sektarupphæð takmörkuð við 300 kr. Sú hámarksupphæð er hækkuð í 1000 kr. í frv.

Og í þriðja lagi er í frv. ákvæði um sérstök afskipti saksóknara ríkisins af sektargerðum lögreglustjóra og lögreglumanna, þannig að saksóknari skuli láta lögreglustjórum í té skrá yfir þau brot, sem sektarheimildirnar ná til, og skuli einnig veita leiðbeiningar um sektarupphæðir fyrir hverja tegund brota.

Allshn. þessarar hv. d. hefur haft frv. til meðferðar á fundum sínum, og niðurstaða n. er sú að leggja til, að það verði samþ. með þeirri einni breyt., sem getið er í nál. á þskj. 283, en breytingin er sú, að á eftir orðinu „áfengislögum" í 2. mgr. 1. gr. komi: lögum um tilkynningu aðsetursskipta, — og mundu þau þannig hlíta sömu lögum og áfengislög og lögreglusamþykktir.

Þessi brtt. er þannig til komin, að hagstofustjóri hefur mælzt til þess við dómsmrn., að það kæmi á framfæri tilmælum hans um, að þessi breyt. yrði sett inn í frv., og hefur n. borizt erindi frá rn. um þetta, og fellst hún á þessa till. Þegar n. afgreiddi frv., var einn nm., hv. 3. þm. Norðurl. v. (ÓlJ), fjarverandi, og á hann því ekki hlut að afgreiðslu málsins í nefndinni.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Ég vil aðeins leyfa mér að þakka hv. n. fyrir afgreiðslu málsins. Það er rétt, sem frsm. tók fram, að hér er aðeins um að ræða í sambandi við þetta mál minni háttar opinber mál. En hitt er hins vegar á að líta um leið, að það er ákaflega mikill fjöldi þessara minni háttar mála, sem frv. gæti tekið til og stuðlað að skjótari meðferð þeirra og þá vonandi betri úrlausnum. Ég hef áður gert hv. d. grein fyrir því, að til undirbúnings er frekari endurskoðun í sambandi við dómsmálameðferðina í landinu. Hins vegar mun hún ekki verða afgr. frá rn. fyrr en næsta þing kemur saman og þarf enn töluverðan undirbúning.

ATKVGR.
Brtt. 283 samþ. með 17 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 49. fundi í Ed., 14. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 293).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 54. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 56. fundi í Nd., 17. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Mál þetta hefur hlotið afgreiðslu í Ed. Það hefur farið fram að tilhlutan dómsmrn. töluvert víðtæk athugun á meðferð dómsmála í landinu. Það hefur lengi verið uppi gagnrýni um, að það sé of mikill seinagangur í meðferð dómsmálanna, og á Alþ. 1964 var samþ. ályktun um að beina því til stjórnarinnar að athuga möguleika á því að hraða meðferð dómsmála. Um það, hvort seinagangur er á meðferð dómsmála eða ekki, lágu hins vegar ekki fyrir nein gögn í dómsmrn., engin „statistik" yfir þessa hluti. Ég hlutaðist þess vegna til um það haustið 1964, að dómsmrn. ritaði öllum dómurum landsins og lagði fyrir þá að gera grein fyrir, hvernig gangur dómsmála hefði verið, hvað þau hefðu verið lengi til meðferðar, dómsmál, á árunum 1961, 1962 og 1963. Það tók nokkuð langan tíma að fá svör við þessum spurningum, en þau bárust á sínum tíma til rn. og voru sundurliðuð í einkamál og opinber mál og á annan hátt, eftir því sem fyrir hafði verið lagt. Úr þessu var svo á s. l. hausti unnið, úr þessum upplýsingum, og gerðar um það skýrslur. Þær skýrslur fela í sér töluvert miklar upplýsingar um meðferð dómsmálanna í landinu.

Nú hef ég látið ráðuneytið skrifa dómurunum að nýju og biðja þá um að gera áframhaldandi skýrslur um gang málanna 1964 og 1965. Eftir að þær skýrslur hafa borizt, sem ætti að vera í vor, — ég held það hafi verið til 1. maí, sem frestur er, — þá höfum við yfirlit yfir meðferð dómsmála í landinu, bæði einkamála og opinberra mála, um 5 ára skeið. Úr þessum skýrslum er áreiðanlega hægt að lesa mjög verulegar vísbendingar um það, hvar skórinn kreppir og hvort þörf er löggjafar, sem ég reyndar geri nú ekki ráð fyrir að verði í verulega stórum mæli, eða þá bæta þurfi úr í framkvæmdinni með betri aðbúnaði að dómurum og dómaraembættunum, til þess að málin geti gengið fljótar fram, og af hvaða höfuðsökum málin dragast.

Ég mun fyrir næsta þing gera þingheimi nánari grein fyrir niðurstöðum þeirra rannsókna, sem hér hafa átt sér stað, og skal ég ekki á þessu stigi málsins fara nánar út í það. En það þótti ástæða til þess að flytja þetta frv., sem snertir vissa grein opinberra mála. Þó að það sé sannast, að yfirleitt er ekki seinagangur á, — það sýna skýrslur, að það er ekki neinn seinagangur á opinberum málum, það eru þá helzt hin stærri sakamál, sem dragast, þegar um er að ræða umfangsmiklar reikningslegar endurskoðanir, sem taka mjög langan tíma, — en fjöldi umferðarmála og ýmissa minni mála er orðinn svo gífurlega mikill, að það virðist þörf á því að skapa þeim einhvern auðveldari farveg til þess að geta gengið fljótar í gegn, og að því stefnir þetta frv.

Það eru þrjú atriði má segja, sem eru meginefni frv.

Lögreglustjórum eru heimilaðar sektargerðir fyrir brot gegn umferðarlögum, áfengislögum og lögreglusamþykktum allt að 5000 kr. sektum, og þá er sakborningi í sjálfsvald sett, hvort hann gengst undir sektarákvörðun lögreglustjóra, og ef hann gerir það, er máli hans þar með lokið, geri hann það ekki, gengur málið

fyrir dómstóla. Með þessu móti gerum við ráð fyrir, að það sé hægt að draga töluvert mikið úr þeim málum, sem fyrir dómstólana þurfa að fara, en þau fá engu að síður sína fullkomnu afgreiðslu. Þessi heimild hefur verið áður um sektargerðir, en í mjög litlum mæli. Það hafa verið heimildir til sektarákvörðunar fyrir lögreglumann, sem stendur vegfaranda að broti gegn umferðarlögum eða lögreglusamþykkt, og sektarupphæðin var þá takmörkuð við 300 kr., og sú sektarupphæð er nú hækkuð upp í 1000 kr. að hámarki í þessum lögum.

Þá er annað veigamesta atriðið eða breyting á gildandi ákvæðum í þessu frv. að heimila dómara ákvörðun allt að eins árs ökuleyfissviptingar án málshöfðunar. Það hefur ekki verið um að ræða hingað til sviptingu ökuleyfis nema með dómi. En ef brotið er skýlaust sannað og sakborningur játast undir ákvörðunina, þá er með þessu frv. heimiluð ökuleyfissvipting allt að einu ári, án þess að það gangi fyrir dóm, og verður þá með sátt á milli dómarans og viðkomandi aðila, sem fellst á að láta svipta sig ökuleyfinu í eitt ár, án þess að málið þurfi að ganga til dóms. Það er enginn vafi á því, að í fjöldamörgum tilfellum er aðilum alveg fullkomlega ljóst, að þeir vinna ekkert á því að draga málið og láta það fara til dóms, brotið er algerlega skýlaust, og í umferðarlögunum er ákvæði um það, að ef áfengismagnið er svo og svo mikið, þá verður að svipta mann ökuleyfi, ég held, að það sé 0.5‰, ef ég man rétt, og ef það er yfir 1.2‰, þá missir viðkomandi ökuleyfi a. m. k. í eitt ár, svo að þetta er aðilum ljóst. Ökumaður veit að hverju hann gengur, það er búið að standa hann að brotinu, honum er í langflestum tilfellum ljóst sjálfum, að það er skýlaust, það er búið að mæla áfengismagnið í blóðinu, og það liggur fyrir og hann veit það sjálfur, að hverju hann gengur. Ég hygg, að með þessu móti verði hægt að draga mjög mikið úr þeim fjölmörgu málum, sem hafa svo farið til dóms, svo að þau hafa beðið í dómi. Viðkomandi hefur kannske ekki verið sviptur ökuleyfinu til bráðabirgða, en heldur sínu ökuleyfi, ekur í eitt ár, á annað ár, í sumum tilfellum kannske lengur, þá loksins fellur dómur í þessu blessaða máli um það, að nú skuli hann sviptur ökuleyfi um svo og svo langan tíma. Það er út af fyrir sig mjög slæmt að geta ekki sem allra fyrst látið framkvæma þau viðurlög, sem eiga að koma fram í sambandi við misfellur í umferðinni, og þetta mundi stefna að því og einnig gera greiðari gang á afgreiðslu málanna. Það mætti segja, að málin kannske hlytu ekki þá athugun, sem þau þyrftu, með þessu móti. En það eru í frv. einnig reglur um afskipti saksóknara ríkisins af sektargerðum lögreglustjóra og lögreglumanna, sem ég vék að áðan, og eru þá ríkissaksóknara gefnar rýmri heimildir en áður til þess að grípa inn í, ef honum finnst einhverjar misfellur í framkvæmd þessara ákvæða.

Ég vil leyfa mér að vona, að þær stuðli að nokkrum umbótum í sambandi við umferðarmálin, þær breytingar, sem lagt er til að gerðar verði, og leyfi mér að leggja til, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 57. fundi í Nd., 21. marz, var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til allshn. með 23 shlj. atkv.

Á 71. fundi í Nd., 18. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 293, n. 492).

Frsm. (Birgir Finnsson): Herra forseti. Þetta frv. er komið til þessarar hv. d. frá Ed., þar sem það var afgreitt með lítils háttar breyt. Frv. er samið að tilhlutan dómsmrh. vegna ábendingar í ályktun Alþ. frá 13. maí 1964. Hafa athuganir í sambandi við frv. beinzt að því að fá upplýst, hvort á yrði talið skorta um hæfilegan hraða í meðferð dómsmálanna, og að því levti sem sú yrði niðurstaðan, að leita ráða til þess að koma fram úrbótum, eins og segir í grg. með þessu frv. Þar segir enn fremur, að athuganir, sem gerðar hafa verið á gangi og meðferð opinberra mála, þyki sýna, að á því sviði séu viðfangsefni til úrbóta tiltölulega takmörkuð. Hin stærri sakamál virðast yfirleitt hafa eðlilega, greiða og örugga meðferð fyrir dómstólum. Nauðsyn á umfangsmikilli reikningslegri endurskoðun verður þó stundum tli verulegrar tafar, en dómstólarnir hljóta að meta, hvers réttaröryggi krefst í slíkum efnum.

Þá segir enn fremur í grg. með frv. um hinn sívaxandi fjölda minni háttar mála, einkum vegna brota í umferðinni, að þar sé brýn þörf á úrbótum, bæði til þess að létta álag á dómstólunum og fá skjótari málalok fyrir sakborninga og auka á varnaráhrif refsinganna, með því að viðurlögum sé komið fram sem skemmstum tíma eftir að brot er framið.

Þeir, sem unnið hafa að samningu þessa frv. með dómsmrn., eru saksóknari ríkisins, lögreglustjórinn í Reykjavík og yfirsakadómarinn í Reykjavík, og þeir vinna áframhaldandi að tillögugerð um þetta efni, og munu þær till. koma síðar fram. En helztu breyt. á l. um meðferð opinberra mála nr. 82/1961, sem fram koma í þessu frv., eru við 112. gr. laganna og eru þessar:

Lögreglustjórum eru heimilaðar sektargerðir fyrir brot gegn umferðarlögum, áfengislögum og lögreglusamþykktum, allt að 5000 kr. sektum. Sakborningi er í sjálfsvald sett, hvort hann gengst undir sektarákvörðun lögreglustjóra. Geri hann það, er máli hans þar með lokið. Geri hann það ekki, gengur málið fyrir dómstóla. Í gildandi lögum er einungis slík heimild til sektarákvörðunar fyrir lögreglumann þann, er stendur vegfaranda að broti gegn umferðarlögum eða lögreglusamþykkt, og sektarupphæð takmörkuð við 300 kr. Sú hámarksupphæð er að vísu í frv. hækkuð í 1000 kr. Þess er þó e. t. v. ekki að vænta, að beiting lögreglumanna á sektarheim-

ild þessari muni verða mikið notfærð. Hins vegar eru raunhæfari möguleikar á, að hagnýtt verði heimild lögreglustjóra til sektarákvörðunar, til verulegs léttis fyrir dómstólana.

Önnur veigamesta breyt. frv. á gildandi ákvæðum er sú að heimila dómara ákvörðun allt að eins árs ökuleyfissviptingar án málshöfðunar, ef brot er skýlaust sannað. Með þessari heimild er talið, að verulegum hluta mála vegna ölvunar við akstur bifreiða muni verða lokið á mun einfaldari og fljótlegri hátt en nú er mögulegur, til mikils léttis fyrir dómstólana, þar sem þessi mál eru nú langstærsti flokkur opinberra mála, sem lokið er með dómi. Verður ekki séð, segir í grg., að réttaröryggi sé hætt með þessari breyt., þar sem þessi meðferð skal aðeins heimil, ef brot er skýlaust og sakborningur játast undir ákvörðun, enda saksóknara heimilt að kæra málið til hæstaréttar, ef hann telur rangt með farið, sbr. síðustu mgr. gr., en svo sem áður um ræðir í 5. mgr., skal senda skrá um öll slík mál til saksóknara. Skv. 5. mgr. 81. gr. umferðarl., nr. 26 2. maí 1958, skal svipting ökuleyfis, eða réttar til að öðlast það, gerð með dómi. Til samræmis við þessar breytingar þarf að gera till. um breyt. á því lagaákvæði í frv. til breyt. á umferðarlögum.

Þriðja breyt., sem felst í frv., er sú að setja reglur um afskipti saksóknara ríkisins af sektarðgerðum lögreglustjóra og lögreglumanna, sem til þess eru fallnar að gera sektargerðirnar einfaldari í meðförum og skapa samræmi í beitingu þeirra.

Allshn. hefur farið yfir þetta frv. og leggur einróma til, að það verði samþykkt óbreytt.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 72. fundi í Nd., 19. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. visað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Á 73. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 23 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 532).

---

28. Ferðamál.

Á 30. fundi í Sþ., 9. marz, var útbýtt frá Nd.:

Frv. til l. um breyt. á l. um ferðamál, nr. 29 30. apríl 1964 [142. mál] (stjfrv., A. 298).

Á 54. fundi í Nd., 14. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 55. fundi í Nd., 15. marz, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Frv. þetta er breyt. á l. um ferðamál, nr. 29 20. apríl 1964. Með frv. er lagt til, að í stað orðanna „allt að 20 millj. kr." í 2. mgr. 27. gr. l. komi: allt að 40 millj. kr. Samkv. núgildandi l. er ríkisábyrgðarheimild og lántökuheimild fyrir 20 millj. kr., en lán hefur verið tekið að upphæð 13 millj. Ríkisstjórnin telur nauðsynlegt að útvega ferðamálasjóði 10 millj. kr. á þessu ári, og vantar þá 3 millj. kr. til þess, að lántökuheimildin, sem nú er í gildi, nægi. Þar sem vitað er, að nauðsyn ber til að halda áfram að afla ferðamálasjóði fjár, þykir eðlilegt að hækka heimildina að þessu sinni upp í 40 millj. kr., þannig að það gangi þá af 17 millj. kr. frá því, sem notað verður á þessu ári.

Síðan lög um ferðamál, ferðamálaráð og ferðamálasjóð tóku gildi 1964, hefur ferðamálaráð starfað og úthlutað lánum, eftir því sem fé hefur verið til. Úthlutað hefur verið lánum að upphæð 11 millj. 370 þús. kr. af þeim 13 millj., sem teknar hafa verið að láni. Lánin hafa verið veitt til margra aðila, og þótt ekki sé um hærri upphæð að ræða en þetta, er vitað, að það hefur komið sér vel og orðið til þess að bæta úr móttökuskilyrðum fyrir ferðamenn víðs vegar um landið. En margar umsóknir liggja fyrir hjá ferðamálaráði til úrlausnar, sem ekki hefur enn verið unnt að sinna. Og það er vitað, að verkefnin eru mörg. Það er víða, sem þarf að bæta úr gistihúsaskorti úti um land, og það er víða, sem þarf að bæta skilyrði til veitinga- og greiðasölu. Og þetta er því meiri nauðsyn sem ferðamannastraumurinn verður nú meiri með hverju árinu sem líður. Ferðamálaráð gerir till. til samgmrn. um það, hverjum skuli veita lánin, og hefur enn sem komið er verið farið alveg eftir till. ráðsins. Búnaðarbankinn hefur vörzlu ferðamálasjóðs og kynnir sér veðhæfi fyrir lánunum, og á að vera tryggt, að ekki sé lánað nema gegn tryggu veði.

Ég tel ekki ástæðu til að hafa þessi orð að þessu sinni fleiri um þetta frv., en vænti þess, að það fái greiða leið gegnum hv. Alþingi.

Herra forseti. Ég legg til, að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til 2. umr. og hv. samgmn.

ATKVGR.
Frv. visað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til samgmn. með 26 shlj. atkv.

Á 60. fundi í Nd., 28. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 298, n. 371).

Frsm. (Sigurður Bjarnason): Herra forseti. Samgöngumn. hefur rætt þetta mál og leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt. En efni þess er það, að lagt er til, að lántöku- og ábyrgðarheimild ferðamálasjóðs verði hækkuð úr 20 millj. kr. í 40 millj. kr. Mikil eftirspurn er eftir lánsfé úr sjóðnum og því talið nauðsynlegt að afla honum aukinna lánsheimilda og þar með starfsfjár.

Í starfsskýrslu ferðamálasjóðs, sem nær fram

til síðustu áramóta, er frá því skýrt, að frá því að ferðamálaráð tók til starfa og til nýliðinna áramóta hafi borizt umsóknir um lán úr ferðamálasjóði frá 48 aðilum víðs vegar að á landinu. Enn þá liggja ekki fyrir frá öllum lánbeiðendum áætlanir um kostnað við fyrirhugaðar framkvæmdir. Hins vegar er samanlögð upphæð lánbeiðna frá þeim, sem þegar hafa lagt fram formlegar lánbeiðnir, rúmlega 30 millj. kr. Að auki hafa nokkrir aðilar rætt við ferðamálaráð um lánamöguleika, án þess að enn liggi fyrir formlegar lánbeiðnir.

Á starfstíma sínum hefur ferðamálaráð gert till. til samgmrh. um lánaupphæð 15 millj. 120 þús. kr., en aðilar, sem mælt er með, eru 20 talsins og eru þeir í öllum landshlutum.

Samkv. framansögðu leggur samgmn. hv. þd. til, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Á 61. fundi í Nd., 29. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 62. fundi í Nd., 31. marz, var frv. aftur tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 58. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 59. fundi í Nd., 1. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 60. fundi í Nd., 4. apríl, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Frv. til l. um breyt. á l. um ferðamál. nr. 29 30. apríl 1964, var lagt fyrir hv. Nd., og hefur málið fengið afgreiðslu þar. Það, sem gert er ráð fyrir að fá lögfest með frv. þessu, er að auka ábyrgðarheimild fyrir ferðamálasjóð úr 20 millj. í 40 millj. kr.

Sjóðurinn hefur tekið að láni 13 millj. kr., og við síðustu áramót hafði verið lánað 11 millj. 370 þús. kr. til margra aðila víðs vegar um landið. Gert er ráð fyrir að afla ferðamálasjóði 10 millj. kr. láns á þessu ári, og vantar þá 3 millj. kr., til þess að heimildin nægi. En þar sem gert er ráð fyrir, að það þurfi einnig að útvega ferðamálasjóði lánsfé á næsta ári, þykir eðlilegt að hafa lánsheimildina ríflega, úr því að breyta þarf lögunum hvort sem er.

Síðan ferðamálasjóður tók til starfa árið 1964 og ferðamálaráð, hefur sjóðurinn innt af höndum, eins og áður segir, ýmsar lánveitingar til lagfæringar á gisti- og veitingahúsnæði víðs vegar um landið. Ferðamálaráð hefur sérstaklega kynnt sér ástand veitinga- og gistihúsamála, og það hefur komið í ljós, að víða er mikil þörf á breytingu til batnaðar. Ráðinn hefur verið sérstakur maður skv. lögum til þess að hafa eftirlit með gistihúsa- og veitingarekstri. Þessi maður hefur ferðazt um og safnað skýrslum og gögnum um þessa starfsemi, og með auknum ferðamannastraumi út um landið verður þarna sérstaklega þörf á úrbótum, en allar úrbætur kosta fé, og er enginn vafi á því, að ferðamálasjóður gerir og mun gera mikið gagn og því meira sem fjárráð hans verða betri.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fjölyrða um þetta mál á þessu stigi, geri ráð fyrir, að allir hv. þdm. líti sömu augum á þetta mál, og legg til, að málinu verði að lokinni þessari 1. umr. vísað til 2. umr. og hv. samgmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til samgmn. með 14 shlj. atkv.

Á 65. og 66. fundi í Ed., 18. og 19. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 67. fundi í Ed., 22. apríl, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 298, n. 489).

Frsm. (Jón Þorsteinsson): Herra forseti. Frv. þetta gengur út á það eitt að auka lántökuheimild ferðamálasjóðs úr 20 millj. kr. í 40 millj. Eins og kemur fram í grg. með þessu frv., er mikil eftirspurn eftir lánum úr þessum sjóði, og það er gert ráð fyrir því, að á yfirstandandi ári þurfi að veita lán úr sjóðnum, sem geri það nauðsynlegt fyrir sjóðinn að auka lántökuheimildina umfram 20 millj. eða upp í 23 millj., en þá er auðvitað skynsamlegt, þar sem lántökuheimildirnar í gildandi l. eru ekki nægar, að fara nokkuð ríflega í sakirnar, svo að ekki þurfi alltaf að vera að leita til Alþingis, kannske á hverju ári eða annað hvert ár, og þess vegna er í þessu frv. lagt til, eins og ég gat um áðan, að lántökuheimildin verði tvöfölduð eða úr 20 millj. í 40 millj.

Samgmn. fékk þetta frv. til athugunar, og mælir n. með samþykkt frv. Ég vil taka það fram, vegna þess að það vantar nafn eins nefndarmanns undir nál., þ. e. Biartmars Guðmundssonar, hv. 8. landsk. þm., að hann var viðstaddur, þegar þetta mál var afgreitt úr n., en þegar gengið var frá nál., var hann farinn norður í land og varamaður hafði þá ekki tekið sæti hans á Alþingi, þannig að hann var, eins og við aðrir nefndarmennirnir, samþykkur því að mæla með þessu frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 15 shlj. atkv
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 69. fundi í Ed., 23. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 570).

29. Síldarleitarskip.

Á 61. fundi í Ed., 5. apríl, var útbýtt:
Frv. til l. um smíði síldarleitarskips og um síldargjald [182. mál] (stjfrv., A. 449).

Á 62. fundi í Ed., 12. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Fyrir þjóð, sem byggir afkomu sína að meginhluta á fiskveiðum, verður að teljast bæði nauðsynlegt og sjálfsagt, að lagt sé í töluverðan kostnað vegna vísindalegra rannsókna á öllu lífi í hafinu umhverfis landið. Á þessum vettvangi sem svo víða annars staðar skortir okkur um langt skeið vel menntað og þjálfað starfslið. Nú hefur málum svo skipazt, að álitlegur fjöldi karla og kvenna hefur helgað fiskifræðinni og fiskirannsóknum starfskrafta sína, þótt enn væri þörf fyrir fleiri. Telja verður einnig, að aðbúnaður þessarar þjóðarnauðsynlegu starfsemi í landi hafi nú verið sæmilega tryggður með hinni fullkomnu og glæsilegu byggingu að Skúlagötu 4 hér í borg. Því miður verður það sama ekki sagt um fiskirannsóknirnar á sjálfu hafinu, en með sérstökum velvilja landhelgisgæzlunnar og starfsfólks hennar hefur verið stuðzt við afnot af skipum gæzlunnar til brýnustu rannsóknarstarfa undanfarin ár. Hefur nánast gegnt furðu, hver árangur hefur af því starfi orðið, þegar hliðsjón er af því höfð, að skipin eru hugsuð og byggð til allt annarra og óskyldra starfa og sum þeirra nú komin allverulega til ára sinna.

Til úrbóta á þessum vanda hefur nú um langt skeið verið unnið að undirbúningi að útboði á smíði sérstaks hafrannsóknarskips, og hefur samkv. ákvæðum í l. um útflutningsgjald safnazt nokkurt fé til smíðinnar, og mun smíðin nú boðin út á allra næstu vikum. Með tilkomu þessa skips verður að vænta þess, að náðst hafi einn stærsti áfangi í fiski- og hafrannsóknarmálum á Íslandi. En þrátt fyrir umræddа framþróun þessara mála hefur mönnum verið ljós nauðsyn þess, að meira yrði að gert. Af þeim, sem kunnugastir eru þessum málum, er fullyrt, að þrátt fyrir tilkomu fiski- og hafrannsóknarskips mundi þörfum síldarflotans fyrir síldarleit ekki verða fullnægt, þar sem slík skip gætu ekki bundið sig þeim störfum í jafnlangan tíma ársins og síldveiðar eru nú stundaðar.

Fengin er 13 ára reynsla af skipulagðri síldarleit, en hún hófst árið 1954. Samkv. þeirri reynslu, sem þegar er fengin, mun enginn draga í efa þörfina fyrir áframhaldandi síldarleit. Þróun síldveiðanna á s. l. árum styður þessar niðurstöður manna e. t. v. gleggst og sannar, svo að vart verður um villzt, að brýn þörf er fyrir síldarleit á stærri svæðum en fyrr og nú samfellt allt árið um kring. Samkv. aflaskýrslum síðustu ára hefur orðið slík gerbreyting á afla landsmanna á s. l. 7 árum, að byltingu nálgast. Á 10—15 árum fyrir árið 1959 var bolfiskaflinn, þorskur, ýsa og hliðstæðar tegundir, aðaluppistaða í afla landsmanna. Á því ári aflast hins vegar 183 þús. tonn af síld. En það magn lækkar örlítið árið eftir, niður í 135 þús. tonn, en vex síðan jafnt og þétt til s. l. árs upp í 801 þús. tonn. Fram skal þó tekið, að í umræddum tölum er einnig loðnuafli. Til þess að gera sér ljósa grein fyrir þeirri gerbreytingu, sem á sér stað á þessum árum, skal þess getið, að hlutdeild síldarafla í heildaraflamagni ársins 1959 er 32.3% á móti 67.2% þorskafla. Á s. l. ári snýst þetta hlutfall svo gersamlega við, að þá er síldarafli og loðna orðin 68.8% af heildaraflamagninu, en þorskaflinn 30.9%. Til enn frekari skýringar skal þess getið, sem varpar skýru ljósi á vandamál togaraútgerðarinnar sérstaklega, að á árinu 1959 er þorskafli á vélbátum 225 þús. lestir, en á sama ári er allur afli togaranna 156 þús. lestir. Þrem árum síðar, eða árið 1962, hefur þorskafli vélbátanna aukizt upp í 300 þús. lestir, en afli togaranna lækkað niður í 50 þús. lestir. Hina stórfelldu aukningu síldaraflans í útflutningsverðmæti þjóðarinnar þakka skipstjórnarmenn og sjómenn almennt hinni stórauknu tækni, sem orðið hefur með stækkun skipanna og öllum búnaði þeirra. Þannig fæst nú með tilkomu nýrri og betri veiðitækja og veiðarfæra veiði, sem fyrir örfáum árum hefði verið útilokað að ná. Auk þessa hefur burðarmagn og veiðihæfni skipanna verið margfaldað með tilkomu 240—360 lesta veiðiskipanna s. l. ár, og vald skipstjórnarmanna á hinni nýju tækni hefur aukizt og þróazt jafnt og þétt. Í landi hafa bræðsluafköst síldarverksmiðjanna á árunum 1958—1965 aukizt úr 70840 málum á sólarhring í 120250 mál á sólarhring. Þrátt fyrir tiltölulega þröng veiðisvæði og að síldin hefur staðið djúpt, eins og sjómenn segja, hefur hin nýja tækni bætt veiðiaðstöðu skipanna til stórra muna, en á sama árabili hefur þróarrými verksmiðjanna einnig aukizt úr 400 þús. málum í 700 þús. mál. Á margnefndu árabili eykst heildarafli landsmanna úr 400 þús. smál. í 1 millj. 90 þús. smál. á s. l. ári þrátt fyrir minnkandi bolfisksveiðar. Þessi rúmlega tvöföldun aflamagnsins á 7 árum er því óvefengjanlega öflugum síldargöngum og stórlega bættum aðstæðum við veiði og vinnslu aflans í landi að þakka.

Þrátt fyrir framangreindar staðreyndir mundu allir, sem þekkja vel til á þessum veiðum, vilja bæta enn einu atriði inn í forsendurnar fyrir hinum mikla síldarafla, en það er sú ómetanlega aðstoð, sem síldarleitin á sjó hefur veitt veiðiflotanum. Þar hafa margir aflamenn átt hlut að giftudrjúgum árangri. Ég hygg, að á engan verði hallað, þótt viðurkennt sé, að kunnasta nafnið í þeim hópi manna sé nafn Jakobs Jakobssonar fiskifræðings. Tilkoma þessa frv. er í senn viðurkenning á brýnni þörf síldarleitarinnar, byggt á órækri reynslu af störfum hennar s. l. 13 ár, og því um leið viðurkenning á starfi þeirra einstaklinga, er að leitinni hafa unnið á þessum tíma. Skal nú í sem stytztu máli rakin forsaga frv., sem um leið skýrir efni þess.

Jakob Jakobsson fiskifræðingur reit sjútvmrn. bréf hinn 8. sept. s. l. og fór fram á það við rn., að það heimilaði smíði nýs leitarskips þegar á árinu 1966. Í framhaldi af því áttu sér stað bréfaskipti og viðræður milli sjútvmrn. og Jakobs Jakobssonar fiskifræðings um smíði síld-

arleitarskips. Fól rn. Jakob að gera athugun og um leið leita tilboða um smíði á slíku skipi. Óskaði rn. eftir upplýsingum um kostnað, þ. e. sundurliðað verðtilboð, svo og afgreiðslufrest og að kannaðir yrðu möguleikar á að fá till. að fyrirkomulagsteikningum af slíku skipi. Þá er að geta þess, að á aðalfundi Landssambands ísl. útvegsmanna, sem haldinn var í Reykjavík dagana 25.—27. nóv. s. l., skýrði ég frá þessari málaleitan Jakobs í ræðu á fundinum, en það var í lok fundarins í tilefni af till. um smíði síldarleitarskips, en till. var svo hljóðandi:

„Fundurinn bendir á, að starfsaðstaða Jakobs Jakobssonar fiskifræðings við stjórn síldarleitarinnar er á engan hátt viðunandi vegna vöntunar á hentugu skipi. Þar sem ekki liggur fyrir, að hið opinbera hafi tryggt fé til kaupa á hentugu síldarleitarskipi, samþykkir fundurinn að fela stjórn samtakanna að vinna að því, að fjár verði aflað til kaupa á nýju skipi, sem afhent verði hinu opinbera til rekstrar. Skipið verði byggt eftir fyrirsögn Jakobs Jakobssonar, fjárins verði aflað með því, að tekið verði ¼% af aflaverðmæti síldveiðiflotans og kaupendur síldarinnar greiði jafnhátt framlag og útvegsmenn og sjómenn. Fundurinn felur stjórn Landssambands ísl. útvegsmanna að vinna að því að fá samstöðu hjá samtökum sjómanna og síldarkaupenda um þetta mál, og að því fengnu óski hún eftir því við ríkisstj. og Alþ., að lög verði sett um innheimtu á andvirði skipsins, en það gjald standi þó eigi lengur en þar til kaupverð skipsins er að fullu greitt. Miðað við, að síldarleitarskipið kosti um 30 millj.", — ég skal skjóta því hér inn í, að nú er talið nokkuð ljóst, að slíkt skip muni vart fáanlegt með öllum nauðsynlegum búnaði undir 35—40 millj. kr., — „og aflabrögð verði ekki lakari en 2 s. l. sumur, mundi skipið verða greitt að fullu á 7—8 árum." — En þetta er miðað við 30 millj. kr. verð. — „Með þessari samþykkt vill aðalfundur Landssambands ísl. útvegsmanna sýna í verki viðurkenningu á frábæru starfi Jakobs Jakobssonar við síldarleitina." Með því að till. þessi, er samþ. var á aðalfundi Landssambands ísl. útvegsmanna, gerir ráð fyrir, að bæði sjómenn og síldarkaupendur taki þátt í greiðslu síldarleitarskipsins, sendi stjórn Landssambandsins till. til umsagnar hinum ýmsu hagsmunasamtökum þerira. Svar barst frá sex samtökum og mæltu fimm með efni till., en aðeins ein voru á móti. Eftir að bréfaskriftir höfðu farið fram á milli Landssambands ísl. útvegsmanna og sjútvmrn. um mál þetta, skipaði sjútvmrh. hinn 25. marz s. l. 5 menn í n., er hafa skyldi það hlutverk að taka ákvarðanir um smíði og kaup á síldarleitarskipi og semja uppkast að frv. til l. um innheimtu ¼% gjalds af aflaverðmæti síldveiðiflotans ásamt jafnháu gjaldi frá kaupendum síldarinnar. Í n. eiga sæti m. a. þrír menn tilnefndir af Landssambandi ísl. útvegsmanna, þar af einn tilnefndur af samtökum sjómanna og annar af síldarkaupendum. Í n. á einnig sæti Jakob Jakobsson fiskifræðingur, sem kjörinn var formaður nefndarinnar.

Eins og áður segir, fól sjútvmrh. Jakob Jakobssyni í nóv. s. l. að rannsaka möguleika á smíði síldarleitarskips og fá verðtilboð og fyrirkomulagsteikningar af því. Jakob hefur síðar unnið að þessu máli og aflað upplýsinga. N. sú, sem fyrr er frá greint og skipuð var hinn 25. marz s. l. af sjútvmrh., hefur nú tekið við öllum upplýsingum, sem Jakob Jakobsson hefur aflað, og heldur áfram starfinu. Nefndin hefur og samið lagafrv. það, sem hér er nú til umr. Sú viðurkenning, sem felst í því, að sex hagsmunasamtök, sem til var leitað, fallast á og óska beinlínis eftir að greiða það gjald, sem felst í 3. gr. frv., á sér áreiðanlega fáar hliðstæður. Eigi að síður er það staðreynd í þessu máli og ætti að auðvelda framgang þess.

Umfram þær skýringar, sem ég nú hef gefið, leyfi ég mér, herra forseti, að vísa til grg. frv. um efni hinna einstöku greina þess, en tel að öðru leyti óþarft að ræða þær, svo skýrar sem þær eru og efni þeirra augljóst.

Herra forseti. Ég legg til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til sjútvn. með 13 shlj. atkv.

Á 65. fundi í Ed., 18. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 449, n. 498).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Frsm. (Jón Árnason): Herra forseti. Frv. það, sem hér um ræðir, sem er stjórnarfrv., felur það í sér að heimila ríkisstj. að gera samninga um smíði á síldarleitarskipi, sem er að stærð allt að 500 brúttórúmlestir, og jafnframt heimilast ríkisstj. samkv. frv. að taka lán til greiðslu á andvirði skipsins. Þá er enn fremur samkv. 2. gr. frv. kveðið á um það, að leggja skuli gjald á síld og síldarafurðir, sem fluttar eru til útlanda. Skal gjald þetta nema 0.3% af fob.-verði útflutts síldarmjöls og síldarlýsis, en 0.2% af fob.-verði annarra síldarafurða. Þær tekjur, sem þannig aflast, fara síðan til greiðslu á síldarleitarskipinu.

Hér er vafalítið um mjög merkilegt mál að ræða, og var það einróma álit sjútvn. að mæla með því, að frv. verði samþ. óbreytt.

Eins og fram kemur í grg. fyrir frv., eru nú um 13 ár, síðan skipulögð síldarleit á sjó hófst hér við land og því komin allmikil reynsla á þessa starfsemi. Ég ætla, að fáar ráðstafanir af hálfu hins opinbera í þágu atvinnuveganna og þá í þágu sjávarútvegsins í þessu sambandi hafi verið jafngiftudrjúgar og síldarleitin hefur reynzt íslenzkum síldarútvegi. Í upphafi síldarleitarinnar var aðallega stuðzt við síldarleit úr lofti með flugvélum, en það var á meðan síldveiðarnar byggðust svo að segja eingöngu á að veiða þá síld, sem óð ofansjávar, og var þá auðveldast að finna síldina með þessum hætti, að fljúga yfir veiðisvæðin og vísa þá síldveiðiflotanum á þá staði, þar sem síldin héldi sig á hverjum tíma. Á síðari árum hefur hér orðið gjörbreyting á með hinum fullkomnu síldarleitartækjum, sem nú er völ á, þar sem möguleikar eru á því að finna síldarmagnið neðansjávar, og hefur átt sér stað bylting í þessum efnum. Það er engum vafa undirorpið, að það

er fyrst og fremst tilkomu þessarar nýju tækni að þakka, hve góðum árangri íslenzki síldveiðiflotinn hefur náð í aflamagni á undanförnum árum. Eftir að síldarleitin færðist í það horf, að hún er nær eingöngu starfrækt á skipum, hefur það lengst af háð starfseminni, að ekki hafa verið fyrir hendi nægilega góð skip og vel útbúin til afnota fyrir okkar góðu sérfræðinga, til þess að störf þeirra gætu borið sem beztan árangur. En allt fyrir það hefur síldarleitin undir forustu hins ágæta fiskifræðings Jakobs Jakobssonar náð undraverðum árangri og skapað landsmönnum öllum hin miklu verðmæti, sem síldveiðiflotinn hefur fært í þjóðarbúið á undanförnum árum. Með tilkomu hins fullkomna síldarleitarskips, sem frv. þetta heimilar ríkisstj. að gera samning um smíði á, er þess að vænta, að hér verði bót á ráðin. Þá mætti ætla, að með tilkomu þess sé einnig skapað aðstaða til þess að halda uppi stöðugri síldarleit árið um kring, en á því tel ég, að sé hin mesta þörf.

Á undanförnum árum hefur síldarleitin að mestu leyti verið bundin við Norður- og Austurlandið. Hins vegar vitum við, að síldveiði hefur verið stunduð að mjög miklu leyti sum árin hér við suðvesturströndina. Það hefur verið ónægja á meðal sjómanna og útgerðarmanna með, hvað hægt hefur verið að sinna lítið síldarleitinni hér við ströndina og fylgjast lítið með göngum síldarinnar, en á því er áþyggilega mikil nauðsyn, að slík síldarleit verði einnig aukin hér við suðurströndina. Síldarsöltun og frysting síldar hefur verið stunduð í svo stórum stíl hér sum ár, að það hefur bókstaflega bætt upp að nokkru leyti það tjón, sem átt hefur sér stað í síldarleysisárum fyrir norðan og austan, og okkur er kunnugt um það, að þegar ekki var hægt að salta nema mjög óverulegt magn upp í samninga, sem gerðir voru, af Norður- og Austurlandssíldinni, þá var sum árin hægt að salta hér og bæta nokkuð upp í það skarð, því að þá nam síldarsöltunin sum árin hér allt að 130—140 þús. tunnum. Það segir sig því sjálft, að það skiptir miklu máli, að það sé hægt að fylgjast með síldargöngum hér við Suðvesturlandið, þó að það sé verulega meira magn, sem hefur aflazt við Norður- og Austurlandið flest ár. Með tilkomu þessa nýja skips ætti að skapast möguleiki til þess að veita meiri aðstoð í þessum efnum síldveiðiflotanum hér við suðvesturströndina, því að á þeim tímum, þegar hér er helzt að vænta síldar, bæði á haustin og snemma á vorin, þegar vorsíldartíminn er, þá ættu að vera möguleikar til þess að nýta þennan skipakost.

Ég vil því, herra forseti, leyfa mér að mæla með því, að frv. þetta verði samþ. óbreytt, eins og það liggur hér fyrir, og því verði að þessari umr. lokinni vísað til 3. umr.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2.—6. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 66. fundi í Ed., 19. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 72. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 75. fundi í Nd., 22. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér er nú tekið til umr., er hingað komið eftir mjög skjóta afgreiðslu Ed. á málinu, þar sem það var samþ. með shlj. atkv.

Svo sem kunnugt er, hefur með sérstökum velvilja landhelgisgæzlunnar og starfsfólks hennar verið stuðzt við afnot af skipum hennar til brýnustu rannsóknarstarfa í þágu sjávarútvegsins. Nánast hefur gegnt furðu, hver árangur hefur af því starfi orðið, þegar hliðsjón er af því höfð, að skipin eru hugsuð og byggð til allt annarra og óskyldra starfa. Tilkoma þessa frv. er í senn viðurkenning á brýnni þörf síldarleitarinnar, sem byggð er á órækri reynslu af störfum hennar s. l. 13 ár, og því um leið viðurkenning á starfi þeirra einstaklinga, er að leitinni hafa unnið á þessum tíma. Skal nú í sem stytztu máli rakin forsaga frv., sem um leið skýrir efni þess.

Jakob Jakobsson fiskifræðingur reit sjútvmrn. bréf 8. sept. s. l. og fór fram á það við rn., að það heimilaði smíði nýs síldarleitarskips þegar á árinu 1966. Í framhaldi af því áttu sér stað bréfaskipti og viðræður milli rn. og Jakobs Jakobssonar um smíði síldarleitarskips. Fól rn. Jakob að gera athugun og leita tilboða um smíði á slíku skipi. Óskaði rn. eftir upplýsingum um kostnað, þ. e. sundurliðuð verðtilboð, svo og afgreiðslufrest og að kannaðir yrðu möguleikar á að fá till. að fyrirkomulagsteikningum af slíku skipi. Þá er að geta þess, að á aðalfundi Landssambands ísl. útvegsmanna, sem haldinn var í Reykjavík dagana 25.—27. nóv., var samþ. till. um smíði síldarleitarskips, svo hljóðandi:

„Fundurinn bendir á, að starfsaðstaða Jakobs Jakobssonar fiskifræðings við stjórn síldarleitarinnar er á engan hátt viðunandi vegna vöntunar á hentugu skipi. Þar sem ekki liggur fyrir, að hið opinbera hafi tryggt fé til kaupa á hentugu síldarleitarskipi, samþykkir fundurinn að fela stjórn samtakanna að vinna að því, að fiár verði aflað til kaupa á nýju skipi, sem afhent verði hinu opinbera til rekstrar. Skipið verði byggt eftir fyrirsögn Jakobs Jakobssonar, fiárins verði aflað með því, að tekið verði ¼% gjald af aflaverðmæti síldveiðiflotans og kaupendur síldarinnar greiði jafnhátt framlag og útvegsmenn og sjómenn. Fundurinn felur stjórn Landssambands ísl. útvegsmanna að vinna að því að fá samstöðu hjá samtökum sjómanna og síldarkaupenda um þetta mál, og að því fengnu óski hún eftir því við ríkisstj. og Alþ., að lög verði sett um innheimtu á andvirði skipsins, en það gjald standi þó eigi lengur en þar til kaupverð skipsins er að fullu greitt."

Miðað við, að síldarleitarskipið kosti 30 millj.

kr., en þær hugmyndir munu hafa verið uppi og lauslegar áætlanir, þegar þessi umrædda till. var afgreidd á aðalfundi L. Í. Ú., þykir mér rétt að taka það fram, að nú þegar þykir ljóst, að skipið muni vart kosta undir 37—40 millj. kr. Og miðað við aflabrögð síðustu tveggja ára, sem að vísu eru sérstök í sinni röð hvað aflamagn snertir, mætti ætla, að andvirði skipsins yrði greitt á um það bil 8 árum.

„Með þessari samþykkt vill aðalfundur L. Í. Ú.," segir í lok till., „sýna í verki viðurkenningu á frábæru starfi Jakobs Jakobssonar við síldarleitina."

Með því að till. þessi, sem samþ. var á umræddum aðalfundi landssambandsins, gerir ráð fyrir, að bæði sjómenn og síldarkaupendur taki þátt í greiðslu síldarleitarskipsins, sendi stjórn Landssambandsins till. til umsagnar hinum ýmsu hagsmunasamtökum þeirra, og svar barst frá 6 samtökum og mæltu 5 með efni till., en ein samtökin voru á móti.

Eins og áður segir, fól rn. Jakob í nóv. s. l. að rannsaka möguleika á smíði síldarleitarskips og fá verðtilboð og fyrirkomulagsteikningar af því. Jakob hefur síðan unnið að þessu máli og aflað mikilvægra upplýsinga um smíði skipsins. Þann 25. marz s. l. skipaði sjútvmrh. 5 manna n. frá hlutaðeigandi samtökum, og var Jakob jafnframt skipaður formaður þessarar n., til þess að semja og ganga frá lagafrv. því, sem nú er hér til umr.

Sú viðurkenning, sem felst í því, að 6 hagsmunasamtök, sem til var leitað, fallast á og óska beinlínis eftir því að greiða það gjald, sem felst í 3. gr. frv., á sér áreiðanlega fáar hliðstæður. Eigi að síður er það staðreynd í þessu máli og ætti að auðvelda ágreiningslausan framgang málsins.

Umfram þær skýringar, sem ég nú hef gefið, leyfi ég mér, herra forseti, að vísa til grg. frv. um efni hinna einstöku gr. þess og tel óþarft að ræða þær sérstaklega, svo skýrar sem þær eru og efni þeirra augljóst.

Herra forseti. Ég óska þess, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

Jón Skaftason: Herra forseti. Ég vil lýsa ánægju minni með fram komið frv. um kaup á síldarleitarskipi. Þau eru nú orðin allmörg árin, síðan baráttan var hafin fyrir því í samtökum sjómanna og útvegsmanna, að ríkið beitti sér fyrir kaupum á hentugu skipi, einu eða fleirum, er annaðist síldarleit kringum landið sem mestan hluta úr árinu. Það mun, að ég held, í fyrsta skipti vera með l. frá 1958 um útflutningssjóð, að samþ. var fastur tekjustofn, sem renna átti til smíði á síldarleitarskipi. Þessi tekjustofn var að vísu ekki mjög stór, en gaf þó venjulegast árlega á milli 1 og 2 millj. kr. í sjóð, sem geymdur var til þessara þarfa. Mönnum fannst mörgum, áhugamönnum um þetta mál, ganga grátlega seint um allar framkvæmdir í þessum efnum, og þær munu ófáar samþykktirnar frá samtökum sjómanna og útvegsmanna, þar sem áskorunum er beint til ríkisvaldsins um að hraða aðgerðum í þessum efnum og hefja byggingu síldarleitarskips.

Hér á Alþ. hef ég ásamt ýmsum öðrum fleiri þm. Framsfl. flutt í 4 ár þáltill. um kaup á síldarleitarskipi, einu eða tveim. Ég minnist þess, að í umr. um þetta mál fyrir tveim árum, að ég held, upplýsti hæstv. sjútvmrh., að þá mundu vera til í byggingarsjóði þessa skips um 11—12 millj. kr. Á þeim tíma mun hafa verið talið af þeim mönnum, sem bezt þekktu inn á þetta mál, að sæmilega útbúið síldarleitarskip kostaði þá í kringum 25—30 millj. kr., og þótti mörgum einkennilegur sá dráttur, að ekki skyldi þykja mögulegt að ráðast í þessar framkvæmdir og ákveða annaðhvort kaup á hentugu skipi eða ráðast í byggingu hentugs skips með allt að helming kostnaðarverðs í reiðufé. Þessi seinagangur í undirbúningi málsins hefur, eins og ég gat um áðan, verið eðlilega mjög gagnrýndur af þeim, sem mest hafa þarna átt undir. Mönnum hefur fundizt það einkennilegt, að þjóð sem Íslendingar, sem nálega eingöngu verður að treysta á sjávarafla um öflun gjaldeyris, skyldi ekki hafa efni á því að leggja til nokkra tugi millj. kr. til þess að sinna jafnbrýnu verkefni og bygging síldarleitarskips er fyrir síldveiðiflotann.

Það mun hafa verið, að ég hygg, á árinu 1960, að lokið var teikningu og undirbúningi að smíði síldarleitarskips, og hugðu menn þá, að loksins yrði úr framkvæmdum. En einhverra hluta vegna varð ekki í þetta ráðizt þá og málið féll niður og því ekki sinnt af hálfu hæstv. ríkisstj., svo að vitanlegt væri, um nokkurra ára bil. Það má því segja, að sá kraftur, sem nú hleypur í málið, sé til kominn vegna þeirrar samþykktar, sem hæstv. ráðh. var hér að geta um áðan og gerð var á aðalfundi Landssambands ísl. útvegsmanna dagana 25.—27. nóv. á s. l. ári, en þá var samþ., eins og hæstv. ráðh. upplýsti, að útvegsmenn gengjust fríviljugir undir að greiða af aflaverðmæti sínu ákveðið prósentugjald til þess að hraða framkvæmd málsins.

Ég vona nú, þegar frv. þetta er fram komið hér í hv. d., að þá verði ekki lengri dráttur á því, að hafizt verði handa um framkvæmdir í þessu efni. Drátturinn er þegar orðinn nógu langur og þeim til lítils sóma, sem fyrir þessu máli standa og hefðu raunar fyrir mörgum árum átt að vera búnir að hrinda því í framkvæmd.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Mér þykir leitt að þurfa að leiðrétta þá ræðu hjá hv. 4. þm. Reykn., sem hann var hér að halda, en hann hefur áður sýnt sig áhugasaman um smíði hafrannsóknarskips. En ég fæ ekki betur séð af þeim lögum, sem hann vitnaði til, en hér sé um algeran misskilning að ræða af hans hendi. Síldarleitarskip og hafrannsóknarskip í þessu tilfelli eru alveg aðskilin mál, og það, sem 10. gr. umræddra laga, sem hann vitnaði til, segir um þetta efni, er svo hljóðandi:

„Útflutningsgjald af íslenzkum sjávarafurðum samkv. 1. gr. l. nr. 66 frá 1957 skal innheimt með 65% álagi. Álag þetta renni til Fiskveiðasjóðs Íslands að 11/13 hlutum, til fiskimálasjóðs að 1/13 hluta og að 1/13 hluta til haf- og fiskirannsóknaskips, er ríkisstj. lætur byggja í samráði við fiskideild atvinnudeildar Háskóla Íslands."

Nú hefur í öllum umr. fiskifræðinganna og þá ekki sízt Jakobs Jakobssonar verið lögð á það megináherzla og í vaxandi mæli á undanförnum árum að aðskilja þessa tvenns konar starfsemi fiskirannsóknanna og nánast væri útilokað að hafa nema að örlitlu leyti það skip, sem til síldarleitar færi og síldarrannsókna, í þágu almennra hafrannsókna kringum landið. Þess vegna hefur á það verið lögð áherzla bæði af útvegsmönnum og öðrum, að sérstakt síldarleitarskip yrði smíðað, og það er sú niðurstaða, sem ég vitnaði til áðan í minni framsöguræðu, sem fram kom í samþykkt L. Í. Ú. Það er einmitt gert á þeirri forsendu, að þrátt fyrir tilkomu hafrannsóknaskipsins, sem umrædd lög gera ráð fyrir, muni það ekki fullnægja síldarleitinni. Þess vegna er lagt til, að sérstakt síldarleitarskip sé smíðað, og eins og kom fram einnig í minni framsögu, var það á þeim forsendum af hálfu útgerðarmanna og sjómanna, að nauðsynlegt sé, að síldarleit standi nú yfir árið um kring. Það er því alger misskilningur hjá hv. þm., að hér sé um eitt og sama málið að ræða. Útboðslýsingar, sem nú er verið að ganga endanlega frá varðandi hafrannsóknaskipið, munu verða birtar nú innan örfárra vikna, og er smíði þessa skips, sem umrætt frv. gerir ráð fyrir, algerlega óviðkomandi og nánast lítt skyld mál.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til sjútvn. með 30 shlj. atkv.

Á 25. fundi í Nd., 25. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 449, n. 565).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Frsm. (Birgir Finnsson): Herra forseti. Sjútvn. mælir einróma með því, að þetta frv. verði samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
2.—6. gr. samþ. með 22 shlj. atkv
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Á 78. fundi í Nd., 26. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 27 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 598).

---

30. Stofnlánadeild verzlunarfyrirtækja.

Á 31. fundi í Sþ., 16. marz, var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um Stofnlánadeild verzlunarfyrirtækja (verzlunarlánasjóð) [154. mál] (stjfrv., A. 327).

Á 57. fundi í Nd., 21. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Af hálfu kaupsýslumanna og samtaka þeirra og af hálfu Verzlunarbanka Íslands h/f hafa verið uppi óskir um það, að komið yrði á fót stofnlánadeild fyrir verzlunina, þ. e. stofnlánadeild eða stofnlánasjóði, sem hefði það sérstaka hlutverk að lána til bygginga í þágu verzlunar og viðskipta, með líkum hætti og til eru stofnlánasjóðir, sem hafa það verkefni að lána til framkvæmda á sviði sjávarútvegs, landbúnaðar og iðnaðar. Ríkisstj. barst fyrir nokkru málaleitun frá Verzlunarbanka Íslands h/f um að flytja þetta frv., sem nú hefur verið lagt fyrir þessa hv. d., um Stofnlánadeild verzlunarfyrirtækja eða verzlunarlánasjóð. Frv. er ætlað að vera eins konar hliðstæða við iðnlánasjóðinn, en gildandi lög um hann eru nr. 45 frá 1963. Samt er sá mikli munur á þessu frv. og gildandi l. um t. d. iðnlánasjóðinn, að Verzlunarbankinn óskar ekki ríkisábyrgðar í sambandi við stofnun þessa verzlunarlánasjóðs og ekki heldur neins konar fjárhagslegrar fyrirgreiðslu ríkisvaldsins, engrar styrkveitingar eða annarrar fyrirgreiðslu. Verzlunarbankinn er einkastofnun, og væri að sjálfsögðu ekki eðlilegt, að ríkið tæki neina ábyrgð á sig í sambandi við skuldbindingar hans, né heldur að slíkt einkafyrirtæki væri beinlínis styrkt af opinberu fé. Þess vegna er gert ráð fyrir því, að það fé, sem stofnlánadeildin fær til umráða, komi beinlínis sem framlag frá Verzlunarbanka Íslands h/f eða þá, eins og frv. gerir ráð fyrir, að Verzlunarbankanum verði heimilt að afla sérstaklega fjár til þessarar nýju stofnlánadeildar. Henni er ætlað að hafa sérstakar fjárreiður og hafa sérstakt bókhald og hafa sjálfstæða fjárábyrgð, en stofnlánadeildin verður hins vegar hluti af Verzlunarbanka Íslands og undir sömu stjórn og hann.
Ríkisstj. hefur talið eðlilegt að stuðla að því, að Verzlunarbankinn geti með þeim ráðstöfunum, sem þetta frv. gerir ráð fyrir, ef að lögum verður, aukið stuðning sinn við verzlun og viðskipti í landinu með því að auka lánveitingar til bygginga í þágu verzlunarinnar, en það hefur verið bagalegt, að engin sérstök stofnun hefur talið það verkefni sitt að veita lán til bygginga í þágu verzlunar og viðskipta. Þessu frv. er ætlað að bæta úr þeirri þörf.
Að svo mæltu leyfi ég mér, herra forseti, að leggja til, að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

Umr. (atkvgr.) frestað.
Á 58. fundi í Nd., 22. marz, var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 33 shlj. atkv. og til fjhn. með 33 shlj. atkv.

Á 69. fundi í Nd., 14. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 327, n. 462).
Enginn tók til máls.

Umr. (atkvgr.) frestað.
Á 70. fundi í Nd., 15. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2.—14. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Á 71. fundi í Nd., 18. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 65. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 66. fundi í Ed., 19. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Þetta frv. er komið úr hv. Nd. og var þar samþ. með shlj. atkv. að fengnum shlj. meðmælum hv. fjhn. deildarinnar.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að um langt skeið hafa starfað stofnlánadeildir í þágu höfuðatvinnuveganna, landbúnaðar, sjávarútvegs og iðnaðar. En verzlunarstéttin, kaupsýslustéttin, hefur ekki átt kost á stofnlánum hjá stofnun, sem hafi haft það sérstaka hlutverk að veita stofnlán í þágu verzlunarrekstrar landsmanna. Þessu frv. er ætlað að bæta úr þessu. Um það hafa verið uppi mjög almennar og að mínu viti alveg eðlilegar óskir af hálfu kaupsýslumanna, að slíkri stofnun verði komið á fót. Að sjálfsögðu er ekki síður þörf á fjárfestingu í þágu verzlunar en hinna annarra höfuðatvinnuvega landsmanna og þess vegna öldungis eðlilegt, að slíkri fjárfestingarlánastofnun eða slíkum stofnlánasjóði verði komið á fót. Einkum og sér í lagi er þetta eðlilegt, eftir að verzlunarmenn hafa sjálfir komið á fót sérstökum banka til þess að sinna rekstrarfjárþörf verzlunarinnar, Verzlunarbanka Íslands h/f.

Þetta frv. gerir ráð fyrir því, að Verzlunarbanka Íslands h/f verði heimilað að koma á fót innan sinna vébanda, ef svo mætti segja, sérstakri stofnlánadeild, sem hafi það sem höfuðverkefni að sinna lánbeiðnum til fjárfestingar í þágu verzlunarrekstrar. Þetta frv. er sniðið eftir þeim öðrum lögum, sem gilda um stofnlánasjóði eða stofnlánadeildir, og er aðalfyrirmyndin nýjustu lögin um iðnlánasjóð frá 1963. Hér er samt á sá veigamikli munur, að ekki er óskað eftir neins konar ríkisábyrgð, enda er Verzlunarbanki Íslands h/f einkafyrirtæki. Er gert ráð fyrir því, að stofnlánadeildin verði sjálfstæð deild í Verzlunarbankanum með sjálfstæða fjárhagsábyrgð, sérstakar fjárreiður og sjálfstætt bókhald. Tengsl við Verzlunarbankann eru hins vegar alveg skýr. Stjórn bankans er jafnframt stjórn stofnlánadeildarinnar og tekur ákvarðanir um lán úr deildinni. Stofnlánadeildin er til húsa í bankanum og nýtur fyrirgreiðslu hans í hvívetna. Fjárhagsgrundvöllur stofnlánadeildarinnar er hugsaður þannig, að Verzlunarbanki Íslands h/f sjálfur leggi árlega fram stofnfé, og jafnframt er heimilað, að deildin afli sér stofnfjár með sölu vaxtabréfa og enn fremur öðrum lánum, eins og nánar er kveðið á um í 3. gr. frv. Þetta vona ég, að nægi til skýringar á málinu, og vona, að hér í hv. Ed. verði eins og í hv. Nd., að málið nái fram að ganga án nokkurs ágreinings.

Að svo mæltu leyfi ég mér að leggja til, herra forseti, að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til fjhn. með 15 shlj. atkv.

Á 69. fundi í Ed., 23. apríl, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 71. fundi í Ed., 25. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 327, n. 534).

Frsm. (Sveinn Guðmundsson): Herra forseti. Frv. til l. um stofnlánadeild verzlunarfyrirtækja, 154. mál Nd., hefur verið til umsagnar hjá fjhn. N. hefur orðið sammála um að mæla með frv. Frv. gefur Verzlunarbanka Íslands h/f rétt til að stofna sérstakan verzlunarlánasjóð innan Verzlunarbankans, sem er sérstaklega ætlað að aðstoða verzlunarfyrirtæki við byggingu eða endurbyggingu verzlunarhúsnæðis.

Verzlunarbanki Íslands h/f er stofnaður samkv. heimild í l. nr. 46 frá 1960. Samkv. þeim l. var ábyrgðarmönnum Verzlunarsparisjóðsins heimilað að beita sér fyrir stofnun hlutafélags til bankarekstrar, er jafnframt yfirtaki alla starfsemi Verzlunarsparisjóðsins, en hann hóf starfsemi sína á árinu 1956 og náði þegar í byrjun góðum árangri í starfsemi sinni. Það má segja, að með stofnun Verzlunarbankans hafi rætzt gamall draumur margra kaupsýslu- og verzlunarmanna um, að verzlunarstéttin ætti eigin banka. Er það raunar sams konar þróun og átt hefur sér stað með öðrum þjóðum, nema hvað hér gerist það miklu síðar en annars staðar, og liggja til þess ýmsar ástæður. Hins vegar hefur það sannazt þann skamma tíma, sem bankinn hefur starfað, að fullkominn grundvöllur var fyrir bankann og brýn nauðsyn, að hann yrði stofnaður. Máli mínu til stuðnings vil ég benda á, að innistæður í Verzlunarsparisjóðnum námu 160 millj. kr., þegar Verzlunarbankinn yfirtók starfsemi hans á öndverðu ári 1961, en innistæður námu í lok síðasta árs 545 millj. kr., og voru heildarútlán bankans þá 429 millj. Hinn öri vöxtur Verzlunarbankans sýnir betur en nokkuð annað, hve mikil gróska hefur verið í allri starfsemi verzlunar hin síðari ár.

Nú hafa forráðamenn bankans uppi áætlanir um stofnun sérstakrar stofnlánadeildar við bankann, svo sem fram kemur í frv. þessu. Er þar gert ráð fyrir, að bankanum sé heimilt að stofna sérstaka deild, verzlunarlánasjóð, er hafi það að meginmarkmiði að veita verzlunarfyrirtækjum stofnlán. Er hér um algera nýjung að ræða, því að enn hafa verzlunarfyrirtæki ekki haft aðgang að neinum sérstökum sjóðum til stofnlána, en í flestum tilfellum hafa þau orðið að skerða rekstrarfé sitt, þegar þau hafa ráðizt í endurbætur eða uppbyggingu. Samkv. 3. gr. frv. er gert ráð fyrir, að Verzlunarbankinn leggi fram árlegt gjald til verzlunarlánasjóðs.

Skal það gjald ekki vera lægra en 2 millj. á ári fyrstu 5 árin, sem sjóðurinn starfar. Ekki er gert ráð fyrir, að sjóðnum berist annað ákveðið fé, en gert er þó ráð fyrir, að sjóðurinn hafi heimild til þess að gefa út bankavaxtabréf, svo og heimild til lántöku til endurlána. Hins vegar er ekki gert ráð fyrir fjárhagslegri fyrirgreiðslu ríkisvaldsins eða ríkisábyrgð.

Verzlunarstéttin leggur mikla áherzlu á, að frv. þetta nái fram að ganga, en það ætti að geta orðið mikilvægt til stuðnings því, að verzlunarfyrirtæki byggist meira upp í nútímahorf og veiti landsmönnum betri og ódýrari þjónustu. Er þess vænzt, að hv. þdm. veiti þessu frv. um verzlunarlánasjóð stuðning.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2.—14. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 72. fundi í Ed., 26. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 600).

---

31. Almennur frídagur 1. maí.

Á 60. fundi í Ed., 4. apríl, var útbýtt:
Frv. til l. um almennan frídag 1. maí [181. mál] (stjfrv., A. 443).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 61. fundi í Ed., 5. apríl, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Frv. þetta er ekki mikið að vöxtum eða efnislega flókið. Um langt árabil barðist íslenzk verkalýðshreyfing fyrir því að fá hátíðisdag sinn, 1. maí, viðurkenndan sem almennan frídag í samningum, en án árangurs. Um síðir tókst þó að fá umrædda viðurkenningu, og kemur nú engum til hugar að brjóta þá hefð, sem um daginn hefur skapazt. Opinber viðurkenning eða lagaleg staðfesting hefur hins vegar til þessa ekki fengizt á því, að 1. maí skuli vera almennur frídagur þjóðarinnar.

Um þessar mundir eru merkileg tímamót í sögu verkalýðshreyfingarinnar á Íslandi, þegar heildarsamtök A. S. Í. hafa lokið hálfrar aldar starfi. Í tilefni þessara merku tímamóta verkalýðssamtakanna ákvað ríkisstj. að leggja þetta frv. fyrir Alþ. til lagalegrar staðfestingar á þessu atriði í baráttusögu verkalýðssamtakanna í þágu þjóðfélagsins í heild á liðnum 50 ára starfstíma.

Ég vænti þess, að frv. fái greiðan framgang hér í hv. þd. og að um það þurfi ekki að vera deilur. Það er till. mín, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. heilbr.- og félmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 14 shlj. atkv.

Á 63. fundi í Ed., 14. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 443, n. 465).

Frsm. (Friðjón Skarphéðinsson): Herra forseti. Frv. þetta, sem er stjfrv., er flutt til efnda á fyrirheiti, sem ríkisstj. gaf á sínum tíma stjórn A. S. Í. á 50 ára afmæli Alþýðusambandsins um, að 1. maí skuli vera almennur frídagur ár hvert. Heilbr.- og félmn. hefur fjallað um frv. og samþykkir að mæla með því, að það verði samþ. 3 nm. voru ekki viðstaddir afgreiðslu málsins í n., eins og getið er í nál. á þskj. 465.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Á 64. fundi í Ed., 15. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13 atkv. og afgr. til Nd.

Á 70. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3 umr. þar.
Á 71. fundi í Nd., 18. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

Umr. (atkvgr.) frestað.
Á 72. fundi í Nd., 18. apríl, var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 21 shlj. atkv

---

Á 78. fundi í Nd., 26. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 443, n. 575).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 28 shlj. atkv.

Frsm. (Sigfús J. Johnsen): Herra forseti. Í framkvæmd hefur 1. maí mörg s. l. ár verið viðurkenndur sem almennur frídagur. Opinber viðurkenning eða lagaleg staðfesting hefur hins vegar ekki fengizt til þessa þrátt fyrir áratuga baráttu íslenzkrar verkalýðshreyfingar fyrir því að fá í samningum sínum viðurkenningu fyrir löggildingu dagsins. Í virðingar- og viðurkenningarskyni fyrir starf samtakanna á liðnum árum er þetta mál fram komið. Hv. heilbr.- og félmn. hefur fjallað um málið og mælir einróma með því, að það verði samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 27 shlj atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 28 shlj. atkv.

Á 79. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 602).

---

32. Lántaka vegna vega- og flugvallargerða.

Á 1. fundi í Sþ., 11. okt., var útbýtt frá Ed.:
Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til lántöku vegna vega- og flugvallargerða [3. mál] (stjfrv., A. 3).

Á 3. fundi í Ed., 14. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, er til staðfestingar brbl., sem sett voru nú í sumar, þar sem ríkisstj. var heimilað að taka lán vegna vega- og flugvallargerða.

Það kom í ljós við nánari athugun, eftir að Alþ. lauk störfum, að ekki mundu vera fyrir hendi nægilegar lántökuheimildir, annars vegar í sambandi við Keflavíkurveg og hins vegar í sambandi við vegagerðir á Vestfjörðum, vegna láns þess, sem ákveðið hafði verið að taka hjá viðreisnarsjóði Evrópuráðsins. Samtals námu þessar fjárhæðir, sem um var að ræða, milli 50 og 60 millj. kr., og eru brbl. við það miðuð. Sérstakar heimildir höfðu ekki verið veittar í l. vegna lántöku hjá viðreisnarsjóðnum, að öðru leyti en því, að í fjárl. var veitt almenn heimild til lántöku vegna flugvallargerða, og var hægt að nota þá heimild í sambandi við flugvallargerðirnar á Vestfjörðum, og notuð voru hin almennu ákvæði hafnarlaga til þeirrar lántöku, sem átti að renna til hafnargerðanna. Lántaka vegna veganna var hins vegar ekki fyrir hendi. Vegna Keflavíkurvegar höfðu safnazt fyrir allverulegar lausaskuldir, sem nauðsynlegt var að breyta í lán, og var um þær fjárhæðir að ræða í sambandi við heimildina, að því er varðar Keflavíkurveginn.

Ég tel ekki, herra forseti, nema frekara tilefni gefist til, ástæðu til frekari skýringa á frv., en legg til, að því verði að þessari umr. lokinni vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að gera þá aths. í sambandi við þetta mál, að það hefði verið í alla staði eðlilegra, að lántökuheimildar þessarar hefði verið leitað fyrir fram á Alþ. og hún fengin með almennum lögum í stað brbl. Og ég vil bæta því við, að til þess var fullt tilefni, vegna þess að Alþ. fjallaði á síðustu dögum um heimild til lántöku vegna vegamála. Ég hygg, að það hafi verið 11. maí s. l., sem samþ. voru hér á Alþ. lög um lántökuheimild fyrir ríkisstj. til tiltekinna vegagerða. Og meðal þeirra lána, sem þar voru heimiluð, var lántaka vegna Reykjanesbrautar eða Keflavíkurvegar, um 115 millj. rúml., ef ég man rétt. Líka má geta þess í þessu sambandi, af því að hér er um að ræða lántökuheimild vegna samgöngubóta eða til vegagerða á Vestfjörðum, að einmitt þá var felld till. um það að veita heimild til lántöku vegna vegagerðar í Árneshreppi. En sá vegur hefur nú, góðu heilli, skilst mér, verið lagður fyrir lánsfé, og er það náttúrlega góðra gjalda vert. En þegar þess er gætt, hefði verið eðlilegra, að þessar lántökuheimildir, sem þarna er um að tefla, hefðu verið athugaðar betur og hefðu þá verið hafðar það rúmar, til þess að þeirra hefði verið aflað á Alþ. í sambandi við þau lög, sem um þetta voru sett á sínum tíma. Þó að það sé sagt, að það hafi ekki verið vitað þá, að tiltekin lán mundu fást, er það vitaskuld ekkert svar, því að þarna er aðeins um heimild að ræða og eðlilegt, að stjórnin aflaði sér fyrir fram með atbeina Alþ. þeirra heimilda, sem hún taldi, að til mála gæti komið að nota.

Þetta vildi ég nú gera aths. við og þá því fremur, að hér stendur nokkuð sérstaklega á, vegna þess að í vegal. eru settar ákveðnar reglur um vegáætlun. Og í vegal. segir um vegáætlun í 11. gr., að um nýbyggingar skal vera sundurliðuð áætlun um heildarkostnað hvers mannvirkis, kostnað þess á öllu áætlunartímabilinu og á hverju ári þess. Og í 10. gr. sömu laga segir: „Skal áætlunin annars vegar gera grein fyrir þeim framkvæmdum, sem fyrirhugaðar eru á tímabilinu, en hins vegar þeirri fjáröflun, sem gert er ráð fyrir þeirra vegna.“ Og í 16. gr. vegal. segir: „Heimilt skal ráðh. að ákveða, að fengnum meðmælum vegamálastjóra, að ráðizt skuli í framkvæmdir, sem ekki er gert ráð fyrir í vegáætlun, ef til hefur komið tjón á vegum, t. d. vegna vatnavaxta, eldgosa eða annarra náttúruhamfara.“

Í samræmi við þessi ákvæði vegl. eru ákvæði síðustu vegáætlunar um framkvæmdir þær, sem fyrirhugað er að afla lánsfjár til, og þ. á m. er í vegáætluninni á bls. 12 tekið sérstaklega fram um Reykjanesbraut, og þar er gert ráð fyrir hennar vegna á þessu ári 62½ millj., ef ég man rétt. Á þetta vildi ég benda vegna þess, að það er augljóst, að ef farið er inn á þessa braut, sem er mörkuð í þessu frv., er opnuð leiðin til þess að gera vegáætlun gagnslitla, vil ég segja. Það er opnuð leið til þess að fara alveg í kringum hana. Ég dreg ekki í efa, að Alþ. geti auðvitað með nýjum lögum breytt vegal. og þ. á m. með slíkum l. sem þessum. En ég fullyrði, að það er ekki í samræmi við anda vegal., það er ekki í samræmi við það, sem þá var látið uppi um það, sem vekti fyrir mönnum með samningu vegáætlunarinnar. En það er sýnilegt, að ef svona á að fara að, með brbl. á að afla, eftir að veg-

áætlun hefur verið samþ. og án þess að þar hafi nokkuð verið gerður fyrirvari um það, lánsfjár til hinna eða þessara framkvæmda, sem Alþ. hefur ekki fjallað um, er algerlega hægt að fara í kringum vegáætlunina. Það hefur vitaskuld ekki verið meiningin.

Þessar aths. vildi ég gera, en vil jafnframt taka það skýrt fram, að það er síður en svo, að ég með þessum orðum sé að telja eftir þær samgöngubætur, sem hér er um að tefla. Það eru sjálfsagt allir sammála um, að Reykjanesbrautin eða Keflavíkurvegurinn sé nauðsynleg framkvæmd og það sé sjálfsagt að ljúka henni og afla þess fjár til hennar, sem þarf, og því fremur eru auðvitað allir sammála um það, að Vestfirðingum veiti sízt af samgöngubótum. Og ég dreg ekki í efa, að þær samgöngubætur, sem hér er um að tefla, séu allar þarfar og nauðsynlegar. En aðeins vil ég ekki láta þetta mál fram hjá mér fara án þess að gera aths. við þessa afgreiðslu, af því að mér sýnist, að með þessu sé byrjunarspor stigið til þess að ganga alveg á svig við vegáætlunina og brjóta niður það kerfi, sem átti að byggja upp með henni. Það kann vel að vera, að reynslan sýni, að það kerfi sé ekki þess virði að láta það standa, ég skal engu spá um það. En þetta er fyrsta sporið í þá átt.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Það kann vel að vera, að skýringar mínar á frv. þessu hafi ekki verið nægilega ljósar, þar eð ræða sú, sem hv. 3. þm. Norðurl. v. flutti hér áðan, byggist algerlega á misskilningi.

Hér er ekki um neinar nýjar lántökur að ræða. Fjárframlag það, sem átti að fara til vega á Vestfjörðum samkv. vegáætlun, er þegar í vegáætlun. Það kom hins vegar í ljós, að það er engin lántökuheimild til þess að taka fé að láni, og það er ástæðan til þess, að þessarar heimildar er hér aflað. Ég get vel fallizt á, að það hefði verið æskilegt, að það hefði verið gert fyrir þinglok. Um það þýðir ekki að sakast, það hafði ekki verið gert, og það var ekki talið, að það gæti valdið neinum ágreiningi eða deilum, að nauðsynlegt væri að afla þess fjár, sem Alþ. hafði þegar samþ. og ráðstafað í vegáætlun, að skyldi varið til vega á Vestfjörðum.

Í öðru lagi er um Keflavíkurveginn það að segja, að hér er ekki heldur um nýjar lántökur að ræða. Þessi bráðabirgðalán höfðu þegar verið tekin til fyrri framkvæmda vegarins. Það kom hins vegar í ljós við nánari athugun, þegar átti að fara að semja um þessi lán, að það skorti lántökuheimild til þess að taka þau. Það er því alveg á sama hátt með það, að hér er ekki um nýjar framkvæmdir að ræða, heldur er hér verið að breyta lánum, sem þegar höfðu verið tekin. Ég skal ekkert um það segja, skal hins vegar taka það fram strax varðandi Keflavíkurveginn, hvort með þessum fjárhæðum hefur verið reiknað í grg. með vegáætluninni, ég man það ekki, en það skiptir ekki efnislega máli að því leyti til, að þar var gerð grein fyrir því, hvað Keflavíkurvegur mundi kosta, og þetta lán, sem hér er um að ræða, hafði verið tekið, áður en gengið var frá vegáætluninni, og voru bráðabirgðaskuldir við verktaka. Til þess hins vegar að geta um það samið, svo sem gert hafði verið ráð fyrir, með eðlilegum hætti var alveg nauðsynlegt að fá þessa lántökuheimild. Kjarni málsins er sem sagt sá, að hér er ekki verið að brjóta niður eða ákveða neitt nýtt, sem hafi ekki verið gert ráð fyrir í vegáætlun, heldur aðeins tryggja það, að þessar lántökur geti verið með lögformlegum hætti.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Það gleður mig, að hæstv. fjmrh. skyldi út af fyrir sig viðurkenna, að það hefði verið eðlilegra að afla þessarar lántökuheimildar á þingi, áður en því lauk. Það var aðalatriðið í minni ræðu, svo að við erum út af fyrir sig sammála um það.

Hins vegar vildi hann halda því fram, að það hefði þegar í vegáætlun verið gert ráð fyrir þeim framkvæmdum, sem um væri að tefla, og fjáröflun til þeirra væri í vegáætlun, en það hefði aðeins láðst að fá lántökuheimild þeirra vegna. Ég hef nú ekki lesið vegáætlunina svo gaumgæfilega, að ég vilji fullyrða um þetta atriði, en ég vil þó segja það, að á bls. 12 og 13 í vegáætluninni, þar sem fjallað er um þær framkvæmdir, sem gert er ráð fyrir að afla lántöku til, held ég, að það sé varla hægt að finna þessum orðum hæstv. fjmrh. stað. Það er að vísu gert ráð fyrir nokkrum fjárhæðum í landsbrautir, t. d. á Vestfjörðum. Það er nú samtals, skilst mér, 5 millj. og 200 þús. vegna lánsfjár. En ég sé ekki, að það geti mætt þeirri upphæð, sem hér er um að ræða í þessum l., nema það komi þá nánari sundurliðun frá fjmrh. um það, hvað af þessari upphæð hefur farið til Vestfjarðaveganna, hvað hefur farið til Reykjanesbrautarinnar og hvað til flugvalla. En ég vil jafnframt geta þess, að ég tel þetta í sjálfu sér aukaatriði. Aðalatriðið var bara þetta, að það er farið fram hjá Alþ. með þetta að mínum dómi. Það er óheppilegt, vegna þess að þá er brotin niður vegáætlunin.

Ég tek það enn og aftur fram, að mér dettur ekki í hug að telja eftir þær samgöngubætur, sem þarna er um að tefla, og ég vil segja það, að við framsóknarmenn höfum æ ofan í æ flutt einmitt frv. um heimild til lántöku til samgöngubóta, bæði á Vestfjörðum og Austfjörðum. Þannig að það er ekki það, sem er athugavert við þetta. En það á bara að liggja fyrir, um leið og þingmenn í heild afgreiða vegáætlunina, þannig að rétt mynd fáist þá þegar af þessum málum.

Það er í sjálfu sér ekki ástæða til þess að vera að elta ólar meira við þetta. Í sjálfu sér er það, sem ráðh. upplýsti um Reykjanesbrautina, ekki til bóta fyrir málstað stjórnarinnar að mínum dómi, þar eð mér skildist hann þá segja, að það hefðu verið tekin lán í brautina, án þess að nokkur heimild hefði verið til þess. Það er ekki farið að afla þeirrar heimildar fyrr en eftir á. Það er náttúrlega formlegur ágalli, en það er aðeins formið. Allir eru út af fyrir sig sammála um það, að þessa braut eigi að leggja og taka til þess lán. Það má segja það, eins og hann sagði, að það hefði kannske ekki verið mikil áhætta fyrir stjórnina að gera það í trausti þess, að allir væru sammála um þessa framkvæmd.

ATKVGR.
Frv. visað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til fjhn. með 16 shlj. atkv.

Á 10. fundi í Ed., 2. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 3, n. 47).

Frsm. (Þorvaldur G. Kristjánsson): Herra forseti. Fjhn. hefur tekið til meðferðar frv. það, sem hér er til umr. á þskj. 3, og rætt frv. og mælir með, að það verði samþ. óbreytt.

Ástæðurnar fyrir þessu frv. eru, eins og hæstv. fjmrh. gerði grein fyrir í framsögu fyrir málinu við 1. umr., að sett voru brbl. í júlí s. l. til þess að afla ríkissjóði heimildar til að taka lán til flugvallargerða og vegagerða. Þetta frv. er hér lagt fram til staðfestingar á þessum brbl.

Hér er um að ræða annars vegar lán til samgöngubóta á Vestfjörðum, og hins vegar lán vegna Reykjanesbrautar. Nokkur hluti er, eins og ég sagði, vegna samgöngubóta á Vestfjörðum, en tekið hefur verið lán til þeirra framkvæmda hjá viðreisnarsjóði Evrópuráðsins. Sú lántaka er í sambandi við heildaráætlun, sem gerð hefur verið um samgöngubætur á Vestfjörðum, þar sem gert er ráð fyrir, að á næstu 4 árum verði varið til tiltekinna framkvæmda í hafnarmálum, flugmálum og vegamálum 171.6 millj. kr., sem skiptist þannig, að í hafnir fara 71.8 millj. kr., vegi 67.7 millj. kr. og 32.1 millj. kr. í flugvelli. Það er gert ráð fyrir, að fjármagnið til þessara framkvæmda komi að hálfu með framlögum innanlands til þessara mála, eða 85.6 millj. kr., en 86 millj. kr. eða 2 millj. dollara komi frá viðreisnarsjóði Evrópuráðsins

Meginsjónarmiðið, sem ráðið hefur í þessari áætlunargerð í samgöngumálum Vestfjarða, er, að komið verði á tveimur aðalbyggðakjörnum, öðrum um Ísafjörð og nágrenni og hinum um Patreksfjörð og nágrenni. Í þessu skyni er ráðgert að verja til vegaframkvæmda á Ísafjarðarsvæðinu á þessu 4 ára tímabili rúmum 40 millj. kr. Þar er um að ræða 18.5 millj. kr. í Breiðadalsheiðina, veg og jarðgöng, 7.6 millj. kr. í Bolungarvíkurveginn, 6 millj. kr. í Súgandafjarðarveginn og 3.5 millj. kr. í Gemlufallsheiðina. Þá er gert ráð fyrir framlögum í Djúpveginn til Súðavíkur og í Flateyrarveg. Á Patreksfjarðarsvæðinu er gert ráð fyrir 7.4 millj. kr. til vegaframkvæmda. Þar af eru 6.2 millj. kr. í Bíldudalsveginn um Hálfdán milli Patreksfjarðar og Bíldudals. Til þess að bæta vegasambandið við Reykjavík er gert ráð fyrir í áætlun þessari, að varið verði 15.1 millj. kr. í veginn meðfram fjörðum sunnan Þingmannaheiðar. Þá er reiknað með, að stórt átak verði gert til að bæta flugsamgöngur milli Ísafjarðarsvæðisins og Patreksfjarðarsvæðisins og Reykjavíkur. Í því skyni er ráðgert að verja 21.9 millj. kr. til framkvæmda á Ísafjarðarflugvelli og 6.8 millj. kr. til Patreksfjarðarflugvallar. Með þessu móti er ætlunin að tryggja sem bezt öruggar flugsamgöngur við Reykjavík. Í áætluninni er gert ráð fyrir, að um 2.7 millj. kr. verði varið til að bæta veginn frá Ísafjarðarbæ að flugvellinum og 1.2 millj. kr. til vegarins frá Patreksfjarðarkauptúni til flugvallarins í Sauðlauksdal. Helztu fjárveitingar til hafnarframkvæmda, sem ráð er fyrir gert í áætluninni, eru til Patreksfjarðar 17 millj. kr., til Þingeyrar 11 millj. kr., til Ísafjarðar 10 millj. kr., til Bolungarvíkur 8 millj. kr., til Flateyrar 6 millj. kr., til Suðureyrar 5 millj. kr. og til Bíldudals 5 millj. kr. Þá er gert ráð fyrir 2 millj. kr. til Súðavíkur og ½ millj. kr. til hafnar í Tálknafirði.

Frv. það, sem hér liggur fyrir, fjallar um, að ríkissjóði sé aflað nauðsynlegra heimilda til lántöku á þessu ári.

Framkvæmdir hafa hafizt á þessari áætlun nú á þessu ári. Varðandi hafnarmálin var hægt að nota almenna heimild í hafnarlögunum til, að ríkissjóður tæki það lán, sem hér er um að ræða. En ekki var fyrr fengin formleg heimild fyrir ríkissjóð til þess að taka lán til vegagerðarinnar, þó að gert hafi verið ráð fyrir slíkri lántöku í vegáætluninni. En í vegáætluninni var gert ráð fyrir slíkri lántöku á þessu ári sem hér segir: Í Breiðadalsheiði 2 millj. kr. Í Örlygshafnarveg 0.5 millj. kr. Í Rauðasandsveg 0.2 millj. kr. Í Bíldudalsveg 1.5 millj. kr. Í Flateyrarveg 0.5 millj. kr. Í Djúpveg (Ísafjörður — flugvöllur — Súðavík) 1.5 millj. kr. og í Bolungarvíkurveg 1 millj. kr. Þetta er samtals um 7 millj. kr.

Á þessu ári er svo gert ráð fyrir lánsfjármagni til flugvallargerðar að upphæð 5.8 millj. kr. í Patreksfjarðarflugvöll. Það hefur verið unnið að því mannvirki í sumar, og nú þessa dagana er verið að ljúka Patreksfjarðarflugvelli, og er það mikil samgöngubót fyrir Patreksfjörð og nálægar sveitir. Hér er um mikið mannvirki að ræða, flugvöll með tveim flugbrautum, önnur 1400 m og hin 600 m. Þetta gjörbreytir viðhorfi til samgöngumála á þessu svæði. Á sama veg hefur í sumar, eins og ég gat um áðan, verið unnið að hafnarframkvæmdum og vegagerð samkv. framkvæmdaáætluninni. Það er vegna þess, að framkvæmdir voru þegar hafnar í sumar, sem nauðsynlegt var að afla ríkissjóði þeirrar heimildar til lántöku til þessara framkvæmda, sem farið er fram á í þessu frv.

Helgi Bergs: Herra forseti. Ég skal ekki fara mörgum orðum um þetta frv., kvaddi mér aðeins hljóðs til þess að láta þess getið, af því að ég hef skrifað undir nál., sem hér liggur fyrir, án fyrirvara, að það þýðir ekki það, að ég vilji á nokkurn hátt falla frá eða láta hjá líða að taka undir þá gagnrýni, sem kom fram hjá hv. 3. þm. Norðurl. v. við 1. umr. þessa máls, heldur mæli ég með samþykkt frv. eingöngu vegna þess, að ég óttast, að úr því sem komið er verði þeim nauðsynlegu framkvæmdum, sem þarna er um að ræða, ekki komið áleiðis nema með þeim hætti að taka það fé að láni, sem hér er gert ráð fyrir. Ég vil hins vegar taka undir þá gagnrýni, sem komið hefur fram um það, að hæstv. ríkisstj. skuli hafa gefið út þessi brbl. á sínum tíma. Túlkun hæstv. ríkisstj. á ákvæðum stjórnarskrárinnar um brbl. virðist vera orðin ákaflega frjálsleg, þegar farið er að gefa út brbl. um lánsheimildir, sem kemur svo í ljós, að ekki er nein nauðsyn á að nota nema að örlitlu leyti fyrr en eftir að þing er aftur komið saman. Það

hlýtur einnig að vera okkur öllum nokkurt áhyggju- og umhugsunarefni, að ýmiss konar framkvæmdir, sem áður var talið sjálfsagt að greiða af fjárlögum, er nú farið að vinna í vaxandi mæli fyrir lánsfé. Það samir óneitanlega heldur illa fyrir okkur, sem búum við þau skilyrði í landinu, sem hér eru á þessum árum, góðæri og óvenjuleg aflabrögð, að við förum að færa almennar framkvæmdir, sem áður hafa verið greiddar af fjárlögum, í vaxandi mæli yfir á lánsgrundvöll. Hins vegar eigum við væntanlega ekki annars kost en að samþykkja slíkar lánsheimildir eins og þessa, þar sem hér er um að ræða framkvæmdir, sem nauðsynlegt er að vinna, en hæstv. ríkisstj. treystir sér ekki til að borga í ríkari mæli en raun ber vitni með samtíma tekjum.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr. mikið. Það voru aðeins tvö atriði í ræðu hv. 6. þm. Sunnl., sem gáfu mér tilefni til að segja örfá orð.

Annað þessara atriða var það, að hér hefði verið óeðlilega að farið og túlkuð nokkuð frjálst heimild til útgáfu brbl. í sambandi við lántökuheimild þessa, þar eð í ljós hefði nú komið, að verulegur hluti hennar væri ónotaður. Ég skal játa, að í fljótu bragði lítur það einkennilega út. Það er rétt, sem hv. þm. segir, að það er enn ónotaður að forminu til verulegur hluti af þessari heimild, en ástæðan fyrir því er sú, að eins og ég gerði grein fyrir við 1. umr. þessa máls, þá höfðu verið af vegamálastjórninni tekin bráðabirgðalán til greiðslu kostnaðar við Keflavíkurveg, og þegar þessi brbl. voru gefin út í sumar, lá fyrir, að það þyrfti að ganga formlega frá þessum lánum. Ég taldi ekki með nokkru móti auðið að gera það, þar sem vantaði lántökuheimild fyrir þeim, og þess vegna væri fyrst nauðsynlegt að afla þeirrar heimildar. Það kom hins vegar á daginn því miður, að enn hafa ekki náðst samningar um hagstæð lán í þessu sambandi, sem nauðsynlegt hefur verið talið að fá, til þess að það geti verið í samræmi við þá fjármálaáætlun, sem gerð hefur verið út af Reykjanesbraut og hæstv. samgmrh. hefur gert hér grein fyrir í sambandi við umr. um það mál. Þetta er ástæðan til þess, að þessi lántökuheimild er enn þá að forminu til ónotuð.

Það má auðvitað segja sem svo, að það hefði mátt bíða með þetta allt saman, þar til Alþ. kom saman, og láta þessi bráðabirgðalán standa. Það var ekki hægt að gera varðandi Vestfjarðaáætlunina með nokkru móti, og þess vegna fannst mér ekki óeðlilegt, af því að fyrir lá samþykki allra hv. þm. á því að leggja Reykjanesbraut og afla nauðsynlegs fjár til hennar, að þá yrði þetta fellt saman. En það er rétt, sem hv. þm. sagði, að þetta lítur ekki vel út að þessu leyti, að lántökuheimildin varðandi Reykjanesbraut hefur ekki verið notuð. Þetta er sem sagt orsökin.

Varðandi hitt atriðið, sem hv. þm. minntist á, að hér væri farið inn á óeðlilegar brautir varðandi þessar lántökur, þar sem eðlilegt væri, að þetta fé væri greitt af tekjum ríkissjóðs, þá get ég nú ekki verið honum alls kostar sammála um það atriði. Það er rétt út af fyrir sig, að varðandi samgöngumál væri auðvitað æskilegast sem meginstefna, að það væri hægt á hverjum tíma að greiða kostnaðinn við þau af framkvæmdafé ríkisins hverju sinni. Hins vegar er sérstaklega ástatt með þessar framkvæmdir báðar, sem hér er um að ræða. Það á á stuttum tíma að leggja Reykjanesbraut, og ég held, að engum hv. þm. geti hugkvæmzt það, enda hefur það aldrei komið fram, að það hafi verið imprað á þeirri skoðun, að þessa braut ætti að kosta með fjárveitingum úr ríkissjóði. Hana á að leggja á 2—3 árum, og hér er um geysilega framkvæmd að ræða, sem kostar 270 millj. kr., og auðvitað með öllu óeðlilegt, að þeirri framkvæmd sé ekki dreift á miklu fleiri ár. Hér er um að ræða að gera í skyndi stærra átak en áður hefur þekkzt í okkar vegamálum, þannig að það er auðvitað óeðlilegt, ef ætti að greiða slíka vegaframkvæmd með fjárveitingum í fjárl. hverju sinni.

Varðandi Vestfjarðamálið er í rauninni ástatt á svipaðan hátt, að þar hefur verið fengið lánsfé til þess að hraða framkvæmdum í landshluta, sem hefur verið mjög aftur úr varðandi samgöngur, og það fé hefur fengizt úr erlendum sjóði gegn því skilyrði, að á móti komi visst framlag úr ríkissjóði. Ég held, að eins og það mál er til komið, þá væri með öllu móti óeðlilegt líka að hugsa sér, að þessi lántökuheimild væri ekki notuð, úr því að hún býðst, enda hef ég ekki heldur heyrt neina rödd í þá átt, að það hafi ekki verið rétt, og ég býst ekki heldur við, að hv. þm. meini það í rauninni, að ekki sé rétt að nota þá möguleika, sem hér gefast. Við eigum sannarlega nógu mikið ógert í samgöngumálum fyrir því, þannig að ég mundi segja, að þrátt fyrir það, þótt ég geti tekið undir með hv. þm., að það beri að fara varlega í að taka mikið af lánum til samgöngubóta sem þessara, þannig að ekki verði lagður óeðlilegur baggi á herðar framtíðinni um greiðslur slíkra fjárskuldbindinga, þá getur vissulega staðið þannig á, að það sé eðlilegt og sjálfsagt að taka slík lán, og ég held einmitt, að í báðum þessum tilfellum, sem hér er um að ræða, þá sé sú sérstaða fyrir hendi.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 11. fundi í Ed., 4. nóv. var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 11. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 13. fundi í Nd., 9. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 15. fundi í Nd., s. d., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, er til staðfestingar á brbl., sem gefin voru út á s. l. sumri til þess að afla lántökuheimildar annars vegar til vega- og flugvallargerða á Vestfjörðum og hins vegar til Keflavíkurvegar eða Reykjanesbrautar. Ástæðan til þess, að nauðsynlegt þótti að gefa út þessi brbl., var sú, að það kom í ljós við nánari athugun, að fyrir vegafé því, sem gert hafði þegar verið ráð fyrir í vegáætlun og átti að koma af láni því, sem tekið var hjá viðreisnarsjóði Evrópuráðsins til samgöngubóta á Vestfjörðum, fyrir þessari lántöku skorti lántökuheimild. Framkvæmdabankinn tók lánið og hafði að sjálfsögðu heimild til þess samkv. sínum lögum og lánaheimildum, sem hann hefur, en hins vegar vantaði heimild fyrir ríkissjóð til þess að taka lánið aftur og hagnýta það á þennan hátt. Heimildin til hagnýtingarinnar var að vísu fyrir hendi, svo sem hv. þm. er kunnugt, í sambandi við vegáætlunina. Þar var búið að gera ráð fyrir, að heimilt væri að vinna fyrir þetta fé. En lántökuheimildina skorti.

Það þótti rétt samhliða þessu að afla heimildar til þess að taka lán vegna Reykjanesbrautar. Það hafði verið gert ráð fyrir lagningu þess vegar, þannig að hér var ekki um að ræða, að væri verið að framkvæma neitt það, sem hv. Alþ. var ekki fullkunnugt um og þar hafði ekki verið samþ., en það hefur verið tekið allmikið af bráðabirgðalánum, sem vegagerðin hafði tekið hjá verktökum, og var að sjálfsögðu óumflýjanlegt að fá þessum lánum breytt í fast lán, svo sem þegar hefur verið gerð grein fyrir í umr. um það mál. En lántökuheimild skorti einnig til þess, að ríkissjóður gæti tekið slíkt lán.

Nú skal það tekið fram til skýringar á þessu máli, að það kann að þykja einkennilegt, að þessi lántökuheimild hefur enn ekki verið notuð nema að því er varðar Vestfjarðalánin, og mætti þá segja sem svo, að það hafi þá ekki legið á að afla þessarar heimildar hér. En ástæðan fyrir því, að heimildin hefur ekki verið notuð enn þá, er eingöngu sú, að það hefur ekki enn þá tekizt að fá samkomulag um þann lánstíma á þessum lánum, sem nauðsynlegt er að fá, til þess að hægt sé að rísa undir þeim með eðlilegum hætti, og gert er ráð fyrir í sambandi við þá fjáröflun vegna Reykjanesbrautar, sem gerð hefur verið áætlun um. Þetta er orsök þess, að enn þá er ónotuð þessi heimild, sem varðar Reykjanesbraut.

Ég sé ekki ástæðu til frekari umr. um málið, herra forseti, nema tilefni gefist til. Það er að sjálfsögðu hægt fyrir þá hv. n., sem fær málið til meðferðar, að fá sundurliðun á því, hvernig þetta fé hefur verið notað í sambandi við Vestfjarðaáætlunina, en það er í samræmi við þá ráðstöfun, sem er gert ráð fyrir í því efni í vegáætlun, hvað varðar vegina. Lánið í flugvellina er einnig hægt að fá að sjálfsögðu sundurliðað. En þeim hluta fjárins, sem á að fara til hafnargerða, er ekki nauðsynlegt að fá sérstaka lántökuheimild fyrir, vegna þess að það er hægt að nota þær heimildir, sem felast í hafnalögum.

Ég vil leyfa mér, herra forseti, að leggja til, að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 28 shlj. atkv. og til fjhn. með 26 shlj. atkv.

Á 78. fundi í Nd., 26. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 3, n. 580).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 28 shlj. atkv.

Frsm. (Davíð Ólafsson): Herra forseti. Frv. þetta er komið frá hv. Ed., og fjhn. þessarar d. hefur haft það til athugunar og mælir með, að það verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 28 shlj. atkv.

Á 79. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 603).

---

33. Tollskrá o. fl. (lækkun tolla af húsum og húshlutum).

Á 53. fundi í Ed., 21. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 7 29. apríl 1963, um tollskrá o. fl. [160. mál] (stjfrv., A. 352).

Á 54. fundi í Ed., 22. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Um s. l. áramót var því lýst yfir af hálfu ríkisstj., að hún mundi vilja beita sér fyrir því, að auðvelda innflutning á tilbúnum húsum og húshlutum á þann hátt að lækka, svo sem auðið væri, tolla af slíkum varningi. Frv. það, sem hér liggur fyrir, er fyrst og fremst flutt til efnda á þessu fyrirheiti. Það eru að vísu allmörg fleiri atriði í frv., en þau atriði, sem máli skipta, snerta fyrst og fremst það, sem ég hef hér greint frá, og leiðir það að sjálfsögðu af sér, að breyta þarf allmörgum númerum tollskrárinnar, þar sem alls konar slíkur varningur fellur undir.

Ástæðan til þess, að ríkisstj. ákvað að beita sér fyrir þessari breytingu á tollskránni og auðvelda innflutning tilbúinna húsa og húshluta, er tvíþætt. Annars vegar er um að ræða að stuðla að lækkun byggingarkostnaðar með þessum hætti varðandi þá aðila, sem geta hag-

nýtt sér slíkan innflutning og þar sem það þykir hagkvæmt, og hins vegar, sem má einnig segja, að geti á vissan hátt stuðlað að lækkun byggingarkostnaðar, að draga almennt úr hinni mjög miklu spennu, sem er í byggingariðnaðinum og hefur leitt til margvíslegra vandkvæða og í mörgum tilfellum óhæfilegs aukakostnaðar í sambandi við húsbyggingar nú síðustu árin. Þetta er öllum hv. þdm. svo kunnugt, að ég þarf ekki um það fleiri orðum að fara. En það var von ríkisstj. og tilgangur hennar, að með því að auðvelda innflutning tilbúinna húsa á þennan hátt og húshluta mundi vera hægt að ná fram lausn á þessu tvíþætta vandamáli, bæði draga úr hinni óhæfilegu þenslu, án þess þó að nokkur hætta væri á, að atvinnuleysi skapaðist í byggingariðnaðinum, og þá um leið að stuðla að því, að auðið væri að byggja með ódýrari hætti.

Það, sem sérstaklega hvatti til þess, að gripið var til þessara úrræða, má segja, að hafi verið hin sérstöku byggingaráform, sem ríkisstj. hefur átt hlut að í sambandi við samninga við verkalýðsfélögin, þar sem beinlínis var lögð áherzla á það, að reynt yrði, m. a. með innflutningi húsa og húshluta, að stuðla að sem hagkvæmustum og ódýrustum byggingum fyrir meðlimi verkalýðsfélaganna. Sú byggingaráætlun varðandi Reykjavík er þegar komin í gang, og hefur margháttaður undirbúningur verið unninn í því sambandi, og við setningu tollákvarðana þessara hefur m. a. verið haft nokkurt samráð við nefnd þá, sem skipuð hefur verið til þess að hafa framkvæmdir þessara bygginga með höndum.

Vitanlega er það miklum takmörkunum háð, hvað hægt er að gera í þessu efni varðandi tollalækkanir, því að hafa verður að sjálfsögðu hliðsjón af þeim tollum, sem eru á hráefnum, þ. e. a. s. í þessu tilfelli byggingarefni almennt, og miðað við, hversu geysilegan tekjustofn er þar um að ræða fyrir ríkissjóð, var ekki auðið að lækka hráefnið, heldur varð að miða lækkun hins tilbúna við það, sem fært þætti með hliðsjón af eðlilegum möguleikum hins innlenda iðnaðar til þess að starfa áfram þrátt fyrir þennan innflutning.

Í meginefnum eru breytingarnar í frv. fólgnar í því, að lækkaður er í 40% tollur af tilbúnum húsum og húshlutum úr 50—60% hvað snertir tilbúin hús, en hins vegar voru húshlutar að sjálfsögðu í mismunandi tollflokkum, eftir því sem háttað var gerð þeirra. Það þótti hins vegar nauðsynlegt að reyna að hafa þetta allt í sama tollflokki, og miðað við það, að timbur og byggingarvörur almennt eru í 35% tolli, þótti ekki auðið að fara neðar með hina tilbúnu húshluta og hús en í 40%. Engu að síður er hér um töluverða lækkun að ræða. En lækkunin er þó enn þá meiri varðandi innréttingar í hús, fastar innréttingar, því að þar er um að ræða tollalækkun úr 90% niður í 60%.

Með hliðsjón af þessum tollabreytingum var óumflýjanlegt, enda þótt það hefði í för með sér töluverða tekjurýrnun fyrir ríkissjóð, að lækka ýmiss konar varning í sambandi við húshluti og er þar stærsti liðurinn lásar og skrár, úr 70% niður í 40%, til þess að ekki yrði þar um öfuga tollvernd að ræða, þ. e. a. s. ef þetta væri innflutt í hurðunum tilbúnum, hefði það ella orðið ódýrara en fyrir innlendan iðnað, sem framleiddi slíka vöru, ef þessum tolli hefði ekki verið breytt.

Loks er í þriðja lagi um það að ræða, að lækkaður er tollur af sementi úr 35% í 20%. Tollur á sementi var hækkaður mjög verulega við heildarbreytinguna á tollskránni 1962. Áður mun tollur hafa verið að innflutningsskatti meðtöldum eitthvað nálægt 20%. Þessi tollvernd þykir óeðlileg og skapar sementsverksmiðjunni tollvernd, sem ekki sé eðlileg, því að að sjálfsögðu hefur alltaf verið að því stefnt, að hún gæti framleitt sement með sem ódýrustum hætti, og vitanlega hefur hún mjög verulega vernd í því, að það er mikill kostnaður og dýrt að flytja sement til landsins, þannig að það verður að telja, að þrátt fyrir það, að þessi tollur sé lækkaður í 20%, geti það ekki orðið til hindrunar neinni eðlilegri starfsemi sementsverksmiðjunnar, heldur aðeins verki sem aðhald fyrir hana um það að halda sementsverðinu innan sem þrengstra marka.

Þetta eru þær breytingar sem varða það stefnuatriði, sem ég áðan gat um. Í frv. er svo að finna allmargar aðrar breytingar, sem eru flestar eða raunar allar til komnar vegna nauðsynjar á samræmingu og til staðfestingar á úrskurðum, sem fjmrn. hefur orðið að gefa út, síðan síðasta tollskrárbreyting var gerð. Það eru að sjálfsögðu að koma til sögunnar stöðugt ný vandamál og viðfangsefni, sem í bili verður að beita úrskurðarheimildum til þess að ákvarða, en að sjálfsögðu er eðlilegt, að sé sett inn í tollskrá. Sums staðar hefur það komið í ljós, að við síðustu tollabreytingar hefur gleymzt að lagfæra viss atriði, þannig að óeðlilegt ósamræmi hefur skapazt, og er hér um það að ræða í þessu frv. að lagfæra þau atriði. Tekin eru jafnframt inn í frv. heimildarákvæði þrenns konar: Í fyrsta lagi varðandi aðflutningsgjöld af kvikmyndasýningarvélum fyrir samkomuhús. Það ákvæði hefur verið að undanförnu í fjárl. hverju sinni, en er að sjálfsögðu algerlega óeðlilegt að sé þar og eðlilegt að taka inn í tollskrána, úr því að reynslan sýnir, að Alþ. hefur ítrekað lýst yfir þeirri skoðun sinni, að þetta ætti að gilda. Í öðru lagi er tekin upp bein heimild til að fella niður gjald af ýmiss konar sölumerkjum góðgerðarfyrirtækja. Það er eilíf ásókn í þetta í rn., og stundum hefur þetta verið gefið eftir, án þess að bein heimild væri fyrir hendi, og það er skoðun rn., að miðað við það, að hér er ekki um nein veruleg tollatriði að ræða og hér er eingöngu um að ræða fjáröflunaraðferð fyrir ýmiss konar menningarfyrirtæki og góðgerðarstofnanir, þá sé eðlilegast að hafa beina heimild í þessu efni. Og í þriðja lagi er heimilað að endurgreiða gjöld af efni til uppsetningar á vatnsúðunarkerfum í kartöflugarða, allt að 10%, sem er hinn almenni tollur, sem vélar til landbúnaðar eru í, þannig að þar er um samræmingu að ræða. Hins vegar er hér um tæki að ræða, sem útilokað er að setja í ákveðinn tollflokk til að byrja með, vegna þess að það er ekki hægt að aðgreina þetta frá ýmsum öðrum tækjum, pípum og ýmsu öðru, þannig að það verður að

hafa þá aðferð við þetta að heimila endurgreiðslu tollsins.

Ég held ekki, að sé ástæða til, nema tilefni gefist til, að ég fari að rekja að öðru leyti þær einstöku breytingar, sem hér er um að ræða. Þær eru, eins og ég sagði, mjög veigalitlar og eru allar gerðar til samræmingar. En það hefur ekki verið farið út í það í þessu frv. að gera neinar breytingar á tollamálum iðnaðarins almennt eða nokkrar almennar tollabreytingar umfram þá byggingarvörutolla, sem ég hef hér getið um. Vitanlega koma til greina mörg atriði í því sambandi, sem vafalaust koma upp í hugum þm., og fyrir hafa legið mörg erindi varðandi beiðni um ýmiss konar breytingar, sem ekki þótti rétt á þessu stigi að taka inn í þetta frv., heldur yrðu þær teknar til meðferðar í sambandi við þá heildarathugun á tollskránni, sem ég mun síðar víkja að. Ég skal sérstaklega geta þess hér, að það kom, um það bil sem verið var að ljúka þessari endurskoðun, ósk um það, að vísinda- og kennslutæki yrðu undanþegin tolli, og er vitnað í alþjóðasamþykktir í því efni. Hér er um töluvert viðtækt vandamál að ræða. Eins og sakir standa, er heimilað að endurgreiða toll af slíkum tækjum allt niður í 35%, þegar þau fara yfir þann toll. Við athugun hefur komið í ljós, að hér er um mál að ræða, sem þarfnast þess rækilegrar athugunar og grípur inn í svo mörg tollskrárnúmer, að rn. telur ekki mögulegt að taka það til meðferðar nú. En ég tel sjálfsagt, að við framhaldsathugun tollskrárinnar verði þetta tekið til rækilegrar athugunar, hversu langt væri hægt að ganga í þessu efni.

Það má jafnframt minna á tvö önnur vandamál, sem gera má ráð fyrir, að sú n., sem fær þetta mál til meðferðar, fái erindi um, og hins vegar hafa verið til athugunar hjá rn. og í tollanefnd og eru hvort tveggja þess eðlis, að nauðsynlegt er að koma þar á lagfæringum, en þurfa nánari athugunar við. Það er annars vegar vandamálið varðandi bókaútgáfu, en eins og sakir standa nú, eru tollfrjálsar innfluttar bækur, en hins vegar greiddur tollur af bókaefni til innlendrar bókagerðar, þannig að hér er um öfuga tollvernd að ræða, ef svo má segja, og er að sjálfsögðu nauðsynlegt að taka til rækilegrar athugunar og hefur þegar nokkuð verið skoðað, hvaða úrræði væri hægt að hafa í þessu efni, til þess að innlend bókagerð byggi ekki við óeðlilega þröngan kost. Og í annan stað er um að ræða umbúðavandamál. Það eru margþætt atriði í sambandi við umbúðir utan um margvíslegar vörur. Þær eru í ótal tollflokkum, og hafa komið fram beiðnir úr ýmsum áttum um breytingar á því. Þetta mál þarf að taka til rækilegrar athugunar, en er hins vegar þess eðlis, að það var ekki talið auðið að taka það inn í þetta frv., eins og það liggur fyrir nú, með hliðsjón af þeim megintilgangi, sem hér var hugsað að ná, og þar sem þetta frv. er sem sagt undirbúið með tiltölulega mjög stuttum fyrirvara.

Á undanförnum árum hafa verið gerðar víðtækar breytingar á tollskránni og margvíslegar umbætur á því sviði. Það hefur verið framkvæmd heildarendurskoðun tollskrárinnar í samræmi við svokallaða Brussel-tollskrá, og reynt hefur verið síðan að fylgjast með breytingum á þeirri tollskrá, þannig að það geti verið samræmi í túlkunum a. m. k. á Norðurlöndunum varðandi tollflokkun sömu vara í þessum löndum. Það var mikil breyting út af fyrir sig til bóta, þegar sameinaðir voru í einn toll, verðtoll, þeir þrír innflutningstollar, sem þá voru til, verðtollurinn, vörumagnstollurinn og innflutningssöluskatturinn, og stefnt hefur verið að því með tollabreytingum undanfarinna ára að lækka hátollana í áföngum. Hefur þegar áunnizt mikið á þeim vettvangi, því að tollar gátu áður náð allt að 300%, en nú eru hæstu tollar 125%. Þá hefur lækkun vélatolla í þágu útflutningsframleiðsluatvinnuveganna einnig verið mjög veruleg og haft mikla þýðingu. Engu að síður er sjáanlegt, að við þurfum að taka tollakerfið allt til miklu rækilegri athugunar. Svo sem öllum hv. þdm. er mjög kunnugt, eru miklar hreyfingar í þessum efnum víðs vegar um heim.

Tvenns konar bandalög hafa þegar verið mynduð í Evrópu, Efnahagsbandalagið og Fríverzlunarbandalagið, sem m. a. leggja á það höfuðáherzlu og eru þegar langt komin að því marki að afnema alla tolla milli aðildarríkjanna, og jafnframt hefur verið að því unnið innan alþjóðatollamálastofnunarinnar í hinum svokölluðu Kennedy-viðræðum að reyna að finna grundvöll til þess að fá samvinnu milli þessara bandalaga og annarra, sem utan standa, m. a. Bandaríkjanna, og þá að sjálfsögðu mundi það velta á miklu, að Ísland gæti komizt þar að vegna sinna miklu hagsmuna sem mikill aðili að utanríkisviðskiptum. Í hvaða formi það verður, er ekki auðið að segja, en það eitt er ljóst, að aðflutningstollar hér á Íslandi eru með því hæsta sem þekkist, og hvað sem líður aðild okkar að þessum bandalögum í einu eða öðru formi, er það ljóst, að við verðum að stefna í þá átt að lækka þessa tolla mjög verulega til þess að geta átt þess kost eða haft möguleika til í raun inni að hafa nokkurn viðræðugrundvöll við aðrar þjóðir um að fá fríðindi fyrir okkar innflutningsvörur, þar sem margar hverjar njóta nú orðið mjög óhagstæðra tollakjara, eftir að þessir innbyrðis tollar þessara tveggja efnahagsbandalaga sérstaklega, þar sem meginhluti okkar viðskipta er, eru úr sögunni.

Á þessu stigi er ekki hægt að segja um það, hver verður okkar stefna varðandi aðild að efnahagssamtökum annarra þjóða. Það hefur mikið verið rætt um hugsanlega aðild okkar að Fríverzlunarbandalaginu. Um það skal ég ekki segja á þessu stigi. Það þarf miklu nánari athugunar við. En hvað sem því líður, er það alveg ljóst, að við verðum að taka tollakerfi okkar til heildarendurskoðunar með það fyrir augum að lækka hina háu tolla og skapa þannig grundvöll að því, að við getum tekið þátt í eðlilegum viðræðum við aðrar þjóðir varðandi tolla þá, sem þær leggja á okkar vörur.

Með hliðsjón af þessu hefur ríkisstj. talið nauðsynlegt að leggja grundvöll að því að marka heildarstefnu í tollamálum og reyna nú á þessu ári, eins og ég segi, hvað sem líður aðild okkar að EFTA, þá verði engu að síður að því unnið að gera heildarathugun á aðstöðu okkar

varðandi lækkun innflutningstolla. Hér kemur að sjálfsögðu margt til greina, sem þarf að hafa í huga. Ég hef þegar getið um það, sem neyðir okkur til þess að vinna að slíkri tollalækkun, sem er sú þróun, sem er í heiminum almennt og hlýtur að leiða af sér, að við verðum að vera hlutgengir í því efni, ef við eigum að eiga samvinnu við aðra, sem við neyðumst til að eiga í einhverju formi. En vandamálin innanlands eru hins vegar tvíþætt. Annars vegar eru hagsmunir íslenzks iðnaðar, sem verður mjög vendilega að gæta að, og hins vegar, sem ekki er kannske minna atriði, er fjáröflun ríkissjóðs. Einmitt hinir háu aðflutningstollar eru geysilegur þáttur í tekjuöflun ríkissjóðs, þannig að í fjárl. ársins 1966 eru aðflutningsgjöld alls áætluð 40.7% af tekjum ríkissjóðs. Það er því sjáanlega hér um mikið vandamál að ræða, hvernig á að mæta þessum tekjumissi, ef til verulegra tollbreytinga kemur. Þetta þarf því allt að skoðast mjög vendilega.

En þó að þessir erfiðleikar séu fyrir hendi, eru rökin fyrir því að kanna málið til hlítar svo brýn, að ríkisstj. hefur ákveðið að láta fram fara heildarathugun á þessu máli nú á þessu ári. Og hún hefur nú fyrir skömmu falið annars vegar tollanefndinni, sem hefur með höndum heildarathugun tollamálanna og tollskrárinnar, og hins vegar svokallaðri GATT-nefnd, sem hefur fylgzt með þróun viðræðna innan Alþjóðatollamálastofnunarinnar, að framkvæma á því athugun á þessu ári, þannig að því verði lokið fyrir næsta haust, hvort auðið sé að stefna að því að lækka á næstu 4—5 árum aðflutningstolla um allt að 50%, þannig að 10% lækkun kæmi til framkvæmda á hverju ári. Og í þessu sambandi hefur þessum tveimur nefndum verið falið sérstaklega að athuga: Í fyrsta lagi, hvaða áhrif slíkar tollalækkanir hefðu á tekjur ríkissjóðs og hvernig mætti bæta ríkissjóði tapið, t. d. með því að leggja einhvern toll á vörur, sem nú eru tollfrjálsar eða lágtollaðar, og enn fremur með því að draga úr niðurgreiðslum. Í öðru lagi, hvaða vernd þyrfti að veita ákveðnum iðngreinum, t. d. með því að lækka strax um 10% hráefnistolla, en ekki fyrr en ári síðar tolla á þeim fullunnu vörum, sem hér eru framleiddar. Í þriðja lagi, hvaða áhrif tollbreytingar hefðu á verðlag og vísitölu framfærslukostnaðar. Og í fjórða lagi, hvaða vörur ætti að undanskilja hinni almennu tollalækkunaráætlun. Gæti þar verið um að ræða vörur, sem á að lækka lítið eða ekkert tolla á, svo og vörur, sem á að lækka tolla á fyrr en áætlunin gerir ráð fyrir.

Hér er sem sagt gripið á öllum þeim vandamálum, sem þarf að taka til athugunar í sambandi við tollabreytingarnar, þar sem rætt er um möguleikana á að lækka niðurgreiðslur til þess að bæta að einhverju leyti ríkissjóði tekjumissi. Það byggist á þeirri forsendu, að við almennar tollabreytingar eða tollalækkanir ætti að sjálfsögðu að gera ráð fyrir, að margar vörutegundir lækkuðu í verði, þannig að lækkun niðurgreiðslna þyrfti ekki að hafa í för með sér beinar verðhækkanir af þessum ástæðum. Þá er jafnframt lögð á það áherzla, að þessi athugun feli í sér rannsókn á aðstöðu iðnaðarins og m. a. verði það kannað, hvort hægt er að tryggja viðhlítandi aðlögunartímabil fyrir iðnaðinn, þannig að hann fái fyrst viss fríðindi varðandi sitt hráefni og tollabreytingarnar til lækkunar komi þá ekki til framkvæmda fyrr en alllöngum tíma eftir að þessi umþóttunartími iðnaðarins hefur hafizt.

Þetta er efni þeirrar athugunar, sem ríkisstj. hefur nú falið tollanefnd og GATT-nefnd að annast, og er að því stefnt, eins og ég áðan sagði, að þessi athugun geti legið fyrir það tímanlega, að ríkisstj. hafi getað áttað sig á þessum niðurstöðum n., áður en næsta Alþ. kemur saman.

Ég tel ekki ástæðu, herra forseti, til þess að ræða þetta nánar, en taldi nauðsynlegt í sambandi við þetta frv., að þessi meginsjónarmið kæmu fram af hálfu ríkisstj. varðandi hennar viðhorf í tollamálunum almennt, miðað við það mikla vandamál, sem hér er um að ræða og öllum hv. þdm. er fullkunnugt um, að er ofarlega á baugi meðal flestra eða allra okkar nágrannaþjóða í dag. Í því efni sem sagt tjóar ekki það eitt að fylgjast með, heldur þurfum við einnig að gera ráðstafanir til þess eða a. m. k. að gera okkur grein fyrir því, hvernig við getum mætt þeim vandamálum, sem skapast af aðgerðum annarra þjóða í þessu efni, auk þess að sjálfsögðu sem það skiptir meginmáli, að reynt sé að hafa sem mest samræmi í vöruverði hér innanlands og erlendis. Og tvímælalaust getur stefnan í tollamálum haft mjög verulega þýðingu fyrir kjaramál almennings almennt og því skylt að rannsaka til hlítar, hvað hægt er að gera í þessum efnum, einmitt með þessi sjónarmið í huga, að tryggja sem bezt aðstöðu okkar út á við viðskiptalega og inn á við að skapa hinum almenna borgara sem bezt viðskiptakjör.

Ég legg svo til, herra forseti, að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til fjhn. með 13 shlj. atkv.

Á 58. fundi í Ed., 31. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 352, n. 411, 412, 419).

Frsm. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Fjhn. hefur haft frv. það, sem hér liggur fyrir, til meðferðar á nokkrum fundum. Kvaddi hún m. a. á sinn fund Björn Hermannsson deildarstjóra í fjmrn., sem gaf n. ýmsar upplýsingar varðandi hina tæknilegu hlið þessa máls. Eins og nál. á þskj. 411 ber með sér, leggur n. til, að frv. verði samþ., en einstakir nm. áskilja sér þó rétt til þess að flytja eða fylgja brtt., og tveir hv. nm. hafa skrifað undir nál. með fyrirvara og lagt fram brtt. á sérstöku þskj.

N. hefur komið sér saman um að flytja sameiginlega á þskj. 419 tvær brtt. Önnur fjallar um það að setja bleiur, óháð því, úr hvaða efni þær eru, í einn tollflokk. Er talið af tollyfirvöldum, að það muni auðvelda framkvæmd þess að tolla þá vöru, sem hér er um að ræða. Nú eru bleiurnar í 70—90% tollflokki eftir því, úr hvaða efn-

um þær eru, en verða nú settar í einn tollflokk með 70%.

Síðari brtt. er flutt að ósk fjmrn. Sú ósk barst að vísu ekki fyrr en n. hafði afgreitt málið, en ég bar þetta undir nm., sem ég náði til, og féllust þeir á það, að n. flytti þessa brtt. Einn nm. náði ég að vísu ekki í, en ég vænti þess tæpast, að ágreiningur verði um, að rétt sé að koma til móts við þessa ósk. Að öðru leyti skýrir brtt. þessi sig sjálf.

N. hafa borizt nokkur erindi, og hefur hún ekki getað fjallað um þau öll enn þá, en mun afgreiða þau áður en 3. umr. um málið fer fram.

Meginefni þessa frv. er að öðru leyti, eins og fram kom í framsöguræðu hæstv. fjmrh. við 1. umr. málsins, lækkun á hlutum í tilbúin hús og lækkun tolls á sementi, og er þetta gert í samræmi við samkomulag við verkalýðsfélögin á s. l. sumri í þeim tilgangi að lækka byggingarkostnað og auka byggingarframkvæmdir. Önnur ákvæði frv. eru yfirleitt minni háttar leiðréttingar, sem tollskrárnefnd hefur lagt til, að gerðar yrðu, og sé ég ekki ástæðu til að ræða þær frekar, enda yfirleitt um mjög tæknileg atriði að ræða.

Það er eðlilegt, þegar frv. um breytingu á tollskránni er lagt fyrir hv. Alþingi, enda þótt slíkt frv. sé ekki á breiðara grundvelli en það, sem hér liggur fyrir, að tollamálin almennt beri á góma í því sambandi, og tel ég því rétt, m. a. með tilliti til brtt., sem þegar hafa fram komið, að fara nokkrum orðum um þá hlið málsins, án þess þó að það sé tilgangur minn með slíku að stofna til ýtarlegra umræðna um það efni. N. hefur þó ekki fjallað um þessa hlið málsins, svo að það, sem ég segi um það, stendur þannig fyrir eigin reikning.

Skömmu eftir að ríkisstj., studd af núv. stjórnarflokkum, kom til valda haustið 1959, var undir forustu þáv. fjmrh., Gunnars Thoroddsens, hafizt handa um gagngera endurskoðun tollakerfisins, og svo sem fram kom hjá hæstv. fjmrh. við 1. umr., stendur sú endurskoðun raunar yfir enn, þótt mikilvægar breytingar hafi verið gerðar á þeim tollaákvæðum, sem þá giltu, frá því að endurskoðunin hófst, en sú mikilvægasta var gerð með samþykkt nýrrar tollskrár árið 1963. Það er því ekki óeðlilegt, að sú spurning vakni í fyrsta lagi, að hverju sé stefnt í þessum efnum og hvers vegna nauðsynlegar umbætur þurfi að taka svo langan tíma. En stefnan í tollamálum verður auðvitað að vera í samræmi við stefnuna í efnahagsmálum almennt, ef vel á að fara. Að því hefur verið stefnt, síðan núverandi stjórnarsamvinna hófst, að samræma verðlag hér á landi því, sem er í mikilvægustu viðskiptalöndum okkar, þannig að viðskipti okkar við aðrar þjóðir geti orðið sem frjálsust á grundvelli þess verðlags, sem á heimsmarkaðinum ríkir hverju sinni, þannig að mælikvarðinn á það, hvaða vörur við flytjum inn og hvaða vörur við flytjum út, sé sá, hvað sé hagkvæmt miðað við verð á alþjóðlegum markaði. En áður hafði innlenda verðlagið verið í litlum tengslum við hið erlenda og því enginn grundvöllur fyrir frelsi í gjaldeyris- eða innflutningsmálum, en allar ákvarðanir um innflutning, hvaða vöru skyldi flytja inn, hve mikið og af hverjum voru teknar af þar til skipuðum innflutningsnefndum, sem settu sér þá um þetta reglur af brjóstviti sínu hverju sinni, en þá hlið málsins sé ég ekki ástæðu til að ræða frekar í því sambandi.

Það er auðvitað fjarri mér að halda því fram, að enn hafi tekizt að fullu að koma þessum stefnumálum í kring, og hafa tollamálin þrátt fyrir þær aðgerðir til bóta í þeim efnum, sem þegar hafa verið framkvæmdar, verið einna erfiðasti þröskuldurinn að stíga yfir. Þess má geta, að skv. ríkisreikningi fyrir s. l. ár, árið 1964, námu aðflutningsgjöld nær 50% af heildartekjum ríkissjóðs, en til samanburðar má geta þess t. d., að samsvarandi tala fyrir Danmörku s. l. ár hefur verið um 3%, þannig að aðflutningsgjöldin þar nema um 3% af heildartekjum ríkisins. Hin háu aðflutningsgjöld eru þrándur í götu þess, að aðlaga megi verðlag okkar því, sem er í viðskiptalöndum okkar, og fá þannig hagkvæman mælikvarða á það, hve viðtæk utanríkisverzlun okkar eigi að vera. Og rétt er að taka það fram, að þó að hv. stjórnarandstaða hafi í mörgu reynzt ríkisstj. erfið og torveldað framkvæmd stefnu hennar, þá verður ekki sagt, að nauðsynlegar tollalækkanir til framkvæmdar áðurnefndri stefnu hafi strandað á hennar andstöðu, heldur þvert á móti hefur hún viljað hraða þeirri ferð, eins og m. a. framlagðar till. hennar nú bera með sér, og ganga þessar till. þó skemmra en oft hefur verið við hliðstæð tækifæri.

En ástæðurnar fyrir því, að ekki hefur þótt fært að hraða ferðinni í þessum efnum meira en raun er á, eru aðallega tvær. Í fyrsta lagi tillitið til þarfa ríkissjóðsins að sjá honum fyrir öðrum tekjustofnum, ef þessi langmikilvægasti tekjustofn ríkissjóðs, eins og nú er, er skertur. Nú er það að vísu þannig, að lækkun tolla þarf ekki alltaf að þýða minni tekjuöflun fyrir ríkissjóð. Sé um nevzluvöru að ræða, lækkar tollurinn að vísu á einingu, en innflutningurinn vex að öðru óbreyttu, þannig að einingarnar, sem tollurinn er innheimtur af, verða fleiri, enda mun sú oft hafa orðið raunin á, þegar tollar hafa verið lækkaðir, að tekjur ríkissjóðs hafa sízt minnkað vegna þess, heldur þvert á móti aukizt. Í öðru lagi má á það benda, að þegar fólk sparar vegna lækkaðra tolla, þá vex geta þess til þess að greiða aðra skatta. Hve mikið gildi þessi sjónarmið hafa, er þó komið undir því, hvers konar vörur er um að ræða, og hvað snertir framlagðar tillögur frá þeim tveim hv. þm. Framsfl., sem sæti eiga í n. og ganga aðallega út á það að lækka verulega tolla á hinu algengasta timbri, þá má á það benda, að það má telja litlar líkur á því, að innflutningur á þessum vörum mundi aukast, þó að tollarnir væru lækkaðir, og stafar það af því, að litlar líkur eru á því, að byggingarframkvæmdir mundu í sjálfu sér aukast, þó að tollar á byggingarefni væru lækkaðir, vegna þess að það er vinnuaflsskorturinn, sem fyrst og fremst hindrar það, að byggt sé meira en raun er á. Í sambandi við þessar till. má því gera ráð fyrir því, að ef samþykktar yrðu, yrði ríkissjóður fyrir allmiklu tekjutapi, þannig að meiri hl. n. hefur ekki treyst sér til þess að styðja þessar till., þar

sem ekki er um það að ræða, að séð yrði fyrir nýrri tekjuöflun á annan hátt.

Annað atriði, sem er þó e. t. v. kannske öllu meira vandamál í sambandi við tollalækkun heldur en sú hliðin, sem að ríkissjóði snýr, er aðstaða innlenda iðnaðarins. Það hafa margar iðngreinar verið byggðar upp í skjóli haftabúskaparins, hvað sem um hann má segja að öðru leyti. Sú uppbygging hefur í mörgum tilvikum verið óhagkvæm. En fyrir hinu má ekki loka augunum, að fjöldi fólks hefur þar vinnu, og menn hafa í góðri trú, oft fyrir hvatningu stjórnarvaldanna, lagt fjármuni sína í slíkan atvinnurekstur. Því verður að fara hægt í allar aðgerðir, sem raska aðstöðu þeirra atvinnugreina, sem hér eiga hlut að máli, í verulegum mæli.

Nú vænti ég þess ekki, að um þetta atriði sé í sjálfu sér ágreiningur, enda snertir þessi hlið málsins ekki svo mjög frv. það og aðrar till., sem hér liggja fyrir, en í þessu er að mínu áliti öðru fremur fólgin skýringin á því, að framvinda þessara mála hefur ekki verið með meiri hraða en raun er á.

Helgi Bergs: Herra forseti. Ég skal nú ekki lengja umr. mikið, það er liðið á fundartímann og sýnilegt, að hv. þm. vilja nú gjarnan fara að ljúka fundi, og þó að ræða hv. frsm. hefði getað gefið tilefni til umr., skal ég láta það kyrrt liggja að sinni og láta við það sitja að gera grein fyrir fyrirvara hv. 1. þm. Norðurl. e. og mínum, en við höfum skrifað undir álit n. með fyrirvara, gera grein fyrir fyrirvara okkar og brtt.

Þetta frv., sem hér liggur fyrir, fjallar fyrst og fremst um það að lækka tolla á tilbúnum húsum og húsahlutum, og hv. frsm. meiri hl. gerði grein fyrir því, að það væri gert í því skyni að lækka byggingarkostnað og auka framkvæmdir. Um það er að sjálfsögðu ekki nema gott að segja, að þetta hvort tveggja sé gert, svo sem frekast er kostur. Og þegar þannig er ástatt, eins og nú er á okkar framkvæmdamarkaði, að við komumst ekki yfir allt, sem við ætlum að gera, er í sjálfu sér sízt við því að amast, þótt við fáum eitthvað af því, sem við komumst ekki yfir hvort eð er, gert erlendis. En til þess að þessi markmið náist, virðist okkur, sem skrifum undir nál. með fyrirvara, ekki nauðsynlegt að raska þeirri tollvernd verulega, sem innlendur byggingariðnaður nýtur. Við höfum þess vegna álitið, að það eigi um leið að lækka tolla á algengustu byggingarvörum nokkuð til samræmis við hina lækkuðu tolla á fullunnum húsum eða hálfunnum byggingarhlutum, og brtt. okkar, sem við leggjum fram á þskj. 412, lúta að þessu.

Hv. frsm. meiri hl. nefndi það hér áðan, að í skjóli haftabúskaparins, eins og hann orðaði það, hefði risið hér upp ýmiss konar iðnaður. Ég geri nú ráð fyrir því, að hv. þm. hafi ekki átt við það, að byggingariðnaðurinn væri út af fyrir sig óheilbrigður iðnaður, sem hér hefur vaxið upp í skjóli haftabúskapar, því að það getur ekki verið meining hv. þm. En það er þó alveg ljóst, að ýmis iðnaður, sem okkur er nauðsynlegur og hér er heilbrigt að starfrækja, þarf nokkra tollvernd, og það er eðlilegt, að hann hafi nokkra tollvernd. Við höfum þess vegna talið rétt, að sú tollvernd, sem byggingariðnaðurinn nýtur, sé ekki rýrð að sinni, ekki sízt vegna þess, að á öðrum vígstöðvum er tollvernd innlendra atvinnuvega, innlendrar framleiðslu sífellt að minnka vegna þeirrar röskunar á innlendum tilkostnaði, sem á sér stað vegna dýrtíðarþróunarinnar. Við höfum líka á undanförnum árum haft af því reynslu, sem ekki er í alla staði æskileg, hvernig minnkuð tollvernd, bæði af hálfu löggjafans í formi breytinga á tollskránni sjálfri og eins sú minnkun tollverndarinnar, sem á sér stað við dýrtíðarþróunina, hefur leikið sumar iðngreinar í landinu, og teljum ekki, að sú reynsla bjóði til þess, að því sé haldið áfram að sinni. Það er rétt, sem kom hér fram hjá hv. 8. þm. Revkv. áðan, að minni hl., eins og hann nefndi það, a. m. k. Framsfl., hefur ekki lagt stein í götu þess, að sú stefna hæstv. ríkisstj. fengi framgang, að tollverndin væri nokkuð minnkuð í því skyni að samræma verðlag innanlands erlendu verðlagi. En við höfum á hinn bóginn lagt áherzlu á það, að til þess að það gæti gerzt farsællega, þyrfti að efla samkeppnisgetu iðnaðarins með ýmsu öðru móti, til þess að hann geti aðlagað sig nýjum skilyrðum. Það sjónarmið hefur að vísu verið viðurkennt, en þær ráðstafanir, sem gerðar hafa verið í þessu skyni, hafa ýmist ekki verið nægilegar eða þær hafa eyðilagzt í dýrtíðarflóðinu.

Ég held, að ég geti látið þetta nægja til skýringar á þeim brtt., sem við flytjum á þskj. 412 og fela í sér lækkun á tolli á algengasta húsasmíðatimbri, mótatimbri, ofan í 20%, sem er það sama og sementstollur á nú að fara í, og sömuleiðis fela brtt. okkar í sér lækkun á stevpustyrktarjárni ofan í 20% líka. Við höfum kosið að flytja ekki að þessu sinni aðrar brtt., en þær, sem snerta það grundvallaratriði, sem stjfrv. felur í sér.

Ég vil hins vegar ekki láta hjá líða að minna á það í þessu sambandi, að við höfum talið nauðsynlegar breytingar á tollskránni, ekki sízt í því skyni, sem ég var áðan að nefna, að efla samkeppnisaðstöðu innlendrar framleiðslu með því að fella niður tolla af vélum til framleiðslunnar. Í fyrra voru þeir tollar lækkaðir nokkuð, — úr 35% niður í 25% fyrir flesta innlenda framleiðslu, fyrir flestar vélar, sem framleiða fyrir innlendan markað, og lækkað meira fyrir vélar til útflutningsiðnaðarins. Við fluttum þá brtt. um frekari lækkun í þessu skyni og teljum þær enn nauðsynlegar, þó að við höfum kosið að flytja ekki brtt. um það að sinni, til þess að láta málið snúast um það grundvallaratriði, sem hér er um að ræða. Sama máli gegnir um till., sem við höfum áður flutt og álítum enn tímabærar. Á ég þar við till. um lækkun tolla á heimilistækjum, sem við höfum einnig flutt hér áður, þegar tollskráin hefur verið til meðferðar, úr 80% ofan í 50%. En sem sagt, að þessu sinni munum við ekki taka þær till. upp, það verður þá að bíða annars tíma til að drepa ekki því máli á dreif, sem hér er um fjallað.

Ég vænti þess, að hv. dm. sjái sér fært að samþykkja þessar brtt. okkar á þskj. 412, sem miða að því að lækka byggingarkostnaðinn í landinu á öðrum byggingum en þeim, sem flutt-

ar eru inn fullbúnar eða hálfsmíðaðar, sem auðvitað er og verður meginþorri byggingana í landinu, og í öðru lagi lúta að því að koma til móts eða jafna nokkuð metin fyrir innlendan byggingariðnað vegna þeirrar lækkunar á tilbúnum húsum og hálfbúnum, sem þetta frv. felur í sér.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Það voru aðeins nokkur orð. Ég vil fyrst og fremst þakka hv. n. fyrir afgreiðslu þessa máls og sérstaklega það, að n. hefur haldið sig við það viðfangsefni, sem þessu frv. var ætlað að þjóna, og kom það fram í ræðu hv. 6. þm. Sunnl., sem hér var að ljúka sínu máli, og ég er honum þakklátur fyrir, að það hefur ekki verið farið út í það að drepa málinu á dreif með því að flytja við það brtt. um ótalmarga hluti, sem menn kynnu að hafa áhuga á og ekki varða þetta sérstaka viðfangsefni. Ég þarf naumast að taka það fram, því að það mun áreiðanlega vera ljóst hv. 6. þm. Sunnl. og þeim flm. þeirrar brtt., sem hér er um að ræða, að það er auðvitað ekki með nokkru móti auðið að samþykkja þær till. af þeirri ástæðu, að hér er um að ræða mjög stórfellt tekjutap fyrir ríkissjóð, sem er ekki hægt, eins og nú standa sakir, að mæta nema þá með því, að menn séu reiðubúnir til þess að afla fjár til ríkissjóðs með öðrum hætti. Þetta er ljóst mál, að hér er um að ræða innflutning, sem er svo mikill á ári hverju, að þarna er um að ræða mjög verulegar fjárhæðir. Ef það væri ekki, hefði vafalaust áður verið farið inn á þær brautir að lækka aðflutningsgjöld af byggingarefni og þessum almennu vörum, því að það hefur mönnum vitanlega alltaf verið ljóst að það væri úrræði til að lækka byggingarkostnað að lækka þessa tolla, og er það út af fyrir sig ekkert nýtt mál. Hitt álít ég, að þurfi ekki að óttast, enda kom það skýrt fram í ræðu hv. 6. þm. Sunnl., að enda þótt sú breyting sé gerð á tollskránni, sem hér er gert ráð fyrir, vofir enginn ótti yfir innlendum byggingariðnaði af þeim sökum. Það þarf auðvitað ekki að taka það fram, sem hann raunar sagði, að það dettur auðvitað engum í hug, að það eigi að fara að vega að innlendum byggingariðnaði. Hann hefur sínu mikilvæga hlutverki að gegna. En miðað við þá geysilegu þenslu, sem hv. 6. þm. Sunnl. réttilega benti á, að nú væri til staðar í byggingariðnaðinum, þarf áreiðanlega ekki að óttast það, þó að þessar ráðstafanir séu gerðar að sinni, að það skapi neina erfiðleika í þeim iðnaði.

Eins og ég sagði í frumræðu minni, hefur að öðru leyti verið ákveðið og það er þegar komin í gang athugun á því að framkvæma nú á þessu sumri heildarathugun á möguleikum mjög víðtækra tollalækkana á næstu árum, sem að sjálfsögðu einnig nær þá til þessara vara sem annarra, og með hliðsjón af því tel ég ekki nauðsynlegt á þessu stigi eða æskilegt að gera aðrar breytingar á tollskránni en menn hafa hér komið auga á, að auðið væri að gera til þess að létta af þessari spennu í byggingariðnaðinum og auðvelda innflutning þeirra tilbúnu húshluta, sem hér er um að ræða. Byggingarefnið kemur þá til athugunar á sínum tíma ásamt auðvitað ótalmörgum vöruflokkum, sem við vitum öll, að má segja, að séu hér óeðlilega háir tollar á, sem stafar ekki hvað síst af því, sem hv. frsm. fjhn. hér tók fram eða fjhn. hélt fram, að hér er um að ræða geysiháa tekjustofna fyrir ríkissjóðinn, þar sem aðflutningsgjöldin nema í heild næstum helmingi af öllum tekjum ríkisins.

Ég vildi láta þetta aðeins koma hér fram. Það er ekki vegna þess, að ég raunverulega sé andvígur því, að það væri hægt að lækka tolla á byggingarvörum, ef auðið væri, því fer fjarri, heldur hygg ég, að raunverulega geri allir menn sér grein fyrir því, einnig flm till., að það er vitanlega ekki auðið að samþykkja þær tollalækkunarbreytingar, eins og sakir standa nú.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 59. fundi í Ed., 1. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 412,1 felld með 10:7 atkv.
— 419,1 samþ. með 15 shlj. atkv.
— 412,2 felld með 10:7 atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 419,2 samþ. með 16 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 60. fundi í Ed., 4. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 441).

Frsm. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Frá því að frv. það, sem hér liggur fyrir, var til 2. umr. í þessari hv. d., hefur fjhn. borizt erindi frá fjmrn., þar sem farið er fram á það, að n. flytji brtt. við frv., við 35. lið þess, eins og það er nú varðandi tollun bifreiða í jeppaflokki. Erindi þetta var tekið til meðferðar á fundi n., sem haldinn var rétt áður en þessi deildarfundur hófst, og var fallizt á það af viðstöddum nm., að við tilmælum rn. yrði orðið í þessu efni, en tveir hv. nm., þeir hv. 6. þm. Sunnl. og hv. 4. þm. Norðurl. e., tóku þó fram, að þeir hefðu óbundnar hendur við atkvgr. um málið.

Brtt. sú, sem hér er um að ræða, gengur út á það að rýmka nokkuð skilyrði fyrir því, að bifreiðar komist í tollflokk jeppa. Þessi skilyrði hafa að vísu verið rýmkuð talsvert með frv. frá því, sem áður var, þannig að bilið milli miðdepla ása, sem er skilyrði fyrir því, að bifreiðarnar séu settar í þennan tollflokk, sem áður var 94 þml., var hækkað upp í 100 þml. Nú hefur komið í ljós, að hér eru á markaðnum jeppar, þar sem þetta bil er 101 þml., og taldi fjmrn. því sanngjarnt, að þessar bifreiðar greiddu sama toll og aðrir jeppar. Skv. þessu flytur fjhn. d. eftirfarandi brtt. við frv., eins og það nú liggur fyrir, að við 1. gr. 35. lið er gerð sú breyt., að nr. 870237 hljóði svo: „Bifreiðar í jeppaflokki með ekki meira bil en 101 þml. milli miðdepla ása“ — en þetta var 100 þml. í frv., eins og það nú liggur fyrir. Ég vil því biðja hæstv. forseta að leita afbrigða í hv. d. fyrir því, að þessi till.

megi koma hér til umr., og afhendi honum hér með till.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 453) leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 453 samþ. með 12 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 67. fundi í Nd., 5. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 454).

Á 68. fundi í Ed., 12. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Því var fyrir nokkru lýst yfir af hálfu ríkisstj., að hún mundi beita sér fyrir því að lækka tolla af tilbúnum húsum og húshlutum í þeim tvíþætta tilgangi að lækka annars vegar byggingarkostnað og hins vegar að létta á þeirri miklu spennu, sem er á byggingarmarkaðinum. Það er öllum hv. þdm. fullkunnugt, hvernig ástatt er í þeim efnum, að þar er þensla hvað mest í þjóðfélaginu og raunar framkvæmdir á því sviði miklum mun meiri en vinnuafl leyfir. Af þessum sökum þótti nauðsynlegt að gera ráðstafanir í þá átt, sem ég hef hér getið um, og m. a. var það þáttur í viðræðum, sem áttu sér stað í sambandi við þær sérstöku framkvæmdir, sem undirbúningur er hafinn að í samræmi við samkomulag við verkalýðsfélögin, að byggja í stórum stíl íbúðir fyrir meðlimi verkalýðsfélaga, reyna þar í senn að hagnýta hina fullkomnustu tækni og finna úrræði til þess, að þær byggingar gætu orðið sem ódýrastar.

Frv. það til breytinga á tollskránni, sem hér liggur fyrir, er fyrst og fremst flutt til þess að fullnægja þessari yfirlýsingu ríkisstj., og er því meginkjarni frv. sá, að lækkaðir eru tollar á tilbúnum húsum, sem nú eru ýmist í 50—60% tolli eftir því, úr hvaða efni þau eru byggð, og niður í 40% toll, og jafnframt er lækkaður tollur af föstum innréttingum í hús, sem nú er 90% tollur af, en lagt til, að verði 60% tollur. Það var svo nauðsynlegt um leið að gera nokkrar tollalækkanir á einstökum vörum til húsbygginga, einkum lásum og skrám, til þess að þar yrði ekki um öfuga tollvernd að ræða, og hafa ýmsar smávörur í sambandi við byggingar í þeim tollflokki verið lækkaðar úr 70 í 40%. Þá er jafnframt gert ráð fyrir því, að tollur af innfluttu sementi lækki úr 35% í 20%. Það er nokkuð svipað því, sem gilti um sement fyrir nokkrum árum, en var síðan hækkað, þegar tollskráin var síðast endurskoðuð. Sú hækkun þykir ástæðulaus, og hér sé um nægilega tollvernd að ræða fyrir innlenda sementsgerð, enda aldrei gert ráð fyrir öðru en hún yrði samkeppnisfær við erlenda sementsframleiðslu, og því er lagt til, að tollur á sementi verði lækkaður sem þessu nemur.

Svo sem hv. þm. sjá, eru allmörg atriði önnur í þessu frv., en þau atriði eru almennt þess eðlis, að hverju sinni koma fram ýmis atriði, sem koma í ljós við nánari athugun, eftir að tollskrá er samþ. Annaðhvort er um að ræða nýjar vörur eða þá að óeðlilegt ósamræmi hefur af gáleysi skapazt á milli einstakra vöruflokka, og allar þær breytingar aðrar, sem hér er um að ræða í þessu frv., eru þannig til komnar. Það er ekki um að ræða, að hér sé farið inn á þær brautir að raska neinum tollum, sem neinu máli skipta, og m. a. ekki varðandi iðnaðinn, hvorki hráefnatollum né tollum á tilbúnum vörum. Það er stærra mál, sem að sjálfsögðu þarf nánari athugunar við og ég mun víkja að síðar.

Vitanlega hefur það komið fram í sambandi við þetta frv., sem gengið hefur í gegnum hv. Ed., að það eru ýmis atriði, sem þm. hafa í huga og gjarnan vildu fá breytt. Það var hins vegar samkomulag um það í Ed., sem ég vona, að geti einnig orðið hér, að inn á þær brautir verði ekki farið, heldur að menn í sambandi við þetta frv. haldi sér að þeim meginatriðum, sem frv. fjallar um, þ. e. a. s. byggingarvörunum.

Við undirbúning frv. kom í ljós, að það eru ýmis atriði, burtséð frá því sérstaka vandamáli, sem er hin almenna tollastefna, er þarf að taka til athugunar og mun verða gert við undirbúning næstu breytinga á tollskránni, og skal ég þar einkum víkja að þremur atriðum, sem kann að vera, að komi upp við athugun málsins í n. í þessari hv. deild.

Það eru í fyrsta lagi vísinda- og kennslutæki, sem hafa komið fram ákveðnar óskir um, að tollar verði felldir niður á. Á vísindatækjum er heimilt að lækka tolla niður í 35%, eins og nú standa sakir, og hefur sú heimild verið notuð. Hins vegar er hér um mjög viðtækt vandamál að ræða og yfirgripsmikið, þannig að við nánari athugun þótti sýnt, að ekki væri auðið að framkvæma þá heildarathugun á tollskránni, sem þyrfti að fara fram til þess að gera sér grein fyrir öllum slíkum tækjum og hvaða afleiðingar það kynni að hafa, ef almennt væru felldir niður af þeim tollar. Ég tel hins vegar rétt og það mun verða að því unnið af rn. og tollskrárnefnd að kanna þetta mál nánar, því að það er ljóst, að það þarf að finna betri lausn á tollamálum varðandi þessi tæki heldur en þegar er gert með þeirri heimild, sem ég hef áður getið um.

Þá er enn fremur um þann vanda að ræða, sem lengi hefur verið um rætt, en menn ekki fundið lausn á til þessa, en það er varðandi íslenzka bókagerð, sem má segja, að njóti öfugrar tollverndar, ef má nota svo slæmt hugtak, þar eð innfluttar bækur eru tollfrjálsar, en bæði pappír og ýmislegt annað efni til innlendrar bókagerðar er tollað. Þetta er mál, sem er mjög nauðsynlegt einnig að taka til rækilegrar athugunar og finna á því viðhlítandi lausn, því að þetta ástand getur að sjálfsögðu ekki varað.

Í þriðja lagi er vandamál, sem upp hefur komið og má gera ráð fyrir, að einhverjir kunni að hreyfa, og það er í sambandi við umbúðir um ýmsar vörur. Það er mikið ósamræmi í tollum á margvíslegum umbúðum og efni í umbúðir og það kom til álita að taka það nokkuð til athugunar í sambandi við þessa tollskrárbreytingu. En þar sem ekki var hafizt handa um þessa breytingu fyrr en nú eftir áramót, var ekki heldur auðið að framkvæma þá athugun, sem þarf til þess að gera sér grein fyrir, hvernig þetta umbúðavandamál verði leyst.

Varðandi undirbúning þessa tollskrárbreytingafrv. að öðru leyti skal það svo tekið fram, að það var ekki auðið að taka upp neinar breytingar, sem máli skiptu, sem leiddu af sér tolltekjumissi fyrir ríkissjóð. Fjárlög hafa þegar verið afgreidd. Svo sem hv. þdm. er kunnugt, voru þau afgreidd án nokkurs greiðsluafgangs og því ekki auðið að missa tolltekjur á miðju ári, ef hefði átt að fara út í veigamiklar breytingar. Það er ekki talið, að það, sem hér er um að ræða, valdi neinum verulegum áhrifum í þá átt. Þó að einn liður, sem ég nefndi, lækkun á lásum og skrám og ýmsum smávarningi, sem þar fylgir til bygginga, nemi nokkrum millj. kr. á ári, sá innflutningur, þá er ekki ástæða til þess að álíta, að það hafi neina verulega tekjurýrnun í för með sér, þegar á allt er litið.

Í heimildarákvæði tollskrárinnar, sem eru í þessu frv., eru tekin inn þrjú atriði. Tvö þeirra eru hv. þm. vel kunn, vegna þess að þau hafa áður verið afgreidd í sambandi við fjárlög frá ári til árs. Það er að endurgreiða aðflutningsgjöld af kvikmyndasýningavélum fyrir samkomuhús í sveitarfélögum. Það er að sjálfsögðu mun eðlilegra að hafa það í tollskrá, úr því að það hefur verið ítrekað endurtekin sú heimild í fjárl. Og í öðru lagi er mál, sem hefur í praxís verið framkvæmt þannig, þó að heimild hafi verið mjög vafasöm, að gefa eftir gjöld af ýmsum sölumerkjum, sem góðgerðafélög hafa flutt inn til þess að selja í fjáröflunarskyni fyrir viðkomandi félagssamtök. Rn. hefur oft gefið eftir þessi gjöld, þó að, eins og ég segi, sé mjög hæpin heimild fyrir því. En ég geri ráð fyrir, að allir þdm. séu sammála um, að það sé ekki eðlilegt, að það sé verið að tolla slík merki, sem út af fyrir sig eru verðlaus, en hafa aðeins verðgildi að því leyti, að þau eru notuð til sölu í fjáröflunarskyni fyrir þessi góðgerðafélög.

Og þá er enn fremur í þriðja lagi heimild til þess að endurgreiða gjöld af efni til uppsetningar á vatnsúðunarkerfum í kartöflugörðum, þ. e. að það verði innheimtur af því 10% verðtollur, svo sem er af flestöllum tækjum til landbúnaðarins. Það verður að hafa það form á að endurgreiða þennan toll, vegna þess að hér er um vörur að ræða, sem annars væri hægt að nota til ýmissa annarra hluta, og því ekki hægt að fella tollinn niður með öðrum hætti.

Á undanförnum árum hafa verið gerðar allverulegar breytingar á íslenzkum tollalögum og allar í þá átt að lækka tolla og samræma. Stærsta breytingin á því var gerð, þegar Brüssel-tollskráin var innleidd og heildarendurskoðun gerð á okkar tollskrá í því sambandi. Þá voru einnig sameinaðir þeir aðflutningstollar, sem áður voru í þrennu lagi, bæði verðtollur, vörumagnstollur og innflutningssöluskattur, í einn verðtoll, og hátollar hafa verið lækkaðir í áföngum. Þeir voru áður allt að 300%, en eru nú hæst 125%. Þá hafa enn fremur á undanförnum árum verið gerðar mjög veigamiklar lækkanir á vélatollum í sambandi við framleiðsluatvinnuvegina.

Ég skal ekki hér fara langt út í að ræða tollamálin almennt, en svo sem öllum er kunnugt, eru þau mál öll mjög í deiglunni hjá flestum nálægum löndum. Sérstök efnahagsbandalög hafa verið mynduð, sem hafa haft það að stefnumiði að fella niður alla tollmúra milli meðlimalandanna, og þetta leiðir að sjálfsögðu af sér margvísleg vandkvæði. Þau lönd, sem utan þessara bandalaga standa, og raunar bandalögin hver um sig hafa svo leitazt eftir að finna úrræði til þess, að ekki verði tollastyrjöld milli þessara bandalaga, og veigamesti þátturinn í þá átt hafa verið hinar svokölluðu Kennedy-viðræður, sem undanfarið hafa átt sér stað og að því hafa miðað að reyna að koma á tollasamkomulagi milli allra þessara aðila, sem að sjálfsögðu yrði í því fólgið að lækka almennt aðflutningstolla. Hvað sem verður um okkar þátttöku í efnahagsbandalögum, er alveg ljóst, að við verðum á næstu árum að ganga enn lengra í þá átt að breyta okkar tollkerfi og hverfa meira frá aðflutningstollum en nú er. Aðflutningstollar eru nú rúmlega 40% af öllum tekjum ríkissjóðs, og gefur auga leið, hversu erfitt vandamál það er fyrir ríkissjóðinn að eiga að mæta þeim vanda að afla fjár með öðrum hætti, ef í tollalækkanir þessar verður ráðizt. Það er jafnframt annar þáttur þessa vandamáls, sem er kannske ekki minni og það er það, sem snýr að íslenzkum iðnaði. Margvíslegur iðnaður hefur vaxið upp að sumu leyti í skjóli hárra verndartolla, og aðstaða ýmiss þessa iðnaðar verður mjög erfið, ef skyndilega ætti að hverfa frá þeirri tollvernd, sem verið hefur. Þetta eru tvö stærstu vandamálin, sem við augum blasa í sambandi við lausn þess vanda að lækka aðflutningsgjöldin, þannig að við verðum hæfari til þess að taka þátt í þeirri samvinnu, sem kann að verða um tollamál, og raunar þó að við tökum ekki þátt í henni, neyðumst við óbeinlínis til þess að gera þetta til þess að skapa okkur samningsaðstöðu varðandi okkar útflutningsvörur, sem ella mundu að sjálfsögðu búa við mun óhagstæðari tolla, ef við ætluðum að beita viðskiptalönd okkar mjög þungum tollum á móti. Þetta hefur leitt til þess, að ríkisstj. hefur þótt nauðsynlegt að hefjast handa um heildarathugun á tollastefnunni og leita eftir því, hvort hægt mundi vera með tiltækum ráðum að stefna að því að framkvæma 50% tollalækkun á næstu 5 árum í áföngum, þannig að 10% tollalækkun ætti sér stað á hverju ári, ekki endilega jöfn í öllum greinum, en að meðaltali yrði um slíka lækkun að ræða árlega. Í samræmi við þetta hefur ríkisstj. nýlega falið tollanefndinni og GATT-nefndinni að framkvæma á því athugun nú fyrir næsta haust, hvort tiltækilegt mundi verða að marka einhverja heildarstefnu í þessa átt, og var þá n. sérstaklega í því sambandi falið að athuga: Í fyrsta lagi, hvaða áhrif slíkar tollalækkanir hefðu á tekjur ríkissjóðs og hvernig mætti bæta ríkissjóði tapið, t. d. með því að leggja einhvern toll á vörur, sem nú eru tollfrjálsar eða lágt tollaðar, og enn fremur með því að draga úr niðurgreiðslum. Í öðru lagi, hvaða vernd þyrfti að veita ákveðnum iðngreinum, t. d. með því að lækka strax um 10% hráefnistolla, en ekki fyrr en ári síðar tolla á þeim fullunnu vörum, sem hér eru framleiddar. Í þriðja lagi, hvaða áhrif tollabreytingar hefðu á verðlag og vísitölu framfærslukostnaðar. Og í fjórða lagi, hvaða vörur ætti að undanskilja

hinni almennu tollalækkunaráætlun. Gæti þar verið um að ræða vörur, sem á að lækka lítið eða ekki tolla á, svo og vörur, sem á að lækka tolla á fyrr en áætlunin gerir ráð fyrir. Það er hugmyndin, að þessari athugun verði lokið það snemma, að hún geti legið fyrir um það bil, sem næsta Alþ. kæmi saman. Það er ljóst, að það liggur á að hraða slíkri athugun, því að það kann að því að koma, að við verðum að gera upp okkar hug, Íslendingar, um það, hvort við ætlum að taka einhvern þátt í annaðhvort takmörkuðu eða allsherjar samkomulagi um tollamál, og dugir því ekki annað en að hafa markað sér einhverja stefnu í þeim efnum.

Þetta þótti mér vert, að kæmi fram í sambandi við þetta frv. til skýringar á því, að það er ekki víðtækara en það er á þessu stigi, en jafnframt það, að áfram er unnið í þeim anda að marka framtíðarstefnuna í tollamálunum í heild.

Ég legg svo til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til fjhn. með 24 shlj. atkv

---

Á 77. fundi í Nd., 25. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 78. fundi í Nd., 26. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 454, n. 566, 562).

Frsm. (Davíð Ólafsson): Herra forseti. Frv. þetta er komið frá hv. Ed., og fjhn. þessarar hv. d. hefur nú haft það til meðferðar og orðið sammála um að leggja til, að það verði samþ., en þó hafa sumir nm. skrifað undir með fyrirvara og áskilja sér rétt til þess að fylgja eða flytja brtt.

ATKVGR.

Brtt. 562 teknar aftur til 3. umr.

1. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.

2.—3. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv.

Á 79. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 454, 562).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Einar Ágústsson: Herra forseti. Það er vegna þess, að ég hef ásamt hv. 1. þm. Norðurl. v. leyft mér að flytja örfáar brtt. við þetta frv., sem ég kveð mér hér hljóðs við 3. umr., en ég var ekki viðstaddur, þegar 2. umr. fór fram, og dró þess vegna till. til baka til 3. umr. Með því að fundartími er mjög takmarkaður, skal ég reyna að stytta mál mitt mjög, en mér þykir þó hlýða að gera grein fyrir þessum brtt. með aðeins örfáum orðum.

Við höfum skrifað undir nál. með fyrirvara, við þessir tveir þm., sem ég áður gat um, og *ég vil gera grein fyrir því hvers vegna.*

Þetta frv. um breytingar á tollskránni fjallar fyrst og fremst um það að lækka tolla af tilbúnum húsum og húshlutum. Ástæðan fyrir því, að þetta frv. er flutt, er svo sem fram hefur komið af málflutningi hæstv. fjmrh. og þeirra annarra, sem túlkað hafa málið af hálfu ríkisvaldsins, sú, að það á að lækka með þessu byggingarkostnaðinn og auka framkvæmdirnar við byggingar. Ég geri ráð fyrir því, að það sé góðra gjalda vert að freista þessarar tilhögunar til þess að lækka byggingarkostnaðinn, sem er eitt af mestu vandamálum, sem við höfum hér við að glíma nú á þessum árum. Það sýnir náttúrlega ástandið á þessum atvinnumarkaði, sem við búum hér við, að menn skuli ekki sjá önnur ráð til þess að koma upp nauðsynlegum híbýlakosti fyrir landsmenn en að flytja inn tilbúin hús frá öðrum löndum og kaupa þannig vinnuna að. Það hefur áður verið reynt að lækka byggingarkostnað og hagnýta sér þessa leið, að flytja inn tilbúin hús. Sú aðferð hefur, eftir því sem ég veit bezt, fram undir þetta gefizt illa. Þau hús, sem hafa verið reist hér tilbúin og aðflutt, hafa reynzt illa, og ég vona, að á því geti orðið breyting nú, því að það eru vissulega vafasöm kaup að kaupa tilbúin íbúðarhús, ef þau reynast ekki betur en raun hefur borið vitni til þessa. En ég get nú ekki varizt því, að mér finnst, að í þessari leið að flytja inn tilbúin hús og húshluta, þó að ég sé út af fyrir sig ekki að mæla því í gegn, felist nokkur uppgjöf hjá þeim, sem átt hafa að framkvæma lög um húsnæðismálastofnun ríkisins. Eins og kunnugt er, er hlutverk húsnæðismálastofnunar tvíþætt. Það er annars vegar að skipta því fjármagni, sem ríkisvaldið lætur af mörkum hverju sinni til þess að lána til húsbygginga. Það er í sjálfu sér ekki vandasamt verk og ætti að vera hægt að vinna að mestu leyti í vélum, og þyrfti ekki margmennar nefndir til þess að sjá um það. En annað meginhlutverk húsnæðismálastofnunar er samkv. 3. gr. l. þar um að vinna að umbótum í byggingarmálum og lækkun á byggingarkostnaði með ýmsum þeim ráðstöfunum, sem taldar eru upp í nokkrum liðum þessarar 3. gr. laganna. Mér finnst, að það hafi ekki verið unnið nægilega skipulega að því að framkvæma þessa 3. gr.

Ég hef oft áður gert þetta hér að umtalsefni á hv. Alþ., og ég skal þess vegna stytta mál mitt mjög um það efni. En það eru taldar upp nokkrar leiðir, sem átti að fara til þess að lækka byggingarkostnaðinn. Þær hafa ekki gefizt betur en svo, að nú er helzta ráðið, sem menn sjá til þess að lækka byggingarkostnað, að flytja inn tilbúin hús. Ég hefði fyrir mitt leyti viljað, að a. m. k. jafnframt þessari lausn hefði verið haldið áfram að leggja áherzlu á í ríkara mæli en gert hefur verið að framkvæma 3. gr. l. um húsnæðismálastofnun ríkisins, því að ég tel það í sannleika sagt varhugaverða stefnu, ef það verður nokkurt verulegt framhald á því, að allir Íslendingar verði vinnukraftur við öflun hráefna. Það má vel vera, að það sé þjóðhagslega hagkvæmast, að við séum allir uppteknir við það að draga fisk úr sjó og flaka hann og vinna hann í frystihúsum okkar. En ég hygg, að það *sé ekki hollt fyrir þá stefnu, sem* við vissulega allir viljum fylgja, að byggja hér sjálfstætt þjóðfélag. Ég vil þess vegna leggja áherzlu á það, að jafnframt þessari leið, sem nú á að reyna og

ég er út af fyrir sig ekki að mæla gegn, sé reynt að ná þessu markmiði án þess að raska nokkuð verulega þeirri tollvernd, sem innlendur byggingariðnaður hefur notið. Ég álít því, að um leið og þessi leið er farin, eins og ég áðan sagði, væri æskilegt, ef hægt væri að lækka tolla á algengustu byggingarvörum nokkuð til samræmis við lækkaða tolla á fullunnum húsum eða hálfunnum byggingarhlutum.

Ég hygg, að það sé almennt skoðað eðlilegt, að við Íslendingar byggjum sem mest okkar hús sjálfir og byggingariðnaðurinn sé heilbrigð atvinnugrein og það ætti frekast að koma til móts við samtök byggingariðnaðarmanna, sem hafa margsinnis látið frá sér fara óskir um stærra átak í þá átt að auka fjöldaframleiðslu og lækka byggingarkostnaðinn á þann hátt og margan annan, sem þeir hafa nánar greint og oft hefur komið til umr. hér á hv. Alþ. Þetta er þeim mun nauðsynlegra, að lækka byggingarefnið að mínum dómi, sem vitað er, að vaxandi dýrtíð hefur gert aðstöðu þessarar iðngreinar mjög erfiða, og menn verða að athuga það, að í sambandi við gengisskráningu, ef hún er ekki alls kostar rétt, versnar hlutur íslenzkra iðngreina mjög í samanburði við erlenda framleiðslu. Þess vegna höfum við hv. 1. þm. Norðurl. v. og ég leyft okkur að bera fram þær brtt., sem ég er hér að mæla fyrir. En þær fela það í sér, að algengasta húsatimbur, mótatimbur fyrst og fremst, krossviðarplötur og fleira slíkt, sem notað er í innréttingar, svo og steypustyrktarjárn verði lækkað þannig, að tollurinn breytist úr 35% í 20%.

Þessar till. skýra sig algerlega sjálfar og ég skal ekki fara um þær fleiri orðum. Ég vil aðeins bæta því við, að við höfum tekið þann kost nú að flytja ekki fleiri brtt. við tollskrána til þess að koma til móts við þá áherzlu, sem hæstv. fjmrh. hefur lagt á það, að þetta væri aðalefni þeirra breytinga, sem hér um ræðir. Við teljum eftir sem áður fyllstu ástæðu til þess að gera frekari breytingar á tollskrá í samræmi við þær brtt., sem við höfum áður flutt. Ég leyfi mér t. d. að minna á tolla af heimilistækjum, sem við höfum margflutt till. til lækkunar um, ýmsar lækkanir á vélum til iðnaðar, sem við höfum einnig flutt till. um. Það hefur nokkuð verið komið til móts við þær, en að okkar dómi ekki algerlega nóg.

Ég vænti þess, að hv. þdm. sjái sér fært að samþykkja þessar brtt. okkar, sem miða að því, eins og meginefni þessa frv., sem hér um ræðir, að lækka byggingarkostnaðinn í landinu, lækka hann á þeim byggingum, sem íslenzkir iðnaðarmenn smíða, til samræmis við þá lækkun, sem nú verður samþ. á innfluttum húsum og húshlutum. Þetta hefði mikil áhrif fyrir byggingarkostnaðinn, því að ég geri ráð fyrir því, og það hefur raunar komið hér fram í málflutningi hjá fleirum, að eftir sem áður verði meginþorri bygginga hér byggður af íslenzkum iðnaðarmönnum sjálfum og fyrir efni, sem þeir flytja inn sem byggingarefni.

Ég veit, að það hefur verið talað um það, að ríkissjóður mundi ekki geta verið án þeirra tekna, sem nú eru teknar af byggingarefni. Ég skal viðurkenna það, að ég hef ekki reiknað eða látið reikna fyrir mig, hversu miklu tekjutap ríkissjóðs af þeirri tollalækkun, sem hér er um að ræða, mundi nema. En ég hygg, að með skírskotun til þeirra ástæðna, sem ég hef reynt að gera hér grein fyrir í eins stuttu máli og ég taldi mér frekast fært, sé það atriði, sem horfast verður í augu við, til þess að það samræmi milli bygginga innlendra iðnaðarmanna og innflutnings tilbúinna húsa, sem ég tel æskilegt, geti haldizt.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Ég vil fyrst nota tækifærið til að þakka hv. þdm., að þeir hafa farið að þeirri ósk minni að blanda ekki inn í þetta frv. ýmsum öðrum áhugamálum sínum um tollalækkanir, sem vitanlega margir bera fyrir brjósti, og þær till., sem hér liggja fyrir til breytinga, eru takmarkaðar við byggingarvörur. Ég verð hins vegar að taka það skýrt fram, sem ég þykist raunar vita, að hv. flm. komi ekki á óvart, að ég tel með öllu óaðgengilegt og útilokað, að það sé hægt að fallast á þær tollalækkanir, sem hér um ræðir. Byggingarefni er mjög mikill tekjuliður í sambandi við aðflutningsgjöld ríkissjóðs, og ef svo væri ekki, er það engum efa bundið, að það hefði á undanförnum árum verið gert meira í þá átt að lækka tolla á byggingarvörum, því að vissulega er það rétt hjá hv. 11. þm. Reykv., að lækkun tolla á byggingarvörum mun að sjálfsögðu stuðla að lækkun byggingarkostnaðar, og þannig má auðvitað segja um ótalmargt annað í okkar þjóðfélagi, að lækkun aðflutningsgjalda á margvíslegum vörum, sem hefur orðið að tolla til þessa, fyrst og fremst til tekjuöflunar og sumt af öðrum ástæðum, allt mundi það hafa áhrif í þá átt að gera ódýrari þá þjónustu, sem þar um ræðir. En það er að sjálfsögðu ekki nema önnur hlið málsins, því að þá verður á einhvern annan hátt að afla þess fjár, sem af ríkissjóði er tekinn með þeim hætti. Það er að sjálfsögðu ekki hugsunin með þeirri breytingu, sem gerð er á tollskránni varðandi lækkun tolla á innfluttum, tilbúnum húsum og húshlutum, að orka neitt í þá átt að brjóta niður innlendan byggingariðnað, það auðvitað kemur engum til hugar, vegna þess að hann á fullan rétt á sér. Hitt er annað mál, sem ég býst við, að við getum allir verið sammála um, að einmitt á þessum vettvangi er langmest þensla í okkar þjóðfélagi og það er útilokað, að það sé hægt að leysa allt það, sem við er að fást á sviði byggingariðnaðarins, og nú er fram undan, eins og hv. þm. vita, með samkomulagi verkalýðsfélaga og ríkisstj. mjög stórt átak í sambandi við byggingar íbúðarhúsa í stórum stíl, sem einmitt þessi löggjöf ekki hvað sízt á að greiða fyrir, þannig að þótt nú verði að því stuðlað og ávinnist eitthvað í þá átt, að inn verði flutt tilbúin hús og þar með að sjálfsögðu flutt inn erlend vinna, held ég, að það þurfi enginn að óttast, að það valdi neinum erfiðleikum varðandi það, að ekki verði nóg að vinna fyrir íslenzka byggingarmenn, enda er sem sagt meira gagnrýnt, að þar sé þenslan of mikil, heldur en hitt, að þar sé hætta á nokkru atvinnuleysi. Það er þess vegna samhliða því að stuðla með þessum hætti að lækkun bygging-

arkostnaðar, eins og ég tók fram í framsöguræðu um málið, ekki síður atriði að létta á þessu álagi og þessari miklu þenslu og á vissan hátt að opna þarna möguleikann fyrir því, að erlend vinna sé flutt inn, meðan landsmenn hafa nóg við annað að gera, hagnýt störf.

Ég get tekið undir það með hv. 11. þm. Reykv., að það ber að sjálfsögðu að leggja á það alla áherzlu, að sinnt verði því verkefni að leita tæknilegra úrræða til þess að lækka byggingarkostnað og húsnæðismálastjórn sinni því verkefni svo sem við verður komið. Með því er ég ekki að segja, að hún hafi ekki lagt sig fram um að gera þetta, ég þekki það ekki nægilega vel. En það er áreiðanlega áhugamál allra, að það verði að því unnið með öllum tiltækum ráðum að lækka byggingarkostnaðinn.

Ég vék að því í framsöguræðu minni, að nú hefði verið ákveðið af ríkisstj. að endurskoða allt tollakerfið á þessu sumri og rannsaka til hlítar, hvernig að því mætti stuðla að lækka þá háu aðflutningstolla, sem hér gilda. Að hve miklu leyti það kemur til með að snerta byggingarefni, skal ég ekki um segja. Það er of snemmt að segja um það. En ég held, að það væri algerlega ótímabært, einnig af þessari ástæðu, að fara að gera jafnvíðtækar breytingar og hér er gert ráð fyrir, og það hlýtur þá að vera nægur tími til þess að koma að þeim breytingum, þegar að því kemur að gera grein fyrir þeim till., sem fram koma eftir þessa heildarathugun, sem stefnir í þá átt að gera verulegar lækkanir á tollum og jafnhliða að sjá farborða íslenzkum iðnaði.

Ég sé ekki, herra forseti, ástæðu til þess að fara um þetta fleiri orðum, en endurtek það aðeins að lokum, sem ég vona, að hv. þdm. geti fallizt á, að ekki sé með nokkru móti auðið að framkvæma þá stórfelldu lækkun, sem hér er gert ráð fyrir á byggingarvörum, með hliðsjón af því, hvað þar er um að ræða mikla skerðingu á tekjum ríkissjóðs, svo sem gert er ráð fyrir í þeim fjárl., sem gilda fyrir yfirstandandi ár.

Einar Ágústsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð í tilefni af þessari síðustu ræðu hæstv. fjmrh. Hann segir, að það sé ekki hægt að koma til móts við þessar till. okkar hv. 1. þm. Norðurl. v. vegna þess, að það sé svo mikill tekjuliður í fjárl. tollarnir af byggingarefni. Eins og ég gat um í minni fyrri ræðu, var mér ljóst, að hér mundi verða um nokkra tekjuskerðingu hjá ríkissjóði að ræða, án þess að ég hefði tölur um, hverju það mundi nema. En ég vil í þessu sambandi leyfa mér að minna á, að ef það á að verða gagn að því til lækkunar á byggingarkostnaði að flytja inn tilbúin íbúðarhús, efni og vinnu, hlýtur afleiðingin af því að verða sú, að þetta sé í nokkuð stórum stíl, og þá mundi efalaust draga úr innflutningi á öðru byggingarefni, þannig að það frv., sem hér er til umr., sýnist mér, ef það er nokkuð annað en pappírsgagn, hljóta að verða til þess, að ríkissjóður verði fyrir tekjutapi. Ég veit ekki til þess, að í framkvæmd laganna, a. m. k. er það ekki í frv., að þar séu nein ákvæði um það, hversu miklu þessi innflutningur megi nema, og ef svo er, að verð á innfluttum íbúðarhúsum er til mikilla muna hagkvæmara en verð þeirra húsa, sem byggð eru hér af íslenzkum iðnaðarmönnum úr innfluttu byggingarefni, sýnist mér, að það megi fastlega gera ráð fyrir því, að mjög margir, sem byggja sér hús, noti sér af þessari heimild. Og er þá ekki komin þessi tekjuskerðing ríkissjóðs, sem er þess valdandi, að hæstv. fjmrh. getur ekki fallizt á okkar till., a. m. k. að einhverju mismunandi miklu leyti, sem enginn okkar, hygg ég, veit í dag, hve mikil verður?

Ég vil svo aðeins segja það þessu til viðbótar, að ég tel, að það sé vafasamt, hversu langt eigi að ganga í því að innheimta ríkistekjurnar með innflutningsgjöldum af byggingarefni. Ég veit, að þetta hefur verið gert og gert lengi og að hér er ekki um flokkspólitískt mál að ræða og ég ræði það ekki út frá þeim sjónarhóli. En hitt veit ég, að allir viðurkenna nú, að hinn hái byggingarkostnaður sé ein af meginástæðum til þeirrar miklu verðbólgu, sem við eigum nú við að fást, og þess vegna fagna ég því, að hæstv. fjmrh., þó að hann vilji ekki fallast á brtt. mína að þessu sinni, lýsti því hér áðan yfir, að heildarendurskoðun tollalöggjafarinnar stæði fyrir dyrum, og þó að hann vildi ekki lofa neinu um það, ræddi hann a. m. k. um það sem möguleika, að lækkun á innflutningsgjöldum af byggingarefni yrði eitt af því, sem þar kæmi mjög til athugunar. Ég hygg, að 9. tölul. 3. gr. laga um húsnæðismálastofnun ríkisins lúti að þessu, þó að það sé ekki sagt berum orðum, en í þeim tölulið segir, með leyfi hæstv. forseta, að húsnæðismálastjórn eigi að beita sér fyrir lækkun á verði byggingarefnis með því m. a. að stuðla að hagkvæmari innkaupum. En það er greinilega fleira, sem skv. anda laganna og tilgangi löggjafans kemur þarna til greina, og þá leiðir það að sjálfsögðu hugann mjög fljótlega að því, að hægt verði að lækka innflutningsgjöld af byggingarefni.

Ég harma það, að hæstv. fjmrh. sér sér ekki fært að samþykkja þessa brtt., sem ég hef hér talað fyrir, en ég tek því náttúrlega sem staðreynd, að hún muni þar með vera fallin, og þegar það vígi er tapað, þá er að snúa sér að því næsta, og ég vil þess vegna leyfa mér að láta að síðustu þá von í ljós, að sú endurskoðun á tollalöggjöfinni, sem fram á að fara skv. fyrirmælum hæstv. ráðh., muni verða til þess, að þessi till. verða framkvæmd, þótt síðar verði.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Það var aðeins til nokkurra upplýsinga í tilefni af þessari síðari ræðu hv. 11. þm. Reykv. Ég er honum að sjálfsögðu alveg sammála um, að það er mjög vafasamt, hvað á að leggja mikil aðflutningsgjöld á byggingarefni, þannig að okkur greinir ekki á um það. Þetta hefur verið, eins og hann sagði, langalengi gert, og það er einn þáttur í því vandamáli, sem við eigum við að fást, að yfirleitt eru aðflutningsgjöld okkar á mörgum vörum ákaflega há, og þess vegna þarf að rannsaka það til hlítar, hvort hægt er að koma því fyrir með öðrum hætti. Vitanlega er hinn mikli byggingarkostnaður hér mjög alvarlegt vandamál og á sinn stóra þátt í okkar

dýrtíðarspennu, þannig að þótt ég vilji ekki gefa nein loforð um það, tel ég það engum efa bundið, að það verði að sjálfsögðu að kanna það mál mjög rækilega við endurskoðun á tollakerfi okkar í heild, sem nú fer fram, að hve miklu leyti hægt er að koma á lækkun aðflutningsgjalda af þessari vöru.

Varðandi hitt atriðið í ræðu hans, að ríkissjóður mundi tapa við þá breytingu, sem gert er ráð fyrir í þessu frv., þá hygg ég, að það sé á nokkrum misskilningi byggt, vegna þess að þar er hvergi gert ráð fyrir því, að farið sé með tolla niður fyrir það, sem hið innflutta efni mundi vera tollað, ef það yrði flutt inn sem hráefni, þannig að hagnaðurinn, sem hugsaður er við að opna fyrir þessum innflutningi, er sá, að það er mjög sennilegt, þótt ekki sé meira sagt, að erlendis sé beitt meiri tækni við framleiðslu tilbúinna húshluta og ég tala nú ekki um fullgerðra húsa heldur en hér, enda hefur það komið í ljós við athugun á þeim málum hjá ýmsum aðilum, að það hafa jafnvel verið fluttir inn hingað tilbúnir húshlutir, innréttingar, með þeim mjög háu tollum, sem á þeim eru, og hefur þótt þó hagkvæmt, þannig að þótt greitt væri fyrir því og innflutningur hráefnisins að þessu leyti dragist saman á móti, þá mun það ekki hafa neina tekjurýrnun í för með sér fyrir ríkissjóð. Það, sem hér er um að ræða, er að hagnýta sér þá meiri tækni, sem kann að vera erlendis í þessum efnum, og því miður er það svo, að hér hefur ekki komizt á nein fjöldaframleiðsla, t. d. í tilbúnum húsum, og vissulega væri það mjög mikils virði, ef væri hægt að stuðla að því, að sú fjöldaframleiðsla gæti hafizt, og það kann vel að vera, ef sú framleiðsla fer í gang, að þá sé of lítil tollvernd fyrir slíka framleiðslu með þeim ráðstöfunum, sem hér er verið að gera, og þá þarf að sjálfsögðu að kanna það mál. En einmitt þessi ráðstöfun, sem hér er verið að gera, að opna fyrir þessum möguleikum, hygg ég, að gæti e. t. v. orkað í þá átt, og væri það vel, að það yrði af innlendum byggingarmönnum hafizt handa um að reyna að koma á hagkvæmari framleiðslu húshluta, ég tala nú ekki um tilbúinna húsa, heldur en nú á sér stað.

ATKVGR.
Brtt. 562 felldar með 19:12 atkv.

Frv. samþ. með 27 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 604).

34. Tekjustofnar sveitarfélaga.

Á 27. fundi í Sþ., 16. febr., var útbýtt frá Ed.:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 51 10. júní 1964, um tekjustofna sveitarfélaga [119. mál] (stjfrv., A. 240).

Á 40. fundi í Ed., 22. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Meginefni þeirra breytinga, sem hér er lagt til, að gerðar verði á l. um tekjustofna sveitarfélaga, er það, að lagt er til, að tiltekin ríkisfyrirtæki skuli hér eftir greiða gjöld til sveitarfélaga svo sem um einkafyrirtæki væri að ræða. Þau ríkisfyrirtæki, sem hér er átt við, eru í fyrsta lagi síldarverksmiðjur ríkisins. Viðtækjaverzlun ríkisins, Landssmiðjan og Ríkisprentsmiðjan Gutenberg. Ástæðan til þess, að formlega séð er gerður greinarmunur á þessum fyrirtækjum og t. d. fyrirtækjum í b-lið 17. gr., Áburðarverksmiðjunni og Sementsverksmiðju ríkisins, er fyrst og fremst af því, að hin áðurnefndu fyrirtæki eru í flestum greinum í samkeppnisaðstöðu eða starfa hliðstætt sambærilegum einkafyrirtækjum, en aftur á móti er þannig sérstaklega ástatt, svo sem hv. þdm. er kunnugt, um bæði Áburðarverksmiðju og Sementsverksmiðju ríkisins, að þar er um ríkisfyrirtæki að ræða, þar sem ekki eru nein önnur sambærileg fyrirtæki í þeirri grein til í landinu.

Meginástæðan til þess, að frv. er flutt, eru mjög eindregnar óskir frá Sambandi ísl. sveitarfélaga, sem hefur átt viðræður við rn. og kjörið sérstaka n. til þess að kanna, hvort ekki væri grundvöllur fyrir að fá breytingu í þá átt á tekjustofnalögunum, sem hér er gert ráð fyrir. Og það hefur þótt rétt að fallast á þessar till. Sambands ísl. sveitarfélaga. Fyrst og fremst er höfuðröksemd sveitarfélaganna einmitt sú, að þessi ríkisfyrirtæki, og er þá raunverulega átt við Síldarverksmiðjur ríkisins, greiði gjöld eftir allt öðrum reglum heldur en einkafyrirtæki, þannig að verksmiðjur, sem starfi hlið við hlið í sama sveitarfélagi, greiði gjöld með mjög mismunandi hætti, og jafnframt að þau sveitarfélög, þar sem aðeins eru síldarverksmiðjur í eigu ríkisins starfandi, séu miklum mun verr sett en þau sveitarfélög, þar sem einkaaðilar eiga slíkar verksmiðjur. Í grg. með frv. er birtur samanburður varðandi nokkrar verksmiðjur, sem glöggt leiðir í ljós, hversu mikilvægt atriði er hér um að ræða.

Svo sem hv. þdm. mun verða ljóst af 3. gr. frv., er gert ráð fyrir, að stofnanir þær, sem hér um ræðir, þ. e. a. s. Síldarverksmiðjur ríkisins og hin önnur tilteknu ríkisfyrirtæki, haldi áfram að greiða landsútsvar eins og verið hefur, en hins vegar að landsútsvar þeirra verði ákvarðað með sama hætti og tekjuútsvar, þannig að það skuli á hverjum tíma við það miðað, að á þær sé lagt eftir útsvarsstiga, þó án álags og/eða án frádráttar, þannig að miðað sé við þann fastákveðna útsvarsstiga, og enn fremur er heimilað í 1. gr. laganna, að á þessi fyrirtæki skuli sömuleiðis heimilt að leggja aðstöðugjald. Fram höfðu komið raddir um það frá ýmsum, að það væri ástæða til þess að breyta þeim reglum, sem í gildi hafa verið í l. um tekjustofna sveitarfélaga varðandi skiptingu landsútsvara milli einstakra sveitarfélaga og jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. En þessi hugmynd mætti mjög eindreginni mótspyrnu frá Sambandi ísl. sveitarfélaga, og af hálfu rn. var að sjálfsögðu engin sérstök áherzla á það lögð, heldur talið rétt að fara að óskum Sambandsins hvað þetta varðar.

Frv., eins og það liggur hér fyrir, er, svo sem í inngangi þess segir, flutt í samráði við Samband ísl. sveitarfélaga, og markast efni þess því

af þeim viðhorfum, sem þar hafa verið ráðandi. Það er mjög rík skoðun hjá sambandinu, að jöfnunarsjóður sveitarfélaga sé til mikils gagns og það eigi ekki að hagga því kerfi, sem hann er byggður á. Í annan stað var það einróma skoðun þessara aðila, að sanngjarnt væri, svo sem hér er lagt til, að þessi ríkisfyrirtæki greiddu gjöld sem um einkarekstur væri að ræða. Aftur á móti er rétt að taka það fram í þessu sambandi til upplýsinga fyrir hv. þdm., að frv. var, áður en það var flutt, sent til umsagnar stjórnar Síldarverksmiðja ríkisins, því að það eru að sjálfsögðu fyrst og fremst þær, sem hér eiga hlut að máli, og er enda ljóst, að útsvarsgreiðslur síldarverksmiðjanna munu hækka mjög verulega, verði þetta frv. að lögum. Af þessum ástæðum þótti sjálfsagt fyrir fram að heyra viðhorf stjórnar síldarverksmiðjanna og að hve miklu leyti þær gætu fallizt á frv. Stjórn síldarverksmiðjanna samþykkti fyrir sitt leyti að fallast á þá hugmynd, sem í frv. felst, að það væri eðlilegt, að Síldarverksmiðjur ríkisins greiddu útsvar sem einkafyrirtæki, og er því ekki andstaða frá þeim varðandi þetta atriði. Mér þykir hins vegar rétt að láta það koma fram, að það var nokkur skoðanamunur í stjórn síldarverksmiðjanna varðandi það atriði, hvernig þessari útsvarsálagningu skyldi hagað, og komu fram þær skoðanir þar, að rétt væri að breyta þessu með öðrum hætti, þannig að ekki yrði eingöngu farið eftir veltu síldarverksmiðjanna á hverjum stað og tekjum þeirra af hverri einstakri verksmiðju, heldur yrðu jafnframt þessum breytingum, sem hér eru gerðar, fundin úrræði til þess að jafna á milli sveitarfélaga með öðrum hætti en mundi verða gert með venjulegum útsvarsálagningarreglum, þannig að það væri hægt að láta meiri hluta útsvarsins heldur en samkv. almennum reglum mundi verða renna til sveitarfélaga, þar sem rekstur verksmiðjanna væri, að segja má, óeðlilega lítill. Mundi þetta t. d. valda því, þessi skoðun stjórnar síldarverksmiðjanna eða meiri hl. hennar, að staðir eins og Siglufjörður og Skagaströnd, sem hafa ekki fengið nema sáralitla síld, mundu fá hlutfallslega mun meira af aðstöðugjaldi verksmiðjanna heldur en þeim bæri samkv. rekstri á þessum viðkomandi stöðum.

Þessar hugmyndir stjórnar síldarverksmiðjanna voru bornar undir Samband ísl. sveitarfélaga, sem snerist mjög öndvert gegn þessum hugmyndum og taldi, sem vitanlega er rétt, að með þessu móti væri verið að breyta grundvellinum undir útsvarsheimtu og þeim grundvallaratriðum, sem útsvarsheimta byggðist á, ef væri farið að nota útsvarslögin til þess að jafna þannig útsvörum á milli staða, enda þótt sambandsstjórnin teldi það aftur á móti rétt, að þessir tveir tilteknu staðir ættu við erfiðleika að stríða nú um þessar mundir, þó að menn auðvitað viti ekkert varðandi framtíðina, hverjir það verða hverju sinni, sem við slíka erfiðleika kunna að eiga að stríða. Það dæmi getur snúizt við.

Ég tel rétt, eins og ég áðan sagði, að þetta sjónarmið stjórnar síldarverksmiðjanna um skiptingu útsvarsins, reglurnar varðandi það komi hér fram strax við 1. umr. málsins, sem að sjálfsögðu verður svo kannað í nefnd. Rn. hefur fyrir sitt leyti ekki neina fastmótaða skoðun um þetta efni aðra en þá, sem það hefur talið sjálfsagt að fylgja, að styðjast við skoðun Sambands ísl. sveitarfélaga, sem fer með hin sameiginlegu mál sveitarfélaganna og átti upptökin að því, að þetta mál var tekið til athugunar, og þótti því ekki eðlilegt annað en frv. yrði a. m. k. lagt fyrir Alþ. í því formi, sem sambandið teldi æskilegast, að það væri. Hvort Alþ. telur rétt að breyta að einhverju leyti til, skal ég ekkert um segja, það verður að skoðast. En ég vil þó mjög biðja menn að íhuga, að það verði ekki gert nema í samráði við félmrn. annars vegar og Samband ísl. sveitarfélaga hins vegar, vegna þess að það veit ég, að öllum hv. þdm. er kunnugt, að þessi mál eru mjög flókin og margþætt og þarf að gera sér til hlítar grein fyrir öllum afleiðingum slíkra breytinga, sem kynnu að verða gerðar. En ég vænti þess hins vegar, að í meginefnum geti hv. þdm. fallizt á frv. og þá hugsun, sem í því felst, og telji hana ekki óeðlilega miðað við þær aðstæður, sem ég hef lýst.

Tel ég ekki ástæðu til þess að orðlengja frekar um málið að þessu sinni, en legg til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og félmn.

Jón Þorsteinsson: Herra forseti. Ég vil lýsa ánægju minni með framkomu þessa frv. Ég tel, að í þessu frv. felist mikil réttarbót fyrir ýmsa þá staði, þar sem þessi ríkisfyrirtæki eru staðsett, sem eiga samkv. þessu frv. að greiða landsútsvar eftir nýjum reglum og einnig aðstöðugjald. Ég minnist þess, að þegar lög um tekjustofna sveitarfélaga voru sett og teknar upp reglur um landsútsvör og jöfnunarsjóðsgjald, voru það fáeinir staðir, eins og t. d. Siglufjörður, sem töldu sig beinlínis tapa á þessum nýju reglum, miðað við þær reglur, sem áður höfðu gilt, á sama tíma sem mörg önnur sveitarfélög ýmist urðu alveg skaðlaus af þessum nýju reglum eða högnuðust stórkostlega á þeim. Ég tel þess vegna, að hér sé rétt stefnt með því að breyta þessum reglum nú og leggja á þessi ríkisfyrirtæki, þ. e. a. s. síldarverksmiðjurnar, Viðtækjaverzlun ríkisins, Landssmiðjuna og ríkisprentsmiðjuna, leggja á þetta hliðstætt því eins og lagt er á sambærileg fyrirtæki í einkarekstrinum.

En það eru samt sem áður nokkrar aths., sem ég hef fram að færa við þetta frv. Reglur þessa frv. eða nýmælin eru þau, að á þessi fyrirtæki skuli leggja landsútsvör að vísu eins og áður og viðkomandi sveitarfélög fái ¼ hluta þess í sinn hlut. En landsútsvörin hafa verið lögð á sem 1½% af heildarsölu fyrirtækjanna, en verða nú lögð á eins og tekjuútsvör félaga eftir útsvarsstiga. Og svo er enn fremur það nýmæli, að þessi fyrirtæki skuli greiða aðstöðugjald, en það hafa þau ekki greitt eftir gildandi lögum. Um aðstöðugjaldið má segja, að það á væntanlega að skiptast þannig eftir þessu frv., aðstöðugjald þessara fyrirtækja, að það sé greitt í hvert sveitarfélag, þar sem verksmiðja er staðsett, sé greitt eftir þeim rekstrarkostnaði, sem þar hefur fallið til. Og í raun og veru eina fyrirtækið, sem hér skiptir máli að ræða um, það er í raun og veru Síldarverksmiðjur ríkisins, því

að hin fyrirtækin eru hvert staðsett í einu sveitarfélagi, en Síldarverksmiðjur ríkisins reka atvinnurekstur í fjöldamörgum sveitarfélögum, eins og kunnugt er.

En við þessar reglur frv. og l., að aðstöðugjaldið sé greitt af þeim kostnaði, sem til fellur, hefur, eins og hæstv. fjmrh. greindi frá, meiri hl. stjórnar Síldarverksmiðja ríkisins, sem hefur haft aðstöðu til þess að fjalla um þetta frv., áður en það var lagt fram, gert aðrar till. í þeim efnum, sem ég tel í raun og veru að séu mjög athyglisverðar og beinast að því að jafna þessu aðstöðugjaldi meira á milli þessara sveitarfélaga, en láta það ekki vera tilviljunum háð, hvar síld berst að landi eða mest er brætt þetta og þetta árið eða stofnað er til mests kostnaðar. Ég vildi þess vegna eindregið beina því til þeirrar n., sem fær þetta mál til athugunar, að hún athugaði þessar till. meiri hl. stjórnar síldarverksmiðjanna alveg sérstaklega.

En þá er það hitt atriðið, sem ég vildi gera aths. við, og það er landsútsvarið sjálft, sem nú á að leggja á eftir nýjum reglum. Eftir núgildandi reglum hefur verið lagt 1½% á heildarsöluna, þ. e. a. s. á framleiðsluna á hverjum stað, og þá hefur það verið ákaflega einföld regla til þess að reikna út, hvað landsútsvarið væri í hverju sveitarfélagi af hverri síldarverksmiðju þar. Nú á hins vegar að gera þetta með öðrum hætti, og ég geri ráð fyrir, að þar sem þetta á að leggja á eins og tekjuútsvör félaga, geti þetta, a. m. k. þegar vel gengur, orðið nokkru hærri upphæð, sem þarna fellur til í landsútsvar. En það er það, sem ég átta mig ekki á eftir þessu frv., hvernig þetta landsútsvar, sem á að leggja á eins og tekjuútsvar félaga, verður í framkvæmd. Verður lagt landsútsvar á Síldarverksmiðjur ríkisins, eða verður lagt landsútsvar á í hverju sveitarfélagi og verður að gera upp sérstaklega rekstur hverrar verksmiðju, eða verður þetta ekki eins og litið sé þannig á, að síldarverksmiðjur ríkisins verði t. d. reknar af hlutafélagi? Á að leggja tekjuútsvar allt á á einum stað? Í 30. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga segir: „Á aðra aðila en einstaklinga", þ. e. a. s. félög og fyrirtæki, — — „skal lagt í því sveitarfélagi, þar sem aðalstarfsemi þeirra fer fram." Og enn fremur segir: „Þar í sveit skal útsvar gjalda, sem það var á lagt, og á hún allt útsvarið." Þá kemur m. a. spurningin: Á þetta landsútsvar að leggjast á í heilu lagi, þetta landsútsvar, sem á að leggja á með sama hætti og tekjuútsvar félaga, og hvar fer þá aðalstarfsemi síldarverksmiðjanna fram? Væntanlega þar, sem lögheimili þeirra er, á Siglufirði. Eða á þetta að vera einhver óvissa, þannig að aðalstarfsemin verði talin fara fram þar, sem brætt er mest hvert sumar? Þetta tel ég, að þurfi að liggja miklu skýrar fyrir. Og ef landsútsvarið er lagt í heild á Síldarverksmiðjur ríkisins, og við skulum segja, að það sé lagt á þær eins og eitt fyrirtæki, eftir hvaða reglum á þessi fjórðungur, sem á að fara til sveitarfélaganna, þá að skiptast? Á þá það sveitarfélag, þar sem aðalstarfsemin fer fram eða lögheimilið er, að fá fjórða part úr landsútsvarinu, eða á t. d. að skipta landsútsvarsfjórðungnum eftir framleiðslunni á hverjum stað? Ég sé ekki, að í þessu frv. eða l. felist nein skýr ákvæði um það. Tel ég, að í þeirri n., sem fær frv. til athugunar, þurfi að líta alveg sérstaklega á þetta, því að það er alveg nauðsynlegt, áður en þdm. geta tekið afstöðu til þessa frv., að það liggi alveg skýrt fyrir, hver meiningin er í þessum efnum og hvernig með þetta mundi farið, hvernig þetta yrði framkvæmt, ef frv. yrði samþ. eins og það liggur fyrir hér.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 16 shlj. atkv.

Á 64. fundi í Ed., 15. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 240, n. 468, 471).

Frsm. (Auður Auðuns): Herra forseti. Eins og fram kemur í aths. við lagafrv. þetta og rakið var af hæstv. fjmrh. við 1. umr. málsins í þessari hv. þd., er með frv. þessu lagt til, að reglum um álagningu landsútsvara á nokkur ríkisfyrirtæki verði breytt þannig, að þau verði sett á bekk með hliðstæðum fyrirtækjum, sem rekin eru af einstaklingum eða félögum þeirra, að því er varðar gjaldagreiðslur til sveitarfélaga. Í b-lið 17. gr. l. nr. 51 frá 1964, um tekjustofna sveitarfélaga, eru talin upp ýmis ríkisfyrirtæki, sem ber að greiða 1½% af heildarsölu sinni í landsútsvar. Fyrirtæki þau, sem þarna er um að ræða, eiga öll að undanskilinni Sementsverksmiðjunni og Áburðarverksmiðjunni hliðstæður í einkarekstri. Hefur af þessu leitt mikið misræmi í gjaldagreiðslum þessara ríkisfyrirtækja annars vegar til sveitarfélaganna og hins vegar greiðslum sams konar fyrirtækja í einkarekstri og þetta hefur þó orðið sérstaklega áberandi hvað snertir síldarverksmiðjurnar. Í c-liðum 2. og 3. gr. í frv. er því lagt til, að þessi fyrirtæki, sem eru nánar tiltekið Síldarverksmiðjur ríkisins, Viðtækjaverzlun ríkisins, Landsmiðjan og Ríkisprentsmiðjan Gutenberg, skuli greiða landsútsvör, sem ákveðin séu með sama hætti og tekjuútsvör félaga, þó þannig, að um útsvör þeirra gildi hinn lögboðni útsvarsstigi án álags eða afsláttar, þó að slíku kunni að vera til að dreifa um útsvör almennt í hlutaðeigandi sveitarfélagi. Jafnframt því, að þessum ríkisfyrirtækjum er skipað á bekk með einkafyrirtækjum varðandi útsvarsgreiðslur, er í 1. gr. frv. lagt til, að svo verði einnig um greiðslur aðstöðugjalds, en samkv. núgildandi l. eru þessi fyrirtæki undanþegin aðstöðugjaldi. Í 1. gr. frv. er sem sé lagt til, að heimilað verði að leggja aðstöðugjöld á þessi fyrirtæki.

Eins og frá greinir í nál., sendi heilbr.- og félmn. frv. stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga til umsagnar, og enn fremur mættu á fundi n. ráðuneytisstjórinn í félmrn., Hjálmar Vilhjálmsson, og formaður Sambands ísl. sveitarfélaga, Jónas Guðmundsson, og ræddu nm. við þá ýmis atriði, sem á góma hafði borið í n. Stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga sendi svo frv. til umsagnar fulltrúaráðsfundi sambandsins, sem var haldinn hér í Reykjavík dagana 10. og 11. marz, og í bréfi formanns þess til n., dags. 15. f. m., skýrir hann frá því, að fundurinn hafi gert um það svofellda samþykkt:

„Fulltrúaráðsfundur Sambands ísl. sveitarfélaga, haldinn 10. og 11. marz 1966, mælir með því, að Alþ. samþ. frv. til l. um breyt. á l. um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 51 1964, sem nú liggur fyrir Alþingi.“

Heilbr.- og félmn. hefur rætt frv. á nokkrum fundum og leggur til, að það verði samþ. með einni breytingu, sem n. flytur till. um og prentuð er í nál. á þskj. 468, og skal ég nú gera nokkra grein fyrir þeirri brtt. Brtt. er flutt að beiðni Sambands ísl. sveitarfélaga og er við 15. gr. tekjustofnalaganna. Í þeirri gr. ræðir um hlutverk jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Efni brtt. er það, að inn í e-lið gr. bætist ákvæði um, að greiða skuli ½% af árlegum tekjum jöfnunarsjóðs til Sambands ísl. sveitarfélaga vegna starfsemi sambandsins. Í bréfi formanns sambandsins til n., dags. 14. f. m., er frá því skýrt, að á fundi fulltrúaráðs sambandsins, þeim sem ég áður nefndi, hafi verið samþ. einróma að fara þess á leit við heilbr.- og félmn. Ed., að hún flytti þessa brtt. við frv., og fylgdi bréfinu grg. um þörf sambandsins fyrir þær tekjur, sem þarna er farið fram á að sambandið fái vegna starfsemi sinnar. Tekna til að standa undir starfsemi sambandsins er nú að langsamlega mestu leyti aflað með ákveðnu gjaldi frá sveitarfélögunum, sem í sambandinu eru, sem eru svo að segja öll sveitarfélög á landinu, og þetta gjald nemur nú 3 kr. á hvern íbúa í sveitarfélagi. Þetta gjald er ákveðið á landsþingum sambandsins, sem haldin eru á fjögurra ára fresti, árið eftir hverjar sveitarstjórnarkosningar, og er bundið 4 ár fram í tímann. Breytingu á þessu gjaldi yrði fyrst hægt að gera á næsta ári eða á landsþingi 1967, og breytingar kæmu ekki til framkvæmda fyrr en á árinu 1968. Reyndin hefur orðið sú, að þetta gjald verður allsendis ófullnægjandi, þegar fer að líða á fjögurra ára tímabilið, og það þó að starfsemi sambandsins sé í rauninni langtum þrengri stakkur skorinn en æskilegt er. S. l. ár var rekstrarhalli sambandsins þannig á 2. hundrað þús. kr., og í fjárhagsáætlun sambandsins fyrir yfirstandandi ár, sem afgr. var á fulltrúaráðsfundinum í s. l. mánuði, er reiknað með rekstrarhalla á 2. hundrað þús. kr. Það var þó ljóst öllum fulltrúum, sem á fundinum voru, að áætlunin var óraunhæf, nema horfið yrði þá að því ráði að draga verulega úr starfsemi sambandsins. En þar sem engin vissa var fyrir meiri tekjum en þar voru áætlaðar, taldi fundurinn þó rétt að samþykkja áætlunina, svo naum sem hún var, því að óráð mætti telja, að stofnað yrði til meiri rekstrarhalla en þar er áætlaður. Hins vegar vildi fundurinn treysta því, eins og segir orðrétt í samþykkt frá fundinum, „að Alþ. verði við tilmælum fulltrúaráðsins um að lögfesta tillag úr jöfnunarsjóði til sambandsins þegar á þessu ári, svo ríflegt, að stjórn þess fái þar fé til ráðstöfunar, sem rýmkað geti starfsmöguleika sambandsins á árinu frá því, er áætlunin leyfir, og orðið einnig viðunanlegt framlag vegna húsnæðismála þess.“

Ég skal nú rekja nokkuð aðalatriði rökstuðnings sambandsins fyrir aukinni tekjuþörf, en í grg. segir m. a.:

„Störf sambandsins í þágu sveitarfélaganna fara sífellt vaxandi, og sambandið tekur að sér meira og meira af fyrirsvari sveitarfélaganna, sem áður var hjá einstökum sveitarfélögum eða sýslunefndum, þar sem miklu handhægara er að afla gagna og upplýsinga á vegum þess en með því að snúa sér til margra aðila um sama málefnið. Þetta hefur óhjákvæmilega í för með sér aukinn kostnað, sem ekki verður annars staðar tekinn en úr sjóðum sveitarfélaganna sjálfra. Þá telur Samband ísl. sveitarfélaga það einnig skyldu sína að beita sér fyrir framkvæmd ýmissa verkefna. sem óhjákvæmilegt er að leysa af hendi og aðrir mundu tæpast beita sér fyrir, svo sem útgáfu nauðsynlegra handbóka fyrir sveitarstjórnir og útgáfu tímarits um sveitarstjórnarmálefni, ráðstefnuhaldi, fundum og námskeiðum um einstök málefni sveitarfélaganna. Það fer stöðugt í vöxt, að sambandinu sé gert að nefna menn í stjórnir eða nefndir til ýmissa starfa, svo og að láta í té umsagnir um ýmis málefni sveitarfélaga, ýmist fyrir innlenda aðila, þar með Alþ. og ríkisstj., eða erlenda, svo sem sveitarstjórnaþing Evrópuráðsins, alþjóðasamband sveitarfélaga o. fl. Fylgir þessum verkefnum oft verulegur kostnaður, því að greiða verður fyrir þessi störf og hafa verulegt umstang vegna gagnasöfnunar og loks að kosta þýðingu þeirra á erlend mál, þegar erlendir aðilar eiga hlut að máli. Þá skal enn fremur á það bent, að árið 1972 er 100 ára afmæli sveitarstjórnar á Íslandi í þeirri mynd, sem nú er. Telur stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga sjálfsagt, að gefin verði út af því tilefni saga íslenzkrar sveitarstjórnar og vandað til verksins, svo sem föng eru á. Stendur það engum nær en sveitarfélögum landsins að standa undir því verki og Sambandi ísl. sveitarfélaga að hafa þar um forgöngu. Loks skal það tekið fram, að sambandið býr við alls kostar ófullnægjandi húsnæði og verður með einhverjum hætti að leita á náðir sveitarfélaganna um lausn þess vandamáls nú þegar á yfirstandandi ári.“

Til þess að leysa þau fjárhagsvandamál sambandsins, sem hér hafa verið talin, og önnur, sem ótalin eru eða síðar koma fram, telur stjórn sambandsins eðlilegustu og umsvifaminnstu leiðina vera þá að nota heimild þá, sem veitt er í e-lið 15. gr. tekjustofnalaganna, með því að ákveða til frambúðar vissa prósentu af þeim tekjum sveitarfélaganna, sem í jöfnunarsjóð renna. En í e-lið 15. gr. l. um tekjustofna sveitarfélaga segir, að verja megi fé úr sjóðnum til að styrkja eftir ákvörðun ráðh. tilraunir til að koma betra skipulagi og meira samræmi í framkvæmdir sveitamálefna og samstarf sveitarfélaga. Síðan er að því vikið, að engu fé hafi verið varið samkv. þessu síðasta lagaákvæði, sem nefnt var, til þess að styrkja samstarf sveitarfélaga, en hins vegar sambandinu tvisvar verið veittur smástyrkur, í annað skiptið til að gefa út sveitarstjórnarmannatal, en í hitt skiptið handbók sveitarstjórna. Þá bendir sambandið á, að það sé ekki verið að biðja um neinn styrk af ríkisfé, heldur að Alþ. veiti heimild til, að sveitarfélögin taki af sínu eigin fé í jöfnunarsjóði brot af hundraðshluta til að standa undir útgjöldum, sem sameiginleg samtök þeirra hljóta óhjákvæmilega að hafa. Þá er vakin at-

hygli á því, að síðan 1963, þegar landsþing sambandsins ákvað gjaldið 3 kr. á íbúa, hafi tekjur og gjöld sveitarfélaganna í sambandinu stórlega aukizt, en á sama tíma hafi aftur á móti tekjur sambandsins frá sveitarfélögunum ekki hækkað nema sem svarar fólksfjölgun. Greinargerð þessari lýkur svo með þessum orðum:

„Af því, sem nú hefur verið sagt, er ljóst, að yfir starfsemi sambandsins vofir svo til alger stöðvun, verði ekki úr fjárhagsörðugleikum þess bætt með einhverjum hætti nú þegar."

Það er ástæða til að vekja athygli á því, að húsnæðismál sambandsins, sem þarna eru einmitt nefnd í grg., eru þau mál, sem valdið hafa stjórn þess hvað mestum áhyggjum upp á síðkastið, og verður nú ekki undan því komizt, að sambandið geri ráðstafanir til þess að komast í viðunandi húsnæði til frambúðar eða m. ö. o. að ná eignarhaldi á húsnæði fyrir skrifstofur sínar og starfsemi. Þær tekjur, sem hér er lagt til að sambandið fái, munu nema um það bil 1 millj. kr. á ári, miðað við tekjur jöfnunarsjóðsins, eins og nú háttar. Það kæmi þá að sjálfsögðu til kasta landsþings sambandsins á næsta ári að ákveða, hvað verða skuli um 3 kr. nefgjaldið, eftir að sá tekjustofn er fenginn, sem hér er lagt til að sambandið fái.

Eins og fram kemur í nál., voru þrír nm., þeir hv. 9. þm. Reykv., hv. 1. þm. Vesturl. og hv. 8. landsk., fjarstaddir, þegar málið var afgr. í n., og eru þeir að sjálfsögðu óbundnir af nál. og þeirri brtt., sem á þskj. 468 greinir frá.

Alfreð Gíslason: Herra forseti. Tilgangurinn með þessu lagafrv. er sá að jafna aðstöðu sveitarfélaga í vissum efnum. Þannig skil ég a. m. k. þetta frv. En eins og kunnugt er, hefur í vissum efnum ríkt nokkur aðstöðumunur hjá sveitarfélögunum og sérstaklega hjá kaupstöðum utan Reykjavíkur. Einn kaupstaður hefur t. d. síldarverksmiðju, sem er rekin af einkafyrirtæki. Sá kaupstaður fær sveitarútsvar frá þessu fyrirtæki og aðstöðugjald. Í öðrum kaupstað er svo síldarverksmiðja ríkisins, og kaupstaðurinn fær hvorki aðstöðugjald né útsvar frá því fyrirtæki. Í þessu liggur mikið misræmi og ég vil segja óréttlæti. Ég skil frv. þannig, að með því eigi að bæta úr þessu þannig, að ríkisfyrirtækjum af vissu tagi skuli gert að greiða aðstöðugjald og útsvar til viðkomandi sveitarfélags á nákvæmlega sama hátt og um einkafyrirtæki væri að ræða. Þetta finnst mér koma fram af eðli frv. og sérstaklega koma fram í aths., sem frv. fylgja. En þegar betur er að gáð, sýnist mér, sem þetta spor sé aðeins stigið til hálfs. Að vísu eiga þau ríkisfyrirtæki að greiða aðstöðugjöld, sem óskipt renna til sveitarfélaganna, en þegar um útsvarið er að ræða, er allt annað upp á teningnum. Að vísu er sú breyting gerð, að landsútsvör þessara fyrirtækja skuli á lögð eftir sömu reglum og sveitarútsvör yfirleitt. En lengra er ekki gengið til móts við þarfir sveitarfélaganna í þessum efnum, því að viðkomandi sveitarfélag á ekki að fá nema ¼ af útsvarinu. Að vísu verður það nokkru hærri upphæð í krónutölu en áður, en hlutfallið er það sama og áður var um skiptingu landsútsvara. Ég hefði talið mjög eðlilegt, að úr því að þetta spor skal stigið, þá verði það stigið til fulls, þannig að þessi sveitarfélög, sem hér er um að ræða, fái ekki aðeins aðstöðugjald frá ríkisfyrirtækjunum, heldur og sveitarútsvar. Það skiptir ekki miklu máli, hvort útsvarið í þessu tilfelli er kallað landsútsvar eða sveitarútsvar. Aðalatriðið er, að sveitarfélagið fái útsvar frá fyrirtækinu, síldarverksmiðjunni eða öðru fyrirtæki, hvort sem það er ríkisrekið eða rekið af einkaaðilum. En þetta hefur sem sagt ekki verið gert nema að hálfu leyti. Þetta er gert að því leyti sem aðstöðugjöldin snertir, en ekki hvað útsvörin snertir. Ég hefði talið eðlilegast og helzt viljað flytja um það brtt., að sveitarfélögin fengju þessi landsútsvör óskipt. En ég taldi ekki miklar líkur á, að slík brtt. yrði samþ., en valdi þess vegna að fara bil beggja, fara millileiðina, og legg til í brtt., sem ég flyt á þskj. 471, að landsútsvör stofnana, sem um getur í 17. gr. c, skuli renna að hálfu til sveitarfélags, þar sem rekstur fyrirtækisins fer fram, en að hinn helmingurinn renni til jöfnunarsjóðs sveitarfélaganna. Ég tel, að hér sé komið til móts við nokkur sveitarfélög í landinu, og ég tel, að hér sé um sanngirnismál að ræða gagnvart þeim sveitarfélögum, og því vænti ég þess, að hv. þdm. athugi það, hvort ekki muni rétt að bregðast þannig við, eins og gert er ráð fyrir í þessari brtt. minni.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð út af brtt. þeirri, sem hv. 9. þm. Reykv. hefur hér flutt um að breyta skiptingu landsútsvara þannig, að helmingur þeirra falli til viðkomandi sveitarfélags í stað ¼ nú, og rýra að þessu leyti hlut jöfnunarsjóðsins. Eins og ég gat um, þegar þetta frv. var lagt fram, er það flutt í nánu samráði við Samband ísl. sveitarfélaga, enda hefur fulltrúaráð þess mælt með samþykkt frv., og efnislega er það um það, að varðandi tiltekin fyrirtæki skuli gilda sams konar skattaálagning og á sér stað um skattlagningu einkafyrirtækja eftir almennum reglum, en hins vegar ekki í neinu breytt þeim grundvallaratriðum, sem nú gilda varðandi jöfnunarsjóð og skiptihlutföll í sambandi við hann. Sú brtt., sem hér er um að ræða, felur hins vegar í sér að gera mjög veigamikla breytingu í því efni, þannig, eins og ég áðan sagði, að taka þarna helming landsútsvara í stað ¼ nú og láta renna til viðkomandi sveitarfélags. Þetta atriði hefur verið til sérstakrar athugunar hjá Sambandi ísl. sveitarfélaga, og það hefur ekki á þessu stigi máls a. m. k. talið eðlilegt að taka upp þessa skipan mála, og hygg ég, eða ég hef a. m. k. ekki heyrt, að það hafi verið þar neinn ágreiningur um það efni. Ég mundi þess vegna fyrir mitt leyti telja það mjög miður farið, ef Alþ. samþykkti þá grundvallarbreytingu, sem hér er um að ræða í till. hv. þm., án þess að fyrir liggi, að Samband ísl. sveitarfélaga, sem að sjálfsögðu þetta mál fyrst og fremst varðar, hafi tekið jákvæða afstöðu til þess máls, og það liggur ekki fyrir í dag. Hvort það kann að vera, að breyting verði á því viðhorfi, skal ég engu spá um. En ég legg á það mikla áherzlu, að varðandi útsvarsmál verði ekki gerðar veigamiklar

efnisbreytingar á þeim hér á Alþ., án þess að haft hafi verið um það fullt samráð við sveitarfélögin og landssamtök þeirra. Ég get því á þessu stigi málsins ekki annað en lagt mjög eindregið gegn því, að þessi brtt. verði samþ.

Alfreð Gíslason: Herra forseti. Hæstv. fjmrh. gat þess, að Samband ísl. sveitarfélaga hefði ekkert haft við þetta frv. að athuga, og það er rétt hjá hæstv. ráðh. Það er í sjálfu sér ekki undarlegt að mínum dómi. Samband ísl. sveitarfélaga fer með heildarmálefni sveitarfélaganna, sameiginleg mál sveitarfélaganna allra í landinu, og fé, sem um er að ræða, rennur hvort eð er óskipt í jöfnunarsjóð sveitarfélaga. En í þessu sambandi datt mér í hug að spyrja hæstv. ráðh. að því, hvort álits þeirra sveitarfélaga hefði verið leitað, sem þetta mál skiptir mestu. Það er vitanlegt, að það eru a. m. k. nokkrir kaupstaðir, kannske önnur sveitarfélög, þar sem ríkisrekin fyrirtæki af þessu tagi eru, en þessi sveitarfélög eru tiltölulega fá. Hefur þeirra álits verið leitað í sambandi við samningu þessa frv., og hvað hafa þau til málanna að leggja? Ég er ekki að segja, að það eigi endilega að fara eftir því, sem einstök sveitarfélög óska í þessu efni, en mér finnst a. m. k. vera rétt, að þeirra álits sé leitað og aðilar kynni sér viðhorf þeirra til þessa máls. Þess vegna vil ég hér með beina þeirri fsp. til hæstv. fjmrh., hvort álits þessara sveitarfélaga hafi verið leitað og hvert álit þeirra hafi þá verið.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Það var aðeins í tilefni af fsp. hv. 9. þm. Reykv., hvort hefði verið leitað álits þeirra sveitarfélaga, sem þetta sérstaka mál einkum snertir. Og í sambandi við það get ég upplýst, að þetta mál er þannig til komið, að það var einmitt fyrir ósk þeirra sveitarfélaga, sem þetta mál einkum varðar, að það var tekið upp innan sveitarfélagasambandsins og viðræður hafnar við rn. um það, að gerðar yrðu breytingar á útsvarsl. til þess að bæta nokkuð aðstöðu þessara sveitarfélaga, og enda þótt ég viti ekki, hvort hafi verið haft beint samband **við öll þau sveitarfélög, sem þetta varðar, er mér kunnugt um það, að í þeirri n., sem** einmitt Samband ísl. sveitarfélaga skipaði til þess að hafa samráð við rn. um undirbúning þessa frv., voru fyrst og fremst bæjarstjórar eða sveitarstjórnaroddvitar einmitt úr þeim sveitarfélögum, sem málið varðar, og að því er mér er tjáð af sambandinu, hafi þetta verið endanlegt samkomulag þessara aðila um lausn málsins á þennan hátt, þannig að ég hygg, að það megi óhætt fullyrða, að málið er til komið fyrir atbeina þessara sveitarfélaga einmitt og efnislega sé frv. í samræmi við það, sem þau hafi talið a. m. k. viðunandi fyrir sig til lausnar á þessu máli, þá að sjálfsögðu með hliðsjón af þeim heildarhagsmunum, sem hér er um að ræða. Vitanlega snertir þetta öll sveitarfélög landsins að meira eða minna leyti, eins og hv. þm. raunar réttilega tók fram.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 468 samþ. með 14 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 471 tekin aftur til 3. umr.
4.—5. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 65. og 66. fundi í Ed., 18. og 19. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 67. fundi í Ed., 22. apríl, var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 491, 471).

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Þetta mál er búið að vera nokkuð lengi hér til meðferðar í hv. d., og það er ástæðulaust að leyna því, að það stafar af nokkrum ágreiningi, sem verið hefur varðandi viss atriði málsins. Breytingin, sem í þessu frv. felst, er, eins og hv. þdm. er kunnugt, sú, að gert er ráð fyrir, að viss fjöldi fyrirtækja verði skattlagður hér eftir sem um einkafyrirtæki væri að ræða, en að öðru leyti er ekki breytt grundvallarreglum, sem um landsútsvör gilda varðandi skiptingu og önnur atriði. Þá eru eftir tvö fyrirtæki, sem skilin voru eftir í b-flokki b-lið 17. gr., Áburðarverksmiðjan og Sementsverksmiðja ríkisins. Og á það hefur mjög verið sótt, einkanlega af talsmönnum Akraneskaupstaðar, að þarna yrði nokkur breyting á gerð með það í huga, að þetta sveitarfélag fengi nokkru meira í sinn hlut, og að sanngjarnt yrði að teljast, að skattgreiðslur þessara tveggja verksmiðja yrðu einnig eitthvað hækkaðar. Ég skal ekki langt út í það mál fara, en það kom í ljós við athugun málsins, sem hv. þdm. mun vafalaust vera ljóst öllum, sem að meira og minna eru kunnugir sveitarstjórnarmálum og sveitarstjórnartekjustofnalögum, svo að ég noti langt orð, að þetta var ekki einfalt í framkvæmd og flestar till., sem fram voru bornar til úrbóta um það efni, rákust á það grundvallaratriði, að þær hefðu leitt til þess, að haggað yrði meginundirstöðum þeim, sem landsútsvör hvíla á. **Það hefur hins vegar orðið niðurstaða málsins eftir viðræður** bæði fulltrúa Akraneskaupstaðar og félmrn. við stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga, að það væri **auðið að gera á þessu eina breyt., án þess að hagga neinum grundvallaratriðum, að vísu** breytingu, sem þessar tvær verksmiðjur eru út af fyrir sig ekki mjög hrifnar af, því að það eykur þeirra útgjöld, en mundi ekki hagga þeirri undirstöðu, sem landsútsvarskerfið byggist á. Og þessi breyting er í því einfaldlega fólgin, að landsútsvar þessara stofnana tveggja, Áburðarverksmiðju og Sementsverksmiðju, verði hækkað úr 1½% af heildarsölu stofnananna í 2%. En það er það hámark, sem er á aðstöðugjöldum. Ég hef fyrir mitt leyti talið, að það væri auðið að fallast á þessa breytingu, þar sem hún raskaði ekki neinum grundvelli löggjafarinnar, og jafnframt vil ég taka það fram, að ég mun í samráði við Samband ísl. sveitarfélaga beita mér fyrir nánari athugunum á landsútsvörunum yfirleitt vegna ýmissa aths., sem fram hafa komið, og þeirra breyt., sem hér er um að ræða og gera það nauðsynlegt, að það kynni að þurfa að athuga fleiri þætti þessa máls, og verður að

því stefnt, að þeirri heildarathugun yrði lokið fyrir næsta þing.

Ég vil leyfa mér, herra forseti, að leggja til, að sú breyt. verði á frv. gerð nú, að í staðinn fyrir 1½% í 3. gr. frv., staflið b, þ. e. a. s. varðandi þessi tvö fyrirtæki, sem ég nefndi, komi 2%. Því miður hefur ekki unnizt tími til þess að prenta þessa till. og útbýta henni og verð ég því að biðja hæstv. forseta að leita afbrigða fyrir henni. En ég vil leyfa mér að vænta þess, að hv. þdm. geti fallizt á þessa breytingu, úr því að hún getur leitt til þess, að samkomulag að öðru leyti náist við þá aðila, sem telja sig hér hafa borið skarðan hlut frá borði, miðað við þær breyt. aðrar, sem hv. þd. er sammála um að gerðar verði á lögunum um tekjustofna sveitarfélaga.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 553) leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Jón Árnason: Herra forseti. Eins og fram kom hjá hæstv. fjmrh., hefur á milli umr. nokkuð verið rætt um þetta við þá n., sem hefur haft málið til athugunar, bæði af minni hálfu og annarra, sem hér telja sig hafa hagsmuna að gæta. Ég hafði talið, að það hefði verið æskilegt, að þessar tvær stofnanir, sem hér um ræðir og er hvor tveggja atvinnufyrirtæki, sem reka að sumu leyti hliðstæðan atvinnurekstur og síldarverksmiðjurnar, sem falla undir það, að megi leggja á þær aðstöðugjald á viðkomandi stað, þar sem starfsemin fer fram. Um það náðist ekki samkomulag. Hins vegar er nokkur bót í þeirri till., sem hér hefur verið borin fram, og bætir nokkuð hlut þeirra staða, þar sem viðkomandi rekstur á sér stað. Það tilfelli, sem ég á hér við, er Sementsverksmiðjan á Akranesi varðandi Akraneskaupstað. Einnig með hliðsjón af þeirri yfirlýsingu, sem hæstv. fjmrh. gaf varðandi þá endurskoðun, sem ráðgert er að fram fari í sambandi við þessi mál í heild fyrir komandi haust, finnst mér, að við getum sætt okkur við þessa afgreiðslu, sem hér liggur fyrir, og vænti ég, að till. þessi verði samþykkt.

ATKVGR.

Brtt. 553 samþ. með 15 shlj. atkv.

Brtt. 471 felld með 10:2 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. til Nd

Á 76. fundi í Nd., 23. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 554).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 30 shlj. atkv.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir um breyt. á l. um tekjustofna sveitarfélaga, er, svo sem grg. frv. ber með sér, samið og flutt í samráði við Samband ísl. sveitarfélaga. Rökin fyrir frv. eru þau, að ýmsum aðilum innan samtaka sveitarfélaganna hefur þótt hafa komið í ljós óeðlilegt misræmi í sambandi við gjöld til sveitarfélaganna frá ýmsum ríkisstofnunum, miðað við sambærileg einkafyrirtæki, og á þetta fyrst og fremst við Síldarverksmiðjur ríkisins. Í grg. frv. eru tekin dæmi þess, hversu geysilegur munur er á útsvarsgreiðslum, annars vegar einkaverksmiðja á tilteknum stöðum, einkanlega hefur þetta komið fram á Austurlandi, og ríkisverksmiðja á sömu stöðum. Þetta hefur leitt til þess, að innan Sambands ísl. sveitarfélaga var sett á laggirnar sérstök n. bæjarstjóra og annarra forráðamanna sveitarfélaga, sem í samráði við félmrn. útbjó frv., sem hér liggur fyrir. Með frv., eins og það liggur hér fyrir, er ekki sagt, að þjónað sé öllum þeim áhugamálum, sem fram komu af hálfu einstakra sveitarfélaga, en niðurstaðan varð engu að síður sú innan þeirra samtaka, að samkomulag var um það að mæla með því af þeirra hálfu, að sú breyting yrði gerð á útsvarsl., sem hér er farið fram á. Ég hef lagt á það áherzlu og vil gera það enn hér í þessari hv. d., að breytingar á útsvarsl. eða tekjustofnamálum sveitarfélaga verði ekki gerðar án samráðs við sveitarfélögin, og hef ég því talið eðlilegt að fallast á að flytja frv. í því formi, sem varð ofan á í sveitarfélagasambandinu að mæla með.

Breytingin, sem frv. felur í sér, er sú frá gildandi l., að nokkur ríkisfyrirtæki eru sett við sama borð og einkafyrirtæki mundu vera og eru í sambærilegum starfsgreinum. Hér er sem sagt um að ræða ríkisfyrirtæki, þar sem til eru í landinu sambærileg einkafyrirtæki, og er gert ráð fyrir, að þessi ríkisfyrirtæki sitji þá framvegis við sama borð, þannig að þau greiði tekjuútsvar eins og um einkafyrirtæki væri að ræða og sömuleiðis aðstöðugjald, í stað þess að þau greiða nú landsútsvar, sem er 1½% af heildarsölu. Hins vegar er ekki gert ráð fyrir því, að breyting verði á þeirri reglu, að þessi fyrirtæki greiði, svo sem áður hefur verið, landsútsvar, þannig að hin álögðu útsvör renna eftir sem áður að ¾ hlutum í jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Það mál er miklu viðtækara en svo, að talið hafi verið fært að breyta því eins og nú standa sakir. Það er ekki langt síðan landsútsvör voru tekin upp, og það er mjög rík skoðun hjá Sambandi ísl. sveitarfélaga, að rétt sé að athuga það mál mjög vendilega, áður en yrði horfið frá því að breyta þeim reglum, sem nú gilda um landsútsvör, þar eð það megi segja, að reynslan af þeim hafi yfirleitt verið mjög góð.

Þetta var efni frv., þegar það var lagt fram, og þau rök, sem að baki því lágu. Frv. hefur allengi verið til meðferðar í hv. Ed., og stafar það fyrst og fremst af því, að fram komu mjög eindregnar óskir frá forráðamönnum Akraneskaupstaðar um það, að reynt yrði að fá svipaða breytingu fram varðandi Sementsverksmiðju ríkisins, en tvö fyrirtæki hafa verið tekin út úr þessum flokki ríkisfyrirtækja, Áburðarverksmiðjan og Sementsverksmiðjan, þar sem þau hafa ekki neinn sambærilegan aðila sér við hlið í einkarekstrinum í landinu, þannig að eðlilegt þótti, að um þau giltu áframt sérreglur. Niðurstaðan hefur orðið sú, að til þess að þurfa ekki að breyta þeim meginreglum, sem landsútsvörin hvíla á og jöfnunarsjóðsákvarðanir, lagði ég til í Ed., eftir að samráð hafði verið haft um það við Samband ísl. sveitarfélaga, að

sú breyting yrði gerð varðandi þessi tvö fyrirtæki, Áburðarverksmiðjuna og Sementsverksmiðjuna, að aðstöðugjald fyrirtækjanna, sem er um leið landsútsvar þeirra, hækki úr 1½ í 2%, en önnur breyting verði þar ekki á gerð. Um þetta varð algert samkomulag í hv. Ed., og vildi ég leyfa mér að vonast til, að það gæti einnig orðið hér í þessari hv. deild.

Þá var enn fremur gerð í Ed. sú breyting á frv., sem var eftir mjög ákveðnum óskum Sambands ísl. sveitarfélaga, að 0.5% af árlegum tekjum jöfnunarsjóðs renni beint til Sambands ísl. sveitarfélaga vegna rekstrar sambandsins eftir nánari ákvörðun ráðh. Hér er því um fé að ræða, sem sveitarfélögin raunverulega eiga, og það þótti því sanngjarnt og á það var einróma fallizt í Ed. að verða við þessum óskum sveitarfélaganna. Ástæðan til þess, að þau fóru fram á þetta, er sú, að þetta þótti einfaldari leið til þess að afla þeirra tekna, sem sveitarfélögin að öðrum kosti hefðu orðið undir að standa með ákveðnum tillögum til sambandsins, heldur en þurfa að standa í því að innheimta þessi tillög árlega.

Ég sé ekki ástæðu til, herra forseti, að orðlengja frekar um málið, nema sérstakt tilefni gefist til, en vil leyfa mér að leggja til, að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til 2. umr. og heilbr.- og félmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 29 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 32 shlj atkv.

Á 78. fundi í Nd., 26. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 554, n. 573, 579).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. og brtt. — Afbrigði leyfð og samþ. með 28 shlj. atkv.

Frsm. (Axel Jónsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér um ræðir, er flutt í fullu samráði við Samband íslenzkra sveitarfélaga, og meginbreytingarnar, sem þar um ræðir frá gildandi lögum, eru í fyrsta lagi að heimila að leggja aðstöðugjöld á þær stofnanir, sem nánar eru tilgreindar í 17. gr. b-lið, þ. e. Síldarverksmiðjur ríkisins, Viðtækjaverzlun ríkisins, Landsmiðjuna og Ríkisprentsmiðjuna Gutenberg, og í öðru lagi að greiða 0.5% af árlegum tekjum jöfnunarsjóðs til Sambands íslenzkra sveitarfélaga vegna starfsemi sambandsins, og er þetta gert vegna eindreginna óska Sambands íslenzkra sveitarfélaga. Í þriðja lagi er síðan breyting á ákvæðum um ákvörðun landsútsvars, eins og um getur í 3. og 4. gr. á þskj. 544.

Að öðru leyti vitna ég svo til grg. frv. og framsöguræðu hæstv. fjmrh., er hann fylgdi málinu úr hlaði í þessari hv. þd. Eins og fram kemur á þskj. 573, mælir heilbr.- og félmn. þessarar hv. d. einróma með samþykkt frv.

ATKVGR.
Brtt. 579 tekin aftur til 3. umr.
1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2.—6. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Á 79. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 554, 579).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Á þskj. 579 höfum við 1. þm. Norðurl. v. leyft okkur að flytja 2 brtt. við það frv. til l. um tekjustofna sveitarfélaga, sem hér er komið til 3. umr. Fyrri brtt. fjallar um það aðstöðugjald, sem ætlunin er að leyfa sveitarfélögunum að leggja á Síldarverksmiðjur ríkisins, Viðtækjaverzlun ríkisins, Landssmiðjuna og Ríkisprentsmiðjuna Gutenberg. Eins og mönnum er ljóst, er það fyrst og fremst aðeins eitt af þessum fyrirtækjum, sem skiptir máli, þ. e. a. s. Síldarverksmiðjur ríkisins, sem hafa gífurlega veltu á hverju ári og eru staðsettar á allmörgum stöðum á landinu. Það er sem sagt meiningin. að það sé leyfilegt að leggja aðstöðugjald á þessa stofnun, og það þarf ekki að taka það fram, að hér er um mjög merkilegan áfanga að ræða, sem allir eru sammála um, að sé mjög mikilvægt að fáist samþykktur.

Áður en frv. var lagt fyrir Alþ., var það borið undir stjórn Síldarverksmiðja ríkisins. Stjórn Síldarverksmiðja ríkisins samþykkti að mæla með frv., en þó með einni breytingu. Í bréfi til félmrn., sem ég hef fengið afrit af, segir, með leyfi forseta, að „stjórn SR geti mælt með frv. með þeim viðauka, að gjaldið verði lagt á í einu lagi og annist skattstjórinn í Reykjavík álagninguna eins og álagningu landsútsvars. Við skiptingu aðstöðugjaldsins milli þeirra staða, sem Síldarverksmiðjur ríkisins eru staðsettar á, skal miða skiptinguna jöfnum höndum við afkastagetu verksmiðjanna á hverjum stað árið fyrir álagninguna og við meðaltal hundraðshluta verksmiðjanna af unninni bræðslusíld á hverjum stað næstu 3 árin á undan álagningu.“ Í þessu bréfi stjórnar síldarverksmiðjanna kemur glöggt fram, hvað þessi breyting muni hafa í för með sér. Það kemur t. d. fram, að afkastageta verksmiðjunnar á Siglufirði er 50% af afkastagetu allra verksmiðjanna. En ef aðstöðugjaldið verður samþykkt eins og það liggur hér fyrir í frv., mun líklega innan við 10% af aðstöðugjaldinu falla í hlut Siglufjarðar, enda þótt þar sé yfirstjórn verksmiðjanna, allar skrifstofur, viðgerðarverkstæði og þjónusta, og það einungis vegna þess, að til verksmiðjanna barst að þessu sinni lítill afli. Stjórn síldarverksmiðjanna leggur sem sagt áherzlu á, að einnig sé miðað við afkastagetuna. Nefna má hér annað dæmi: Skv. bréfi stjórnar síldarverksmiðjanna kemur það fram, að á Skagaströnd eru 10% af vélaafli Síldarverksmiðja ríkisins, en ef þetta frv. verður að l., eins og hér liggur fyrir, fá Skagstrendingar ekki grænan eyri, enda þótt þessi stóra verksmiðja sé þar staðsett, sá staður hafi byggt sig upp og fólk flutzt þangað í því trausti, að þetta mesta stórfyrirtæki á staðnum mundi verða starfrækt. Fólk á Skagaströnd hefur orðið að leggja á sig kostnað við gatnagerð og ýmsa aðra þjónustu við þetta stórfyrirtæki, en það fær ekkert í sinn hlut frá verksmiðjunum, ef frv. verður samþykkt í því formi, sem hér liggur fyrir.

Ég er ekki í nokkrum vafa um, að það mundi verða heilladrýgra til lengdar og skapa meira samhengi, ef miðað væri við hvort tveggja, veltuna á hverjum stað og afkastagetuna. Það munu verða minni breytingar frá ári til árs. Ég þykist vita, að Austfirðingar séu almennt á móti því að gera á frv. breytingu, vegna þess að þeir sjá fram á, að þeir fá meira fé með þeim hætti, sem gert er ráð fyrir í frv. Ég er hræddur um, að þetta sé heldur skammsýn afstaða. Meðan síldin er við Austfirði, fá þeir verulegan hluta af aðstöðugjaldinu, og sveitarfélögin munu venja sig við að byggja fjárhag sinn á þessum tekjum. En þegar síldin hverfur, fá þeir allt í einu ekki neitt. Ég býst við, að þá mundi þeim þykja heldur betra, að miðað hefði verið einnig við afkastagetuna og þannig yrði meiri jöfnuður milli ára.

Það vill nú fara svo, að þegar mikil síld berst á land á einum stað, eru miklar tekjur á staðnum og í raun og veru minni þörf fyrir aðstöðugjald. En þegar síldin bregzt, er einmitt mest nauðsynin að hafa tekjur, sem geta vegið þar eitthvað á móti.

Ed. hefur nú fjallað um frumvarpið, og því miður hefur þetta sjónarmið hvergi komið fram í þeim umr. né heldur í neinu þski., sem um þetta mál fjallar. Það hefur ekki komið fram, með hvaða skilyrði stjórn Síldarverksmiðja ríkisins mælti með frv.

Við flm. þessa frv. erum að vísu ekki mjög bjartsýnir á, að þessar breyt. nái fram að ganga. N. hefur þegar fjallað um málið, og hún mælir með því, að það sé samþ. óbreytt. En við töldum samt eðlilegt, að sjónarmið okkar kæmi skýrt fram.

Önnur brtt., sem við flytjum við þetta frv., er við 20. gr. tekjustofnalaganna. Frv. var upphaflega samið fyrir rn. af þremur mönnum, sem til þess voru fengnir, og í því frv.-uppkasti var gert ráð fyrir því, að helmingurinn af landsútsvörum, sem til féllu á hverjum stað eða í hverju sveitarfélagi, kæmi í hlut þess sveitarfélags. Í bréfi, sem okkur þm. barst frá bæjarstjórninni á Siglufirði, kemur skýrt fram, að það var vegna tilmæla stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga, að þessu var breytt á þann veg, að aðeins fjórðungur landsútsvara, sem til fellur í hverju sveitarfélagi, kemur í hlut þess, en ¾ hlutar fara í jöfnunarsjóð. Bæjarstjórn Siglufjarðar og reyndar fleiri staðir hafa barizt fyrir því, að þessu yrði breytt í a. m. k. helmingaskipti, og till. okkar er flutt til að vekja athygli á þessu sjónarmiði.

Þegar landsútsvörum var komið á, var það fyrst og fremst gert af sanngirnisástæðum, vegna þess að talið var, að mörg sveitarfélög ættu rétt á að njóta einhvers hluta af þeim skatti, sem ríkisfyrirtæki væru látin greiða, þ. e. a. s. ríkisfyrirtæki, sem spönnuðu yfir landið allt. En því miður gerðist það, þegar þessi landsútsvör voru samþ., að breytingin varð mjög mikið áfall fyrir Siglufjörð. Ég held ég megi segja, að það sé rétt, sem forustumenn Siglufjarðarbæjar hafa haldið fram, að sú breyting hafi orðið þeim mjög í óhag. Það er þannig ástatt t. d. á Siglufirði, að af atvinnufyrirtækjum á staðnum eru þrjú fyrirtæki, síldarverksmiðjurnar, tunnuverksmiðjan og síldarútvegsnefnd, sem eru með 68% af atvinnurekstri á staðnum, en gjöldin, sem þessi fyrirtæki hafa verið látin greiða, eru sáralítil. Hins vegar skal ég viðurkenna, að með þeim breytingum, sem gerðar eru nú á l., batnar ástandið lítillega, en alls ekki nægilega. Ég vil benda á, hverja sérstöðu Siglufjarðarkaupstaður hefur hvað snertir aðra kaupstaði landsins. Við skulum líta á annað dæmi, þ. e. a. s. hvað útsvör af atvinnurekstri séu í hundraðshlutum af heildarútsvörum. Ef maður nefnir fyrst dæmi af stað eins og Neskaupstað, kemur í ljós, að 50% af heildarútsvörum þar eru útsvör af atvinnurekstri. Ef við lítum á Reykjavík, kemur í ljós, að þar eru 20% af útsvörum útsvör af atvinnurekstri. En á Siglufirði er þetta hlutfall aðeins 1.8%. Það eru launþegarnir, sem verða einir að standa uppi með 98.2%. Ég held, að þetta hlutfall sé algert einsdæmi. Ég held, að það sýni líka vel, hversu illa settur þessi kaupstaður er. Hann hefur algera sérstöðu í þessu máli. En það eru reyndar fleiri staðir, sem eru illa settir, staðir, sem eru einhliða byggðir upp með ríkisrekstri í þágu alþjóðar og þurfa að fá einhverja leiðréttingu sinna mála, staðir eins og t. d. Skagaströnd. Það er ekki aðeins, að þessir staðir hafi glímt við mikil atvinnuvandamál og mikill brottflutningur hafi verið þaðan, heldur er það hin voðalega staðreynd, að fjárhagur þessara sveitarfélaga hefur verið algerlega í molum. Ég vil geta þess hér, að á Siglufirði hefur útsvarsstigi verið notaður eins og lög leyfa með 20% álagi. Samt sem áður hefur vantað undanfarin ár skv. áætlun 4—5 millj. til þess að mæta allra brýnustu útgjöldum, og það skarð, sem þarna vantar að fylla, er raunverulega miklu stærra, líklega milli 7 og 8 milli. Það lendir svo á jöfnunarsjóði sveitarfélaga að reyna að bæta þar eitthvað um, en hann hefur alls ekki fjármagn til þess að koma til hjálpar nema að litlu leyti. Skuldirnar halda því áfram að vaxa.

Ég held ég hafi þessi orð ekki fleiri. Því miður hefur heilbr.- og félmn. ekki haft tækifæri til að fjalla um þessar till. Það má vel vera, að þær hljóti ekki mörg atkv. hér í hv. d., en flm. telja, að þessi tillöguflutningur þjóni þeim tilgangi að benda á, að hér er um stórfellt vandamál að ræða, hreinræktað óréttlæti, sem ekki er endanlega bætt úr með þeim mikilvægu leiðréttingum, sem fást fram með þessu frv. Ég tek fram, að við leggjum megináherzlu á, að frv. okkar verði samþ., og þar sem ekki hefur komið fram í þessum umr. neitt, sem bendir til þess, að breyt. á frv. muni tefja framgang þess, sjáum við ekki ástæðu til annars en standa fast við till., enda þótt við undirstrikum, að það skiptir auðvitað mestu máli, að frv. dagi ekki uppi, heldur verði afgreitt.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr. mikið, en það voru aðeins örfá orð, sem ég vildi láta koma hér fram í tilefni af flutningi þessara brtt.

Ég skil fullkomlega vel þá hugsun, sem að baki þeim liggur að leysa vandamál, sérstaklega Siglufjarðarkaupstaðar, sem á við mjög mikinn vanda að stríða, og sömuleiðis Höfðahrepps eða

Skagastrandar, sem á einnig við mikla atvinnuörðugleika að etja. Ég get hins vegar ekki komizt hjá því að benda á, að þau vandamál verða ekki leyst með þeim hætti, sem hér er gert ráð fyrir, þ. e. a. s. með þeim reglum, sem lagt er til að lögfesta hér um skiptingu útsvara Síldarverksmiðja ríkisins, ekki vegna þess, að það mætti ekki með nokkrum hætti ná auknu fé á þennan hátt, heldur vegna hins, að ef ætti að samþ. reglur sem þessar, er þar gersamlega brotið gegn öllum grundvallarreglum, sem gilda um útsvarsheimtu. Og þó að ég virði fullkomlega þá mætu menn, sem sitja í stjórn Síldarverksmiðja ríkisins, fæ ég ekki séð, að afstaða þeirra í þessu máli geti verið neinn grundvöllur að flutningi slíkrar till., vegna þess að raunar má segja, að sú afstaða hafi verið mjög einkennileg, að fara að leggja til, hvernig þeir gætu mælt með því, ef þessu væri skipt eftir tilteknum reglum. Út í þá sálma skal ég ekki fara. Ég veit, að fyrir þeim, sem að þessu stóðu, hefur gott eitt vakað, en get þó ekki annað en bent á það, sem hv. flm. láðist að vísu að segja, að stjórn Síldarverksmiðja ríkisins væri ekki sammála um þessa afstöðu, þannig að það var ekki einhuga till. um þetta.

En það, sem er þó kjarni málsins, hvað sem líður hennar afstöðu, er það, sem ég vona að hv. flm. geti í raunveruleika fallizt á, þó að þeir hreyfi þessu máli, að fyrri till. þeirra felur í sér svo mikla gjörbyltingu á þeim grundvallarsjónarmiðum, sem gilda varðandi útsvarsálagningu, að það þarf a. m. k. miklu nánari athugun til að gera sér grein fyrir, hvort hægt er að taka upp slíka aðferð, vegna þess að hún gæti auðvitað aldrei gilt eingöngu um Síldarverksmiðjur ríkisins. Það eru mörg fyrirtæki til í landinu, sem hafa starfsemi á fleiri en einum stað, og það hlyti þá að verða að koma til athugunar sem almenn regla, hvort það ætti að taka upp einhverja slíka skiptireglu, sem hér er gert ráð fyrir, og sannast sagna er skiptireglan, — og veit ég, að hv. flm. gera sér grein fyrir því, — svo óljós, að ég hygg, að það yrði harla erfitt að finna, hvernig að ætti að fara.

Varðandi það, að þetta komi ekki að gagni Skagaströnd eða Siglufirði, vil ég ekki fallast á það, vegna þess að ég vil mega vænta þess og tek alveg undir það, sem ég veit að vakir fyrst og fremst fyrir flm., að það verði reynt að stuðla að því, að þessar síldarverksmiðjur gangi og til þeirra verði flutt hráefni og þær borgi þá með eðlilegum hætti sín útsvör, þannig að málið, eins og það liggur fyrir, er auðvitað mikið hagsmunamál þessara staða, jafnvel þó að þessi brtt. verði ekki samþykkt.

En með hliðsjón af því, sem ég áðan sagði, að hér er um mjög tæknisk vandamál að ræða í sambandi við útsvarsálagningu og þær reglur, sem um það gilda, vil ég enn einu sinni ítreka það, sem ég hef áður sagt hér í sambandi við þetta frv., að ég tel það miklu varða, að breytingar séu ekki gerðar í tekjustofnamálum í grundvallaratriðum nema í samráði við stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga. Ég gerði jafnframt í hv. Ed. grein fyrir því og get gert það hér, að ég mundi vilja beita mér fyrir því, að endurskoðun yrði framkvæmd nú á þessu sumri á landsútsvarsreglunum yfirleitt, til þess að gera sér grein fyrir, hvort ástæða væri til þess að breyta þeim. Og á það þá að sjálfsögðu einnig við síðari lið till., þar sem gert er ráð fyrir, að skiptaprósentunni verði breytt úr ¾ í ½, sem renni til jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, að það er einnig svo mikið grundvallaratriði, að Samband ísl. sveitarfélaga hefur á þessu stigi ekki treyst sér til þess að mæla með þeirri breytingu, enda mundi það að sjálfsögðu einnig rýra mjög verulega aðstöðu jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, sem er til hagsbóta fyrir allt landið. Einmitt vegna tilkomu jöfnunarsjóðs hefur tekizt að hlaupa undir bagga með bæði Siglufjarðarkaupstað, Höfðakaupstað og fleiri sveitarfélögum á s. l. ári, m. a. á þann hátt, að Siglufjarðarkaupstaður fékk sem beint framlag úr jöfnunarsjóði 3¾ millj. kr. til þess að leysa sinn mikla vanda og Skagaströnd fékk þar 800 þús. kr. og tvö önnur sveitarfélög, sem í rauninni njóta einskis góðs af því, sem hér er verið að ræða um og hafa ekki slík fyrirtæki innan sinna vébanda, fengu einnig framlag úr þessum sjóði, þannig að það er áreiðanlegt, að jöfnunarsjóðurinn sem slíkur og landsútsvörin og hugsunin, sem bak við þau liggur, er það þýðingarmikið, að við megum ekki verða til þess að spilla þeirri hugsun, þó að okkur þyki kannske ekki allt hafa náðst með þeirri breyt., sem hér er gert ráð fyrir, sem einstaka þm. hefðu viljað óska fyrir sína staði. Ég hef því mjög viljað leggja áherzlu á það, að hv. d. geti fallizt á að samþykkja frv. eins og það liggur fyrir óbreytt.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Ég má til með að taka það fram, vegna þess að ég á sæti í stjórn Síldarverksmiðja ríkisins og rætt var nokkuð um það áðan, hver afstaða síldarverksmiðjustjórnarinnar væri til þessa máls, að ég mælti með þessu frv. í síldarverksmiðjustjórninni óbreyttu, eins og það liggur hér fyrir, og tel langskynsamlegast að samþ. frv. óbreytt.

Ég vil benda á, að forráðamenn þeirra bæjarfélaga, sem hér eiga hlut að máli, hafa á undanförnum árum barizt fyrir því, að það yrði breytt reglunum um greiðslur af rekstri Síldarverksmiðja ríkisins til bæjar- og sveitarsjóðanna. Og ég veit ekki betur en forráðamenn þessara sveitarfélaga hafi verið sammála um að reyna að fá það í lög, að þessar stofnanir greiddu eftir hliðstæðum reglum og annar atvinnurekstur á hverjum stað til sveitarsjóðanna.

Þetta frv., sem hér liggur fyrir, er í aðaldráttum byggt á þessari hugsun, að þessi atvinnufyrirtæki greiði hliðstætt og annar atvinnurekstur á staðnum og þá til þess hrepps eða þess kaupstaðar, þar sem hver verksmiðja um sig starfar. Þetta sýnist mér og sýndist líka, þegar þetta var til meðferðar í síldarverksmiðjustjórninni, vera eini réttláti grundvöllurinn, og ef farið væri út af þessum grundvelli, mundi verða mjög erfitt að finna jörð til þess að standa á, og þá yrðu það ekki aðeins, eins og hæstv. fjmrh. tók fram, síldarverksmiðjur, sem ættu að koma undir slíkt, heldur ætti það þá einnig að gilda um ýmis fyrirtæki, sem hafa rekstur á mörgum stöðum í landinu, að ekki væri greitt á hverjum stað miðað við þann rekstur, sem þar er.

Ég skal ekki fara út í meting á milli héraða um þessi málefni, en mér hefur alltaf sýnzt reglan í frv. vera eina reglan, sem væri sanngjörn, og sú eina, sem hugsanlegt væri að fóta sig á, og ég hygg, að hún sé alveg í samræmi við þann anda, sem upphaflega hefur ríkt í þessum málum, sem sé að þessi fyrirtæki greiddu hliðstætt við önnur fyrirtæki á staðnum.

Ég vil svo vísa til þess, sem reyndar hefur komið hér áður fram í sambandi við þetta mál, að það mun hafa orðið samkomulag um það hjá Sambandi ísl. sveitarfélaga að mæla með þessu frv. eins og það liggur fyrir, og þar munu vera fulltrúar frá öllum þeim byggðarlögum, sem hér eiga hlut að máli. Ég vil leggja áherzlu á það, sem kom fram hjá hv. fyrra flm. brtt., að þetta frv. er stór ávinningur fyrir bæjarfélögin og sveitarfélögin, hvernig sem fer um skiptingartill. þeirra félaga. Ég mæli með því, að frv. verði samþ. óbreytt, og tek undir með hæstv. fjmrh.

Jón Kjartansson: Herra forseti. Það verður að afsaka við nýliða í þinginu, að þeir eru ekki fyllilega búnir að gera sér ljóst, hversu röggsamur forseti Nd. er, og kveðja sér þá e. t. v. ekki eins snögglega hljóðs og skyldi og þörf er á.

Ég skal koma á móts við forseta og reyna að vera stuttorður og ekki tefja þær umr., sem hér hafa farið fram um þessi mál.

Ég vil strax lýsa því yfir, að ég tel, að frv. það, sem hér liggur fyrir um tekjustofna sveitarfélaga og samkomulag er um innan Sambands ísl. sveitarfélaga, er til bóta fyrir sveitarfélögin almennt. Það, sem vakir fyrir okkur flm. þeirrar brtt., sem er á þskj. 579, er að bæta nokkuð hag og aðstöðu tveggja sveitarfélaga, Siglufjarðar og Skagastrandar. Það er ekkert launungarmál, og þessar brtt. bera það með sér. Við berum þær fram skv. áskorun frá bæjarstjórn Siglufjarðar. Og ég veit ekki betur en þar hafi fulltrúar allra stjórnmálaflokka, sem eiga sæti í bæjarstjórninni, staðið að þeim till. Ég vil vekja athygli á því, sem ég held að hv. alþm. viti ekki, að meðalútsvar, sem Síldarverksmiðjur ríkisins greiddu Siglufjarðarkaupstað frá 1952—1961, er hvorki meira né minna 150 þús. kr. á ári. Það sjá náttúrlega allir hv. alþm., hversu fjarstæðukenndar þessar upphæðir eru: 150 þús. kr. meðalútsvar á ári frá 1952—1961 frá einu stærsta fyrirtæki landsins. Það skal að sjálfsögðu viðurkennt og vakin athygli á því, að hér var um að ræða síldarleysisár. En það ber líka að hafa í huga, að á þessum síldarleysisárum þurfti Siglufjarðarkaupstaður að setja hundruð þúsunda í gatnagerðir. m. a. vegna þessara verksmiðja. Það þarf að halda uppi brunavörnum, sem kosta tugi þúsunda fyrir svo lítið bæjarfélag. Og þó að Síldarverksmiðjur ríkisins hafi greitt og greiði skv. lögum vatnsskatt, þá er það sáralítil upphæð, ég hef þá upphæð ekki hér tiltæka og man hana ekki nákvæmlega, en það er lítil upphæð, sem verksmiðjurnar hafa greitt í skatta. En verksmiðjustjórnin hefur engu að síður sagt við Siglufjarðarkaupstað: Ef vatnsból eru ekki nægileg til að tryggja vinnslu í verksmiðjunum, ef nægileg síld berst, þá er Siglufjarðarkaupstaður ábyrgur fyrir slíkri stöðvun. Og á árunum kringum 1950—1955 lagði Siglufjarðarkaupstaður í vatnsvirkjunargerð vegna síldarverksmiðja á staðnum, sem kostaði hundruð þúsunda, til að tryggja fyrir sitt leyti rekstrargrundvöllinn.

Ég vil bara vekja athygli á þessu til að benda hv. alþm. á það, hvernig viðskipti Siglufjarðarkaupstaðar og síldarverksmiðjanna hafa verið. Ég hef hér í höndunum tölur, sem sýna, að landsútsvar til Siglufjarðar var árið 1965, eftir breytinguna, 421 þús. kr. En 1961, áður en landsútsvarsfyrirkomulagið kom til sögunnar, greiddu þó S. R. 425 þús. kr. Hvað ætli tilkostnaður allur hjá Siglufjarðarkaupstað 1965 eða 1966 sé á móts við það, sem hann var 1961? Það sjá allir, að þessar tölur tala sínu máli.

Það er alveg rétt, sem hæstv. fjmrh. benti hér á, að Siglufjarðarkaupstaður hefur fengið allmikið fé úr jöfnunarsjóði sveitarfélaga. En ég held, að ef dæmið yrði gert upp, hvað Siglufjarðarkaupstaður hefur fengið frá jöfnunarsjóði sem framlag og frá Síldarverksmiðjum ríkisins í útsvar, kæmi það í ljós, að bæjarsjóður Siglufjarðar hafi farið frekar halloka í viðskiptum við Síldarverksmiðjur ríkisins.

Ég geri mér það ljóst, að þessar till., sem við flytjum á þskj. 579, verða felldar, þær verða felldar eftir þær umr., sem hér hafa farið fram. En ég fagna hins vegar þeirri yfirlýsingu hæstv. fjmrh., þar sem hann sagði, að endurskoðun muni fara fram á landsútsvarslögunum á þessu ári.

ATKVGR.
Brtt. 579,1 felld með 22:4 atkv.
Brtt. 579,2 felld með 20:4 atkv.
Frv. samþ. með 29 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 605).

35. Fjáraukalög 1964.

Á deildafundum 15. febr. var úthýtt frá Sþ.:
Frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1964 [114. mál] (stjfrv., A. 235).

Á 27. fundi í Sþ., 16. febr., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 28. fundi í Sþ., 23. febr., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Með frv. þessu er lagt til, að aflað sé viðbótarheimilda fyrir umframgjöldum þeim, er urðu hjá ríkissjóði 1964, í samræmi við niðurstöður ríkisreiknings, en frv. til staðfestingar á ríkisreikningi hefur einnig verið lagt fyrir hið háa Alþ. Ég hef áður í sambandi við meðferð fjárlagafrv. fyrir 1966 gert ýtarlega grein fyrir afkomu ríkissjóðs 1964 og sé því ekki ástæðu til þess að ræða sérstaklega þetta frv., en vil leyfa mér að leggja til, að frv. verði að lokinni umr. vísað til 2. umr. og hv. fjvn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 31 shlj. atkv. og til fjvn. með 33 shlj. atkv.

Á 38. fundi í Sþ., 20. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 235, n. 473).

Frsm. (Birgir Finnsson): Herra forseti. Þetta frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1964 er samið skv. till. yfirskoðunarmanna ríkisreikninganna í sama formi og venja hefur verið til undanfarin ár. Fjvn. leggur til, að frv. verði samþ. eins og það liggur fyrir og látið ganga áfram til 3. umr.

Ég vil geta þess, að undirnefnd í fjvn. hefur yfirfarið tölurnar og borið þær saman við ríkisreikning og ekkert fundið athugavert.

Einnig vil ég geta þess, að einn hv. nm. í fjvn. hreyfði því, og hefur reyndar áður hreyft því í fjvn., að hann teldi, að frv. til fjáraukalaga ætti að vera meira sundurliðað en raun ber vitni. Hins vegar er það skoðun annarra fjvn.-manna, að slík sundurliðun hafi ekki mikla praktíska þýðingu, þegar það fylgist að, að ríkisreikningi fyrir það ár, sem um er fjallað, hefur verið útbýtt í þinginu og hv. alþm. hafa í honum aðgang að sundurliðun á þeim tölum, sem þeir vilja grandskoða nánar en fram kemur í frv. til fjáraukalaga.

Umr. (atkvgr.) frestað.
Á 39. fundi í Sþ., 22. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 42 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 42 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 40 shlj. atkv.

Á 41. fundi í Sþ., 27. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 34 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 625).

---

36. Vélstjóranám.

Á 1. fundi í Sþ., 11. okt., var útbýtt frá Ed.: **Frv. til l. um vélstjóranám** [13. mál] (stjfrv., A. 13).

Á 6. fundi í Ed., 25. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Gildandi lög um kennslu í vélfræði eru fyrir löngu orðin algerlega úrelt, enda frá árinu 1936 og hafa þannig staðið óbreytt í 28 ár. Hins vegar hefur ekki verið að öllu leyti auðvelt að koma fram endurskoðun á þeim l., vegna þess að ýmsum aðilum, sem um slíka endurskoðun hafa þurft að fjalla með eðlilegum hætti, hefur ekki sýnzt eitt og hið sama um það, hvert stefna skyldi við endurskoðunina. Annars vegar hafa verið sjónarmið þeirra, sem um menntunarmálin sjálf, um skólamenntunina hafa fjallað, og hins vegar hinna, sem þegar hafa fengið atvinnuréttindi á grundvelli þess menntunarkerfis, sem hingað til hefur verið í gildi. Hefur þetta valdið því, að þegar n. hafa verið skipaðar til þess að fjalla um endurskoðun þessara l., en það mun hafa gerzt oftar en einu sinni um langt skeið undanfarið, hafa þær ekki orðið sammála eða niðurstaða þeirra orðið með þeim hætti, að hlutaðeigandi ríkisstj. hafa ekki treyst sér til að bera fram frv. um ákveðnar breyt. á gildandi menntunarkerfi.

Það hefur þó verið öllum augljóst, sem það hafa viljað sjá og áhuga hafa haft á þessum málum, að stórfelld tækniþróun með mjög ört vaxandi vélakosti til lands og sjávar kallar á æ fleiri vel menntaða vélstjórnarmenn. En því miður hefur það sýnt sig, að mikill skortur hefur verið og er í landinu á vélstjórum, og fer því víðs fjarri, að þörf atvinnuveganna fyrir menn með þá menntun, sem hér er um að ræða, hafi verið fullnægt. Í raun og veru hefur ástandið í þessum efnum farið versnandi ár frá ári og svo mjög, að allmiklum fjölda manna með of takmarkaða þekkingu á þessu sviði hefur með undanþágum verið veittur réttur til vélstjórnar á fiskiskipa- og kaupskipaflotanum. Mun nú láta nærri, að u. þ. b. helmingur þeirra manna, sem starfa að vélstjórn á skipaflotanum, hafi eigi fyllstu lögmæt atvinnuréttindi. Þarf ekki mörgum orðum um það að fara, hversu varhugavert það hlýtur að teljast að þurfa að trúa mönnum með ónóga þekkingu fyrir umsjón og stjórn véla, sem hver um sig getur jafnvel kostað margar millj. kr. og þar sem mjög miklir fjárhagslegir hagsmunir og jafnvel mannslíf geta verið að veði, ef út af ber um meðferð og stjórn þessara dýru og vönduðu tækja.

Það er megintilgangur þessa frv. að skapa grundvöll að hagfelldari vélstjóramenntun og gera mönnum auðveldara en áður að afla sér hennar, með það fyrir augum, að vélstjórastéttinni geti á næstu árum fjölgað svo mjög, að fullmenntuð vélstjórastétt komist yfir að leysa þau verkefni, sem að kalla og sí og æ fara vaxandi.

Ég hef haft með vélskólann að gera allar götur síðan 1956 og gert fleiri en eina tilraun á þessum árum til að samræma þau sjónarmið, sem uppi hafa verið varðandi vélstjóramenntunina annars vegar og atvinnuréttindi vélstjóranna hins vegar. Að loknum ýtarlegum undirbúningsviðræðum, bæði við forstöðumenn vélskólans og við forstöðumenn samtaka vélstjóranna, skipaði menntmrn. í febrúar 1964. í febrúar í fyrra 5 manna n. til athugunar á málinu í heild, þ. e. nauðsynlegum menntunarkröfum annars vegar og svo atvinnuréttindum vélstjóranna hins vegar. Í n. voru skipaðir þeir Jón Þorsteinsson alþm., og var hann skipaður formaður n., Gunnar Bjarnason skólastjóri, tilnefndur af vélskólanum í Reykjavík, Guðmundur Pétursson vélstjóri, tilnefndur af Vélstjórafélagi Íslands, Jón S. Pétursson vélstjóri, til-

nefndur af Mótorvélstjórafélagi Íslands, og Magnús J. Magnússon forstöðumaður mótornámskeiða Fiskifélags Íslands, tilnefndur af Fiskifélagi Íslands.

Skömmu eftir að n. hóf starf sitt, tók varamaður Jóns S. Péturssonar, Halldór Guðbjartsson vélstjóri, sæti í n. í stað Jóns og starfaði með henni, þangað til hún lauk störfum að þessu verkefni. Enn fremur starfaði Örn Steinsson vélstjóri um hríð með n., meðan Guðmundur Pétursson dvaldist erlendis.

Þessi n. náði algerri samstöðu um það frv., sem hér er nú flutt á hinu háa Alþ. Veit ég, að n. lagði fram mikið og mjög mikilvægt starf, og sé ég fulla ástæðu til þess að þakka nm. öllum fyrir gott og ötult starf og sérstaklega fyrir það að hafa lagt sig fram um það, að n. gæti skilað einróma áliti. Má með þessu einróma áliti telja, að fullkomið samræmi hafi náðst milli sjónarmiða skólamanna annars vegar og vélstjórastéttarinnar hins vegar. Ágreiningur þeirra á milli ætti því ekki að þurfa að verða því til trafala, að þetta frv. fái greiðan gang í gegnum hið háa Alþ. En meginefni frv. er fólgið í því, sem nú skal greina í fáum orðum.

Í fyrsta lagi gerir frv. ráð fyrir því, að framvegis fjalli ein stofnun, þ. e. vélskólinn í Reykjavík, um alla vélstjórakennslu í landinu, hvort sem kennslan fer fram í Reykjavík eða úti á landi. Í öðru lagi gerir frv. ráð fyrir því, að vélstjóranáminu verði framvegis skipt í 4 skýrt afmörkuð námsstig, þ. e. eitt einhvers konar undirbúningsnámskeið og svo hina 3 bekki vélskólans, sem starfað hafa síðan núgildandi lög um skólann voru sett, og er gert ráð fyrir því, að hvert námsstig um sig veiti sérstök fullgild atvinnuréttindi á sínu sviði og fari þau vaxandi, eftir því sem námsstigið verður hærra. Í þriðja og síðasta lagi, — og er það ekki minnst um vert, — gerir frv. ráð fyrir því, að inntökuskilyrði í vélskólann verði mjög rýmkuð og slitin séu að mestu leyti tengslin milli járnsmíðanáms annars vegar og vélstjóranáms hins vegar.

Ég skal fara nokkrum fleiri orðum um hvert þessara meginatriða frv. um sig.

Eins og kunnugt er, hefur kennsla í vélfræði fram til þessa farið fram með tvennu móti. Annars vegar hefur Fiskifélag Íslands haldið tvenns konar mótorfræðinámskeið, hið minna og hið meira, sem svo hafa verið nefnd, og hins vegar hefur kennsla farið fram í vélskólanum í Reykjavík. Aftur á móti hafa engin tengsl verið milli þessara tveggja kennslustofnana. Próf frá námskeiðum Fiskifélagsins hafa ekki veitt nein réttindi til inngöngu í vélskólann, og hefur það auðvitað leitt til þess, að færri nemendur hafa sótt þessi námskeið en ella, og auk þess hefur það staðið í vegi fyrir því, að menn sæktu þessi námskeið Fiskifélagsins, að þeir, sem þeim námskeiðum ljúka, hafa ekki átt kost á neinni framhaldsmenntun. Vélskólinn í Reykjavík hefur hins vegar starfað sem ein heild í þrem bekkjum, en nemendur í vélskólanum hafa ekki hlotið nein atvinnuréttindi á mótorskipum út á námið, fyrr en þeir hafa lokið skólanum að fullu, þ. e. lokið fullu þriggja ára námi í vélskólanum. Þá er það mjög mikilvægt í þessu sambandi, að inntökuskilyrði, sem gilt hafa í vélskólann, hafa verið allri starfsemi hans mikill fjötur um fót og beinlínis valdið því, að miklu færri nemendur hafa sótt skólann en æskilegt er, miklu færri nemendur hafa sótt skólann en þörf hefur verið fyrir, að sæktu hann, og hefur þetta átt mjög verulegan þátt í vélstjóraskortinum og þeim mörgu og margvíslegu undanþágum, sem óhjákvæmilegt hefur verið talið að veita í þessu sambandi. Aðalfjöturinn um fót í þessu sambandi hefur verið sá, að það hefur verið inntökuskilyrði í vélskólann, að nemandinn hafi í 4 ár stundað iðnaðarnám í einhverri grein járniðnaðarins. En þessi regla hefur reynzt mjög óheppileg og í raun og veru alveg ónauðsynleg. Í fyrsta lagi er 4 ára undirbúningsnám undir vélskólanám óþarflega langt, ef rétt er á haldið, auk þess sem telja má mjög hæpið, að sá undirbúningur, sem fæst við járnsmíðanám, sé á hinu rétta sviði í öðrum greinum járniðnaðarins en vélvirkjun. Þeir, sem hugsað hafa til vélskólanáms, hafa margir beinlínis horfið frá því vegna kröfunnar um það, að þeir skuli áður hafa stundað 4 ára iðnaðarnám í vélsmiðju. En jafnvel þótt þeir hafi viljað leggja á sig iðnaðarnámið til þess að komast í vélskólann, þá miklu fórn til að standast þessa ströngu kröfu, hefur þeim oft og einatt verið óhægt um vik, því að járnsmíðaverkstæðin hafa verið ófús að taka til náms slíka nemendur, sem augljóst hefur verið um frá upphafi, að ætli ekki að helga sig störfum í smiðjunum, heldur hverfa að loknum námstímanum til starfa eða til náms í vélskólanum, þannig að segja má, að ríkjandi fyrirkomulag hafi verið öllum aðilum jafnóhagkvæmt, vélstjórastéttinni sem slíkri, vélskólanum sem slíkum, nemendunum sem slíkum vegna óeðlilegra krafna á hendur þeirra og smiðjunum sem slíkum, vegna þess að þær hafa þurft að taka að sér að hafa menn sem nemendur í langan tíma, sem síðan hafa horfið burt frá starfi í smiðjunum. Þess vegna gerir frv. ráð fyrir því, að þessum inntökuskilyrðum sé breytt, og má segja, að það sé ein veigamesta breytingin í frv. Lágmarksaldur til inngöngu í skólann hefur vegna kröfunnar um iðnnámið í raun og veru verið 20 ár, en með frv. er aldurinn í raun og veru lækkaður niður í 18 ár. Auk almennra skilyrða, sem gilda um hliðstæða skóla yfirleitt og ég sé ekki ástæðu til þess að rekja, er gert ráð fyrir því, að umsækjandi eigi rétt á að setjast í vélskólann, ef hann fullnægi einu af eftirfarandi þrem skilyrðum: 1) Hafi lokið vélstjóranámi fyrsta stigs, þ. e. staðizt próf að loknu námskeiði fyrir vélstjóraefni, sem gert er ráð fyrir að vélskólinn haldi bæði í Reykjavík og utan Reykjavíkur. 2) Hafi öðlazt a. m. k. 2 ára reynslu í meðferð véla eða vélaviðgerðum og staðizt sérstök inntökupróf í skólann, sem meiningin er, að skólinn taki upp. 3) Hafi lokið eins vetrar námi í forskóla iðnnáms í járnsmíðagreinum og hlotið a. m. k. 6 mánaða reynslu að auki í meðferð véla eða vélaviðgerðum og enn fremur staðizt sérstök inntökupróf við skólann. En jafnframt er vélskólanum heimilað að halda námskeið til undirbúnings inntökuprófi.

Með þessu móti er sem sagt almennur inntökualdur í vélskólann lækkaður í 18 ár og gert að öðru leyti einnig mun auðveldara að kom-

ast inn í skólann, vegna þess að gert er ráð fyrir því, að menn geti sótt námskeið, sem vélskólinn heldur og hægt á að vera að ljúka á minna en einum námsvetri. Samhliða þessu er gert ráð fyrir því, að allt námskeiðshald af hálfu Fiskifélags Íslands hverfi alveg úr sögunni. N. var reiðubúin fyrir sitt leyti að fallast á, að Fiskifélagið hefði áfram námskeiðshald hér í Reykjavík. En að gaumgæfilega athuguðu máli óskaði Fiskifélagið ekki eftir því, og það er því óhætt að fullyrða, að þessi breyting á vélstjóranáminu, þ. e. brottfelling þeirra mótornámskeiða, sem Fiskifélagið hefur haldið uppi um áratugi og með miklum sóma, sú breyting er gerð í fullkomnu samráði við Fiskifélag Íslands sjálft.

Þá er þess að geta, að í frv. felst sú breyting frá núgildandi l., sem einnig verður að teljast mjög mikilvæg, að hvert námstig verður framvegis grundvöllur sérstakra atvinnuréttinda. Af því leiðir auðvitað, að jafnframt verður að gera breytingu á l. um atvinnu við siglingar að því er varðar atvinnuréttindi vélstjóra. Um það mál er fjallað í öðru ráðuneyti, þ. e. í samgmrn., og mun samgmrh. væntanlega flytja sérstakt frv. um það efni. En n., sem ég gat í upphafi, fjallaði einnig um þessi atriði og náði einnig um þau samkomulagi. Það kann að vera, að þessu frv. hafi þegar verið útbýtt. (Gripið fram í.) Ég bið afsökunar, því mun þegar hafa verið útbýtt. Og það er samið af þessari sömu n., sem einnig stendur einhuga að baki því frv.

Eins og inntökuskilyrðin í vélskólann hafa verið, hefur það verið svo, að hver og einn, sem þar hefur lokið námi, hefur verið hvort tveggja í senn vélstjóri og járniðnaðarmaður. Ef þær breytingar, sem í þessu frv. felast og atvinnuréttindafrv., ná fram að ganga, verður í framtíðinni sú breyting á, að hér verður nokkuð skilið í milli, enda er í raun og veru engin þörf á því, að allir vélstjórar hafi iðnréttindi. Það er ekki nauðsynlegt annað en þeir einir vélstjórar hafi iðnréttindi, sem ljúka öllum stigum prófnáms og þá taka að sér störf sem yfirvélstjórar á stærstu skipum flotans. Til þess að öðlast full atvinnuréttindi eða mestu atvinnuréttindi í vélstjórastéttinni verða menn að ljúka fyllsta vélstjóraprófi, fyllsta prófi úr vélskólanum og auk þess sveinsprófi í vélvirkjun, en kunnátta í þeirri grein járniðnaðarins kemur vélstjórum að sjálfsögðu að mestum notum.

Í frv. er enn fremur gert ráð fyrir því, svo að ég láti þess að síðustu getið, að stofnuð verði 5 manna skólanefnd við vélskólann í Reykjavík, Fiskifélag Íslands óskaði eftir því að eiga fulltrúa í skólanefndinni, svo að félagið rofnaði ekki alveg úr tengslum við vélstjórafræðsluna í landinu, þó að hin svonefndu mótorfræðinámskeið þess yrðu lögð niður. Við teljum sjálfsagt að verða við óskum Fiskifélagsins um þetta efni, enda hefur það, eins og ég gat um áðan, gegnt sínu hlutverki í þessu efni á undanförnum áratugum með stakri prýði.

Áður en n., sem frv. samdi, gekk endanlega frá frv., var það sent ýmsum aðilum til umsagnar: iðnfræðsluráði, A. S. Í., Landssambandi ísl. útvegsmanna, Fiskifélagi Íslands, skipaskoðunarstjóra, Vélstjórafélagi Íslands, Mótorvélstjórafélagi Íslands, Vinnuveitendasambandi Íslands og Vinnumálasambandi samvinnufélaganna. Hjá öllum þessum aðilum fékk frv. í þeirri mynd, sem það er flutt hér, góðar undirtektir. Einstakar aths. við minni háttar atriði komu fram, og mun n. hafa tekið flestar þeirra til greina. Hv. þn. mun að sjálfsögðu fá aðgang að þeim plöggum, sem í menntmrn. eru til um þetta efni, til þess að ganga úr skugga um, hvort hún kynni að hafa áhuga á einhverjum brtt., sem höfundar frv. töldu ekki ástæðu til á þessu stigi a. m. k. að taka til greina.

Með þessum orðum, herra forseti, vona ég, að mér hafi tekizt að gera grein fyrir meginefni þessa frv. Ég held, að alveg óhætt sé að fullyrða, að samþykkt þess mun mega teljast til mikilla bóta fyrir vélstjóramenntunina í landinu, en menntun vélstjórastéttarinnar hefur verið ábótavant vegna hinna algerlega — að mínu viti — úreltu laga, sem gilt hafa um vélskólann. Það er tilgangur frv. að ráða bót á þessu, og er ég sannfærður um, að af því mundi leiða mjög heillavænlega bót á menntun vélstjóranna og með því móti ætti að mega telja, að öryggi allt við vélgæzlu og vélstjórn mundi stóraukast og stórbatna frá því sem verið hefur um undanfarna áratugi. Ég leyfi mér því að óska þess, að þetta frv. fái sem greiðastan gang í gegnum hið háa Alþingi.

Að svo mæltu leyfi ég mér, herra forseti, að leggja til, að frv. verði vísað til 2. umr. og til hv. menntmn.

Alfreð Gíslason: Herra forseti. Ég er sannfærður um, að hér er um hið þarfasta mál að ræða. Gildandi lög um vélstjóranám eru eflaust fyrir löngu orðin úrelt, eins og hæstv. ráðh. tók fram í sinni ræðu. Ég fagna því, að þetta frv. er fram komið, og það er ekki ætlun mín að gagnrýna það á nokkurn hátt, sízt á þessu stigi málsins. Það er aðeins eitt atriði, sem mig langar til að vekja athygli á eða nánast spyrjast fyrir um í sambandi við frv.

Hæstv. menntmrh. tók það fram, að hverju loknu námstigi eigi að flytja ákveðin atvinnuréttindi. Þetta er rétt hjá hæstv. ráðh. hvað snertir 1., 2. og 3. stigið. En það er ekki rétt að því er varðar 4. stigið. 4. stig vélstjóranámsins gefur út af fyrir sig engin réttindi til viðbótar frá 3. stigi. Það er fyrst, ef sveinspróf í vélvirkjun fylgir, þá veitir það réttindi. Mig langar til þess að vekja athygli á þessu. Mér finnst þetta í sjálfu sér ekki alveg sanngjarnt, að þessu 4. stigi skuli ekki fylgja aukin atvinnuréttindi, því að viðbótin, sem heimtuð er, er hreint ekki svo lítil, þar sem um er að ræða sveinspróf í iðn. E. t. v. liggja einhverjar sérstakar ástæður til þessa, ástæður, sem ég hef ekki komið auga á, og þá vildi ég gjarnan, að hæstv. ráðh. eða einhver annar upplýsti mig um það atriði.

Jón Þorsteinsson: Herra forseti. Mér þykir rétt að segja nokkur orð í tilefni af því, sem hv. 9. þm. Reykv. sagði hér, vegna þess að ég er einn af höfundum þessa frv. Það er alveg rétt hjá hv. þm., að 4. námsstigið veitir ekki ný atvinnuréttindi, nema því fylgi sveinspróf í vél-

virkjun. N., sem undirbjó þetta frv., athugaði þessa hlið málsins gaumgæfilega, held ég að mér sé óhætt að fullyrða, og ég held, að það sé ekki neinn grundvöllur fyrir því að fara að gefa þarna nýtt réttindastig, þannig að síðasta menntunarstigið, 4. stigið, gæfi tvenns konar réttindi, það gæfi sérstök réttindi, þegar vélskólanum væri lokið, og svo enn á ný viðbótarréttindi eða ótakmörkuð réttindi, ef sveinspróf kæmi þar á ofan. Og það er m. a. vegna þess, að 3. stigið gefur þegar svo mikil réttindi eftir l. um atvinnu við siglingar eða því frv., sem hér hefur verið borið fram. Það er talið nauðsynlegt af mönnum, sem gerst til þekkja í þessum málum, bæði skólamönnum og vélstjórum, að þeir, sem gegna vélmeistararéttindum, ef svo má segja, þeir, sem verða yfirvélstjórar á stærstu skipum flotans, — það er talið nauðsynlegt, að jafnframt vélskólanámi hafi þeir sveinspróf í vélvirkjun. Þess vegna er það skilyrði látið fylgja æðsta stigi, því að það verður að gæta þess, að 4. stigið gefur, þegar áskilinn starfstími er kominn, ótakmörkuð réttindi á allar vélar, mestu réttindi, sem hægt er að fá.

Hins vegar ber þess að gæta, að það er ekki víst, að þetta sé í raun og veru svo ákaflega mikið þrekvirki fyrir þann, sem lýkur vélskólanum, að taka einnig sveinspróf í vélvirkjun. Ég vil undirstrika það sérstaklega, að andstætt þeim reglum, sem gilt hafa, þegar allir hafa þurft að hafa sveinspróf eða 4 ára nám í járnsmíðagrein, áður en þeir byrja í vélskólanum, er núna hægt að hafa þetta þannig, að sá, sem lýkur vélskólanum, getur tekið sveinspróf í vélvirkjun á eftir, hann getur tekið vélskólann fyrst. Og bæði er það, að eftir þeim reglum, sem eru í frv., getur viðkomandi maður, sem fer inn í vélskólann, haft nokkra þekkingu, hann hefur getað verið í smiðju í 2 ár, og það er enn þá annað, sem ég vildi benda alveg sérstaklega á, að í þessu frv. er gert ráð fyrir, að það sé tekin upp smíðakennsla í vélskólanum, bæði 1. og 2. bekk, og út á þetta smíðanám í vélskólanum mundi viðkomandi vélstjóri fá styttingu námstímans í vélvirkjun á eftir, þannig að það væri mjög almennt, hugsa ég, hægt að ætla, að sá, sem lyki vélskólanum og tæki svo sveinspróf í vélvirkjun á eftir, ef hann hefði ekki stundað neitt að ráði iðnað, áður en hann kom í vélskólann, hann þyrfti alls ekki að stunda það nema í 2 vetur líkast til, þannig að vélskólinn getur þarna að nokkru leyti komið í staðinn fyrir eða stytt verklega námið í sjálfu vélvirkjunarfaginu. Ég man nú ekki, hvar það er í frv., en það er hér gert ráð fyrir því einmitt, að um þetta sé haft samband við iðnfræðsluráð, þannig að þeir, sem hafa lokið síðasta stigi vélstjóranámsins, eigi þess miklu hægari kost að ljúka vélvirkjunarnáminu heldur en ella væri, ef þeir hefðu þurft að taka það áður en þeir byrjuðu í vélskólanum. En í raun og veru er það ljóst með þessu frv., að hver og einn, sem lokið hefur 2. bekk vélskólans, hver og einn, sem hefur gert það og hefur hug á að ljúka 3. bekk og taka þar með æðstu vélstjóragráðuna, veit fyrir fram, að það er ekkert gagn í að fara í 3. bekk og ljúka, nema taka sveinsprófið líka. Á þann hátt er enginn blekktur, menn vita það fyrir fram, að þeir taka ekki 3. bekk, nema annaðhvort hafa þetta sveinspróf áður eða a. m. k. eiga þá tiltölulega auðvelt með að taka það síðar, ef þeir vilja leggja út í það. En ég tel enga þörf á því að fara að skipta réttindunum enn þá frekar en gert er með þessu frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til menntmn. með 15 shlj. atkv.

Á 48. fundi í Ed., 10. marz, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 49. fundi í Ed., 14. marz, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 13, n. 286, 287).

Frsm. (Jón Þorsteinsson): Herra forseti. Efni þessa frv. hafa verið gerð rækileg skil við 1. umr., enn fremur fylgir þessu frv. allýtarleg grg. og skýringar við einstakar greinar þess. Þar kemur í raun og veru allt það fram, sem segja þarf í þessu sambandi, en það er þó rétt að rifja hér upp nokkur aðalatriði.

Lög um vélfræðinám eru frá 1936, og þessi löggjöf er því á yfirstandandi ári 30 ára gömul. Sú löggjöf er fyrir löngu orðin mikið á eftir tímanum, og það var orðin brýn þörf á að endurbæta hana með tilliti til hinnar miklu tækniþróunar, sem átt hefur sér stað í landinu síðustu þrjá áratugi, með tilliti til hins mikla vélstjóraskorts, sem alls staðar ríkir, og með tilliti til þeirra breytinga, sem orðið hafa á skólakerfi þjóðarinnar þessa þrjá áratugi, og svo breytinga á skólakerfinu, sem eru alveg á næsta leiti. Það hefur verið reynt að endurskoða löggjöfina um vélfræðslu frá 1936, en þá tókst ekki samstaða um það, menn greindi svo mikið á, að sú endurskoðun eiginlega fór út um þúfur. En þessi endurskoðun, sem liggur fyrir í þessu frv., hefur sem betur fer tekizt þannig til, að bæði varð sú n., sem samdi þetta frv., sammála um málið og enn fremur bær stofnanir og stéttasamtök, sem þetta mál varða sérstaklega og haft var samráð við um samningu þessa frv.

Það má segja, að það séu þrjú undirstöðuatriði í þessu frv. Í fyrsta lagi það, að öll vélstjóramenntun á landinu er samræmd og er látin heyra undir eina stofnun, vélskólann í Reykjavík og hins vegar mótorfræðinámskeið Fiskifélags Íslands, sem hafa verið tvö, hið minna námskeið og hið meira námskeið. En milli þessara tveggja kennslustofnana, ef svo má segja, hefur ekki verið neitt samstarf, þannig að maður, sem hefur lokið þessum námskeiðum Fiskifélagsins, hefur ekki fyrir það öðlazt neinn rétt til inngöngu í vélskólann, og einnig voru reglurnar þær, að sá, sem hafði lokið hinu fyrra námskeiði Fiskifélagsins, varð gjarnan að bíða í 4 ár og starfa sem vélstjóri, áður en hann fékk rétt til þess að taka hið síðara námskeið. Og auðvitað var sú regla afar óheppileg að hafa námið ekki samfellt. Úr þessu er reynt að bæta með þessu frv. Þessi námskeið Fiskifélagsins voru þannig, að hið minna námskeið fór fram úti um landið á ýmsum stöðum, þar sem Fiskifélagið hafði komið sér upp aðstöðu, en hið meira námskeið fór einvörðungu fram

í Reykjavík. En á hinu leitinu var svo vélskólinn með sína þrjá bekki. Eftir þessu frv. verður kerfið þannig, að þessi námskeið Fiskifélagsins eru alveg úr sögunni, og það er gert með fullu samþykki Fiskifélagsins og fiskiþings, en fyrsta námsstigið verður fimm mánaða námskeið, sem halda skal í Reykjavík og eitt eða fleiri eftir þörfum úti á landi til þess að ljúka fyrsta stigi vélstjóranáms. Þetta fimm mánaða námskeið verður hið fyrsta stig vélfræðslunnar skv. þessu frv., og segja má, að þetta fimm mánaða námskeið komi í stað hins minna námskeiðs Fiskifélags Íslands, sem var fjögurra mánaða námskeið. Síðan, þegar þessu námskeiði lýkur, tekur vélskólinn við, 1. bekkur, síðan 2. og 3. bekkur, en reyndar er það svo, að inn í 1. bekk geta menn þó komizt á annan hátt en að ljúka þessu 5 mánaða námskeiði, og skal ég síðar víkja að því. En það má því reyndar segja, að eftir þessu frv. gegni 1. bekkur vélskólans ekki einvörðungu sínu gamla hlutverki sem 1. bekkur vélskólans, heldur hafi hann einnig tekið við hlutverki meira námskeiðs Fiskifélags Íslands, og það er tvímælalaust til bóta, að vélstjórafræðslan í landinu sé þannig komin í hendur einnar stofnunar.

Annað undirstöðuatriði þessa frv. er, að það eru rýmkuð mjög inntökuskilyrði í vélstjóraskólann. Aðalskilyrðið fyrir inngöngu í vélskólann hefur verið skv. gildandi l. frá 1936, að umsækjandi hafi lokið iðnaðarnámi eða sveinsprófi í einhverri grein járniðnaðar. Þessi regla hefur verið ákaflega óheppileg, vegna þess að fyrir vikið hefur það verið svo þröngur hópur, sem hefur átt rétt á inngöngu í skólann, og það hefur heldur alls ekki verið talin nauðsyn á því, að allir þeir, sem lykju vélstjóranámi, hefðu sveinspróf í einhverri járnsmíðagrein. Þetta hefur líka valdið því, að menn hafa komið eldri í skólann en æskilegt væri, því að krafan um að hafa lokið iðnaðarnámi hefur að jafnaði þýtt það, að enginn hefur komið inn í skólann yngri en tvítugur. En skv. þessu frv. er gert ráð fyrir, að inn í vélskólann geti menn gengið 18 ára að aldri, og margir ungir menn, sem hefðu annars kostar hugsað sér til vélstjóranáms, hafa ekki gengið út á þessa braut vegna þess, hvað þetta nám hefur verið ákaflega langt, vegna kröfunnar um að hafa lokið sveinsprófi í einhverri grein járniðnaðarins, sem er fjögurra ára nám bóklegt og verklegt, og síðan kemur svo vélskólinn með sína þrjá vetur, þannig að þetta er orðið 7 vetra eða jafnvel 7 ára nám, og það hefur átt sinn þátt í því, að aðsókn að skólanum hefur ekki svarað til þarfa atvinnulífsins.

Í þessu frv. er sem sagt þetta skilyrði fellt niður, að menn þurfi að hafa lokið sveinsprófi í einhverri grein járniðnaðarins. En í staðinn má segja, að það sé aðalreglan, þó að um fleiri leiðir sé að velja, að í staðinn hafi umsækjandi lokið þessu 5 mánaða námskeiði, sem ég var að lýsa hér áðan og á að vera fyrsta stig vélstjóranámsins, en einnig getur umsækjandinn komizt í 1. bekk vélskólans með öðrum hætti, þótt hann hafi ekki lokið þessu námskeiði, þ. e. ef hann hefur 2 ára reynslu í meðferð véla eða vélaviðgerðum og hefur staðizt sérstakt inntökupróf í skólann, eða í þriðja lagi, ef hann hefur lokið námi í forskóla iðnnáms í járnsmíðagreinum og hlotið a. m. k. 6 mánaða reynslu þar að auki í meðferð véla eða vélaviðgerðum og enn fremur staðizt sérstakt inntökupróf í skólann.

Það er rétt að taka það fram, að þessar reglur, sem eru settar í frv. um inngöngu í skólann, geta að nokkru leyti verkað aftur fyrir sig á þann hátt, að þeir menn, sem lokið hafa hinu minna námskeiði Fiskifélags Íslands, hinu minna mótorfræðinámskeiði, fá skv. ákvæði í frv. rétt til þess að setjast í 1. bekk vélskólans, og það má ætla, að ýmsir yngri menn, sem hafa lokið þessu minna námskeiði Fiskifélagsins hin síðari ár og eru ekki orðnir fjarhuga frekari skólagöngu, muni nota sér þennan rétt. Enn fremur er sett heimild í frv. til þess, að þeir, sem hafa lokið hinu meira námskeiði Fiskifélagsins, geti setzt í 2. bekk vélskólans. Og það má að sjálfsögðu einnig gera ráð fyrir því, að þeir, sem hafa lokið þessu prófi hin síðari árin, muni nota sér þennan rétt margir hverjir og setjast í skólann, þó að varla sé gerandi ráð fyrir, að hinir eldri menn, sem hafa þessi réttindi, notfæri sér það.

Í þriðja lagi má segja, að það sé undirstöðuatriði í þessu frv., að gengið sé út frá því, að hvert námstig verði grundvöllur mismunandi atvinnuréttinda. Að vísu eru ekki settar neinar reglur um það í þessu frv., það er aðeins sett þessi undirstöðuregla, að það sé grundvöllurinn, en þetta er útfært í frv. um atvinnuréttindi vélstjóra við siglingar, sem einnig liggur fyrir þessari hv. d. En eins og vélstjóralöggjöfin er nú gildandi frá 1936 og svo réttindalöggjöfin, sem er yngri, er það þannig, að menn öðlast ekki nein vélstjóraréttindi út á nám í vélskólanum, eða í reynd öðlast menn það ekki, nema ljúka því námi að fullu, þannig að maður, sem lýkur 1. bekk vélskólans eða lýkur 2. bekk, fær ekki nein vélstjóraréttindi út á það, hann verður að ljúka öllum þremur bekkjunum til þess að öðlast vélstjóraréttindi. Hér er meiningin að breyta að þeir taka ekki 3. bekk, nema annaðhvort veiti viss atvinnuréttindi, og þá er að sjálfsögðu miðað við það, að ekki muni allir þeir, sem til og þannig, að hver bekkur eða hvert námstig enda er ekki þörf fyrir það, að allir þeir, sem stunda vélstjórn, ljúki þremur bekkjum vélskólans og öðlist það, sem maður getur kallað vélmeistararéttindi, heldur hafa atvinnuvegirnir þörf fyrir menn með misjafnlega mikla vélstjórnarmenntun. Það má segja, að það sé þriðja undirstöðuatriðið, sem í þessu frv. felst.

Í þessu frv. eru ýmsar fleiri nýjungar. Það eru t. d. skv. 11. gr. þess tekin upp smíðakennsla í 1. og 2. bekk. Það er m. a. afleiðing af því, að ekki er lengur gerð krafa um, að mennirnir séu járnsmiðir, þegar þeir koma í skólann. Þá er einnig sett inn í þetta frv. heimild fyrir skólann til þess að halda kvöldnámskeið og gefa mönnum kost á að ljúka 1. bekk skólans á tveim vetrum á þann hátt. Þá er einnig nýmæli í frv. að það er sett á stofn skólanefnd við vélskólann, en þeir aðilar, sem skulu nefna menn í skólanefndina, eru Vélstjórafélag Íslands, Mótorvélstjórafélag Íslands, Fiskifélag Íslands og Vinnuveitendasamband Íslands og svo ráðh., sem skipar formanninn.

Um þetta frv. var fjallað í menntmn., og n. varð sammála um að mæla með því, að frv. yrði samþykkt, en með tilteknum breyt., sem eru allar í rauninni minni háttar og eru í raun og veru fyrst og fremst leiðréttingar. Þessar brtt. eru á sérstöku þskj., 287.

Fyrsta brtt. er við upphafsorð 1. gr. frv., þar sem segir, að vélstjóranámið skuli vera í fjórum stigum, er verði grundvöllur mismunandi atvinnuréttinda.“ Hér mun vera um að ræða villu, sem hefur slæðzt inn í frv. við prentun þess, því að auðvitað á hér að standa: „vélstjóranám skal vera í fjórum stigum“. Þetta er 1. brtt. og er hrein leiðréttíng.

Við 2. gr. er einnig brtt. Það er við 5. tölulið, c-lið, þar sem segir, að umsækjandi fullnægi einu af þremur skilyrðum. — Það er eitt af inntökuskilyrðunum í skólann, að hann hafi lokið eins vetrar námi í forskóla iðnnáms í járnsmíðagrein. N. fékk ábendingu um það frá iðnfræðsluráði, að þarna væri réttara að breyta orðalaginu og segja í staðinn: „verknámsskóla iðnaðar í málmiðnaðargreinum“, það orðalag væri í samræmi við það frv. um iðnfræðslu, sem hér liggur nú fyrir Alþ., og tók n. þessa breytingu til greina. Er hér fyrst og fremst um orðalagsbreytingu, en ekki efnisbreytingu að ræða.

Þá er að lokum 3. brtt. Hún er eingöngu að leiðrétta ártöl, því að þetta frv. var samið á öndverðu árinu 1965, og það var reiknað með, að það yrði borið fram á þinginu í fyrra og gæti þess vegna gengið í gildi á árinu 1965. Þeim ártölum hefur ekki verið breytt, og það hefur dregizt fram á þetta þing að flytja frv., og þess vegna er lagt til, að í staðinn fyrir „15. sept. 1965“ komi: 1 júlí 1966 og í stað ártalsins 1965 á tveimur stöðum í 2. málsgr. 22. gr. komi ártalið 1966.

Menntmn. sendi þetta frv. til umsagnar margra aðila, og eru allir þeir, sem svöruðu, taldir upp í nál. Reyndar var haft samráð við alla þessa aðila við samningu frv. og endanlega gerð, þá fengu þeir allir að fylgjast með og segja álit sitt. Allir þessir aðilar, sem eru taldir upp í nál., öll þau stéttasambönd og stofnanir hafa mælt með því, að frv. yrði samþykkt. Eftir að þetta nál. var gefið út, kom umsögn frá Landsambandi ísl. útvegsmanna. Þar er hreyft brtt. í þeirri umsögn, og ég tel rétt að gera hana ekki að umtalsefni hér, heldur mundi menntmn. væntanlega athuga hana nánar milli 2. og 3. umr. En ég endurtek svo að lokum, að menntmn. hefur lagt til, að frv. þetta verði samþ. með þeim brtt.. sem ég hef greint frá og eru á þskj. 287.

Sveinn Guðmundsson: Herra forseti. Ég fagna þessu frv. til l. um vélstjóranám, sérstaklega að járniðnaðarnám og vélstjóranám er nú loks slitið úr tengslum, nema til fullra réttinda fyrir vélstjóra fjórða stigs. Þetta stig hefði sannarlega einnig mátt slíta frá iðnnámi, en mér skilst, að um það hafi ekki orðið samkomulag og líklega ekki rétt að hreyfa því frekar að svo komnu máli. En þetta verður að sjálfsögðu fyrr eða síðar gert. Þetta er þó smávægilegt miðað við allar þær endurbætur, sem nú eru gerðar til að stytta tíma, sem vélstjóranemi skal nota til verklegrar þjálfunar.

Eflaust má benda á agnúa á þessu lagafrv. En þegar svo stór breyting er gerð á námstilhögun sem hér er, er ekki ólíklegt, að innan tíðar þurfi þessi lög að endurskoðast frekar. Það er líka mikilsverð nýbreytni að færa saman mótornámskeið Fiskifélagsins og vélskólann, allt undir eina skólanefnd í vélskólanum, og viðurkenna mótornámskeiðin sem lið í vélstjóranáminu, svo og að lækka aldurstakmarkið niður í 17 ár til mótorvélstjóranáms.

Frv. þetta ber með sér, að margir menn úr vélstjórastétt hafa lagt hér hönd að verki, og ber að þakka þeim mikla víðsýni, sem frv. ber með sér, svo og að sjálfsögðu hv. 4. landsk. þm., Jóni Þorsteinssyni, sem var formaður nefndar þeirrar, sem samdi frv. Ég vænti, að frv. þetta um vélstjóranám hljóti staðfestingu á yfirstandandi Alþingi.

ATKVGR.
Brtt. 287,1 samþ. með 17 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.
2.—7. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 287,2 samþ. með 17 shlj. atkv.
8. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.
9.—21. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 287,3 samþ. með 17 shlj. atkv.
22. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 51. fundi í Ed., 17. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 54. fundi í Ed., 22. marz, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 315, 344).

Frsm. (Jón Þorsteinsson): Herra forseti. Þegar unnið var að samningu frv. þessa, var það, áður en endanlega var gengið frá því, sent til umsagnar margra aðila, stofnana og stéttasamtaka, og þar á meðal L. Í. Ú., og á þeim tíma hafði L. Í. Ú. ekkert við það að athuga. Síðar, eftir að frv. kom í þingið, var það sent aftur til umsagnar allra þessara aðila, og þegar gengið var frá nál. og brtt., er ræddar voru við 2. umr. um frv., hafði ekkert svar borizt frá L. Í. Ú., en það barst á síðustu stundu, áður en 2. umr. fór fram, og þar var landssambandið að koma með nokkrar ábendingar, og þess vegna gat ég um það við 2. umr. málsins, að n. mundi athuga þær ábendingar á milli 2. og 3. umr. Það hefur n. gert, og þessar ábendingar landssambandsins hafa leitt til þess, að n. flytur nú enn á ný brtt. við frv.

Ég ætla, með leyfi forseta, að lesa hér hluta úr bréfi Landssambands ísl. útvegsmanna til menntmn. Þar segir svo m. a.:

„Varðandi frv. þetta viljum við taka fram: Á síðasta aðalfundi samtakanna var eftirfarandi till. vísað til stjórnar landssambandsins:

Aðalfundur L. Í. Ú. 1965 samþykkir að beina þeim tilmælum til væntanlegrar stjórnar, að hún beiti áhrifum sínum til þess að fá frv. til l. um vélstjóranám, sem lagt hefur verið fram á

Alþingi, breytt á þann hátt, að heimilt sé að kenna á Akureyri annað fræðslustig skv. 1. gr. frv., þar sem nauðsyn er, að bætt verði úr vélstjóraskorti á fiskiskipaflotanum sem allra fyrst, og benda má á, að á Akureyri er fyrir hendi húsnæði, vélakostur og aðgangur að nægjanlegum kennslukröftum til að annast umræddda fræðslu."

Þetta var till., sem samþ. var á landssambandsþinginu, en síðan segir stjórn sambandsins áfram í bréfi sínu:

„Með tilvísun til þessa leyfum vér oss að leggja til, að jafnt og áætlað er, að haldin verði námskeið fyrir vélstjóraefni úti á landi til að ljúka fyrsta stigi vélstjóranáms, verði einnig unnt fyrir menn að ljúka öðru stigi vélstjóranáms úti á landi, þar sem aðstæður allar leyfa. Höfum vér í þessu sambandi einkum í huga Ísafjörð, Akureyri, Neskaupstað og Vestmannaeyjar."

Ég leitaði umsagnar um þessa till. frá landssambandinu hjá forstöðumanni mótornámskeiða Fiskifélags Íslands, sem þekkir þessa hlið málsins allra manna bezt, og það var skoðun hans, að það skorti mikið á það úti á landi, að þar væru fyrir hendi kennslukraftar eða vélakostur eða aðrar aðstæður til þess að taka þar upp á næstunni nám í fyrsta bekk vélskólans eða öðru námstigi, eins og frv. greinir frá. Þó áleit hann, að það mundi vera næst lagi í næstu framtíð, að þetta yrði gert á Akureyri, og þar taldi hann reyndar eina staðinn, sem líklegur væri til þess, að aðsókn yrði næg, til þess að það væri hægt að mynda bekkjardeild þar. Það mundi naumast koma til greina annars staðar.

Ég ræddi þetta einnig við skólastjóra vélskólans, og hann taldi ekkert því til fyrirstöðu að setja heimild í frv. um það, að kennsla í fyrsta bekk skólans eða á öðru námstigi færi fram úti á landi. Og sú varð niðurstaðan í nefndinni, að hún var sammála um að taka þessa heimild inn, og hún kemur fram í 5. brtt. á þskj. 344, þar sem segir í niðurlagi þeirrar brtt.: „Þá er skólanum og heimilt, ef þörf krefur og aðstæður leyfa, að halda uppi kennslu fyrir annað námstig (I. bekk) utan Reykjavíkur."

Það má auðvitað gera ráð fyrir því, að samþykkt þessa frv. leiði til þess, að það fjölgi í vélskólanum, og það er beinlínis tilgangur þessa lagafrv., og þá mundi skólinn innan tíðar verða fullsetinn hér í Reykjavík, og gera má ráð fyrir því, að fyrsti bekkur skólans verði einmitt fjölmennasti bekkur. Þegar að því kemur, að húsakostur skólans innan fárra ára verður fullnýttur hér í Reykjavík, þá væri mjög eðlilegt að bæta úr á þann hátt að setja á stofn kennslu í fyrsta bekk eða öðru námstigi úti á landi, þar sem aðstæður væru hægastar til þess og líklegast væri, að næg aðsókn fengist.

Í bréfi L. Í. Ú. er einnig önnur ábending um breytingar við frv. Það er á þá leið, að það verði tekin upp á námskeiðunum og í fyrsta bekk skólans kennsla í meðferð radartækja. Þá till. tók n. upp, og hún kemur hér fram bæði í 3. brtt. á þskj. 344 og 7. brtt.

Þá kom einnig í sambandi við þessar ábendingar L. Í. Ú. fram sú hugmynd í n., að það væri rétt að breyta nafni skólans. Eftir frv. heitir hann Vélskólinn í Reykjavík, og það hefur hann heitið að undanförnu, áður hét hann reyndar Vélskóli Íslands. Það komu fram þær hugmyndir í n. að breyta nafninu aftur í Vélskóla Íslands með það m. a. í huga, að skólinn á skv. þessu frv. einn að hafa með höndum alla vélstjórakennslu í landinu og sjá um námskeið, sem haldin eru úti á landi, og svo þegar fram líða stundir, er heimild til þess að taka upp kennslu í fyrsta bekk á vegum vélskólans einnig utan Reykjavíkur. og þess vegna fannst nefndarmönnum nafnbreyting eðlileg. Þetta var borið undir skólastjóra vélskólans, og hann var því samþykkur, og því hefur n. einnig tekið upp þá brtt. að skipta um nafn á skólanum og kalla hann Vélskóla Íslands í staðinn fyrir Vélskólann í Reykjavík, og að því lúta brtt. Það er 1. brtt., það er 2. brtt., sú 4., sú 5. að nokkru leyti og 6. brtt.

Um þessar brtt. varð n. öll sammála.

ATKVGR.

Brtt. 344 samþ. með 14 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 32. fundi í Sþ., 23. marz, var frv. útbýtt frá Nd. eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 368).

Á 60. fundi í Nd., 28. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Mál þetta er komið frá hv. Ed., sem samþykkti frv. með shlj. atkv. að fengnum meðmælum hv. menntmn. d. Hún hafði fengið um það umsagnir frá ýmsum aðilum, A. S. Í., Fiskifélagi Íslands, iðnfræðsluráði, Mótorvélstjórafélagi Íslands, skipaskoðunarstjóra, Vélstjórafélagi Íslands og Vinnumálasambandi samvinnufélaganna, og höfðu allir þessir aðilar mælt með því, að frv. næði fram að ganga. Hv. Ed. gerði nokkrar smávægilegar breytingar á frv., sem lúta ekki að efni þess, en frekar að formi.

Ég skal nú í örfáum orðum gera hv. Nd. grein fyrir þeim breytingum, sem í frv. felast.

Gildandi lög um kennslu í vélfræði eru frá árinu 1936 og hafa því staðið óbreytt í næstum 30 ár. Sú lagasetning er fyrir alllöngu orðin úrelt, og þessi þriggja áratuga reynsla hefur leitt í ljós ýmsa annmarka á því menntunarkerfi fyrir vélstjóra, sem grundvöllur var lagður að með þessari lagasetningu fyrir tæpum 30 árum. Í landinu hefur átt sér stað stórfelld tækniþróun með ört vaxandi vélakosti til bæði lands og sjávar, og hefur það kallað á fleiri vélmenntaða eða tæknimenntaða menn til starfa. Hins vegar hefur menntunarkerfið ekki reynzt þess umkomið að veita menntun nægilega mörgum vélstjórum, þannig að nú er svo komið, að um það bil helmingur þeirra manna, sem starfa t. d. að vélstjórn á skipaflotanum, hefur þar ekki lögmæt atvinnuréttindi, og þarf ekki um það að fara mörgum orðum, að slíkt ástand er varhugavert og þarf að ráða á því gagngera bót.

Inntökuskilyrði í vélskólann hafa verið starfsemi hans fjötur um fót, fyrst og fremst haft það í för með sér, að miklu færri nemendur hafa komið til náms í vélskólanum en æskilegt

er. Það skilyrði, sem mestu hefur varðað og mestur fjötur hefur reynzt um fót starfsemi vélskólans, er það inntökuskilyrði, að nemandinn skuli áður í 4 ár hafa stundað iðnaðarnám í einhverri grein járniðnaðarins. Fjögurra ára undirbúningstími er alveg óþarflega langur tími, ef rétt er á haldið, auk þess sem undirbúningurinn er engin trygging fyrir því, að hann sé á réttu sviði í greinum járniðnaðarins, þannig að það komi að tilætluðu gagni.

Þær breytingar, sem í þessu frv. felast, eru fyrst og fremst fólgnar í því, að gert er ráð fyrir að vélskólinn í Reykjavík skuli framvegis vera eina stofnunin í landinu, sem annast alla vélstjórakennsluna, en hingað til hefur vélstjórakennslan sumpart farið fram í vélskólanum og sumpart verið á vegum Fiskifélags Íslands, þ. e. hið minna og hið meira mótorfræðinámskeið Fiskifélagsins, og hafa engin tengsl verið á milli þessara tveggja kennslustofnana eða tveggja kennslukerfa. Nú er sem sagt gert ráð fyrir því, að öll kennsla í vélfræðum fari framvegis fram á vegum vélskólans.

Önnur meginbreytingin er sú, að gert er ráð fyrir að skipta vélstjóranáminu niður í 4 skýrt aðgreind námstig, þ. e. eitt undirbúningsnámskeið og hina þrjá bekki vélskólans, og að hvert námstig um sig skuli veita sérstök atvinnuréttindi, sem fari vaxandi, eftir því sem námstigið verður hærra. Og í þriðja og síðasta lagi, og það er kannske ekki veigaminnsta breytingin, er gert ráð fyrir því, að rýmkað sé mjög um inntökuskilyrði í vélskólann og slitin að verulegu leyti tengslin milli járnsmíðanáms annars vegar og vélstjóranáms hins vegar. Þó verður ekki hjá því komizt að gera ráð fyrir því, að menn með mjög misjafna undirbúningsmenntun komi í skólann, en úr því hefur verið reynt að bæta með því að taka upp nokkra smíðakennslu í 1. og 2. bekk vélskólans og áskilja sérstök inntökupróf í vissum tilfellum. Lágmarksaldurinn til inntöku í skólann hefur vegna kröfunnar um iðnaðarnámið raunverulega verið 20 ár, en hann er með frv. lækkaður niður í 18 ár. Auk þess verður allt námið fellt saman í eina heild, þ. e. hvert námstigið taki við af öðru. Og sérstök ástæða er til þess að vekja athygli á því ákvæði frv., sem er breyting frá gildandi reglum, að hvert námstig á framvegis að verða grundvöllur sérstakra atvinnuréttinda, og má því gera ráð fyrir, að þegar þetta kerfi er komið til fullra framkvæmda, verði mjög snögglega stóraukið framboð á mönnum með fullgild vélstjóraréttindi.

Að svo mæltu leyfi ég mér, herra forseti, að leggja til, að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. menntmn., og vildi leggja á það áherzlu, að n. fjallaði sem fyrst um málið, því að ég tel hér vera um mikið nauðsynjamál að ræða, sem æskilegt sé, að þetta þing afgreiði og samþykki sem lög.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til menntmn. með 27 shlj. atkv.

Á 68. fundi í Nd., 12. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 368, n. 457).

Frsm. (Axel Jónsson): Herra forseti. Frv. til l. um vélstjóranám er 13. mál Ed., og í meðförum d. voru gerðar nokkrar breytingar á frv.

Lög um kennslu í vélfræði eru frá 1936 og því eðlilegt, að nokkurra breytinga sé þörf á þeim. Stórfelld tækniþróun með ört vaxandi vélakosti, bæði til lands og sjávar, kallar á æ fleiri vel menntaða vélstjórnarmenn, og þörf atvinnuveganna fyrir sérmenntaða menn á því sviði hefur ekki verið fullnægt. Segja má, að ástandið hafi farið versnandi með ári hverju og því orðið að grípa til þess að veita undanþágu frá tilskildum kröfum.

Það er megintilgangur með þessu frv. að leggja grundvöll að hagfelldari vélstjóramenntun með það að markmiði, að vélstjórastéttinni fjölgi, svo að stéttin geti mætt þeirri auknu þörf, sem er og verður fyrir fjölmenna, vel menntaða vélstjórastétt. Við meðferð málsins í hv. Ed. var leitað umsagna margra aðila, eins og fram kemur í nál. á þskj. 457, en breytingarnar, sem Ed. gerði við frv., er að finna á þskj. 368. Inntökuskilyrðin í vélskólann hafa verið starfsemi hans fjötur um fót, það ákvæði sér í lagi, að nemendur skuli hafa stundað iðnnám í einhverri grein járniðnaðarins í 4 ár. Þessi tími er í fyrsta lagi óþarflega langur og auk þess engin trygging fyrir því, að námið fari fram í þeirri grein iðnaðarins, sem hentar sérstaklega fyrir umrætt nám, þ. e. a. s. vélstjóranámið. Meginbreytingin í frv. er því í fyrsta lagi, að nú er gert ráð fyrir því, að Vélskóli Íslands verði framvegis eina stofnunin, sem annist vélstjórakennslu. Hingað til hefur kennslan verið á vegum vélskólans í Reykjavík og á vegum Fiskifélagsins, þ. e. meira og minna mótorfræðinámskeið Fiskifélagsins, og hafa engin tengsl verið á milli þessara tveggja kennslukerfa. Í öðru lagi er gert ráð fyrir, að skipta vélstjóranáminu niður í 4 skýrt afmörkuð námstig, þ. e. a. s. eitt undirbúningsnámskeið, sem á að taka 5 mánuði, eins og segir í 1. gr., og í öðru lagi 3 bekki vélskólans. Hvert námskeið veitir sérstök atvinnuréttindi, sem verða meiri, eftir því sem námstigið er hærra. Í þriðja lagi og máske veigamesta breytingin er fólgin í því að rýmka mjög inntökuskilyrðin í vélskólann og slíta að verulegu leyti tengslin milli járnsmíðanáms annars vegar og vélstjóranáms hins vegar. Á þskj. 368, í 1. gr., er kveðið á um hin 4 stig námsins, þ. e. a. s. fyrst 5 mánaða námstími, sem ætlazt er til, að Vélskóli Íslands standi fyrir, en geti stofnað til þeirra námskeiða víðs vegar um land, eftir því sem henta þykir hverju sinni. Í 5. gr. frv. er að finna inntökuskilyrði fyrir því að komast á umrædd námskeið. Í 8. gr. eru svo inntökuskilyrði fyrir 1. bekk skólans, og þar er kveðið svo á, að í fyrsta lagi þurfi umsækjandi að hafa lokið einhverju af þrennu, þ. e. a. s. staðizt próf að loknu námskeiði, það er fyrsta stigið, og í öðru lagi að hafa a. m. k. tveggja ára reynslu í meðferð véla eða vélaviðgerðum og staðizt sérstakt inntökupróf í skólann og í þriðja lagi lokið eins vetrar námskeiði í verknámi iðnaðar í málmiðnaðargreinum og hlotið a. m. k. 6 mánaða reynslu að auki í meðferð véla og vélaviðgerðum og enn fremur staðizt sérstakt inntökupróf við skólann. Í 9. gr. er fjallað

um þá, sem lokið hafa meira og minna prófi Fiskifélagsins, og hvernig þeir öðlist rétt samkv. því til að ganga inn í skólann. Í 10. gr. er kveðið á um yfirstjórn vélskólans. Og 11. gr. er um kennslugreinar vélskólans, þar sem taldar eru upp hinar mörgu námsgreinar, og rétt að vekja athygli á því, að þar er gert ráð fyrir því, að smiðar verði teknar upp, og er það til þess að bæta það upp, að nú er vélstjóranámið slitið úr tengslum við járniðnaðarnámið, eins og fyrr er fram tekið.

Menntmn. þessarar hv. d. hefur fjallað um frv. og leggur einróma til, að það verði samþ., eins og fram kemur á þskj. 457.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
4.—6. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
7.—18. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 28 shlj. atkv.

Á 80. fundi í Nd., 28. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 638).

---

37. Alþjóðasamþykkt um varnir gegn óhreinkun sjávar.

Á 54. fundi í Nd., 14. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til þess að staðfesta fyrir Íslands hönd breyt. frá 1962 á alþjóðasamþykkt frá 12. maí 1954, um varnir gegn óhreinkun sjávar af völdum olíu, og setja reglur um frekari varnir gegn slíkri óhreinkun sjávarins [144. mál] (stjfrv., A. 307).

Á 55. fundi í Nd., 15. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Utanrrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Árið 1961 voru samþ. hér á Alþ. lög, sem heimiluðu ríkisstj. að staðfesta fyrir Íslands hönd alþjóðasamning um varnir gegn óhreinkun sjávar af völdum olíu. Þessi samningur hafði upphaflega verið gerður 1954 og fjöldi ríkja þá og næstu árin á eftir gerzt aðilar að honum. Ísland gerðist þarna aðili vegna þess, að hér eins og víða annars staðar hefur borið verulega á því, að sjór væri mengaður olíu og gerði skaða bæði á fuglalífi og ströndum landsins. Eitt greinilegasta dæmi um þetta hefur orðið, þegar slys hefur borið að höndum, eins og t. d. á Seyðisfirði, þegar olíuskipi var sökkt og olíubrák kom á sjó allan út fjörðinn og ströndin báðum megin fjarðarins var mjög óhrjáleg orðin, eftir að þessi olíuhúð hafði setzt á allar fjörur. En sérstaklega var þetta þó gert af okkar hálfu vegna þess, að víða um land hafði olíubrák á sjó og olíumengun sjávar orðið þess valdandi, að fuglar, sem settust í sjó, sem var á þann hátt mengaður, áttu erfitt um flugtak og gátu ekki hreinsað sig og enduðu oftast nær með ömurlegum dauðdaga.

Dýraverndunarfélag Íslands hefur mjög beitt sér fyrir aðild Íslands að þessum samningi og hefur gengið mjög eftir því, að reglum, sem um þetta mál voru settar, væri fylgt. Nú hefur árið 1962 verið gerð nokkur breyting á þessum alþjóðasamningi, sem aðallega gengur í þá átt að stækka þau svæði, þar sem bannað er að hleypa út olíu eða olíumenguðum sjó, og fyrir Íslandsströndum kemur þetta þannig út, að samkv. gamla samningnum mátti ekki hleypa olíu eða olíumenguðum vökvum út á svæði, sem náði 50 mílur frá landi. Nú í þessari breytingu, sem var gerð 1962 á samþykktinni, er gert ráð fyrir, að þetta svæði verði stækkað úr 50 mílum og upp í 100 mílur. Það er raunar það eina atriði, a. m. k. eina verulega atriði, sem okkur snertir. Þetta hefur verið gert líka annars staðar, þar sem samningurinn tekur til, og bannsvæðið þar stækkað, mismunandi að vísu nokkuð eftir staðháttum, en sums staðar líka látið ná enn lengra frá ströndinni en hér hefur verið gert.

Þetta er sem sagt eina breytingin, sem nokkru varðar okkur. Aðrar breytingar á samningnum snerta aðra heimshluta. Ég vil þó vekja athygli á því, að í 5. gr. þessa frv. er gert ráð fyrir því, að framvegis megi auglýsa gildistöku breytinga á þessari alþjóðasamþykkt í Stjórnartíðindum og þurfi ekki að fara með hana í hvert skipti fyrir þing. Þar sem um smávægilegar breytingar er að ræða, er óþarflega mikið umstang að gera þetta. Ef alþm. vilja óska þess að halda þessum sama hætti á eins og verið hefur, að í hvert skipti sem breyting verður á samþykktinni, skuli hún borin undir Alþ., er það vitaskuld sjálfsagt, Alþ. ræður því, en ég tel það vera óþarfa umstang, ef um litlar og óverulegar breytingar er að ræða, þó að þær séu æskilegar og nauðsynlegar taldar.

Fleira held ég, að sé ekki ástæða til að taka fram í þessu sambandi. Þegar þetta mál var hér síðast til umr., 1961, var því vísað til sjútvn., sem athugaði það gaumgæfilega, og ég held, að það sé rétt að hafa sama hátt á, og ég leyfi mér, herra forseti, að leggja til, að frv. verði að þessari umr. lokinni vísað til hv. sjútvn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 28 shlj. atkv. og til sjútvn. með 28 shlj. atkv.

Á 64. fundi í Nd., 1. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 307, n. 424).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.

Frsm. (Birgir Finnsson): Herra forseti. Eins og fram kemur í nál. á þskj. 424, mælir sjútvn. hv. d. með því, að þetta frv. verði samþ. Vegna ákvæðis í 5. gr. frv., þar sem heimilað er að auglýsa gildistöku síðari breytinga á þeirri alþjóðasamþykkt, sem hér um ræðir, í C-deild

Stjórnartíðinda, ræddi n. við ráðuneytisstjórann í utanrrn. og fékk þær upplýsingar hjá honum, að þessi heimild yrði eingöngu notuð, þegar um yrði að ræða minni háttar breytingar á alþjóðasamþykktinni, sem ekki snertu hagsmuni Íslands sérstaklega. Ef til kæmi með einhverjar breytingar, sem sérstaklega vörðuðu Ísland, yrðu þær að sjálfsögðu bornar undir Alþ. Að fengnum þessum upplýsingum ráðuneytisstjórans lagði n. einróma til, að frv. yrði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
2.—7. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Á 66. fundi í Nd., 4. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 60. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 67. fundi í Ed., 22. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Utanrrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Efni þessa litla frv. er eingöngu að stækka það svæði, sem bannað er að menga sjó eða óhreinka hann með olíum eða olíublönduðu vatni eða sjó.

Í kringum Ísland var þetta bannsvæði skv. samningnum frá 1954 50 mílur, en nú er lagt til, að þetta svæði verði stækkað upp í 100 mílur, í samræmi við það, sem gert hefur verið annars staðar.

Óhreinkun sjávar af völdum olíu eða olíuefna hefur færzt í vöxt, og það er mjög nauðsynlegt fyrir alla að ýta þessari óhreinkun frá sér eða frá ströndum landa sinna eins og mögulegt er, og við það er þessi stækkun bannsvæðanna miðuð. Dýraverndunarfélag Íslands hefur verið ákaflega áhyggjufullt yfir þeirri þróun, sem átt hefur sér stað í þessum málum, og hefur lagt mikla áherzlu á, að þessi stækkun bannsvæðis næði samþykkt.

Í frv. er reyndar önnur lítil breyting, og hún er sú, að framvegis verði heimilað að auglýsa gildistöku breytinga á þessari alþjóðasamþykkt í Stjórnartíðindunum, án þess að borið verði sérstaklega undir Alþingi, ef um aðeins smávægilegar breytingar eins og þessar er að ræða. Því er lýst yfir af hálfu ráðuneytisins, að þessi heimild verði ekki notuð, nema því aðeins að um mjög smávægileg atriði sé að ræða.

Ég álít, að hvor tveggja þessi breyting þurfi ekki langra skýringa, og leyfi mér að leggja til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til sjútvn. með 17 shlj. atkv.

Á 73. fundi í Ed., 28. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 307, n. 589).

Frsm. (Jón Árnason): Herra forseti. Frv. það, sem hér um ræðir, er um heimild fyrir ríkisstj. til þess að staðfesta fyrir Íslands hönd breytingar frá 1962 á alþjóðasamþykkt frá 12. maí 1954, um varnir gegn óhreinkun sjávar af völdum olíu, og setja reglur um frekari varnir gegn slíkri óhreinkun sjávar. Þær breytingar, sem í frv. þessu eru fólgnar umfram það, sem Alþ. samþykkti með l. frá 28. des. 1961, ganga allar í þá átt að færa út bannsvæðið hér við Ísland úr 50 sjómílum í 100 sjómílur frá ströndum landsins, þar sem ekki má sleppa olíu eða öðrum slíkum skaðlegum efnum í sjóinn. Eins og fram kom við framsögu fyrir máli þessu, hefur Dýraverndunarfélag Íslands beitt sér eindregið fyrir því, að Ísland gerðist aðili að þessum alþjóðasamningi. En sú breyting er nú enn fremur gerð með frv. þessu, að samkv. 5. gr. frv. er framvegis heimilt að auglýsa gildistöku þeirra breytinga, sem verða á alþjóðasamþykktinni, í Stjórnartíðindum.

Sjútvn. mælir einróma með samþykkt frv., og ég legg til, að því verði að lokinni þessari umr. vísað til 3. umr.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
2.—7. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Á 74. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 643).

---

38. Atvinnujöfnunarsjóður.

Á 59. fundi í Ed., 1. apríl, var útbýtt:
Frv. til l. um Atvinnujöfnunarsjóð [176. mál] (stjfrv., A. 433).

Á 60. fundi í Ed., 4. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir til umr., er flutt til efnda á því fyrirheiti, sem ríkisstj. hefur áður gefið um það, að hún hygðist leggja fyrir Alþingi frv. um myndun sjóðs, er hefði yfir mun meira fé að ráða en áður hefur verið veitt til atvinnubóta í strjálbýli landsins, og skyldi þessi sjóður hafa það hlutverk að vinna í svipuðum anda og mótaður var með l. um atvinnubótasjóð, að stuðla að jafnvægi í byggð landsins og vinna að því, að hægt væri að byggja upp með eðlilegum hætti fjölbreyttara atvinnulíf, þar sem

skilyrði væru að öðru leyti fyrir hendi til arðbærra framkvæmda, sem gætu skilað þjóðfélaginu með eðlilegum hætti arði af starfi þess fólks, sem ynni á viðkomandi stað. Með þeirri hugmynd er að sjálfsögðu ekki endilega gengið út frá því, að aldrei megi vera um neinn samdrátt að ræða í byggð landsins, heldur hitt, sem er að sjálfsögðu kjarni málsins, að hvarvetna um landið verði hagnýttir þeir möguleikar, sem fyrir hendi eru til arðbærrar framleiðslu, og reynt, eftir því sem föng eru á, að láta það falla saman, að slík atvinnufyrirtæki séu byggð upp í samræmi við byggðina á hverjum stað. Það þarf að sjálfsögðu ekki að ræða, enda mun það áhugamál allra hv. þm., að reynt sé með öllum tiltækum ráðum að sporna gegn samdrætti byggðarinnar og það er vitanlega svo víða, að þó að það kunni að mega sýna fram á, að það geti verið í bráð hagkvæmara, að fólkið flytjist til annarra byggðarlaga, að miðað við, hversu þjóðinni fjölgar ört, þá má tvímælalaust gera ráð fyrir því, að byggðin þurfi aftur að færast út, og það mundi því valda mjög mikilli röskun á högum þessa fólks, ef þyrfti á þessu stigi að neyða það til að flytja til annarra staða, þar sem atvinna væri í boði, og þannig í bili gera verðlitlar eða verðlausar þær fasteignir, sem það hefur byggt sér upp og lagt allt sitt fé í.

Breyt. í þessu frv. frá þeim starfsháttum, sem verið hafa í sambandi við svokallað atvinnubótafé, sem veitt hefur verið í fjárlögum í mismunandi mæli allt frá árinu 1951, er sú, að gert er ráð fyrir því, að hér eftir verði fyrst og fremst unnið á grundvelli framkvæmdaáætlana, sem undirbúnar verði undir forustu sjóðsstjórnar og á vegum Efnahagsstofnunarinnar. Þetta er gert með hliðsjón af þeirri staðreynd, sem ég hygg að öllum sé ljós, að það er að sjálfsögðu ein brýnasta nauðsyn að gera sér heildarmynd af atvinnuástandinu á hinum ýmsu landssvæðum og héruðum og reyna að finna, hvaða úrræði eru heppilegust á hverjum stað til þess að tryggja byggð á viðkomandi stöðum.

Það er að sjálfsögðu mjög erfitt um það að segja, þar sem ekki liggur endanlega fyrir nein slík framkvæmdaáætlun, þó að ein þeirra fyrir Vestfirði sé langt komin og þegar sé búið að vinna út einn þátt hennar, samgöngubótaáætlunina, þá engu að síður er erfitt að átta sig á því nákvæmlega, hvernig nauðsynlegast væri að haga aðstoð við slíkar framkvæmdaáætlanir og hvaða framkvæmdir það fyrst og fremst væru, sem brýnust þörf væri að stuðla að, með hliðsjón af tilgangi þessa frv. Af þeim sökum hefur sú leið verið valin, sem ég geri ekki ráð fyrir að hv. þdm. hafi út af fyrir sig neitt við að athuga, að ramminn fyrir starfsemi þessa nýja sjóðs, sem hefur verið valið heitið atvinnujöfnunarsjóður, sem á að vera nokkuð táknrænt fyrir það hlutverk, sem hann hefur, að starfsvettvangur sjóðsins er mjög rúmt markaður í 1. gr. hans og gert ráð fyrir því, að sjóðsstjórnin, eftir því sem reynslan sýnir nauðsynlegt, formi þær starfsreglur, sem sjóðurinn starfi eftir, og er það enda í samræmi við það, sem tíðkað hefur verið með framkvæmd á lánveitingum og styrkjum úr atvinnubótasjóði. En hins vegar verða að sjálfsögðu mörkin þau að halda sér fyrst og fremst innan þeirra framkvæmdaáætlana, sem gerðar verða fyrir einstaka landshluta og þegar er, eins og ég áðan sagði, komið alllangt áleiðis varðandi Vestfirði, og er þegar hafin gerð annarra slíkra framkvæmdaáætlana fyrir Norðurland. Og að sjálfsögðu koma þar til álita í framhaldi af því ýmis önnur byggðarlög í landinu.

Þetta er í meginatriðum tilgangur þessa sjóðs, og það er vert að geta þess til skilnings á hlutverki hans, að honum er ekki ætlað að koma í stað neinna annarra stofnsjóða atvinnuvega, heldur ætlað að koma til viðbótar við þá stofnsjóði, sem nú þegar eru fyrir hendi, til þess að auðið sé sérstaklega að greiða fyrir því, að atvinnufyrirtæki verði fremur upp byggð þar, sem nauðsynlegt er talið að þau komi vegna atvinnujafnvægis, heldur en ella mundi vera, ef aðeins væri um að ræða þá stofnsjóði, sem til eru og að sjálfsögðu er gert ráð fyrir að láni jöfnum höndum, hvar sem fyrirtæki eru byggð upp á landinu.

Skv. 2. gr. l. um atvinnujöfnunarsjóð er gert ráð fyrir því, að stofnfé hans myndist með fernum hætti. Í fyrsta lagi, að til hans falli eignir atvinnubótasjóðs, sem um síðustu áramót námu um 116 millj. kr., og var þá búið að afskrifa allverulegar fjárhæðir vegna lánveitinga á sínum tíma til ýmissa framkvæmda sveitarfélaga og annarra, sem ekki var lengur neinn möguleiki að endurheimta. Að vísu hafa, að frádregnum styrkjum, sem hafa verið mikill minni hluti af ráðstöfun atvinnubótafjárins, verið tekin skuldabréf fyrir öllum þeim lánum, sem veitt hafa verið, en hins vegar hefur skipulagsbundin innheimta þessara lána ekki hafizt, fyrr en eftir að atvinnubótasjóður tók til starfa.

Ég tel sjálfsagt, að þetta fé sé innheimt, eftir því sem mögulegt er, og gangi þá til þess að endurlána, vegna þess að það yrði í ýmsum tilfellum mjög handahófskennt og algerlega óeðlilegt, að það væri verið að gefa einstökum aðilum þetta fé. Hinu er ekki að leyna, að í senn má gera ráð fyrir því, enda er gert ráð fyrir því í lögum um atvinnubótasjóð, að það þurfi að endurskoða lánstímann og lengja hann í mörgum tilfellum, og jafnframt eru enn þá fjárhæðir, sem gera má ráð fyrir að þurfi að gefa eftir ýmissa orsaka vegna, en sem meginstefnu tel ég sjálfsagt, að unnið verði að því að innheimta þetta fé.

Í áætlunum þeim, sem gerðar eru um ráðstöfunarfé hins nýja atvinnujöfnunarsjóðs, er ekki gert ráð fyrir innheimtu á atvinnubótasjóðslánum þeim, sem ég nefndi, þessum 116 millj. að stofni til, eins og þau voru um síðustu áramót, hærri fjárhæð en að meðaltali 4 millj. kr. á ári, og verður að teljast, að sú áætlun sé þess vegna mjög hófsamleg og eigi ekki að vera ástæða til þess að gera ráð fyrir, að sú fjárhæð geti ekki náðst. Að vísu hefur innheimtan þau 3 ár, sem liðin eru síðan innheimtutilraunir hófust skipulega, ekki skilað þetta háum fjárhæðum, en þar hefur þó fyrst og fremst verið um að ræða innheimtu á vöxtum og raunar ekki skipulagsbundna innheimtu nema á þeim lánum, sem veitt voru eftir að atvinnubóta-

sjóður tók til starfa, af því að samningum hefur ekki verið lokið varðandi nauðsynlegar breytingar á hinum eldri lánum, sem sum hver eru öll fallin í gjalddaga, en þessi þrjú ár, — og raunar eru það nú ekki nema tvö ár, því að fyrsta árið innheimtist mjög lítið, — síðan atvinnubótasjóður tók til starfa, þá hefur innheimzt á áttundu millj. kr. af hinum eldri lánum, og er meira en helmingurinn af þeirri fjárhæð vaxtagreiðslur, því að lögð var áherzla á það í byrjun að innheimta vexti þrjú ár aftur í tímann, en láta höfuðstólinn heldur bíða.

Þessi eign atvinnubótasjóðs er sem sagt fyrsta atriðið varðandi stofnfé þessa nýja sjóðs. Þá er í öðru lagi gert ráð fyrir því, að ríkissjóður leggi fram á tíu árum 150 millj. kr. Í sambandi við atvinnubótasjóðinn var gert ráð fyrir, að það væru 100 millj., og fjárveiting ríkissjóðs skv. þessu ákvæði var hækkuð í fjárl. yfirstandandi árs úr 10 millj. í 15 og gert ráð fyrir, að slík fjárveiting verði veitt 10 næstu ár.

Þá eru loks tveir tekjuliðir, sem gert er ráð fyrir að renni til sjóðsins sem stofnfé, og það eru tvenns konar mótvirðissjóðsframlög. Annars vegar eru það 55 millj. af óafturkræfu framlagi Bandaríkjastjórnar, sem veitt var Íslandi 1960 að sá hluti greiðist sjóðnum á árunum 1966—69. Ráðstöfun þessa fjár var háð samþykki Bandaríkjastjórnar, en það samþykki hefur þegar verið veitt, og er því auðið að tryggja þetta fé, eins og hér er getið um.

Þá er í fjórða lagi gert ráð fyrir, að renni til sjóðsins eftirstöðvar af mótvirðissjóði, sem greiða átti til Framkvæmdabankans skv. 4. gr. laga um þann banka. Þar er gert ráð fyrir, að sá mótvirðissjóður greiðist á alllöngu tímabili, eða aðeins um 3.6 millj. kr. á ári. Hins vegar er í sambandi við frv. þetta áformað að hraða þeim greiðslum, annaðhvort að losa þær örar en upphaflega var gert ráð fyrir eða þá að afla bráðabirgðalána út á það með einhverjum hætti, sem er mjög auðvelt að gera, þannig að þessi hluti mótvirðissjóðsins greiðist atvinnujöfnunarsjóði á 4 árum, sem ella mundi greiðast á 10 árum, eftir hinu gamla ákvæði.

Þessi tvenns konar mótvirðissjóðsframlög verða óafturkræf framlög til atvinnujöfnunarsjóðs, og samkvæmt þessu yrði stofnfé sjóðsins 364 millj. kr. Ef gert er ráð fyrir því, að innheimtist, eins og ég áðan sagði, 4 millj. á ári af hinum eldri atvinnubótasjóðslánum, sem virðist vera mjög raunsæ tala, og í annan stað reiknað með, að 5% af öllu ráðstöfunarfénu sé árlega varið til styrkja, þá má gera ráð fyrir því, að höfuðstóll atvinnujöfnunarsjóðs geti verið á árinu 1975 orðinn um 545 millj. kr. Að sjálfsögðu er mjög erfitt að áætla, hvaða fjárhæðir verði veittar sem styrkir, en þær fjárhæðir hafa síðustu árin ekki numið mjög verulegu fé. Enn fremur er vert að geta þess, að í heimildarákvæði, sem sett hefur verið nú inn í lögin um atvinnuleysistryggingasjóð, er gert ráð fyrir því, að heimilt verði að verja fjórða hluta af vaxtatekjum þess sjóðs til vaxtalausra lána, og raunar einnig gengið út frá því, að um endurgreiðslu þurfi ekki að vera að ræða á því fé, þó að það sé ekki beint tekið fram í lögunum, og að því fé verði að einhverju eða jafnvel öllu leyti ráðstafað í gegnum atvinnubótasjóð. Þá verður að telja eðlilegt, að einmitt það fé fyrst og fremst renni til styrkveitinga, vegna þess að atvinnuleysistryggingasjóður hefur að sjálfsögðu fyrst og fremst það hlutverk að koma í veg fyrir atvinnuleysi, og má segja, að það bjóni mjög tilgangi þess sjóðs að koma í veg fyrir það, þegar sérstaka erfiðleika ber að höndum, tímabundið, í hinum ýmsu héruðum, að til atvinnuleysis komi, heldur verði stutt að því með öðrum ráðstöfunum, að hægt sé að halda uppi atvinnulífi með eðlilegum hætti, sem að sjálfsögðu er á allan hátt skynsamlegra en þurfa að fara að leggja fram atvinnuleysisstyrki. Vil ég í því sambandi sérstaklega geta þess, enda þótt það mál sé ekki endanlega afgreitt, að það hefur verið gengið út frá því, að innan ramma þessarar sérstöku aðstoðar félli aðstoð, sem veitt hefur verið nú í vetur til útgerðar fyrir Norðurlandi í samræmi við samkomulag, sem gert var af ríkisstj. við verkalýðsfélögin þar á s. l. ári í sambandi við kjarasamninga þá, og gert er ráð fyrir, að varið verði í vetur 6—7 millj. kr. til eflingar útgerðar á þessu svæði, og er gengið út frá því, að þess fjár verði aflað með þeirri sérstöku heimild, sem nú hefur verið sett í lögin um atvinnuleysistryggingasjóð, og að því verði ráðstafað í gegnum atvinnubótasjóð þá, en að sjálfsögðu í gegnum atvinnujöfnunarsjóð, ef þetta frv. um hann nær lögfestingu hér á Alþ. Það má gera ráð fyrir því, a. m. k. hefur það verið hugsun ríkisstj., og ég held, að það sé ekki fjarri hugsun forráðamanna atvinnuleysistryggingasjóðs, sem um þetta hefur verið samið við, að einmitt þessi hluti vaxtanna verði notaður til áhættulána, þegar sérstök óhöpp ber að höndum, en eins og ég áðan sagði, að fé atvinnujöfnunarsjóðs verði fyrst og fremst notað til þess að undirbyggja ný atvinnufyrirtæki til framtíðartryggingar atvinnu á hinum ýmsu stöðum á landinu.

Gert er ráð fyrir því, að árlegar tekjur atvinnujöfnunarsjóðs verði fyrst og fremst skattgjald af væntanlegri álbræðslu. Það þykir á allan hátt eðlilegt, miðað við þá stórframkvæmd, sem þar er um að ræða, að þorra þeirra tekna, sem til falla í sambandi við skattgjald slíks fyrirtækis, verði einmitt ráðstafað til þess að efla og tryggja atvinnu viðs vegar úti um byggðir landsins Það hefur verið talið, að á því væri viss hætta, að slíkt stórfyrirtæki ylli röskun jafnvægis á vinnumarkaði, og því væri nauðsynlegt að vinna þar í gegn, og af þessum sökum þykir í alla staði eðlilegt, að fé því, sem inn kemur vegna skattgjalds hennar, verði ráðstafað á þennan hátt til hagsbóta fyrir landsbyggðina.

Skv. áætlunum, sem gerðar hafa verið um skattgjald álbræðslu, er gert ráð fyrir því, miðað við að bygging hennar gangi skv. áætlun og að hún verði byggð í þremur áföngum, að fyrstu 3 árin nemi skattgjald hennar rúmum 16 millj. kr., næstu 3 árin rúmum 24 millj. kr., 9 árin þar á eftir 51 millj., síðan í 3 ár 71 millj., þá í 3 ár 80 millj. rúmum og síðustu 4 árin 90 millj., allt miðað við eitt ár, og að heildargjald verksmiðjunnar í þessi 25 ár, verði rúmar 1400 millj. kr.

Svo sem segir í 3. gr. frv., er gert ráð fyrir því, að fyrstu 9 árin renni 25% þessa skattgjalds til Hafnarfjarðarkaupstaðar og 4.1% til iðnlánasjóðs, en að 9 árum liðnum lækki hlutur Hafnarfjarðarkaupstaðar í 20%, en hlutur atvinnujöfnunarsjóðs aukist þá að sjálfsögðu að sama skapi

Þar sem atvinnujöfnunarsjóður mun að meginhluta til hafa yfir eigin fé að ráða, gefur auga leið, að innan tíðar muni vaxtatekjur hans geta numið mjög verulegum fjárhæðum.

Til viðbótar stofnfé sjóðsins, sem ég hef vikið að, og tekjum hans, sem fyrst og fremst eru tekjur af skattgjaldi álbræðslu, eru í 6. gr. mjög víðtækar lántökuheimildir fyrir sjóðinn. Annars vegar er um að ræða ótakmarkaða heimild til lántöku hjá framkvæmdasjóði ríkisins og við það miðað, að það verði innan þeirra marka, sem nauðsynlegt verði talið, til þess að hægt verði að hrinda áleiðis með eðlilegum hætti framkvæmdaáætlunum, sem gerðar verða fyrir hina einstöku landshluta. Nauðsynlegt þykir hins vegar að hafa sérstaka lántökuheimild varðandi erlent lánsfé, því að það er talið, að enda þótt slík almenn lántökuheimild sé til, þá sé hæpið, að það muni lögformlega ná til heimilda til að taka erlend lán, og er því gert ráð fyrir sérstakri heimild til lántöku erlendis, allt að 300 millj. kr. Svo sem hv. þdm. er kunnugt, hafa þegar hafizt erlendar lántökur í sambandi við framkvæmdaáætlanir, þar sem er samgönguáætlun Vestfjarða, og kann vel að vera, að hagkvæmt þyki, að atvinnujöfnunarsjóður hafi einhverja milligöngu um slíka lántöku Þess vegna þykir rétt að hafa þessa heimild.

Ég vék áðan að því, að það þætti nauðsynlegt að hafa rúma heimild varðandi lánveitingarrétt atvinnujöfnunarsjóðs, og er það m. a. með hliðsjón af því ákvæði, sem er í 6. gr., að gert er ráð fyrir, að framkvæmdaáætlanirnar skuli ekki aðeins ná til atvinnuástands, heldur samgangna og menningarmála hinna ýmsu byggðarlaga Og sannleikurinn er sá, sem ég veit, að allir hv. þdm. gera sér fullkomlega ljóst og reynslan hefur sannað, að það er ekki eingöngu atvinnuástandið, sem hefur afgerandi áhrif um það, hvort byggð helzt eða eflist á hinum einstöku stöðum á landinu, heldur kemur þar margt fleira til og ekki hvað sízt aðstaða varðandi menningu og margháttað félagslíf. Hefur enda komið í ljós, að eftir því sem velmegun vex á atvinnusviðinu, hafa kröfurnar varðandi aðstöðu til margháttaðrar félagsstarfsemi og menningaraðstöðu farið vaxandi, og eigi því að vera hægt að tryggja jafnvægi byggðarinnar, þarf ekki síður að gefa þessari hlið málanna gaum heldur en atvinnuuppbyggingunni einni saman.

Skv. þeim upplýsingum, sem ég hef hér gefið varðandi uppbyggingu sjóðsins, mun sjóðurinn þegar á árinu 1967 hafa til umráða um 50 millj. kr. og nú í ár 44 millj. beinlínis af því fé, sem gert er ráð fyrir að hann fái eftir þeim leiðum, sem ég hef nefnt, jafnhliða því, eins og ég gat um áðan, að gert er ráð fyrir, að fyrir milligöngu atvinnujöfnunarsjóðs verði ráðstafað 6—7 millj. kr. vegna erfiðleika útgerðarinnar á Norðurlandi, þannig að raunverulega yrði ráðstöfunarfé sjóðsins á þessu ári einnig um 50 millj. kr. Ráðstöfunarféð fer næstu árin hækkandi og verður á árinu 1968 um 56 millj. kr., fer síðan hækkandi ár frá ári í 100 millj. 1974 og 112 millj. kr. árið 1975. Er þá gengið út frá þeim forsendum, sem ég gat um áðan, að 4 millj. endurgreiðist árlega af hinum eldri atvinnubótasjóðslánum og að styrkveitingar úr atvinnujöfnunarsjóði sjálfum nemi 5% á ári.

Í frv. þessu er gert ráð fyrir því, að Landsbanki Íslands annist umsjá atvinnujöfnunarsjóðs, en sjóðurinn verði annars undir 7 manna stjórn þingkjörinni.

Atvinnubótasjóður var áður í vörzlu Framkvæmdabanka Íslands, en þar sem gert er ráð fyrir því, að sá banki verði lagður niður, var eðlilegt að breyta hér um, og eftir atvikum þótti rétt, að sjóðurinn yrði í vörzlu Landsbankans, en hins vegar gengið út frá því, að lausafé hans sé hverju sinni á sérstökum reikningi í Seðlabankanum.

Sérstakar hömlur eru settar varðandi eftirgjöf lána og breytingar lánsskilmála, sem eðlilegt má teljast og í samræmi við það, sem nú gildir um atvinnubótasjóð, að allir sjóðsstjórnarmenn verði að vera á einu máli um eftirgjöf lána og breytingu á lánskjörum. Ég tel, að reynslan af störfum atvinnubótasjóðs varðandi þetta atriði sé góð. Þar hefur reyndin orðið sú, að afgreiðsla mála hefur jafnan verið með einróma stuðningi allra sjóðsstjórnarmanna, sem að sjálfsögðu er mjög æskilegt og bendir til þess, að ekki hafi verið ráðizt í styrkveitingar eða lánveitingar, án þess að menn hafi haft sannfæringu fyrir því, að það væri um brýna og ótvíræða nauðsyn að ræða.

Frá því atvinnubótafjárúthlutun hófst, eða fjárveitingar til þess frá ríkissjóði, hefur verið varið á 15 ára tímabili 160 millj. kr. til atvinnubóta skv. yfirliti, sem um það hefur verið gert. Svo sem yfirlit það, sem ég gaf hér áðan um ráðstöfunarfé, sem atvinnujöfnunarsjóður hefði næstu 10 árin, sýnir, ætti það fé að geta numið nálægt 700 millj. kr. Hér er því ljóslega um mjög stórfellda eflingu þessarar starfsemi að ræða, og það er von ríkisstj., að með þessum sjóði, sem hér er settur á laggirnar, takist að gera ný átök og með enn skipulagsbundnari hætti í þá átt að tryggja atvinnuafkomu fólksins víðsvegar um landið og leggja grundvöll að því, að hvarvetna um landsbyggðina sé hægt að hagnýta framleiðsluskilyrði, þar sem ljóst er, að hægt er að byggja upp þjóðhagslega nýtan atvinnurekstur, og þannig í senn að stuðla að byggðajafnvægi í landinu og aukinni framleiðslu ýmiss konar verðmæta þjóðarheildinni allri til góðs.

Ég vil svo, herra forseti, leggja til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

Páll Þorsteinsson: Herra forseti. Frv. þetta kemur hv. þm. ekki á óvart, því að í tilkynningu, sem hæstv. forsrh. flutti 13. okt. s. l. haust, fáum dögum eftir að Alþingi kom saman, segir, að fyrirhugað sé af hálfu hæstv. ríkisstj., að stofnaður verði framkvæmdasjóður strjálbýlisins.

Hitt hefur ýmsum þm. þótt nokkurri furðu gegna, hvað þetta frv. er síðbúið, því að nú liður óðum að því, að þetta þing ljúki störfum. En við að lesa þetta frv. fæst skýringin. Þetta mál er gert að eins konar fylgifiski með hinu stóra, umdeilda álmáli, sem var lagt fyrir hv. Nd. fyrir fáum dögum, — fylgifiski vegna þess, að aðaltekjur þess sjóðs, sem á að stofna skv. þessu frv., eru bundnar við samþykkt álmálsins, því að varla mun vera ætlunin að lögfesta þetta frv. og þann tekjustofn, sem sjóðnum er ætlaður, áður en séð er fyrir um afgreiðslu þingsins á því máli.

Þessi málsmeðferð, að tengja það nauðsynjamál, sem þetta er í sjálfu sér, við hið umdeilda stórmál, er ámælisverð að mínum dómi og mjög óviðkunnanlegt og miður farið, að slík málsmeðferð skuli viðhöfð. En í sjálfu sér er þó ástæða til að fagna þessu frv., fagna þeirri stefnu, sem í því felst, og þeirri stefnubreytingu, sem virðist þó votta fyrir með flutningi þessa frv. hjá hæstv. ríkisstj. frá því, sem verið hefur á undanförnum árum. Hins vegar eru einstök atriði frv. þannig, að þau þurfa mikillar athugunar við og breytinga, ef vel á að fara um lagasetninguna.

Framsfl. hefur beitt sér fyrir því um langt skeið, að öflugar ráðstafanir væru gerðar af hálfu ríkisvaldsins til þess að stuðla að jafnvægi í byggð landsins. Framsfl. átti hlut að því, ásamt öðrum að vísu, að tekin var upp sá háttur að veita í fjárlögum hið svonefnda atvinnuaukningarfé. Það var fyrst tekið upp, eins og hæstv. fjmrh. nefndi, eftir 1950 að veita sérstakt framlag í þessu skyni. Fyrst var það heimildarákvæði í fjárlögum, en í fjárlögum fyrir 1955 var þetta gert að sérstakri fjárveitingu á 20. gr. fjárlaga, og svo hefur staðið alla stund síðan. Á stjórnartíma vinstri stjórnarinnar var þessi sérstaka fjárveiting 15 millj. kr. árlega, t. d. í fjárlögum ársins 1957, en þá var heildarupphæð fjárlaga um 800 millj. kr., svo að þessi sérstaki liður til atvinnubóta nam þá 1.8% af heildarupphæð fjárlaga.

Eftir að núv. ríkisstj. settist að völdum, „Viðreisnarstjórnin", var þessi sérstaka fjárveiting lækkuð niður í 10 millj. kr. árlega, á sama tíma og bylting varð í því, hvað fjárlög hækkuðu. Þetta hefur að vísu verið leiðrétt á fjárlögum þessa árs að því leyti, að nú á þessu ári er fjárveiting 15 millj. kr., en miðað við heildarupphæð fjárlaga þessa árs nemur þessi fjárveiting nú ekki nema 0.4% af heildarupphæð fjárlaga. Af þessu má sjá, hvert stefnt hefur verið að þessu leyti af hálfu núv. hæstv. ríkisstj.

Á þinginu 1961—1962 voru sett lög um atvinnubótasjóð. Framkvæmd þeirra laga virðist vera sú, að meiri hluti úthlutunarfjárins sé lánaður til fiskiskipakaupa um land allt út á síðari veðrétt. Þótt það sé gagnleg starfsemi út af fyrir sig, þá felst ekki í því nein ný eða fullnægjandi lausn í sambandi við jafnvægi í byggð landsins. En með þessum lögum var lögfest aðferð til þess að úthluta atvinnuaukningarfénu, sem veitt er í fjárl. hverju sinni, og upphæð þess ákveðin 10 ár fram í tímann að þeim lögum óbreyttum.

Þetta hefur Framsfl. talið alls kostar ófullnægjandi ráðstöfun til þess að stuðla að jafnvægi í byggð landsins. Þess vegna hefur af hálfu Framsfl. á allmörgum undanförnum þingum verið flutt frv. um sérstakar ráðstafanir til þess að stuðla að jafnvægi í byggð landsins. Meginefni þess frv. er það, að komið skuli á fót sérstakri stofnun, Jafnvægisstofnun, sem hafi það hlutverk með höndum að gera áætlanir um nauðsynlega uppbyggingu í þeim byggðarlögum þar sem fólksfækkun á sér stað eða atvinnutæki skortir, og að hafa heildarsýn yfir allt þetta mál um gjörvallt landið. Jafnframt skuli stofnaður sjóður, sérstakur jafnvægissjóður, sem verji fé með hagkvæmum kjörum til framkvæmda í þessu skyni.

En þetta frv. Framsfl., sem borið hefur verið fram þing eftir þing í hv. Nd., hefur mætt fullkomnum skilningsskorti af hálfu hæstv. ríkisstj. og þess þingmeirihl., sem nú situr. Fyrir þremur árum, þ. e. í marz 1963, var þessu frv. t. d. vísað frá í hv. Nd., og aðalröksemdin fyrir frávísuninni var sú, að atvinnubótasjóður væri nægileg ráðstöfun í þessu efni og að þetta frv., þ. e. frv. Framsfl., gerði ráð fyrir framkvæmdum, sem miðuðu í sömu átt og atvinnubótasjóður á að styðja, þess vegna væri flutningur þessa frv. með öllu óþarfur, og taki því deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Síðan leið eitt ár, og fyrir réttum tveimur árum, þ. e. í marzmánuði 1964, kom sams konar frv. Framsfl. til afgreiðslu í hv. Nd., og þá er skv. till. þingmeirihl. og með hæstv. ríkisstj. í fararbroddi málið afgreitt með svo hljóðandi rökstuddri dagskrá, með leyfi hæstv. forseta:

„Þar sem þegar hafa verið sett lög um atvinnubótasjóð, en þetta frv. fer að meginstefnu til í sömu átt og þau lög, og tilgangur þeirrar löggjafar er fyrst og fremst að stuðla að jafnvægi í byggð landsins, telur deildin ekki hörf nýrrar lagasetningar í þessu efni og samþykkt frv. því óþarfa og tekur fyrir næsta mál á dagskrá."

Það er því rétt, sem ég áðan sagði, að með frv. vottar þó fyrir stefnubreytingu af hálfu hæstv. ríkisstj. í þessu efni, og það vottar fyrir auknum skilningi á því mikla vandamáli, sem bróun búsetunnar í landinu er orðin, og út af fyrir sig höfum við Framsfl.-menn ástæðu til að fagna þessu, svo langt sem það nær.

En stefna hæstv. ríkisstj. í þessum málum hefur þó ekki einskorðazt við meðferð þess frv. Framsfl., sem ég hef verið að lýsa. Eins og ég áðan gat um, var það eitt af hinum fyrstu verkum „viðreisnarstjórnarinnar" í sambandi við fjárlagaafgreiðslu að lækka beinlínis að krónutölu þann fjárlagalið, sem kallaður hefur verið atvinnuaukningar- eða atvinnubótafé, niður í 10 millj., og nú hin síðari ár hefur stefna ríkisstj. í sambandi við framkvæmdir úti um landsbyggðina m. a. komið fram í niðurskurði verklegra framkvæmda skv. fjárlögum, t. d. árið 1965, og nam sú niðurskurðarheimild 20%.

En hér er í raun og sannleika um stórt þjóðmál að tefla, þ. e. þróun búsetunnar í landinu. Skv. síðasta manntali er íbúafjöldi landsins 193 þús. Þar af munu um 100 þús. manns búa á því svæði, sem sumir nefna nú orðið Stór-Reykjavík, en 93 þús. manns í öllum öðrum landshlutum. Ef þróun þessara mála er athuguð með

því að líta nokkuð til baka, þá kemur svipað í ljós. Ef litið er til baka um aldarfjórðungsskeið og borinn saman íbúafjöldinn í landinu og fólksfjöldi í einstökum landshlutum, annars vegar 1940 og hins vegar 1964, þá kemur í ljós, að á þessu tímabili hefur þjóðinni í heild fjölgað um 56.6%. En þessi fjölgun skiptist svo misjafnlega á hina einstöku landshluta, að á þessu tímabili hefur fjölgað hér á svæðinu við Faxaflóa um 127 6%. Á Vesturlandi, þ. e. a. s. á svæðinu milli Gilsfjarðar og Hvalfjarðar, er fjölgunin 28.8%. Á Suðurlandi, austan fjalls og allt að Skeiðarársandi, að Vestmannaeyjum meðtöldum, er fjölgunin 23.7%. Á Norðurlandi er fjölgunin 13.9%. Á Austurlandi er fjölgunin 6.8%. En á Vestfjörðum er bein fólksfækkun á þessu tímabili, sem nemur 18.7%.

Þessar tölur tala skýru máli, þannig, að á svæðinu, sem nú er farið að kalla Stór-Reykjavík, búa orðið yfir 50% af íslenzku þjóðinni. Ég hef ekki getað fundið neins staðar sambærilegar tölur erlendis frá. Það er mjög oft vitnað til Noregs, bæði í sambandi við þær aðgerðir, sem þeir hafa gert í jafnvægismálum þar í landi, og enn fremur eru frændur okkar Norðmenn mjög á dagskrá nú í sambandi við stóriðjumálið, en það mun vera svo, að í höfuðborg Noregs búi ekki meira en 17% af norsku þjóðinni, og sjáum við þá, hve langt bil er á milli þess þar í landi og þess, sem orðið er hér í landi. En þrátt fyrir þetta bil, þó að þeir standi betur að vígi í þessu efni en við, hafa þeir fyrir mörgum árum komið auga á nauðsyn þess að framkvæma öflugar ráðstafanir til jafnvægis í byggð landsins, og það er á þeim tíma, sem slíkar ráðstafanir hafa verið framkvæmdar í Noregi, og á þeim tíma, sem þróunin í byggðamálum okkar Íslendinga hefur verið með þeim hætti, að meira en 50% þjóðarinnar eru hér á litlum bletti, að hæstv. ríkisstj. og þingmeirihlutinn hefur vísað frá frv. um ráðstafanir í þessum málum með þeim rökum aðallega, að ný lagasetning væri algerlega óþörf.

En vissulega er mikið í húfi, hvernig íslenzku þjóðinni tekst um lausn þessa máls, hvort þróunin verður enn óðfluga í sömu stefnu og verið hefur eða hvort það tekst að spyrna við fæti og snúa þróuninni að einhverju leyti við. Það, sem um er að tefla í þessu efni, eru ekki efnahagsmál eingöngu eða kannske ekki fyrst og fremst. Landið er eign íslenzku þjóðarinnar, vegna þess að þjóðin hefur helgað sér það og réttinn til landhelginnar með búsetu í öllum héruðum landsins. Saga þjóðarinnar, sem er grundvöllur að sjálfstæði hennar, er bundin við búsetu fólksins úti um gervallt land. Tungan hefur líka átt sínar sterkustu rætur með þjóðinni úti um hinar dreifðu byggðir. A. m. k. reyndist það svo á nítjándu öldinni, þegar danskan sótti harðast á, og sjálf stjórnskipun þjóðarinnar er grundvölluð á hæfilegri búsetuskiptingu í landshlutunum. Hér er því í raun og veru um að ræða sjálfstæðismál, kannske stærsta sjálfstæðismál íslenzku þjóðarinnar á líðandi stundu.

En ef litið er á þetta mál frá þrengra sjónarmiði, frá efnahagslegu sjónarmiði fyrst og fremst, þá er þessi þróun þannig skoðað einnig mjög varhugaverð, ekki aðeins fyrir þá landshluta, sem eiga við beina eða hlutfallslega fólksfækkun að stríða, heldur einnig fyrir höfuðborgina og nágrenni hennar. En þar verður erfitt að valda sumum þeim verkefnum, sem á þau sveitarfélög hlaðast vegna of mikils vaxtarhraða, og getur af þeim sökum orðið erfitt að byggja þar upp nægilega traust atvinnulíf.

Manntalsskýrslur og hagskýrslur, sem við höfum með höndum, geyma margvíslegan fróðleik. Við vitum það t. d. eftir manntalsskýrslum, að 1920 var íbúatala landsins 94 690 menn. Við sjáum eftir síðasta manntalinu, að síðan þá hefur íbúatalan meir en tvöfaldazt. Við vitum enn fremur, að 1930 var fólksfjöldinn hér á landi 108 861 íbúi, og við sjáum af því, að síðan 1930 hefur þjóðinni fjölgað um 85 þúsund manns. Þetta eru staðreyndir. En ýmsir töluglöggir menn hafa lagt stund á það að reikna út eftir þessum tölum og ýmsu fleiru, sem í skýrslum stendur, hvernig viðhorfið að þessu leyti muni verða t. d. um næstu aldamót, og þeir hafa komizt að ákveðnum niðurstöðum. Þær niðurstöður eru að sönnu ekki staðreyndir á sama hátt og um þann tíma, sem liðinn er, en það eru rökréttar ályktanir, dregnar af ótvíræðum forsendum, sem fyrir liggja, og niðurstöðurnar eru þær, að um næstu aldamót muni íslenzka þjóðin verða a. m. k. 360—380 þús. manns. Og ég minni á það, að í sambandi við stóriðjumálið, sem er hér á dagskrá einmitt um þessar mundir, þá er þessum niðurstöðum eða áætlunum um aukningu á vinnuafli og fólksfjölda í landinu mjög haldið á loft og þær skoðaðar eins og fullkomnar staðreyndir. En af þessu má reikna mörg fleiri dæmi á annan veg, og mér er kunnugt um, að töluglöggir menn hafa einnig lagt nokkra stund á að gera það, og ég hef átt þess kost að kynna mér ýmsar niðurstöður.

Ef gengið er út frá því sem staðreynd, að þjóðinni fjölgi til næstu aldamóta um ca. 180 þús. manns, þá má einnig reikna út eftir gefnum forsendum, hvernig búsetuþróunin verði orðin um næstu aldamót eða hvernig skipting íbúafjöldans verði um næstu aldamót, miðað við þá þróun, sem verið hefur í þessum málum undanfarin ár, og þær niðurstöður eru þannig: Haldi búsetuþróunin áfram til aldamóta óhindruð eins og hún hefur verið núna s. l. ár, og sé gengið út frá, að þjóðinni í heild fjölgi um 180 þús. manns á þessu tímabili, þá munu 140—150 þús. manns af þessari þjóðarfjölgun bætast við á Faxaflóasvæðinu, en aðeins 35—40 þús. manns af heildarþjóðarfjölguninni í öllum öðrum landshlutum, bæði til sjávar og sveita, og ég tek fram, að þegar ég segi Faxaflóasvæði, þá er það ekki sama og það, sem sumir nefna Stór-Reykjavík, heldur er það stærra, það er allt svæðið hér við Faxaflóa, tek það fram til skýringar. En þetta stefnir þá að því marki, að af þeirri þjóðarfjölgun, sem hér verður á síðustu áratugum þessarar aldar, muni 8 af hverjum 10 börnum, er fæðast og ná þroska með þjóð vorri á þessum áratugum, sem eftir eru til aldamótanna, ávaxta pund sitt á Faxaflóasvæðinu, en aðeins 2 börn af hverjum 10 staðfestast í öllum öðrum landshlutum samtals, bæði til sjávar og sveita. Ég held, að það sé fullkomlega tímabært, að alþm. og þá ekki sízt hæstv. ráðherrar geri sér grein fyrir, hvað þessi þróun boðar.

Framsfl. hefur fyrir alllöngu, eins og ég áðan gat um, gert sér grein fyrir þessu stóra vandamáli, og af hans hálfu hefur verið leitazt við að mæta þessum vanda með þeim till. í frv.-formi, sem ég hef gert hér nokkuð að umtalsefni. En hingað til hafa þær till. mætt tregðu og skilningsskorti hjá þingmeirihlutanum. Í því frv. Framsfl., sem nú liggur fyrir um sérstakar ráðstafanir í byggð landsins, er gert ráð fyrir því, að 2% af tekjum ríkissjóðs, eins og þær verða skv. ríkisreikningi ár hvert hér eftir, skuli leggjast í jafnvægissjóð og til þess að mæta þeim verkefnum, sem gert er ráð fyrir, að sá sjóður styðji. Eins og fjárl. eru nú orðin, mundi þessi tekjustofn verða 60—80 millj. kr. árlega. Enn fremur er í frv. lánsheimild, 200 millj. á 5 ára tímabili, sem heimilt væri að verja til stuðnings þessum málum. Þess ber þó sérstaklega að gæta, að frv. Framsfl. er miðað við það, að atvinnubótasjóðurinn standi áfram óbreyttur. Þetta yrði nýr sjóður, ný stofnun, en atvinnubótasjóðurinn, sem aðallega hefur nú síðustu árin veitt lán til fiskiskipakaupa, annist þá starfsemi eftir sem áður. En í frv. því, sem hér liggur fyrir, er gert ráð fyrir að fella saman atvinnubótasjóðinn og þá nýju tekjuöflun, sem hér er stofnað til. Enn fremur ber þess að gæta, þegar samanburður er gerður, að frv. Framsfl. hefur á engan hátt verið miðað við þær stóriðjuframkvæmdir, sem nú eru á döfinni. Það hefur verið miðað við vandamálið, eins og það hefur verið að þróast á undanförnum árum með þjóð vorri, án þess að nýjar stóriðjuframkvæmdir og milljarðafjárfesting hér á þéttbýlissvæði landsins komi til. En þetta frv., sem er eins konar fylgifiskur álmálsins, er vitanlega öðrum þræði miðað við þau auknu áhrif til samdráttar í fjármagni og framkvæmdum og mannafla, sem hinar fyrirhuguðu stóriðjuframkvæmdir hljóta að hafa í för með sér.

Það er því mjög augljóst, þegar þessi mál eru skoðuð, að þetta frv. ríkisstj. gengur miklum mun skemmra en þær till., sem Framsfl. hefur beitt sér fyrir. Hér á að stofna skv. þessu frv. atvinnujöfnunarsjóð og hann á að taka við eignum atvinnubótasjóðsins skv. l. nr. 40 1962. Þessar eignir atvinnubótasjóðsins aukast ekki eða vaxa að verðgildi, þó að skipt sé um nafn á sjóðnum. Framlag úr ríkissjóði er ákveðið 15 millj. kr. árlega næstu 10 ár, og er það ⅛ hærra en kveðið er á um í l. um atvinnubótasjóðinn, en jafnhátt þeirri fjárveitingu, sem ákveðin er í fjárl. þessa árs. Enn fremur er gert ráð fyrir nokkrum framlögum skv. c- og d-liðum 2. gr. frv. Það er að sönnu ekki nýtt fé, það fé hygg ég, að hefði runnið til Framkvæmdabankans áður og verið varið til að styðja framkvæmdir í landinu, þótt þessi lagasetning hefði ekki komið til. En út af fyrir sig er það góðra gjalda vert að fá þessa tekjustofna inn í þennan sjóð með tilliti til þess, að fyrirhugað er að leggja Framkvæmdabankann niður. En þá kemur aðaltekjustofn frv. og það eru tekjur af skattgjaldi álbræðslunnar í Sraumsvík. Í grg. þessa frv. er tekið fram það, sem hæstv. ráðh. áréttaði í ræðu sinni, að þessar tekjur muni á árunum 1970—72 nema rúmum 11 millj. á ári, en á tímabilinu 1973—1975 rúmum 17 millj. kr. á ári og fari síðan hækkandi og verði á tímabilinu 1976—1978 36 millj. rúmlega á ári o. s. frv.

Við sjáum af þessu, að hér er um að ræða fyrstu árin 11—17 millj. kr. tekjur, sem atvinnujöfnunarsjóðurinn á að fá skv. a-lið 3. gr. þessa frv. Eftir 1975 hækkar þetta verulega, eða upp í 36 millj. kr. Við fyrstu sýn virðist sú þróun vera allálitleg. En þegar betur er að gætt, þá er það augljóst, að 1975 eða 1976, eftir 10 ár, þá verða skv. frv., eins og það liggur fyrir, niður fallnir tekjuliðirnir, sem ákveðnir eru í 2. gr. frv. Ríkissjóðsframlagið er aðeins ákveðið 10 ár fram í tímann, framlagið skv. c-lið 2. gr. á að greiðast að fullu á árunum 1966—1969, og framlagið skv. d-lið sömu gr. á að greiðast að fullu á 4 næstu árum, þannig að eftir 10 ár, eins og þetta frv. er úr garði gert, þá verða tekjur sjóðsins skattgjaldstekjurnar frá álverksmiðjunni í Straumsvík, sem áætlaðar eru þá, eftir 10 ár, 36 millj. kr., og að öðru leyti aðeins það fé, sem sjóðurinn hefur þá orðið í veltunni, þ. e. a. s. afborganir veittra lána og vaxtatekjurnar. En þeim mun hagstæðari sem lánin verða, sem þessi sjóður veitir, þ. e. a. s. þeim mun lengri sem lánstíminn er og þeim mun lægri vextir, þeim mun minna verður þetta fé, sem skilar sér árlega inn til sjóðsins, og þeim mun meira sem veitt verður sem óafturkræft framlag af þessum stuðningi, þeim mun minna kemur aftur inn til sjóðsins til nýrrar ráðstöfunar, þannig að því hagstæðari lán sem sjóðurinn veitir, þeim mun minna ráðstöfunarfé hefur hann eftir 10 fyrstu árin, eins og þetta frv. er úr garði gert.

Þess ber að geta, að í þessu frv. eru einnig lánsheimildir. Ég held, að ég hafi skilið það rétt, bæði við lestur frv. og eins við að heyra ræðu hæstv. ráðh., að þau sérstöku erlendu lán, sem sjóðnum er heimilað að taka, séu í heild bundin við 300 millj. kr., í heild, en ekki árlega. Hins vegar mun sú lánsheimild, sem sjóðnum er veitt skv. frv. hjá framkvæmdasjóði ríkisins, vera ótiltekin eða óbundin, það er óbundin fjárhæð að mér virðist. En þegar ákvæði frv. eru lesin, þá virðist mér einnig þessi heimild vera að vissu leyti bundin, þó að ekki sé um ákveðnar tölur að ræða, sem settar eru fram í frv., því að í 6. gr. frv. segir, að lánsfé má sjóðsstjórn eingöngu verja til framkvæmda, er örugglega tryggja endurgreiðslu fjárins. Af þessu, sem hér segir, vil ég draga þá ályktun, að það kunni að geta orðið í reynd takmarkað, hvað hægt er að verja af þessu lánsfé, sem taka á skv. þeim heimildum, sem hér eru gefnar, beinlínis í því skyni að stuðla að jafnvægi í byggð landsins eða létta undir með þeim byggðarlögum, sem sárast sverfur að í því efni. Hitt er mér vel ljóst, að það getur með þessum hætti verið hægt að styðja að framkvæmd ýmissa áætlana annars eðlis, sem Efnahagsstofnunin gerir, og ná kannske til heilla landshluta eða mjög stórra svæða í heild.

Hér er einnig minnt á atvinnuleysistryggingasjóðinn og þann stuðning, sem frá honum megi vænta í þessu skyni. Út af því vil ég aðeins segja, að það er bara sérstakt mál út af fyrir sig, sem ekki snertir þetta frv. Atvinnuleysistryggingasjóðurinn er ekkert ný stofnun, og fjárráð hans breytast ekki í sjálfu sér í sam-

bandi við þetta frv., og það, sem honum er ætlað að leggja fram, hefði verið hægt að gera, hvað sem þessu sérstaka máli líður.

Þegar allt þetta er athugað, verður það augljóst, jafnvel enn augljósara en virðist þó við fyrstu sýn, hvað þetta frv. nær skammt til þess að mæta þeim stóra vanda, sem við er að etja á þessu sviði í þjóðfélagi okkar. Ég tel það enn fremur athugavert, jafnvel varhugavert, að Efnahagsstofnunin eigi að standa fyrir þessum sérstöku framkvæmdum til jafnvægis í byggð landsins, ekki vegna þess, að ég út af fyrir sig ámæli þeim mönnum, sem þar starfa, heldur vegna þess, að aðalstarf þeirrar stofnunar er á allt öðru sviði. Það er verið að setja hér upp öfluga stofnun, að mér virðist skv. lagafrv., sem hér liggur fyrir, sem á að vinna margvísleg verkefni, sem eru alls ekki í neinum tengslum við þetta sérstaka mál, og þá er mikil hætta á því, að þetta mál verði ekki aðalatriði hjá slíkri stofnun, heldur verði kannske annað látið fremur sitja í fyrirrúmi. Þess vegna er sú till., sem gerð er í frv. Framsfl. um framkvæmd þessara mála, að mínum dómi miklu sterkari. Og svo að enn og aftur sé vitnað til frænda okkar Norðmanna, þá hafa þeir ekki haft þann hátt á um framkvæmd hliðstæðra mála þar í landi, að fela þetta hinni almennu efnahagsmálastjórn ríkisins, heldur hafa þeir einmitt sett upp stofnun til þess að annast með miklum myndarbrag þetta sérstaka viðfangsefni, að viðhalda jafnvægi í byggð landsins.

Þótt frv. nái skammt og sé að ýmsu leyti ófullkomið, þá er sú viðleitni, sem hér er sýnd til þess að mæta miklu vandamáli, ánægjuleg, en jafnframt verður þó að segja, að ríkisstj. hefur ekki tekizt að sýna þessa viðleitni, án þess að það komi fram mínusar í dæminu. Ber þá að minna enn á það, sem ég áðan gat um, að á sama tíma sem þetta mál er hugsað og undirbúið, þá hefur ríkisstj. gert sérstakar ráðstafanir til þess að draga úr verklegum framkvæmdum skv. fjárl., og í grg. með stjfrv., sem lá fyrir síðasta þingi, kemur glöggt fram, hver ætlun hennar og vilji var í því efni, því að þar er það skýrt, að til þess að mæta ráðstöfunum vegna sjávarútvegsins og launahækkunum, þá þurfi að koma til gjaldalækkun skv. fjárl., er nemi 120 millj. kr., en framlög til verklegra framkvæmda á fjárl. ársins 1965 nema samtals 600 millj. kr. Er því nauðsynlegt að lækka þessi framlög um 20%, til þess að hægt sé að mæta þeirri 120 millj. kr. útgjaldahækkun, sem að framan getur. Ég vil nú ekki fullyrða, hvort hafi í reynd alveg tekizt að ná þessari fjárhæð á þennan hátt, en vilji hæstv. ríkisstj. í þessu efni er ótvíræður, og þetta fer í gagnstæða átt við það að styðja jafnvægi í byggð landsins, því að mikið af þeim framkvæmdum, sem þetta tekur til, er úti um landsbyggðina, þar sem fremur þarf að örva framkvæmdir heldur en draga úr þeim.

Ég verð einnig að segja, að ég tel það stóran skugga á þessu máli, hvernig það er tengt hinu umdeilda álmáli, sem nú er verið að ræða í hv. Nd. Aðaltekjuöflunin er skv. 3. gr., eins og rakið hefur verið, og sú tekjuöflunaraðferð er að mínum dómi vægast sagt óviðkunnanleg og fremur ógeðfelld, þegar um er að ræða það mál, sem hér á að finna lausn á. Gjaldeyrisöflun þjóðarbúsins er ákaflega mikilvægur liður í allri efnahagsstarfsemi þjóðarinnar og afkomu þjóðarbúsins, en ég hef áður drepið á, hvernig búseta fólksins í landinu skiptist. En það má einnig lesa margt um þessi efni, um gjaldeyrisöflunina og framleiðsluna, hvernig hún skiptist, í hagskýrslum, og ef litið er á verzlunarskýrslur árið 1963, þá kemur í ljós, að útflutningur sjávarafurða og landbúnaðarafurða það ár nam samtals 3968 millj. kr., en það eru 98.1% af öllum útflutningi þjóðarinnar það ár, en hitt, sem á vantar, eru aðeins mjög smáir liðir. Langsamlega stærsti liðurinn í þessu er sjávaraflinn, en fiskaflinn, sem tekinn var til hagnýtingar á höfnum landsins þetta ár, skiptist þannig, að af heildaraflamagninu var lagt á land til verkunar í Reykjavík og Reykjaneskjördæmi 34.3%, en 65.7% af aflamagninu kemur á land og er verkað sem framleiðsluvara í öðrum landshlutum. Meðaltalsaflinn á hvert mannsbarn í landinu var árið 1963 rúm 4 tonn, en ef íbúafjöldi Reykjavíkur út af fyrir sig er skoðaður annars vegar og það aflamagn, sem þar er verkað sem útflutningsvara, hins vegar, þá er meðaltalsaflinn á hvern íbúa Reykjavíkur það ár aðeins 1.2 tonn, en ef Reykjavík og Reykjaneskjördæmi er skoðað sem ein heild í þessu dæmi, þá verður meðaltalið 2.3 tonn. En séu aðrir landshlutar skoðaðir aftur á móti sem ein heild, aðrir landshlutar utan við mesta þéttbýlissvæðið, þá er heildaraflamagnið þar 5.8 tonn á hvern íbúa. Þetta sama ár var sauðfjáreign íbúa í Reykjavík og Reykjaneskjördæmi 3%, en nautgripaeign á sama svæði rúm 4% af bústofni landsmanna.

Ég nefni þessar tölur til þess að sanna það, að aðalframleiðsla til notkunar innanlands, landbúnaðarframleiðslan, og langsamlega meiri hluti af gjaldeyrisöflun þjóðarbúsins fer fram utan hins mesta þéttbýlissvæðis landsins. En gjaldeyrisöflunin er undirstaða að innflutningi til landsins, undirstaða verzlunarinnar og þess fjármagns, sem þar er í veltu, og þess auðs, sem þar er dreginn saman, undirstaða iðnaðarins, sem grundvallast á innfluttum hráefnum, og undirstaðan að tolltekjum ríkisins og söluskattinum að mestu leyti, en það eru aðaltekjustofnar ríkissjóðs.

Það er því augljóst, að fólkið úti á landsbyggðinni þarf ekki að bíða neinnar afsökunar á starfi sínu eða búsetu með þessari þjóð og að það þarf ekki að verða og á ekki að verða neinn ölmusulýður hjá erlendum auðhring, sem kemur sér upp fyrirtæki hér í Straumsvík við Faxaflóa. En það er einmitt einkennið á ráðstöfunum hæstv. ríkisstj., „viðreisnarstjórnarinnar", að þegar kemur til þess að leita að tekjum eða tekjustofnum til þess að stuðla að jafnvægi í byggð landsins, þá eru það hennar ráð, hæstv. ríkisstj., að setja þá tekjuöflun og það fólk, sem hennar nýtur, sér á bekk, en ekki taka þær tekjur af sameiginlegu fé þjóðarbúsins.

Ég hef að undanförnu hlýtt á ýmsar umr. hér á hv. Alþ. um Vestfjarðaáætlun. Ég efast ekki um, að þeir, sem að því máli standa, gera það í góðum tilgangi. En það hefur samt farið svo,

að þegar þurfti að gera þar sérstakar framkvæmdir skv. þessari áætlun, þá þurfti að setja Vestfirðinga sér á bekk, sækja fé til útlanda, sumir kalla það viðreisnarsjóð og viðreisnarfé, aðrir kalla það flóttamannasjóð og flóttamannafé, sem þaðan kemur. Og nú, þegar hæstv. ríkisstj. kemur að því, loksins vil ég segja, að sýna þó nokkra viðleitni til þess að stuðla að jafnvægi í byggð landsins með sérstökum ráðstöfunum, þá, einmitt þá þarf að seilast eftir alveg sérstökum, óvenjulegum og að margra dómi ógeðfelldum tekjustofni til þess að standa straum af því.

Það hafa heyrzt raddir utan af landsbyggðinni nú að undanförnu um, að það muni ekki allir vera ánægðir með þá ráðstöfun, sem virðist eiga að gera, þá stóriðju, sem koma á upp. En þá fjárhagsaðstoð, sem á að veita skv. þessu frv., hana á að veita með skilyrðum. Þessi skilyrði jafngilda því, að það sé sagt við fólkið úti á landsbyggðinni þetta: Ef atvinnujöfnunarsjóðurinn á að hafa sæmileg fjárráð, þá verður þú að þola það, að erlendum auðhring sé veitt leyfi til stóriðjurekstrar hér á landi. — Þetta vil ég átelja, að þetta mál skuli bundið slíkum skilyrðum.

Ég hef áður minnzt á það, að frv. Framsfl., sem flutt hefur verið að undanförnu og enn liggur fyrir á þessu þingi, það er miðað við að mæta þessu mikla vandamáli, sem hér er til umr., án tillits til stóriðjuframkvæmdanna, og þetta frv. hefði vissulega verið alveg lágmark þess, sem gera þurfti til þess að mæta þessum vanda, þó að engin stóriðja hefði komið til greina. Samanburður á tölum eins og þeim, að á undanförnum 15 árum hafi verið veittar samtals 160 millj. kr. sem atvinnuaukningarfé, en á næstu 10 árum verði þessi sjóður orðinn svo hár sem tilgreint hefur verið, sannar lítið, því að gildi krónunnar er ekki hið sama nú og það var 1950—60. Það þarf ekki að fara mörgum orðum um það. En dæmið stendur þá þannig, að á sama tíma sem hæstv. ríkisstj. beitir sér fyrir stóriðjuframkvæmdum, stórvirkjun, álbræðslu, hafnargerð og e. t. v. framkvæmdum í Hvalfirði, sem samtals munu vera fjárfestingar, er nema milljörðum króna, tiltek það ekki nánar, en milljörðum nemur það, það á að koma annars vegar á þéttbýlu svæðin, hins vegar ráðstafanir skv. þessu frv., ef að lögum verður, 44 millj. eigin fé sjóðsins 1966, 50 millj. 1967, og 1975 á þessi fjárhæð að vera komin upp í 112 millj. Við sjáum, þegar málið er skoðað í þessu ljósi, hvað þetta frv. gengur skammt. En þrátt fyrir þetta, þrátt fyrir þá galla, sem á frv. eru og hve það gengur skammt, endurtek ég það, sem ég sagði í upphafi máls míns, að út af fyrir sig fagna ég þeirri stefnu, sem fram kemur í frv., og þeim aukna skilningi, sem nú virðist vera að verða vart hjá hæstv. ríkisstj. og þingmeirihl. á þessu máli, og höfum við Framsfl.-menn ástæðu til að fagna þessu, en frv. sjálft og einstök ákvæði þess þarf vitanlega að athuga gaumgæfilega í þeirri nefnd, sem málið fær til athugunar.

Björn Jónsson: Herra forseti. Í grg. með frv. hæstv. ríkisstj. um lagagildi fyrirhugaðs samnings hennar við svissneska auðhringinn Swiss Aluminium um álbræðslu í Straumsvík, segir í upphafi hennar, að þegar ríkisstj. hafi uppgötvað, að aðstaða væri ekki að svo stöddu til þess að staðsetja alúmíníumbræðslu við Eyjafjörð, þá hafi hún ákveðið að flytja þetta frv. um atvinnujöfnunarsjóð, — þetta frv. um atvinnujöfnunarsjóð til styrktar fjölþættara atvinnulífi úti um land, þar sem skilyrði séu til arðbærra framkvæmda. Hæstv. ríkisstj. vill sem sagt með þessu láta sem mest á því bera, að beint samband sé á milli þessara að hennar dómi rausnarlegu aðgerða til atvinnulegs byggðajafnvægis og alúmíníumframkvæmdanna. Þetta frv. og þær aðgerðir í atvinnumálum, samgöngumálum og menningarmálum, sem á ákvæðum þess yrðu reistar, sé í rauninni bein afleiðing þeirrrar blessunar, sem alúmíníumbræðslan færir þjóðinni, og því er sem sagt stillt alveg saman þessum tveim hlutum þannig, að það er raunverulega sagt við fólkið úti á landsbyggðinni: Þið fáið ekkert nýtt í þessum efnum, nema alúmíníumbræðslan við Straumsvík verði samþykkt. En allt er þetta svo sett fram í — ja, ég vil segja einstæðum skrumstíl í þeim tilgangi, að menn sjái þær aðgerðir, sem hér kunni að vera um að ræða í sambandi við þetta frv., í gegnum stækkunargler. En þó að það sé sjálfsagt að viðurkenna það, að einstök ákvæði frv. séu fremur til bóta en hitt, þá verður það að segjast, sem rétt er, að þetta frv. eitt út af fyrir sig er engan veginn þannig gert úr garði, að það tryggi á nokkurn hátt atvinnulegt, hvað þá menningarlegt jafnvægi á milli byggðarlaganna, eins og ástandið í þeim málum er nú, og þó enn síður eins og líkur eru til þess að það verði, eftir að þær erlendu stórframkvæmdir hæfust, sem nú er verið að stefna að. Sá peðringur fjárfestingarlána, sem frv. gerir mögulegan, þ. e. a. s. umfram eðlilegan hlut landsbyggðarinnar af öðrum stofnlánasjóðum landsmanna, verður að teljast, þegar það er athugað, grátbroslega smár með hliðsjón af þeim risavöxnu erlendu framkvæmdum, sem nú á að dengja ofan á þegar yfirspenntan vinnumarkað hér á Suðvesturlandi. Annars vegar eru fjárfestingarframkvæmdir upp á 4—5 þús. millj. kr., sem eiga að framkvæmast að mestu leyti á 2—3 árum, að sjálfsögðu auk allra óhjákvæmilegra venjulegra framkvæmda á þessu svæði, þar sem þegar er skortur á vinnuafli, en hins vegar verða þá milljónatugir, og raunar tæplega, að þær verði taldar í tugum, það sem nýtt er hér á ferðinni, til þeirra byggðarlaga, sem nú þegar skortir atvinnu og eru þannig settar, að stórhuga framkvæmdir í atvinnumálum, í samgöngumálum og menningarmálum gætu einar hindrað vaxandi fólksflótta eða jafnvel algjöra landauðn sums staðar, jafnvel þó að ekki væri um neinar alúmíníumstórframkvæmdir erlendar hér að ræða.

Ég vil segja, og það er reyndar kannske fágætt, að skrumið í þessu frv. lýsi sér ekki bara í grg., heldur í sjálfum frv.-ákvæðunum. Þannig er t. d. stofnfé sjóðsins talið 364 millj. kr., en til þess að fá þessa tölu er beitt þeim aðferðum m. a. að telja framlag ríkissjóðs næstu 10 árin til stofnfjár. En þar er þó ekki um annað og meira að ræða en að gefið er fyrirheit um það, sem vitanlega væri þó hvenær sem væri hægt

að breyta með lögum, að það framlag, sem nú er ákveðið í fjárl., haldist óbreytt að krónutölu næstu 10 árin. En eftir okkar reynslu af verðbólgunni á undanförnum árum og raunar áratugum er hér vitanlega um raunverulega síminnkandi framlag að ræða. Og allar götur getur ekki eyrir af þessu fjárlagaframlagi talizt til stofnfjár, heldur eru það árlegar tekjur, sem ekki koma í gagnið fyrr en jafnharðan og fjárl. eru afgreidd. En það má segja, að þá má vissulega öllu nafn gefa, — ef fjárlagaframlög, sem koma eftir allt að 10 ár, eru talin til stofnfjár þessa sjóðs, þá má öllu nafn gefa. En þegar þessu er svo sleppt, er stofnféð ekki annað en í fyrsta lagi eignir atvinnubótasjóðs, sem nú eru, þ. e. a. s. sami sjóðurinn og nú með nýju nafni og þar af leiðandi ekki neitt nýtt fé að hafa, og tæplega 100 millj. kr., sem framkvæmdasjóður ríkisins ella mundi hafa haft til ráðstöfunar og þá vitanlega alveg eins til stofnlána úti á landsbyggðinni eins og annars staðar. Hér er því ekki um neitt nýtt stofnfé að ræða til atvinnujöfnunar í landinu eða til sérstakra framkvæmda í strjálbýlinu. Allt tal um það er ekkert annað en skrumið. Það eina nýja í sambandi við þessa sjóðsmyndun er fyrirframráðstöfun ríkishlutans af skattpeningi Swiss Aluminium eða leppfyrirtækis þess, sem fyrirhugað er, að það reisi hér á landi.

Nú er það í fyrsta lagi svo, að þessi samningur hefur ekki verið samþykktur á Alþingi, og ég vil ekki hafa uppi fyrir fram um það neinar fullyrðingar, hvort það verður gert. Þó að hæstv. ríkisstj. virðist geta slegið því föstu nú, þegar málið er til 1. umr. í fyrri d., að svo verði, og sýni raunverulega Alþ. með því fullkomna óvirðingu, þá vil ég ekkert fullyrða um það. En svo mikið er víst, að ekkert af þessum skattpeningi hins erlenda fyrirtækis kemur fyrr en eftir 4 ár og er þá fyrstu árin í bezta falli, — fyrir því er engin vissa, því að skattgreiðslan er mörgu háð, m. a. heimsmarkaðsverði á alúmíníum, en ef fer skv. áætlunum um þetta, eru það 11.3 millj. fyrstu 3 árin og þar næstu 3 árin 17 millj., þ. e. a. s. að á næstu 10 árum yrði þessi skattpeningur í allra bezta falli 8.4 millj. á ári til jafnaðar. En skv. ákvæðum hins fyrirhugaða alúmíníumsamnings getur hér verið um stórkostlega minni skattgreiðslu að ræða, t. d. ef verðfall yrði á alúmíníum, en þar verða mjög snögg umskipti í skattgreiðslum, ef skráð heimsmarkaðsverð á alúmíníum fellur. En sem sagt, hér er í bezta falli um það að ræða, að hér komi nýtt framlag, sem svari til milli þriðjungs og helmings af einum sæmilegum fiskibát, miðað við núverandi verðlag, og þetta kalla menn svo stórframkvæmdir til þess að koma á byggðajafnvægi í landinu og jafna aðstöðumuninn, sem nú þegar er fyrir hendi í landinu í atvinnulegum efnum, í menningarlegum efnum og í samgönguleglum efnum.

Það mun vera sagt, að auk þessa séu svo lántökuheimildir, sem bæti það upp, að þetta er ekki stórkostlegra en raun ber vitni. En það er greinilegt, m. a. af grg. og raunar af ákvæðum 6. gr. frv., að það er til þess ætlazt, að lántökuheimildirnar verði eingöngu hugsaðar til þess, að hægt sé að eyða fyrir fram því framlagi, sem hér er um að ræða, og þeim tekjum, sem sjóðurinn hefur, því að það segir t. d. í 2. mgr. grg., að verði á næstu árum þörf sérstakra átaka af hálfu atvinnujöfnunarsjóðs í sambandi við framkvæmdaáætlanir fyrir einstaka landshluta eða héruð, sem eigið ráðstöfunarfé sjóðsins hrekkur ekki til að mæta, á að vera auðvelt að grípa til lántökuheimildar með hliðsjón af hinum öruggu framtíðartekjum sjóðsins. Það er sem sagt meiningin a. m. k., ef þeir halda á málum, sem að þessu standa, að verði lántökuheimildirnar notaðar, þá verði tekjurnar um leið veðsettar fyrir þeim lánum, og get ég þá ekki séð, að lántökuheimildirnar séu fallnar til þess, að á þeim verði byggð mikil stórvirki.

Það er verið að gylla það, að ráðstöfunarfé þessa fyrirhugaða sjóðs fari stöðugt vaxandi og eftir svo sem áratug sé hér orðið um álitlega fúlgu að ræða eða jafnvel yfir 500 millj. kr. Það mætti nú spyrja, af því að ég teldi það raunar vera sjálfsögðustu ráðstöfunina í sambandi við atvinnulegt og fjárhagslegt jafnvægi í landinu, að sparifjárfrystingin væri ekki látin ná nema til þenslusvæðisins hér: Hvað mundi á þessum tíma, miðað við reynsluna, líklegt, að næmi miklu fé, sem fryst er inni í Seðlabankanum frá þeim landssvæðum, sem þegar skortir fjármagn til allra nauðsynlegustu framkvæmda? Ætli það gæti ekki verið drjúgum meira en sú sjóðsstofnun, sem hér er um að ræða, sem hefði verið hirt af sparifé manna úti á landsbyggðinni. En mér sýnist þó, eftir því sem þetta er útlistað í grg., að þá geti ráðstöfunarféð ekki vaxið meira en það svari svona til líklegrar verðbólguaukningar, miðað við okkar reynslu, sem hefur verið um 10% á ári, þ. e. a. s. að ráðstöfunarféð standi nokkurn veginn í stað, það tvöfaldist að krónutölu á 10 árum, en það svarar einmitt til þeirrar verðbólguþróunar, sem við höfum haft á undanförnum árum, og framkvæmdageta þessa fjár mundi þess vegna ekki vaxa, heldur standa í stað, miðað við núverandi verðlag í 40—50 millj. kr. Og þegar það er svo hugmyndin, að þessu fjármagni, 40—50 millj. kr. á ári, miðað við núverandi verðgildi peninga, eigi að skipta milli framkvæmda í atvinnumálum, samgöngumálum og menningarmálum á stórum landssvæðum, hygg ég, að hverjum manni hljóti að vera ljóst, að heldur muni nú verða smátt skammtað til hverra framkvæmdanna. Ég nefni bara sem dæmi um þetta framkvæmdir eins og í heilbrigðismálum á einum stað, þar sem ég þekki vel til. Þar þarf að gera nokkra viðbót við sjúkrahús. Sú framkvæmd kostar 70 millj. kr. eða nærri því tvöfalt allt það framlag, sem ætlað er ekki aðeins til heilbrigðismála, heldur til menningarmála, samgöngumála og atvinnumála í 2 eða 3 landsfjórðungum, þ. e. a. s. að sjálfsögðu umfram það, sem lög mæla fyrir um, að ríkið styrki slíkar framkvæmdir hverju sinni.

Ég vil segja það, að þegar þetta er skoðað, hljóta allir skynbornir menn að komast að þeirri niðurstöðu, kveða upp þann dóm, að þessi skattpeningur, sem hér er seilzt til og ekki er farinn að sýna sig enn þá og getur aldrei orðið handbær fyrr en eftir nokkur ár, hann veldur ekki miklum af þeim verkefnum, sem við blasa í þessum efnum, sem hér um ræðir. Það þurfa

vitanlega að koma til stórfelldar áætlanir um atvinnulega uppbyggingu og framkvæmdir í samgöngumálum, í skólamálum og heilbrigðismálum. En þó að þetta frv. hafi komið hér fram, þá liggja engar slíkar áætlanir fyrir enn í dag, ekkert af þeim hefur séð dagsins ljós, enda mundi það þá líka sannast enn betur, ef slíkar áætlanir lægju fyrir, hversu haldlítið þetta frv. væri til þess að tryggja slíkum raunhæfum áætlunum framgang. Þar þyrfti vissulega annað og meira að koma til en hinn rýri skattpeningur hins erlenda stóriðjufyrirtækis, og ég tel þess vegna með öllu ótímabært að lýsa yfir nokkrum sérstökum fögnuði yfir þessu frv. jafnsmátt og smásálarlegt sem það er í sniðum. En ég vil þó segja það, að hér veldur að sjálfsögðu nokkru um, hvernig á er haldið, og eins og ég sagði áður, hvaða aðrar ráðstafanir, fyrst og fremst hvaða aðrar ráðstafanir eru gerðar til stöðvunar þeirri viðvarandi þróun, að stærri og stærri hluti þjóðarinnar hnappist saman í höfuðborgina og næsta nágrenni hennar. En það fer svo ekki á milli mála, að staður og stund eru valin hér til þess að flytja þetta frv. í þeim eina tilgangi, vil ég segja, að gylla alúmíníumævintýrið fyrir þeim, sem nú bera skarðastan hlut í atvinnulegum efnum, og milda, ef unnt væri, þá sterku og ég vil segja allt að því einróma andstöðu, sem hefur skapazt gegn því úti um landsbyggðina og þá ekki síst í kjördæmi hæstv. fjmrh., þar sem líkur benda til, að um 80—90% kjósenda séu algjörlega andvigir þessu máli.

En ég hygg, að fleirum muni fara svo heldur en mér, að þeim þyki það harla ógeðfellt, að ekki sé meira sagt, að taka til við ráðstöfunaraðgerðir á skatti alúmíníumfyrirtækisins, áður en Alþ. hefur samþykkt samninginn. Það er eins og maður, sem er það gráðugur, að hann verði að borða kökuna, áður en farið er að baka hana.

Þessi frv.-ákvæði hér um skattpening hins svissneska alúmíníumfyrirtækis sýna, að hæstv. ríkisstj. telur, að hér sé um afgerða hluti að ræða, áður en fjallað hefur verið um alúmíníummálið á eðlilegan og þingræðislegan hátt. Og ég verð að endurtaka það, að slíkur hraði á ráðstöfun á fé, sem ekki verður handbært fyrr en eftir í fyrsta lagi 4 ár, hann sýnir fyrst og fremst tvennt. Hann sýnir annars vegar, að ríkisstj. vill auglýsa, að hún hafi þegar handjárnað lið sitt í alúmíníummálinu og eigi í fullu tré við stjórnarandstöðuna um að knýja það mál fram, örugglega gegn vilja meiri hl. þjóðarinnar, og í öðru lagi sýnir það svo veikleika hennar, hún telur sjálfa sig standa höllum fæti í málinu og álítur nauðsyn bera til að hraða eða a. m. k. sýna lit á einhverjum friðþægingaraðgerðum gagnvart dreifbýlinu, og það tel ég sízt vera undur, eins og á málum hefur verið haldið.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Það gæti verið næsta fróðlegt að gera að umtalsefni margt af því, sem kom fram í ræðum þeirra hv. tveggja þm., sem hér töluðu áðan, þó að ýmsir þættir af því, sérstaklega í ræðu hv. 4. þm. Austf. (PÞ), kæmu harla lítið málinu við, þó að það væru fróðlegar bollaleggingar og skipulega fram settar, eins og hans er von og vísa. En ég skal nú reyna að lengja ekki þessar umr. mikið á þessu stigi.

Það var sameiginlegt hjá báðum hv. þm., að þeir gerðu harla lítið úr þessu frv., sögðu, að það væri smásálarlegt, eins og hv. 4. þm. Norðurl. e. (BJ) orðaði það, og harla lítið í sniðum. Það var eitthvað á þá leið, sem hv. 4. þm. Austf. komst að orði, og sannast sagna, miðað við hans annars hógværa málflutning, þótti mér ræða hans nokkuð hvassyrt og ekki byggð algjörlega á þeirri rökfestu, sem hann er þó vanur að hafa í sínum málum.

Það verður auðvitað hver þm. að hafa um það sína skoðun, hvort hér sé um ómerkilegt mál að ræða eða ekki. Það stendur eftir, sem ekki er hægt að hagga, að hér er um að ræða mjög aukið fjármagn frá því, sem nú er varið til atvinnuaukningar í landinu eftir þeirri leið, sem fyrst var gert með svokölluðu atvinnuaukningarfé og síðan með fjármagni atvinnubótasjóðs, og látum við þá liggja á milli hluta hlutverk annarra sjóða, því að það er nokkuð annað mál, enda þótt, eins og ég áðan sagði, það skipti að sjálfsögðu miklu að því leyti til, að hér er um að ræða eingöngu viðbót við starfsemi annarra stofnlánasjóða, en ekki það, að það eigi að létta af þeim neinum skyldum með þessu frv., sem hér liggur fyrir.

Það er staðreynd málsins, að í stað þess, að verið hafa til ráðstöfunar 10—15 millj. kr. á ári, þá verða til ráðstöfunar skv. þessu frv. strax um 50 millj. kr., sem síðan hækkar á nokkrum árum upp í og síðan yfir 100 millj. kr. Það má vel vera, að mönnum þyki þetta lítið, og vissulega er það lítið miðað við það, eins og menn segja, að það eigi að verja 5 þús. millj. kr. í álbræðslu og til stórvirkjunar. En vitanlega er það gersamlega út í hött að ræða málin á þessum grundvelli, vegna þess að það hefur áreiðanlega engum manni dottið í hug, enda sjá allir, hve fjarstætt það er, að það sé hægt að nota að einhverju leyti það fjármagn eða þann mælikvarða varðandi möguleika til fjáröflunar í þennan sjóð. Þar er um sérstakar, afmarkaðar framkvæmdir að ræða, sem að meginhluta til eru unnar fyrir fé, sem lagt er fram af erlendum aðila og við höfum ekki um að segja annað en að fá af því, þegar tímar líða, vissan hagnað í sambandi við þennan sjóð og svo að sjálfsögðu margvíslegan hagnað að öðru leyti í sambandi við atvinnulega uppbyggingu í landinu.

Út í hugleiðingar og deilur um álbræðslu skal ég ekki að öðru leyti fara á þessu stigi. Það mál mun væntanlega koma til kasta þessarar hv. deildar síðar. En auðvitað verður lítið úr þessu máli, það er alveg rétt, ef það er borið saman við þær stóru fjárhæðir. Hitt er svo annað mál, að mér finnst það harla fánýtur samanburður að bera saman þetta frv. og frv., sem hv. framsóknarmenn hafa flutt hér þing eftir þing, sem að sjálfsögðu er gersamlega út í hött, það mál, vegna þess að þar er að venju, eins og er hjá þeim hv. flokki, ekki gerð nokkur tilraun til þess að leita úrræða til að afla fjár með neinum raunhæfum hætti, og það einkennilega við það mál, sem er ekki heldur fátítt um þeirra málflutning, er, að það mál er upp tekið eftir að þeir fara úr ríkisstj., og það er alltaf dálítið

þægilegra um vik að flytja þá stórbrotin mál með miklum fjárkröfum. Munurinn á þeirra frv. og þessu frv. er nánast sá, ef hægt er að segja það í einni setningu, að þetta er framkvæmanlegt, en þeirra er það ekki og er alls ekki flutt með það í huga, að það sé framkvæmanlegt, því að þá hefðu þeir vafalaust sjálfir sýnt hug á því, meðan þeir réðu ríkjum, að koma þessu í framkvæmd, því að þótt þeir tali mikið um, hvað 15 millj. kr. hafi verið stórbrotið fé þá og mikið átak gert, þá held ég nú jafnvel, þó að það sé tekið tillit til dýrtíðaraukningar, að þá sé ekki hægt að segja, að það hafi verið ákaflega stórbrotið miðað við till., sem þeir síðar hafa flutt.

Það út af fyrir sig að tala um, að það sé nóg að setja í frv., að það skuli taka 200 millj. kr. lán á ári fyrir einhvern sjóð, það náttúrlega þekkja allir hv. þdm. að er gersamlega út í hött. Við getum auðvitað sett slíka tölu, hvort sem hún er 2, 3 eða 4 hundruð millj., svo að hún líti fallega út. En hvaða grundvöllur væri til þess að fá 200 millj. á ári í þennan sjóð eða annan án þess að skoða þá í heild þau lánsfjárvandamál, sem við er að fást hverju sinni? Það auðvitað er ekki hægt að ræða um sem raunhæfa till., því að auðvitað gerum við okkur öll grein fyrir því, ef við skoðum málið í nokkurri alvöru, að lánsfjáröflun þjóðfélagsins hverju sinni er auðvitað takmörkuð og það þarf að sjá fyrir líka þeim stofnsjóðum, sem eiga að sinna sínu mikilvæga hlutverki, og það er ekki minna atriði að leita lánsfjár til þeirra, því að þeir hafa sínu mikla uppbyggingarhlutverki að gegna einnig. Það lítur fallega út að tala um að taka 2% ríkistekna, sem muni nema 70—80 millj. kr. á ári. En hvernig á að afla þess fjár? Ég er ósköp hræddur um a. m. k., að það verði eitthvað farið að skella í tönnunum á annan hátt, ef það hefðu komið till. um það, sem hefði svo sennilega átt að lenda á ríkisstj. að koma með till. um, hvernig ætti að afla fjár aftur til þess að mæta þessum stórkostlegu nýju útgjöldum.

Nei, ég held sannast sagna, með allri virðingu fyrir hv. þm. og þeim Framsfl.-mönnum í þessu máli, — ég efa ekki góðan hug þeirra til landsbyggðarinnar og að efla atvinnulífið þar, — en þá er það ekki leiðin að vera með svona glamurtill., sem þeir sjálfir vita, að eru algerlega óraunsæjar, gera enga tilraun til þess að afla fjár til. En hér er þó flutt frv., sem liggur ljóst fyrir, að er raunhæfur grundvöllur fyrir fjáröflun til. Að vísu skal játað, að það er ekki hægt að fullyrða, hvað mikið lánsfé er hægt að fá til þessara framkvæmda. Það verður að sýna sig á hverjum tíma, ef lántökuheimildir eru nægilegar, ef möguleiki er að öðru leyti til þess að afla þess fjár, sem nauðsynlegt er í þessu skyni.

Varðandi það, að hér sé um einhverja stefnubreytingu að ræða, þá er ekki um neitt slíkt að ræða. Það hefur verið alltaf fullkominn áhugi á því að vinna að þessum málum og á hverjum tíma auðvitað ekki aðeins hægt að dæma það út frá því, hve mikið fé er lagt til atvinnubótasjóðs, þar er um að ræða stórfelldar framkvæmdir á öðrum sviðum. Og ég held t. d., að hv. 4. þm. Austf. viti það mætavel, að aldrei hafa verið meiri framkvæmdir í hans kjördæmi en eftir að hans flokkur fór úr stjórn, með allan sinn mikla áhuga þó fyrir uppbyggingu víðs vegar um landið. Og við vitum, að nú fyrst er einnig í öðrum landshluta, þar sem hefur verið við mikla erfiðleika að stríða varðandi samgöngumál, á Vestfjörðum, unnið að því með kerfisbundnum átökum að byggja þar upp samgöngukerfi, og þó að það sé gert með erlendu lánsfé, þá sé ég ekki neitt forkastanlegt við það, við gerum það í mörgum greinum, og miðað við það, að það er jafnan átalið, ef verið er að þyngja álögur á þjóðina, þá sé ég ekki, að það þurfi að vera neitt fordæmingaratriði, þótt slíkir lánsfjármöguleikar séu notaðir.

Það mætti áreiðanlega sýna fram á það, sem ég skal ekki fara út í hér á þessu stigi, enda hef ég ekki fyrir mér tölur um það, en það hefur verið rætt í sambandi við fjárl. og annars staðar, að þrátt fyrir þann niðurskurð, sem hv. þm. var að tala um á framkvæmdum til ýmissa mála í fjárlögum í fyrra og í ár, þá hefur þó aukning í fjárveitingum til margvíslegrar uppbyggingar úti um landið verið miklum mun meiri en svarar verðlagshækkunum á þessum tíma.

Það getur náttúrlega verið skemmtilegt reikningsdæmi, sem stundum er tíðkað hér í Alþ., að setja það upp, hve stór hluti af fjárlögum þessi og þessi fjárveiting sé og hafi verið fyrir allmörgum árum. Ég veit, að hv. þdm. vita harla vel sjálfir, hversu fánýtur þessi samanburður er, vegna þess að hækkun fjárlaga stafar af margvíslegum ástæðum og þar eru til komnir aðrir stórfelldir útgjaldaliðir, þannig að það er auðvitað hverjum manni ljóst, að ef allir liðir fjárlaga til hinna ýmsu framkvæmda og þjónustu hefðu átt að hækka jafnmikið, eða hlutfallslega alltaf jafnmikil hækkun á öllum þessum liðum, þá hefði auðvitað ekki verið nein leið að leysa þau vandamál, sem þó hafa verið leyst með hækkun fjárlaganna. Röskun á þessu varðandi hlutföll hlýtur alltaf að vera mikil frá ári til árs, þegar til koma algjörlega ný útgjöld, og þarf í rauninni ekki að ræða það mál, þó að það geti litið fallega út að taka út einstök dæmi og birta þannig útreikninga.

Það var eitt atriði, sem kom fram hjá hv. 4. þm. Austf., sem ég vil leiðrétta. Hann hélt því fram, að lántökuheimildirnar væru í rauninni fánýtar, vegna þess að með þeim væri aðeins verið að éta fyrir sig fram, þar sem væri getið um það, að lántaka ætti að vera örugg af því, hvað sjóðurinn hefði mikið eigið fé á næstu árum. Þetta veit ég, að hv. þm. við nánari athugun sér, að er á misskilningi byggt, vegna þess að það er alls ekki gert ráð fyrir því, að sé tekið lán út á það fé, heldur er tekið fram, sem eðlilegt er, að þar sem sjóðurinn er sterkur sjóður, — þegar tekjurnar af álbræðslunni fara að koma til, þá eru það mjög tryggar tekjur og árvissar, auk þess sem má segja, að þær séu gengistryggðar, vegna þess að þar er þó um að ræða gjaldmynt, sem er talin ein hin öruggasta í heiminum í dag, og það er reiknað í dollurum, — og af þeim sökum er að sjálfsögðu traust undirstaða sjóðsins, það skiptir því miklu máli upp á lánstraust hans. Hins vegar er það tekið skýrt fram, að það er gert ráð fyrir að nota lánsfé og settar þær hömlur einar á, að það skuli vera til arðbærra framkvæmda.

Ég held, að það hljóti að liggja öllum í augum uppi, að það væri auðvitað hrein fásinna og glapræði að fara að taka lánsfé, lán fyrir sjóð, og ætla að eyða því til styrktar eða einhverra framkvæmda, sem ekki væri traust undirstaða undir. Og ég held líka, að við verðum að gera okkur ljóst, að þó að það sé auðvitað nauðsynlegt að aðstoða við að halda byggð í landinu, þá hefur það aldrei komið til álita að minni hyggju, að það yrði varanlega farið að verja stórfé til þess að borga styrki og halda uppi byggð með þeim hætti, heldur yrði að undirbyggja arðbæran atvinnurekstur á hverjum stað. Það er því síður en svo, að það dragi úr gildi þessarar lántökuheimildar, að það er sagt, að það eigi að verja lánsfénu til framkvæmda, þar sem endurgreiðsla er örugg. Það á að vera nóg af slíkum framkvæmdum. Ég hef trú á því, að landsbyggðin hafi upp á að bjóða það margvíslega möguleika, að það sé enginn vandi að finna framkvæmdir, sem fullkomlega standa undir slíkum lánum.

Þá var því haldið fram af hv. þm., sem er að vísu formsatriði, að það væri ekki viðeigandi, að Efnahagsstofnunin annaðist áætlanagerð. Ég er ekki á sama máli. Í fyrsta lagi er það, að ég held, að í okkar litla þjóðfélagi verðum við að gæta þess að dreifa ekki kröftunum allt of mikið, og við höfum takmarkað magn sérfræðinga, takmarkaða tölu þeirra, og við getum ekki alltaf sett upp stofnun fyrir alla hluti, bara af því að það sé gert í öðru landi, og auk þess er þess að gæta, að Efnahagsstofnunin hefur fyrst og fremst það hlutverk að gera þjóðhags- og framkvæmdaáætlanir, og hefur alltaf verið hugsað, að hún gerði það. Henni er ekki beinlínis ætlað að ákveða um einstakar lánveitingar, heldur að gera áætlanirnar, sem sjóðsstjórnin síðan starfi eftir.

Þá sagði hv. þm., að atvinnuleysistryggingasjóðurinn væri ekkert nýtt mál og þess vegna kæmi það ekki þessu við. Þetta er ekki heldur rétt. Það er rétt, að sjóðurinn er ekki neitt nýtt mál, en það er nýtt mál út af fyrir sig, að það er veitt heimild til þess nú, sem ekki hefur verið áður, að veita áhættulán, sem jafnvel getur orðið í formi styrkja til ýmiss konar aðstoðar, þar sem annars atvinnuleysi vofir yfir. Þessi sjóður hefur hingað til lánað með mjög ströngum kröfum um veð, svo að hann hefur í rauninni verið að segja má harðari í því en jafnvel bankastofnanir, og það er því mjög veigamikið framlag til aðstoðar við hinar strjálu byggðir, þar sem við örðugleika er að stríða, að það skuli vera hægt að fá lán úr þessum sjóði, áhættulán. Þar tel ég vera um veigamikla breytingu að ræða, og það er a. m. k. mín skoðun, að það eigi að vera eðlilegt, að þessu lánsfé sé fyrst og fremst varið til styrkja og til þess að bæta úr bráðabirgðaörðugleikum, en að atvinnujöfnunarsjóðsfé sé fyrst og fremst hugsað til að byggja upp arðbær fyrirtæki.

Hv. 3. þm. Norðurl. e. vildi gera lítið úr þessu máli, sérstaklega lítið, sagði, að þetta væri smásálarlegt frv. Einhvern veginn hef ég grun um, að fyrst og fremst hafi það verið smásálarlegt vegna þess, að það væri tengt frv. um álbræðslu og þeim hugmyndum. Það skein alls staðar í gegnum hans málflutning, að það væri mjög fráleitt af þessum ástæðum, og jafnvel 4. þm. Austf. byrsti sig í lok ræðu sinnar og sagði, að það væri óhæfa að setja það sem skilyrði fyrir aðstoð til fólksins í strjálbýlinu, að það yrði að þola álbræðslu.

Ég tel nú ekki út af fyrir sig, — það er annað mál, — að það sé fyrir neinn landsmann neitt böl að fá álbræðslu, og það geti þess vegna hver og einn unað við það. Og ég sé ekki heldur, ef það á á annað borð að reisa hér álbræðslu, að það sé neitt við það að athuga, að ráðstafað sé tekjunum af þessari álbræðslu til þeirra hluta, sem hér er um að ræða, þannig að það sé heldur neitt hneykslanlegt, nema síður sé, því að það er auðvitað eðli málsins samkvæmt, að þegar um er að ræða stórframkvæmdir á einum stað, þá er heilbrigð hugsun að nota þá að einhverju leyti það fjármagn, sem skapast við atvinnuuppbyggingu þar, til þess að hjálpa til að byggja upp atvinnulíf annars staðar og koma í veg fyrir óeðlilega röskun byggðar.

Þetta er sú hugsun, sem hefur alltaf legið fyrir og verið nátengd þessu máli og aldrei verið nein launung á því, og þegar menn eru að tala um, að það sé fjarstæða og ákaflega óviðkunnanlegt að tengja þessi mál saman við álfrv., þá er það ekkert launungarmál og hefur frá fyrstu tíð verið um það talað, þegar var rætt um endurskipulagningu þessa sjóðs, að tekjur af álbræðslu yrðu að meginefni til látnar renna til þessa sjóðs og uppbyggingar hans. Það hef ég persónulega sagt hvað eftir annað á fundum, m. a. í minu eigin kjördæmi, sem hv. 3. þm. Norðurl. e. hafði miklar áhyggjur af, að 80—90% fólks þar væri á móti þessu máli og þá væntanlega á móti mér einnig. En ég hef ekki farið dult með það þar á ótal fundum, að þetta væri hugsunin, að byggja sjóðinn þannig upp. Og ég hef satt að segja ekki fundið nokkurs staðar hjá neinum manni neinn andróður gegn því.

Það er svo allt annað mál. hvort sú reikningskúnst, að 480 kjósendur á Norðurlandi eystra séu 90% kjósenda þar. Það er reikningsdæmi, sem ég er ekki alveg búinn að kingja, og það á kannske eftir að sýna sig á sínum tíma.

Hugleiðingar um það, að þetta væri einfalt að leysa með því að losa úr sparifjárbindingu það fé, sem yrði til úti á landsbyggðinni, — þetta lítur ósköp fallega út á pappírnum, en ég veit, að jafnglöggur maður og hv. 4. þm. Norðurl. e. veit, að svona er algjörlega út í hött, að það sé hægt að hafa einhverjar mismunandi reglur um það. Það vita jafnframt allir og skal ég ekki fara langt út í þær röksemdir, að sparifjárbindingin er bráðnauðsynlegt mál til þess að viðhalda og styrkja efnahagslegt jafnvægi í þjóðfélaginu, og það kemur í rauninni nokkuð einkennilega út, að þessir sömu menn, sem eru að deila á ríkisstj. fyrir það, að hún sé að missa allt úr höndum sér fyrir stórkostlega spennu í framkvæmdum og á öðrum sviðum, eru svo jafnhliða að koma með till. um, að það eigi að ausa út því fé, sem er bundið í Seðlabankanum, því að það veit náttúrlega hver einasti meðalgreindur maður, hvaða áhrif það kemur til með að hafa.

Það mætti margt fleira um þetta ræða, en ég

skal spara mér það, nema frekara tilefni gefist til. Við getum, eins og ég áðan sagði, haft okkar skoðanir um það, hvort þetta sé tánýtt mál eða ekki. Það er engin leynd á því, hvernig það er uppbyggt, það getur hver og einn maður reiknað það dæmi. Sumir geta sagt, að það skipti litlu máli og sé einskis vert að ferfalda framlög til þessa sjóðs nú þegar og síðan margfalda þau mun meira, eftir því sem árin líða. Það geta menn haft sínar skoðanir um, hvort muni koma að meira gagni slíkt frv., sem byggt er á raunhæfri fjáröflun, eða eitthvert fallegt pappírsplagg, sem hefur legið á borðum þm. ár eftir ár án þess að hafa nokkra raunsæja undirstöðu og fyrst kom áhugi á að flytja, eftir að viðkomandi aðilar misstu möguleika til að koma málinu fram. Það verða menn einnig að gera upp við sig, og ég óttast ekki þann samanburð. Ég skal játa, að hv. 4. þm. Austf. er mér miklu fróðari í þingsögu. En ég man nú ekki betur, úr því að hann vildi fara að ræða um forsögu í þessum efnum, að þá vildi það nú svo til á þeim tíma, þegar Framsfl. réð á Alþ., að hann stöðvaði mál um jafnvægi í byggð landsins og hindraði að það frv. yrði afgreitt, af hvaða ástæðu sem það var þá.

Ég tel því ekki ástæðu til, herra forseti, að færa fram neinar afsakanir fyrir þessu máli, hvorki hvernig það er til komið og að það sé tengt álbræðslumálinu né heldur, að þar sé um einhvern sérstakan ómyndarskap að ræða. Við hefðum gjarnan öll vafalaust viljað, að hér væri eins og á öðrum sviðum hægt að gera enn stærri átök. En það verður að skoða málin með raunsæi og reyna að halda sér innan ramma þess mögulega. Það er trú mín, að þessi sjóður geti átt sinn þátt í því að stuðla að margvíslegri uppbyggingu víðs vegar um byggðir landsins og það muni verða til verulegra bóta fyrir landsbyggðina, ef þetta frv. fæst lögfest, sem ég vil nú vænta að geti orðið, enda þótt menn af skiljanlegum ástæðum hafi margvíslegt við það að athuga og eins og jafnan vill vera, að stjórnarandstaðan gjarnan vill gera lítið úr því, sem frá ríkisstj. kemur.

Páll Þorsteinsson: Herra forseti. Það er nú mjög liðið á fundartímann, þangað til kvöldmatartíminn hefst, og ég hef enga löngun til þess að tefja fyrir því, að þetta mál komist til n., svo að ég skal mjög takmarka mál mitt að þessu sinni. Það eru aðeins örfá orð, sem ég vildi leyfa mér að segja, áður en málið fer til nefndar.

Hæstv. fjmrh. talaði hér, eftir að ég hafði flutt ræðu um þetta mál, og sagði, að ég hefði viljað gera lítið úr þessu frv. Þetta tel ég ekki rétt skilið hjá hæstv. ráðh. Hið sanna er, að ég lýsti ákvæðum þessa frv. og vil ekki gera minna úr því en efni standa til, en ef efnið leyfir ekki að álykta annað en frv. nái heldur skammt, þá verður því ekki breytt.

Einstök atriði, sem fram komu í síðari ræðu hæstv. ráðh., eru þess eðlis, að ég tel ástæðulaust, að við séum að lengja umræður með því að endurtaka þau eða hafa um þau málalengingar. Það stendur óhaggað allt, sem ég sagði í minni fyrri ræðu, bæði um ýmiss konar samanburð talnalegan og um niðurskurð á fjárframlögum samkv. fjárl., lántökuheimildir og því um líkt. Það eru því í raun og veru aðeins tvo efnisatriði, sem ég vildi gera lítils háttar athugasemd við nú í þessari ræðu.

Annað er sú fullyrðing hæstv. fjmrh., að frv. Framsfl. um sérstakar ráðstafanir í byggð landsins sé óraunhæft og að það sé út í hött að tala um þær till., sem framkvæmanlegar eða till. til lausnar því vandamáli, sem hér er um að ræða. Þetta tel ég algerlega rangt og fráleitt að halda slíku fram. Till. framsóknarmanna í nefndu frv. eru vissulega samrýmanlegar því fjármálakerfi, sem við búum nú við, og þær tölur, sem þar eru fram settar, eru alls ekki hærri en svo, að þær gætu rúmazt innan ramma fjármálakerfisins, eins og það er nú, ef stefnan væri sú að láta þá fjármuni, sem gert er ráð fyrir að verja í þessu ákveðna augnamiði, sitja í fyrirrúmi fyrir ýmsu öðru. Aðalatriðið er, hvernig verkefnunum er raðað niður og hvað stjórnarvöldin, sem valdið hafa í þessu efni, vilja láta sitja í fyrirrúmi og hvað þau vilja láta sitja á hakanum.

Hitt atriðið, sem ég vildi minnast á og er nú raunar kannske aðalatriðið í þessu máli, er, að það kom fram hjá hæstv. ráðh. nú í seinni ræðu hans, að það væri ekki hægt, held ég, að hann hafi sagt, eða a. m. k. má segja, að hann áliti, að það sé ekki réttmætt að taka tillit til stórframkvæmdanna, sem í ráði er að gerðar verði á næstu missirum, og að sníða ákvæði þessa frv. með tilliti til þess. Ég er algerlega ósammála hæstv. ráðh. um þetta atriði og ég held, að það sé einmitt aðalatriðið eða eitt af hinum veigamestu atriðum í þessu máli, að það sé höfð við lausn þess heildaryfirsýn yfir landið allt og yfirsýn yfir þau verkefni, sem á að vinna að nú á næstu missirum og hafa svo ríkuleg áhrif á þjóðarbúskapinn í heild. Þess vegna tel ég það ekki aðeins réttmætt, heldur sjálfsagt, að þegar þetta frv. er skoðað, þá sé það skoðað með tilliti til þeirra stórframkvæmda, sem ákveðið er að koma upp, og þeirrar fjárfestingar, sem þar á að gera. Enda sló nú dálítið út í fyrir hæstv. ráðh., honum varð dálítið hált á brautinni, þegar hann var að ræða um þetta, því að annars staðar í ræðunni sagði hæstv. ráðh., að þetta hefði eiginlega alltaf verið hugsað í samhengi hvort við annað, og frá fyrstu tíð hefur verið um það talað, að tekjurnar af álbræðslunni rynnu til þess að lyfta undir með framkvæmdum úti á landsbyggðinni, svo að ef svo hefur verið, er það fleirum en mér, sem hefur sýnzt það vera ekki aðeins réttmætt, heldur eðlilegt og sjálfsagt að skoða þessi mál í samhengi og hafa heildaryfirsýn yfir landið allt og þær framkvæmdir, sem gera á á næstu missirum, þegar þetta er metið.

Ég skal svo ekki eyða lengri tíma, nema sérstakt tilefni gefist í þessum umr.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Ég skal mjög fara eftir því, eins og hv. síðasti ræðumaður, að lengja ekki þessar umr., enda var það aðeins ½ mínúta eða svo.

Hann er með gleggstu reikningsmönnum hér, hygg ég, í þessari hv. þd., og kannske þó að við-

ar sé leitað, og aðeins í tilefni af því, sem hann sagði hér áðan, að það væri nú ekkert ofboð 80 milljónir og að það rúmaðist ákaflega vel innan ramma okkar fjárlagakerfis, langar mig aðeins til, af því að ég sé, að hann hefur þar gleggri skilning sennilega á þessu og gleggra auga en ég, að biðja hann, þó að það væri nú í kyrrþey, hann kannske hefur það ekki alveg á reiðum höndum núna, að gefa mér það upp, þegar hann var að tala um að raða framkvæmdunum, hvað af því, sem var sett í fjárlög fyrir árið 1966, mætti fella út til þess að bæta inn þessum 80 milljónum.

Páll Þorsteinsson: Herra forseti. Það er aðeins stutt aths. Það mun þykja ókurteisi að svara ekki þegar í stað fsp., sem beinlínis er borin fram af hæstv. fjmrh. til mín út af þessu máli.

Ég hef ekki reiknað þetta dæmi út í æsar núna í sæti mínu á þessari stundu. Það má vel ræða um þetta nánar við 2. umr., ef ástæða þykir til. En ég vil bara nú þegar minna á það, að þeirri stjórn, sem farið hefur með völdin samfleytt um 7 ára skeið, hefur tekizt að fimmfalda fjárlög ríkisins, þannig að þegar vinstri stjórnin fór frá völdum, var heildarupphæð fjárlaga um 800 millj. kr., en þessi fjárl. fyrir 1966 eru 3800 millj. kr. Þrátt fyrir það eru samgöngumálin að verulegu leyti tekin út af fjárlögunum, þar sem um þau er farið eftir vegáætluninni. Og ef það er lagt saman annars vegar heildarupphæð fjárlaganna fyrir árið 1966 og hins vegar þeir fjármunir, sem varið er skv. vegáætluninni, gerir það hvort tveggja rúmlega 4 milljarða kr., og þetta hefur hæstv. ríkisstj. tekizt að teygja fjárlögin. Segi það svo hver sem vill, að innan þessa ramma geti ómögulega rúmazt 80 millj. til þess að sinna því nauðsynlega og mikilvæga þjóðmáli, sem hér er rætt um. Það væri vissulega hægt. Þó að ég geti ekki á þessari stundu borið fram ákveðna till. um ákveðna liði, segir það sig sjálft, að ef fyrir því væri vilji hjá ráðamönnum hér á þingi, ríkisstjórn og þingmeirihl. og ef heildarstefnan í fjármálum ríkisins væri miðuð við að sinna þessu verkefni og koma þessari fjárhæð inn í fjármálakerfið, væri það vissulega hægt innan þessa ramma.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til fjhn. með 13 shlj. atkv.

Á 66. fundi í Ed., 19. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 433, n. 503, 505 og 511, 504, 506, 512).

Frsm. meiri hl. (Þorvaldur G. Kristjánsson): Herra forseti. Fjhn. hefur tekið fyrir á fundum mál það, sem hér liggur fyrir, og meiri hl. n. mælir með samþykkt frv., og bornar eru fram brtt. á þskj. 512, sem n. flytur sameiginlega.

Þessar brtt. eru í fyrsta lagi við 5. gr. frv., á þá leið, að þar komi ný mgr., svo hljóðandi:

„Stjórn atvinnujöfnunarsjóðs er heimilt að láta á kostnað sjóðsins gera athuganir á fjárhagslegum og tæknilegum rekstrargrundvelli atvinnufyrirtækja, er sækja um lán eða styrki úr sjóðnum.“

Það má segja, að það hafi legið í hlutarins eðli, að stjórn sjóðsins hefði heimild til þess að gera þá hluti, sem hér er talað um, en n. var sammála um, að það væri þó réttara að taka af öll tvímæli í því efni. Þess vegna er þessi brtt. fram borin. Ég sé ekki ástæðu til þess að ræða þessa brtt. frekar, hún skýrir sig sjálf.

Önnur brtt., sem n. í heild stendur að, er við 6. gr. frv. Þar er lagt til, að 1. mgr. 6. gr. orðist svo:

„Stjórn sjóðsins lætur gera áætlanir og undirbýr lánaákvarðanir með aðstoð Efnahagsstofnunarinnar. Skal láta fram fara skipulagðar rannsóknir á atvinnuástandi, samgöngum og menningarmálum einstakra byggðarlaga og landshluta. Á þessum rannsóknum skal reisa áætlanir um framkvæmdir, er að dómi sjóðsstjórnar beri helzt að styrkja með lánveitingum eða styrkjum í samræmi við ákvæði 1. gr. Áætlanir þessar skulu jafnan gerðar í samráði við hlutaðeigandi sýslunefndir, bæjarstjórnir og hreppsnefndir og aðra þá aðila, sem sérstakra hagsmuna hafa að gæta í þessu efni.“

Í þessari brtt. felst breyt. frá 1. mgr. 6. gr. frv. Í frv. er talað um, að Efnahagsstofnunin skuli vera stjórn sjóðsins til aðstoðar um gerð áætlana og undirbúning lánaákvarðana. Þetta orðalag þýðir það að mínu viti, að auðvitað hlýtur stjórn atvinnujöfnunarsjóðsins að hafa frumkvæði að því og mæla fyrir um það, sem Efnahagsstofnunin gerir í þessu efni, þó að þetta sé orðað svo í frv. En í umr. í n. kom fram það sjónarmið, að rétt væri að taka af öll tvímæli um þetta efni, og þess vegna er það skýrt tekið fram í brtt., að stjórn sjóðsins lætur gera áætlanir og undirbýr lánaákvarðanir með aðstoð Efnahagsstofnunarinnar. Í brtt. við 6. gr. frv. er einnig lagt til, að í lok 1. mgr. 6. gr. komi, að áætlanir þær, sem um er rætt, skuli jafnan gerðar í samráði við hlutaðeigandi sýslunefndir, bæjarstjórnir og hreppsnefndir og aðra þá aðila, sem sérstakra hagsmuna hafa að gæta í þessu efni. Það er líkt ástatt með þetta í brtt. og önnur atriði, sem n. gerir till. um, að þetta er nánast til þess að taka af öll tvímæli í þessu efni. Ég geri ráð fyrir því, að við samningu framkvæmdaáætlananna hefði undir öllum kringumstæðum verið haft samráð við þá aðila, sem sérstakra hagsmuna hefðu að gæta í þessu sambandi, þó að það væri ekki beint tekið fram, eins og frv. liggur fyrir. En n. þótti þó réttara að taka af tvímæli í þessu efni. Það liggur í augum uppi, að það þarf að hafa samráð við sveitarstjórnir, þegar um er að ræða gerð framkvæmdaáætlana í einstökum byggðarlögum eða landshlutum. Þeir, sem fara með sveitarstjórnarmálin, hljóta að hafa sérstaka þekkingu á staðháttum og aðstæðum fram yfir aðra þá aðila, sem vinna að þessum málum, og það verður að telja, að það sé ekki vel að gert í þessum efnum, nema haft sé samráð við þessa aðila. Það kemur og til greina, að það sé eðlilegt að hafa samráð við aðra aðila en sveitarstjórnirnar sjálfar. Það kann að vera, að það sé rétt t. d. í sambandi við atvinnulega uppbyggingu einstakra byggðarlaga að hafa samráð við samtök

verkalýðsins og atvinnurekenda á viðkomandi stöðum. Með tilliti til þessa og til þess, eins og ég hef áður greint, að taka af öll tvímæli í þessu efni, er gerð brtt. nefndarinnar.

Ég tel þá lýst þeim brtt., sem n. gerir við þetta frv. Ég sé ekki ástæðu nú að fara að ræða um frv. í heild. Hæstv. fjmrh. skýrði það mjög ýtarlega í framsöguræðu sinni við 1. umr. En ég hygg, að það orki ekki tvímælis, að hér sé um að ræða mjög merkilegt frv., sem gerir ráð fyrir þeim mestu átökum, sem nokkru sinni hafa verið gerð til þess að vinna að jafnvægi í byggð landsins.

Á undanförnum árum hefur verið mikið talað um jafnvægi í byggð landsins og þörf þess að vinna að því. Það er ekki ástæða til þess að fara að rifja upp þær umræður hér né heldur það, sem hefur verið gert í þessum efnum. En það verður þó að segjast, að það hefur verið gert miklu minna í þessum efnum en ástæða hefur verið til. Það, sem sérstaklega hefur skort á, er annars vegar fjármagn til þess að verja í þessu skyni og hins vegar markvissar aðgerðir til þess að byggja upp atvinnulíf einstakra byggðarlaga.

Með þessu frv. er gert ráð fyrir að ráða bót á þessu, og það er gert með því í fyrsta lagi að veita meira fjármagn en nokkru sinni áður hefur verið gert til þess að byggja upp þau byggðarlög, sem í vök eiga að verjast. Hér er um að ræða margfaldar fjárhæðir við það, sem áður hefur verið varið í þessu skyni, og mér liggur við að segja margfaldar upphæðir við það, sem menn hafa látið sér til hugar koma, nema um hafi verið að ræða vísvitandi sýndartill. Í öðru lagi markar þetta frv. þáttaskil að því leyti, að það er gert ráð fyrir því, að það verði unnið að uppbyggingu einstakra byggðarlaga og landshluta skv. fyrirframgerðum framkvæmdaáætlunum. Það er nýmæli í þessum efnum. Jafnframt því, að það hafa allt of litlir fjármunir verið veittir til þess að vinna að þessum málum á undanförnum árum, hefur það verið svo, að allar aðgerðir hafa verið meira og minna handahófskenndar. Það hefur sumpart verið vegna þess, að það hefur skort fjármagn til þess að vinna markvisst að málunum. En um leið og það er skapaður fjárhagslegur grundvöllur til þess að taka þannig á þessum málum, er gert ráð fyrir því beinlínis í þessu frv., að meginátakið í þessum efnum verði unnið skv. fyrir fram gerðum áætlunum. Þetta er nýmæli í löggjöfinni. En það er ekki nýmæli að því leyti, að á s. l. ári voru þessi vinnubrögð tekin upp í einum landshluta, þ. e. a. s. á Vestfjörðum. Þar er skv. þál., sem samþ. var árið 1963, gert ráð fyrir, að gerð sé sérstök framkvæmdaáætlun til þess að vinna að uppbyggingu þess landshluta. Á s. l. ári var einn hluti þessarar áætlunar þegar fullbúinn, þ. e. a. s. áætlun í samgöngumálum. Um leið voru gerðar ráðstafanir til þess að afla fjármagns til þess að hrinda í framkvæmd þeirri áætlun, og framkvæmd áætlunarinnar var hafin á s. l. sumri. Það var hugmyndin og yfirlýst af þeim, sem unnu að því að koma þessum málum á þennan rekspöl í þessum landshluta, að þessi vinnubrögð gætu orðið fyrirmynd að því, hvernig skyldi fást við hliðstæð verkefni annars staðar. Með því að lögfesta það frv., sem hér liggur fyrir, er þessu slegið föstu. Ég tel, að þetta sé mjög þýðingarmikið atriði í þessu frv. og um framkvæmd alla í þessum efnum fari mjög eftir því, hve vel tekst um gerð slíkra framkvæmdaáætlana.

Það, sem ég hef hér drepið á, tel ég að séu þýðingarmestu atriði þessa frv. Bæði þessi atriði, þ. e. sköpun hins fjárhagslega grundvallar og fyrirætlanir um skipulagðar aðgerðir, marka tímamót í öllum aðgerðum til að stuðla að jafnvægi í byggð landsins. Þess er að vænta, að slíkum ráðstöfunum verði vel tekið og frv. þetta fái greiða afgreiðslu hér í hv. deild.

Frsm. 1. minni hl. (Björn Jónsson): Herra forseti. Ég get, hvað meginatriði snertir að miklu leyti vísað til þess, sem ég sagði hér við 1. umr. um þetta mál. Ég gagnrýndi nokkuð frv. við þá umr., og mín gagnrýni beindist þá aðallega að tveimur atriðum. Það er í fyrsta lagi, að með þessu frv. væri of skammt gengið til hjálpar bæði atvinnulega og menningarlega við landsbyggðina, sérstaklega með tilliti til þeirra gífurlegu framkvæmda, sem nú eru ráðgerðar á þéttbýlissvæðinu hér á Suðvesturlandi, þar sem annars vegar væri um að ræða aðeins í raforku- og stóriðjuframkvæmdum fjárfestingar upp á 4000—5000 millj. kr., jafnvel á ekki lengri tíma en 3 árum, auk allra venjulegra framkvæmda, sem að sjálfsögðu eiga sér stað samtímis, en hins vegar væri um aukningu til landsbyggðarinnar að ræða til fjárfestingar í atvinnumálum, menningarmálum og samgöngumálum, þar væri um að ræða sjóðsstofnun, sem ekki væri stærri í sniðum en svo, að sjóðurinn hefði handbærar um 40 millj. kr. í upphafi, og tekjur væru litlu meiri en svo, að um litla raunverulega aukningu yrði að ræða, fyrr en þá eftir allt að því áratug. Í öðru lagi gagnrýndi ég það svo nokkuð, hversu óviðfelldið og ótækt væri að tengja tekjuöflun til þessa sjóðs, sem hér er fyrirhugað að mynda, við stóriðju erlends auðhrings í landinu. Til þessara ákvæða lægi engin raunhæf nauðsyn, heldur væri hér um áróðursbragð að ræða til að reyna að friða fólk úti um land og lægja þá sterku andstöðu, sem þar gætir gegn stóriðjuævintýrinu.

Brtt. mínar við þetta frv. miða að því að sníða þessa vankanta af því, að því að efla sjóðinn svo þegar í upphafi, að hann verði fær um verulega átök og nokkurs megnugur til þess að rétta hlut landsbyggðarinnar og hindra þá viðvarandi þróun mála, að stöðugt stærri hluti þjóðarinnar hnappist á þéttbýlissvæðið í Reykjavík og næsta nágrenni, en lífvænlegar byggðir tæmist, allri þjóðinni til skaða og vansæmdar. Við athugun málsins í fjhn. hefur komið í ljós, að nægilegt fé er handbært til þess að stórauka sjóðinn þegar í upphafi, og þau ákvæði, sem eru í 1. gr. frv., c- og d-lið, sem gera ráð fyrir því, að nokkur verulegur hluti af stofnfé sjóðsins verði ekki greiddur á skemmri tíma en fjórum árum, eru þarflaus með öllu, og hefur komið í ljós af þeim upplýsingum, sem n. hafa verið um þetta gefnar, að þessar aðgerðir til þess að halda stofnfé sjóðsins fyrir honum einmitt á því tímabili, sem hvað mest þörf er til þess, að

hann starfi af alefli, eru með öllu ástæðulausar. Það hefur verið upplýst, að það fé, sem ætlað er að taka 55 millj. kr. af samkv. c-lið 1. gr., þ. e. a. s. mótvirði óafturkræfs framlags Bandaríkjastjórnar 1960, það fé nemur núna nær 227 millj. kr. Og af því hefur verið ráðstafað 12 millj. kr. til Reykjanesbrautar, — ekki hefur það farið út á landsbyggðina, — 20 millj. er ætlað að veita til lána til kísilgúrverksmiðju, 140 millj. af þessu fé eiga síðan að fara til Búrfellsvirkjunar, en 55 millj. aðeins til atvinnujöfnunarsjóðs. Og rausnin er ekki meiri nú í sambandi við þessa ráðstöfun heldur en af þessu kemur fram. Það á að láta atvinnujöfnunarsjóð hafa aðeins örlítinn hluta, lítið meira en ⅛ hluta af þessu fé, og síðan á að halda því fyrir honum í allt að því 4 ár. Ég held, að það sé engin ofrausn að taka nokkuð meira af þessu fé í atvinnujöfnunarsjóðinn, og ég legg til, að þessar 55 millj. kr., sem þarna er ákveðið um, verði hækkaðar í 100 millj. kr. og verði greiddar sjóðnum strax, í stað þess að frv. gerir ráð fyrir, að þessi upphæð sé greidd sjóðnum á 4 árum. Ég held, að það geti varla verið sá vandi á ferðum í sambandi við fjáröflun til Búrfellsvirkjunar, eins og nú er að þessu máli staðið, að það sé ástæða til þess að ráðstafa nærri því brisvar sinnum meira til Búrfellsvirkjunar af þessu fé heldur en til atvinnujöfnunarsjóðsins.

Þá hefur einnig verið upplýst, að það fé, sem ætlað er að láta sjóðinn hafa samkv. d-lið 2. gr., það er einnig handbært, hvort tveggja er geymt í Seðlabankanum, og virðist mér, að ekki hafi komið fram neinar haldbærar röksemdir fyrir því, að þessir fjármunir, sem ekki eru nú meiri en 43 millj. kr. eða því sem næst, — nein haldbær rök fyrir því, að það sé ekki greitt sjóðnum strax, þannig að hann geti, ef þörf krefur, þegar notað þetta fé að öllu leyti á fyrstu starfsárum sínum.

Mér telst svo til, að þessar till. minar, sem varða breytingar á handbæru stofnfé sjóðsins, mundu þýða, að það ykist í 158 millj. kr. úr rúmum 40 millj. kr., sem gert er ráð fyrir samkv. frv. Það er ekki nóg að hafa slíkt áróðursbragð að sjálfum frvgr., að það sé sagt, að stofnféð sé einar 360 eða 370 millj. eða eitthvað þar á milli, ef það er ekki um neitt raunverulegt stofnfé að ræða, heldur aðeins fé, sem hann á að fá sem tekjur á margra ára tímabili, eða eins og ákveðið er í frv. á allt að 10 árum, og var það raunar viðurkennt í n. einnig af stuðningsmönnum stjórnarflokkanna, að hér væri raunverulega ekki um sannnefni að ræða, a. m. k. ekki hvað varðaði fjárframlag úr ríkissjóði, sem ætlað er að greiða með jöfnum fjárhæðum á næstu 10 árum. Þar er vitanlega ekki um neitt stofnfé að ræða.

Þá varða brtt. minar í öðru lagi tekjurnar eða 3. gr. En þar er samkv. frv. gert ráð fyrir því, að tekjur atvinnujöfnunarsjóðs, þegar frá eru skildar þær tekjur, sem áður hafa verið taldar til stofnfjár, þó að þær séu það ekki, verði ekki aðrar en skattgjöld álbræðslunnar við Straumsvík, ef af henni verður og sá samningur, sem nú liggur fyrir Alþ., kemur einhvern tíma til framkvæmda, og vextir af eigin fé sjóðsins. Annað er ekki gert ráð fyrir að þessi sjóður hafi í tekjur. Og það liggur fyrir, að hin fyrirhugaða álbræðsla hefur ekki starfsemi sína fyrr en á árinu 1969, þannig að það liggur fyrir, að þessi sjóður fær engar tekjur, nema vexti af eigin fé, umfram það, sem talið er til stofnfjár í 2. gr. frv., fyrr en á árinu 1970. En einmitt á því tímabili hlýtur hin fyrirhugaða álbræðsla við Straumsvík að verða mikilvirkust í því að draga vinnuafl og jafnvel fjármuni þá um leið til þéttbýlissvæðisins úr dreifbýlinu. Ég held, að það sé öllum ljóst. Það liggur fullkomlega fyrir, að það er einmitt á árunum 1968 og 1969, sem mestur toppurinn skapast hér í atvinnulífinu í sambandi við framkvæmdirnar, og einmitt á því tímabili hljóta þessar framkvæmdir að verða áhrifaríkastar sem segull til þess að draga fólk og fjármuni af dreifbýlissvæðinu og hingað í þéttbýlið við höfuðborgina. En það er sem sagt ekki ætlazt til, að sjóðurinn fái neinar tekjur á þessu tímabili. Að vísu er með því að halda fyrir sjóðnum sjálfu stofnfénu hægt að mylgra í hann nokkrum tugum millj. á ári, 40—50 millj. á ári, en það er ekki hægt sem sagt með öðru móti. Og þessar einu tekjur, sem sjóðnum eru ætlaðar, virðast ekki vera, a. m. k. eftir þeim áætlunum, sem nú eru um framkvæmdarhraða á byggingu álbræðslunnar, meiri en 11.3 millj. á þremur fyrstu árunum til 1973, og hækka síðan í 17 millj. á árunum 1973—1975, þannig að á næstu 10 árum eru þessar einu tekjur sjóðsins, 84 millj. kr. eða 8.4 millj. kr. á ári, auk framlags ríkisins, sem frv.-höfundar endilega vilja telja til stofnfjár og er 15 millj. kr. á ári. Ráðstöfunarfé sjóðsins er svo að sjálfsögðu nokkru meira, þar sem eitthvað innheimtist af fé atvinnubótasjóðs og til falla afborganir og vextir.

Ég get ekki verið sammála hv. frsm. meiri hl. fjhn. í því, að hér sé um eitthvert slíkt átak að ræða, sem marki þáttaskil í sögu landsbyggðarinnar, hér sé um að ræða mesta átak, sem nokkurn tíma hafi verið gert til jafnvægis í byggð landsins og ráðin bót á því ástandi og því misræmi, sem er á milli byggðarlaganna í landinu. Ég held, að þessi ummæli séu skrumið eitt, þegar staðreyndir málsins eru athugaðar, og séu því ekki til neins framdráttar. Ég held þvert á móti, að miðað við þær framkvæmdir, sem hér eiga brátt að hefjast að ætlan stjórnarflokkanna í þéttbýlinu við Reykjavík, þá sé hér ekki neitt nálægt því um það að ræða, að haldið sé við því jafnræði, sem nú ríkir milli þéttbýlissvæðisins og annarra byggðarlaga í landinu, og þessir fjármunir séu alls ekki slíkir, að þeir geti hindrað það, að fólksflóttinn haldi áfram úr dreifbýlinu og sogist hingað til þéttbýlissvæðisins.

Ég skal fúslega viðurkenna það, að brtt. minar varðandi tekjur atvinnujöfnunarsjóðs eru ekki mjög stórtækar, og ég hef reynt að halda þeim innan sem hóflegastra marka í þeirri von, að eitthvað af þeim gengi frekar fram fyrir það. En það er þó verulegur munur, ef þær till. yrðu samþ., því að þá mundi sjóðurinn fá samkv. minum till. um 720—730 millj. kr. til ráðstöfunar á næstu 10 árum auk vaxta, en samkv. frv. telst mér til, að sjóðurinn muni ekki hafa meira en 440 millj. auk vaxta til ráðstöfunar á þessu 10 ára tímabili, eða að meðaltali um 44 millj.

kr. á ári. Og það verð ég að segja, að mér finnst það ekki mikið miðað við þau verkefni, sem sjóðurinn á að inna af hendi. Þessara tekna legg ég til að verði aflað með því að ákveða fyrir fram, að 1½% af samanlögðum skatt- og tolltekjum ríkissjóðs viðkomandi fjárlagaár verði greitt til sjóðsins, en jafnframt félli þá niður hið fasta framlag, sem talið er til stofnfjár samkv. frv., og einnig tekjurnar af álbræðslunni, sem ríkissjóður fengi þá, eins og eðlilegt er. Það verður að teljast algerlega óeðlilegt, að stærsta fyrirtæki, sem starfandi verður í landinu, ef af þessum samningum verður, greiði ekkert til ríkissjóðs, og það skiptir auðvitað engu máli, þó að þörf sé á því, að ríkissjóður styðji að uppbyggingu úti um landið til þess að halda við byggð í landinu og jafnræði milli byggðarlaganna.

Það fé, sem þarna er um að ræða, þessar skatttekjur þessa fyrirtækis, þær eiga að renna í ríkissjóð eins og skatttekjur annarra fyrirtækja í landinu. Og það er sem sagt, eins og ég sagði áðan, ekkert annað en lélegt áróðursbragð að tengja þetta þannig saman, eins og gert er í frv.

Það er auðvitað alveg rétt, sem hæstv. fjmrh. lagði áherzlu á í sinni frumræðu um þetta mál, að þess ber að gæta, þegar sú aðgerð er metin, sem í þessu frv. felst, að hér er um að ræða framlög auk venjulegra stofnlána. En ég vil þá jafnframt vekja athygli á því, að stóriðjuframkvæmdirnar, sem nú er barizt fyrir að hér verði hafnar í þéttbýlinu, eru líka auk allra venjulegra stofnlána íslenzkra aðila, sem starfandi eru hér á þéttbýlissvæðinu, og koma algerlega þar til viðbótar. Ég held þess vegna, að það verði ekki sagt, að brtt. mínar séu á neinn hátt óraunhæfar, hvorki að því er snertir þörf landsbyggðarinnar né heldur möguleikana til þess að bæta úr þeim.

Sú staðreynd held ég að blasi sæmilega ljóst við öllum, að það er ekki aðeins fólkið í landinu, sem hefur þjappazt saman hér í næsta nágrenni Reykjavíkur, heldur er það líka fjármagnið. Samþjöppun framkvæmdafjármagnsins til höfuðborgarsvæðisins, sem m. a. hefur orðið fyrir beinar aðgerðir stjórnarvalda og stjórnarstefnu, slík samþjöppun er ein af stóru ástæðunum fyrir þeim mikla aðstöðumun, sem orðinn er viðvarandi og fer vaxandi í atvinnulegum og menningarlegum efnum og að því er snertir samgöngumál einnig, heilbrigðismál o. fl., sem skiptir máli, þegar maður velur sér búfestu í landinu. Verkefni, sem blasa við óleyst til þess að skapa jafnræði eða við skulum segja kannske meira jafnræði landsbyggðarinnar við höfuðborgarsvæðið í þessum efnum, eru svo stórfelld, að þar er vissulega þörf mikils átaks og þar dugir engin skiptimynt til þess að jafna metin. Og enn bætist það svo við, að nú um sinn a. m. k. búa einstakir landshlutar við mikla erfiðleika af völdum aflaleysis, sem menn vona að vísu að sé tímabundið, en getur þó verið næsta afdrifarikt, ef ekki er þar brugðið sæmilega myndarlega við til hjálpar og eftir því sem kostur er. Meðal þeirra verkefna, sem blasir við, að leysa þarf fyrir landsbyggðina, vil ég nefna t. d. raforkumálin, sem eru að miklu leyti óleyst verkefni og verða það þrátt fyrir Búrfellsvirkjun hér fyrir Suðvesturlandið og Suðurland. Það t. d. liggur ekkert fyrir um það enn þá, hvernig þau mál verða leyst fyrir Norður- og Austurland né hvaða aðstoð núverandi ríkisstj. er fús að veita þeim landshlutum til þess að leysa þau mál með viðunanlegum hætti. Um það liggur ekkert fyrir. Það eina, sem við höfum í þeim efnum, eru heimildarlög um Laxárvirkjun, en það hefur ekki, því miður, vil ég segja, reynt á það enn þá, hvaða tökum hæstv. ríkisstj. tekur það mál og raforkumál Austfirðinga eða hvort hún muni yfirleitt rétta hönd að því, að þau geti leyst raforkumál sín með sæmilega myndarlegum hætti. Það liggur ekkert fyrir um það enn þá, og það þarf auðvitað hluta þessa fjármagns til þeirra framkvæmda ekki síður en til Búrfellsvirkjunar.

Ég skal ekki fara langt út í það að telja upp önnur verkefni. Ég vil þó aðeins nefna endurnýjun þess skipastóls, sem á undanförnum áratugum hefur verið drýgstur til þess að halda uppi atvinnu í sjávarþorpunum og hefur raunverulega verið lyftaugin í sjávarþorpunum, þ. e. a. s. skipastóll smáútgerðarinnar, að þar hefur ekki verið um neina teljandi eða raunar enga endurnýjun að ræða nú á síðustu árum. Leifarnar af togaraflotanum, sem verulegt gagn hefur gert í atvinnulegum efnum og hefur verið veruleg lyftistöng víða úti á landinu, eru nú að grotna niður, og það munu ekki verða nema 4—5 ár, þangað til sá floti, sem enn er eftir, er algerlega úr sögunni, ef ekki kemur þar eitthvað nýtt til. Ég tel það víst, að við 20 ára aldursmarkið muni öllum togurunum verða ráðstafað í brotajárn, en það mun ekki verða langt í klassanir, 20 ára klassanir á togurum, sem talið er að mundu kosta 12—15 millj. fyrir hvert skip. Það liggur ekkert annað fyrir en að byggja aftur upp frá grunni það, sem lengi hefur verið vanrækt að halda við ef sú atvinnugrein á ekki einnig að fara í glatkistuna.

Það er að vísu rétt, að það hefur orðið á síðustu árum nokkur endurnýjun í einum hluta skipastólsins, þ. e. a. s. þeim, sem fiska í gúanó fyrir síldarbræðslu. En fyrir sjávarþorpin a. m. k. á Norðurlandi hefur þessi endurnýjun ekki haft mikinn hagnað í för með sér, a. m. k. ekki um sinn, og jafnvel síður en svo stuðlað að áframhaldandi búsetu manna í byggðarlögunum þar, því að það mun hafa verið algengt, að þegar þessi skip voru komin upp, þá flutti ekki aðeins útgerðarmaðurinn með sitt skip, heldur einnig með skipshöfnina hingað til Reykjavíkursvæðisins.

Ég held þess vegna, að það þurfi að gefa miklu meiri gaum en gert hefur verið endurnýjun á þeim skipastól, sem er tryggastur við að stunda heimamiðin, sem við þurfum áreiðanlega á að halda að stunda og hafa um langt árabil verið sá hluti útvegsins og sú atvinnugreinin, sem raunverulega hefur haldið uppi byggð í sjávarplássunum.

Það er kunnugt, að sá iðnaður, sem á einstöku stað hefur risið upp úti á landsbyggðinni, á í meiri vök að verjast nú en áður, og enn bólar

litið á aðgerðum til þess, að eitthvað annað nýtt komi þar í staðinn. Framfarir í fiskiðnaði og framkvæmdir til þess að fullnýta sjávarafla hafa verið litlar á síðustu árum, því að ég tel varðandi þá aukningu, sem hefur verið í síldarbræðslunum, að þar sé raunverulega ekki um að ræða framkvæmdir, sem hjálpa okkur til að fullnýta sjávaraflann, heldur til þess að beina vinnslu aðeins inn á raunverulega aðrar brautir en fullnýtingu. Og ég held, að verkefnin minnki ekki, ef litið væri svo til samgöngumálanna, heilbrigðismálanna og skólamálanna, læknislausra og sjúkrahúslausra héraða og skólahéraða, þar sem ekki er hægt að halda uppi lögboðinni skólaskyldu vegna þess, að skólahúsnæði vantar.

Ég held, að þjóðfélagið skuldi raunverulega þeim hluta þjóðarinnar, sem enn heldur uppi byggð á Vesturlandi, Norðurlandi og Austurlandi, víða við ærna erfiðleika og margvíslega óhagstæðari skilyrði en menn hafa almennt við að búa á þéttbýlissvæðunum hér við höfuðborgina, það, að nokkru af því fjármagni, örlitlum hluta af því fjármagni, sem þetta fólk hefur lagt til þjóðarbúsins, verði skilað aftur í einu eða öðru formi, og ég held líka, að þetta sé allri þjóðinni hagstætt beint fjárhagslega og þess vegna beri að ráðast með meiri stórhug að þeim vanræktu verkefnum heldur en lýsir sér í því frv., sem hér er til umr. En að því miða mínar till. og einnig till. hv. framsóknarmanna, þó að það sé í báðum tilfellum hóflega í sakirnar farið og ekki lengra en vel er framkvæmanlegt.

Frsm. 2. minni hl. (Karl Kristjánsson): Herra forseti. Þetta frv. er eins og bergmál till., sem Framsfl. hefur lagt fram á hv. Alþ. á síðustu árum, en því miður of veikt bergmál samt. Till. framsóknarmanna hafa verið um það, að sett skyldi á fót stofnun, jafnvægissjóður, er hefði það hlutverk að vinna að því, að björgulegar byggðir legðust ekki í auðn eða að svo margt fólk flyttist þaðan, að hinir, sem eftir sitja, nióti sín ekki, og þá um leið gegn því, að þéttbýlasta svæði landsins, höfuðborgarsvæðið, ofhlæðist af fólki með svo örum hætti, að til vandræða leiddi líka þar, og landið í heild yrði illa setið og illa hagnýtt gæði þess.

Mjög ýtarleg rök í tölum um þessa öfugþróun komu fram hjá hv. 4. þm. Austf., Páli Þorsteinssyni, í ræðu, sem hann flutti við 1. umr. málsins hér í þessari hv. deild. Þær tölur voru bæði um mannfjöldabreytingarnar í landinu að undanförnu og framleiðslumagn á landsbyggðinni annars vegar og þéttbýlissvæðinu hins vegar. Til þessa rökstuðnings leyfi ég mér að vitna án þess að endurtaka hann.

Yfir jafnvægissjóði höfum við framsóknarmenn viljað, að réði jafnvægisnefnd, sem væri leiðandi kraftur í jafnvægismálum, væri beinlínis falið að vera sá kraftur. Til hennar gætu áhuga- og forustumenn byggðarlaga snúið sér, fengið aðstoð hennar, þegar þeir leituðu samtaka við þjóðfélagið til að hindra öfugþróunina, sem hefur verið eins og sjálfvirkt afl að verki, ósýnilegt að vísu, eins og draugar eru löngum, en skemmdarverkin sýnileg og raunhæf.

Jafnvægisnefndin, eins og framsóknarmenn hafa viljað setja hana upp og búa henni skilyrði til athafna með fé og fyrirmælum laga, er hugsuð til að vera eins og Velvakandi var meðal bræðra sinna í þjóðsögunni gömlu, sem allir kannast við, vaka og vekja bræður sína: Velhaldanda, Velhöggvanda, Velsporrekjanda og Velbergklifanda, þegar og þar sem þarf að taka á við tröllið.

Meiri hluti Alþingis hefur ekki viljað fallast á till. okkar. Meiri hl. svæfði bær eða felldi bær með þeim rökstuðningi, að bær væru óþarfar, benti í því sambandi á, að til sé atvinnubótasjóður, en vanrækti hins vegar þann sjóð skemmilega með því að lækka til hans framlög í krónutali auk hinnar miklu lækkunar vegna krónurýrnunarinnar á sama tíma.

Árið 1957 var framlag ríkisins, sem er hlutfallstætt framlaginu, sem veitt hefur verið til atvinnubótasjóðs, síðan hann var stofnaður, en kallaðist þá „til atvinnuaukningar," 15 millj. kr. Núverandi hæstv. ríkissti. lækkaði þetta framlag og hafði það ár eftir ár 10 millj. kr. Á þessu ári eru það 15 millj., og allir vita, að sú fjárhæð er miklu minna virði en sama krónutala var 1957. Það má telja með tilliti til kostnaðar við mannvirkjagerð, að 15 millj. 1957 hafi jafngilt þá því, sem nálega 40 millj. gilda nú. Í þessu liggur augljóslega reginmunur.

En nú er þó komið fram frá hæstv. ríkissti. þetta frv., sem hér er til umr. um atvinnujöfnunarsjóð, og er í því, eins og ég sagði áðan, ofurlítið bergmál af till., sem framsóknarmenn hafa flutt á undanförnum árum. Það er sjálfsagt að taka undir og reyna um leið að efla það, a. m. k. þar sem það er á réttum nótum. En bergmálið er allt of veikt.

Það, sem mér þykir fyrst og fremst að frv., er, að í það vantar hugarfar Velvakandans. Það er í því of mikil aðsjálni í framlögum til jafnvægismálanna. Atvinnujöfnunarsjóður fær skv. frv. allt of lítið fjármagn til þess að anna stórum og mörgum hlutverkum, sem honum eru ætluð, og það er allt of lítil áherzla lögð á það, að stjórn sjóðsins eigi að vera á verði gegn tröllinu, hafa frumkvæði, vekja bræður sína til athafna, en það má segja, að bræðurnir séu fyrst og fremst aðrir stofnlánasjóðir í landinu, og bera í þessum málum fyrir hönd ríkisheildarinnar ábyrgð einmitt sem Velvakandi. Frv. er ekki gert af nógu heilsteyptum áhuga á jafnvægismálum. Við athugun þess finnur maður, að á bak við það stendur klofinn hugur. Inn í það er settur atvinnubótasjóðurinn og hans starfsemi, og þó er framlagi frá ríkinu aðeins ætlað að vera árlegt til 1975. Og af því að það er kallað stofnfé, þá má ætla, að hugsunin, sem þar liggur á bak við, sé sú, að þessu fé eigi ekki að eyða, nema eitthvað mjög brýnt kalli að, því að venjulegt er það, að stofnfé, sem aðgreint er frá tekjum, sé eins konar varafé. Auk þessa framlags, arðsins frá atvinnubótasjóðnum, eru eftirhreytur mótvirðissjóðs og 55 millj. af andvirði áfturkræfra framlaga Bandaríkjastjórnar 1960, er skiptist á fjögur ár. Vitanlega mun þetta stofnfé svo gefa vexti. En auk þessa er

svo bara vonin um hlut af skattgreiðslum álbræðslunnar. Og þá sést, hvers vegna hæstv. ríkisstjórn drífur sig til að leggja fram þetta frv. Hún leggur það fram vegna þess, að hún er hrædd við þau verk sín að stofna til álbræðslunnar í Straumsvík, þ. e. a. s. í aðalþéttbýlissvæði landsins. Álbræðslan hlýtur að verða fyrir jafnvægismálin eins og tröllið í þjóðsögunni, sem ég nefndi áðan, í sögunni af Velvakanda og bræðrum hans. Þegar afl þessa trölls bætist við öfugþróunarkraftinn, sem fyrir er, þá þarf meira til aukins átaks og baráttu á móti en þetta frv. gerir ráð fyrir, meiri stjórnunarkraft en frv. mælir fyrir um og miklu meira fjármagn en þar er tryggt til athafna. Tröllið verður ekki sigrað með svona litlu og svona auðveldlega.

Það er með þetta frv. eins og fleiri, sem kastað er inn í þingið nú á síðustu dögum þess, að ekkert ráðrúm er til að laga það eins og þyrfti. Það hefði þurft að vinna það upp að verulegu leyti, stíl þess og innihald, en til þess fæst enginn tími, og verður því að bera fram aðeins brtt. á takmörkuðu sviði og sætta sig að öðru leyti við það, sem telja verður betra en ekkert.

Við framsóknarmenn í fjhn. Ed. höfum skilað áliti á þskj. 505, og vitna ég til þess. Sameiginlega flytur fjhn. brtt. á þskj. 512, eins og hv. frsm. meiri hl. gat um, og teljum við, sem erum í 2. minni hl., þær til bóta og áttum þátt í þeim. Þær eru allar í þá átt að efla Velvakandahlutverk stjórnar atvinnujöfnunarsjóðs, þótt að vísu sé alls ekki svo rækilega sem þurft hefði. Þá flytjum við í 2. minni hl. brtt. á þskj. 506, og vil ég nú fara um þær nokkrum orðum hverja um sig og lesa þær jafnframt upp, með leyfi hæstv. forseta.

Fyrsta brtt. okkar er við 2. málsgr. 1. gr. Hún er ekki stórvægileg, en umorðun til þess að láta þó í það skína, að hlutverk sjóðsins sé eitthvað víðtækara en að styðja og styrkja atvinnulífið, fyrirsögn sjóðsins einhliða um það, og það ætti að breyta henni, að mér virðist, ég kem að því atriði síðar. Það er miklu fleira en atvinnulíf, sem fólk þarfnast, ef það á að una við sitt. Það vill hafa menningarskilyrði margs konar og lífsþægindi, t. d. eins og rafmagn, sem hv. 4. þm. Norðurl. e. minntist á áðan. Það má auðvitað alls ekki vanta fjölbreytt atvinnulíf. En miklu fleira kemur til en það, sem flokka mætti undir orðið atvinnulíf.

Í 6. gr. frv. segir líka, að rannsaka skuli atvinnuástand viðkomandi byggðarlaga og líka ástandið í samgöngumálum og menningarmálum. Það er því í samræmi við það, að við viljum breyta 1. gr. um tilgang sjóðsins, svo að þar standi ekki aðeins, að veita eigi lán og styrki til framkvæmda í þeim landshlutum, þar sem er brýn þörf fjölbreyttara atvinnulífs, heldur atvinnu- og athafnalífs.

Þá finnst mér líka rétt, að fram komi í þessari grein, að staðir þeir, sem stuðning þurfa og stuðning eiga að fá, þurfi að vera bjargulegir frá náttúrunnar hendi. Það er ekki ástæða til að spyrna gegn því, að óbjörgulegir staðir verði yfirgefnir.

Brtt. er þannig orðuð:

„Hlutverk atvinnujöfnunarsjóðs er að veita lán og styrki til framkvæmda í þeim landshlutum, þar sem brýn þörf er fjölbreyttara atvinnu- og athafnalífs og skilyrði eru til arðbærra framkvæmda, er séu til þess fallnar að stuðla að jafnvægi í byggð landsins og koma í veg fyrir, að bjargulegar byggðir eða byggðarhlutar fari í eyði."

Með þessari umorðun tel ég fyrir mitt leyti, að greinin verði fyllri, þó að henni sé lítið breytt.

2. brtt. er við 3. gr. frv., er fjallar um það, hverjar skuli vera árlegar tekjur atvinnujöfnunarsjóðs, og hún er auðvitað aðalbrtt. okkar. Augljóst er af þessari grein og athugasemdum, sem henni fylgja til skýringar með frv., að höfundar þess hafa fundið til þess, að mikil þörf er á því, að unnið sé á móti aðdráttaraflinu, sem álverksmiðjan hlýtur að skapa, og þeim hefur sýnzt réttmætt að tengja málin þannig saman, að álbræðslan ætti með þeim tekjum, sem áætlað er, að hún gefi þjóðfélaginu með skattgjaldi, að bæta fyrir það, sem hún spillir. Í athugasemdunum segir ríkisstj. orðrétt:

„Eðlilegt þykir, að meginhluti skatttekna af væntanlegri álbræðslu renni til atvinnujöfnunarsjóðs í því skyni að stuðla að eflingu atvinnulífs víðs vegar um landið, til þess að koma í veg fyrir óeðlilegan samdrátt landsbyggðarinnar."

En þær áætluðu tekjur af álbræðslunni, sem koma fram í grg. eða aths. með frv., eru ekki svo miklar fyrir atvinnujöfnunarsjóð, að honum sé borgið með verkefni sín, og þar að auki eru þessar tekjur vitanlega bara áætlaðar. Hamingjan má vita, hvort það fer ekki um þær eins og draumtekjur eggjakonunnar kunnu.

Skatttekjur þessar eru nefnilega alls ekki fugl í hendi, og þær fara ekki að koma inn, þó að áætlanir rætist, fyrr en 1970, og þegar komið er fram á 1970 eða álbræðslan tekin til starfa, þá er hún búin að hafa stórkostleg áhrif á jafnvægismálin. Þær eru áætlaðar í 3 ár árlega, frá 1970—1972. 11.3 millj., 1973—75 rúmar 17 millj., 1976—1978 36.2 millj., 1979—84 38.7 millj. og 1985—1987 53.9 millj. kr.

Þær tekjur til stofnfjárins, sem 2. gr. frv. gerir ráð fyrir, 15 millj. á ári í 10 ár, falla niður eftir 1975, og þá eru ekki tekjurnar orðnar eftir áætluninni næsta ár nema 36.2 millj. Ef það er borið saman við þær tekjur, sem ríkissjóður lagði til atvinnuaukningar 1957, þá er sú upphæð ekkert meiri en þær 15 millj., miðað við gildi það, sem er í dag, og hver veit, hvað þær verða orðnar miklu minni, ef áfram heldur sú dýrtíðaraukning, sem nú gerist ár frá ári. Og hvernig sem á þetta er litið, þá eru þetta allt of litlar fjárhæðir handa atvinnujöfnunarsjóði, eins og viðhorfin eru. Og okkur virðist sjálfsagt, það sé raunhæfni og skylda Alþingis að tryggja sjóðnum miklu ríflegri tekjur strax á næsta ári og framvegis beint úr ríkissjóði, en ætla ríkissjóðnum aftur á móti skattgjaldstekjur áldraumsins, eftir því sem sá draumur rætist, auðvitað að frádregnu því, sem Hafnarfjarðarkaupstaður og iðnlánasjóður eiga að fá af þeim tekjum, eins og skýrt er frá í umræddri grein. Þó að við leggjum til, að sú grein verði umorðuð, og tökum þar ekkert tillit til Hafnarfjarðar eða iðnlánasjóðs, þá er það ekki af því, að við séum á móti því, að kaupstaðurinn og iðnlánasjóður fái það, sem þarna er gert ráð

fyrir. Það hljóta báðir þeir aðilar að geta fengið eftir öðrum lagastöfum. En við leggjum til, að a-liður 3. gr. um tekjurnar orðist þannig:

„2% af árlegum heildartekjum ríkissjóðs, í fyrsta sinn 1967, og miðist framlagið hvert ár við tekjurnar eins og þær voru áætlaðar skv. fjárlögum næstliðins árs."

Til þess að gera málin einfaldari, svo að hægt sé að taka upp með fjárlögum hvers árs tillagið til atvinnujöfnunarsjóðs skv. þessari gr., þá teljum við rétt að miða þær við áætlun síðasta árs á undan. Það mætti kannske segja, að nákvæmara væri að miða við reikning ársins, en af því að hann getur varla legið fyrir svo snemma sem gera þarf fjárlög næst á eftir, þá leggjum við þetta til. Ef þetta fyrirkomulag hefði gilt í ár, árið sem nú er að líða, þá mundu tekjur sjóðsins af a-liðnum hafa orðið um 70 millj. kr., en 1967 mundu þær verða 75 millj. kr. vegna dýrtíðarhækkunarinnar, þ. e. a. s. hækkunar fjárl., enda verður sjóðnum vegna hlutverka sinna nauðsynlegt, að tekjur hans fari hækkandi með hækkandi dýrtíð.

Ég vil taka fram í sambandi við þskj. 504, brtt. frá Birni Jónssyni, að verði þessi till. okkar ekki samþ., þá munum við að sjálfsögðu styðja b-lið till. hans, sem gengur alveg í sömu átt, en skemmra að fjárhæð.

3. till. er við 6. gr. Hún er í tvennu lagi, a og b. Um a-liðinn er það að segja, að hann er nánast leiðréttíng, mætti kannske kalla hann málfegrun, og mundi alls ekki hafa verið flutt sú till. af okkur, nema af því að við fluttum brtt. við gr. og létum þá þessa fljóta með. Annars er þarna um þá leiðréttingu í framsetningu að ræða, sem ég efast ekki um, að hver kennari mundi heimta af nemanda sínum. Og mér finnst, að þegar hægt er að koma því við, þá sé ráðandi, að Alþ. leggi kapp á það að vanda málfar sitt. Þar stendur í frv. þetta, með leyfi hæstv. forseta:

„Á þessum rannsóknum skal reisa áætlanir um framkvæmdir, er að dómi sjóðsstjórnar beri helzt að styrkja með lánveitingum eða styrkjum."

„Að styrkja með styrkjum" er nokkuð flatt málfar.

En b-liður brtt. við 6. gr. er fluttur til að gera felumynd að glöggri mynd, því að ekki eiga felumyndir heima í lögum.

Í frv. stendur: „Atvinnujöfnunarsjóði er heimilt að taka lán hjá framkvæmdasjóði ríkisins, ef eigið fé sjóðsins nægir eigi til viðbótar lánveitingum annarra stofnsjóða til þess að stuðla að framgangi framkvæmdaáætlana skv. þessari grein."

Þetta hefur vafizt fyrir mörgum að skilja fullkomlega, en ég held, að það verði alveg skiljanlegt og komi fram eins og ætlazt er til með því að orða það svona:

„Atvinnujöfnunarsjóði er heimilt að taka lán hjá framkvæmdasjóði ríkisins, ef hann skortir eigið fé, sem nauðsyn krefur, til viðbótar lánveitingum annarra stofnlánasjóða, til þess að stuðla að framgangi framkvæmdaáætlana skv. þessari grein."

En um leið og orðalagið er gert skiljanlegra, þá er leiðrétt orðið stofnsjóður, sem án efa á að vera stofnlánasjóður, því að stofnsjóðir eru allt annað eftir venjum málsins heldur en stofnlánasjóðir. En hér hlýtur að vera átt við stofnlánasjóðinn, sem gert er ráð fyrir að veiti til sömu framkvæmda og atvinnujöfnunarsjóðurinn útvegar eða lánar fé til í ofanálag. Það er gert ráð fyrir, eins og eðlilegt er, í sambandi við þessa löggjöf, að stofnlánasjóðirnir vinni sín hlutverk, en atvinnujöfnunarsjóðurinn komi á eftir til þess að bæta við því, sem á skortir, að stofnlánasjóðirnir veiti nægilega hjálp í þessum efnum. Engin ástæða er til annars en að fullnýta stofnlánasjóðina.

Þá má segja, að í frv. sé nokkuð hart að orði kveðið, þar sem segir: „Lánsfé má að sjálfsögðu eingöngu verja til framkvæmda, er örugglega tryggja endurgreiðslu lánsfjárins." Hver getur ábyrgzt það, að endurgreiðsla sé örugglega tryggð? Ég viðurkenni alveg réttmæta þá hugsun, sem þarna liggur á bak við, að það fé, sem atvinnujöfnunarsjóður tekur að láni til þess að endurlána, sé tryggt, svo sem sanngjarnt er, og sérstaklega líka lánað til þeirra framkvæmda, sem fela í sér tryggingu með því að vera líklegar til að standa straum af lánunum. En ég held, að það sé betra að orða þetta ofurlítið mýkra og eðlilegar, og till. okkar er því á þá leið, að þar standi: „Lánsfé má sjóðurinn eingöngu verja til framkvæmda, sem að mati stjórnar hans tryggja vel endurgreiðslu." Ég veit, að þar er það sama sagt og hefur átt að segja, en þetta orkar síður tvímælis.

Þá vil ég aðeins benda á það, að í gr. var ákaflega löng innskotssetning, sem þvældist við fyrsta lestur fyrir fjhn. og tafði fyrir skilningi á efninu. Við höfum afmarkað þessa löngu setningu, sem er í sjálfu sér ágæt, afmarkað hana með strikum, svo að hún ætti ekki að þurfa að vefjast fyrir í lestri. Þetta er nú bara gert í leiðinni, af því að farið var á annað borð að hreyfa við greininni.

Síðasta till., 4. till., er um, að aftan við frv. komi ákvæði til brb. Stofnunum, sem binda sig við stórar og yfirgripsmiklar áætlanir, sem hafa sem undanfara mjög formlegar og viðtækar rannsóknir, þeim hættir við að þurfa langan tíma til athafna sinna og ákvarðana, og má telja það raunar eðlilegt. Ég lasta það alls ekki. Rækilegar rannsóknir eru nauðsynlegar. En skyndiathafnir geta líka verið óhjákvæmilegar. Þegar hús er að brenna, þá má ekki bíða boða, ef bjarga á. Nú vitum við það, að hætt er við, að búferlaflutningsstraumurinn af landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins vaxi stórlega og geti orðið jafnvel að flóðbylgju sums staðar, þegar farið verður að reisa álverksmiðjuna, hefjast samtímis handa í Hvalfirði vegna herstöðvar, eins og sagt er að eigi að gera, og virkja hjá Búrfelli, sem auðvitað er nauðsynlegt að gera. Þetta verður þannig, ef ekki verður snöggt og ákveðið gripið til mótvægisaðgerða. Ég er hræddur um, að Efnahagsstofnunin geti orðið lengi með sínar yfirgripsmiklu rannsóknir og áætlanir og að skaði geti orðið skeður, þegar þær liggja loks fyrir. Þess vegna flytjum við hv. 6. þm. Sunnl. bráðabirgðaákvæði um skyndiaðgerðir til að tryggja það, að jafnsnemma verði við brugðið og aðdráttaraflið

færist í aukana vegna hinna nýju, stórfelldu athafna á aðalþéttbýlissvæði landsins, og hindrað svo sem unnt er undireins, að þessi viðbótarkraftur raski búsetu fólksins í landinu, þessi viðbótarsogkraftur. Sjálfsagt finnst mér það, að við ákvörðun skyndistuðningsins hafi stjórn sjóðsins og Efnahagsstofnunin samráð við þá aðila, sem í till. eru nefndir, eftir því sem við á, en þeir eru Landnám ríkisins, Búnaðarfélag Íslands, Fiskifélag Íslands og Iðnaðarmálastofnun Íslands, — samráð við þessar stofnanir um úrræði á hverjum stað, eftir því sem þau geta heyrt undir starfssvið stofnananna. Og enn fremur virðist mjög eðlilegt, að þegar í svona skyndiráðstafanir er farið, þá sé unnið alveg sérstaklega með sveitar- og sýslufélögum og þessar stofnanir taki við fjármunum, sem fram eru lagðir, og ráðstafi þeim, að vísu eftir fyrirmælum frá stjórn sjóðsins og eftir því sem samkomulag hefur þá orðið um. Og ég sé ekki betur en til þessara skyndiráðstafana þurfi að heimila stjórn sjóðsins að hafa laust fé til að veita sem styrki. Bráðabirgðaákvæðið hljóðar á þessa leið:

„Stjórn atvinnujöfnunarsjóðs skal þegar eftir gildistöku laga þessara gera með aðstoð Efnahagsstofnunar ríkisins bráðabirgðaáætlun um sérstaka skyndiaðstoð við byggðarlög eða byggðarhluta, sem eru í bráðri hættu fyrir því að fara í eyði eða dragast ört aftur úr því, sem almennt gerist, nema þeim komi stuðningur við aðkallandi framkvæmdir og uppbyggingu atvinnuvega, enda séu þar viðunandi atvinnuskilyrði frá náttúrunnar hendi til lands eða sjávar. Leitað skal, eftir því sem við á og þurfa þykir, álits Landnáms ríkisins, Búnaðarfélags Íslands, Fiskifélags Íslands og Iðnaðarmálastofnunar Íslands um úrræði á hverjum stað. Til framkvæmda bráðabirgðaáætluninni er stjórn sjóðsins heimilt að veita óafturkræf framlög úr sjóðnum allt að þriðjungi tekna hans til ársloka 1968. Framlögin skulu veitt sveitar- og sýslufélögum með fyrirmælum, sem sjóðsstjórnin setur um notkun þeirra."

Með þessu bráðabirgðaákvæði er ætlazt til þess, að stjórnin fái fyrirmæli um að sofna ekki á verðinum, en hafast strax að, og ég get varla hugsað mér, að þeir, sem annars er annt um, að ekki hljótist slys af skyndilegum aðstæðum í jafnvægismálinu, sem ég hef hvað eftir annað nefnt, þeir vilji ekki fallast á svona öryggisákvæði.

Þá er nafnið á sjóðnum — atvinnujöfnunarsjóður. Mér þykir það of einhæft. Að vísu er eitt aðalverkefnið atvinnujöfnun. En verkefnin eru fleiri. Verksviðið er víðtækara. Þess vegna held ég, að jafnvægissjóður sé betra, miklu betra. Enn fremur fyndist mér vera betra nafn „þróunarsjóður landsbyggðarinnar" eða jafnvel eins og einhver, — ég held, að það hafi verið stuðningsmaður hæstv. ríkisstj., — nefndi: framfarasjóður landsbyggðarinnar. Það er að verða föst venja í málinu að kalla landið utan þéttbýlissvæðisins landsbyggð. Strjálbýli er ekki réttnefni á allri landsbyggðinni, því að þar eru þéttbýliskjarnar. Þess vegna held ég, að í þessu sambandi mætti nota „landsbyggð". Það hefur sína þýðingu að velja lögum rétt heiti, svo að sem ljósast liggi fyrir, eftir því sem hægt er, verkefni þau, sem lögin ákveða, eða sem ljósast liggi fyrir innihald laganna. Þetta er ekki eitt af stærstu atriðunum, en þetta er þó atriði. Það er ástæðulaust að velja ekki þessum sjóði, sem ég vænti nú að fái góðan vöxt og viðgang, velja honum ekki heiti, sem er starfsemi hans við hæfi. Við flytjum enga brtt. á þessu stigi um fyrirsögn eða heiti frv. Það er vegna þess, að hv. form. n. hafði orð á því, að það væri hægt að taka það atriði til athugunar milli 2. og 3. umr., og ég treysti á, að það verði gert.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Það er nú skammt orðið eftir fundartíma, og þó að fróðlegt hefði verið að taka til nokkurrar athugunar ýmislegt af því, sem hv. frsm. minni hl. fjhn. hafa sér sagt í sínum ræðum, þá skal ég stilla mig um það, til þess að auðið verði að ljúka umr. um þetta mál á þessum fundi. Það eru hins vegar nokkur atriði, sem ég tel rétt að minnast á, og þá fyrst og fremst þær brtt., sem fyrir liggja. En áður en ég kem að þeim, vil ég aðeins segja örfá orð um málið almennt.

Í framsöguræðu minni við 1. umr. gerði ég glögglega grein fyrir sjóði þessum, uppbyggingu hans og tilgangi, og hef ég þar engu við að bæta. Það hefur hins vegar komið í ljós frá hv. minni hl. fjhn., að þó að þeir efnislega séu meðmæltir því, að þessi sjóður sé stofnaður, þá telja þeir, sem er engin sérstök nýjung, að þar sé allt of skammt farið og nánast um að ræða fremur ómerkilegt mál, og það verður það vissulega, ef horft er á það, sem hv. 4. þm. Norðurl. e. sagði, að samanborið við kostnaðinn við byggingu álbræðslu, ef ætti með atvinnujöfnunarsjóði að vega upp á móti þeirri fjárfestingu, þá þyrfti náttúrlega ærið meira fé, þar sem um er að ræða á þriðja þúsund milljóna króna. En svo sem allir hv. þdm. vita, er það fé ekki frá okkur Íslendingum runnið, og ég hygg, að það mundi reynast æði erfitt fyrir okkur sjálfa að afla fjár til framkvæmda eftir þeim mælikvarða, þannig að það auðvitað tjóar ekki, þegar við erum að hugsa um þetta mál, að segja sem svo, að vegna þess að það sé reist hér syðra álbræðsla, sem er kostuð algerlega af útlendu fjármagni, fyrir á þriðja þúsund milljóna króna og byggt hér stórt raforkuver, sem kostar nokkuð á annað þúsund milljóna króna, þá eigi að miða atvinnujöfnunarsjóð við þær fjárhæðir. Það er vitanlega öllum ljóst, að er gersamlega útilokað, enda sýna till. hv. minni hl. n., að enda þótt þeir leggi þarna til allverulega aukningu sjóðsins, þá er þeim þó ljóst, að hér er auðvitað ekki um það að ræða að fara í þau fótspor, enda ekki um sambærilega hluti að ræða.

Varðandi það atriði, sem hv. 1. þm. Norðurl. e. (KK) sagði hér og raunar kom fram hjá hv. 4. þm. Austf. (ÞÞ) við 1. umr. málsins, að hér væri um að ræða hugsjónamál Framsfl., sem að vísu væri veikt bergmál, eins og hv. 1. þm. Norðurl. e. orðaði það, þá get ég alveg látið það liggja á milli hluta, hvort það er bergmál eða ekki. Það vekur hins vegar upp þá hugsun í sambandi við þetta mál eins og ótalmörg mál

önnur, sem hér hafa verið til meðferðar síðustu árin, eftir að Framsfl. fór úr ríkisstj., að hann verður þá æði miklum mun stórtækari og áhugasamari um ýmis framfaramál heldur en meðan hann hefur valdatauma. Það er út af fyrir sig ágætt, en sannar okkur aðeins mikilvægi þess, að þessi Velvakandi og bræður hans, sem hv. 1. þm. Norðurl. e. minntist á, þeir séu utan stjórnar til þess að láta aðra halda vöku sinni, af því að það virðist svo sem bergmálið frá þeim sjálfum verði harla dauft, þegar þeir fá tækifæri til að ráða. Það má rekja mörg dæmi þess síðustu árin, en ég skal láta það liggja á milli hluta. Og þegar rætt er um það sem eitthvert stórkostlegt mál, að það hafi á árinu 1957 verið varið 15 millj. kr. til þessara mála, þá auðvitað er það engin sönnun út af fyrir sig, hvort hér sé um meira eða minna að ræða, vegna þess að þar verður að sjálfsögðu að meta það, hvernig ástatt var í þjóðfélaginu almennt og hverjar þarfirnar voru til stórátaka á þessu sviði. Ég er ekki alveg viss um það, að sá samanburður yrði hv. framsóknarmönnum sérstaklega hagstæður, ef ætti að bera saman ástand landsbyggðarinnar þá og ástand landsbyggðarinnar eins og það er í dag almennt séð, auk þess sem það entist nú ekki nema eitt ár sá stórhugur, því að strax á næsta ári skáru þeir sjálfir niður fjárveitingu til atvinnujöfnunar um nokkra fjárhæð. En þetta sem sagt er ekki kjarni málsins, heldur það, sem hér liggur fyrir, og ég skal alveg láta það liggja á milli hluta, hvort hv. framsóknarmenn telja, að hér hafi verið stigið í þeirra fótspor eða ekki. Við höfum nógan tíma til þess að tala um það, og það er ekki meginkjarni málsins, heldur það, hvort hér sé um gott mál að ræða eða ekki, hverjir svo sem hafa átt frumkvæðið að því. Og ég hygg, að eftir allt, sem hér hefur þó verið sagt, þá séu menn sammála um það, að þetta sé gott mál í eðli sínu, þó að menn hafi misjafnar skoðanir um það, hversu langt eigi að ganga og hvernig byggja eigi upp þennan sjóð.

Varðandi það, sem hv. 4. þm. Norðurl. e. (BJ) minntist á í sínu máli, að þar væru enn óleyst mörg verkefni fyrir landsbyggðina, raforkumál o. fl., þá er öllum það ljóst og m. a. út af raforkumálunum, sem eru einn stærsti þáttur þess máls, bæði fyrir Norðurland og Austurland, að það mál er óleyst. Málið hefur hins vegar ekki legið fyrir enn þá, hvorki fyrir ríkisstj. né öðrum, sem um það eiga að fjalla, eða óskað eftir neinni sérstakri aðstoð í því efni formlega enn. Málið hefur verið á rannsóknarstigi. Það var gert til að greiða fyrir þessu máli, sem nauðsynlegt var í upphafi, að setja löggjöf um Laxárvirkjun og jafnframt gert mögulegt með tengingu til Austurlandsins. Það mál þurfti allt nánari könnunar við, og ég veit, að þeir aðilar, sem um það hafa fjallað heima í héruðum, hafa undirbúið það af kappi að undanförnu, og að sjálfsögðu verður það mál tekið til athugunar og engin ástæða til að óttast það, að því verði ekki mætt með fullum skilningi, og kemur ekki þessu máli neitt við, sem hér er um að ræða.

Sú hugmynd manna, sem hér hefur verið haldið mjög á lofti, að það væri brýn nauðsyn að leggja nú til stórátaka í sambandi við atvinnujöfnunarmálið vegna álbræðslunnar við Straumsvík og að yfir vofi eyðing landsbyggðarinnar, að manni skilst, vegna byggingar þeirrar verksmiðju, þá get ég ekki fallizt á það sjónarmið. Það er alveg rétt, að það er nauðsynlegt vegna þessarar þróunar, bæði verksmiðjunnar við Straumsvík og annarra stórfelldra framkvæmda hér í sambandi við virkjunarmál, að þá verði aukinn möguleiki til þess að styðja að eflingu atvinnulífs víðs vegar um landið, svo sem hér er gert ráð fyrir. En það er ekki vegna þess, að þessi álbræðsla út af fyrir sig sé slík, að hún mundi draga allt fólk hingað, ef ekki væri stórkostlega aðhafzt og það í miklu ríkara mæli en gert er ráð fyrir í þessu frv. Ég held, að mönnum hafi alveg láðst að gera sér grein fyrir því, og gefst nú tækifæri til að ræða það í sambandi við það mikla mál, að mannaflaþörfin til byggingar verksmiðjunnar í Straumsvík er sáralítil og mannaflaþörfin til byggingar orkuversins við Þjórsá er miklu meiri, og það virðast allir vera sammála um, að það orkuver þurfi að byggja. En að það setji landsbyggðina á annan endann, þó að á árunum 1968—1969 þurfi fyrra árið um 360 manns og næsta ár 290 manns til allra framkvæmda hér við Straumsvík, að það muni valda stórkostlegum flótta fólks utan af landsbyggðinni, það út af fyrir sig held ég að allir menn, sem með sanngirni horfa á það, hljóti að sjá að eru fullkomnar öfgar. En það breytir auðvitað engu um það, að það er nauðsynlegt að stuðla að því eftir megni vegna allra hluta, að það sé hægt að styrkja það, að auðið sé að byggja atvinnulega upp alla þá landshluta, þar sem atvinnumöguleikar eru arðbærir.

Ég tek undir það með hv. 1. þm. Norðurl. e., að það er að sjálfsögðu fásinna þjóðfélagslega séð að hugsa sér að halda við byggð, hvar sem hún er, ef það sýnir sig ekki að vera þjóðhagslega hagkvæmt. En þar sem það er hagkvæmt, eigum við að sjálfsögðu að halda við byggð á öllum þeim stöðum. Og þróunin í landinu er á margan hátt þannig, að það verður brýnna að líta á þessi verkefni, það er alveg rétt, ekki vegna þess að ástandið sé svo slæmt atvinnulega, heldur kannske vegna þess, að það er víða svo gott, og skal ég þar taka eitt dæmi, sem hv. 1. þm. Norðurl. e. raunar kom að, og það er rétt hjá honum fullkomlega, að jafnvel hin mikla atvinna sums staðar, við skulum hugsa okkur eins og verið hefur sem betur fer á Austurlandi að undanförnu, meiri atvinna líklega en á nokkrum öðrum stað á Íslandi, — það hefur skapað þau sérstöku vandamál fyrir það, að það kemur í ljós, að það þarf að sinna þar nýjum verkefnum til þess að leysa þann vanda, að fólkið, eftir því sem það lifir við betri lífskjör efnahagslega, þá gerir það kröfu til meiri þæginda á öðrum sviðum, félagslega og menningarlega. Þetta er alveg hárrétt, og einnig af þessum sökum verður nauðsynlegt að horfa á þessi mál frá breiðara sjónarmiði heldur en áður hafði verið gert, en ekki endilega vegna þess, að nú allt í einu hafi menn komizt að raun um, að þjóðfélagið sé að umturnast. Ég efast stórkostlega um það — og reyndar efast ekki um það, heldur veit, að það hefur ekki verið um að ræða meiri tilflutninga hingað til þéttbýlisins á Suðvesturlandi nú síð-

ustu árin heldur en hefur verið fjöldamörg ár áður.

Um þetta má auðvitað endalaust ræða, og skal ég ekki út í þá sálma fara, en ég hygg, að efnislega beri okkur ekki mikið á milli að þessu leyti. En einmitt út frá þessu atriði sérstaklega skal ég fúslega fallast á, að það geti vel verið athugandi að orða með öðrum hætti 2. mgr. 1. gr. frv., þannig að það geri a. m. k. skýrara, að það sé ekki eingöngu um það að ræða að verja fé til atvinnuframkvæmda, þó að það sé auðvitað númer eitt í öllu þessu máli, heldur sé hugsanlegt að lána einnig fé til annarra framkvæmda, til þess að halda við byggð og tryggja hana. Ég teldi því fyrir mitt leyti það ekki fjarri lagi og hef ekki á móti því sem flm. þessa frv., ef hv. fjhn. kærir sig um að breyta þessu orðalagi. Ég tel ekki, að það út af fyrir sig hafi grundvallarþýðingu, því að það er túlkað í grg. frv. nákvæmlega, að það sé hugsunin með uppbyggingu sjóðsins, en það færi e. t. v. alveg jafnvel á því að orða greinina ekki nákvæmlega eins og hún er í till. hv. 2. minni hl., heldur að þessu leyti að breyta 1. gr.

Þeim till., sem n. öll stendur að, er ég fullkomlega fylgjandi og tel rétt, að þær verði samþ.

Önnur till. hv. 2. minni hl., sem gengur í sömu átt og bæði 1. og 2. till. hv. 1. minni hl., að auka mjög fjárveitingar til sjóðsins, vitanlega væri mjög ánægjulegt, ef það væri hægt, en eins og sakir standa, þá liggur ljóst fyrir, að það er með engu móti hægt að gera það á annan hátt heppilegri en hér er, og það er auðvitað gersamlega út í hött að bera fram till. um það að taka 1½ eða 2% af árlegum heildartekjum ríkissjóðs án þess að gera sér að öðru leyti nokkra grein fyrir því, hvernig það vandamál kemur til með að líta út, og hygg ég, að það geti farið svo, að það verði æði erfitt að koma saman fjárl. næsta árs án stórfelldra nýrra skatta, enda þótt það kæmi ekki til, að það ætti að fara að leggja þarna um 80 millj. kr. eða jafnvel meira á ríkissjóðinn. Er ég ósköp hræddur um, að svo kynni að fara, að till. um, hvernig ætti að afla þess fjár, mættu ekki alveg jafnmiklum skilningi þessara hv. flm. eins og þeim er það ljúft að flytja till. um útgjöldin. En ég held út af fyrir sig, að það þurfi ekki að taka þessa till. sérstaklega alvarlega og jafnvel að hv. flm. geri það naumast sjálfir, því að þá hefðu þeir vafalaust miklu fyrr gengizt fyrir því, að þessar miklu umbætur yrðu gerðar, þannig að ég geri naumast ráð fyrir því, að þeir ætlist til, að þessar till. séu teknar ýkja alvarlega.

Varðandi 3. till. hv. 2. minni hl. fjhn. um orðalag greinarinnar, sem þar segir, þá má lengi um það deila. Hann er málhagur maður og vafalaust málhagari en þeir, sem hafa samið þessa gr. Ég get vel fallizt á það, og það gildir sama um það og um 1. brtt., að mér finnst það vel geta komið til álita, ef n. sýnist það sjálfri og hv. flm. taka till. aftur til 3. umr., að líta á, hvort réttara væri að orða þetta með þessum hætti. Þarna er ekki um neina efnislega breytingu að ræða, og ég held nú sannast sagna, að jafnhyggnir menn og gáfaðir og eru í fjhn. hafi skilið, hvað í þessu fólst, þó að það megi vel á það fallast, að það sé hægt að orða það betur. Það má víst endalaust svo um flesta hluti segja, að þeir eru aldrei alfullkomnir.

Varðandi síðustu till. hv. 2. minni hl. um bráðabirgðaáætlanir og um að verja stórum hluta af tekjum atvinnujöfnunarsjóðs síðustu árin sem styrkjum, það finnst mér vera miklu hæpnara ákvæði. Það merkir ekki það, að það geti ekki verið sjálfsagt og eðlilegt, að stjórn atvinnujöfnunarsjóðs geri slíkar áætlanir, og hún hlýtur í rauninni að gera það, ef um slík byggðarlög er að ræða, að það er ekki hægt að bíða eftir heildaráætlunum. Það er alveg rétt hjá hv. 1. þm. Norðurl. e., en það er að mínum dómi algerlega þarflaust að setja þetta ákvæði í lögin og allra sízt að gefa undir fótinn með það, að það eigi að fara að láta út stóran hluta af fé sjóðsins til beinna styrkja. Þetta tel ég ekki heppilegt að gera, enda þótt ég málefnalega að öðru leyti sé sammála um það, að þetta sé hlutur, sem stjórn sjóðsins hljóti eðli málsins samkvæmt að taka til athugunar.

Þá er aðeins að lokum það, sem ég vildi segja varðandi það, sem hv. 1. þm. Norðurl. e. síðast sagði um nafn sjóðsins, að nafn sjóðsins er mér ekki nokkurt hugsjónamál, síður en svo, og ef menn komast að þeirri niðurstöðu, að það sé heppilegra annað nafn, þá er ég ekkert á móti því. Annað er það, að mér finnst orðið jafnvægissjóður vera a. m. k. ekki betra en atvinnujöfnunarsjóður, því að jafnvægi getur auðvitað verið á mörgum sviðum og þarf ekki endilega að vera í fjármálum eða byggð, þannig að það nafn er raunar, held ég, með þeim óheppilegustu, sem gætu verið. En um önnur þau nöfn, sem koma til mála, þá hef ég ekkert á móti, að það verði athugað, en vil aðeins leggja áherzlu á, ef það yrði ofan á hjá hv. fjhn. að leggja til að breyta nafni sjóðsins, að þá verði umfram allt haft samband við fjhn. Nd., til þess að það verði ekki aftur farið að hringla í nafni sjóðsins, því að ég álít, að þingið sé þá nánast farið að gera sig næsta hlægilegt, ef það færi æ ofan í æ að breyta nafni á sjóði, því að það getur þó aldrei verið kjarni málsins, heldur viðfangsefni sjóðsins og hlutverk, en ekki endilega það, hvað hann heitir. En sem sagt, það er frá minni hendi algerlega mér að meinfangalausu, þó að nafninu verði breytt, ef hægt er að fá samstöðu um það og tryggingu fyrir því, að það verði þá ekki aftur farið að breyta nafninu í hv. Nd.

Frsm. meiri hl. (Þorvaldur G. Kristiánsson): Herra forseti. Eftir hina ýtarlegu ræðu hæstv. fjmrh. hef ég ekki miklu að svara af því, sem fram kom í ræðum hv. 1. þm. Norðurl. e. (KK) og hv. 4. þm. Norðurl. e. (BJ). Ég get þó ekki látið hjá líða að segja nokkur orð að gefnu tilefni.

Hv. 4. þm. Norðurl. e. sagði í tilefni af ummælum mínum, að það væri skrum að segja, að þetta frv., ef að lögum yrði, markaði þáttaskil í aðgerðum hins opinbera til þess að stuðla að jafnvægi í byggð landsins. Ég benti sérstaklega á í þessu sambandi, að varið væri margfalt meira fé í þessu skyni, eins og gert væri ráð fyrir í frv., heldur en áður hefði verið gert og

heldur en menn hefðu í raun og veru látið sér koma til hugar nema í augljósum sýndartillögum. Ég gat líka um það, að nú væri í fyrsta sinn lögboðið, að það skyldi vinna markvisst að því að efla þær byggðir landsins, sem í vök ættu að verjast, með því að gera framkvæmdaáætlanir. Hv. þm. gerði ekki *minnstu* tilraun til þess að hrekja þessi ummæli. Ég held líka, að hann hafi átt erfitt með að gera það. Ég spyr: Hvenær hefur það skeð áður, að það hafi verið gert ráð fyrir svo miklu átaki í þessu efni sem hér er gert ráð fyrir? Áætlað er, að atvinnujöfnunarsjóður fái á næstu tíu árum til ráðstöfunar eingöngu af eigin fé sínu rúmar 700 millj. kr. og að hrein eign sjóðsins verði þá rúmar 545 millj. kr. Það má til samanburðar, eins og gert er í grg. með frv., benda á, að á 15 ára tímabili, frá 1951—1965, hefur samtals verið varið til atvinnuaukningar og síðar til atvinnubótasjóðs 160 millj. kr. Það þarf meira en litla kokhreysti til þess að segja, að það sé skrum eitt, þegar bent er á það, að hér sé um miklar aðgerðir að ræða, miklu meiri en nokkru sinni hefur þekkzt í þessum málum áður.

Ég vík svo nokkrum orðum að ræðu hv. 1. þm. Norðurl. e. Hann vildi ekki gera mikið úr þessu frv. og þýðingu þess. Þó sagði hann, að það væri bergmál af því, sem framsóknarmenn hefðu lagt til, að vísu veikt bergmál, eins og hann orðaði það. Þessi ummæli hv. þm. koma mér til þess að minnast örfáum orðum á afstöðu framsóknarmanna til þessara mála.

Það hefur verið mjög vitnað við 1. umr. málsins í frv. til l. um sérstakar ráðstafanir til að stuðla að jafnvægi í byggð landsins, sem framsóknarmenn hafa borið fram á þessu þingi og á undanförnum þingum. Hv. 4. þm. Austf. (ÞÞ) gerði við 1. umr. ýtarlega grein fyrir þessu frv. Hann gerði það skilmerkilega og sagði ýmislegt í þeirri ræðu, sem var athyglisvert og rétt um jafnvægismálin í heild. Færði hann ýmis rök fyrir því, hversu þýðingarmikið væri að gera haldgóðar ráðstafanir til þess að stuðla að jafnvægi í byggð landsins. Ég verð að segja það, að ég legg ekki eins mikið upp úr öllu því, sem hann sagði þessu til stuðnings, eins og hann virtist gera. T. d. minntist hv. 1. þm. Norðurl. e. á það í ræðu sinni áðan og vitnaði til ræðu 4. þm. Austf., að hann hefði verið með tölur um framleiðslu þjóðarinnar til stuðnings aðgerðum við dreifbýlið. Ég minnist þessa einnig. En sérstaklega minnist ég þess, þegar þessi hv. þm., 4. þm. Austf., færði það sérstaklega fram máli sínu til stuðnings fyrir aðgerðum fyrir dreifbýlið, að Reykjavík og Reykjanesið hefðu ekki nema 3% af sauðfjáreign landsmanna og 4% af nautgripaeign. Ég sé nú ekki, að slík rök hafi mikla þýðingu í þessu máli. En ég minnist aðeins á þetta til þess að vekja athygli á því, hve steinrunnin ýmis rök framsóknarmanna eru yfirleitt í þessum málum.

En víkjum aftur að bergmálinu og frv., sem framsóknarmenn hafa lagt fram. Það heitir frv. til l. um sérstakar ráðstafanir til að stuðla að jafnvægi í byggð landsins. 1956 var lagt fram frv. á Alþingi, sem hét frv. til l. um ráðstafanir til að stuðla að jafnvægi í byggð landsins. Það er nákvæmlega sama fyrirsögn og í frv., sem þeir eru að státa af núna, nema það er bætt einu orði inn í nú: „sérstakar ráðstafanir". Frv. er líka að öðru leyti samhljóða í öllum aðalatriðum og frv. frá 1956, nema í frv. frá 1956, sem framsóknarmenn stóðu þá að, var gert ráð fyrir, að árlegar tekjur svokallaðs jafnvægissjóðs skyldu vera 5 millj. kr. á ári. En í brtt. þeim, sem þeir bera fram við frv. það, sem hér er til umr., og líka í frv. um jafnvægi í byggð landsins, sem þeir hafa borið fram í Nd., er gert ráð fyrir, að árlegar tekjur jöfnunarsjóðs skuli vera 2% af árlegum tekjum ríkissjóðs. Nú leggja þeir til 2% af árlegum tekjum ríkissjóðs og segja, að það séu 60—80 millj. kr. Þegar þeir sjálfir voru við völd, lögðu þeir til 5 millj. kr. Hvernig stendur á þessu? Nú veit ég, að það er hægt að gera miklu meiri kröfur til núv. fjmrh. heldur en þess fjmrh., sem var 1956. Ég treysti núv. fjmrh. miklu frekar til þess að gera stóra hluti í þessum efnum heldur en fjmrh. 1956. En mér finnst samt sem áður, að hér sé til nokkuð mikils ætlazt, vegna þess, eins og bent hefur verið á, að þessir menn hafa ekki komið með neinar till. til þess að skera niður útgjöld á móti þessum fjárveitingum, sem þeir leggja til.

En hvernig fór með frv. 1956? Varð það ekki að lögum? Nei, það varð ekki að lögum, því að þá hefðu þeir ekki komið með þessa endurritun af frv. frá 1956, sem þeir hafa lagt fram á Alþingi nú. Og hvers vegna var það ekki samþykkt? Það var ekki samþykkt vegna þess, að frv. var á síðustu dögum þingsins og það var gerður leikur að því af flokksmönnum hv. 4. þm. Norðurl. e. að bera fram í Nd. brtt. við þetta frv. Frv. var upphaflega borið fram í Ed. Þeir gerðu sér leik að því að bera fram brtt. við frv. um jafnvægissjóð á þá leið, að stækka skyldi friðunarsvæðið eða landhelgina umhverfis Ísland, að stofna skyldi til togarasmíði innanlands og stofna skyldi togaraútgerð ríkisins til atvinnujöfnunar. Allar þessar till. voru augljósar *sýndartill. Þær voru till. manna úr stjórnar*andstöðunni. Framsóknarmenn voru í ríkisstj. Hvers vegna náði þá málið í sinni upphaflegu mynd ekki fram að ganga? Vegna þess að framsóknarmenn gerðu samsæri við þá, sem vildu drepa þetta frv., samþ. brtt., gerðu frv. óraunhæft og útilokuðu, að það væri hægt að afgreiða það á því þingi. Þetta voru afrek þessara manna, þegar þeir höfðu sjálfir völd og aðstöðu til þess að vinna að jafnvægi í byggð landsins. Þetta var 1956. En þessir menn voru áfram í stjórn. Þeir voru í stjórn eftir kosningarnar 1956. Hvað gerðu þeir þá? Komu þeir þá ekki með þetta frv.? Nei, þeir gerðu það ekki. Það gleymdist gersamlega að koma með þetta frv. þá.

Þetta, sem ég hef hér rakið, er aðeins spegilmynd af framkomu framsóknarmanna í þessum málum. Og það mætti fara lengra. Ég er hér að tala um aðgerðir til þess að stuðla að jafnvægi í byggð landsins. En hvað skyldi á undanförnum áratugum hafa stuðlað mikið að jafnvægisleysi í byggð landsins? Það er of langt mál, til þess að ég ætli mér að fara út í það hér. Það eru margar ástæður til þess, þjóðfélagsleg þróun, tækniþróun o. fl., o. fl. Mér kemur ekki til hugar að bera framsóknarmenn þeim sökum,

að þeir séu valdir að öllu þessu. En eitt vil ég segja, að stjórnarstefnan á hverjum tíma hlýtur að hafa nokkur áhrif og jafnvel mikil á það, hver framvindan er í þessum málum. Og stjórnarstefnan, sem afdrifarikust hefur verið gagnvart dreifbýlinu í þessu efni, er haftastefnan, sú stefna, sem dró valdið í athafnalífinu frá landsbyggðinni og hingað til Reykjavíkur. Og það eru framsóknarmenn, sem eru höfundar og hafa verið alla tíð aðdáendur haftastefnunnar. Framsóknarmenn hafa því ekki af neinu að státa í þessum efnum. Ég veit ekki, hvernig það er, hvort það er ég einn eða hvort fleiri finna til þess. Mér finnst ákaflega oft bera á því, þegar þessi mál ber á góma, hvort sem það er hér á hv. Alþingi eða annars staðar, að framsóknarmenn vilji tala með nokkru yfirlæti um þessi mál, eins og þeir hefðu af einhverju að státa í þessum málum, eins og þetta væri eitthvað frekar þeirra mál en annarra og þeir hefðu sýnt það í verki, að þeir hefðu stuðlað betur að jafnvægi í byggð landsins heldur en aðrir menn. Og ég verð að segja það, að mér fannst rétt aðeins votta fyrir þessu yfirlæti hjá jafnágætum mönnum og 4. þm. Austf. við 1. umr. þessa máls og hv. 1. þm. Norðurl. e. í ræðu hans hér áðan. En ég held, að framsóknarmönnum farist ekki vel yfirlæti í þessum efnum og þeir verði að ræða þessi mál málefnalega og eftir því verði þeir dæmdir.

Ég skal stytta mál mitt. Það hefur borizt hér í tal nafnið á sjóðnum. Hv. 1. þm. Norðurl. e. taldi, að nafn sjóðsins, eins og ráð er fyrir gert í frv., væri ekki nægilega gott. Það kann að vera. Mér finnst nafnið ekkert aðalatriði í þessu máli. Það má vera, að það sé hægt að finna betra nafn. Hv. 1. þm. Norðurl. e. nefndi nokkur nöfn. Ég sé nú naumast, að nokkurt þeirra sé betra en það nafn, sem er á frv. En mér kemur til hugar eitt nafn, sem ég varpa fram hér. Hví ekki að kalla þennan sjóð „Viðreisnarsjóð strjálbýlisins“? Það er réttnefni og sannnefni, af því að ef frv. þetta verður að lögum, þá stuðlar það meir að viðreisn þeirra byggða úti um landsbyggðina, sem í vök eiga að verjast, en nokkur lagasetning hefur gert áður.

Páll Þorsteinsson: Herra forseti. Ég hefði viljað greiða fyrir því, að þetta frv. fengi greiðan gang gegnum þessa hv. d., og hafði ekki ætlað mér að tefja tíma dm. eða ræða það við þessa umr. En ræða sú, sem síðast var flutt hér, er með þeim hætti, að ég get naumast komizt hjá að segja nokkur orð.

Hv. 4. þm. Vestf. (ÞK) sagði, að það væri rétt að ræða þetta málefnalega. Ég er honum alveg sammála um þetta, og ég held, að öll ræða hans hefði farið betur, ef hann hefði gætt þess að fylgja í framkvæmd þessari hugsjón sinni og að í þeirri ræðu, sem hann flutti hér, hefði verið meira efni, en minni vindur í kringum flutninginn. Hér er í raun og sannleika um mjög mikið vandamál að ræða og eitt af hinum veigameiri þjóðmálum, sem við höfum til afgreiðslu og athugunar um þessar mundir, og það er að mínum dómi sjálfsagt að skoða þetta mál og ræða þetta mál í því ljósi. Og það er í sjálfu sér ákaflega ófrjó deila um það, hvað einn þm. eða einn flokkur hefur lagt til um svipuð eða hliðstæð málefni á liðnum tíma. En ég vil segja hv. 4. þm. Vestf. það, að þó að tími sé kannske naumur nú, er ég þess albúinn að ræða við hann um afgreiðslu mála frá fyrri tíð, ef hann óskar þess, og þá má rekja ýmislegt úr þingsögunni, sem kannske aðrir muna fullt eins vel og hann og gerðist á þeim tíma, þegar hann var utan þessara veggja. En ég skal takmarka mál mitt að þessu sinni við örfá atriði til þess að svara því, sem kom fram hjá honum.

Hv. þm. minntist nokkuð á þá ræðu, sem ég flutti um þetta mál hér við 1. umr. Í þeirri ræðu gerði ég tilraun til þess að ræða þetta vandamál algerlega málefnalega, og ég hef ekki heyrt, að þeim rökum, sem þar voru fram borin, hafi verið hnekkt í þessum umr., hvorki af hv. 4. þm. Vestf. né öðrum, sem hér hafa talað.

Þá vék hv. 4. þm. Vestf. að því, að Framsfl. hefði ekki alltaf verið fús til þess að afgr. till., sem fram voru bornar og legið hafi fyrir hér á hv. Alþingi og snerta þetta mál, og minnti hann í því efni á frv., sem flutt var 1956 og að ég ætla endurflutt á næsta þingi þar á eftir af Sjálfstfl. eða þm. úr Sjálfstfl., og ef ég man rétt, mun núv. hæstv. fjmrh. hafa verið þar í fyrirsvari.

Ég kannast vel við það, að þetta frv. eða þessi frv. komu fram hér á þingi. Þau voru í raun og veru flutt í framhaldi af athugun á þessum málum og nefndarstörfum, sem höfðu átt sér stað og bæði Sjálfstfl. og Framsfl. stóðu að, og mér hefur aldrei dottið í hug að draga í efa, að a. m. k. sumir þm. Sjálfstfl. hafi hugsað um þessi mál í alvöru og fullkominni einlægni. En í sambandi við frv. frá 1956 má segja, að miðað við þau viðbrögð, sem þingmeirihlutinn hefur gagnvart margvíslegum umbótamálum, sem stjórnarandstaðan hefur flutt nú á þingum undanfarin sjö ár, sé það ekki sérstaklega tiltökumál, þó að þáv. stjórn og þingmeirihluti a. m. k. vildi athuga, hvort þær till., sem í þessum frv. fólust, væru nákvæmlega það, sem gera þyrfti. Með tilliti til þess, að vinstri stjórnin, þann skamma tíma, sem hún sat að völdum, — það voru ekki nema 2½ ár — hafði ýmsar till. að gera, sem snertu þessi mál og fjármálakerfi þjóðfélagsins í heild, m. a. hækkaði atvinnuaukningarfé, eins og áður hefur verið minnt á, og þegar verið er að bera saman tölur, 5 millj., 10 millj., eins og það kemur fram í till. frá löngu liðnum tíma og aftur nú, verður til þess að fá rétta mynd af málum að skoða þau í samhengi við og með tilliti til verðgildis krónunnar og annarra fjárhæða, sem um er fjallað á hverjum tíma. En vinstri stjórnin sat ekki að völdum nema 2½ ár, og þessi skelegga barátta sjálfstæðismanna fyrir jafnvægisfrumvarpinu þurfti ekki að standa við þingmeirihlutann, sem studdi vinstri stjórnina, nema þennan tiltölulega stutta tíma. Það myndaðist hér ný valdasamsteypa á þingi í raun og veru á degi hins heilaga Þorláks 1958, og allan tímann síðan hefur sama valdasamsteypan ráðið hér afgreiðslu mála, haft hér öruggan þingmeirihluta og ráðið afgreiðslu mála. Og hvað gerðist? Þegar þessi þing-

meirihluti hafði myndazt og hann fékk valdið til þess að lögfesta og framkvæma þessi frv., sem hér eru gerð að umræðuefni nú, lögfesti hann þá ekki þau frv. þegar á árinu 1959? Tækifærin hafa beðið síðan nú í sjö ár. En hvað veldur því, að þessi frv. hafa aldrei verið lögfest? Ekki andstaða Framsfl. Ekki vald vinstri stjórnarinnar, heldur sýnir það vilja og hug þeirra, sem voru flm. að þessum frv. á þessum árum. En hinn nýi þingmeirihluti, sem myndaðist í árslok 1958, gerði annað. Hann lögfesti á þinginu 1961 frv. um atvinnubótasjóð, þau lög, sem á að fella saman við þá löggjöf, sem nú er verið að ræða um, og þetta gerðist á hinum fyrri árum viðreisnarinnar. Og hver var þá reisnin? Hver var þá reisnin hjá þingmeirihlutanum, sem nú situr, þegar hann hafði fengið valdið til þess að koma fram löggjöf um þessi mál? Ja, reisnin — þegar viðreisnin var að láta til sín taka — reisnin í þessum málum birtist í lögunum um atvinnubótasjóð, 10 millj. kr. framlag á ári frá ríkinu, sem hefur farið óðfluga minnkandi að verðgildi, eftir því sem verðbólgan hefur magnazt í höndum og ég vil segja að ýmsu leyti fyrir tilstilli núv. þingmeirihluta og ríkisstj.

Þannig er sagan, þegar þeir höfðu fengið valdið til þess að ráða þessum málum. Og ekki aðeins þetta, heldur hafa þeir jafnframt drepið á dreif till., sem aðrir hafa gert um svipuð efni á þessum tíma, á þessum sjö ára valdatíma, og aðallega með þeim rökstuðningi, að slík tillögugerð væri með öllu óþörf, af því að hin löggjöfin væri svo fullkomin, sem þeir höfðu sett 1961.

Þetta er nú, held ég, alveg nægilega skýrt, svo að ég gæti nú farið að stytta mál mitt. En vitanlega eru það mörg fleiri atriði, sem kannske er ástæða til að ræða í þessu sambandi, og m. a. það, að ég vil láta það enn koma fram, sem ég sagði við 1. umr. þessa máls, að ég tel, að nú verði að líta á þessi mál með tilliti til hinnar væntanlegu stóriðju. Það er alveg nauðsynlegt. Og ég held líka, að ef við settumst nú niður í ró og næði, ég og hv. 4. þm. Vestf., og færum að athuga skýrslur, sem sýna þróun búsetunnar í landinu frá ári til árs, þá munum við komast að raun um það, að þróunin á síðustu árum hefur verið svo ör í þessum efnum, að með tilliti til þess er einnig þörf stærri átaka nú heldur en í sjálfu sér var kannske fyrir tíu árum.

Ég skal láta þessi orð nægja núna í þetta sinn, 3. umr. er þá eftir, og láta máli mínu lokið.

Frsm. meiri hl. (Þorvaldur G. Kristjánsson): Herra forseti. Ég skal nú ekki tefja þessar umr. — Hv. 4. þm Austf. (PÞ) hefur talað. Mér fannst honum finnast það óþarft, að ég hafði vikið nokkrum orðum að fortíðinni í þessu máli. Sjálfur flutti hann mjög langt mál við 1. umr. málsins og talaði nær eingöngu um fortíðina. En ég skal ekki gera frekari aths. við þetta.

Hv. þm. sagði, að vinstri stjórnin hefði ekki haft tíma, ekki gefizt næði eða tími til þess að gera neitt í jafnvægismálunum eða lögfesta frv. frá 1956. Þeir höfðu ekki nema 2½ ár. Ekki hefur þeim fundizt þetta mikið mál þá. Hann sagði, að það hefði liðið líka langur tími í tíð núv. ríkisstj., þar til frv. það, sem hér er til umr., kemur fram. Það er rétt. En fyrir nokkrum árum, eins og hann tók raunar fram, voru sett lög um atvinnubótasjóð. Hann taldi, að með þeim lögum hefði lítið verið að gert í þessum efnum af hálfu núv. ríkisstj. Það kann að vera. En í þeim l. var gert ráð fyrir, að árlegar tekjur sjóðsins væru 10 millj. í stað 5 millj., sem gert var ráð fyrir 1956. Það kann að vera, að þetta sé lítið, en það er 100% meira.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 67. fundi í Ed., 22. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.
Brtt. 506,1 tekin aftur til 3. umr.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 504,1 felld með 10:4 atkv.
2. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 506,2 felld með 10:8 atkv.
— 504,2 felld með 10:8 atkv.
3. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
4. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 506,3.a samþ. með 14 shlj. atkv.
— 512,1, svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 512,2 samþ. með 18 shlj. atkv.
— 506,3.b tekin aftur til 3. umr.
6. gr., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.
7.—10. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 506,4 felld með 11:6 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 68. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 555, 506,1 og 3b).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Þorvaldur G. Kristjánsson): Herra forseti. Fjhn. hefur tekið til athugunar brtt. á þskj. 506 frá 2. minni hl. fjhn., og mælir n. með samþykkt 1. brtt. og 3. brtt. b-lið.

ATKVGR.
Brtt. 506,1 samþ. með 19 shlj. atkv.
— 506,3.b samþ. með 18 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 76. fundi í Nd., 23. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 556).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 30 shlj. atkv.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Frv. það um atvinnujöfnunarsjóð, sem hér liggur fyrir hv. deild, er flutt í samræmi við þá yfirlýsingu, sem ríkisstj. hefur áður gefið um það, að hún mundi beita sér fyrir því, að settur yrði á fót sjóður, er hefði yfir verulegu fjár-

magni að ráða, til þess að stuðla að ýmiss konar atvinnuframkvæmdum víðs vegar um landið með það í huga að reyna að tryggja sem bezt jafnvægi í byggð landsins.

Að þessum málum hefur verið unnið með ýmsum hætti um alllangt árabil, og skal ég þá eingöngu einskorða mig við það, sem í þrengri merkingu má segja, að hafi verið ráðstafanir til atvinnuaukningar, því að að sjálfsögðu er ótalmargt af því, sem verið er að gera á hverju ári og liggur utan ramma hliðstæðrar löggjafar eða ráðstafana og þessar ráðstafanir eru, til þess fallið að efla atvinnulíf víðs vegar um landsbyggðina og þannig stuðla að jafnvægi í byggð landsins. En það er of umfangsmikið og viðamikið mál til þess að fara út í á þessum vettvangi, enda snertir það ekki í rauninni beint það viðfangsefni, sem hér er til umr.

Allt frá árinu 1951 hefur verið ráðstafað af ríkisfé með sérstökum fjárveitingum í fjárlögum tilteknum upphæðum, sem gengið hafa til atvinnuaukningar eða til þess að leysa ýmiss konar atvinnumál víðs vegar um landsbyggðina, og hefur samtals á undanförnu 15 ára tímabili verið varið um 160 millj. kr. í þessu skyni úr ríkissjóði, mismunandi mikið á hinum ýmsu tímum, en nú síðustu árin, eða frá 1962, hefur gilt löggjöf um atvinnubótasjóð, sem þá tók til starfa með ákveðnu ríkisframlagi, og er gert ráð fyrir, að sjóður sá, sem hér er lagt til að stofna, leysi þann sjóð af hólmi.

Með þessu frv., sem hér liggur fyrir, er tvennt gert, sem má telja grundvallarbreytingar frá því, sem áður hefur gerzt í þessum efnum. Annars vegar er lagt til, að ráðstafanir þær til atvinnuuppbyggingar víðs vegar um landið, sem að verður unnið, verði gerðar með skipulegri hætti en hingað til hefur verið gert. Vegna hins takmarkaða fjár, sem verið hefur til ráðstöfunar á undanförnum árum, hefur ekki verið hægt að vinna að kerfisbundinni uppbyggingu, en skv. frv. um atvinnujöfnunarsjóð er gert ráð fyrir því, að þessi sjóður vinni fyrst og fremst að því að greiða fyrir því, að framkvæmdar séu þær sérstöku áætlanir til uppbyggingar atvinnulífi og félags- og menningarlífi, sem gert er ráð fyrir að unnið verði að, fyrst og fremst af Efnahagsstofnuninni, annaðhvort af henni af sjálfsdáðum eða þá eftir ákvörðunum eða óskum stjórnar atvinnujöfnunarsjóðs.

Er þar gert ráð fyrir tvíþættum áætlunum: Annars vegar fyrir stærri landshluta, svo sem nú er unnið að og er nú að mestu lokið fyrir Vestfirði, og hafin er áætlunargerð í svipuðum stíl fyrir Norðurland, og lokið hefur verið fyrir nokkru áætlanagerð í samgöngumálum fyrir Vestfirði, sem þegar er hafin framkvæmd á og aflað hefur verið verulegs fjár til. Er gert ráð fyrir, að unnið verði áfram að þessum stærri áætlunum, en auk þess er að sjálfsögðu nauðsynlegt að gera áætlanir í minni stíl fyrir einstaka staði eða minni byggðarlög. En höfuðáherzlan er sem sagt á það lögð, sem ég hygg að allir geti verið sammála um, að nauðsynlegt sé að kanna sem rækilegast, hvaða atvinnuframkvæmdir það eru eða aðrar framkvæmdir, sem bezt geti að því stuðlað að tryggja jafnvægi í byggð landsins.

Það er vert að gera sér grein fyrir því í sambandi við þetta mál, að reynslan hefur sýnt mjög áþreifanlega, að það eru ekki eingöngu atvinnumálin sjálf í þrengri merkingu, sem sköpum ráða um það, hvort helzt við byggð eða hún eflist í landinu á hinum einstöku stöðum. Þetta hefur orðið sérstaklega áberandi einmitt á síðustu árum, vegna þess að þá hefur hagur fólks batnað mjög víða um landið og það svo, að víða er atvinnulega séð miklu betra ástand en jafnvel á þéttbýlissvæðum. Það hefur hins vegar komið í ljós, að við auknar tekjur fólks gerir það mun meiri kröfur til lífsins á öðrum sviðum, þannig að ef ekki er unnið að umbótum jafnframt á sviði menningar- og félagsmála, þá er hætt við því, að jafnvel hin atvinnulega velmegun geti leitt til þess, að jafnvægisleysi skapist og fólkið telji sig ekki geta fengið í heimabyggð sinni þau þægindi, sem þéttbýlið getur veitt því og það hefur nú efni á að veita sér sjálft.

Það er hins vegar svo, að það má gera ráð fyrir og ég tel það fullkomlega eðlilegt, að atvinnujöfnunarsjóður hafi einnig í huga ýmislegt annað en atvinnumálin í hinni þrengri merkingu, þó að það hljóti auðvitað fyrst og fremst að vera verkefni sjóðsins að tryggja það, að nægilega blómlegt atvinnulíf verði á hverjum stað. Það verður jafnframt að koma fram, sem ég hygg að allir hv. þdm. fallist á, að einmitt með hliðsjón af uppbyggingu sjóðsins og því, að gert er ráð fyrir, að hann vinni með kerfisbundnum hætti að uppbyggingu atvinnulífs, þar sem skilyrði eru fyrir hendi, þá er auðvitað ekki með því sagt, að það eigi að verja fé til þess að halda uppi byggð hvarvetna á landinu. Það verður um leið að meta það, hvort það er arðbært og hagkvæmt þjóðfélagslega séð og jafnvel fyrir fólkið sjálft, sem þar býr, að byggð haldi áfram á öllum þeim stöðum, þar sem kann að vera búið í dag.

Þetta kom sérstaklega greinilega fram í hv. Ed. við meðferð málsins þar, og var raunar gerð breyting á 1. gr. frv., eins og hún upphaflega var í frv., er það var lagt fram, þar sem var lögð áherzla á, að sjóðnum bæri að styðja að uppbyggingu á þeim stöðum, þar sem yrði að telja, að byggilegt væri frá þjóðfélagslegu sjónarmiði.

Þetta er í stórum dráttum verkefni sjóðsins. Því eru sett mjög víð mörk, eins og menn sjá í frv., og það byggist á því, að það er ákaflega erfitt á þessu stigi að segja til um það, hvað verður ofan á í hinum einstöku áætlunargerðum, hvað það verður, sem talið verður nauðsynlegast að leggja áherzlu á, og því ekki talið æskilegt á þessu stigi að marka sjóðnum of þröngan bás.

Það er gert ráð fyrir því, að sjóðsstjórn verði kjörin af Alþingi, og fjöldi sjóðsstjórnarmanna við það miðaður, að allir þingflokkar geti átt þar sæti og að öll sjónarmið geti að því leyti komið fram í sjóðsstjórninni. Það verður um leið að leggja á það áherzlu, að það verði leitað eftir því að finna sem breiðast samkomulag

fyrir starfsháttum sjóðsins, og það má upplýsa það í þessu sambandi, að í atvinnubótasjóði, sem starfað hefur um nokkurt árabil, hefur það orðið niðurstaðan, að afgreiðslur sjóðsins hafa þar jafnan verið einróma, og einmitt það ætti að benda til þess, að það hafi verið lögð áherzla á að reyna að skoða málin frá sem flestum hliðum og láta sanngirni og rökrétta hugsun, hlutlausa hugsun þar ráða ákvörðunum manna.

Ég hygg ekki, að það sé ástæða til þess að bera neinn kvíðboga fyrir því, að stjórn þessa sjóðs geti ekki markað þær eðlilegu starfsreglur innan þess víða ramma, sem hér er settur, og ætti því að vera ástæðulaust að setja reglurnar, a. m. k. á þessu stigi. Það er þá hægt að breyta því síðar, ef það sýnir sig, að sjóðurinn starfar ekki á þeim grundvelli, sem Alþ. kynni að hafa ætlazt til.

Um sjóðinn að öðru leyti er það að segja, að það, sem mestu máli skiptir varðandi möguleika hans, er að sjálfsögðu það fjármagn, sem hann hefur yfir að ráða. Atvinnubótasjóður hefur haft 10 millj. kr. árlegt framlag úr ríkissjóði. Að vísu hefur hann stundum fengið allverulegar aukafjárveitingar til þess að bæta úr tilteknum vandamálum, sem skapazt hafa, en hinar lögbundnu fjárveitingar hafa verið miðaðar við 10 millj. kr. á ári. Hér er gert ráð fyrir, að stofnfé sjóðsins verði fjórþætt. Í fyrsta lagi eignir atvinnubótasjóðs, sem voru um síðustu áramót um 116 millj. kr. Hafði þá þegar verið afskrifað allmikið af þeim eignum, miðað við það, að á liðnum árum hefur að sjálfsögðu fé sjóðsins, atvinnuaukningarfénu áður, verið varið bæði til styrkja og til ýmiss konar lánveitinga, sem síðan hefur reynzt algerlega útilokað að innheimta. En eftir standa 116 millj. kr., sem að vísu má gera ráð fyrir að þurfi að afskrifa að einhverju leyti, en stjórn atvinnubótasjóðs hafði gert ráð fyrir, að yrði í meginefnum lögð áherzla á að innheimta, en hins vegar að breytt yrði lánsskilmálum og lánin lengd mjög verulega frá því, sem verið hefur, því að sannleikurinn er sá, að það er ekki fyrr en nú 2—3 síðustu árin, sem nokkrar alvarlegar ráðstafanir hafa verið gerðar til að innheimta þetta fé. En á s. l. 3 árum hafa samtals innheimzt rúmar 7 millj. kr. af því, sem atvinnubótasjóður hefur lánað og hafði verið lánað af fé til atvinnuaukningar, en fyrir langflestum þessara lána hafa á undanförnum árum verið tekin veð í viðkomandi framkvæmdum, nema þegar um lán til sveitarfélaga hefur verið að ræða.

Í annan stað er gert ráð fyrir, að framlag ríkissjóðs til sjóðsins verði 15 millj. kr. á ári næstu 10 ár, eða samtals 150 millj. kr., sem verði talið með stofnfé sjóðsins.

Þá er gert ráð fyrir því, að af tveimur þáttum mótvirðissjóðs verði lagðar til sjóðsins vissar fjárhæðir: Annars vegar af mótvirði óafturkræfs framlags Bandaríkjastjórnar 1960 55 millj. kr., sem eiga að greiðast sjóðnum á næstu 4 **árum, 15 millj. kr. á ári** 3 fyrstu árin og eftirstöðvarnar á fjórða ári. Og loks, að af hálfu mótvirðissjóðs þess, sem hingað til hefur runnið til Framkvæmdabankans eftir ákveðnum reglum og greiðzt hefur af 3.6 millj. kr. á ári, renni eftirstöðvarnar til atvinnujöfnunarsjóðs, en það eru rúmar 40 millj. kr., og verði það greitt sjóðnum á næstu 4 árum, eða 10—11 millj. kr. á ári.

Þetta yrði stofnfé sjóðsins. Tekjur sjóðsins er hins vegar gert ráð fyrir, að verði annars vegar vaxtatekjur hans, sem miðað við stofnféð geta orðið verulegar upphæðir á næstu árum, eða þegar nokkrir tímar líða, en að öðru leyti, og er það að sjálfsögðu miklu veigameira mál, að til hans renni ákveðinn hluti af skattgjaldi álbræðslu, fyrstu 9 árin verði það um 70%, sem renni til atvinnujöfnunarsjóðs, en síðan 75%. Eins og hv. þdm. er kunnugt, eru skattgreiðslur álbræðslunnar nokkuð mismunandi eftir árabili. En gera má ráð fyrir skv. því, sem ég hef hér um getið, að tekjur atvinnujöfnunarsjóðs af þessu skattgjaldi verði á árunum 1970—1972 um 11.3 millj. á ári, næstu 2 árin 17 millj. kr. og árin 1976—1978 verði skattgjaldið, sem renni til sjóðsins, orðið 36.2 millj., síðan hækki það í 38 millj. og loks á árunum 1985—1987 verði það orðið 53.9 millj. og hækki þá enn, svo sem áætlun um skattgreiðslur álbræðslunnar gerir nánar grein fyrir og hefur verið margrætt í þessari hv. deild.

Skv. þessum tekjum mundi sjóðurinn smám saman byggjast upp allverulega, þannig að þegar á árinu 1966 mundi ráðstöfunarfé hans verða um 44 millj. kr., á næsta ári, 1967, um 50 millj. og síðan fara hækkandi ár frá ári og verða 1975 um 112 millj. kr. Er þá gert ráð fyrir því, að inn komi fé af þeim lánum, sem lánuð verði á næstu árum, en dregin verði þó frá nokkur fjárhæð árlega, sem gangi til styrkveitinga, og í þessari áætlun er aðeins gert ráð fyrir því, að af atvinnubótasjóðslánunum gömlu innheimtist í vöxtum og afborgunum 4 millj. kr. á ári, þannig að sú áætlun ætti að vera mjög hófleg.

Það er ekki gert ráð fyrir því í þessari áætlun, að styrkveitingar verði nema um 5% af fé sjóðsins árlega. Það kann að vera, að það verði nokkru meira, en þá er vert að benda á það, að gerð hefur verið breyting á l. um atvinnuleysistryggingasjóð, þar sem gert er ráð fyrir, að ¼ hluta af vöxtum þess sjóðs verði heimilt að verja sem áhættulánum, sem raunar mundu í ýmsum tilfellum jafngilda styrkjum, og er í því efni m. a. gert ráð fyrir því, að á þessu ári verði allmiklu fé varið til þeirrar aðstoðar við sjávarútveginn, sem sérstaklega hefur verið lögð fram á árinu í ár varðandi Norðurlandið vegna erfiðleika útgerðarinnar þar, og að sá hluti verði veittur til atvinnujöfnunarsjóðs, þannig að á þessu ári mundi atvinnujöfnunarsjóður því ráðstafa um 50 millj. kr.

Það hefur komið fram hjá ýmsum í hv. Ed., og ég skal fúslega undir það taka, að æskilegra hefði verið, að þessi sjóður hefði haft yfir meira fé að ráða, en þegar á það er litið, ber að hafa það í huga, að auk þessara beinu fjárframlaga, sem ég hef hér gert grein fyrir, eru atvinnujöfnunarsjóði veittar mjög víðtækar lántökuheimildir hjá framkvæmdasjóði ríkisins ann-

ars vegar og jafnframt annaðhvort framkvæmdasjóðnum eða beint af hálfu atvinnujöfnunarsjóðs að taka erlent lánsfé. Það hefur t. d., eins og hv. þdm. er kunnugt, verið í sambandi við samgönguáætlun Vestfjarða, að tekið hefur verið erlent lánsfé til þeirra framkvæmda, og kann vel að vera, að að því ráði verði einnig horfið varðandi framkvæmdir í öðrum landshlutum og á öðrum sviðum. Lántökuheimildirnar eru það viðtækar, að þær eru við það miðaðar, að atvinnujöfnunarsjóður fái nægilegt ráðstöfunarfé til að geta með eðlilegum hætti unnið að framgangi þeirra framkvæmdaáætlana fyrir einstök byggðarlög, sem gert er ráð fyrir að unnið verði að og atvinnujöfnunarsjóði verði sérstaklega falið að sjá um framkvæmd á. Í því sambandi er vert að leggja áherzlu á það, að atvinnujöfnunarsjóður á ekki að létta í einu né neinu hlutverki af öðrum stofnlánasjóðum, þannig að það fé, sem hér er um að ræða, kæmi algerlega til viðbótar því lánsfé, sem aðrir stofnlánasjóðir veita, og með þetta í huga, þá hygg ég, að við getum í raun inni verið sammála um það, að hér sé þó mjög verulegt spor stigið til þess að bæta aðstöðuna til hinnar atvinnulegu uppbyggingar og greiða fyrir því, að þær framkvæmdaáætlanir, sem gerðar verða, komi að raunverulegum notum og verði í reynd framkvæmdar. Kemur í því sambandi að sjálfsögðu margt til greina og eitt atriði þó alveg sérstaklega, sem ég vil leggja áherzlu á, og það er, að auðvitað er ekki nægilegt að gera áætlun um framkvæmdir, heldur verður að vera fyrir hendi það framtak heiman frá, að þar sé einhver forusta til staðar til þess að standa fyrir framkvæmdunum, því að reyndin er nú einu sinni sú, að það er ekki mjög heppilegt — og er þar vægilega að orði komizt — að byggja upp atvinnulíf staða, ef ekki er fyrir hendi á stöðunum sjálfum framtak manna til þess að standa að þessum aðgerðum og hafa um þær forustu og bera á þeim ábyrgð. Það hlýtur fyrst og fremst að vera hlutverk þessa sjóðs og er undirstaða allrar raunhæfrar uppbyggingar, ef hún á að ná nokkrum traustum árangri, að fyrir hendi sé á stöðunum vilji og framtak til að notfæra sér þá aðstoð, sem kynni að vera kostur á í sambandi við starfsemi atvinnujöfnunarsjóðsins.

Ég sé ekki ástæðu til, herra forseti, að orðlengja frekar um málið, nema sérstaklega gefist til þess tilefni, en vil leyfa mér að leggja til, að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

Ingvar Gíslason: Herra forseti. Ég skal ekki tefja framgang þessa máls með neinu málþófi. Ég get lýst stuðningi mínum við málið, þá hugmynd, sem þar kemur fram. Það vill svo til, að þetta frv. má skoða sem eins konar skugga af frv., sem við framsóknarmenn höfum flutt hér í hv. Nd. á undanförnum árum, og það er gleðilegt til þess að vita, að við höfum þó ekki unnið til einskis. — Ég er hér með mikinn bunka fyrir framan mig, — já, það er sennilega fjórum sinnum búið að flytja þetta frv. hér, og mér sýnist, að það hafi þó borið þann árangur, að nú hefur hæstv. ríkisstj. talið sjálfsagt að taka undir þetta mál okkar með því að flytja þetta frv. Að sjálfsögðu er það ekki á alla grein eins og við höfum lagt til, en hugmyndin er sú sama, og mér líst á margan hátt vel á frv., eins og það liggur nú fyrir. En hér á árunum, meðan við vorum að flytja þetta frv., var því gjarnan vísað frá með rökst. dagskrá í ein tvö, þrjú skipti, minnir mig, en síðan hefur afstaðan breytzt, þannig að hæstv. ríkisstj. telur eðlilegt að taka undir þetta mál og hefur formað það í þessu frv., sem hér liggur fyrir.

Það eru nokkur ár síðan stofnaður var lítill sjóður, sem heitir atvinnubótasjóður, og framan af var talið í stjórnarherbúðunum eðlilegt að vísa þessum frv. okkar frá með þeim rökstuðningi, að atvinnubótasjóður væri starfandi. En eins og ég segi, hefur sá sjóður verið ákaflega févana, en eigi að síður gagnlegur sjóður á margan máta og hefur komið að góðu gagni víða. En hann hefur verið févana. Og ef ég á að bera saman fjárráð atvinnubótasjóðs, eins og þau hafa verið, við skulum segja þessar 10 millj., sem hafa verið aðalféð, sem sjóðurinn hefur haft til umráða, kannske örlítið meira stundum, er augljóst, að hér er um talsvert mikið aukið fjármagn að ræða. En það er rétt, sem ég efast ekki um að sé rétt, sem hæstv. fjmrh. sagði, að ráðstöfunarfé sjóðsins, þ. e. þessa nýja sjóðs, yrði á þessu ári um 44 millj. og kannske 50 millj. á næsta ári, þá er hér náttúrlega um verulega aukningu að ræða. En hins vegar má svo um það deila lengi, hvort þetta fé er nægilegt til þess að mæta þeim þörfum, sem raunverulega eru fyrir hendi í þjóðfélaginu til þess að skapa jafnvægi í byggð landsins. Og ég hygg nú, að það sé mjög hæpið, að það dugi, því að verkefnin eru ákaflega stór. Og þessi verkefni minnka ekki við það, að nú er ráðizt í þær stóru framkvæmdir hér á Suður- og Suðvesturlandi, sem verða aðalverkefni þjóðarinnar næstu árin, jafnvel má segja næstu áratugina, og það má mikið vera til þess að vega upp á móti því. Að vísu hefur hæstv. ráðh. bent okkur á hér, að þessi sjóður stækki og verði öflugri með árunum, og við skulum vona, að svo verði. En hins vegar dylst ekki, að megintekjur sjóðsins, sem eiga að vera skatttekjur af álbræðslunni, fara ekki að koma inn fyrr en á árinu 1970, eftir 4 ár, og á þeim tíma er mikið búið að gera til röskunar jafnvæginu í byggð landsins. En hitt er rétt, að sjóðurinn fær að vísu þarna allmiklu meira fé til ráðstöfunar en atvinnubótasjóður hefur haft, og það munar þó um það, sem það er. En ég vil vara mjög við því að fara að gylla það fyrir landsfólkinu, að þessi sjóður verði sem eins konar mótvægi móti því stóra plani, sem á að framkvæma hér á Suður- og Suðvesturlandi, sem er upp á marga milljarða króna.

Það er ekkert efamál, að álbræðslan á eftir að verða ný blóðtaka fyrir það, sem við köllum dreifbýlið, eða fyrir landsbyggðina, sem er utan þessa svæðis. Ég hygg, að hún verði ekki minni blóðtaka en við vitum nú af sögulegri reynslu að t. d. hernámið 1940 var og hervinnan

á Keflavíkurvelli 1951 og á þeim árum reyndist líka.

Þetta tvennt, bæði hernámið 1940 og síðan vera hersins og þau miklu umsvif, sem urðu í Keflavík, — þetta tvennt varð til þess að raska mjög jafnvægi í byggð landsins, flytja fólkið til, og ég er ósköp hræddur um, að það sama sé að ske nú, og þó að það frv., sem hér er, sé allra góðra gjalda vert, þá verði það þó til lítils í því að vega þar upp á móti. Því miður er nú svo komið, að byggðin er að færast á eitt landshorn, þ. e. Reykjavík og næstu sveitir. Hér í Reykjavík og næstu sveitum býr orðið meira en helmingur landsmanna. Það býr orðið meira en helmingur landsmanna hér, og manni sýnist, að það fari ekki minnkandi. Aftur á móti er ástandið þannig úti um landið, að þar virðist fækka fólkinu. Ég segi ekki, að því fækki beinlínis að tölunni til, en því fækkar hlutfallslega miðað við þá fjölgun, sem annars er í landinu. Og það er sú hætta, sem yfir okkur vofir og hefur lengi vofað yfir, en við ættum að vera farnir að þekkja. Og sá sogkraftur, sem héðan kemur að sunnan, hann mun sízt minnka núna, þegar þessar miklu álbræðsluframkvæmdir koma til sögunnar.

Það berast fréttir af því norðan af Akureyri, að nú þegar sé farið að hringja í vinnumálaskrifstofuna þar, ekki bara úr Akureyrarbæ, heldur líka úr nágrannabyggðunum, og spyrjast fyrir um vinnuna hér syðra. Menn fylgjast með því, hvað er að gerast í atvinnumálunum, og þangað leitar fólkið, sem það hefur mesta von um vinnu, og ég efast ekki um, að það verður eitt meiri háttar „rennirí" af verkafólki norðan úr landi og hingað suður.

En hvað sem því líður, ég tek þessu frv. vel og vona, að það, eins og það er að höfuðstefnu, nái fram að ganga. Lengra verður víst ekki komizt í bili í þessu máli. En ég geri mér ekki neinar gyllivonir um, að það verði til þess að valda straumhvörfum í því, sem við höfum lengi átt í höggi við, sem sé að fólkið flytji hingað suður í einn stað og að atvinnan aftur á móti og atvinnuuppbyggingin sé lítil og ótraust úti um landið. Ég óttast því miður, að þetta frv. verði ekki til þess að valda neinum straumhvörfum í því, ekki sízt þegar það ber að höndum samtímis þessum stórkostlegu framkvæmdum, sem nú er um að ræða og við allir þekkjum og munu hafa það í för með sér, að þúsundir manna flytja sig til í landinu á næstu árum.

Ég skal svo ekki hafa þessi orð fleiri, — en geri ráð fyrir því, að þetta mál gangi til nefndar, og væntanlega verður það rætt þar og þá fluttar brtt. Sjálfur hef ég engar brtt. að flytja á þessu stigi.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Mig minnir, að það hafi verið einhver um daginn, sem kallaði þetta frv. „samvizkubit ríkisstj." í sambandi við alúmínmálið. En ég verð að segja, að hún hefur ekki mikið samvizkubit, ef þetta er allt, sem hún ætlar að gera í sambandi við þá ráðstöfun, sem nú er gerð í viðbót við allt annað til þess að reyna að tæma dreifbýlið á Íslandi. Við verðum að gá að því, þegar við erum að ræða um mál eins og vandamál dreifbýlisins, að þarna er að verki ákaflega frumstæður og sterkur kraftur. Þetta er afl, sem er ekki neitt sérstakt íslenzkt fyrirbrigði. Þetta er fyrirbrigði, sem á sér stað alls staðar, þar sem iðnaðarþróun er. Þar dregst fólkið saman á einn stað, og það, sem veldur þessu, er það miskunnarlausa lögmál peninganna, að þegar atvinnulíf er eingöngu hugsað út frá gróða, þá er langpraktískast að hafa þetta allt saman á einum stað, a. m. k. á meðan borgirnar eru ekki orðnar svo stórar, að umferðarvandamálin í þeim verði svo ægileg, að það hreki þá aftur til þess að fara að dreifa þessu dálitið. ljósa orsökina í þessu og síðan reyna að ráða við það afl, sem er svona sterkt í okkar kapítalíska þjóðfélagi, sem dregur fólkið svona ómótstæðilega hingað suður á þennan litla blett í landinu, þá verðum við fyrst að gera okkur ljósa orsökina í þessu og síðan reyna að ráða við afleiðingarnar, og orsakirnar eru beinlínis þessar, að gróðavonin rekur menn til þess að safna fyrirtækjunum hérna saman. Sá náttúrlegi grundvöllur er sjálf gullkista Faxaflóa, og síðan, þegar sjávarútvegurinn skapar möguleika fyrir bæjarmyndun hér, þá skapast iðnaðurinn hér fyrst og fremst. Hér er höfuðborgin, hér eru settar niður bankastofnanirnar, hér safnast auðurinn, auðmennirnir, sem þetta eiga, þennan auð eiga þeir og ráða honum, þeir festa fyrirtækin, þar sem það er praktískast frá þeirra sjónarmiði og getur gefið mesta gróðavon, og þannig hleðst sífellt utan á þetta eins og snjóbolta, sem veltur niður hlíð. Og við sáum það núna seinast, þegar svissneski alúmínhringurinn á að fara að ráða því, hvar hann ætlar að festa sitt fé, þá segir hann: **Það er langhagkvæmast**, það er langódýrast fyrir mig að gera það hérna, hér vil ég hafa hann. — Ef menn ekki treysta sér til þess að taka stjórnina á þessum straumi og ráða því, hvar fjárfestingin er, hvar fyrirtækin eru staðsett, þá ráða menn ekki við þetta. Það er það, sem er grundvöllurinn að því, það er að ákveða staðsetningu fyrirtækjanna og verða meira að segja stundum að gera það án þess að hugsa um augnabliksgróða. Þetta er það, sem var gert 1944 á vissum sviðum með sæmilegum árangri, og þetta er það, sem verður að gera hérna, ef það á að vera nokkurt vit í þessu. Þetta er það, sem var lagt til og var samþykkt, þegar vinstri stjórnin var mynduð, að skyldi verða gert, en brást, af því að Framsókn hafði þá ekki skilning á því, að það var alveg óhjákvæmilegt að hafa svona heildarstjórn á fjárfestingarmálunum, ef maður ætlaði að reyna að bjarga dreifbýlinu. Hún er kannske búin að fá hann núna, enda eru 7 ár, sem hún er nú búin að vera í stjórnaraðstöðu.

En þó fannst mér það undarlegt, að hv. fulltrúar Framsfl. skyldu nú vera að lýsa yfir að einhverju leyti, að þetta frv. væri eins og endursköpun á þeirra gamla frv. Mér fannst það satt að segja alltaf lélegt frv. hjá Framsókn og finnst þetta lítið betra. Engu að síður, í svona hallæri eins og er, þá náttúrlega meta menn hvað sem er. En hitt vil ég láta koma fram,

að þó að ég efist ekki um góðan vilja, ekki síst hjá hæstv. fjmrh., í þessum efnum, þá þarf miklu, miklu róttækari ráðstafanir. Þetta hjálpar svo hverfandi lítið.

Setjið ykkur bara eitt augnablik í þau spor, að við hefðum haft undanfarin ár sama síldarleysi og ekki haft kraftblökkina og radarinn og síldarmoksturinn, hvernig farið hefði um Norðurland og Austurland. Norðurland er að vísu í sömu vandræðum og var, Austurland heldur þó í og meira að segja heldur eykst. Setjið ykkur þá í þau spor, hvernig þetta mundi allt saman hafa verið hjá okkur. Það voru að koma út Hagtíðindi *núna fyrir nokkrum dögum*, þar sem var verið enn einu sinni að skýra frá, hvernig hlutfallið væri með byggðina í landinu, og það var annað sérstaklega eftirtektarvert í þeim Hagtíðindum. Það kom nú ekki aðeins í ljós þar, að í Reykjavík, Kópavogi og Hafnarfirði er meiri hluti Íslendinga nú þegar, heldur líka hitt, að hlutföllin á milli unga fólksins og gamla fólksins á þessu svæði, þessu litla 10 km langa svæði, hér og úti um land, þau eru alveg hræðileg. Það er auðséð, að af sjálfu sér skekkist þetta hlutfall meira og meira á næstu áratugum, þó að það takist að stöðva strauminn núna, vegna þess, hve miklu yngra það fólk er, sem er hér syðra nú, ekki síst ef t. d. eru tekin hlutföll í Kópavogi annars vegar og í sumum sýslum hins vegar. Þarna er því um mál að ræða, sem verður að taka með heildarstjórn á sjálfri fjárfestingunni, og það þýðir sama sem yfirstjórn á útlánum bankanna, á stefnunni í útlánum bankanna, og það er ekkert annað og minna, sem getur dugað til þess að snúa þessum straumi að einhverju leyti við.

Það er sjálfsagt að vera með svona frv., borða líka skóbætur, þegar hallæri er. En það, sem hefði þurft að gera, var að gera þarna stórfellda breytingu eitthvað í þá átt að taka heildarstjórn á fjárfestingunni. Það er oft búið að minnast á það á undanförnum árum. Alþfl. hefur hvað eftir annað lýst sig fylgjandi slíku Framsfl. er farinn að lýsa því yfir í orði kveðnu, að hann standi með því. Ég veit ekki, hve lengi Sjálfstfl. ætlar að bíða í þessum efnum. Meginið af sæmilega frjálslyndum borgaraflokkum í Evrópu er þegar komið inn á þá stefnu, að það sé ómögulegt að ætla að ráða við nútíma atvinnulíf með öðru móti heldur en að gera slíkt, og hæstv. ráðh. Sjálfstfl. hafa áður sjálfir tekið þátt í slíkri starfsemi.

Mér liggur stundum við að halda, að það, sem sé meinið þarna, sé, að hæstv. ríkisstj. hafi svo slæma sérfræðinga, hennar hagfræðingar hafi svo lítið vit á þessum málum, að þeir hangi enn þá yfir gömlum 19. aldar hugmyndum, jafnvel um frjálsa samkeppni og annað slíkt, þegar þorrinn af hákapítalískum ríkjum í Evrópu, eins og Frakkland eða Noregur eða slík, er kominn inn á að stjórna efnahagsmálunum meira eða minna með heildarstjórn á fjárfestingunni. Það hefði þess vegna verið mjög æskilegt, að í staðinn fyrir þetta litla frv., sem er góðra gjalda vert, það sem það nær, hefðum við fengið frv., stórt í sniðum, til þess að reyna að breyta þessum straumi. Ég minntist á þetta hér, þegar frv. um framkvæmdasjóð, sem nú er afgreitt frá okkur, var til umr., en það er því miður enn eins og að berja höfðinu við steininn að reyna að koma viti fyrir menn með þetta. En helzt væri þess þó að vænta einmitt, að þeir hv. þm. og þeir hæstv. ráðh., sem sjálfir eru frá dreifbýlishéruðunum, fengjust til þess að taka þetta upp, og ég vildi mjög skjóta því til hæstv. fjmrh., hvort ekki mundi vera hægt hér í þinginu að ná einhverju samstarfi um ráðstafanir af viti í þessum efnum, — ráðstafanir, sem ekki mundu heimta neitt fé úr ríkissjóði. Ég skil vel, að það getur verið fyrir *mann, sem vill passa vel upp á* ríkissjóð, erfitt að vera að láta stórfé úr honum til slíks, enda er það alls ekki aðalatriðið. Hitt er miklu stærra atriði, í hvaða átt sjálfum lánveitingum bankanna er beint. Það er það, sem þarf að stjórna, í staðinn fyrir að moka því til þeirra, sem hafa aðstöðuna bezta hérna í Reykjavík, og hlaða hér hvað ofan á annað. Við skulum nefna sem dæmi um vitleysuna, sem á sér stað hérna í Reykjavík, ef það er rétt, að Einar okkar Sigurðsson ríki ætli að fara að setja upp umbúðaverksmiðju hérna til þess að fá tvöfaldar vélar í sambandi við það að framleiða umbúðir utan um hraðfrysta fiskinn. Fjárfestingin hér í Reykjavík hefur oft verið vitlaus og fer síversnandi, þannig að það væri hægt að spara alveg stórkostlega með því að taka völdin af svo og svo stórum hluta hvað snertir bankalánin og veita því út á land, til þess að forða Reykvíkingum frá þeirri vitleysu, sem alltaf er verið að gera hérna í sambandi við slíkar ráðstafanir. Það að láta þessa hluti ganga svona áfram stjórnlaust og án heildaryfirsýnar þýðir fyrr eða seinna „katastrófu" fyrir þjóðfélagið, svo að ég tali ekki um „katastrófuna", sem verst er, og það er ef við ætlum vitandi vits að tæma meira og meira dreifbýlið og gerbreyta þannig þjóðinni, því að það verður ekki sama þjóðin, sem vex upp hérna, eins og sú, sem hefur búið og býr við og berst við erfiðleikana úti um allt land. Þess vegna held ég, að það ætti, hvað sem allar skoðanir snertir, að reyna að fá samkomulag um að stíga stærra skref en þetta, sem vafalaust er stigið af góðum vilja, til þess að breyta þeirri hættulegu þróun, sem allir sjá, en menn glápa á án þess að gera þær ráðstafanir gegn, sem óhjákvæmilegar eru.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Ég vil þakka þeim tveimur hv. þm., sem hér hafa talað um þetta mál, fyrir þeirra undirtektir. Að vísu voru þeir ekki ánægðir með málið að öllu leyti, sem ég heldur aldrei bjóst við, en þeir ræddu það af hófsemi og skilningi, og ber að virða það og þakka. Það hefði vissulega verið fróðlegt að ræða mörg atriði í þeirra máli, en það skal ég ekki gera, vegna þess að það ríður á að koma áleiðis ýmsum málum, og gefst þá kannske einnig kostur á að ræða það frekar.

Varðandi þær hugleiðingar, sem hv. 3. þm. Reykv. hér varpaði fram í sinni ræðu, var það vissulega allrar athygli vert, sem þar kom fram. Samvizkubitinu skulum við nú sleppa út af fyrir sig, því að ég mundi segja, að frv. væri

allt of stórt, ef það ætti að vera í réttu hlutfalli við samvizkubitið, því að það er ekki til staðar, en því mun annars varpað fram fremur til gamans. En það, sem hv. sagði um skipulag og um vandamál strjálbýlis og þéttbýlis, það er vissulega alveg efnislega rétt. Þetta er vandi, sem allar þjóðir eiga við að glíma og það ekki síður hinar ríku þjóðir, og t. d. hin háiðnvæddu lönd eiga alveg sérstaklega við þennan vanda að glíma, þær þjóðir einmitt, sem eru hvað ríkastar í heiminum, og það er hvarvetna miklum erfiðleikum háð að vega hér upp á móti. Hitt er annað mál, sem ég held að við verðum um leið að gera okkur grein fyrir, þó að ég viti, að við erum allir sammála um það, að nauðsynlegt sé að koma í veg fyrir samdrátt byggðarinnar, þá getum við ekki heldur horft fram hjá því, sem einnig á sinn þátt í þessari þróun í öllum löndum, en það er einmitt krafa fólksins um batnandi lífskjör. Endurskipulaging atvinnuvega á þann hátt að byggja upp stórrekstur í æ ríkari mæli hjá hinum iðnvæddu þjóðfélögum hefur leitt til þessarar þróunar. Við skulum gera okkur grein fyrir því einnig hér á Íslandi, þó að við allir viljum vinna að því að dreifa byggðinni, að þá er frumkrafa þjóðarinnar sú að búa við sem bezt lífskjör, og okkur hefur sem betur fer á undanförnum árum, — við getum látið það liggja milli hluta hér, hverjum það er að þakka, — þá hefur okkur tekizt að bæta hér lífskjör þjóðarinnar meira en nokkru sinni áður, sem er vissulega gleðilegt. Og undirstaða þess, að það sé hægt að ráðast í stórvirki til þess að jafna hlut strjálbýlisins, er þó það, að afkoma þjóðarheildarinnar sé orðin það góð, m. a. með arðbærum atvinnurekstri, sem lýtur að sjálfsögðu lögmálum arðbærisins fyrst og fremst, að það sé fyrir hendi slíkt fjármagn hjá þjóðinni, að hún geti lagt þarna meira af mörkum. Og m. a. sýnir þetta frv. það, þó að hv. þm. kunni ekki allir að vera ánægðir með það, að þar er beinlínis gert ráð fyrir, að fjármagn, sem þjóðinni áskotnast með sérstökum hætti, verði nú notað til þess að leggja nokkurt lóð til þess að vega upp þann mismun, sem uppbygging iðnþróunar kynni annars að hafa í för með sér. Það er alveg rétt, sem hefur komið hér fram, að gallinn á þessu er auðvitað sá, að það er oftast nær hægt að sýna reikningslega fram á, að það sé hagkvæmast að setja fyrirtækin upp, þar sem þéttbýli er fyrir. Vandinn er svo aftur sá, hvað við getum gengið langt í því að knýja atvinnurekstrinn út á þau svið og þau svæði, þar sem ekki er eins arðbært að reka þau, án þess að ganga svo langt, að það komi út í minni afrakstri fyrir þjóðarbúið. Þetta er ekki íslenzkt vandamál, en eins og ég sagði, þetta er vandamál, sem margar þjóðir hafa átt við að glíma, og auðvitað því efnaðri sem þær eru, því betri aðstöðu hafa þær til þess að sporna hér við fótum, og ég vona það innilega, að við getum í ríkari mæli — og það ekki af neinu samvizkubiti, heldur vegna þess, að við höfum efni á því, einmitt vegna vaxandi framleiðslu og vaxandi möguleika okkar á atvinnusviðinu, — þá getum við í æ ríkari mæli stuðlað að því að leggja fram fé til þess, að þetta jafnvægi raskist ekki um of.

Ég kem þá enn og aftur að því, sem ég sagði í minni frumræðu, að hér er ekki eingöngu um atvinnumál að ræða. Við sjáum það alveg glöggt, t. d. á Austurlandi, þar sem er meiri velmegun en kannske nokkurs staðar annars á landinu og hærri meðaltekjur fólks, þá hefur samt ásóknin í að flytja í þéttbýlið síður en svo minnkað, jafnvel aukizt. Og þessa sögu er víðar hægt að segja, vegna þess að þá gerir fólkið kröfu til aukinna þæginda og þá verður að taka málið á breiðari grundvelli en eingöngu atvinnulega. Þess vegna er mikil nauðsyn, eins og hv. 3. þm. Reykv. sagði, að gera áætlanir, ekki aðeins á atvinnusviðinu, heldur einnig félags- og menningarlega, og ég álít, að það sé ekki með fullri sanngirni hægt að segja það, nema síður sé, að það sé látið arka að auðnu með það, því að það er fyrst núna á síðustu árum, sem eru hafnar kerfisbundnar áætlunargerðir. Bæði hefur ríkið sjálft gert í fyrsta skipti nú síðustu árin áætlanir um sínar eigin framkvæmdir, auk þess eru þær svæðaáætlanir, sem hér er verið að gera. Það er verið að vinna að sérstökum áætlunum núna einmitt varðandi uppbyggingu menntamála næstu árin, sem er mjög brýn nauðsyn að vinna að, og á fleiri sviðum þarf að sjálfsögðu að gera slíkar áætlanir. Þetta kemur auðvitað ekki allt í einu, og það er margt, sem þarf á að líta, en þetta verður að sjálfsögðu að þróast í þá átt, að það sé ekki eingöngu handahófskennt, — það get ég fullkomlega tekið undir, — og það er svo aftur önnur saga, hvað hægt er að ganga langt í þessu efni. En þetta frv., þó að mönnum kunni sumum að þykja það lítið í sniðum, þá legg ég þó áherzlu á, að starfað verði eftir áætlunargerð um uppbyggingu ákveðinna landshluta, og það tel ég vera ákaflega jákvæðan þátt í þessu máli og þátt, sem er umfram það, sem áður hefur verið í þeim frv., sem flutt hafa verið. Hvort sem þetta frv. svo er skuggi af frv. Framsfl., eins og ágætur samþingismaður minn sagði hér í þessari deild, eða bergmál af þeim, eins og annar ágætur samþingismaður minn úr sama kjördæmi sagði í Ed., það skal ég alveg láta liggja á milli hluta. Ég held, að það þjóni ekki ákaflega miklu, ef á að fara að rekja það lengra aftur í tímann. Það vildi nú svo til, að ég flutti sjálfur ásamt fleiri þm. fimm sinnum frv. um þetta mál, áður en frv. þeirra framsóknarmanna sáu dagsins ljós, en ég sé ekki heldur, að það þjóni neinu að vera að vitna í það. Það er ágætt, ef augu manna opnast fyrir því, að það sé nauðsynlegt að starfa að þessu með skipulagsbundnum hætti, en ekki með einhverju fálmi út í loftið, að gera þetta í þetta skiptið og annað í hitt skiptið, án þess að þar sé nokkurt samræmi í vinnubrögðum. Þess vegna vona ég, að hvað sem öðru líður, getum við nú verið sammála um, að þetta sé þó mikilvægt spor í þá átt að vinna að þessum málum með skipulagsbundnum hætti.

Ég ætla ekki að fara að ræða um áhrif álbræðslu. Ég býst við, að hv. þm. í þessari d. séu orðnir nægilega þreyttir á því og ég verði væntanlega nægilega þreyttur á því í Ed. að ræða það, þegar þar að kemur. En mér finnst

nú minn ágæti samþingismaður úr Norðurl. e., vera nokkuð róttækur í skoðunum, þegar hann heldur, að það muni leiða af sér svipaða tilflutninga og hervinnan hér á stríðsárunum, þó að sé reist verksmiðja, sem í mesta lagi er talin taka 500 manns í vinnu, miðað við þá fjölgun, sem verður á fólki bæði hér og annars staðar á landinu á næstu árum. Auk þess tók ég eftir því, ég held það hafi verið í hinu ágæta málgagni Framsfl. á Akureyri, þar sem var skýrt frá því, að væri farið að hringja í vinnumiðlunarskrifstofu þar og spyrja eftir vinnu syðra. En það fylgdi líka með, að það væri spurt eftir því, hvort þar væri ekki hærra kaup, og það hefur aldrei verið meiningin, að það yrðu greidd hærri laun hér. Auðvitað er hægt að skapa jafnvægisleysi í þjóðfélaginu, og það jafnvægisleysi er þegar fyrir hendi, við skulum gera okkur grein fyrir því. Yfirborganir hér í Reykjavík í byggingariðnaði t. d. eru miklu meiri en annars staðar á landinu, ef þær þá þekkjast þar, nema kannske á Austurlandi, þar sem spennan hefur verið hvað mest, og auðvitað laðast fólk þangað, sem um yfirvinnuna er að ræða. Það hefur verið til staðar hér í nokkur ár, að slíkt ástand hafi verið fyrir hendi. En að öðru leyti skal ég ekki fara út í þessa álbræðslu hér við þessa umr. Það er rétt, að tekjurnar af henni fara ekki að koma fyrr en eftir nokkur ár, og það er ástæðan til þess, að fyrstu árin er gert ráð fyrir því einmitt, að aðrir tekjustofnar atvinnujöfnunarsjóðsins komi til. Og ég vil endurtaka það og leggja á það áherzlu, að ég tel sjálfsagt, eftir því einmitt sem áætlanir gefa til kynna, bæði fyrir einstaka staði og heil byggðarlög, að þá verði notuð heimild laganna til þess að afla lánsfjár, eftir því sem þörf krefur, til viðbótar því, sem aðrir stofnlánasjóðir að sjálfsögðu eiga og er skylt að leggja fram ekki síður á þessa staði en aðra á landinu.

Þessi sjóður má alls ekki verða til þess að létta af öðrum stofnlánasjóðum, þannig að þeir skjóti sér undan að lána til framkvæmda í þessum landshlutum. Til allrar hamingju er það nú svo, að atvinna hefur víðast hvar verið næg um landið. Það hafa verið erfiðleikar sérstaklega norðanlands, sem við þekkjum, sem þaðan erum, vegna þess að aflabrestur hefur þar verið, og erfiðleikarnir hafa fyrst og fremst stafað af því, því að á flestum þessum stöðum mundu vera næg atvinnutæki til þess að veita öllum atvinnu, ef aflann skorti ekki. Þarna stöndum við andspænis mjög alvarlegu vandamáli og vandamáli, sem í rauninni sjóður sem þessi leysir ekki nema þá með bráðabirgðaaðstoð, því að það er líka alvörumál að ætla að hverfa frá uppbyggingu á einum stað, sem aðallega hefur miðað, eins og nú hefur verið, að sjávarútvegi, og fara að byggja upp ný fyrirtæki til þess að veita fólkinu þar atvinnu, þannig að ef svo fiskafli legðist að landi, sem oftast nær skilar þó mestum hagnaðinum og er arðbærastur, fengist ekki fólk til að vinna í fiskiðjuverunum. Þarna er um að ræða mikinn vanda og erfiðleika, sem eru sérstaks eðlis og við að sjálfsögðu verðum að vona að verði ekki til langframa, að fiskur komi alls ekki að einum landshluta. Þetta hefur flutzt til, eins og við þekkjum um síldina, kann að gera það aftur, en þetta sýnir okkur einungis einn erfiðleikann, sem er við alla uppbyggingu í þessu landi og gerir líka áætlunargerð ósköp erfiða, að við vitum svo ákaflega takmarkað frá einu ári til annars, hvað við fáum í aðra hönd, einmitt vegna þess, hvað við byggjum á hráefni, sem við ráðum sáralítið eða ekkert yfir.

Ég mun svo ekki, herra forseti, lengja þessar umr. meira, en endurtek það, að ég fagna því, að hv. þm., sem hér hafa talað, hafa tekið efnislega vel undir málið, og ég vonast til, að það verði greitt svo fyrir því, að það geti orðið afgr., áður en þessu þingi líkur.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 29 shlj. atkv. og til fjhn. með 29 shlj. atkv.

Á 78. fundi í Nd., 26. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 80. fundi Nd., 28. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 536, n. 578, 590 og 613, 591, 597).

Frsm. meiri hl. (Jónas G. Rafnar): Herra forseti. Frv. þetta var lagt fram í hv. Ed., og gerði deildin engar verulegar breytingar á frumvarpinu.

Í aprílmánuði 1962 voru samþ. hér á hv. Alþ. lög um atvinnubótasjóð. Hlutverk sjóðsins var að veita lán eða styrki til þess að auka framleiðslu á þeim stöðum í landinu, þar sem þörfin er brýnust, og stuðla þannig að aukinni atvinnu og jafnvægi í byggð landsins. Stofnfé sjóðsins var þá ákveðið 100 millj. kr., sem greiddust með jöfnum greiðslum á næstu 10 árum, og eftirstöðvar lána þeirra, sem veitt höfðu verið til þess að bæta úr atvinnuörðugleikum á vissum stöðum á landinu. Sjóður þessi hefur síðar komið að verulegum notum, þar sem lánveitingar hans eða styrkir hafa oft og tíðum ráðið úrslitum um það, hvort unnt hefur verið að stofnsetja fyrirtæki úti um land, og einnig orðið til þess að hjálpa til í sambandi við rekstur margra fyrirtækja.

Með þessu frv., sem hér liggur nú fyrir, er lagt til af hálfu hæstv. ríkisstj., að stofnaður verði nýr sjóður, atvinnujöfnunarsjóður, sem taki að sér fyrrgreint hlutverk, að veita lán og styrki til framkvæmda í þeim landshlutum, þar sem brýn þörf er fjölbreyttara atvinnulífs. Er það í samræmi við yfirlýsta stefnu ríkisstj. um, að unnið verði eftirleiðis með skipulegri hætti að þessu nauðsynjamáli jafnframt því, sem ráðstöfunarfé í þessu skyni verði stóraukið frá því, sem verið hefur. Það er gert ráð fyrir því í stuttu máli, að stofnfé sjóðsins verði eignir atvinnubótasjóðs, sem námu á síðustu áramótum kringum 116 millj. kr. Þá er framlag úr ríkissjóði, 15 millj. kr., á næstu 10 árum, í fyrsta sinn nú á þessu ári, 55 millj. kr. af mótvirði óafturkræfs framlags Bandaríkjastjórnar 1960, sem greitt verður á árunum 1966—1969, 43 millj. af eftirstöðvum mótvirðissjóðs, sem greiða átti til Framkvæmdabanka Íslands, og komi þetta fé til ráðstöfunar á næstu 4 árum. Þá er einnig lagt

til, að sjóðurinn fái meginhlutann af skattgjaldi væntanlegrar álbræðslu við Straumsvík, sem gera má ráð fyrir að taki til starfa á árinu 1970.

Eins og fram kemur í aths. við frv., mun ráðstöfunarfé sjóðsins af eigin fjármunum nema á yfirstandandi ári 44 millj., á næsta ári 50 millj., og það fer síðan ört hækkandi og verður í kringum 112 millj. á árinu 1975.

Í 6. gr. frv. er veitt heimild til lántöku hjá framkvæmdasjóði ríkisins, og einnig er þar veitt heimild til þess, að sjóðurinn megi taka allt að 300 millj. kr. erlent lán. Ef þessar heimildir verða notaðar, mun geta sjóðsins að sjálfsögðu mjög mikið aukast.

Fjhn. hefur athugað frv. efnislega, og allir nm. hafa lýst yfir stuðningi sínum við frv. En minni hl. n. hefur þó kosið að skila séráliti, og einnig flytur hann nokkrar brtt. við frv. Hins vegar leggur meiri hl. n. til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Frsm. 1. minni hl. (Lúðvík Jósefsson): Herra forseti. Ég hef kosið að gera grein fyrir afstöðu minni til þessa frv. í sérstöku nál., sem prentað er á þskj. 590. Í því kemur fram, að ég get stutt frv., svo langt sem það nær, en tel hins vegar, að miklu meira þurfi til að koma, til þess að verulegur árangur eigi að fást til lausnar á þeim vandamálum, sem við er glímt í sambandi við flutning á þessu frv. Með þessu frv. er að vísu gert ráð fyrir því, að nokkru meira fjármagn gangi til stuðnings byggðarlögum úti á landi, þar sem skortur er á atvinnu, heldur en verið hefur nú um nokkra hríð. En þó er hér ekki um neinar stórbreytingar að ræða frá því, sem verið hefur. Og sérstaklega er það ljóst, að breytingarnar koma tiltölulega seint, og ef það er svo haft í huga, að einmitt nú er verið að gera ráðstafanir til þess að efna til stórframkvæmda hér í aðalþéttbýli landsins, er ósköp hætt við því, að sá fjárstuðningur, sem yrði samkv. þessu frv., kæmi að harla litlu gagni til þess að vega á móti þeim áhrifum, sem þær miklu framkvæmdir hlytu að hafa á byggðajafnvægið í landinu. Ég tel, að með sérstöku tilliti til þessara stórframkvæmda þurfi að taka hér miklu rösklegar til hendinni en gert er samkv. þessu frv. Þó legg ég á það höfuðáherzlu í sambandi við það vandamál, sem hér er um að ræða, að ég tel, að það sé ófullnægjandi með öllu að treysta á hjálparsjóð svipaðan þeim, sem gert er ráð fyrir að mynda samkv. þessu frv., sem hefði það hlutverk að veita aðstoðarlán eða viðbótarlán og í vissum tilfellum nokkra styrki. Ég held, að ef á að takast að stöðva fólksflóttann utan af landi, þá þurfi að koma til miklu samfelldari ráðstafanir af hálfu hins opinbera heldur en slíkar styrkja- eða lánveitingar sem hér er um að ræða.

Það, sem sérstaklega mundi koma að gagni að mínum dómi, væri, að yfirstjórn fjárfestingarmála í landinu væri með þeim hætti, að samkv. yfirlögðu ráði yrði að því stefnt að byggja upp atvinnulífið á raunhæfan hátt víða úti á landi, þar sem fólkinu fækkar nú mest og þar sem mest þrengir að í þessum efnum nú. Það er enginn vafi á því, að það þarf að gera stórfelldar ráðstafanir varðandi framkvæmdir í landinu og uppbyggingu atvinnulífsins til frambúðar á þann hátt, að að því sé stefnt að treysta undirstöðurnar einmitt í þeim landshlutum, þar sem hin atvinnulega undirbygging er veikust nú. Þetta er gert að meira eða minna leyti í ýmsum nálægum löndum, þar sem upp hafa komið vandamál af svipuðu tagi og það, sem við glímum við í þessum efnum. Það er alkunna, að t. d. í Bretlandi er það þannig, að ýmsum fyrirtækjum stendur þar til boða að fá tiltölulega hagstæð framkvæmdalán og jafnvel beina styrki og ákveðin skattfríðindi, ef þau ráðast í byggingu á sínum verksmiðjum í þeim héruðum landsins, þar sem erfiðleikar eru af þessu tagi, en slík fyrirtæki eiga hins vegar ekki kost á því að fá stofnlán til sinna framkvæmda, ef þau hugsa sér að byggja sínar verksmiðjur í þéttbýlinu. Enn þá sterkari tökum eru þessi mál tekin víða annars staðar, þar sem settar eru á stofn stofnanir af hálfu hins opinbera, sem hafa mikil fjárráð og geta beinlínis staðið fyrir uppbyggingunni og fylgt á eftir þeim rekstri, sem er verið að byggja upp. Ráðstafanir af þessu tagi, held ég, að þurfi að koma til frá okkar hálfu, jafnhliða því sem gerðar væru síðan ráðstafanir á ýmsum öðrum sviðum en beinlínis á atvinnumálasviðinu, t. d. varðandi menningarmál eða skólamál almennt, einnig varðandi ýmiss konar þjónustu. Ef skipulega væri unnið að því að leysa vandamál landsbyggðarinnar á þessum sviðum fyllilega til jafns við það, sem þekkist í fjölbýlinu, en ekki gera strjálbýlið á þann hátt háð fjölbýlinu í þeim efnum öllum, eins og það er nú, þá held ég, að það mundi takast að snúa straumnum við.

En þótt um sé að ræða hjálparsjóð, sem getur lánað út á ári hverju 30 millj. eða 40 millj., sem dreift verður til margra aðila sem smávægileg viðbótarlán eða styrkir til þess að halda uppi atvinnu, í mörgum tilfellum í mjög svipuðu formi og verið hefur, slíkar ráðstafanir held ég, að komi að harla litlu gagni, enda höfum við beinlínis fyrir augum okkar reynsluna af slíkum ráðstöfunum. Ég vil þó ekki segja, að sjóður svipaður þeim, sem hér er gert ráð fyrir að byggja upp, geti ekki komið að nokkru gagni og auðvitað því meira gagni, sem hann ræður yfir meira fjármagni. En ég held þó, að Alþ. þurfi að gera sér grein fyrir því, að þessi miklu vandamál varðandi misvægið í byggð landsins verða ekki leyst eftir þessari styrkjaleið. Það þarf að taka þau allt öðrum tökum. Það bætir lítið úr að mála upp á óraunhæfan hátt það, sem raunverulega er verið að gera í þessum efnum. Hér eru menn t. d. í sambandi við þetta mál að reikna út alllangt fram í tímann, a. m. k. 1—2 áratugi, hvað geti komið há fjárhæð út úr þeim fjárveitingum, sem hér er verið að ákveða, og á þann hátt er auðvitað, þegar 10—20 ár eru lögð til grundvallar, hægt að fá allmyndarlega fjárupphæð út úr dæminu, og svo er þessu hampað og í það látið skína, að hér muni nú um tiltektirnar. Þannig er þessu t. d. varið í sambandi við uppsetningu 2. gr. þessa frv. B-liður gr. er um það, að framlag ríkissjóðs skuli

vera 150 millj. kr., sem greiðist með jöfnum fjárhæðum á næstu 10 árum, í fyrsta sinn á árinu 1966. En framlagið til atvinnubótasjóðs, sem starfað hefur að sama verkefni, er t. d. á fjárl. nú 15 millj. kr., og fjárveitingar til þessa sjóðs hafa um langan tíma verið mjög nærri þessari upphæð. Það breytir því engu að leggja þetta nú saman fram í tímann í 10 ár og fá þannig út 150 millj. kr. og halda slíku á loft, því að það gefur aðeins falskar vonir. Sannleikurinn er sá að ég teldi í rauninni miklu eðlilegra að tilgreina, að framlag á fjárl. skyldi nú vera 15 millj. kr., því að ef verðlagsþróunin verður eitthvað svipuð á næstu 10 árum eins og hún hefur verið á næstliðnum 10 árum, þyrftu auðvitað þessar 15 millj. að vera orðnar að 30 millj. á ári a. m. k.. ef hin raunverulega fjárveiting ætti að koma að hliðstæðum notum þá eins og 15 millj. kr. fjárveitingin gerir nú. En það er rétt, það er þó gert ráð fyrir í þessu frv. að auka framlögin til þessa sjóðs frá því, sem verið hefur, og það ber vitanlega að fagna því út af fyrir sig.

Ég hef leyft mér að flytja hér brtt. við frv. á þskj. 591. Það eru sams konar till. og hv. 4. þm. Norðurl. e. flutti í Ed., þegar þetta mál var þar til afgreiðslu. Samkv. þeim till. er gert ráð fyrir að auka tekjur þessa sjóðs talsvert frá því, sem lagt er til í frv., m. a. að sjóðurinn fái nú þegar 100 millj. kr. af því fé, sem geymt er á bundnum reikningi í Seðlabankanum. Þetta fé er til staðar, og það er hægt að verja því í þessu skyni, ef vilji er fyrir hendi, og ég sé enga ástæðu til þess að binda þetta við aðeins 55 millj. kr. og gera síðan ráð fyrir því, að þessar 55 millj. kr. skuli greiddar sjóðnum á næstu 4 árum. Það er hægt að láta sjóðinn hafa allt þetta fé strax, og það mætti vera ríflegra en það er samkv. frumvarpinu.

Þá legg ég einnig til, að þessi sjóður fái fast framlag á fjárl., sem nemi 1½% af áætluðum skatt- og tolltekjum ríkissjóðs á viðkomandi fjárlagaári. Þessi tekjustofn mundi auka tekjur sjóðsins allverulega, og þó fer fjarri því að mínum dómi, að hér séu gerðar till. um nægilegt ráðstöfunarfé handa slíkum sjóði sem þessum ef hann ætti að geta leyst verkefni sitt vel af hendi.

Ég skal svo ekki fjölyrða frekar um þetta mál. Mál þetta hefur verið hér oft til umr. áður, dreifbýlisvandamálið, og skoðanir manna og flokka hafa komið fram í því. En með sérstöku tilliti til þess, sem nú er verið að gera í atvinnu- og efnahagsmálum landsins, og þar á ég fyrst og fremst við þær stóriðjuframkvæmdir, sem eru fyrirhugaðar hér í þéttbýlinu, er vitanlega nú enn þá meiri þörf en áður að gera myndarlegt átak í þessum efnum, annað tveggja að áætla þeim sjóði, sem á að veita stuðningslán og styrki, miklu meira fjármagn en gert er ráð fyrir í þessu frv. eða þá að unnið verði að því, sem ég teldi langsamlega þýðingarmest, að unnið yrði að því á skipulegan hátt að beina fjárfestingunni í ýmsum efnum til þeirra héraða, þar sem vandinn er mestur í þessum málum nú, en það er vitanlega hægt, ef yfirstjórn er á efnahagsmálum landsins, þá er hægt að vinna að lausn þessara mála eftir þeirri leið.

Ég vænti þess, að þær brtt. fáist nú samþ., sem ég flyt hér, en það skal þó tekið fram, að ég tel, að frv. stefni þó, það sem það er, í rétta átt.

Einar Ágústsson: Herra forseti. Í fjarveru frsm. okkar í 2. minni hl. fjhn. þessarar hv. d. þykir mér rétt að segja aðeins örfá orð um það nál., sem við höfum látið frá okkur fara á þskj. 613, svo og þær brtt., sem við flytjum við frv. á þskj. 597.

Þetta frv. er komið frá Ed., og fulltrúar Framsfl. í fjhn. þeirrar d. fluttu við frv., að ég hygg, 4 brtt. Þar af voru tvær samþ., sem ég tel að hafi verið báðar til bóta á frv., eins og það var lagt fram í sinni upphaflegu mynd. En tvær till. þeirra voru felldar, og það eru þær brtt., sem við hv. 1. þm. Norðurl. v. og ég höfum leyft okkur að taka upp við þessa umr. hér í Nd. Ég þarf ekki að hafa langa framsögu fyrir þessum brtt.

Þetta mál hefur nokkuð verið rætt, bæði í hv. Ed. og eins hér í þessari hv. þd., og það hefur komið fram í öllum þessum umr., að Framsfl. er efnislega samþykkur þessu frv., og þarf það út af fyrir sig engum á óvart að koma, þar sem vitað er, að þm. þess flokks hafa undanfarin 4 ár a. m. k. flutt frv. um skipulagðar ráðstafanir til þess að auka jafnvægi í byggð landsins hér á hv. Alþ. Þessi frv. um jafnvægissjóð, eins og þessir þm. kölluðu sjóðinn, sem þeir fluttu frv. um, hafa aldrei fengið hér jákvæða afgreiðslu, ýmist enga eða þá að þau hafa verið felld, og ég vil segja, að það er okkur framsóknarmönnum mikil ánægja að verða varir þeirrar hugarfarsbreytingar hjá hv. stjórnarliði, sem lýsir sér í þessu frv., sem hér er til umr., og er vissulega ástæða til þess að fagna því. Aðeins ber að harma, að allur sá tími skuli hafa verið látinn líða, sem þessi frv. hafa legið fyrir Alþ., án þess að neitt væri gert til framdráttar þessu máli.

Ég hygg, að það sé óþarfi fyrir mig hér að fara að tíunda þau rök, sem liggja að nauðsyn þess, að þessar skipulögðu ráðstafanir af hálfu ríkisvaldsins séu upp teknar. Hvort tveggja er, að þessi rök hafa margsinnis verið flutt hér á hv. Alþ., svo og hitt, að sýnilegt er nú, að þau hafa loksins borið árangur. Ég læt þess vegna nægja að gera örstutta grein fyrir þeim brtt., sem við flytjum á þskj. 597, en þær eru tvær, eins og ég áðan sagði.

Fyrri brtt. er við 3. gr. og fjallar um það, að a-liður gr. orðist svo, en þar er rætt um tekjur atvinnujöfnunarsjóðs, að tekjur skuli verða 2% af árlegum heildartekjum ríkissjóðs, í fyrsta sinn 1967, og miðast framlagið hvert ár við tekjurnar, eins og þær voru áætlaðar samkv. fjárl. næstliðins árs. Við teljum, að það sé réttara, að tekjur sjóðsins séu miðaðar við ákveðinn hundraðshluta af fjárl. og þær greiðist úr ríkissjóði beint, frekar en hafa þann hátt á, sem frv. gerir ráð fyrir, að láta tekjur af álbræðslu ganga til sjóðsins. Með því fyrirkomulagi, sem við leggjum til, teljum við betur tryggt, að dýrtíðin geri ekki framlagið minna með hverju árinu sem líður, eins og ávallt er hætta á með þær fjárhæðir, sem ákveðnar eru með öðrum hætti en hlutfalls-

reikningi, auk þess sem við bendum á, að tekjur af álbræðslu verða ekki handbærar fyrr en eftir 3 ár, þegar bræðslan tekur til starfa. Hins vegar er augljóst, að ójafnvægisafleiðingar álbræðslunnar byrja þegar við upphaf byggingar hennar, og eykur það því enn þörfina á því, að ekki dragist, að þetta framlag komi til.

Síðari brtt. er í formi ákvæðis til bráðabirgða. Hún fjallar um það, að stjórn þessa atvinnujöfnunarsjóðs skuli þegar eftir gildistöku laganna gera með aðstoð Efnahagsstofnunarinnar bráðabirgðaáætlun um sérstaka skyndiaðstoð við byggðarlög eða byggðarhluta, sem eru í bráðri hættu fyrir því að fara í eyði eða dragast ört aftur úr því, sem almennt gerist, nema til komi stuðningur við aðkallandi framkvæmdir og uppbygging atvinnuvega, enda séu þar viðunandi atvinnuskilyrði frá náttúrunnar hendi til lands eða sjávar. Svo er í þessu bráðabirgðaákvæði talað um, að það skuli leita, eftir því sem við eigi og þurfa þyki, álits einhverrar af þessum stofnunum: Landnáms ríkisins, Búnaðarfélags Íslands, Fiskifélags Íslands og Iðnaðarmálastofnunar Íslands, um þau úrræði, sem helzt eru tiltæk á hverjum stað. Til framkvæmda á þessari bráðabirgðaáætlun er lagt til, að stjórn sjóðsins sé heimilt að veita óafturkræf framlög úr sjóðnum, allt að þriðjungi tekna hans til ársloka 1968, og að þessi framlög skuli veitt sveitar- og sýslufélögum með fyrirmælum, sem sjóðsstjórnin setur um notkun þeirra.

Það hefur svo oft verið undirstrikuð nauðsyn þess að koma til aðstoðar við ýmis byggðarlög hér, tiltekin byggðarlög, sem hafa verið nefnd hér sérstaklega á hv. Alþ., að ég ætla alveg að sleppa að geta um það, hvar þessi bráðabirgðaaðstoð þyrfti fyrst að koma, en ég hygg, að þær umr., sem hér hafa farið fram á hv. Alþ., staðfesti það, að þeirra sé fyllilega þörf.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fjölyrða meira um þessar brtt. okkar á þskj. 597, vonast aðeins til þess, að þær fái jákvæðar móttökur hér í hv. þd.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Ég skal reyna að lengja ekki umr. hér í þessari hv. d., og þó að freistandi væri að gera að umtalsefni ýmislegt af því, sem hefur komið fram, ekki hvað sízt hjá hv. 5. þm. Austf., sem kom inn á svo mörg atriði, sem fróðlegt hefði verið að ræða nánar, skal ég stilla mig um það. Ég sé hins vegar ástæðu til að þakka það, að öll hv. n., sem hefur haft málið til meðferðar, er sammála um það í meginefnum, að þetta frv. sé til bóta. Hitt er svo annað mál, sem ætið vill verða, að mönnum finnst nokkuð misjafnt um það, hvað gert er, hvort það sé nægilegt, og er ekkert að undra, þó að stjórnarandstaða hafi stundum aðrar skoðanir á því efni og vilji láta lengra ganga.

Ég get að vísu ekki stillt mig um í tilefni af ummælum hv. 11. þm. Reykv., sem annars flutti hér mjög hógvært mál, eins og hans er venja, að geta um það, þó að það auðvitað skipti ekki neinu máli varðandi þetta mál að vera að rifja upp fortíðina, að ég gæti kannske með nokkrum rétti snúið við ummælum hans um það, að því bæri að fagna, að ríkisstj. hefði tekið upp mál þeirra hv. framsóknarmanna, af því að það vildi svo til, að ég var meðal þm., sem höfðu fimm sinnum áður en hv. framsóknarmenn hófu sitt góða mál flutt frv. um þetta efni, bæði meðan samstjórn var á milli Sjálfstfl. og Framsfl. og einnig á tímum vinstri stjórnarinnar, og án þess að það frv. fengi áheyrn. Ég skal ekki nánar út í þá sálma fara, því að eins og ég segi, skiptir það ekki öllu máli um mál, þegar það liggur fyrir, að karpa um fortíðina. Það skiptir auðvitað mestu máli, að menn geti verið sammála um það, hvort stefnt sé í rétta átt með því, sem verið er að gera á hverjum tíma.

Ég vil svo aðeins segja örfá orð í tilefni af þeim brtt., sem hér liggja fyrir og eru þær sömu og komu fram í hv. Ed. Þessar brtt. eru nokkuð svipaðar að því leyti, að þar er gert ráð fyrir frá báðum minni hl. n. að taka hluta af ríkistekjum í þennan sjóð, sem nemur vissulega allverulegum fjárhæðum eða frá 50—80—90 millj. kr., fer að sjálfsögðu eftir atvikum hverju sinni. Vissulega væri það mjög ánægjulegt, ef þetta væri hægt að gera, en ég er ekki alveg viss um það, þegar að því kæmi, að fjmrh. þyrfti að fara að afla tekna til þess að mæta þessum útgjöldum, að það mætti alveg sama skilningi og óskirnar nú um að verja þessu fé úr ríkissjóði. Ég treysti mér því ekki til þess að mæla með því, að þessar till. verði samþ., þó að, eins og ég segi, það væri mjög ánægjulegt, að það væri hægt að hafa meira fé, því að vissulega hefur sjóður sjaldan eða aldrei yfir of miklu fé að ráða. En ég hygg nú raunar, að báðir hv. minni hl. n. geri sér fulla grein fyrir því, að hér sé ekki um raunhæfar till. að ræða, þó að þeim sé hreyft í framhaldi af fyrri málflutningi um þau efni.

Varðandi það í till. frá hv. 5. þm. Austf., þar sem hann leggur til, að 100 millj. kr. verði ráðstafað til sjóðsins af óafturkræfu framlagi Bandaríkjastjórnar 1960, er ekki heldur auðið að fallast á þá till., m. a. og fyrst og fremst fyrir þá sök, að það er gert ráð fyrir því, að það þurfi að nota það fé annars vegar til stofnfjárframlags vegna Búrfellsvirkjunar og hins vegar til byggingar kísilgúrverksmiðju, þannig að það yrði þá að leita a. m. k. annarra ráða til þess að afla fjár til þeirra framkvæmda, og það skal játað, að þau ráð verða ekki séð eins og sakir standa nú.

Varðandi það atriði að greiða til atvinnujöfnunarsjóðs allt framlag mótvirðissjóðs, þess sérstaka mótvirðissjóðs, sem greiða átti til Framkvæmdabankans, eða greiða sjóðnum það strax á árinu 1966, er það vitanlega formsatriði, en ég tel ekki, að það sé ástæða til að gera slíkt, m. a. vegna þess, að nú liggja ekki fyrir svo fullkomnar áætlanir, hvorki um heildarframkvæmdir í landshlutum né á sérstökum stöðum, að það sé ástæða til þess að halda, að á árinu 1966 þurfi á svo miklu fé að halda. Það þarf auðvitað að vinna skipulega að þessum málum, svo sem bæði hv. 5. þm. Austf. réttilega nefndi og fleiri hafa bent á og löggjöfin í rauninni byggist á, þannig að hér sé ekki um handahófskenndar aðgerðir að ræða, og ég er hv. 5. þm. Austf. algerlega sammála um það, að misvægi í byggð landsins verði

ekki lagað með styrkjum, heldur þurfi skipulega að vinna að þessum málum, bæði á atvinnusviðinu og fleiri sviðum, til þess að forðast jafnvægisleysi. Ég tel því ekki ástæðu til þess að breyta þeim fyrirhuguðu áætlunum til þess að greiða þetta til sjóðsins á næstu 4 árum. Það er alveg rétt, sem hefur verið bent hér á, að tekjur af álbræðslu fari ekki að koma til fyrr en eftir þann tíma eða um 1970 og upp úr því, og einmitt af þeim sökum hafa verið gerðar hinar sérstöku ráðstafanir til að afla meira fjár til sjóðsins nú.

Till. hv. 2. minni hl. fjhn. um ákvæði til bráðabirgða tel ég ekki þörf á og í raun og veru ekki nema að nokkru leyti jákvætt. Ég tel, að það eigi ekki að slá því föstu, að það eigi að leysa viðfangsefnin nú á næstunni sérstaklega með því að nota verulegan hluta af fé sjóðsins til styrkveitinga, heldur eigi umfram allt að leggja áherzlu á að reyna að byggja upp arðbæran atvinnurekstur. Ég tel það svo sjálfsagt að öðru leyti, að stjórn atvinnujöfnunarsjóðs hljóti að gera þær áætlanir, sem lagt er til í bráðabirgðaákvæðinu, ella starfar hún ekki með þeim hætti, sem gert er ráð fyrir, þannig að að því leyti er um efnislega rétt mál að ræða, sem ég tel af þessum sökum ekki ástæðu til þess að lögfesta frekar en margar aðrar reglur um starfsemi sjóðsstjórnarinnar. En það hefur verið talið eðlilegt, að starfssvið hennar væri nokkuð rúmt, einmitt með hliðsjón af því, að hægt væri að þjóna þá þeim margþættu verkefnum, sem hv. þm. ýmsir hafa bent hér á, að þyrfti að þjóna.

Ég skal svo ekki lengja þessar umr. frekar, herra forseti, en endurtek aðeins að lokum, að ég tel það vel farið, að allir þeir hv. þm., sem hafa rætt um þetta mál, telja, að það horfi til verulegra bóta, og vonast ég því til, að hv. þd. geti fallizt á að tryggja framgang málsins, eins og það liggur nú fyrir.

Unnar Stefánsson: Herra forseti. Það var aðeins örstutt aths. vegna ummæla og ræðu og reyndar grg. hv. 5. þm. Austf., Lúðvíks Jósefssonar. Hann segir í sinni grg. og sinni ræðu, að ófullnægjandi sé með öllu að veita fjármagn til atvinnuaukningar í hinum dreifðu byggðum, nema til komi skipulagning og heildarstjórn á veitingu fjárframlaga, lána og styrkja til slíkra framkvæmda. Ég hygg, að það sé einmitt svo ráð fyrir gert í frv., að ráðstöfun fjármagnsins skuli fara fram með hliðsjón af slíkum áætlunum. Í grg. frá 1. minni hl. fjhn. segir á þá leið, að það þurfi m. ö. o. að efna til framkvæmda samkv. áætlunum, sem beinlínis eru við það miðaðar að tryggja atvinnujafnvægi og eðlilega búsetu í landinu. Í 6. gr. frv. til l. um atvinnujöfnunarsjóð segir orðrétt, með leyfi hæstv. forseta, að stjórn sjóðsins „lætur gera áætlanir og undirbýr lánsákvarðanir með aðstoð Efnahagsstofnunarinnar", og síðan orðrétt: „Skal láta fram fara skipulegar rannsóknir á atvinnuástandi, samgöngum og menningarmálum einstakra byggðarlaga og landshluta. Á þessum rannsóknum skal reisa áætlanir um framkvæmdir, er að dómi sjóðsstjórnar beri helzt að styðja með lánveitingum eða styrkjum í samræmi við ákvæði 1. gr. Áætlanir þessar skulu jafnan gerðar í samráði við hlutaðeigandi sýslunefndir, bæjarstjórnir og hreppsnefndir og aðra þá aðila, er sérstakra hagsmuna hafa að gæta í þessu efni." Ég leit svo á, að undir þetta félli áætlunargerð, sem þegar er hafin, sbr. Vestfjarðaáætlun og þann undirbúning, sem nú er hafinn í Efnahagsstofnuninni að Norðurlandsáætlun. Og þó að mér fyndist persónulega eðlilegra, að um slíka áætlunargerð hefðu jafnvel verið sett sérstök lög, er það þó svo í ýmsum löndum, að það eru einmitt í ákvæðum um sjóði, af því hve fjármagnið er talið mikilsvert, ákvæði um slíka áætlunargerð og rannsóknir og ég tel, að í þessari 6. gr. sé fyllilega svo um hnútana búið, að tryggt sé, að fjármagnsveiting til eflingar atvinnulífi fari fram með hliðsjón og í samræmi við skipulagða áætlunargerð.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 591,1 felld með 19:6 atkv.
2. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 591,2 felld með 19:4 atkv.
— 597,1 felld með 19:14 atkv.
3. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
4.—10. gr. samþ. með 34 shlj. atkv.
Brtt. 597,2 felld með 19:12 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 32 shlj. atkv.

Á 81. fundi í Nd., 29. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 26 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 657).

39. Lántaka vegna framkvæmdaáætlunar 1966.

Á 64. fundi í Ed., 15. apríl, var útbýtt:
Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til lántöku vegna framkvæmdaáætlunar fyrir árið 1966 [187. mál] (stjfrv., A. 483).

Á 65. fundi í Ed., 18. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Þegar fjárlög fyrir 1966 voru til meðferðar, lýsti ég því yfir, að síðar mundi verða leitað til Alþ. með sérstakar heimildir til að taka lán á árinu 1966 vegna framkvæmdaáætlunarinnar fyrir það ár, og var þess vegna að verulegu leyti sleppt í fjárlögum að leita lántökuheimilda fyrir ýmsu því, sem þó var þá þegar ljóst, að yrði að afla lánsfjár til. Það frv., sem hér liggur fyrir hv. d., er í framhaldi af þessari yfirlýsingu, og er í frv. þessu leitað eftir heimild Alþingis til, að ríkisstj. megi leita eftir láni

til ýmissa framkvæmda, svo sem nánar er gerð grein fyrir í frv.

Það er gert ráð fyrir því skv. þessu frv. að fá heimild til þess að taka lán, er nemi samtals 179 millj. kr., vegna framkvæmdaáætlunar ársins 1966, og er það þó að sjálfsögðu ekki nema hluti þess fjár, sem varið verður til framkvæmda á vegum ríkisins á því ári. Bæði koma þar fjárfestingar á vegum fjárfestingarlánasjóða, sem hafa einnig alltaf verið þáttur í framkvæmdaáætluninni, og koma þar að sjálfsögðu til viðbótar ýmsar fjáraflanir, bæði heiman úr héruðum vegna ýmissa framkvæmda, fjárveitingar í fjárlögum sjálfum og svo ráðstöfunarfé hinna ýmsu sjóða, sem undir áætlun þessa hafa komið.

Framkvæmdaáætluninni fyrir árið 1966 er lokið nú fyrir skömmu. Að vísu er nokkuð síðan samningu hennar raunverulega lauk, en það þurfti að ganga frá samningum við ýmsa aðila til þess að afla fjár, svo að auðið væri að gera þessa áætlun að raunveruleika. Nú á næstu dögum mun Alþingi verða gerð grein fyrir framkvæmdaáætlun þessari í einstökum atriðum og þeim rökum, sem að baki henni liggja, og skal ég því ekki almennt fara út í einstök atriði þess máls, og vænti ég þess, að hv. þdm. fallist á að geyma almennar umr. um það efni, þar til sú skýrsla verður gefin.

Það, sem hér er um að ræða, er í rauninni mjög einfalds eðlis. Það er í fyrsta lagi gert ráð fyrir lántökuheimild um 13.5 millj. kr. vegna flugvalla og vegagerða á Vestfjörðum. Þetta er það fé, sem gert er ráð fyrir að á næsta ári verði tekið að láni til þessara framkvæmda í sambandi við lán það, sem fengizt hefur loforð fyrir hjá viðreisnarsjóði Evrópuráðsins, og var hafin lántaka af því á s. l. ári, en þetta er framhald af þeim lántökum. Þá er óskað eftir að fá heimild til að taka lán að upphæð 318 þús. dollara, en það er vegna kaupa á sanddæluskipi, sem vitamálastjórnin hefur fest kaup á með samþykki ríkisstj. og hefur fengizt vilyrði fyrir láni hjá Export-Import bankanum í Washington til þess að kaupa þetta skip og gert ráð fyrir, að það lán endurgreiðist á 7 árum. Það kom í ljós við athugun þessa máls, að það var mjög hagkvæmt, að vitamálastjórnin eignaðist þetta skip, og miðað við þann kostnað, sem nú er af því að leigja skip til sanddælingar, mundi vera hægt í senn að hafa mjög verulegan hagnað af þessu skipi, þannig að auðið væri með eðlilegum hætti að greiða niður umrætt lán, og enn fremur, sem skiptir ekki minna máli, að engu að síður væri hægt að framkvæma verkið á mun ódýrari hátt en nú er gert. Ríkisstj. þótti því einsýnt, að það væri allra hluta vegna hagkvæmt að kaupa þetta skip, ekki sízt þar sem ekki er gert ráð fyrir að þurfi að leggja fram úr ríkissjóði sérstaklega fjárveitingar til að standa undir kaupum á því.

Loks er farið fram á heimild til lántöku, vegna framkvæmda í flugöryggismálum. Fyrir því máli mun verða gerð rækilegri grein í sambandi við skýrslugjöf um framkvæmdaáætlunina fyrir yfirstandandi ár, en þar er gert ráð fyrir mjög aukinni fjáröflun til flugmála, ekki hvað sízt í sambandi við flugöryggisþjónustuna, en það er vegna mjög aukinnar starfsemi flugsins hin brýnasta nauðsyn á að koma upp miklum tækjabúnaði, til þess að hægt sé að hafa viðhlítandi öryggi í sambandi við hið stóraukna flug. Það er talið, að hægt sé að afla fjár með þeim hætti, sem hér er gert ráð fyrir, að vegna tækjakaupanna fáist um 6 millj. kr. lán hjá seljendum tækjanna.

Þá er gert ráð fyrir lántöku vegna raforku- og jarðhitasjóðs. Svo sem hv. þm. er kunnugt, er fjárveiting sú, sem er í fjárlögum, bundin við dreifiveitur um sveitir, þannig að framkvæmdir raforkumálastjórnarinnar eða rafmagnsveitna ríkisins til annarra meiri háttar framkvæmda eru þar utan við, og verður að afla fjár til þeirra framkvæmda með sérstökum hætti. Sömuleiðis þarf að afla fjár til jarðhitasjóðs umfram það fé, sem sjóðurinn hefur fengið til framkvæmda af fjárlagafjárveitingum.

Loks er um að ræða heimild til að taka nokkurt fé að láni vegna sveitaveitna í Borgarfirði. Það eru um 4 millj. kr., sem Andakílsárvirkjun hefur boðizt til að leggja fram til þess að hraða lagningu sveitaveitna í Borgarfirði, og hefur þótt rétt að taka því boði, en heimild vantar til þess að taka þetta lán.

Þá er loksins, og það er stærsti einstakur þáttur þessa máls, heimild til þess, að ríkissjóður gefi út á árinu 1966 spariskírteini eða ríkisskuldabréf með þeim hætti, sem verið hefur síðustu ár, er séu verðtryggð, og nái heimildin nú 100 millj. kr. Á s. l. ári var um að ræða 75 millj. kr., sem seldist upp á skömmum tíma, og hefur verið veruleg eftirspurn eftir þessum verðbréfum. Það þykir óhætt að gera ráð fyrir því, að auðið verði að selja fyrir 100 millj. kr. á þessu ári, og er því nauðsynlegt að afla heimilda til þess, því að til þess að ná endum saman í sambandi við framkvæmdaáætlunina er óumflýjanlegt að afla fjár með þessum hætti.

Í 8. gr. frv. er skýrt frá því, hvernig eigi að verja þessu fé. Það er til landshafna 18 millj. kr., vega 30.8 millj., til flugmála 26.3 millj., til skóla 14.9 millj. og til sjúkrahúsa 10 millj. Ég sé ekki ástæðu til á þessu stigi að vera að sundurgreina sérstaklega, til hverra einstakra framkvæmda þessu fé verði varið, það liggur að sjálfsögðu fyrir, og ég tel eðlilegt og rétt, að sú n., sem fær málið til meðferðar, kynni sér það. Það eru að sjálfsögðu handbærar upplýsingar, til þess að hún geti fengið fullkomlega um það að vita, hvernig fénu á að ráðstafa.

Þar sem hér er í meginefnum um að ræða lántökuheimildir til framkvæmda, sem um hefur verið rætt að minna eða meira leyti, og ég veit, að allir hv. þdm. eru sammála um, að þörf sé að vinna að, sé ég ekki ástæðu til á þessu stigi málsins, nema sérstakt tilefni gefist til, að fara um frv. við þessa umr. fleiri orðum, en legg til, herra forseti, að því verði að þessari umr. lokinni vísað til 2. umr. og hv. fjárhagsnefndar.

ATKVGR
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til fjhn. með 18 shlj. atkv.

Á 67. fundi í Ed., 22. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 483, n. 525).

Frsm. (Þorvaldur G. Kristjánsson): Herra forseti. Fjhn. hefur tekið mál það, sem hér liggur fyrir, til athugunar og mælir með samþykkt frv. Tveir nm., Helgi Bergs og Jón Þorsteinsson, voru fjarstaddir, þegar málið var afgr., og tveir nm. hafa skrifað undir nál. með fyrirvara, hv. 4. þm. Norðurl. v. og hv. 4. þm. Norðurl. e.

Í frv. því, sem hér er lagt fram, er heimildar óskað til að taka lán að upphæð um 178.7 millj. kr. vegna framkvæmdaáætlunar ársins 1966. Hæstv. fjmrh. skýrði, í hverju þessar lánsheimildir væru fólgnar og til hvers þetta fjármagn á að ganga, og sé ég ekki ástæðu til að fara að endurtaka neitt hér af því, sem hæstv. ráðh. gerði grein fyrir við 1. umr. málsins.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2.—10. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 69. fundi í Ed., 23. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 76. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3 umr. þar.
Á 77. fundi í Nd., 25. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Þegar fjárlög voru hér til meðferðar fyrir áramótin, skýrði ég frá því, að ég teldi eðlilegast, að í stað þess að taka upp í fjárl., eins og oft hefur verið, ýmsar heimildir til lántöku til ýmissa framkvæmda, yrðu slíkar heimildir ekki teknar upp í fjárlög þá, heldur yrði það tekið til athugunar, eftir að gengið væri frá framkvæmdaáætlun fyrir árið 1966, hvaða heimilda væri þörf til lántöku vegna þeirrar framkvæmdaáætlunar, og þá yrði sameiginlega leitað heimildar Alþ. með sérstöku lagafrv. til að taka þau lán. Frá framkvæmdaáætluninni hefur nú verið gengið, og er fyrirhugað að gefa Alþ. skýrslu um áætlun þessa og ýmis atriði í sambandi við hana, svo og einnig grg. um þróun efnahagsmála síðustu árin, þar eð þetta er lokaár þeirrar áætlunar, sem gerð var 1963 sem rammaáætlun til fjögurra ára Mun þar að sjálfsögðu koma ljósar fram, hversu eigi að hagnýta það fé, sem hér er gert ráð fyrir að afla með frv. þessu, en segja má þó, að í frv. sjálfu sé að finna nokkurn veginn skýringar á því, hvernig hagnýta eigi þetta fjármagn.

Hér er um að ræða samtals rúmar 178 millj. kr., og skiptist það þannig, að í fyrsta lagi er gert ráð fyrir, að teknar verði 13.5 millj. vegna flugvalla og vegagerða á Vestfjörðum. Það er annar þáttur samgönguáætlunar Vestfjarða, sem hér er um að ræða. Hér í er ekki reiknað með hafnargerðum, enda þarf ekki til þeirra sérstakar lántökuheimildir.

Þá er í öðru lagi um að ræða að heimila að taka að láni allt að 318 þús. dollara vegna sanddæluskips, sem vita- og hafnamálastjórnin hefur fest kaup á. Það var gerð athugun á því af hálfu vitamálastjóra, hvort ekki væri auðið að koma við þessum framkvæmdum vitamálastjórnarinnar með hagkvæmara hætti en tekizt hefur að gera hingað til. Það kom í ljós, að auðið var að festa kaup á tækjum, sem voru í senn afkastamikil og eigi heldur það dýr, að sýnilegt var, að með eðlilegum rekstri þeirra væri hægt að vinna stóra áfanga í sambandi við sanddælingu og standa undir þeim kaupum að fullu, en jafnframt að lækka mjög verulega kostnaðinn við dælinguna. Það þótti því augljóst, að hér væri um svo tvímælalaust hagkvæm kjör að ræða, að sjálfsagt væri að kaupa þessi tæki, og hefur tekizt að afla lánsfjár til þeirra, en hins vegar skortir heimild til þess að taka það lán, og er farið fram á slíka heimild hér.

Í þriðja lagi er leitað eftir því, að taka megi allt að 6 millj. kr. lán vegna öryggistækja flugmálastjórnarinnar. Það er nú komið í ljós í sambandi við grg. mína fyrir framkvæmdaáætluninni, að framkvæmdir í flugmálum verða mjög verulegar á þessu ári, og er þar þó fyrst og fremst um að ræða flugöryggisþjónustuna. Það er brýn nauðsyn, miðað við hið stóraukna flug hér, einkum innanlands, að þar verði öryggisþjónusta bætt svo sem verða má, og mun verða auðið að fá lán til þess að greiða hluta af andvirði þeirra tækja, sem nauðsynlegt er að kaupa vegna öryggisþjónustunnar, og er það sú fjárhæð, sem hér er leitað heimildar Alþ. til þess að mega taka að láni.

Þá er í fjórða lagi farið fram á heimild til að taka allt að 45.5 millj. kr. lán vegna framkvæmda í raforku- og jarðhitamálum. Svo sem hv. dm. er kunnugt, var sú fjárhæð, sem sérstaklega var veitt til framkvæmda í rafvæðingarmálum, annars vegar tengd raforkusjóði og hins vegar rafvæðingu sveitanna, þannig að til þess, sem gera þarf á vegum rafmagnsveitna ríkisins til uppbyggingar dísilstöðva og annarra framkvæmda, verður að taka lán. Er hér leitað heimildar til þess að taka umrætt lán, sem fellur þá innan ramma þeirrar framkvæmdaáætlunar, sem gerð hefur verið í sambandi við þessi mál, raforku- og jarðhitamálin.

Þá er loks leitað eftir því að fá heimild til þess að gefa út til sölu innanlands svokölluð spariskírteini, allt að 100 millj. kr. Þetta hefur verið gert í tvö ár og reynslan af því verið mjög góð. Hér er um verðtryggð bréf að ræða eða vísitölutryggð, og hefur tekizt að selja öll þau bréf. sem boðin hafa verið til sölu. Á s. l. ári voru boðnar út 75 millj. kr., sem seldust að fullu, og þykir ástæða til að ætla, að auðið

mundi verða að selja nú bréf fyrir 100 millj. kr., enda er óumflýjanlegt að gera það, ef auðið á að vera að afla þess fjár, sem þarf til framkvæmdaáætlunarinnar. Það er gert ráð fyrir, að þetta lán verði boðið út með svipuðum kjörum og fyrri lán, og í 8. gr. frv. er tekið fram sundurliðað, til hverra þarfa eigi að nota þetta fé, sem fæst með sölu spariskírteinanna, og svo sem hv. þdm. mun vafalaust ljóst vera af deilingu þess fjár, er þar um að ræða framkvæmdir, sem ég hygg óhætt að megi fullyrða, að allir muni sammála um, að nauðsynlegt sé að vinna að sem bezt. En það kemur einnig nánar í ljós við grg. fyrir framkvæmdaáætluninni, hvaða framkvæmdir það eru, sem hér er sérstaklega átt við í hverju þessara tilfella, sem í gr. er að vikið.

Þetta frv. var samþ. einróma í hv. Ed., og vildi ég leyfa mér að vænta þess, að þessi hv. d. gæti fallizt á að taka frv. með sama hætti, og jafnframt, að auðið væri að afgr. það sem fyrst hér í d., m. a. vegna þess, að áformað er að hefja útgáfu viss hluta spariskírteina nú svo fljótt sem við verður komið. Ég vil leyfa mér að leggja til, herra forseti, að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til fjhn. með 27 shlj. atkv.

Á 81. fundi í Nd., 29. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 483, n. 634)

Frsm. (Davíð Ólafsson): Þetta frv. er komið frá hv. Ed. og er tvíþætt, annars vegar heimild til lántöku vegna framkvæmdaáætlunar og hins vegar heimild fyrir ríkissjóð að gefa út ríkisskuldabréf og spariskírteini með verðtryggingu.

Fjhn. hefur farið yfir þetta frv., og eins og fram kemur í nál. á þskj. 634, mælir n. með því, að frv. verði samþ., en 3 nm. undirrita þó með fyrirvara og einhverjir þeirra munu hafa ætlað að flytja brtt. við frv., sem ekki hefur verið útbýtt enn.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég vil aðeins láta þá skoðun mína í ljós í sambandi við þetta frv., að ég tel þessa leið, sem nú er farið inn á, að gefa raunverulega hæstv. fjmrh. heimild til þess að taka lán með þeim skuldbindingum að hafa verðtryggingu á þessu, sama sem gengistryggingu, vísitölutryggingu, og þar að auki vexti og afborgunartíma, eftir því sem honum þóknast, — ég álít þetta alveg ófæra leið. Það er það, sem þingin yfirleitt hafa verið að berjast út af, þegar þau hafa átt áður fyrr í sinni baráttu við ríkisstj. og konungsvald, að þau hafi réttinn í sambandi við fjárveitingar og þar með í sambandi við þær skuldbindingar, sem ríkið tekur á sig. Með því að gera þetta svona óákveðið, í fyrsta lagi að hafa þetta í algerum tengslum, þannig að þetta sé allt saman eins og útlend lán og þar með gengistryggð, í öðru lagi varðandi vexti og afborgunartíma, þá er vald ráðh. of mikið. Þetta er enginn frágangur, þetta er engin vinna af hálfu Alþingis að ganga svona frá málunum. Ég vil bara láta þetta í ljós, af því að ég álít, að þetta sé óhæf afgreiðsla.

Það er vafalaust ágætt mál, sem hér er verið að vinna að með þessu, en svona eiga þing ekki að afgreiða sín lög, og einn ráðh. á að venja sig á það að koma fram með, hvaða vexti hann ætlar að borga, til hvað langs tíma þetta á að vera. Við eigum ekki að taka lán til hafnaeða vegaframkvæmda til þess að taka það í dollurum og eiga að greiða það kannske eftir 10—20 ár með svo og svo háum vöxtum og með margföldu verði þá, þegar gengið er fallið. Þetta er ekki hægt. Þjóð, sem lifir annað eins góðæri og okkar þjóð núna, á að hafa peninga, taka þá þar sem hægt er að taka þá, til þess að vinna þau verk, sem þarf að vinna þann daginn, en ekki taka svona lán upp á framtíðina. Það kann að þykja íhaldssemi, en mér finnst þetta vera hlutur, sem þurfi að koma greinilega fram. Svona á ekki að stjórna.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2.—4. gr samþ. með 22 shlj. atkv.
5.—7. gr. samþ. með 21:1 atkv.
8.—10. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkv.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Á 82. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2 umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 658).

---

40. Verðtrygging fjárskuldbindinga.

Á 3. fundi í Sþ., 13. okt., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um verðtryggingu fjárskuldbindinga [20. mál] (stjfrv., A. 20).

Á 5. fundi í Nd., 21. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Frv. þetta um verðtryggingu fjárskuldbindinga var lagt fyrir síðasta Alþ., en svo seint á þinginu, að það hlaut ekki afgreiðslu n. Það er nú flutt hér öðru sinni í óbreyttri mynd.

Í þeirri yfirlýsingu ríkisstj., sem hæstv. forsrh. flutti í upphafi þessa þings, er þess getið, að ríkisstj. muni nú á þessu þingi beita sér fyrir setningu löggjafar um verðtryggingu sparifjár og lána til langs tíma. Er þar átt við það frv., sem hér er nú til 1. umr. Það er því ósk ríkisstj., að hið háa Alþ. afgreiði þetta frv.

nú á þessum starfsvetri. Með þessu er að sjálfsögðu ekki átt við það, að ríkisstj. óski þess, að frv. verði afgreitt í einu og öllu eins og það liggur hér fyrir. Hér er um mjög margbrotna og vandasama lagasetningu að ræða. Vona ég, að frv. fái sem rækilegasta athugun af hálfu þingsins, en þó, að henni verði hraðað svo, að unnt verði að afgreiða frv. nú á þessu þingi.

Ég held, að óhætt sé að fullyrða, að ekki sé um það ágreiningur, hvorki meðal stjórnmálamanna né meðal sérfræðinga um efnahagsmál, að verðbólguþróunin hér á Íslandi undanfarna áratugi hafi verið ein alvarlegasta meinsemdin í íslenzku efnahagslífi. Þær raddir hafa að vísu heyrzt, að verðbólgan hafi ýtt undir athafnasemi og stuðlað að því, að fjárfesting og atvinna hafi orðið meiri en ella hefði orðið. Vera má, að nokkuð sé til í því, að hófleg verðbólga ýti undir athafnasemi og fjárfestingu. En hitt er þó í því sambandi þyngra á metunum, að mjög er hætt við því, að verðbólguþróun beini fjárfestingunni inn á rangar brautir, þannig að fjárfestingin í heild verði ekki eins arðbær og ella hefði átt sér stað. Frá þjóðhagslegu sjónarmiði er það auðvitað ekki aðalatriði, að fjárfestingin sé sem mest, heldur að hún sé sem skynsamlegust og arðbærust. En stöðug og langvinn verðbólguþróun hefur enn fremur í för með sér svo víðtækt efnahagslegt misrétti, að ranglæti þess hlýtur að teljast miklu þyngra á metunum en hitt, þótt leiða mætti rök að því, að nokkur verðbólguþróun ýtti undir athafnasemi og fjárfestingu. Slíkt getur verið gagnlegt á krepputímum, en er óþarft og beinlínis skaðlegt í góðæri, þegar tilhneiging er til umframeftirspurnar eftir vörum og þjónustu og skortur er á vinnuafli.

Síðan á styrjaldarárunum má segja, að hér hafi lengst af ríkt góðæri í þeim skilningi, að yfirleitt hefur verið skortur á vinnuafli og tilhneiging til umframeftirspurnar eftir vörum og þjónustu. Undir þeim kringumstæðum hefur ekki verið þörf á verðbólguþróun til þess að auka athafnasemi og efla fjárfestingu. Segja má því, að rök þau, sem sumir telja eiga við um nytsemi nokkurrar verðbólguþróunar undir vissum kringumstæðum, hafi alls ekki átt við hér á undanförnum áratugum. Hins vegar eru neikvæð og skaðleg áhrif verðbólguþróunar, einkum og sér í lagi mikillar og örrar verðbólguþróunar, augljós og óumdeilanleg. Þau eru fyrst og fremst fólgin í því, að verðgildi sparifjár fer síminnkandi vegna síhækkandi verðlags og sparihneigð manna lamast því nokkuð af þeim sökum. Tilhneiging til óþarfrar og óeðlilegrar skuldasöfnunar eykst verulega og skuldurum er ívilnað óhæfilega með því, að skuldabyrðin léttist með hækkandi verðlagi, og fjárfestingin beinist inn á rangar og óarðbærari brautir, sem á hinn bóginn veldur því, að hagvöxturinn verður minni en ella.

Skaðleg áhrif verðbólguþróunarinnar eru því í rauninni tvenns konar. Annars vegar tefur hún hagvöxtinn og veldur því, að fjárfestingin verður óarðbærari en ella, og dregur þannig úr þeirri bót á lífskjörum, sem efnahags- og tækniframfarir að öðrum kosti hafa í för með sér, og hins vegar veldur hún félagslegu ranglæti með því að skaða þá, sem spara, en ívilna hinum, sem skulda.

Enginn vafi er á því, að hin mikla og stöðuga verðbólga, sem ríkt hefur á Íslandi undanfarna áratugi eða í rauninni allar götur síðan á fyrstu stríðsárunum, hefur haft þessar óhagstæðu og skaðlegu afleiðingar í íslenzkum efnahags- og félagsmálum. Hún hefur tafið hagvöxtinn. Hún hefur beint fjárfestingunni inn á óarðbærari brautir en ella hefði orðið. Hún hefur dregið úr sparnaðarhneigð. Hún hefur haft ranglát áhrif á tekjuskiptinguna og þó einkum og sér í lagi eignaskiptinguna með því að ýta undir skuldasöfnun og ívilna skuldurum á kostnað sparifjáreigenda.

Verðbólgan er margþætt fyrirbæri, sem á sér margar og margvíslegar orsakir. Það mál í heild ætla ég ekki að ræða hér. Verðbólguþróunin verður ekki stöðvuð nema með margháttuðum aðgerðum á mörgum sviðum og þær aðgerðir verða að vera samræmdar. Ýmis viðleitni hefur verið höfð uppi í þessa átt, þótt með misjöfnum árangri hafi verið. Reynt hefur verið að vinna gegn verðbólgunni með aðgerðum í peningamálum, bæði á sviði bankamála og fjármála ríkisins, með raunhæfri stefnu í gengismálum, viðskiptamálum, með ráðstöfunum í skatta- og tollamálum, með aðstoð verðlagseftirlits og með því að stuðla að því, að aðilar vinnumarkaðarins komi sér saman um skynsamlega og ábyrga stefnu í launamálum. Mörg spor hafa verið stigin í rétta átt, en þó hefur ekki tekizt að stöðva verðbólguþróunina.

Ýmsar ráðstafanir hafa og verið gerðar, fyrst og fremst með stefnunni í vaxtamálum, en einnig með ráðstöfunum í skattamálum, til þess að gæta hagsmuna sparifjáreigenda, en þær hafa þó ekki verið nægilegar. Stöðug verðbólguþróun hefur rýrt sparifé þjóðarinnar í sífellu, en létt skuldabyrði þeirra, sem fengið hafa umráð yfir sparifénu sem lánum til langs tíma. Ástæðan til þess, að ekki hefur meira verið gert en raun ber vitni í því skyni að rétta hlut sparifjáreigenda og taka fyrir óeðlilegan gróða skuldara, er auðvitað sú, að hér er um vandmeðfarið mál að ræða. Með ýmsum þjóðum hafa menn velt þessu vandamáli mjög fyrir sér og gerðu það einkum meðan verðbólga var útbreiddari í vestrænum löndum en nú á sér stað. Víðast hvar hafa menn unnið bug á henni með öðrum ráðum. Hér á landi hefur það ekki tekizt enn. Og nú er svo komið, að rétt virðist að grípa til gagngerðra ráðstafana á þessu sviði í því skyni að hafa áhrif í þá átt að stöðva verðbólguþróunina.

Meðan almennt er gert ráð fyrir áframhaldandi verðbólguþróun, hlýtur ásókn í lánveitingar til langs tíma að vera mikil og sumpart eiga sér annarlegar orsakir. Menn sækjast ekki eftir lánum til þess eins að festa í arðbærum framkvæmdum, heldur einnig til þess að öðlast verðbólgugróða á sjálfri lántökunni, og skiptir þá e. t. v. minna máli, til hvers lánsfénu er varið. Það er með þessum hætti, sem verðbólga stuðlar að því, að fjárfestingin beinist inn á óarðbærari brautir en ella mundi eiga sér stað.

Gróðamyndunin í þjóðfélaginu er ekki nema að öðrum þræði ávöxtur skynsamlegrar fjárfestingar, góðrar stjórnar og aukinnar framleiðni, heldur að verulegu leyti ávöxtur þeirrar aðstöðu, sem skuldararnir hafa getað aflað sér í lánsstofnunum eða hjá öðrum lánveitendum. Og samtímis sívaxandi eftirspurn eftir lánsfé er hætt við, að sparnaðarhneigðin og sjálfur sparnaðurinn fari minnkandi, vegna þess að sparifé rýrnar stöðugt í verði. Bilið milli framboðs og eftirspurnar eftir sparifé hefur tilhneigingu til þess að vaxa, misvægi skapast á peningamarkaðinum, og auk þess hefur sparnaðurinn tilhneigingu til þess að leita fram hjá lánsstofnunum, sem þó hafa bezta aðstöðu til þess að beina sparifénu inn á arðbærustu brautirnar í þágu þjóðarheildarinnar. Sparnaðurinn leitar í vaxandi mæli beinnar fjárfestingar, sem yfirleitt er frá þjóðhagslegu sjónarmiði miklu óhagkvæmari en þær framkvæmdir, sem lánsstofnanir mundu kosta, ef þær fengju umráð sparifjárins. Þetta er önnur meginorsök þess, að verðbólgan veldur óarðbærari fjárfestingu en ella mundi eiga sér stað.

Gegn þessu ber hina brýnustu nauðsyn til þess að vinna. Beinasta leiðin til þess virðist vera sú að tryggja verðgildi sparifjárins annars vegar og lána til langs tíma hins vegar. Tilgangurinn er sá að örva sparnaðinn með því að koma í veg fyrir verðfall sparifjárins með hækkandi verðlagi. Hins vegar er tilgangurinn sá að vinna gegn því, að menn sækist eftir lánsfé vegna vonarinnar um verðbólguhagnað, og koma í veg fyrir, að menn njóti slíks hagnaðar. Þeir, sem fá ráðstöfunarrétt yfir sparifénu með lánum til langs tíma, eiga að bæta sparifjáreigendum það tjón, sem þeir verða fyrir vegna verðhækkana, með þeim hagnaði, sem lánsféð veitir í skjóli sömu verðhækkunarinnar.

Það er tilgangur þessa frv. að setja almennar reglur í því skyni, að þessi markmið náist. Frv. er ætlað að vera almenn löggjöf um hvers konar verðtryggingu í viðskiptum öðrum en kaupgjaldsmálum, en um þau gilda sérstök lög. Lögunum er ætlað að vera heimildarlög. Gert er ráð fyrir því, að Seðlabankinn veiti heimildir, sem um er að ræða. Honum er heimilað að veita bönkum og öðrum innlánsstofnunum rétt til þess að taka á móti innstæðum gegn verðtryggingu og lána út samsvarandi fé auk jafnvirðis eigin fjár með verðtryggingu. Opinberum fjárfestingarlánastofnunum, sem stofnaðar eru með lögum, er veitt heimild til þess að veita verðtryggð lán af eigin fé sínu og endurlána verðtryggt fé. Lífeyrissjóðum er heimilað að ávaxta sjóði sína í verðtryggðum lánum, tryggðum með veði í íbúðarhúsum og með sömu kjörum og gilda um íbúðarlán Húsnæðismálastofnunar ríkisins í veðdeild Landsbankans á hverjum tíma. Heimila má og líftryggingafélögum að veita lán með verðtryggingu, enda njóti eigendur líftryggingarsamninga alls hags af þeim verðbótum, sem af þeim lánum kann að vera að ræða.

Almenn skilyrði verðtryggingarinnar samkv. frv. eiga að vera þessi:

1. Verðtryggingin skal yfirleitt miðuð við vísitölu framfærslukostnaðar, eins og hún er reiknuð á hverjum tíma. Seðlabankanum er þó heimilt að leyfa, að verðtrygging sé miðuð við aðra vísitölu eða við breytingar tiltekins vöruverðs, enda sé þá sú viðmiðun talin betri mælikvarði á greiðslugetu þess aðila, sem tekst á hendur verðtryggða skuldbindingu.

2. Verðtryggingin skal fyrst og fremst heimiluð í fjárskuldbindingum, sem tengdar eru öflun fasteignar eða annarra fjármuna, sem ætla má, að hækki í verði með almennum verðlagsbreytingum. Skulu verðtryggð lán ætíð vera verðtryggð með veði í slíkum eignum eða öðrum verðtryggðum kröfum. Er þetta ákvæði m. a. sett til verndar skuldurum, til þess að verðtryggingin út af fyrir sig geti ekki orðið til þess að stefna fjárhag þeirra í hættu.

3. Fjárskuldbindingin skal vera gerð til eigi skemmri tíma en þriggja ára, og er þá miðað við greiðslu í einu lagi eftir á. Sé svo samið um, að greiðslur hefjist, áður en þrjú ár eru liðin, skal fjárskuldbindingin vera gerð til lengri tíma eða sem því nemur, að hún standi eigi lengur en þrjú ár að meðaltali. Þannig sé lán með jöfnum árlegum afborgunum skemmst til fimm ára. Hér er um að ræða þá meginreglu frv. að takmarka verðtryggingu við samninga til langs tíma, og eru mörkin dregin við þrjú ár. Undantekning er þó gerð varðandi sparifé, eins og ég gat um áðan. Þessi takmörkun er sett til þess að koma í veg fyrir það, að það, sem nefna mætti vísitölukrónu, ryðji sér til rúms í almennum peningaviðskiptum. Þörf á verðtryggingu stuttra samninga er miklu minni en langra. Fyrirhöfn og kostnaður samfara verðtryggingu er svipaður, hvort sem samningurinn er til langs eða skamms tíma. Má því segja, að þeim mun minni ástæða sé til verðtryggingar sem samningarnir eru til styttri tíma.

4. Bannað er að endurlána með verðtryggingu fé, sem fengið er með öðrum kjörum. Ef um endurlán er að ræða, á það að vera meginregla, að verðtryggingarákvæðin standist á í báðum samningum. Tilgangurinn er hér sá að hindra misnotkun verðtryggingarreglnanna og brask í því sambandi.

5. Verðtryggðar kröfur og skuldbindingar skulu skráðar á nafn. Er þetta ákvæði sett til þess, að unnt sé að koma við nauðsynlegu eftirliti með verðtryggðum kröfum og tryggja framkvæmd laganna.

Að síðustu er þess að geta, að í frv. er gert ráð fyrir því, að rísi ágreiningur um grundvöll eða útreikning verðtryggingarinnar, geti hver málsaðili um sig vísað honum til þriggja manna nefndar, sem fellir fullnaðarúrskurð í málinu. Á hagstofustjóri að vera formaður n. Auk þess tilnefnir hæstiréttur mann í n. og Seðlabankinn annan. Verði breyting á grundvelli einhverrar vísitölu, sem leyfð hefur verið í verðtryggðum samningum, skal n. einnig fella úrskurð um það, hvernig umreikna skuli milli hinna tveggja vísitölugrundvalla. Gert er og ráð fyrir því, að verðtryggingarákvæði í fjárskuldbindingum, öðrum en innlánum, sé því aðeins gild, að viðeigandi skjöl séu skráð við

hlutaðeigandi embætti, sem annast þinglýsingar. Hlutaðeigandi embættismaður á að halda skrá um öll árituð skjöl, og hann skal einnig sjá um, að verðtryggingar sé getið í veðbókarvottorðum, ef slík kvöð hefur verið þinglýst án eignar.

Ég sé ekki ástæðu til þess að lýsa einstökum ákvæðum frv. nánar. Ég vona, að mér hafi tekizt að gera grein fyrir megintilgangi þessa frv. og grundvallaratriðunum í þeirri skipan, sem frv. gerir ráð fyrir í því skyni, að þessi tilgangur náist.

Að svo mæltu leyfi ég mér, herra forseti, að leggja til, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Frv. því, sem hér er til umr., er m. a. ætlað að heimila, að sett verði verðtrygging á lán, sem veitt eru til íbúðabygginga. Er ætlunin að láta á þennan hátt verðtryggingu vega á móti þeim verðbólgugróða, sem íbúðareigandi getur hlotið, þegar verðlag breytist.

Hér á landi er byggt mjög mikið af íbúðum samkv. sérstökum lögum. Þ. á m. eru verkamannabústaðir, sem njóta sérstakra hlunninda og eru ætlaðir fyrir þann 1/10 hluta launþega, sem lökust hefur kjör. Í l. um verkamannabústaði er beinlínis tekið fram, að þeir, sem þá eiga, hafi ekki heimild til að endurselja íbúðir sínar á þann hátt, að þeir njóti þess, sem kalla mætti verðbólgugróða, eða þeirrar verðhækkunar, sem verður á íbúðunum. Mér virðist, þegar bannað er með l. um sérstakar íbúðir, að eigendur þeirra megi selja þær á gangverði og njóta þeirrar verðbólguhækkunar, sem verður á íbúðunum, að þar sé ekki sanngjarnt að leggja á lán til þeirra íbúða verðtryggingu.

Af þessum ástæðum hyggst ég flytja brtt., sem mundi verða við 4. gr. og á þá lund, að aftan við b-lið þeirrar gr. bætist þessi orð: „Þó má eigi verðtryggja lán til íbúða, ef endursala þeirra með verðhækkun á hverjum tíma er takmörkuð í lögum.“ Ég vænti þess, að sú n., sem fær frv. til athugunar, taki þessa brtt. einnig til vinsamlegrar athugunar.

Einar Ágústsson: Herra forseti. Mér þykir rétt að fara um þetta frv., sem er um verðtryggingu fjárskuldbindinga, nokkrum orðum hér við 1. umr. þess. Eins og fram kom af máli hæstv. viðskmrh., var frv. fyrst borið fram í fyrra, en þá svo nálægt þinglokum, að umr. um það urðu því sem næst engar, málið drukknaði í hinum árvissu vorönnum hér á hv. Alþ. Þó er hér hreyft þýðingarmiklu máli, sem getur haft heillavænleg áhrif fyrir íslenzkt efnahagslíf, ef vel tekst til um framkvæmdina, en jafnframt hættulegt fyrirtæki að öðrum kosti, ef illa tekst til. Varðar því miklu að vanda lagasetninguna vel, því að lengi býr að fyrstu gerð, en hér er fjallað um málefni, sem ekki hefur áður verið skipað með heildarlöggjöf hér á landi. Frv. er ætlað að vera almenn löggjöf um hvers konar verðtryggingu í viðskiptum, eins og í aths. segir.

Það er ein tegund verðtryggingar sérstaklega og sem ég tel mjög brýna nauðsyn að koma á, og það er verðtrygging sparifjárins. Að hinu leytinu er svo að athuga það, að sparifé er ekki hægt að tryggja fyrir verðsveiflum, án þess að útlán peningastofnana séu bundin verðlaginu á sama hátt, því að í landinu er enginn aðili til, sem það hlutverk gæti tekið að sér að bera uppi þann mismun, sem hlýtur að verða á vísitölubundnum og óvísitölubundnum fjárskuldbindingum á verðbólgutímum, ekki sízt þeim gífurlegu verðbólgutímum, sem nú eru hér. Það er ljóst, að þetta tvennt eru greinar á sama meiðnum, og verður því að skoða það hvort tveggja í senn, eins og raunar gert er í frv. En ég hefði betur fellt mig við það, að meiri áherzla hefði í frv. verið lögð á þann þáttinn, sem snýr að verðtryggingu sparifjárins, því að þar sýnist mér fyrst og fremst, að skórinn hafi kreppt á undanförnum árum eða áratugum.

Þm. Framsfl. hafa mjög oft á undanförnum árum hreyft því hér á hv. Alþ., hver nauðsyn væri á verðtryggingu sparifjár. Síðast var þetta gert í fyrra, á þinginu 1964. Þá fluttu 5 þm. flokksins þáltill. um málið snemma á þinginu. Ég held, að þskj. hafi verið nr. 40, en till. fékk þó ekki þinglega afgreiðslu, kom aldrei úr athugun frá þeirri n., sem henni var vísað til. Engu að síður þykir mér ekki ólíklegt, að tillöguflutningurinn hafi haft nokkur áhrif, því að eins og ég áðan sagði, kom á s. l. þingi um vorið fram frv. samhljóða því, sem hér um ræðir. Í grg. umræddrar þáltill. eru raktar ástæðurnar fyrir flutningi hennar, og segir þar m. a., að íslenzkt fjármálalíf hafi allt frá síðustu heimsstyrjöld einkennzt öðru fremur af sífelldu verðfalli peninga. Hygg ég, að þarna sé ekki ofmælt, enda auðvelt að sanna tölulega, að innlánsvextir af sparifé hafa þetta tímabil engan veginn nægt til þess að vega á móti því verðfalli peninga, sem átt hefur sér stað, og það enda þótt vextir hafi hér um skeið a. m. k. verið og séu jafnvel enn einir þeir hæstu, sem um getur á byggðu bóli, þannig að sú fyrirætlun, sem eflaust hefur verið með hinum háu vöxtum öðrum þræði a. m. k., að verðtryggja sparifé, hefur ekki borið tilætlaðan árangur, enda var því yfirlýst af hæstv. bankamálaráðh. hér áðan, að svo hefði ekki verið og þess vegna þurfi að grípa til annarra ráðstafana.

Verðfall sparifjárins hefur haft mjög óheppilegar afleiðingar á mörgum sviðum og er ein aðalorsök verðbólguaukningarinnar, sem einkennt hefur tímabilið og þó síðustu árin öðru fremur. Innlendur sparnaður er ein mikilvægasta forsenda þróttmikillar og heilbrigðrar efnahagsstarfsemi, en afleiðingin af verðfalli peninganna hér undanfarna áratugi er vitanlega ónógur sparnaður, því að enda þótt tölur um sparifjármyndun hafi margfaldazt, verður að hafa í huga, hversu krónan hefur raunverulega minnkað og hversu allur tilkostnaður við rekstur hefur stórkostlega aukizt, þannig að fyrirtæki þau og atvinnuvegir, sem byggja verða að miklu leyti á lánsfé, þurfa sífellt meira og meira til að halda rekstri sínum í óbreyttu horfi. Þetta hefur leitt til gífurlegs lánsfjárskorts til hvers konar framkvæmda og rekstrar

atvinnufyrirtækja, eins og hv. þm. öllum er mætavel kunnugt og oft hefur áður verið rætt hér á þessum stað. Lánastarfsemin hefur í sívaxandi mæli einkennzt af stuttum og óhagkvæmum lánum úr bankakerfinu og að því er fullyrða má — og síðast var það gert af hæstv. viðskmrh. hér áðan — einnig af vaxandi lánastarfsemi utan bankanna, sem ekki er síður alvarlegt mál. Þetta ástand hefur vitaskuld skapað miklum hluta efnahagsstarfseminnar í landinu veruleg vandkvæði, og það þarf því ekki að lýsa því, hversu mikið hagræði það væri atvinnuvegunum, að þeim væri auðveldaður aðgangur að hagkvæmum lánum, bæði til fjárfestingar og rekstrar.

Þessi stöðuga verðrýrnun peninganna hefur aukið verðbólguna, eins og ég áðan sagði, en verðbólgan tröllríður þjóðfélagsbygginguni sennilega meir og skaðlegar en flest, ef ekki allt annað, sem nú er hér við að glíma. Gróðinn, sem stöðugt verðfall peninganna skapar, orsakar æðisgengið kapphlaup um hið takmarkaða lánsfé, og verðbólgufjárfestingin magnast. Slík endurskipting eigna þjóðfélagsins, þar sem lántakendur hagnast sífellt á kostnað lánveitenda, er hvorki sanngjörn né verðskulduð, auk þess sem ómögulegt verður að hafa hemil á efnahagslífinu eða beina því í eðlilegan farveg, meðan svo hagar til sem nú. Það er því brýn nauðsyn að rétta hlut sparifjáreigenda og draga úr yfirstandandi dýrtíðarspennu, og til þess verður að ætla, að verðtrygging geti haft mikil áhrif.

Verðbólga hefur víðar verið vandamál en hér, og aðrar þjóðir hafa átt við hana að stríða. Sparifé hefur verið verðtryggt í ýmsum löndum að meira eða minna leyti, t. d. í Finnlandi, Frakklandi, Ísrael og Svíþjóð og ef til vill víðar, þó að ég viti það ekki, og væri vissulega girnilegt til fróðleiks að kynnast því, hver reynsla þessara þjóða hefur orðið af verðbindingunni nú, þegar við Íslendingar ætlum að fara að ráðast í þessa miklu breytingu. Það má auðvitað vel vera, að reynsla þessara landa hafi verið kunn og við hana stuðzt við samningu þessa frv., þó að ég viti ekki til þess og þess sé ekki getið í aths.

Augljóst er, að talsverðir framkvæmdaerfiðleikar eru á þessu máli, og því var í þeirri þáltill. frá fimm þm. Framsfl., sem ég áðan vitnaði til, gert ráð fyrir því, að kosin yrði fimm manna mþn. til athugunar á því, með hverjum hætti verði komið við verðtryggingu sparifjár að öllu eða einhverju leyti, eins og þar segir.

Hæstv. ríkisstj. hefur ekki séð ástæðu til að fara þannig að, heldur leggur fram frv. samið í Seðlabankanum, væntanlega á grundvelli athugana sérfræðinga sinna þar. Frv. stekkur alskapað úr höfði seðlabankastjórnarinnar, án þess að aðrir hafi nokkra möguleika fengið á því að athuga þann undirbúning, sem þar hefur átt sér stað.

Augljósustu vandkvæði þess að taka upp verðtryggingu sparifjár og það, sem fyrst af öllu stingur í augun, er það, að allar innlánsstofnanir hafa verulegan, ég vil segja meginhluta af ráðstöfunarfé sínu bundinn í útlánum til misjafnlega langs tíma, jafnvel til nokkurra ára, og það er óheimilt og ómögulegt að koma verðtryggingarákvæðum inn í áður gerða lánasamninga. Ef allt sparifé yrði verðtryggt í einu lagi, mundi þarna skapast mismunur, sem yrði algjörlega ofviða bönkum, sparisjóðum og öðrum peningastofnunum að bera uppi.

Hvernig þessu vandamáli skuli mætt skv. frv., liggur að mínum dómi engan veginn ljóst fyrir. Um þetta er ekkert fjallað í aths., sem fylgja því, um þetta var ekkert rætt í framsöguræðu hæstv. viðskmrh. og mér vitanlega hefur hvergi verið á þetta vandamál minnzt í sambandi við það frv., sem hér er til umr. En þetta er þó ein þýðingarmesta forsenda þess að ráða fram úr þessu vandamáli, ein þýðingarmesta forsenda þess, að yfirleitt þýði nokkuð að tala um verðtryggingu sparifjár, svo að nokkru nemi.

Að öðru leyti vakna líka ýmsar spurningar aðrar en þessi, sem ég tel, að nauðsynlegt sé, að svarað verði, annaðhvort nú eða á síðara stigi meðferðar málsins hér á hv. Alþ., en alla vega áður en frv. verður að lögum. Hér er um frumsmíð að ræða, svo að það er alls ekki óeðlilegt, þótt einhverju þurfi að breyta til betri vegar, enda sagði hæstv. viðskmrh. það hér áðan, að hann ætlaðist ekki til þess, að frv. yrði í einu og öllu samþykkt eins og það lægi hér fyrir, heldur fengi það rækilega athugun. Því vil ég fagna út af fyrir sig, að ekki er lögð meiri áherzla á samþykkt frv. óbreytts en þar var gert. En málið er svo örlagaríkt, að brýn þörf er að athuga vel allar hliðar þess og að rasa hvergi um ráð fram.

Þar sem ég geri ráð fyrir, að frv. verði vísað til hv. fjhn. og það fái þar vandlega athugun, get ég að þessu sinni látið nægja að fara fljótt yfir sögu, en ég vil þó leyfa mér að nefna nokkur atriði, sem ég tel, að til álita komi við frumathugun málsins nú.

Í fyrsta lagi vil ég nefna þá breytingu, sem mér fyndist eðlilegt að gera á uppsetningu frv., eins og ég minntist lauslega á í upphafsorðum mínum, en það er að undirstrika það betur en gert er í frv. sjálfu, að það sé verðtrygging sparifjárins, sem er aðalatriðið, að aðalatriðið sé að koma í veg fyrir það eignatjón, þann eignamissi, sem sparifjáreigendur hafa sífellt orðið fyrir á undanförnum árum, en verðtrygging lánsskuldbindinga sé afleiðing, nauðsynleg afleiðing af þessu réttlætismáli.

Ég veit það, að e. t. v. skiptir þessi breyting ekki höfuðmáli um framkvæmd eða tilgang hinna væntanlegu laga. En mér finnst viðkunnanlegri blær á því að byggja lögin upp á jákvæðan hátt, leggja áherzluna á heimild til verðtryggingar sparifjárins, en verðtrygging skuldbindinganna komi þar sem afleiðing í öðru sæti. Og mér dettur í hug, hvort lögin mundu ekki geta heitið: Verðtrygging sparifjár og annarra fjárskuldbindinga t. d., og byggi ég þessa nafngift á því, að skuldbinding innlánsstofnana við sparifjáreigendur sé vitanlega ein tegund fjárskuldbindinga.

Þá vil ég í öðru lagi nefna ákvæði 4. gr. c.

Þar segir, að fjárskuldbindingin skuli eigi vera gerð til skemmri tíma en þriggja ára, og sé þá miðað við, að fjárskuldbindingin greiðist upp í einu lagi. En í 5. gr., þar sem fjallað er um verðtryggingu sparifjárins, er þó tekið fram, að ákvæði c-liðar 4. gr. sé ekki bindandi um það atriði. Seðlabankanum er þar veitt heimild til þess að veita innlánsstofnunum rétt til að taka við sparifé, sem bundið sé til skemmri tíma en 3 ára. Aths. við 5. gr. segja, að fyrirsjáanlegt sé, að binding innlána verði að öðru jöfnu til styttri tíma en útlánin, og þess vegna sé veitt sú undanþága, sem ég áðan minntist á.

Ég hefði talið mjög nauðsynlegt í þessu sambandi að fá nánari vitneskju um það, hvernig fyrirhugað er að koma fyrir þessum spariinnlögum með verðtryggingu. Er það t. d. hugmynd frv.-höfundanna, að allt sparifé, sem bundið er til 6 mánaða, fáist verðtryggt eða aðeins sparifé, sem bundið er til eins árs, eða á að binda sparifé til lengri tíma, til þess að verðtryggingarhagræðisins verði notið? Hvernig á að mæta því tilviki í framhaldi af þessu, sem upp getur komið, að mikill, jafnvel yfirgnæfandi meiri hluti þess sparifjár, sem nú er í bönkum og sparisjóðum, leiti í þennan farveg? Hvað eiga bankarnir að fá rúma heimild til þess að taka við sparifé með verðtryggingarskilmálum? Gömlu útlán bankanna, öll þau útlán, sem veitt hafa verið skv. gildandi lögum fram að þessum tíma, eru án verðtryggingarákvæða að sjálfsögðu. Þarna skapast, ef ekki er mjög vandlega að gætt, veruleg hætta fyrir viðskiptabankana, ekki síst þá, sem lítið eiga af eigin fé. Þessir bankar geta hæglega lent í þeirri aðstöðu að hafa tekið við miklu verðtryggðu sparifé, en sitja uppi með verulegan hluta af útlánum sínum í föstum skorðum, í lánum, sem ekki er heimilt að taka vísitölu-hækkun á, að vísu eflaust með eitthvað hærri vöxtum en menn þurfa að greiða af sparifénu, en engu að síður alveg óvíst, hvort þeir eru nægileg trygging fyrir verðbólgunni, þegar hún er orðin kvöð á sparifénu, kvöð bankanna til að greiða uppbót á sparifféð á slíkum verðbólgutímum sem hér hafa verið og hugsanlega halda áfram að vera.

Ég hefði talið mjög æskilegt, að hæstv. viðskmrh. treysti sér til að upplýsa meira um þetta atriði nú en hann hefur gert, eða í síðasta lagi á fundum hv. fjhn., þegar málið kemur þangað til athugunar. Hér er um mjög örlagaríkt atriði að ræða, sem getur alveg ráðið úrslitum um möguleika þess að framkvæma þá — ég vil segja góðu hugsun, sem í þessu frv. felst.

Í þriðja lagi vil ég leyfa mér að nefna eitt atriði í frv. Það er í 4. gr. a. Þar segir, eins og hér hefur verið rakið, að verðtrygging skuli yfirleitt miðuð við vísitölu framfærslukostnaðar, eins og hún er reiknuð á hverjum tíma.

Ég hygg, að það verði talið nokkuð eðlilegt, að sá háttur verði á hafður, að miðað verði við vísitölu framfærslukostnaðar. Að vísu hefur sú verðtrygging, sem þegar hefur verið tekin upp, verið miðuð við aðra vísitölu. Lán húsnæðismálastjórnar eru, eins og kunnugt er, miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar, og enn fremur skuldabréfalán ríkissjóðs, sem tekið var í fyrra, það er háð þeirri vísitölu. En allt um það tel ég ekki, að það sé neitt rangt í því að miða við vísitölu framfærslukostnaðar. Hún er alþekktur mælikvarði. Hún er m. a. mælikvarðinn á kaupgjaldið, og kaupgjaldið hlýtur náttúrlega alltaf að vera í nánu sambandi við möguleika manna á því að standa undir fjárskuldbindingum, og ekki síst af þeirri ástæðu tel ég, að þessi vísitala sé eðlileg. Það er ekki þetta, sem ég hef við þetta ákvæði að athuga, heldur hitt, að gert er ráð fyrir því í áðurnefndri grein, að Seðlabankanum skuli heimilt að leyfa, að verðtrygging sé miðuð við aðra vísitölu eða við breytingar tiltekins vöruverðs eftir nánari fyrirmælum þar og þeim, sem síðar kunna að verða sett. Hér sýnist mér, að opnuð sé leið til þess, að í einstökum tilvikum sé um að ræða aðra viðmiðun en vísitölu framfærslukostnaðar, og þá þar með, að margs konar verðtryggingargrundvöllur verði gildandi í þjóðfélaginu á sama tíma. Seðlabankinn á samkv. frv. að hafa heimild til þess að skammta mönnum misjöfn kjör í þessu efni eftir vild. Í aths. frv. segir aðeins um þessa grein, að ætla megi, að meginreglan verði sú, að vísitala framfærslukostnaðar verði notuð sem verðmælikvarði í samningum og skuldbindingum, og tekið fram, eins og ég áðan gerði, að hún sé algengasti verðlagsmælirinn. Samt telja höfundar frv. ástæðu til þess eða þörf á því að hafa undanþáguheimild, þ. e. að hægt sé að taka upp aðra viðmiðun við tiltekið vöruverð, og það er jafnvel gert ráð fyrir því, að setja þurfi sérstakar reglur um nýjan verðtryggingargrundvöll. Hvað er það svo, sem Seðlabankinn samkv. frv. á að hafa að leiðarljósi, þegar hann beitir þessu valdi sínu? Það er það samkv. grg., að viðmiðunin, sem hann ákveði, sé betri mælikvarði á greiðslugetu þess aðila, sem tekst skuldbindinguna á hendur. Með fyllstu viðurkenningu á réttsýni og glöggskyggni Seðlabankans og þeirra manna, sem þar stjórna, held ég, að þarna sé opnuð leið og honum fengið hlutverk, sem verði mjög erfitt að rækja. A. m. k. tel ég ástæðu til þess að tiltaka nú þegar miklu nánar en hér er gert, við hvað er átt með þessu ákvæði og hvernig hugsað er, að frekari úrvinnsla þessa undanþáguákvæðis verði framkvæmd. Ég á von á því, að frekari skýring fáist á umræddu ákvæði við meðferð málsins á hv. Alþ., og þá er það vel, en ég vek athygli á þessu nú í upphafi, vegna þess að mér sýnist, að ef ekki verður mjög varlega í sakirnar farið, séu skapaðir möguleikar til þess, að fólk búi hér við margs konar lánakjör og margs konar tilvik skapist, auk þess sem öll slík fjölgun á viðmiðunargrundvellinum gerir framkvæmdina miklu erfiðari en annars þyrfti að vera.

Þá vil ég í fjórða lagi leyfa mér að fara örfáum orðum um vaxtakjörin. Frv. gerir eðlilega ráð fyrir því, að vextir verði mismunandi eftir því, hvort um bundin eða óbundin lán verði að ræða. Það er talað um, að vaxtakjörin verði ákveðin síðar, það verði haldið áfram á þeirri braut, sem farin hefur verið um skeið, að Seðla-

bankinn einn ákveði vaxtakjörin í landinu án íhlutunar Alþ. Ég ætla ekki að ræða það atriði hér sérstaklega, en ég vildi óska þess engu að síður, að frekari upplýsingar gætu legið fyrir um vaxtakjörin en hér er nú. Eiga t. d. vaxtakjörin að vera þau sömu og á lánum frá húsnæðismálastjórn, 4% í útlánum þaðan og vísitala byggingarkostnaðar? Eða er hugsað að hafa vaxtakjörin þau sömu og ríkissjóður tók á sig með útboði innlends framkvæmdaláns, 5% fyrstu 4 árin og hækkandi prósenta úr því og vísitala byggingarkostnaðar? Eða er kannske hugsað, að útlán beri 5—6%, en sparifé fái 4%, því að í frv. er eðlilega gert ráð fyrir vaxtamismun, sem gangi til bankanna? Hver á hann að verða? Og hvernig er hugsað að koma þessum vaxtakjörum fyrir? Það er atriði, sem skiptir verulegu máli, þegar menn eru að hugleiða ráð til þess að taka hér upp verðtryggingu sparifjár, en atriði, sem mér finnst ekki svarað fullnægjandi í því, sem fram hefur komið viðvíkjandi þessu frv.

Þá vil ég nefna í fimmta lagi það atriði, sem hefur valdið mér nokkrum heilabrotum, hvernig hugsað er að ráða fram úr, en það er þetta, að þegar nokkur hluti útlánastarfsemi banka og annarra innlánsstofnana á að verða verðtryggður, en annar ekki, skapast þá ekki mikil hætta á mismunun þjóðfélagsþegnanna eða viðskiptamanna bankanna og innlánsstofnananna? Verður það þá ekki háð tilviljunum, skulum við segja, eða einhverju öðru, hver það verður, sem fær lán með vísitölubundnum kjörum, og hverjir það verða, sem áfram geta búið við verðbólgulánin, þ. e. a. s. lánin, sem ekki breytast, hvernig sem verðlagið í landinu breytist? Þetta er atriði, sem mjög þarf að gera sér grein fyrir. Ef slíkur möguleiki er fyrir hendi, er hætta á því, að einstakir aðilar búi við mismunandi lánakjör, jafnvel þótt þeir starfi báðir í sömu atvinnugrein eða taki lán til hliðstæðra eða sams konar framkvæmda. Það mætti e. t. v. fyrirbyggja þetta með nánari útfærslu á heimildinni í 4. gr. c, og ég tel, að það sé full ástæða til þess að skoða, hvort ekki sé hægt að gera það, því að þessi hætta er að mínum dómi vissulega til staðar, ef ekki er sett undir þann leka alveg örugglega í upphafi.

Í sjötta lagi vil ég aðeins nefna ákvæði 5. gr., þar sem segir, að Seðlabankinn geti heimilað bönkum og öðrum innlánsstofnunum að taka á móti innstæðum gegn verðtryggingu og lána út samsvarandi fé auk jafnvirðis eigin fjár með verðtryggingu. Spurning mín í þessu sambandi er sú, hvað er átt við með orðunum „öðrum innlánsstofnunum“. Er átt þar aðeins við sparisjóðina, eða er líka átt við innlánsdeildir, t. d. innlánsdeildir kaupfélaganna? Ég tel raunar alveg víst, að svo sé, að þessa heimild eigi að vera hægt að veita innlánsdeildum kaupfélaganna líka. Innlánsdeildirnar eru látnar fylgja öðrum peningastofnunum, þegar um óþægilega hluti er að tefla. Þegar innheimtur er hluti af sparifjármyndun peningastofnana og fluttur í Seðlabankann, fara innlánsdeildirnar ekki varhluta af þeim ákvæðum, þeim er gert að binda jafnháan hluta af sínum innstæðum í Seðlabankanum eins og öllum öðrum peningastofnunum, svo að ég tel raunar alveg óruggt mál, að þeim verði fengin réttindi til að taka við verðtryggðu sparifé á sama hátt og öðrum peningastofnunum og um þetta sé kannske óþarfi að fjölyrða. En engu að síður er þetta þó atriði, sem ekki er svarað berum orðum frv. eða aths. og má þess vegna vel minnast á. En öll sanngirni mælir að sjálfsögðu með því, að innlánsdeildirnar verði látnar fylgja öðrum peningastofnunum, þegar um þessi ákvæði [illegible] að ræða, því að hætt er við og augljóst raunar, að samkeppnisaðstaða þeirra um sparifé mundi verða óhæg og jafnvel ómöguleg, ef þessi réttur yrði ekki veittur þeim.

Þá er í sjöunda lagi sagt í 6. gr., að opinberar fjárfestingarlánastofnanir, sem séu stofnaðar með lögum, hafi heimild til að veita verðtryggð lán af eigin fé og endurlána verðtryggt fé. Í þessu sambandi dettur mér í hug, hvort framlög t. d. ríkisins eða tekjuöflun samkv. sérstökum lögum sé í þessu sambandi talin eigið fé sjóðanna, þannig að þeir megi sjálfkrafa framlána það fé með vísitölukjörum, eða hvort hér sé aðeins rætt um það fé, sem sjóðirnir hafa eignazt gegnum starfsemi sína, og þeir megi þá ekki endurlána fé sitt með vísitölukjörum, nema að svo miklu leyti sem það er lagt þeim í hendur með þeim kjörum. Þetta tel ég skipta talsverðu máli og væri æskilegt að fá upplýst.

Þá er sagt í 4. gr. e, að verðtryggðar kröfur og skuldbindingar skuli ætíð skráðar á nafn. Það tel ég alveg sjálfsagðan hlut og mikla framför fólgna í þessu ákvæði frá því, sem lögleitt var hér, þegar skuldabréfalán ríkissjóðs var hér til meðferðar, þegar ómögulegt reyndist þrátt fyrir ítrekaða eftirgangsmuni að fá hæstv. ríkisstj. og stuðningsmenn hennar t[illegible] þess að taka upp nafnskráningu á þeim bréfum, jafnsjálfsagðan hlut eins og þar var um að ræða, ekki síst í þeirri viðleitni, sem sýnd hefur verið upp á síðkastið til þess að fletta ofan af skattsvikum og svindli hér á landi. Í aths. um þetta ákvæði segir, að ákvæðið sé sett til þess, að unnt sé að koma við nauðsynlegu eftirliti með verðtryggðum kröfum og tryggja framkvæmd laganna. Þetta er vitanlega alveg hárrétt og á ekkert síður við um það lán, sem ég var áðan aðeins að minnast á, en hér, og kannske á það enn þá frekar við um skuldabréfalán ríkissjóðs, vegna þess að í frv. er þó um að ræða lán eða skuldbindingar, sem skráðar eru af öðrum ástæðum, þar sem yfirleitt er gert ráð fyrir því sem undantekningarlítilli aðalreglu, að verðtryggð lán sé veitt gegn veði í fasteignum, en þau eru vitanlega skráð í veðmálabækur, þótt engin ákvæði kæmu til í þessu frv. eða þessum lögum, svo að sú breyting, sem orðið hefur á viðhorfi til þessara hluta, er vissulega góðra gjalda verð.

Þá er hér lítil fsp. varðandi heimild fyrir lífeyrissjóðina til þess að lána með verðtryggingarákvæðum. Það er fjallað um það atriði í 7. gr. frv. og segir þar, að viðurkenndum lífeyrissjóðum skuli heimilt að ávaxta sjóði sína í verðtryggðum lánum tryggðum með veði í íbúðarhúsum og með sömu kjörum og íbúðar-

lán Húsnæðismálastofnunar ríkisins við veðdeild Landsbankans eru á hverjum tíma. Í þessu sambandi dettur mér í hug að bera fram þá fsp., hvort með orðunum „sömu kjörum" og íbúðarlánin sé einnig átt, að óheimilt sé lífeyrissjóðunum að lána verðtryggð lán út á annað en 1. veðrétt. Húsnæðismálastofnunin lánar einungis út á 1. veðrétt, eins og kunnugt er, en lífeyrissjóðir hafa leyfi til þess að lána út á allt að 50% af brunabótamati. Sú regla hefur nýlega verið tekin upp. Áður voru það 30%, nú eru það 50%. Sú rýmkun hefur efalaust verið gerð til þess, að þeir, sem aðild eiga að lífeyrissjóðum, hefðu möguleika á því að taka lífeyrissjóðslán samhliða húsnæðismálastjórnarláni. Ef orðin „með sömu kjörum" í umræddri gr., 7. gr. þessa frv., þýða það, að lífeyrissjóðirnir megi ekki lána verðtryggðar skuldbindingar öðruvísi en með 1. veðrétti, er þessi heimild, þetta hagræði, sem meðlimir lífeyrissjóðanna hafa haft samkv. gildandi l., niður fallið, því að ég tel ekki nokkurn vafa á því, að forstöðumenn allra lífeyrissjóða taki upp verðtryggingu í útlánum sínum. Lífeyrissjóðirnir lána yfirleitt meðlimum lán til byggingar íbúðarhúsa til langs tíma, og hver einasti forsvarsmaður lífeyrissjóðs telur sig eflaust skyldugan til þess að nota sér þá heimild, sem þarna er fengin, til þess að lána með verðtryggingu, enda hefur sá sparnaður, sem fram fer í lífeyrissjóðunum, verið ofurseldur verðbólgueldinum alveg á sama hátt og almenn sparifjársöfnun einstaklinga, og þess vegna er nauðsynlegt fyrir þá að fá þessa heimild, og hún verður vafalaust notuð, þannig að bann við lánum út á annað en 1. veðrétt þýðir, að loku er skotið fyrir það, að menn geti fengið viðbótarlán úr lífeyrissjóðum, ef þeir hafa notið láns úr húsnæðismálastofnuninni.

Ég skal nú ljúka þessum fáu aths., sem ég hef við þetta frv. að gera nú við 1. umr. Eins og ég sagði í upphafi, tel ég, að mál það, sem frv. fjallar um, verðtrygging sparifjár og annarra fjárskuldbindinga, sé mjög mikillar athygli vert og góðra gjalda vert og það sé hin mesta nauðsyn að finna færar leiðir til að hrinda því réttlætismáli í framkvæmd að tryggja hlut sparifjáreigenda til jafns við aðra þegna þjóðfélagsins, því að hinn frjálsi sparnaður er undirstaða þess, sem hægt er að gera með skynsamlegu móti til uppbyggingar í þjóðfélaginu. En vegna þess, hve málið er mikilvægt og afdrifaríkt, ekki síður til ills heldur en til góðs, ef óheppilega tekst til, hef ég leyft mér nú við 1. umr. að drepa á nokkur atriði, sem ég tel, að frekari athugunar þurfi. Hér er farið inn á nýja braut, og það er eðlilegt, að sumt geti orkað tvímælis, og því hefði að mínum dómi verið réttara, að hæstv. ríkisstj. hefði leitað samráðs við alla flokka hér á hv. Alþ., eins og gert var ráð fyrir í þeirri þáltill. frá 5 þm. Framsfl., sem ég minntist á í upphafi máls míns. Slíkur háttur hefur oft verið við hafður hér á hv. Alþ., bæði núna í seinni tíð og áður, og jafnan, að ég held, gefizt vel, þannig að engin ástæða ætti að vera til þess fyrir hæstv. ríkisstj. að neita sér um að fara þá leið. Ég hygg, að afgreiðsla t. d. vegalagabreytingarinnar á síðasta þingi hafi sýnt það, að stjórnarandstaðan skýtur sér ekki undan því að taka sinn hluta af þeirri vinnu á sig, sem nauðsynleg er til þess að koma á þýðingarmiklum umbreytingum í þjóðfélaginu, en hér er einmitt um eina slíka að ræða, og þess vegna vil ég harma það, að þessi málsmeðferð var ekki viðhöfð, um leið og ég undirstrika, að enda þótt svo hafi ekki verið gert, viljum við þm. Framsfl. taka þátt í afgreiðslu þessa máls og freista þess að leiða það inn á þær heppilegustu brautir, sem um er að tefla í þessu þýðingarmikla máli, því að hér er engan veginn um flokkspólitískt mál að ræða.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Hér er hreyft við mjög þýðingarmiklu máli. Í rauninni er ætlunin með þessu frv., að mér skilst, að taka upp glímuna við verðbólguvandamálið.

Skv. frv. er gert ráð fyrir því, að Seðlabankanum verði veitt allvíðtæk heimild til þess að setja reglur um verðtryggingu fjárskuldbindinga. Og ætlunin er sú, eins og líka kom glögglega fram í ræðu hæstv. viðskmrh., að hafa með þessu áhrif á það, að ekki verði á sama hátt og áður ráðizt í ýmiss konar framkvæmdir í landinu með lánsfé fyrst og fremst í því augnamiði að græða á lántökunni og framkvæmdunum vegna verðlagsþróunarinnar, sem í landinu er.

Ég tel, að ráðstafanir í þessa átt séu góðra gjalda verðar, því að engin deila getur verið um það, að það er nauðsynlegt að reyna að reisa skorður gegn verðbólgunni á öllum sviðum og ýmsum óheilbrigðum framkvæmdum, sem vilja sigla í kjölfar verðbólgunnar. En það er nauðsynlegt að athuga það vel og vandlega, áður en reglur eru settar í þessa átt, hvort þær raunverulega muni koma að tilætluðum notum.

Í fyrsta lagi vakna að sjálfsögðu spurningar í þá átt í þessum efnum, hver sé í rauninni aðalástæðan fyrir hinni miklu verðbólgu, sem við eigum við að glíma nú. Eru aðalástæðurnar þær, að í gangi hafa verið í okkar landi á undanförnum árum verðbólguframkvæmdir, sem hafa skrúfað verðbólguna áfram? Og hvaða framkvæmdir eru þá þetta? Ég dreg það ekki í efa, að of miklar framkvæmdir á ýmsum sviðum hafa átt sinn þátt í því að auka hér spennu og magna verðbólgu á vissum tímum. Það er því að mínum dómi réttmætt að setja á ráðstafanir, sem að gagni gætu komið, til þess að draga úr slíkum framkvæmdum sem þessum. En samkv. þessu frv., eins og það liggur fyrir, þá sýnist mér, að athyglinni sé sérstaklega beint að tilteknum framkvæmdum landsmanna, sem ég vil mjög draga í efa, að séu meginvandamálið. Það er gert ráð fyrir því samkv. frv., að allir lífeyrissjóðir skuli hafa almenna heimild til þess að veita lán, sem séu verðtryggð, sem séu vísitölutryggð. Við vitum það, að aðallán þessara lífeyrissjóða hafa verið húsbyggingalán. Það er þegar búið að setja í lög ákvæði um það, að húsbyggingalán til almennings í landinu úr hinu almenna húsnæðismálakerfi skuli vera vísitölutryggð, og síðan er einnig gert ráð fyrir því með þessu

frv., að lán, sem veitt eru úr hinum almennu stofnlánasjóðum, sem til eru í landinu, megi einnig vísitölubinda. Er það þá skoðun manna, að hinar almennu íbúðarhúsabyggingar, sem átt hafa sér stað í landinu á undanförnum árum, þær sem hafa fengið lán úr hinu almenna íbúðalánakerfi eða úr lífeyrissjóðakerfinu, þær íbúðarhúsabyggingar hafi verið svo allt of miklar, að þar sé að leita aðalorsakanna til verðbólguþróunarinnar í landinu á undanförnum árum? Eða telja menn, að framkvæmdir, sem efnt hefur verið til með lánum úr hinum almennu stofnlánasjóðum sjávarútvegs, landbúnaðar og iðnaðar, þær lánveitingar hafi verið sérstök orsök þessarar þróunar? Það er ekki mín skoðun, að svo sé, og ég satt að segja efast um, að það séu til hér hv. þm., sem vilji halda slíku fram. Auðvitað er ekkert um það að efast, að það eru til aðilar, sem ráðizt hafa í byggingu íbúðarhúsa með það í huga, að þeir gætu haft af slíkum framkvæmdum nokkurn verðbólgugróða, og ég hygg reyndar, að eins og öllum okkar viðskiptakjörum og verðlagsreglum er háttað, mundu slíkir aðilar geta haft sinn verðbólgugróða út úr byggingu íbúðarhúsa, jafnvel þó að slíkar reglur væru komnar í gildi, sem nú eru komnar í gildi um verðtryggingu á lánunum.

Það er enn fremur enginn vafi á því, að það eru ýmsar aðrar framkvæmdir, sem hafa átt sér stað í landinu á undanförnum árum og eiga sér stað enn fyrir lánsfé, sem ekki mundi verða náð til skv. reglum þessara laga, sem að mínum dómi hafa valdið hér miklum mun meiru um verðlagsþróunina í landinu eða verðbólguþróunina. Við skulum t. d. taka hinar gífurlega miklu fjárfestingarframkvæmdir á vegum verzlunarinnar í landinu á undanförnum árum, sem hafa að verulegu leyti verið afsakaðar með því, að verzlunin hafi verið í hungri í þessum efnum áður. Verzlunin hefur yfirleitt ekki fengið lán til þessara gífurlega miklu framkvæmda úr stofnlánasjóðum. Verzlunin hefur ekki heldur fengið lán til þessara miklu framkvæmda sinna úr hinu almenna íbúðalánakerfi. En hún hefur eigi að síður fengið mikil lán í því formi, sem algengast er, að verzlunin fái lán. Verzlunin hefur fengið mikil lán úr bankakerfinu. Þau lán hafa verið að nafninu til til stutts tíma: eins árs, tveggja ára, þriggja ára, óumsamin með öllu, yfirdráttarlán, hlaupareikningslán. En skýrslur bankanna sýna það, að peningarnir hafa flotið út í þessum efnum til þessara aðila, og verkin sýna merkin, byggingarnar hafa komið í ljós, fjármunirnir sjást að utan hjá þessum aðilum, og það er auðvitað enginn vafi á því, að verðbólguáhugi hefur verið talsverður á bak við þessar framkvæmdir. Eftir því sem gert er ráð fyrir í þessu frv., sem hér er nú til umr., mundu þessar fjárfestingarframkvæmdir ekki komast undir þetta eftirlit, þeir aðilar mundu væntanlega áfram fá öll sín lán úr bankakerfinu án þess að þurfa að vísitölutryggja lánin. Nei, það er þegar búið að taka þessum tökum á hinum fátæka íbúðarhúsabyggjanda í landinu. Hann fær nú ekki lán úr húsnæðismálakerfinu án þess að þurfa að vísitölutryggja lánið, og það er nú um nokkurt skeið búið að hnýta þessu að sjávarútveginum. Enginn aðili í landinu getur nú fengið að taka lán til þess að kaupa sér fiskiskip án þess að undirskrifa þar lánsskjöl um það, að hann verður að bera gengisáhættu, fulla gengisáhættu af 70% andvirðis skipakaupanna eða alls þess láns, sem hann getur fengið úr sínum stofnlánasjóði, um sjö ára tímabil. Og sé skipið smíðað innanlands, þá verður hann einnig að undirskrifa þar skuldbindingar um að verðtryggja lánið. Þetta er þegar orðið svona hjá þessum stofnlánasjóði og búið að vera svona í nokkuð mörg ár. En það er rétt, að það eru samt sem áður nokkuð mörg lán, sem veitt eru, t. d. til sjávarútvegs í gegnum bankakerfið, sem ekki eru gengistryggð eða vísitölutryggð, og þau gætu að sjálfsögðu fallið undir reglur þær, sem þetta frv. fjallar um. Nú er því í gangi í þessum efnum veruleg mismunun á milli aðila, sem lán þurfa að taka, og þessi mismunun kemur núna mjög áberandi fram og stórkostlega hættulega fram í ýmsum efnum.

Ég held, að þegar reglur sem þessar eru settar, þurfi menn að gera sér grein fyrir því, hvort líklegt sé, að þessar reglur muni hafa einhver veruleg áhrif á það að draga úr vexti dýrtíðarinnar, að draga úr verðbólguþróuninni. Ég held, að það þurfi að beita hér allt öðrum aðferðum en þessum. Ég mundi óttast það, að þó að slíkar reglur sem þessar yrðu færðar nokkru lengra út en nú er, þá mundu þær litlu fá áorkað, en skapa margvíslegan vanda, — því að hver verður vandinn, ef verðbólgan heldur áfram að aukast, eftir að slíkar reglur sem þessi eru komnar í gang? Hver verður niðurstaðan t. d. í sambandi við húsnæðiskostnað almennings í landinu? Ef verðbólgan heldur áfram að vaxa, verður niðurstaðan sú, að húsaleiguútgjöld eða húsnæðiskostnaður almennings fer raunverulega vaxandi. En hver verður afleiðingin af því? Ef húsnæðisútgjöld manna vaxa, þá vaxa líka kröfurnar um hækkað kaup á móti. Menn sleppa ekki undan þessu orsakalögmáli. Og ef verðbólgan heldur áfram að vaxa, eins og hún hefur vaxið á undanförnum árum, og búið er að setja upp enn víðtækari reglur en nú eru í gildi, t. d. viðvíkjandi okkar aðalframleiðslugreinum, landbúnaði, vísitölutryggja þau lán, sem hann fær, eða sjávarútveginum almennt séð, verður útkoman vitanlega sú, að greiðslur af lánunum fara sífellt hækkandi frá því, sem verið hefur, útgjöldin aukast, og þessir aðilar koma til þings og stjórnar og segja: Annaðhvort stöðvum við eða við þurfum frekari stuðning. — Ef reglur eins og þessar eiga að bera árangur, þá verða þær að leiða til þess að draga úr vexti dýrtíðarinnar, minnka verðbólguþróunina. En ég held hins vegar, að séu þessar reglur framkvæmdar á jafntakmörkuðu sviði og gert er ráð fyrir í þessu frv., hafi þetta ekkert að segja í sambandi við þróun verðlagsmálanna í landinu. Ef menn ætlast til þess að fá hér einhvern verulegan árangur, verður að færa út þessar reglur svo að segja til allra lánveitinga, einnig til mjög

stuttra lána í flestum tilfellum, og það verður jafnframt að gera margvíslegar aðrar ráðstafanir til þess að hamla gegn vaxandi dýrtíð, því að annars fer þetta allt saman um koll á tiltölulega stuttum tíma.

Við skulum t. d. taka dæmi af því, sem er nærtækt og við þekkjum vel til. Við skulum hugsa okkur, að slíkar reglur sem þessar væru komnar í gildi miðað við það ástand, sem nú er í okkar þjóðfélagi. Ríkisstj. er enn á fullri ferð að leggja nýjar álögur á í ýmsum myndum og ég hygg, að flestir þingmenn hafi gert sér grein fyrir því, að það er að minnsta kosti á finan hátt búið að tilkynna mönnum það, að ef skelli á ríkissjóð talsvert aukin útgjöld af kauphækkun opinberra starfsmanna, sem vel megi búast við á næstunni, og ef það eigi að halda áfram sams konar stuðningi til sjávarútvegsins og hefur verið í gildi á þessu ári, þá megi einnig búast við því, að ríkið þurfi að afla tekna í þessu skyni til viðbótar við þá tekjustofna, sem nú eru í gildi. Við skulum því hugsa okkur, að til viðbótar við allar þær álögur, sem nú er þegar búið að tilkynna og ákveða, komi enn nýjar. Býst nú einhver við því, þegar þessar álögur koma út í viðskiptalífið, að þá hækki ekki verðlag og kostnaður allur í landinu? Geta menn búizt við öðru en að launafólk almennt í landinu svari þessu með því að segja: Við gerum kröfur um hækkað kaup? — Og ef að venju lætur, þá segja stjórnarvöldin: Hækkað kaup og annar hækkaður kostnaður, það þýðir að sjálfsögðu það, að allir, sem með viðskipti hafa að gera í landinu, verða að fá að hækka allt. — Þannig hefur þetta gengið. Vísitalan mundi hækka, og þeir, sem standa í framleiðslunni og hafa skiljanlega orðið að taka lán, verða bara að greiða til viðbótar við tiltölulega háa vexti dýrtíðarskatt, dýrtíðaruppbót til þeirra, sem veittu lánið, útgjöld þeirra mundu vaxa, og hjólið mundi snúast öllu hraðar á eftir en áður.

Ég held því, að það sé algert grundvallaratriði í þessum efnum, að hæstv. ríkisstj. geri sér grein fyrir því, ef hún vill fara inn á þessa braut, að þá verður að vera um það að ræða, að svona verðtrygging verði mjög almenn, nái svo að segja til allra lánveitinga, og að jafnhliða þurfi að gera víðtækar efnahagslegar ráðstafanir til þess að hamla gegn því, að dýrtíðin geti haldið áfram að vaxa, vegna þess að þessar ráðstafanir einar út af fyrir sig mundu aldrei duga.

Það liggja fleiri ástæður til hækkandi verðlags í landinu en aðeins miklar framkvæmdir og dýrtíðarspekúlasjónir í þeim efnum. Það eru fleiri ástæður, sem hér eru að verki, og það þarf einnig að taka á þeim. Ríkisstj. þarf að mínum dómi að hafa kjark til þess að taka til dæmis í fjárfestingarmálunum í landinu og ákveða, að það skuli ekki ráðizt í meiri framkvæmdir hverju sinni en talið er, að hagkerfið fái þolað. Það þarf að þora að taka stjórn á fjárfestingarmálum þjóðarinnar og raða þar niður framkvæmdum, eins og oft hefur verið minnzt hér á. Og ríkisstj. verður einnig að þora að taka á því mikla vandamáli að reyna að hafa hemil eða stjórn á verðmynduninni í landinu, á verðlagningarreglum. Það er ekki hægt á Íslandi að segja við alla viðskiptaaðila, eins og gert hefur verið: Þið verðið að ráða þessum málum sjálfir, þið skuluð ráða því, hvað þið leggið mikið á. — Ef þær reglur verða áfram í gildi, fer þetta allt úr böndunum, og þá eru reglur sem þessar í rauninni til hins verra.

Hér er um að ræða 1. umr. um þetta mál, og málið fer í þá n., sem ég á sæti í, og ég skal því ekki ræða frekar um það. Ég vildi aðeins láta nokkrar almennar aths. koma hér fram um málið. Út af fyrir sig er ég ekki andvígur því, að athugað sé um bæði verðtryggingu á sparifé og verðtryggingu á fjárskuldbindingum, en ég vil fyrir mitt leyti taka það alveg skýrt fram, að ég tel nauðsynlegt, að menn geri sér fulla grein fyrir því, við hvaða vanda er hér að etja í þessum málum og ráðstafanir á takmörkuðu sviði í þessa átt koma að litlu gagni og geta haft fólgnar í sér miklar hættur.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til fjhn. með 25 shlj. atkv.

Á 59. fundi í Nd., 24. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 20, n. 350 og 355, 37, 351).

Frsm. meiri hl. (Davíð Ólafsson): Herra forseti. Fjhn. hefur haft þetta mál til meðferðar síðan á haustdögum, en ekki getað orðið sammála um afgreiðslu þess, og hefur meiri hl. skilað áliti á þskj. 350 og leggur þar til, að frv. verði samþ. með þeim breytingum, sem þar getur, en brtt. eru fluttar á sérstöku þskj., 351. Minni hl. n. vill hins vegar vísa málinu frá með rökstuddri dagskrá, eins og fram kemur í áliti minni hl. á þskj. 355, og vill, að málið fái nokkru rækilegri athugun, eins og þar segir, en þegar hefur farið fram. Ég harma það, að ekki skyldi hafa orðið samkomulag um málið, þar sem ekki var ágreiningur um sjálft málefnið, eftir því sem kom fram í n. og eftir því sem ráða má af áliti minni hl., heldur aðeins um meðferð málsins. Af því tilefni þykir mér rétt að ræða nokkuð um meðferð málsins og forsögu þess.

Skömmu eftir að frv. hafði verið vísað til n., ákvað n. að leita um það umsagnar til Seðlabankans og viðskiptabankanna, svo og Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis. Framkvæmd verðtryggingar, hvort sem er á innlánsreikningum eða í útlánum, hlýtur að grípa allmjög inn í alla starfsemi viðskiptabankanna. Það var því ekki óeðlilegt, að þessir aðilar tækju sér nokkurn tíma til að athuga málið gaumgæfilega. Umsagnir bárust því ekki fyrr en eftir að þing kom saman að nýju eftir áramótin.

Þegar að því kom, að n. skyldi afgreiða málið, höfðu umsagnir borizt frá Seðlabanka Íslands, Iðnaðarbanka Íslands, Verzlunarbanka Íslands, Landsbanka Íslands og Útvegsbanka Íslands, en bankastjóri Samvinnubanka Íslands á sæti í n., hv. 11. þm. Reykv., og hann mun

sem frsm. minni hl. n. gera grein fyrir sinni afstöðu.

Seðlabankinn mælti eindregið með samþykkt frv. í sinni umsögn. Iðnaðarbankinn tjáir sig hlynntan efni frv. í meginatriðum og telur, að lögfesting þess gæti haft heillavænleg áhrif á efnahagsþróunina hér á landi, m. a. í þá átt að skapa stöðugra verðlag eða m. ö. o. að draga úr verðbólguþróuninni. Hins vegar telur Iðnaðarbankinn ákvæði 5. gr. frv., sem gerir ráð fyrir þeim möguleika, að innstæður til skamms tíma verði verðtryggðar, geta orkað tvímælis og gætu, ef framkvæmd yrðu, haft óheppileg áhrif á getu viðskiptabankanna til að sjá atvinnurekstrinum fyrir eðlilegu rekstrarfé. Vill hann láta nema burt úr frv. þetta ákvæði. Verzlunarbankinn lýsir eindregið stuðningi sínum við stefnu og megintilgang frv., og segir svo orðrétt í umsögn hans, með leyfi hæstv. forseta:

„Frv. fjallar um mjög þýðingarmikið mál, sem hingað til hafa eigi verið gerð fullnægjandi skil. Þó hefur mönnum alllengi verið ljóst, að nauðsyn beri til að vernda hag sparifjáreigenda betur en gert hefur verið síðasta aldarfjórðung. Hefur hin stöðuga verðbólga, er svo til óslitið þann tíma hefur herjað með þjóð vorri, haft hinar verstu afleiðingar fyrir alla þá, er lagt hafa peninga sína á vöxtu í banka og sparisjóði. Ber því að fagna öllum þeim aðgerðum, sem ganga í þá átt að stemma stigu við þeirri þróun og snúa dæminu við. Ákvæði þessa frv., ef að lögum verður, munu vissulega verka í þá átt, og er það vel. Jafnframt er eðlilegt, að þeir, er lánsfé hafa undir höndum, greiði þá verðrýrnun, sem verða kann á lánstímanum. Vér viljum eindregið lýsa stuðningi vorum við stefnu og megintilgang frv.," segir Verzlunarbankinn að lokum.

Hins vegar telur Verzlunarbankinn hæpið að gera yfirleitt ráð fyrir því að miða verðtrygginguna við vísitölu framfærslukostnaðar og bendir á, að eðlilegast væri, að reiknuð væri út sjálfstæð vísitala fyrir verðtryggingu fjárskuldbindinga. Frv. útilokar ekki þann möguleika, að slíkt sé gert, þó að gert sé ráð fyrir þeirri meginreglu, að miðað verði við vísitölu framfærslukostnaðar. Varðandi verðtryggingu til skamms tíma bendir Verzlunarbankinn á sömu vandkvæði og Iðnaðarbankinn með tilliti til rekstrarlána til atvinnuveganna. Loks bendir Verzlunarbankinn á í umsögn sinni nauðsyn þess, að þær stofnanir, sem koma til með að hafa með höndum framkvæmd þessara mála, fái tækifæri til að fylgjast náið með undirbúningi og framkvæmd þeirra.

Landsbankinn tekur í umsögn sinni ekki afstöðu til frv. í heild, en takmarkar sig við þau ákvæði frv., er snerta starfsemi viðskiptabankanna. og það hlutverk, sem þeim er ætlað samkv. frv. Niðurstaða hans er sú, að miðað við þá uppbyggingu viðskiptabankanna, sem nú er, sé þeim nánast ofviða að taka á sig nokkrar kvaðir í þá átt, sem frv. gerir ráð fyrir, og því í umsögn hans ráðið frá samþykkt þeirra ákvæða, er varða viðskiptabankana og verðbindingu sparifjár. Þá er bent á, hvort ekki væri rétt, að málið í heild væri athugað milli þinga af n. manna með sérþekkingu á þessu sviði og gengið yrði síðan frá nýjum till., m. a. á grundvelli þeirrar reynslu, sem fengizt hefði erlendis af löggjöf í þessa átt.

Útvegsbankinn telur í umsögn sinni æskilegt, að farið verði í auknum mæli inn á þá braut að verðtryggja sparifé og sé þá að sjálfsögðu bæði eðlilegt og óhjákvæmilegt að verðtryggja útlán á móti. Gæti það e. t. v. orðið til þess annars vegar að draga úr því tjóni, sem verðbólgan veldur sparifjáreigendum, og hins vegar til þess að draga úr verðbólguþróuninni. Hins vegar bendir Útvegsbankinn á þau vandkvæði, sem hætt er við að yrðu á því í framkvæmd fyrir viðskiptabankana að veita verðtryggingu á verulegan hluta af spariinnlánum sínum, eins og segir í umsögninni. Telur bankinn æskilegt, að málið allt verði athugað milli þinga af sérstakri n., er hafi náið samráð við bankana, þar sem m. a. verði tekið tillit til vandamála viðskiptabankanna og innlánsstofnana yfirleitt.

Í því, sem ég hef hér rakið, vona ég, að mér hafi tekizt að draga saman í stuttu máli meginatriðin í umsögnum þeim, sem n. bárust um frv., en þær eru birtar í heild sem fskj. með nál. meiri hl. Í enn styttra máli mætti segja, að þar sem viðskiptabankarnir taka afstöðu til frv. í heild og þeirrar meginstefnu, sem í því felst, en það gera þrír af þeim 4 bönkum, sem umsagnir sendu, er sú afstaða jákvæð. Hins vegar er sameiginlegt þeim öllum, þótt í misjöfnum mæli sé, að vekja athygli á vandamálum viðskiptabankanna um væntanlega framkvæmd verðtryggingarinnar.

Að ósk n. kom dr. Jóhannes Nordal seðlabankastjóri á fund hennar, og ræddi n. við hann um einstök atriði frv., svo og um hugsanlega framkvæmd vissra atriða. Kom m. a. fram í þeim viðræðum, að æskilegt væri að fá nánari grg. frá Seðlabankanum um ýmis atriði frv. og hvað hugsað væri um framkvæmdaatriði. Í framhaldi af þessum viðræðum og enn fremur í tilefni af þeim umsögnum, sem borizt höfðu frá viðskiptabönkunum og ég hef getið um, sendi bankastjórn Seðlabankans síðan n. grg., sem birt er í nál. meiri hl. Er þar m. a. rætt um þau atriði, sem viðskiptabankarnir telja, að helzt geti valdið vandkvæðum í framkvæmd, en í niðurlagi grg. segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Enn fremur er rétt að leggja áherzlu á það, að viðskiptabankarnir gegna svo mikilvægu hlutverki í fjármálalífi þjóðarinnar, að varla verður hjá því komizt, að verðtrygging nái til þeirra, enda hafa þeir undir höndum töluverðan hluta af sparnaði þjóðarinnar til langs tíma. Með verðtryggingu sparifjár til langs tíma eiga þeir að geta laðað til sín meira af slíkum sparnaði en áður, í stað þess að almenningur fjárfesti beint eða verji fénu til neyzlu. Taki þeir ekki þátt í verðtryggingu að sínu leyti, má búast við, að þeir verði undir í samkeppninni um sparnað til langs tíma gagnvart sparisjóðum, líftryggingafélögum, vaxtabréfaútgáfum eða á annan hátt.

Vér viljum svo að lokum gera eftirfarandi

athugasemdir varðandi afstöðu viðskiptabankanna til þessa máls.

Í fyrsta lagi er rétt að benda á það enn einu sinni, að Seðlabankanum hafa frá upphafi verið ljós hin margvíslegu vandamál, er framkvæmd verðtryggingar hlýtur að hafa í för með sér fyrir viðskiptabankana. Hefur þetta sjónarmið einmitt ráðið því, að frv. um verðtryggingu hefur verið byggt upp sem heimildarfrv., svo að hægt yrði að taka upp verðtryggingu hjá viðskiptabönkunum smám saman og að því marki, sem reynslan sýndi, að væri framkvæmanlegt. Föst ákvörðun um slík atriði í lögum gæti haft mikla örðugleika í för með sér.

Í öðru lagi er svo rétt að leggja áherzlu á það, að það hlýtur ætíð að vera eitt meginhlutverk Seðlabankans að stuðla að heilbrigðri starfsemi viðskiptabanka og annarra innlánsstofnana. Seðlabankinn hlýtur því að haga framkvæmd verðtryggingar þannig, að hún hafi ekki í för með sér óeðlilegar truflanir á starfsemi bankakerfisins eða skapi því fjárhagslega örðugleika. Til þess að tryggja þetta enn fremur hefur það verið ætlun Seðlabankans að gangast fyrir stofnun sérstakrar samvinnunefndar, er skipuð yrði fulltrúum viðskiptabanka og annarra innlánsstofnana, er allar ákvarðanir varðandi framkvæmd verðtryggingar hjá bankakerfinu yrðu bornar undir. Liggur það reyndar í hlutarins eðli, að án slíkrar samvinnu yrði framkvæmd verðtryggingar með skipulegum hætti ekki framkvæmanleg.

Í þriðja lagi vill svo bankastjórn Seðlabankans taka fram, að hún telur frekari athugun þessara mála milli þinga ástæðulausa. Seðlabankinn hefur að undanförnu kynnt sér eftir föngum reynslu annarra þjóða af verðtryggingu, og er frv. byggt upp á grundvelli þeirra upplýsinga, sem þannig liggja fyrir. Þau framkvæmdaatriði, sem leysa þarf úr varðandi verðtryggingu innan bankakerfisins, verða þar að auki ekki nema að litlu leyti leyst á grundvelli reynslu annarra þjóða, t. d. Finna. Hér verður að byggja fyrst og fremst á athugun á innlendum staðháttum og þeirri reynslu, sem fengist af framkvæmd verðtryggingar, eftir því sem tímar liðu. Meginatriðið er, að sú reynsla fáist með þeim hætti, eins og frv. gerir ráð fyrir, með því að hefja framkvæmd verðtryggingar á takmörkuðu sviði peningakerfisins. Á þeirri reynslu yrði síðan ákveðin áframhaldandi þróun í samráði við viðskiptabankana og sparisjóði."

Þannig segir í lok greinargerðar stjórnar Seðlabankans.

Í þessu sambandi er rétt að geta þess, að meiri hluti nefndarinnar flytur á sérstöku þskj. brtt. við 5. gr. frv. Er þar fyrst um að ræða nýja 2. mgr., þar sem heimilað er bönkum og öðrum innlánsstofnunum að veita lán með verðtryggingu til skemmri tíma en segir í 4. gr. c. þ. e. 3 ára, enda séu slík lán þá eigi verðtryggð nema allt að 50% höfuðstóls og vaxta, eins og segir í brtt., en þessi brtt. er flutt að beiðni Seðlabankans. Þótti við nánari athugun nauðsynlegt að setja þetta ákvæði sem nokkurs konar öryggisventil til þess að mæta hugsanlegri þróun, sem leitt gæti af heimild í 1. mgr. 5. gr., en þar er svo kveðið á, að viðskmrh. skuli skipa n. fulltrúa viðskiptabankanna, og skal Seðlabankinn hafa samráð við hana við notkun þeirra heimilda, sem felast í þessari gr. honum til handa. Þessi breyting er flutt að beiðni ríkisstj.

Í framhaldi af umsögn Landsbankans um frv. fóru fram viðræður milli hæstv. viðskmrh., Seðlabankans og Landsbankans um þau atriði, sem helzt snerta viðskiptabankana og Landsbankinn ræðir um í sinni umsögn, sem ég gat um áðan. Sem afleiðing af þeim viðræðum og að höfðu samráði við stjórn Landsbankans óskaði ríkisstj. eftir því, að þessi viðbót yrði gerð við 5. gr. frv. Má telja, að með þessari viðbót sé mætt þeim óskum viðskiptabankanna, að haft skuli samráð við þá um framkvæmd þeirra atriða, sem felast í 5. gr. frv. og snerta starfsemi þeirra sérstaklega. Þar með má segja, að fallin sé burt forsenda fyrir þeirri till. tveggja viðskiptabankanna, að málinu verði öllu frestað og skipuð n. til að athuga það nánar.

Meiri hl. fjhn. hefur í mótun afstöðu sinnar til afgreiðslu frv. fallizt á þau rök, sem fram koma í grg. stjórnar Seðlabankans og ég gat um hér á undan. En auk þess vildi ég mega rekja nokkuð forsögu þessa máls, sem sýnir ljóslega, að hér er ekki um neinn nýgræðing að ræða. Ég ætla mér að vísu ekki þá dul, að ég þekki öll atriði þeirrar sögu, en skal nefna hér það helzta, sem mér er kunnugt um, að gerzt hafi á hinu háa Alþingi.

Árið 1952 var borin fram till. til þál. um verðtryggingu sparifjár, og var hún samþ. vorið 1953. Skyldi ríkisstj. láta athuga það mál og gera till. um framkvæmd, ef fært þætti. Í framhaldi af þessu kom fram fsp. á Alþ. ári síðar, þar sem spurzt var fyrir um, hvað þessari athugun liði. Var það núv. hæstv. viðskmrh., sem bar þá fsp. fram og hvatti jafnframt mjög til þess, að athugunun yrði hraðað, og í framhaldi af því tók 1. flm. fyrrgreindrar till., núverandi hv. 1. þm. Norðurl. v., mjög undir þá ósk.

Á tveimur þingum 1959, þ. e. bæði á aukaþinginu um sumarið og á haustþinginu, voru bornar fram till. um verðtryggingu sparifjár. Á þinginu 1961 var borin fram þáltill. um verðtryggingu lífeyris, þ. e. frjálsra lífeyristrygginga, en einmitt um það leyti var uppi allmikil hreyfing í þá átt að stofna lífeyrissjóði ýmissa starfshópa eða atvinnustétta. Á árunum 1963 og 1964 voru svo enn bornar fram á Alþingi þáltill. um verðtryggingu sparifjár.

Þessu er, eins og ég gat um, ekki ætlað að vera tæmandi upptalning, en sýnir ljóslega, að ýmsir innan veggja Alþ. hafa hugsað allmikið um þessi mál á undanförnum árum. En komið er nú á fjórtánda ár frá því, að málið kom inn í þingið í tillöguformi, að því að ég bezt fæ séð, enda þótt það hafi ekki nema í sumum tilfellum hlotið afgreiðslu frá þingi. Auk þess mun hafa verið skipuð sérstök n. sérfræðinga árið 1956 til að fjalla um málið.

Orð eru til alls fyrst. Og það vantar ekki, að um þessi mál er búið að hafa mörg orð. En einhvern tíma kemur að því, að athafnir verða

að fylgja, ef mönnum er alvara í orðum. Nú hefur það að vísu gerzt, að athafnir hafa átt sér stað, þó að á takmörkuðu sviði sé. Að því er snertir verðtryggingu sparifjár, þá á hún sér stað nú á tveimur sviðum. Skyldusparnaður var settur í lög árið 1957, en samkv. því er ungu fólki, þ. e. á aldrinum 16—25 ára, skylt að leggja til hliðar af tekjum sínum — fyrst var ákveðið 6%, en nú hefur það verið hækkað í 15%. Slíkt fé fæst útborgað við 26 ára aldur eða við hjónabandsstofnun eða heimilisstofnun, að viðbættum vöxtum og uppbót vegna vísitöluhækkunar, sem greidd er af vísitölubundnum verðbréfum á innlánstíma. Sparifjársöfnun skólabarna verðtryggir vissar upphæðir, að vísu ekki stórar, fyrir hvern einstakling, og miðast verðtryggingin við framfærsluvísitölu. Árið 1959 var boðið út Sogsvirkjunarlán til 5 ára, verðtryggt, og var verðtryggingin miðuð við vísitölu rafmagnsverðs. Loks eru svo spariskírteini ríkissjóðs, er seld voru á árunum 1964 og 1965, og miðast verðtrygging þeirra við vísitölu byggingarkostnaðar.

Í sambandi við lánveitingar hefur einnig verið reynd leið verðtryggingarinnar. Fyrst mun þetta hafa verið árið 1955, þegar sett var verðtrygging á hluta af lánum húsnæðismálastjórnar. Að því er varðar lán húsnæðismálastjórnar, var skrefið stigið til fulls árið 1964, þegar ákveðið var, að öll lán stofnunarinnar skyldu vera verðtryggð, og miðast verðtryggingin á þeim lánum ýmist við framfærsluvísitölu eða við kaupgreiðsluvísitölu, — á verðtryggingarlánum húsnæðismálastjórnar yfirleitt.

Það er ljóst af því, sem hér hefur verið sagt, að þær framkvæmdir, sem gerðar hafa verið í verðtryggingu fjárskuldbindinga, eru á víð og dreif í efnahagskerfinu og ekki hefur verið um neinar samræmdar aðgerðir að ræða á þeim rúmlega 10 árum, síðan fyrst var farið inn á þessa braut og þá í smáum stíl. Þetta er í sjálfu sér ekki óeðlilegt, þegar á það er litið, að enn hefur ekki verið skapaður neinn grundvöllur til slíkra skipulegra aðgerða. Þegar sú ákvörðun var tekin árið 1964 í samræmi við samkomulag ríkisstj. og verkalýðssamtakanna í sambandi við lausn kjaradeilu í júní á því ári að taka upp verðtryggingu á lánum húsnæðismálastjórnar, um leið og tryggð var mikil aukning á útlánamöguleikum stofnunarinnar, var það eitt út af fyrir sig bending í þá átt, að frekari aðgerða væri þörf. Það gat vart talizt eðlilegt, að tilraun til verðtryggingar yrði takmörkuð við þetta eina svið.

Svo sem fram kemur í grg. stjórnar Seðlabankans, sem áður getur, hefur af hálfu Seðlabankans verið gert sér far um að kynna sér rækilega þær tilraunir og aðgerðir til verðtryggingar fjárskuldbindinga, sem framkvæmdar hafa verið hjá öðrum þjóðum, svo og þær umræður, sem fram hafa farið erlendis um þau mál. Má vafalaust ýmislegt af þeirri reynslu læra. En augljóst er þó, að reynsla annarra þjóða á þessu sviði verður ekki notfærð nema að vissu marki, þar sem aðstæður eru hér um margt ólíkar, og raunar má segja, að aðstæður í hverju landi verði mestu um það að ráða, hvernig framkvæmdum er bezt hagað, þannig að tilætluðum árangri verði náð.

Í aths. um frv. kemur það og fram, að í ársbyrjun 1965 beindi stjórn Seðlabankans þeim tilmælum til ríkisstj., að undirbúin yrði almenn löggjöf um notkun verðtryggingarákvæða í samningum, eftir því sem heilbrigt væri talið á hverjum tíma og undir traustu eftirliti. Frv., eins og það liggur nú hér fyrir, var svo samið í framhaldi af því og lagt fram seint á síðasta þingi. Síðan hefur þetta frv. legið til athugunar hverjum þeim, sem áhuga hefur á því haft, og ekki efa ég, að þeir eru margir, sem hugleitt hafa þetta mál enn betur og af meiri raunsæi en ella einmitt af því, að frv. lá fyrir.

Vegna þeirrar reynslu, sem fengizt hefur annars staðar, og vegna þeirrar takmörkuðu reynslu, sem fengizt hefur hér á landi af þeim dreifðu tilraunum, sem gerðar hafa verið á sviði verðtryggingarinnar, og einnig vegna margvíslegra, sérstakra aðstæðna í okkar bankakerfi og efnahagskerfi í heild hefur þótt rétt að hafa frv. í heimildarformi með það fyrir augum, að unnt yrði að þreifa sig áfram að því marki, sem reynslan sýndi, að væri framkvæmanlegt í hverju tilfelli. Á þetta að sjálfsögðu einkum við á því sviði, sem snertir viðskiptabankana. Er þetta vafalaust rétt að farið. En jafnframt er svo, eins og áður segir, tryggt fullt samráð við viðskiptabankana á þessu sviði.

Í mörg undanfarin ár hafa efnahagsmál skipað fyrirferðarmikinn sess í umræðum hér á hinu háa Alþ., en í þessum umr. um efnahagsmálin hefur einmitt eitt efni sérstaklega yfirskyggt öll önnur, en það er verðbólguvandamálið. Enda þótt þetta merka frv., sem hér er til meðferðar, og efni þess gefi eðli sínu samkv. fulla ástæðu til þess að ræða vandamál verðbólgunnar á Íslandi, vandamál, sem allar ríkisstjórnir á Íslandi hafa orðið að glíma við nú um aldarfjórðungsskeið, ætla ég ekki að gera það nú, enda vænti ég þess ekki, að slíkar umræður nú mundu leiða nein ný sannindi í ljós. Ég ætla mér aðeins að láta nægja að vitna til nokkurra atriða, sem telja verður algild sannindi í þessu sambandi.

Um það mun ekki vera neinn ágreiningur, hvorki milli stjórnmálamanna né sérfræðinga um efnahagsmál, að hættulegasta meinsemdin í íslenzku efnahagslífi og ég vil segja í íslenzku þjóðlífi yfirleitt hafi verið verðbólguþróunin undanfarna áratugi. Ein helzta og hættulegasta afleiðing langvarandi verðbólguþróunar er sú, að hún rýrir verðgildi sparifjár, sem aftur leiðir til þess, að tilhneiging fólks til þess að spara bíður hnekki, en einmitt sparnaður og það mikill sparnaður er mikilsverð forsenda efnahagslegra framfara. Í stað þess, að sparnaðarhneigðina á að verðlauna, leiðir verðbólguþróunin til þess, að þeim, sem spara, er hegnt með því að rýra verðgildi þeirra peninga, sem sparaðir eru. Á hinn bóginn leiðir verðbólgan til þess, að tilhneigingin til óeðlilegrar skuldasöfnunar eykst, af því að skuldurum er í krafti verðbólgunnar ívilnað, þar sem skuldabyrðin léttist, eftir því sem verðlagið hækkar. Þessi þróun öll, ef hún fær varað lengi, raskar óhæfilega lífskjör-

um þjóðfélagsþegnanna, leiðir til misréttis efnahagslega og þjóðfélagslega. Um þetta ætla ég, eins og ég áður sagði, að allir geti verið sammála, og einnig um það, að gegn þessari þróun beri brýna nauðsyn til að vinna með öllum tiltækilegum ráðum.

Á undanförnum árum og áratugum hefur verið gripið til margvíslegra ráða til að hefta verðbólguþróunina á sviði peningamála, bankamála, viðskiptamála, skatta- og tollamála, svo að nokkuð sé nefnt. Árangurinn af allri þessari viðleitni hefur þó ekki ætíð orðið sem skyldi. Er því enn leitað nýrra ráða. Að vísu hefur verðtrygging verið til áður, eins og ég hef getið um, en hér er að því leyti farið inn á nýjar brautir, að í stað einstakra tilrauna, sem áður hafa verið gerðar, er með þessu frv. skapaður grundvöllur til samræmdra aðgerða á miklu stærra sviði en áður hefur verið.

Af þeim umr., sem fram hafa farið af og til undanfarin 13 ár um verðtryggingu sparifjár og verðtryggingu á fleiri sviðum í því sambandi, má ætla, að þeirri skoðun hafi vaxið fylgi, að verðtryggingin gæti ásamt öðrum ráðum verið mjög gagnlegt vopn í baráttunni gegn verðbólguþróuninni með því annars vegar að gefa sparifjáreigendum aftur trúna á verðgildi þess, sem sparað er, og hins vegar kenna þeim, sem lán taka til framkvæmda, að meta þau lán ekki út frá hugsanlegum verðbólgugróða, heldur út frá raunverulegu gildi þeirra.

Þetta er megintilgangur frv. Það er skoðun meiri hl. n., að með skynsamlegri notkun þeirra heimilda, sem frv. veitir, og góðri samvinnu þeirra aðila, sem að framkvæmdinni standa, en viðbótin við 5. gr. um nefndarskipunina, sem áður getur, skapar einmitt heppileg form fyrir þá samvinnu, þá muni sú leið, sem hér er ætlað að fara, verða hið þýðingarmesta tæki í þeirri viðleitni að tryggja verðgildi peninga.

Meiri hl. mælir því með því, að frv. verði samþ. með þeim breytingum, sem áður var getið. Minni hl. n. leggur til, að öllum aðgerðum verði frestað enn um sinn og málið athugað af nefnd frá þingflokkunum og einum stjórnskipuðum manni milli þinga. Vissulega er þetta vandasamt mál, og á miklu veltur, að vel takist til um alla framkvæmd. Nú eru hins vegar liðin meira en 13 ár frá því að þetta verðtryggingarmál komst á umræðusvið hér á hinu háa Alþ., og einmitt til undirbúnings þessu frv. hafa sérfræðingar athugað málið gaumgæfilega, og þá er kveðið svo á enn fremur samkv. viðbót þeirri, sem lögð er til í 5. gr., að nefnd frá viðskiptabönkunum skuli höfð með í ráðum um framkvæmd þeirra atriða, sem snerta þessa banka sérstaklega, og loks er hér um heimildarlög að ræða, ef samþykkt verður.

Ég leyfi mér því að láta í ljós þá von, að þegar felld hefur verið hin rökstudda dagskrá minni hl., þá fái frv. framgang hér í hv. d. með almennum stuðningi.

Frsm. minni hl. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Hv. 6. landsk. (DÓ) hefur nú gert grein fyrir áliti meiri hl. um það frv., sem hér er til umr. Hann hefur réttilega skýrt frá því, að við í fjhn. höfum ekki getað orðið sammála um afgreiðslu málsins að svo stöddu a. m. k., þar sem við 3 nm., þ. e. hv. 1. þm. Norðurl. v. og hv. 5. þm. Austf. ásamt mér, leggjum til, að málinu verði frestað enn um skeið og þess freistað að semja betra frv. með ákveðnari fyrirmælum um framkvæmd þessa mikilsverða máls, og það verði aftur lagt fyrir til meðferðar á hv. Alþ. að þeirri athugun lokinni. Ég mun nú leyfa mér að gera grein fyrir nál. okkar þremenninganna og rökstyðja það, á hverju við byggjum þessa till., sem ég nú lýsti.

Það er vissulega rétt, sem fram kom hjá hv. síðasta ræðumanni, að það er alllangt síðan ýmsir hér á hv. Alþ. hafa gert sér grein fyrir því, hver skaðvaldur verðbólguþróunin er, og allra tiltækra ráða þyrfti að leita til þess að sporna við henni. Ein af þeim ráðstöfunum, sem menn hafa komið auga á í þessu skyni, er verðtrygging sparifjárins, og það er alveg rétt, að það var einmitt hinn 5. febr. 1953, sem Alþ. samþ. þáltill. frá hv. 1. þm. Norðurl. v., sem nú er, og tveim öðrum þm. Framsfl. um að láta fara fram athugun á því, hvort og með hverju móti mætti takast á hagfelldan hátt að tryggja verðgildi þess fjár, sem bankar og sparisjóðir taka til geymslu og ávöxtunar. Þessi athugun mun hafa farið fram, en það varð ekkert af framkvæmdum. En hugmyndin var þó ekki lögð til hliðar, og á tveimur þingum árið 1959 var enn borin fram till. til þál. um athugun á þessu máli, — ég hygg, að flm. hennar hafi þá verið hv. núv. 3. þm. Norðurl. v., Ólafur Jóhannesson, — en sú till. fékk ekki afgreiðslu, og sama er að segja um þáltill., sem bornar voru fram á þingunum 1963 og 1964, að þær fengu ekki þinglega afgreiðslu. En vera má, að ástæðan til þess, að svo fór um a. m. k. síðustu till., hafi verið sú, að hæstv. ríkisstj. hafi þá þegar verið farin að huga að undirbúningi þess frv., sem nú sér hér dagsins ljós, og ég vona, að svo sé.

Það er ekki nema eðlilegt, að alþm. leiði hugann að því, hvernig verðbólgan og verðfall peninganna leikur efnahagskerfi landsins, svo mjög sem við höfum séð áþreifanleg dæmi um það nú á síðustu árum. Íslenzkt fjármálalíf hefur raunar á síðustu áratugum öðru fremur einkennzt af sífelldu verðfalli peninga. Þarf ekki mörgum orðum að eyða að lýsingu þess, hver óheillaáhrif slíkt hefur fyrir efnahagslíf landsins, og verðfall peninganna er vissulega ein meginorsök þess verðbólguvaxtar, sem hér hefur átt sér stað. Innlendur sparnaður er vitanlega, fyrir okkur Íslendinga sem aðra, ein mikilvægasta forsenda þróttmikillar og heilbrigðrar efnahagsstarfsemi. Afleiðingin af því verðfalli peninga, sem átt hefur sér stað hér á undanförnum áratugum, er hins vegar ónógur sparnaður, þ. e. að fólk hefur ekki haft trú á að leggja fé sitt til ávöxtunar í banka og sparisjóði, heldur veitt því í aðrar leiðir. Enn fremur hefur lánastarfsemi vegna lítillar sparifjármyndunar markazt í auknum mæli af stuttum og óhagkvæmum lánum úr bankakerfinu, og það er víst óhætt að segja: vaxandi lánastarfsemi utan bankakerfisins, það er víst áreiðan-

lega öllum ljóst, hve brögð hafa vaxið að þeirri starfsemi að undanförnu. Sá gróði, sem verðfall peninganna hefur skapað þeim, sem taka lánin, hefur valdið æðisgengnu kapphlaupi um það takmarkaða lánsfé, sem fyrir hendi er hverju sinni, og leitt til mikillar verðbólgufjárfestingar. Þeir, sem hafa getað fengið fé að láni, hafa getað nokkuð treyst því, að verðbólgan mundi sjá til þess að standa undir lánunum, að hún mundi auka þeirra hlut. En sú endurskipting eigna í þjóðfélaginu, sem á sér stað með þessum hætti, að þeir, sem sparifé eiga, séu sífellt að tapa, en þeir, sem lánin taka, séu sífellt að græða, er ósanngjörn og mjög óæskileg. Þess vegna er það vafalaust, að mikill ávinningur væri að því, ef hægt væri að skapa jafnvægi í þessum málum, og það er skoðun margra og líklega flestra, sem um þetta hafa fjallað, að verðtrygging sparifjár og annarra fjárskuldbindinga mundi verða stórt skref í þessa átt, ef takast mætti að framkvæma eftir heppilegum leiðum. Þess vegna er hér um mjög stórt og þýðingarmikið mál að ræða, og ég vil segja, að þeim tíma sé vel varið, sem fer til þess að finna þær heppilegustu leiðir í þessu máli, sem fyrir hendi eru.

Ég get farið fljótt yfir það að rekja þá sögu verðtryggingar, sem hér hefur átt sér stað að undanförnu. Hv. 6. landsk. gerði það áðan. Eins og hann nefndi, er þetta á aðeins mjög takmörkuðu sviði, að því er tekur til innlána aðeins á tveim mjög litlum sviðum, þ. e. a. s. sparifjársöfnun skólabarna, sem aðeins mun nú nema um 1½ millj. kr., og skyldusparnaður ungs fólks, sem nemur nokkru meira, en er þó líklega ekki enn nema um 200 millj. kr. En þegar haft er í huga, að allt sparifé landsmanna er 7700 millj. kr. um s. l. áramót, sést vitanlega, hversu örlítið brot af sparifé landsmanna hefur fram til þessa verið verðtryggt, svo lítið brot, að enga ályktun er hægt að draga af þeirri reynslu, sem fengizt hefur og skiptir raunar engu máli í þessu sambandi.

Að því er tekur til útlánanna hafa að vísu heldur stærri skref verið stigin. Munar þar vitanlega mest um það, sem gert var með samkomulagi ríkisstj., atvinnurekenda og verkalýðsfélaganna í júnímánuði 1965, þegar samið var um það, að lán frá húsnæðismálastofnun skyldu öll vera verðtryggð miðað við vísitölu.

Hitt dæmið um verðtryggingu í útlánum er að finna um skuldabréfalán ríkissjóðs, þau sem boðin voru út 1964 og 1965, þar sem miðað er við byggingarvísitölu. Þar er um 150 millj. kr. upphæð að ræða. Ég vil því segja, að þrátt fyrir þau ummæli, sem hv. 6. landsk. lét hér falla áðan þess efnis, að hér væri ekki um neinn nýgræðing að ræða, og rökstutt var með því, að *þáltill. hefðu fyrr verið bornar fram um* þetta mál, vil ég þó segja, að hér sé raunar, þegar betur er skoðað, um algert nýmæli að ræða, þar sem hér er í fyrsta skipti gerð tilraun til þess að setja heildarlöggjöf um verðtryggingu fjárskuldbindinga.

Það var svo seint í aprílmánuði árið 1965, sem hæstv. ríkisstj. lagði fram frv. það, sem hér um ræðir, um verðtryggingu fjárskuldbindinga. Það mál hlaut þá enga afgreiðslu, var ekki vísað til nefndar. En í þingbyrjun nú var málið endurflutt í óbreyttu formi, og það er rétt, að þetta mál hefur verið alllengi í athugun hjá fjhn, með nokkrum hvíldum á milli þó.

Frv. sendum við til umsagnar viðskiptabankanna, fengum svör frá þeim allmörgum, og enn fremur kom dr. Jóhannes Nordal til fundar við okkur og skýrði sum þau ákvæði, sem við vorum ekki vissir um, hvernig skilja bæri.

Þetta frv. er samið í heimildarformi. Samkv. 3. gr. frv. á Seðlabankinn að hafa umsjón með framkvæmd laganna. Honum er ætlað að veita heimildir til verðtryggingar, nema þar sem hún er annars staðar ákveðin í lögum, og umsóknir um heimildir til verðtryggingar á að senda bankaeftirliti Seðlabankans. Að vísu eru þó í frv. talin nokkur almenn skilyrði um verðtryggingu. Það er aðallega í 4. gr., þar sem segir, að verðtrygging skuli yfirleitt miðuð við vísitölu framfærslukostnaðar og verðtrygging skuli fyrst og fremst heimiluð í fjárskuldbindingum, sem eru tengdar öflun fasteigna eða annarra fjármuna, sem ætla má að hækki í verði með almennum verðlagsbreytingum.

Þrátt fyrir þessi almennu ákvæði, sem svo eru orðuð, eins og ég nú las, eru engar fastar reglur í frv. um það, hvernig framkvæma beri verðtryggingu. Við, sem stöndum að nál. minni hl., teljum hins vegar, að þar sem um svo þýðingarmikið mál er að ræða sem ég nú hef gert grein fyrir og allir eru sammála um, væri ákjósanlegra, að löggjöfin væri ákveðnari um ýmsa þætti þess en hún mundi verða, ef þetta frv. væri samþ. óbreytt, eða þó að það væri samþ. með þeirri breytingu, sem hv. meiri hl. leggur til.

Í sambandi við framkvæmd verðtryggingar, eins og hún er ráðgerð samkv. þessu frv., vakna ýmsar spurningar, sem ég tel að mjög væri þýðingarmikið að svarað yrði, áður en Alþ. tekur afstöðu til frv., *spurningar, sem hefur verið* varpað fram bæði hér við 1. umr. málsins og eins við meðferð þess í hv. fjhn., en hafa ekki fengizt svör við eða a. m. k. ekki fullnægjandi svör. Ég get nefnt nokkur atriði, sem ég tel skipta miklu máli um það, hvernig verðtryggingin tekst eða hvernig ætla má, að verðtryggingin takist, og atriði, sem að mínum dómi þyrfti að ákveða nánar, áður en heimildarlögin eru sett.

Í fyrsta lagi vil ég leyfa mér að nefna það, að það liggur ekki fyrir, hvernig verðtrygging verður framkvæmd á sparifé því, sem geymt er í bönkum og sparisjóðum. Þegar dr. Jóhannes Nordal kom til viðtals við okkur fjhn.-menn um þetta mál, upplýsti hann, að framkvæmdin væri hugsuð þannig, að í fyrsta lagi yrði tekin upp verðtrygging á útlánum lífeyrissjóða og *líftryggingarfélaga*. Í öðru lagi yrði tekin upp verðtrygging á útlánum opinberra fjárfestingarlánasjóða. Í þriðja lagi sagði hann: Það er hugsanlegt að taka upp verðtryggingu í sambandi við viðskipti manna á meðal, þó allt með heimild frá Seðlabanka. Og í fjórða lagi sagði hann svo, eftir því sem ég hef skrifað hér upp eftir honum: í fjórða lagi kemur svo tilraun með banka og sparisjóði, tilraun til þess að skapa

þar verðtryggingu smám saman, og ráðgert er í fyrsta lagi í byrjun að taka upp verðtryggingu á sparisjóðsviðskiptum til alllangs tíma, enda er í frv. talað um, að sparifé verði að vera bundið til 3 ára til þess að njóta verðtryggingar, enda þótt að vísu séu undantekningar leyfðar í sjálfu frv.

Hvernig verður þetta þá í framkvæmd? Ef húsnæðislánin eru verðtryggð, ef lán lífeyrissjóða og líftryggingafélaga eru verðtryggð, ef lán frá opinberum fasteignalánasjóðum eiga líka að vera verðtryggð, þá má segja, að nokkuð sé séð fyrir fjárfestingarlánunum og verðtryggingu að því er þau snertir. En þá er allt sparifé eftir. Sparifé landsmanna, sem lánað er út, mest til rekstrarlána, á að vera óverðtryggt eða verðtryggt að mjög óverulegu leyti. Ég hefði talið, að ein meginástæða til þess að setja lög um verðtryggingu fjárskuldbindinga væri a. m. k. ekki síður sú að tryggja sparifjáreigendum, að verðgildi eigna þeirra rýrni ekki. Mér finnst samkv. þessu frv., að áherzlan sé ekki fyrst og fremst lögð á þetta þýðingarmikla mál. Og ef það á að verða svo, að sparifé verði verðtryggt aðeins að mjög litlu leyti, er þá ekki hætt við því, að verðtryggingin og þau lög, sem hér á að setja, stöðvi ekki verðbólguna, eins og þeim þó er ætlað? Ef það verður svo, að mestur hluti sparifjárins er eftir sem áður lánaður út óverðtryggður, 7000 millj., eða hvað það nú er, eru þá líkur til þess eða standa þá vonir til þess, að þau útlán, sem lánuð eru til fjárfestingar í þeim greinum, sem ég áður nefndi, nægi ein til þess að hafa þau áhrif, að verðbólgan fari minnkandi, að verðbólguvöxturinn fari minnkandi? Nú má auðvitað segja, að það sé allt á huldu um það, hversu mikið af sparifé leiti inn á brautir verðtryggingar og lögin séu einmitt höfð í heimildarformi til þess, að það sé hægt að ráða því, hversu mikið sparifé lendi inn á þessar brautir. En einhverja hugmynd verða menn þó að reyna að gera sér um það, hversu mikið af þessu sparifé leiti í þennan kanal. Og einn af þeim aðilum, sem sent hafa umsögn um frv., það er Landsbanki Íslands, hefur reynt að gera sér grein fyrir því, hversu mikið af sparifé bankans geti farið inn á verðtryggingarbrautir. Og mig langar til þess að gera örstutta grein fyrir því, hvað Landsbankinn segir um þetta, með leyfi forseta:

„Í 4. gr. C. er gert ráð fyrir því, að lágmarkstími verðtryggðra fjárskuldbindinga verði 3 ár, en þó má Seðlabankinn samkv. 5. gr. stytta þann tíma, að því er innlán varðar. Enn fremur hefur oss skilizt, að nú sé ætlunin að bæta við 5. gr. umboði til Seðlabankans til að heimila bönkum og öðrum innlánsstofnunum að veita skemmri verðtryggð lán, ef nánari skilyrðum er fullnægt, enda séu slík lán eigi verðtryggð nema allt að 50% höfuðstóls og vaxta," — og ég skýt því hér inn í, að brtt. er einmitt komin fram um þetta frá meiri hl. fjhn. Landsbankinn segir áfram: „Nú er þetta að vísu allt í heimildarformi og því allt í óvissu um, hvað yrði heimilað og með hvaða skilyrðum. Ákvæði 5. gr., sem leyfir Seðlabankanum að heimila verðtryggingu innstæðufjár til skemmri tíma en 3 ára, sbr. og ummæli í aths. við frv., freistar þó til þeirrar ályktunar, að hér sé um það að ræða að koma á almennri verðtryggingu sparifjár, sem allir eigi kost á, sem fáanlegir séu til að binda innstæðuna í þann lágmarkstíma innan 3 ára markanna, sem Seðlabankinn segir til um. Enginn vafi leikur á því, að almenningur hefur lagt þann skilning í frv., að hér sé ætlunin að koma á slíkri almennri úrlausn.

Þá kemur til athugunar, hvaða getu viðskiptabankarnir hafa til að leysa það hlutverk, sem þeim væri þarna lagt á herðar. Til glöggvunar má nefna nokkrar tölur úr reikningi Landsbankans." — Ég sleppi nú því, en svo heldur áfram: „Hversu mikinn hundraðshluta af sparifénu mundu eigendur óska eftir að fá verðtryggðan? Þessu er ekki hægt að svara nema með ágizkunum, því að auk hinnar almennu óvissu um undirtektir almennings um alla fjárbindingu, er ekkert vitað um það, hvaða skilyrði Seðlabankinn mundi setja fyrir þeim heimildum, sem hann kynni að veita. Ef sparifjáreigendur gætu fengið verðtrygginguna sér að meinfangalausu, mundu þeir að sjálfsögðu vilja verðtryggja 100%. En eftir því sem tímalengd bindingarinnar eykst, má ætla, að dragi úr ásókninni, en eins og getið var að framan, ákveður Seðlabankinn lágmarkstíma bindingarinnar, og er greinilega gert ráð fyrir, að hann verði lægri en 3 ár. Þá hljóta vextirnir að hafa áhrif á eftirspurn eftir verðtryggingunni."

Svo heldur Landsbankinn áfram að reyna að gera sér grein fyrir því, hversu mikið af innstæðufé sínu hann gæti með góðu móti lánað út með verðtryggingu, og kemst að þeirri niðurstöðu, að það sé mjög lítið og nánast ekkert annað en sá hluti af lánum bankans, sem þegar er í útlánum til langs tíma, en það eru 635 millj. af um 3800 millj., sem bankinn hefur bundið við útlán. „Oss virðist því," segir hér, „að tölurnar hér að framan sýni það ótvírætt, að Landsbankanum væri alls ekki unnt að breyta svo miklu af lánum sínum í verðtryggð lán, að það fengi staðið undir almennri verðtryggingu á því sparifé, sem hann varðveitir.

Röksemdafærslunni hér að framan kynni að verða mætt með því, að gert sé ráð fyrir verðbindingu á miklu hærri hundraðshluta sparifjárins en aðstandendur frv. hafi í huga. Hér sé, eins og oft hefur verið tekið fram, aðeins um heimild að ræða og komi ekki til mála, að Seðlabankinn færi að veita rýmri heimildir en svo, að viðskiptabankarnir gætu framkvæmt þær án þess að lenda út í öngþveiti. Hér hefur málið verið rætt út frá því sjónarmiði, að gera ætti tilraun til einhvers í áttina til almennrar verðtryggingar sparifjár, og þar væri viðskiptabönkunum vissulega ofætlun að standa undir þeim kvöðum, sem á þá væru lagðar. En þótt hundraðshluti verðtryggingarinnar væri lækkaður margfaldlega miðað við það, sem hér hefur verið gert ráð fyrir, t. d. í 10% af sparifénu, væri hann enn langsamlega of stór fyrir viðskiptabankana til að taka hann að sér, án þess að lánakerfi þeirra færi úr skorðum. Jafnvel þótt farið væri niður í verðtryggingu á aðeins

5% sparifjárins, væri þetta álitleg fjárhæð, 120 millj. kr. fyrir Landsbankann samkv. reikningum s. l. áramót. Ef þátttaka bankans í væntanlegu láni til framkvæmdaáætlunarinnar væri verðtryggð, væri hér kannske komið að því verðtryggingarhlutfalli af útlánum, sem viðráðanlegt væri, en þá yrði að gera ráð fyrir því, að bankinn notaði ekki væntanlega heimild til verðtryggingar á eigin fé En hvernig ætti að skammta sparifjáreigendum svo smávægilega verðtryggingu? Væri ekki hætta á, að þeir þættust aðeins fá reykinn af réttunum miðað við það, sem þeir búast við af þessari lagasetningu?

Og síðan gerir Landsbankinn grein fyrir niðurstöðum sínum og segir: Niðurstaðan af þessum athugunum er sú, að vér hljótum að ráða frá samþykkt þeirra ákvæða, er varða viðskiptabankana og verðbindingu sparifjár. Samþykkt þessara ákvæða, þótt aðeins sé í heimildarformi, getur aðeins vakið tálvonir um úrlausnir eftir ófærum leiðum og dregið athyglina frá aðalatriðinu, að til er ein örugg leið til verðtryggingar á sparifé, sem sé að forðast það, sem verðrýrnuninni veldur, sjálfa verðbólguna." Og þetta er undirstrikað í áliti Landsbankans.

Ég skal ekki fullyrða um það, hvort hér er of sterkt að orði kveðið um möguleika á því að verðtryggja sparifé eða ekki. En ég bendi á það, að samþykkt þessa frv. mundi í fyrstunni aðeins leiða af sér verðtryggingu á fjárfestingarlánum, en samkv. því, sem lýst hefur verið yfir, ætti verðtrygging sparifjárins að bíða og athugast betur. Ég er hræddur um, að sú framkvæmd mundi ekki leiða til þeirrar niðurstöðu, sem allir eru sammála um að þurfi að koma út úr verðtryggingu, þ. e. þess að lækka verðbólguna.

Það er vitanlega alveg augljóst mál, að verðtrygging getur ekki staðið ein til langframa á lánum til íbúðarhúsnæðis. Ég vil segja, að sú byrði komi helzt niður á þeim, sem lakast eru staddir til þess að mæta henni, og hún leiði til verðbólguaukningar, þar sem vitað mál er, að þeir, sem verða að standa undir verðtryggðum lánum, þurfa að gera hærri kaupkröfur til þess að afla þeirra tekna, sem nauðsynlegar eru til þess að mæta auknum lánabyrðum af þessum sökum. Að því leyti til er sjálfsagt rétt að gera annað tveggja: fella þá verðtryggingu niður, láta hana bíða, þangað til verðtrygging verður tekin almennt upp, ef það telst fært, eða setja verðtryggingu á fleiri tegundir fjárfestingarlána, en þá kemur þessi hætta, ef sparifé verður útundan, að verðbólgan minnki ekki, heldur vaxi fremur af þessum orsökum.

Það eru fleiri atriði í þessu frv., sem þarf að athuga. Það má kannske segja, að það sé eðlilegt, að ekki sé hægt að lögákveða lánstíma og bindingartíma annars vegar og vaxtakjör á hinum mismunandi tegundum lána hins vegar. En þó hygg ég, að það væri mjög æskilegt fyrir hv. Alþ. að hafa einhverja hugmynd um, í hverju ákvæði þessi eru fólgin, áður en gengið er frá samþykkt laganna.

Í sambandi við fjárfestingarlánasjóðina vil ég segja, að það væri eðlilegt, og ég tel það sjálfsagt fyrir Alþ., að það ákveði, við hvaða grundvöll á að miða verðtrygginguna, en það sé ekki látið laust og óbundið. Samkv. frv., þ. e. að því er mig minnir 6. gr., er það falið stjórn viðkomandi stofnunar með samþykki ráðh. og Seðlabanka að ákveða þann viðmiðunargrundvöll, sem upp eigi að taka í hverju tilfelli. En ég bendi á, að í þeim tilfellum, þegar verðtrygging hefur verið leyfð á fjárskuldbindingum hér á Alþ., hefur ævinlega verið ákveðið af Alþ. sjálfu, við hvaða vísitölu eða viðmiðunargrundvöll verðtryggingin eigi að miðast, og ég teldi eðlilegra, að svo væri enn.

Í sambandi við lífeyrissjóði hafa vaknað spurningar, sem ég minnist ekki, að hafi verið svarað við meðferð málsins. Það segir í gr., þar sem fjallað er um lífeyrissjóði, 7. gr.:

„Viðurkenndum lífeyrissjóðum skal heimilt að ávaxta sjóði sína í verðtryggðum lánum, tryggðum með veði í íbúðarhúsum og með sömu kjörum og íbúðalán Húsnæðismálastofnunar ríkisins við veðdeild Landsbankans eru á hverjum tíma."

Nú er það vitað mál, að Húsnæðismálastofnun ríkisins lánar aðeins út á 1. veðrétt í íbúðarhúsnæði. Ef lífeyrissjóðirnir eiga að vera alveg sambærilegir við Húsnæðismálastofnun og fara alveg eftir sömu kjörum, rekst þetta á. Þá útilokar það, að þeir, sem eru í lífeyrissjóðum og eiga rétt á lánum þaðan, geti fengið lán þar, ef þeir hafa áður fengið lán frá Húsnæðismálastofnun, vegna þess að veðrétturinn samrýmist ekki. Ég spurði um túlkun á þessu atriði við 1. umr. málsins. Ég hef ekki heyrt því svarað enn. Þetta er að vísu framkvæmdaratriði, en þetta er töluvert atriði fyrir þá, sem byggja vonir sínar um það að koma sér upp húsnæði á því að geta fengið húsnæðismálalán og hafa í tilskilinn tíma greitt iðgjald til lífeyrissjóða.

Í sambandi við tryggingafélögin vakna líka spurningar. Ég hef t. d. áður varpað fram spurningu í sambandi við 2. mgr. 7. gr. Þar segir, að Seðlabankinn geti heimilað líftryggingafélögum að veita lán með verðtryggingu, enda njóti eigendur líftryggingasamninga alls hags af þeim verðbótum, sem um kann að verða að ræða. Ég hef áður spurt um það, hvers vegna þetta er einungis miðað við líftryggingafélög. Ég hef fengið það svar, að það sé vegna þess, að þau ein hafi fjármagn undir höndum, sem miðað sé við sömu skilyrði, þ. e. a. s. verðtryggt fjármagn, en það er grundvallarforsenda samkv. frv. En ég vil leyfa mér að benda á, að þau félög, sem ekki hafa líftryggingadeildir, skaðatryggingafélög, lenda oft í þeirri aðstöðu, að þau innheimta náttúrlega iðgjöldin fyrir fram, en gera tjónin upp miklu síðar en slysin eða óhöppin verða, og dæmi er um það, að það líði ár á milli, ef mikill ágreiningur er um úrskurð vandamálsins. Og þegar úrskurðurinn fellur, er hann að síðustu miðaður við það verðlag, sem gildir, þegar hann er kveðinn upp. Á þessu tímabili hefur tryggingafélagið orðið fyrir miklum skakkaföllum af þessum ástæðum. Ég veit, að það þykir ekki við eiga að hafa samúð með tryggingafélögum. Það er almenn skoðun, að

það sé allt í lagi, þau græði svo mikið, að það þurfi ekki að taka neitt sérstakt tillit til þeirra. En réttlætis mættu þau njóta, og ég bendi enn á þetta, ef ske kynni, að það yrði athugað síðar.

Enn þá eru margar umr. eftir um þetta mál, enn þá er hægt að taka þetta til athugunar. Jafnvel þó að hv. meiri hl. Alþ. vilji ekki fallast á þá frestun, sem við í minni hl. leggjum til í þessu máli, þá eru ýmsar umr. eftir um málið samt, og þess vegna kem ég fram þessum aths., sem ég tel að ekki hafi verið svarað til fulls enn þá.

Ég vil ekki tefja tímann um of um þetta mál, en ég tel, að hér sé stórt mál til umr. og það sé ekki óvirðing við þingið, þó að ég geti um þessi atriði, sem mér eru efst í huga í sambandi við þetta mál. Viðskiptabankarnir fjórir hafa sent umsagnir um frv. Það er alveg rétt, sem frsm. meiri hl., hv. 6. landsk., sagði hér áðan, að tveir bankanna a. m. k. lýsa sig meðmælta hugsuninni, sem í frv. kemur fram. Þó er það svo, að báðir hafa þeir aths. fram að færa. Báðir koma þeir auga á atriði í frv., sem betur mættu fara og auðvelt væri að laga. En ríkisbankarnir tveir, sem sent hafa umsagnir, ganga lengra en þessir tveir einkabankar, sem ég áðan nefndi. Þeir ganga svo langt, að þeir gera það að till. sinni, að frv. verði frestað og athugun verði látin fara fram á efni þess milli þinga. Ég vil leyfa mér að rökstyðja það, sem ég nú hef sagt, með örstuttri tilvitnun til umsagna þessara banka. Landsbankinn segir, með leyfi forseta:

„Um frv. að öðru leyti óskum vér, eins og segir í upphafi þessarar umsagnar, ekki að fara út í fræðilegar rökræður á einstökum atriðum, en viljum beina því til fjhn. og Alþ., hvort ekki væri réttast, að málið í heild væri athugað milli þinga af nefnd manna með sérþekkingu á þessu sviði og gengið frá nýjum till., m. a. á grundvelli þeirrar reynslu, sem fengizt hefur erlendis af löggjöf í þessa átt."

Ég vil geta þess í sambandi við umsögn Landsbankans, að hún er undirskrifuð af öllum bankastjórum Landsbankans: Pétri Benediktssyni, Svanbirni Frímannssyni og Jóni Axel Péturssyni.

Útvegsbankaumsögnin er dags. 5. marz. Henni lýkur svona, með leyfi forseta:

„Vér teljum því rétt með tilvísun til framanritaðs að leggja til, að málið í heild verði nú athugað á milli þinga í sérstakri nefnd, er hafi náið samráð við bankana, og n., ef hún telur ástæðu til, gangi frá nýjum till., þar sem m. a. verði tekið tillit til vandamála viðskiptabankanna og innlánsstofnana yfirleitt, þeirra sem að framan eru rakin."

Þegar þessar umsagnir höfðu borizt og báðir þessir stóru ríkisbankar höfðu eindregið lagt til, að frv. yrði athugað betur, barst fjhn. aftur grg. frá Seðlabanka. Um þetta atriði segir í þeirri grg., með leyfi forseta:

„Bankastjórn Seðlabankans vill taka fram, að hún telur frekari athugun þessara mála milli þinga ástæðulausa. Seðlabankinn hefur að undanförnu kynnt sér eftir föngum reynslu annarra þjóða af verðtryggingu, og er frv. byggt á grundvelli þeirra upplýsinga, sem þannig liggja fyrir. Þau framkvæmdaatriði, sem leysa þarf úr varðandi verðtryggingu innan bankakerfisins, verða þar að auki ekki nema að litlu leyti leyst á grundvelli reynslu annarra þjóða, t. d. Finna."

Og svo tala þeir um, að það verði okkar eigin reynsla miðuð við okkar eigin staðhætti, sem hér verði að skera úr. Það er út af fyrir sig mikið rétt í því, að við höfum fengið alveg nægilega reynslu af því að flytja inn erlendar hagfræðikenningar og framkvæma þær ómeltar, og það er vissulega tími til þess kominn, að við förum að athuga okkar gang í því efni. En ég vitna aftur til umsagnar bankastjóra Útvegsbankans í tilefni af því, sem Seðlabankinn og hv. frsm. meiri hl. sagði um þá löngu athugun, sem frv. hefði þegar fengið hér. En bankastjórar Útvegsbankans, þeir Jóhannes Elíasson og Finnbogi R. Valdimarsson, segja um þetta, með leyfi forseta:

„Frv. það, sem nú liggur fyrir Alþ., var einnig flutt á Alþ. í fyrra, en var þá ekki afgreitt, að því er talið var til þess að nánari athugun málsins gæti farið fram, áður en Alþ. það, sem nú situr, kæmi saman. Oss er ekki kunnugt um, að nein athugun hafi farið fram á þessu tímabili. A. m. k. hefur enginn haft forgöngu um slíka athugun í samráði við viðskiptabankana."

Það er fyrst eftir að ríkisbankarnir senda sínar umsagnir, sem farið er að tala um það, að það þurfi að hafa samráð við viðskiptabankana um þetta mál. Og í framhaldi af því kemur svo sú brtt., sem lögð hefur verið fram á þskj. 351 um þetta efni, um það, að viðskmrh. skipi n., sem í skuli sitja fulltrúar viðskiptabankanna, og Seðlabankinn eigi að hafa samráð við hana, þ. e. nefndina, um notkun þeirrar heimildar, sem í gr. þessari felst honum til handa. Ég vil segja það, að ég tel þessa brtt. mjög til bóta. En ég tel, að miðað við eðli málsins væri réttara, að þessi athugun færi fram í samráði við viðskiptabankana, áður en frv. verður að lögum og hv. Alþ. hefði fyrir framan sig niðurstöður þessarar n., þegar það tekur ákvörðun um það, hvernig eigi að ákveða lagasetningu um verðtryggingu fjárskuldbindinga, og það er einmitt þetta, sem till. okkar í minni hl. til rökstuddrar dagskrár gerir ráð fyrir. Það er ekkert annað, sem farið er fram á í henni, en það, að málinu verði nú frestað.

Þetta er mikilsvert mál. Það er nauðsynlegt að fá það fram. En þetta er búið að bíða lengi, og við sjáum ekki, að sá tími, sem líður, þangað til þessi athugun getur legið fyrir, milli þinga, ráði úrslitum um það, hvort verðtryggingin komi að gagni eða ekki. Þess vegna er farið fram á það, að málinu sé nú frestað og það sé skipuð í þetta mþn., sem hafi samráð við Seðlabankann og viðskiptabankana um það, hvernig verðtryggingunni eiga að vera hagað. Og ég vil segja það, að ég tel, að Alþ. hefði betur athugað, hvað það er að gera, ef það féllist á þetta. Munurinn á þessu og því, sem hv. meiri hl. leggur til og hæstv. ríkisstj., er aðeins sá, að við leggjum áherzlu á það, að niðurstaða athugunar viðskiptabankanna og Seðlabankans á

frv. liggi fyrir, áður en það verður samþ., en hér er gert ráð fyrir og lagt til að samþykkja frv. fyrst og athuga svo á eftir, hvernig eigi að framkvæma það. Ég tel það ekki skynsamleg vinnubrögð.

Í grg. Seðlabankans segir, að við getum ekki nema að litlu leyti haft hliðsjón af því, sem erlendis gerist, og það, sem framkvæmt hefur verið erlendis í verðtryggingarátt, hafi verið rækilega athugað og það hafi legið fyrir, þegar frv. var samið. Í því sambandi er vitnað til Finnlands og Ísraels. En ég veit ekki betur en Svíar hafi í mörg ár haft í gangi n. til þess að athuga verðtryggingarmálin hjá sér. Væri ekki ráð að kynna sér, á hvaða stigi verðtryggingarmálin eru þar, áður en við samþykkjum þetta frv.? Það er að vísu rétt, að ástæður í efnahagslífinu eru nokkuð aðrar í Svíþjóð en hér, og ég geri ekki ráð fyrir, að við getum notað okkur reynslu þeirra að óathuguðu máli. En eins og ég áðan sagði hefur sænska ríkisstj. í mörg ár haft sína færustu sérfræðinga bundna við það að athuga, hvernig verðtryggingu yrði fyrir komið hjá þeim, og ég veit ekki, e. t. v. hefur það legið fyrir hjá Seðlabanka, hvernig ástand þeirra mála er þar nú. En hitt veit ég, að hv. fjhn hefur ekki haft þær niðurstöður undir höndum, eins og hún þó hafði grg. um framkvæmd verðtryggingarinnar í Finnlandi, og ég hygg, að ef Seðlabankinn hefði haft aðgang að niðurstöðum sænsku rannsóknarinnar, hefði fjhn. átt að fá að sjá þær, því að vissulega gat þar ekki verið um neitt leyndarplagg að ræða.

Ég skal, herra forseti, ekki lengja þetta mál meira að þessu sinni. Ég legg áherzlu á það, að okkur í minni hl. er ljóst, hversu mikils virði það væri fyrir efnahagslífið, ef hægt væri að taka upp verðtryggingu á sparifé og öðrum fjárskuldbindingum, og við viljum hvorki spara tíma okkar né annað til þess að leita að þeim heppilegustu leiðum, sem til greina koma í því efni. En jafnframt legg ég áherzlu á það, að við í minni hl. teljum, að frv., eins og það er nú úr garði gert, þyrfti að vera fyllra og ákveðnara í ýmsum mikilsverðum greinum, og þess vegna er það till. okkar, að frv. verði afgreitt með svo hljóðandi rökst. dagskrá:

„Þar sem d. telur nauðsynlegt, að þetta mikilsverða mál fái rækilegri athugun en þegar hefur farið fram og löggjöf um verðtryggingu, ef sett verður, feli í sér skýrari ákvæði um reglugerð, er farið skuli eftir við framkvæmd l., og í trausti þess, að ríkisstj. skipi 5 manna n., 4 eftir tilnefningu þingflokkanna og einn án tilnefningar, til að athuga málið og gera till. um það fyrir næsta þing, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá."

Ég vænti þess enn, að hv. Alþ. eða hv. d. geti fallizt á þessa málsmeðferð, og lýk máli mínu að svo stöddu.

Umr. frestað.

Á 60. fundi í Nd., 28. marz, var fram haldið 2. umr. um frv.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Það mál, sem hér um ræðir, er áreiðanlega eitt af þeim erfiðustu málum, sem við ræðum hér á þingi, og að mínu áliti er þetta frv., sem hér er lagt fyrir, mjög hættulegt fyrir okkar efnahagsmál.

Í fyrsta lagi vil ég koma inn á það, að ég held, að þetta frv. sé nokkuð táknrænt fyrir þá aðferð, sem er farin að tíðkast í æ ríkara mæli í sambandi við þær tilraunir, sem við gerum til lausnar á efnahagsmálum, að treysta þar á nokkra sérfræðinga, það oft kannske vel skólalærða menn, sem lítið þekkja hins vegar inn á okkar atvinnulíf. Mér sýnist þetta frv. beinlínis vera búið til af slíkum mönnum. Og ég held, að hv. alþm., sem sjálfir þekkja flestir allvel til um okkar atvinnulíf, ættu að athuga þetta frv. mun betur en þegar hefur verið gert. Þá vil ég enn fremur segja það, að ég álít þetta frv. nokkuð táknrænt fyrir þá ríku tilhneigingu, sem orðin er í okkar stjórnarfari að færa vald burt frá Alþingi og frá löggjafarvaldinu og yfir í hendurnar á atvinnustofnunum ríkisins. Það vald, sem Seðlabankanum er gefið með þessu, er vald, sem ella mundi þykja sjálfsagt, að löggjafarvaldið hefði. Frv. er fyrst og fremst heimildarfrv., sem gefur Seðlabankanum mjög víðtækar heimildir, en ákveður hins vegar ekki nákvæmlega, hvað gera skuli um hinar einstöku greinar — við skulum segja t. d. stofnlána og annars slíks, og þetta er mjög hættulegt. Þetta þýðir að gefa einstakri bankastjórn vald, sem Alþingi á raunverulega sjálft að hafa til þess að ákveða nokkurn veginn jafnrétti milli kjósendanna.

Mín skoðun er sú, að þetta frv. sé raunverulega óframkvæmanlegt, og ef er reynt að samþykkja það, mundi það verða til ills og bölvunar. Það verði ekki að neinu leyti til að stöðva verðbólguna, heldur til þess að skapa hér enn þá óðari verðbólgu en fyrir er, því að um leið og farið væri að breyta eftir þessu, lentum við í þeim vandræðum, að þau öfl í þjóðfélaginu, sem ekki láta bjóða sér þetta, sprengja þessa fjötra jafnóðum af sér, og þau sprengja þá ekki af sér öðruvísi en verðbólguhjólið snýst þá enn hraðar en áður, þannig að ef Seðlabankinn og hans stjórn hefur hugsað sér með þessu frv. að stöðva verðbólguna, er þarna farið alveg skakkt að. Þetta verður ekki að neinu leyti til þess. Ég þykist vita, að hugsunin, sem þarna liggur á bak við, sé þessi: Svo framarlega sem stofnlán — skulum við segja — eiga að fara að verða með vísitölu, verðtryggð, eins og kallað er, þýðir það að þeirra áliti, seðlabankamanna, að framkvæmdafólkið í landinu verður hræddara við að leggja út í ný fyrirtæki í sjávarútvegi eða öðru slíku. Halda menn nú með þeirri aðstöðu, sem við höfum til að geta aukið aflann t. d. á okkar fiski og slíku, — halda menn virkilega, að okkar útvegsmenn mundu gefast upp við þetta? Við höfum prófað þetta á einu sviði. Við höfum prófað það á því sviði, þar sem þeir verða að taka sín lán út á bátana með gengistryggingu. Þeir eru alveg ósmeykir við það. Þeir hafa lagt jafnt út í það. Sannleikurinn er, að framfaraþráin og framkvæmdaþrótturinn er það mikill í okkar þjóð, að hún leggur út í þessa hluti, byggir sínar verksmiðjur, lætur smíða sína báta án tillits til þess, hvernig þetta verður í framtíðinni. Við erum þarna fyrst og fremst ekki reiknandi fjár-

aflamenn, heldur atorkumenn, sem fyrst og fremst viljum sjá, að sjálft atvinnulífið sé að blómgast. Hins vegar hugsunarhátturinn, sem liggur á bak við hjá t. d. Seðlabankanum í þessu efni, er hugsunarháttur þeirra hagfræðinga erlendis hjá stóru ríkjunum, sem geta stjórnað efnahagslífi síns lands með mjög nákvæmum bankaráðstöfunum, eins og hækkun og lækkun á vöxtum og öðru þess háttar, og það er hægt alveg í ríkjum eins og Bandaríkjunum, Bretlandi og öðrum slíkum En það er ekki hægt hérna. Þessir menn, sem núna leggja til, að við förum að samþ. þetta frv., hafa áður verið að reyna að hafa eftirlit og stjórn á okkar fjármálum, t d. með því að hækka og lækka vexti, og það veit hver einasti maður í landinu, að það þýðir ekki neitt, ekki nokkurn skapaðan hlut, það hefur engin áhrif í því efni. Menn minnka ekki lánabeiðnirnar hjá bönkunum, þó að vextirnir séu eitthvað hækkaðir. Það mundi hafa stóráhrif í Bandaríkjunum og Bretlandi, en það hefur engin áhrif á Íslandi. Þess vegna held ég, að þetta frv. og hugsunin, sem á bak við það liggur, sé röng. Þetta frv. mundi vera raunverulega óframkvæmanlegt hérna á Íslandi.

Nú skulum við athuga nánar, hvernig þetta yrði í reyndinni, ef þetta yrði samþykkt og bankastjórar hinna ýmsu viðskiptabanka og einræðisherrarnir í Seðlabankanum ættu að fara að breyta eftir þessu. Þá liggur það fyrst og fremst fyrir, að bankastjórar Seðlabankans eiga að ákveða, hvaða stofnlán og slíkt það eru, sem koma undir þetta. Hvernig er stofnlánum háttað hjá okkur núna? Það er ekki nema nokkur hluti af því, sem kemur fram sem lán undir því nafni, raunveruleg stofnlán. Meginið af stofnlánunum eru víxlar, sem eru framlengdir ár eftir ár, víxlar, sem eru framlengdir 10 og 20 ár, en heita alltaf víxlar, en ekki stofnlán. Það er nokkuð af þessum stofnlánum, en það ræður ekki úrslitum í þessu, og þetta átti eingöngu að ná til þeirra stofnlána, sem væru yfir 3 ár, víxlar mundu vera undan teknir, og samt er ekki einu sinni ákveðið, að það eigi að ná til allra stofnlána. Það ættu bankastjórar Seðlabankans að geta ákveðið, að hve miklu leyti þetta næði til fiskveiða, til iðnaðar, fiskiðnaðar og annars, að hve miklu leyti til landbúnaðar og annars slíks. Það út af fyrir sig að gefa nokkrum embættismönnum slíkt vald, það nær náttúrlega ekki nokkurri átt. Alþingi á sjálft að treysta sér til að segja, á hvaða sviði við ætlum að hafa þetta. En svo skulum við nú hugsa okkur einn framkvæmdamann, sem kemur og ætlar að fá lán, og það er búið að ákveða, að stofnlán, t. d. í sambandi við sjávarútveginn, skuli vera verðtryggð, en hins vegar eru víxlarnir náttúrlega óverðtryggðir. Hvað gerir slíkur maður, sem kemur? Hann biður auðvitað um að fá víxillán. Og fyrir bankastjórninni, sem á að svara, liggur nú spurningin, ef sagt er við þennan mann: Þú getur ekki fengið víxillán, þú getur fengið stofnlán, og hann segir: Ég vil ekki stofnlánið, vegna þess að ég get ekki rekið minn rekstur upp á það. Ætlið þið að stöðva rekstur-inn hjá mér? Hvað halda menn nú, að svarið yrði yfirleitt?

Ef það er ekki beinlínis með þessu frv. miðað að því að reyna að stöðva svo og svo mikið af nýjum fyrirtækjum, hindra, að þau komist upp, er beinlínis verið að ýta því að bankastjórum viðskiptabankanna, að þeir láni mönnum víxillán til að byrja með, eins og þeir hafa gert núna um áratugi. Og ef þeir lána víxillán, þá sleppa slík lán við alla þessa verðtryggingu.

Hugsið ykkur svo þar að auki, að aðstaðan væri þannig, að það kemur einn maður og fær í einum banka víxillán, og hann fer út í framkvæmdir og er náttúrlega búinn að festa það, og það þýðir, að víxillinn verður framlengdur og það koma nýir víxlar og nýir víxlar, en svo fer annar maður í sömu greininni í annan banka og við hann er sagt: Nei, þú verður að taka stofnlán, sem er verðtryggt, — hvað kemur þetta til með að þýða? Það kemur í fyrsta lagi til með að þýða það, að það verður tilviljanakennt, hvernig öll afgreiðsla á þessum hlutum verður. Það verður komið undir því, hvernig bankastjórarnir líta á og jafnvel hvernig kunningskapurinn eða álitið er þarna manna á milli um þetta allt saman. Og í okkar litla þjóðfélagi, þar sem allir þekkja hver annan, er alveg óhugsandi að ætla að framkvæma svona hluti, þannig að það verði nokkurt réttlæti úr því. Ef við ætlum að hafa þarna réttlæti, verðum við að segja: Í þessum greinum skal vera verðtryggt, í hinum skal það ekki vera. Ef við ætlum að segja hins vegar: Seðlabankinn ákveður, hvort það er verðtryggt, hvað snertir sjávarútveg, fiskiðnað, annan iðnað, landbúnað eða annað slíkt eða hvort það er ekki neitt af þessu, þá erum við að skapa slíkt gerræðisástand í atvinnulífinu, að það er gersamlega óþolandi.

Ég er satt að segja einna mest hissa á þeim mönnum, sem sjálfir ætla að fara fram á að fá þetta vald í sínar hendur, vald, sem svo að segja er ómögulegt að framkvæma þannig, að það verði ekki alveg ægileg gagnrýni á þá fyrir, að það sé tilviljanakennt eða jafnvel gerræði í sambandi við það. Eftir að þetta væri samþykkt, væri allt sem héti víxlar alger sérréttindi á Íslandi. Það að fá víxla, sem menn nota þó til að reyna að ráðast í nýjar framkvæmdir, væru sérréttindi, vegna þess að þá væri mönnum gert mögulegt að fara út í þetta. Ef hins vegar væri sagt við menn: Þú verður að taka svona stofnlán, — mundi meginið af þeim mönnum, sem eitthvað hugsa í þessum efnum, varla leggja út í það. Og ef það er ekki meiningin beinlínis að segja með þessu frv.: Við skulum stöðva nýjar framkvæmdir, — þá er þetta frv. bara rangt hugsað.

Mér finnst, að þessir hlutir þurfi að koma fram og við þurfum að fá lýsingu á því hjá hæstv. ríkisstj., hvernig hún hugsar sér framkvæmdina á þessu öllu. Við vitum það ósköp vel, ég þekki það ósköp vel t. d. frá Landsbankanum, stærsta bankanum í þessu efni, sem mest hefur einmitt með okkar atvinnulíf að gera, að allir bankastjórarnir þar voru algerlega á móti þessu, og þó að það sé reynt að breyta vissum atriðum til samkomulags, þá er þetta alveg hverfandi lítill hluti af því. Það er almenn vantrú á því, að þetta sé framkvæm-

anlegt, og ég vil alvarlega vara menn við að fara að reyna að skapa hér aftur í landinu eitthvert sérstakt seðlabankavald, eins og var með visst vald hér í landinu á milli 1930 og 1940. Það væri algerlega rangt og mundi ekki að neinu leyti hjálpa þarna til.

Það, sem hæstv. ríkisstj. ver sig með í sambandi við þetta mál, er, að þetta eigi að vera gert til að stöðva verðbólguna. Hvaða atriði er það í þessu frv., sem ætti að miða að því að stöðva verðbólguna? Ég get ekki séð nema eitt einasta atriði, sem á að miða að því, og það er þetta atriði, að ef heimildin er notuð og ef þessu er beitt gagnvart öllum stofnlánum og ef það hefur þær afleiðingar, að menn hætta að taka þessi stofnlán og leggja ekki í ný fyrirtæki, skapast stöðnun í landinu, og það er náttúrlega að vissu leyti ráð til að stöðva verðbólguna. Það er að vissu leyti ráð. En þá er bezt að segja það hreint út, að menn ætli að byrja með því að stöðva nýjar framkvæmdir og stöðva einstaklingana í því að leggja út í nýjar framkvæmdir. Það er bezt, að menn horfist strax í augu við það, en segi ekki sem svo: Seðlabankinn hefur heimild til að gera þetta, ef honum svo lízt o. s. frv. — Ef þetta er meiningin, álít ég, að við eigum að fá það alveg hreint fram frá hæstv. ríkisstj.

Ég hef ekki trú á því, að þetta sé meiningin hjá hæstv. ríkisstj. Ég hef ekki trú á því, að hún ætlist til þess, að þetta vald verði notað til þess að stöðva framkvæmdamenn í landinu í því að leggja út í ný fyrirtæki, og ég álít, að hún eigi að lýsa því yfir, ef það er meiningin. Slík stöðnun er vissulega ráð, sem mundi þýða að stöðva verðbólgu. En það hefur ekki verið það, sem við höfum álitið, að við ættum sérstaklega að keppa að, að skapa slíka stöðnun í okkar atvinnulífi, og ef tilraun er gerð til þess, þá er, eins og ég kom að í upphafi míns máls, frá mínu sjónarmiði líklegast, að slíkt mundi ekki verða þolað. Um leið og það verður séð, að Seðlabankinn ætli sér að framkvæma þessi heimildarlög þannig, að atvinnurekendur, sem vilja leggja í nýjar framkvæmdir, finni það, að þeir eigi ekki að fá það með öðru móti en þessum stofnlánum með verðtryggingu, og segi þess vegna: Ég legg ekki í það, — þá er skammt þess að bíða, að bæði atvinnurekendur og verkamenn taki saman höndum og segi: Svona vald viljum við ekki þola yfir okkur. Ef þetta seðlabankavald á að þýða það að skapa stöðnun í staðinn fyrir framfarir í atvinnulífinu, þá vil ég það ekki — Og ég er hræddur um, að Seðlabankinn sé ekki fær um að ráða við þau öfl í þjóðfélaginu, sem mundu rísa upp á móti slíku, því að hagsmunir atvinnurekenda og verkamanna mundu þar vissulega fara saman. Öll hugsunin, sem á bak við þetta liggur, er hugsuð út frá almennum kenningum, sem eiga við í stórum ríkjum, þar sem m. a. er hægt að stjórna fjármálum mikið með vaxtabreytingum og öðru slíku, en á ekki við hérna heima. Þeir sérfræðingar, sem þetta hugsa, munu reka sig á, að þeir ráða ekki við þau öfl í þjóðfélaginu, sem yrðu að líða fyrir þessar ráðstafanir. Og þess vegna mundu þau öfl sprengja þetta af sér. Verkamenn mundu jafnt hækka sitt kaup, atvinnurekendur mundu jafnt leggja í fyrirtæki upp á það að treysta á, að svona lögum yrði breytt, rétt eins og menn halda áfram að byggja enn í dag, þótt það sé búið að setja verðtryggingu á húsnæðislánin, og menn gera sér ekki grein fyrir, hvað sú verðtrygging þýðir. Þessi öfl mundu halda áfram að vinna og kasta þessu oki af sér, bara eins og á, sem rennur til sjávar, brýtur af sér ísinn.

Ég held þess vegna, að það væri mikill misskilningur að fara að láta okkar fræðimenn á þessum vettvangi fara að gera eina tilraunina enn þá með íslenzkan þjóðarbúskap án þess að þekkja inn á þau öfl, sem hafa ráðið þróuninni á Íslandi og koma til með að ráða henni áfram. Ef við ætlum að stöðva verðbólguna, verðum við að taka það mál allt allt öðruvísi. Hæstv. ríkisstj. segir hvað eftir annað, að henni hafi mistekizt að stöðva verðbólguna. Hún heldur því ekki fram, svo að ég hafi tekið eftir, að þetta mál væri neitt óbrigðult ráð til slíks. En ef hún virkilega vill ræða það að stöðva verðbólguna, álít ég, að við eigum að gera það hér á þinginu og reyna að ræða það alveg án tillits til þess, sem menn mundu kannske helzt vilja bara segja fyrir kosningar, — ræða það mjög raunhæft hér. Hæstv. ríkisstj. var með hugmyndir, þegar hún tók við völdum, um, hvernig ætti að stöðva verðbólgu í slíku efni. Sú hugmynd var sú, og henni var lýst yfir af hæstv. ríkisstj. hvað eftir annað, að þegar verkamenn hækkuðu sín laun, mættu atvinnurekendur ekki velta þeim kauphækkunum yfir á almenning og þjóðlífið með hækkunum á vörum. Og þarna var ráðið. Það var að hindra, að atvinnurekendur gætu hækkað vörur sínar, afurðir og annað slíkt, í sífellu í samræmi við það, sem kaupgjaldið hækkaði. Þetta var rétt. Og þessa yfirlýsingu þorði hæstv. ríkisstj. aldrei að framkvæma, vegna þess að hún var fangi hugmyndakerfis um svokallaða frjálsa samkeppni og frjálsa verzlun. Hún hélt því fram, að það, sem þyrfti að gera í þjóðfélaginu, væri að afnema verðákvarðanir af hálfu þjóðfélagsins sem heildar, að það ætti að gefa mönnum frjálsan rétt til verðmyndunar, þar með atvinnurekendum og kaupmönnum rétt til þess að hækka, eftir því sem þeim þóknaðist, verðið á sínum vörum. Þetta var í algerri mótsetningu við þá réttu hugmynd að hindra atvinnurekendur og aðra slíka í því að velta kauphækkunum yfir á þjóðfélagið. Hæstv. ríkisstj. var með þessa hugmynd vegna þess, að hún gekk út frá frjálsri samkeppni sem sjálfkrafa hemli á verðmyndun í þjóðfélaginu, sem hún alls ekki er og hefur ekki verið.

Ef við ætlum að hafa hemil á verðmynduninni í þjóðfélaginu, er það ekki hægt nema með opinberum ráðstöfunum, og það vil ég segja, svo óvinsælt sem það er, og mér er ósköp vel ljóst, að tveir stærstu flokkar þingsins, bæði Sjálfstfl. og Framsfl., eru þar á gersamlega andstæðri skoðun, að það er óhugsandi í litlu landi eins og Íslandi að láta frjálsa samkeppni svokallaða eiga að ráða verðmyndunarkerfinu, —

alveg gersamlega óhugsandi. Og það er jafnvitlaust, hvort sem það er Sjálfstfl. eða Framsfl., sem heldur því fram. Eina ráðið til þess að hafa hemil á þessari verðmyndun er opinbert verðlagseftirlit, svo óvinsælt sem það er og leiðinlegt í allri framkvæmd. Í svona litlu landi er það eini möguleikinn. Ef við værum í Danmörku eða Englandi, mundum við geta notað hitt. Þá mundum við geta séð það, að 3—4 stór fyrirtæki, sem rísa upp í verzluninni, drepa þau smáu. Þar mundi verða harðvítug samkeppni. Ef við hefðum hérna í Reykjavík 2—3 stór magasín eins og þau gerast í London eða Kaupmannahöfn, mundum við geta séð það sama, og þá mundum við geta séð kannske smákaupmennina við Laugaveginn fara á hausinn hvern á fætur öðrum. Þar gæti hið frjálsa verðmyndunarkerfi notið sín, vegna þess að þar eru það stórir aðilar og harðvítugir, sem berjast, fólk nýtur verðlækkunarinnar, sem verður í sambandi við það. En það gerist ekki hér á Íslandi. Hér gerist ekki einu sinni svo mikið með frjálsri samkeppni, að menn fái almennilegt úrval af vörum. Það er ekki til hérna. Það er eins og hver önnur blekking, þegar verið er að halda því fram í blöðunum. Þeir, sem hafa efni á að kaupa eitthvað, fara til útlanda til að gera það. Hér er ekkert úrval, af því að enginn af kaupmönnunum hérna eða slíkum hefur efni á að kaupa neitt inn, sem heitir úrval, eða liggja með það og draslast svo með vörur svona 1—2 árum eftir að þær hafa komið á markaðinn erlendis, af því að þeir tíma ekki og hafa ekki peninga til þess að kaupa í tíma og vilja ekki kaupa inn vörur, sem eyðileggja gamla móðinn í þeim vörum, sem fyrir liggja. Það er alveg eins og með Seðlabankann. Það er ekki hugsað út frá smæð okkar þjóðfélags, hvernig hugmyndir, sem erlendis geta haft sín áhrif, verka þar. Ef hæstv. ríkisstj. hefði staðið við þá hugmynd sína að leyfa atvinnurekendum aldrei að velta kauphækkunum yfir í verðlagið, ef það hefði verið staðið við það, var hægt að halda verðbólgunni í skefjum, vegna þess að það þýddi, að þá höfðum við þann spora á atvinnurekendur til framfara, sem við þurfum að hafa í hverju þjóðfélagi. Það þýddi, að hver atvinnurekandi vissi, að um leið og hann hafði samið við verkalýðsfélögin um kauphækkun, varð hann að gera ráðstafanir til þess að spara þannig í sínum rekstri, gera sinn rekstur það hagkvæmari, m. a. gera hann það stærri og hagfelldari, að það væri eitthvert vit í honum. Þá var hann knúinn í sífellu til þess að skapa framfarir hjá sér í tækni, og það er þessi spori, sem hefur vantað. Það hefur vantað þennan spora á íslenzka atvinnurekendastétt. Hún hefur komið sér undan þessum spora með verðbólgunni. Verðbólgan hefur verið hennar aðferð til þess að sleppa við að skapa þá hagkvæmni og þær framfarir í sínu atvinnulífi, sem óhjákvæmilegar eru. Á einu sviði hefur framförin haldið þarna áfram af fullum krafti. Það er á því sviði, þar sem aldrei er tekið tillit til þess, og það er hvað bátana snertir. En þegar í land kemur, er eins og við kunnum ekki neitt í þessum efnum. Þarna verður að byrja, ef á að stöðva verðbólguna. Þetta sá hæstv. ríkisstj., þegar hún tók við völdum, en þetta hefur hún aldrei þorað að framkvæma, vegna þess að sú stétt, sem hún styðst við, er fyrst og fremst verzlunarstéttin. Og það eru hagsmunir þeirrar stéttar, verzlunarauðvaldsins í Reykjavík, sem ráða hennar framkvæmdum. Og í þessum efnum hefur hæstv. ríkisstj. allan tímann verið veik, þó að hún væri klofin í þessum efnum, vegna þess að Sjálfstfl. hefur verið algerlega inni á þessu, að þetta allt saman eigi að vera frjálst, sem sé verðbólgan á að halda áfram af fullum krafti og ríkisstj. hefur vitað, að Framsfl. hefur staðið með þessu líka. Alþfl. hefur verið á móti þessu, eins og yfirlýsingar hæstv. viðskmrh. bera vitni um, en sú stefna hans hefur aldrei verið framkvæmd, kannske meðfram vegna þess, að ef átti að ganga langt fram í að framkvæma þetta, var e. t. v. Framsfl. reiðubúinn til að mynda stjórn með Sjálfstfl. um það, stjórn verzlunarauðvaldsins einu sinni enn þá, eins og 1950—1956, einmitt þá stjórn, sem er langóheppilegust fyrir Ísland, vegna þess að það, sem gerir okkur erfiðast með alla þessa hluti, eru þau ríku áhrif, sem verzlunarauðvaldið hefur í okkar þjóðfélagi, og þau of litlu áhrif, sem annars vegar verkalýðshreyfingin og hins vegar atvinnurekendurnir í sjávarútvegi og iðnaði hafa.

Ég segi þetta nú bara til þess, að við ræðum alveg hreinskilnislega okkar á milli þær hagfræðilegu og pólitísku orsakir til þess, að verðbólgan er látin halda áfram. Enda sér það hver maður, sem athugar þetta frv., að ef þetta frv. ætti að verða að lögum og ef á að framkvæma það með þeim heimildum, sem Seðlabankinn fær, á hverjum kemur þetta frv. þá til með að bitna? Það kemur til með að bitna á atvinnurekendunum, á atvinnurekendum í sjávarútvegi og iðnaði, en það kemur ekki til með að bitna á verzlunarauðvaldinu, vegna þess að það eru fyrst og fremst víxlarnir, sem verzlunarauðvaldið fær að láni, og lánin til þess hafa aukizt og stundum meira en öll lán til sjávarútvegsins og iðnaðarins samanlagt, af því að það er einkaréttindastéttin á Íslandi, sú stétt, sem stendur á bak við alla pólitík ríkisstj., sem raunverulega stjórnar verðbólgunni í landinu.

Ef það er í raun og veru hugmynd einhverra af hæstv. ráðh., að þetta eigi að vera till. til þess að stöðva verðbólguna, vildi ég mjög óska eftir því, að þetta mál yrði rætt frá því sjónarmiði og við heyrðum þær hugmyndir, sem hæstv. ríkisstj. hefur um, hvernig eigi að framkvæma þetta. Ég kann bókstaflega ekki við, að Alþ. afgreiði þannig einræðislög, að það sé sagt við einhvern embættismann í þjóðfélaginu: Þú mátt gera hvað sem þú vilt, — þ. e. a. s.: eitthvert jafnrétti og eitthvert öryggi verða mennirnir í okkar þjóðfélagi að hafa, líka atvinnurekendur.

Hér hefur verið minnzt í sambandi við svona mál á ríki, sem hafa reynt þetta, og ég vildi óska eftir, að það yrði upplýst hérna, hver reynsla Finnlands sé af þessum málum, og hæstv. ráðh. segi okkur um þá reynslu. Við þekkjum það ekki mjög nákvæmlega, en þá hug-

mynd hef ég um það, að Finnar sjái eftir því að hafa lagt út í þetta og vildu hafa verið lausir við það að hafa nokkurn tíma þurft út í það að leggja, því að það er vitanlegt, að þegar búið er að gera svona hlut, er miklu erfiðara að eiga við þetta á eftir. Það er rétt eins og með lánin til íbúðabygginganna. Ég er með frv., sem er á dagskrá núna líka, um það mál. Þegar búið er að framkvæma í 1—2 ár, án þess að fólkið hafi nokkra hugmynd um, hvað er að gerast, hefur undirskrifað án þess að vita nokkurn skapaðan hlut, hvað það er að undirskrifa, er miklu erfiðara að kippa þessu í lag á eftir. Það þarf margs konar ráðstafanir til þess og vill oft verða þannig, að menn, sem hafa þó tekið lánin á einhverjum ákveðnum tíma, eru mjög þrælslega bundnir og erfitt að losa þá úr því, og þegar svona verðtryggð lán eru afnumin á eftir, verða þeir fyrir ýmsu óréttlæti. Og ég er hræddur um, að þannig mundi það verða með þetta líka. Það er alveg gefið, að ef svona frv. yrði samþ., yrði það afnumið eftir skamman tíma. En það verður hins vegar búið að fá nokkra menn, sem ekkert hugsa út í, hvað þeir eru að gera, en vilja bara reyna að fá peninginn og leggja út í fyrirtækið, án þess að gera sér ljóst, hvernig það eigi að borga sig. Þá er búið að setja þá í mjög slæma klemmu. Og ég vil minna menn á, að það hefur verið oft undarlega lítil forsjálni í slíkum efnum hér á Íslandi, og ég býst við, að þm. þekki dæmi þess, að t. d. Framkvæmdabankinn, sem sjálfur hefur átt að gera áætlun um, hvernig ætti að ganga í íslenzkum þjóðarbúskap, hafi lánað mönnum fé til þess að koma hér upp verksmiðjum og síðan hafi 2—3 árum seinna verið gerðar ráðstafanir, sem þýddu að gefa frjálst það, sem þessar verksmiðjur áttu að framleiða, og verksmiðjurnar farið á hausinn, sem sé ekki nokkur áætlun eða fyrirhyggja og hugsun verið í málunum.

Svona er ekki hægt að leika sér með efnahagslíf. Menn verða að hugsa um stefnu í efnahagslífi nokkur ár fram í tímann, ekki fara eftir duttlungum einhverra og einhverra sérfræðinga, sem þó eru ekki neinir sérfræðingar. Það, sem sérfræðingar eiga að gera gagnvart Alþ. og ríkisstj., er að leggja á borðið, hvað mæli með og hvað mæli á móti ákveðnum atriðum, hvaða afleiðingar geti hlotizt af þessum ráðstöfunum, góðar og illar eða erfiðar. Það er það, sem sérfræðingar eiga að gera. Þeir eiga ekki að koma og segja við hæstv. ríkisstj. eða Alþ.: Þetta vald vil ég fá og ég vil fá að prófa mig áfram með þetta. — Það er algerlega rangt og nær ekki nokkurri átt. Og ég vildi óska eftir, að hér yrði Alþ. gefin nánari skýrsla um það, hvernig þetta hefur reynzt í Finnlandi. Ég veit ekki, hve mikið hefur legið fyrir hv. fjhn. í þeim efnum, en ég held, að sú reynsla sé ekki góð. Ég vildi þess vegna mjög eindregið óska eftir því, að það yrðu gefnar upplýsingar um það, jafnhliða því sem hæstv. ríkisstj. segði okkur, hvernig hún hugsar sér framkvæmdina á þessu.

Í skýrslu, sem gefin var hér í framsögu fyrir n., var sagt, að einn seðlabankastjórinn, Jóhannes Nordal, hafi komið á fund fjhn. og hann hafi sagt þar frá því, að hann hugsaði sér þetta framkvæmt í fyrsta lagi við lífeyrissjóðina, í öðru lagi við ýmsa stofnlánasjóði. Ég man ekki nákvæmlega, hvort þeir voru tilteknir, hvaða stofnlánasjóðir það voru. Þriðja atriðinu náði ég ekki. Fjórða atriðið var um sparifé. Þarna kemur strax, þegar minnzt er á lífeyrissjóðina. Það er áður búið með sérstökum lagabreytingum að verðtryggja eða vísitölutryggja lánin frá húsnæðismálastjórn. Nú á að taka lífeyrissjóðina þarna inn í. M. ö. o.: það er byrjað á því, að það á að verðtryggja öll þau lán, sem veitt eru til íbúðabygginga. Það er ekki látið nægja, að húsnæðismálastjórnarlánin verði verðtryggð, heldur á að knýja alla lífeyrissjóði til að verðtryggja sín lán líka. Hvað þýðir verðtrygging á lífeyrissjóðslánunum? Það þýðir að gera þorranum af fólki ómögulegt að byggja. Við skulum alveg horfast í augu við, að það er stundum eins og enginn þori að tala um þá kosti, sem eru við verðbólgu, annar en ég hér í deildinni. Og ég held, að það sé mjög óraunsætt. Ég er jafnmikið reiðubúinn eins og aðrir til að vinna að því að stöðva verðbólguna, en ég geri mér alveg ljóst, hvaða kostir hafa verið við hana með hennar miklu meiri ókostum og hennar mikla óréttlæti. Verðbólgan hefur verið ákaflega harðvítugur spori í því að koma hér upp nýjum fyrirtækjum. Vitleysan hefur hins vegar legið í því, hvað óskipulögð þau fyrirtæki hafa verið. En eitt er í sambandi við lífeyrissjóðina alveg ótvírætt, og það er það ástand, sem nú ríkir á Íslandi, að 80—90% t. d. af launafólki, þar með töldum meira að segja hafnarverkamönnum eða ófaglærðum verkamönnum, eigi sínar eigin íbúðir. Það ástand hefði verið óhugsandi án þeirrar verðbólgu, sem geisað hefur nú þessi 20 ár, þ. e. a. s. menn hefðu ekki unnið sér fyrir þessum íbúðum og staðið undir því af sínum launum einum saman. Það, sem hefur hjálpað þeim með það, er þessi verðbólga, og af því að ég veit, að það eru ýmsir flokkar hér, m. a. stjórnarflokkar, sem hafa haft það á stefnuskrá sinni, að menn eigi að eignast hver sína eigin íbúð, vil ég, að mönnum sé alveg ljóst, að menn hverfa burt frá slíkri stefnu, ef menn fara inn á það að ætla að verðtryggja fyrst og fremst öll lán til íbúðabygginga, nema menn gerbreyti alveg um lánastefnu í sambandi við það. Það að ætla mönnum, eins og undanfarið hefur verið gert, að borga upp sínar íbúðir á 25 árum er óhugsandi án þeirrar verðbólgu, sem verið hefur. Hitt aftur á móti er rétt, ef verðbólga er stöðvuð og menn fá lán til, við skulum segja, 40—70 ára með 2% vöxtum, þá mundu menn rísa undir því. En að láta sér detta í hug að ætla að verðtryggja lán úr lífeyrissjóði, þegar vextirnir eru frá 4—6% og þegar á að borga lánið upp á 25 árum, það er sama sem að banna mönnum að eignast íbúðir. Þetta eru hlutir, sem Alþ. sérstaklega þarf að gera sér ljóst, þegar það er að gera svona ráðstafanir.

Alþingi hefur á undanförnum 40 árum tekið mjög veigamiklar ákvarðanir og nákvæmar í sambandi við íbúðabyggingar. Alveg frá því að verkamannabústaðirnir eru settir, er það sett

í lög að veita mönnum lán til 42—70 ára fyrir 2% vexti og það á fátæktartímum Íslands. Ef menn ætla að stöðva verðbólguna, verða menn um leið að fara yfir í þá gömlu reglu, sem þar gilti, og það alveg hiklaust og ótvírætt um leið. Að ætla að segja við seðlabankastjórn: Þér gefst heimild til þess að skylda alla lífeyrissjóði til að verðtryggja öll sín lán, — það þýðir m. ö. o. að taka valdið af öllum starfsmönnum og launafólki í landinu um að ráða sínum eigin sjóðum, hvernig eigi að lána úr þeim og hvernig þeir eigi að hjálpa sjálfum sér, heldur skuldbinda þá með ráðstöfunum Seðlabankans til þess að gera raunverulega nokkurn veginn ókleift að fá lán úr þessu eða standa undir þeim, ef menn þá fá þau. Ég veit ósköp vel, að það er hægt að koma svona hlutum í gegn, það er hægt að píska svona hluti gegnum Alþ., það er hægt að láta Seðlabankann framkvæma þetta og það er hægt að láta fólk fara að undirskrifa þetta. Og fólk kemur kannske ekki fyrr en 3—4—5—6 árum seinna og segir: Hver ósköp voru þetta, sem ég var að undirskrifa? — Talið þið við fólk, sem er að borga B-lánin, ef það hefur ekki getað flýtt sér að borga þau upp, frá gömlu húsnæðismálastofnuninni. Fólk veit ekkert, hvað það er að undirskrifa, eða þá að það treystir t. d. á hæstv. ríkisstj., að hún ætli að stöðva verðbólguna, og svo stendur það allt í einu frammi fyrir því, hve gífurlega þessi lán vaxa. Ég skal bara minna á sem dæmi, að 280 þús. kr. lán, sem menn taka í dag hjá húsnæðismálastjórn, mundi með sömu verðbólgu og gilt hefur undanfarin 20 ár þýða það, að síðasta afborgunin eftir 25 ár, 1991, væri 199 þús. kr., þ. e. a. s. tæp 200 þús. af 280 þús. kr. láni. Þá væru menn búnir að borga líklega á 3. millj.

Það verður ekki með neinum hundakúnstum, meira að segja þótt Seðlabankinn framkvæmi þær, sem verðbólgan verður stöðvuð. Það er hægt að gera mönnum lífið leitt og húsbyggjendum lífið erfitt og annað slíkt. En ef á að stöðva sjálfa verðbólguna, er það þjóðfélagslegt átak, sem verður að gerast á kostnað þeirra, sem mest hafa á henni grætt. Og mér finnst það ekki spá góðu, að það, sem bankastjóri Seðlabankans skuli byrja á að telja upp, séu lífeyrissjóðslánin, einmitt þau lánin til *húsbygginga, íbúðabygginga, sem ekki er búið* að binda.

Ég var að gera — við skulum segja: þær getsakir, að menn hefðu ætlað gagnvart atvinnurekstrinum að beita þessu, og það eru taldir þarna sem nr. 2 stofnlánasjóðirnir, og það má vel vera, að það sé meiningin líka. En sem sé, fyrst og fremst á þetta að þýða bann gagnvart almenningi að halda áfram. Þetta held ég, að við ættum að fá nánari upplýsingar um. Er meiningin að brjóta nú við blað og gerbreyta um stefnu og stöðva það, að launafólk í landinu geti eignazt eigin íbúðir? Ég vonast eftir, að hæstv. ríkisstj. svari því. Það dugir ekki að þvo hendur sínar og segja: Seðlabankinn ræður því. — Það erum við, sem ráðum, hvaða vald Seðlabankanum er gefið. Og það er viðkunnanlegra, að við segjum það þá hérna, að Seðlabankinn hafi þá heimild til þess að verðtryggja lánin úr lífeyrissjóðunum o. s. frv.

Hvað það snertir, sem oft er notað sem siðferðileg forsenda fyrir svona lögum, sem sé sparifjártrygginguna, það virðist mér nú ekki vera mjög áþreifanlegt í þessu sambandi, og allir bankastjórarnir við viðskiptabankana sáu mjög mikil vandkvæði á allri þeirri framkvæmd. Það er vafalaust hægt á svipaðan máta og hæstv. ríkisstj. hefur gert með sínum útboðum á bréfum að ná nokkru fé þannig, en það er ekki nema ofurlítill, rétt hverfandi partur af sparifénu. Ég vil þess vegna leyfa mér að vona, einmitt þegar svona mál er á dagskránni, að við þm. getum fengið nokkrar upplýsingar um, hvað menn virkilega hugsi sér með þessu, lýsingu á því valdi, sem Seðlabankanum sé ætlað að nota sér, — því hlýtur hæstv. ríkisstj. að vera búin að gera sér grein fyrir, — og afleiðingunum af þeirri valdbeitingu, þar með hættunni á misbeitingu þess valds og þar með hættunni á, að með því að beita því sé stöðvað svo og svo mikið af því, sem við höfum annars á undanförnum árum verið sérstaklega stoltir af, þar með þeim mikla dugnaði, sem almenningur hefur sýnt í því að koma sér upp þaki yfir höfuðið, sem ég get ekki séð annað en yrði að mjög miklu leyti stöðvað með þessum ráðstöfunum, nema gripið sé til allt annarra ráða. Ég skal viðurkenna það, að það er hægt að halda því áfram, þótt verðbólga sé stöðvuð, ef gerbreytt er um lánapólitíkina um leið, og það er meira en lánapólitíkin, *sem þá þyrfti að breyta um, ekki* aðeins lækka vextina og lengja tímann. Í svona litlu þjóðfélagi er það fleira, sem þarf að breytast um leið, og það skal ég ekki fara hér inn á, en það er sjálf meðferðin á utanríkisverzluninni. En ég vil leyfa mér að vona, að sérstaklega hæstv. viðskmrh. skýri þessa hluti betur fyrir okkur.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Hér liggja fyrir nál. frá meiri hl. og minni hl. fjhn., og frsm. beggja nefndarhlutanna hafa gert grein fyrir skoðunum og till. nm. í málinu. Eitt eða tvö atriði, sem fram koma í nál. hv. meiri hl., vil ég aðeins minnast á. Í nál. segir m. a. þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Í frv. er stefnt að því að opna leið til verðtryggingar fjárskuldbindinga til langs tíma eingöngu. Alltaf hefur verið ljóst, að almenn verðtrygging kemur ekki til greina, og er það m. a. staðfest af umsögnum bankanna.“

Við þetta vil ég gera aths. Ég vil mæla á móti því, að það hafi alltaf verið ljóst, þ. e. a. s. að öllum mönnum hafi verið það ljóst, að almenn verðtrygging kæmi ekki til greina. Ég hef a. m. k. aldrei heyrt nein rök fyrir því, að hún gæti ekki komið til greina. Og ég vil halda, að verðtrygging fjárskuldbindinga sem vopn í viðureigninni við verðbólguna komi ekki að gagni, nema verðtryggingin verði almenn eða a. m. k. mjög almenn. Hún þarf kannske ekki að vera alveg fullkomin, en hún þarf að vera almenn til þess. Ég vil enn fremur benda á það, að með því að hafa verðtrygginguna mjög takmarkaða, skapast mörg vandamál í fram-

kvæmd hennar. Það verður ákaflega erfitt fyrir lánastofnanir að ákveða, hverjum lántakendum eigi að veita verðtryggð lán og hverjum óverðtryggð. Það verður ákaflega erfitt í framkvæmdinni. Ég vil þess vegna leyfa mér að draga það mjög í efa, að þetta sé rétt, sem kemur þarna fram hjá meiri hl., að almenn verðtrygging geti alls ekki komið til greina.

Annað atriði síðar í nál. þeirra vildi ég einnig minnast á. Þar er rætt um brtt., sem meiri hl. n. flytur, og í brtt. þeirra á þskj. 351 segir svo í 2. mgr., með leyfi hæstv. forseta:

„Verði notkun verðtryggðra innlánsreikninga veruleg við banka og aðrar innlánsstofnanir, getur Seðlabankinn, ef nauðsyn krefur, einnig heimilað þessum stofnunum að veita lán með verðtryggingu til skemmri tíma en segir í 4. gr. c, enda séu slík lán eigi verðtryggð nema allt að 50% höfuðstóls og vaxta."

Ég hef engar skýringar séð um það eða á því frá hv. meiri hl., hvernig innlánsstofnanir gætu komið því þannig fyrir að taka á móti sparifé með fullri verðtryggingu, en lána það út aftur þannig að verðtryggja aðeins helming af þessu fé. Æskilegt væri að fá frá þeim nánari skýringar á þessu.

Annars kvaddi ég mér hljóðs aðallega til þess að ræða um eitt atriði í þessu frv., og það er 6. gr. þess eða þau ákvæði, sem þar er að finna. Í 6. gr. segir, að opinberar fjárfestingarlánastofnanir, sem stofnaðar eru með lögum, skuli hafa heimild til að veita verðtryggð lán af eigin fé sínu og endurlána verðtryggt fé. Og lánskjör slíkra lána skulu ákveðin af stjórn stofnunarinnar að fengnu samþykki ráðh. þess, sem stofnunin heyrir undir, svo og Seðlabankans. Þannig er það á valdi stjórna einstakra opinberra fjárfestingarlánastofnana að ákveða, hvort tekin skuli upp verðtrygging á lánum frá þeim. Það er á þeirra valdi. En Seðlabanki Íslands á að ákveða, við hvað verðtryggingin eigi að miðast. Um þetta eru ákvæði í 4. gr. frv., og þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta, í a-lið:

„Verðtrygging skal yfirleitt miðuð við vísitölu framfærslukostnaðar, eins og hún er reiknuð á hverjum tíma." Yfirleitt miðuð við það. „Seðlabankanum skal þó heimilt að leyfa, að verðtrygging sé miðuð við aðra vísitölu eða við breytingar tiltekins vöruverðs, enda sé sú viðmiðun betri mælikvarði á greiðslugetu þess aðila, sem tekst á hendur verðtryggðar skuldbindingar." Og í framhaldi af þessu segir: „Sé ekki um opinbera skráða vísitölu eða verðlag að ræða, skal Seðlabankinn í samráði við Hagstofu Íslands setja sérstakar reglur um þann verðtryggingargrundvöll, sem miðað er við."

Þess hefur áður verið getið, að fjhn. fékk annan af bankastjórum Seðlabankans á fund hjá sér til þess að ræða um málið og fá á því skýringar. Á þeim fundi lagði ég áherzlu á það, að fjhn. fengi að kynnast þeim reglum, sem Seðlabankinn hefði í hyggju að setja um framkvæmd l., ef frv. næði samþykki. En við þessari ósk minni var ekki orðið. Okkur er því alveg ókunnugt um það, hvernig þessar reglur verða, sem Seðlabankinn setur, ef til kemur. Það er enn sem komið er hinn óttalegi leyndardómur.

Þetta er stórt mál, sem hér er um að ræða, og það vakna ýmsar spurningar í sambandi við þetta, t. d. þessi: Hvernig verða þessar reglur, sem Seðlabankinn á að setja? Hvernig verður verðtrygging ákveðin á lánum frá ýmsum stofnlánasjóðum, eins og t. d. frá Fiskveiðasjóði Íslands? Við hvað verður verðtryggingin miðuð? Þar eiga menn að fá lán til kaupa á fiskiskipum t. d. og vélum í skip o. s. frv. Þar er gert ráð fyrir líka, að menn fái lán til að koma upp fiskvinnslustöðvum, bæði húsum og vélum. Við hvað á að miða verðtrygginguna á þessum lánum, ef verðtrygging verður tekin þar upp? Það segir þarna í frvgr. á einum stað, að það sé heimilt að leyfa, að verðtrygging sé miðuð við eitthvað annað en vísitölu framfærslukostnaðar, enda sé sú viðmiðun betri mælikvarði á greiðslugetu þess aðila, sem tekst á hendur verðtryggða skuldbindingu. Hvernig verður nú farið með þetta? Verður t. d. verðtryggingin miðuð við verð á skipum, verð á fiskiskipum eða vélum í skip eða fiskvinnslustöðvum? Manni getur dottið í hug, að það þætti ekkert óeðlilegt, að verðtryggingin yrði við þetta miðuð. En hvernig á þá að finna eða ákveða verðbreytingar á þessum eignum, t. d. á fiskiskipum og vélum ýmiss konar? Hvernig á að finna það, hvaða álag ætti þarna að reikna, þegar á að fara að borga lánin? Ég hygg, að þarna væri ekki gott að miða við vísitölu framfærslukostnaðar, því að við vitum það, að verð á fiskiskipum breytist ekki eftir vísitölu framfærslukostnaðar. Mikið af þeim er flutt inn frá útlöndum fullsmíðað, og verð á þeim tekur ekki breytingum eftir framfærsluvísitölum hér, og þó að smíðað sé nokkuð af skipum hér innanlands, fer verð þeirra ekki nema að takmörkuðu leyti eftir vísitölu framfærslukostnaðar.

Ég ætla að nefna annan stofnlánasjóð. Það er stofnlánadeild landbúnaðarins. Hún veitir lán til bænda, t. d. til umbóta á jörðum. Hvernig ætti að verðtryggja þau lán? Miða við breytingar á verði á jörðum? En hvernig á að finna það út, hver breyting verður á verðgildi jarða? Og hún getur verið misjöfn og er misjöfn í ýmsum héruðum landsins. Þetta er allt óljóst, og engar upplýsingar liggja fyrir um, hvernig með þetta verður farið. Við skulum taka iðnlánasjóð, sem veitir iðnaðarmönnum lán til kaupa á vélum. Við hvað á að miða verðtrygginguna þar? Hvernig á að finna út breytingar á verði á hinum margvíslegu vélum, sem iðnaðurinn þarf á að halda, ef á að miða verðtrygginguna við slíkar breytingar?

Þessum spurningum álít ég, að þingið þurfi að fá svarað, áður en það gengur frá þessu máli. Það er, eins og ég sagði áðan, á valdi stjórna lánastofnana, hvort verðtrygging verður tekin upp hjá þeim eða ekki. Mér fannst koma sá misskilningur fram hjá hv. síðasta ræðumanni, hv. 3. þm. Reykv., að Seðlabankinn gæti ákveðið það í öllum tilfellum, hvort verðtrygging yrði tekin upp eða ekki. En það er nú ekki samkv. frv. Það er á valdi þeirra, sem stjórna þessum lánastofnunum. En hitt er annað mál, eins og ég hef gert grein fyrir, að Seðlabankinn á að ákveða verðtryggingargrund-

völlinn hjá þeim stofnunum, sem vilja taka þetta upp. Auðvitað ættu þessar reglur að vera ákveðnar í lögum frá Alþ., þær ættu að vera það, og þannig hefur þetta verið með þá verðtryggingu, sem hér hefur verið tekin upp að undanförnu, að þar hefur verið ákveðið í l. frá Alþ., við hvað eigi að miða verðtrygginguna. Þannig er þetta í þeim l. um Húsnæðismálastofnun ríkisins, þar sem ákveðið er, að verðtryggja skuli öll lán frá þeirri stofnun. Þar segir, að það skuli miða við kaupgreiðsluvísitölu. Þetta mun nú vera bráðum tveggja ára gamalt ákvæði um verðtryggingu á þeim lánum. En nú sýnist mér jafnvel horfur á því, að það mál renni úr höndum stjórnarvaldanna, e. t. v. áður en langt líður. Hér er komið fram á þinginu sérstakt frv. til l. um breyt. á l. um Húsnæðismálastofnun ríkisins. Það er á þskj. 334, og það er á dagskrá þessa fundar í d. En ég vona, að mér fyrirgefist, þó að ég nefni þetta mál aðeins, þó að það sé ekki farið að ræða um það, vegna þess að það snertir svo mjög þetta mál, sem hér er til umr., verðtryggingu fjárskuldbindinga. Í þessu frv. er lagt til, að ákvæðið um verðtrygginguna verði fellt niður úr l., þó að það sé ekki búið að standa í l. nema tæp 2 ár, og ég vil — með leyfi hæstv. forseta — lesa hér eina mgr. úr þeirri grg., sem fylgir þessu frv. Þar segir svo:

„Þegar ákvörðun var tekin um þessa vísitölugreiðslu á húsnæðislánum og vöxtum 1964, hafa þeir, sem að því stóðu, vafalaust gengið út frá því, að verðbólgan yrði stöðvuð, og treyst á það. Verkalýðshreyfingin hefur aldrei fallizt á þessa aðferð sem einu aðferðina til að lána alþýðu manna íbúðalán, og þegar nú er auðséð, að verðbólgan muni halda áfram af fullum krafti, er það alveg frágangssök að ætla að halda því ákvæði í l. að reikna vísitölu á húsnæðislán til almennings. Slíkt mundi gera þorra manna ókleift að eignast eigin íbúð og stöðva þar með þá þróun, er verið hefur undanfarna tvo áratugi, og skapa meira öngþveiti í húsnæðismálum.“

Þannig segir m. a. í þessari grg. Mér hefði fundizt, að þetta m. a. gæfi ástæðu til þess, að hv. þd. féllist á till. okkar í minni hl. um, að málinu yrði nú frestað í bili og það athugað af n., sérstakri n., sem ríkisstj. skipaði nú á milli þinga, málið í heild, einmitt um þessi fjárfestingarlán og hugsanlega verðtryggingu á þeim. Þarna er svo margt, sem er óupplýst og okkur vantar alveg upplýsingar um, hvernig með á að fara. Það er nú t. d. eitt í sambandi við þessi húsnæðismálalán, að þar er samkv. l. sama viðmiðun látin gilda um allt land. En við vitum það, að verð á húsum er ákaflega mismunandi eftir því, hvar er á landinu. Hér í þéttbýlinu við Faxaflóa er húsaverð yfirleitt hæst, og hækkun á því hefur orðið mest hér á þessu svæði. Sums staðar í fámennari byggðarlögum, smærri kauptúnum, er húsaverðið allt annað og hefur ekki hækkað neitt nálægt því eins og hér í þéttbýlinu. Það gæti verið mjög örðugt fyrir menn, sem taka lán til að byggja hús á slíkum stað, að eiga að standa undir þessari verðtryggingu, jafnvel þó að það yrði kleift fyrir þá, sem búa á öðrum stöðum, þar sem húsaverðið er hæst og hækkun þess stórstígust. Þannig er svo margt í þessum málum, sem þarf að athuga.

Eins og ég sagði áður, er þetta svo stórt mál og getur orðið örlagaríkt, að ég tel, að það sé ríkt ástæða til þess að athuga þetta nánar fyrir næsta þing. Og ég vil sérstaklega láta athuga það, hvort ekki er hægt, ef farið verður út í þetta, að hafa þetta nokkuð almenna verðtryggingu, því að ég held, að það komi ekki að neinum notum í baráttunni við verðbólguna, nema þetta verði nokkuð almenn verðtrygging. Og ég tel, að það sé ekki hægt fyrir Alþ. að afsala sér ákvörðunarvaldi um þetta stóra mál, þ. e. a. s. að ákveða verðtryggingargrundvöllinn í hinum ýmsu lánaflokkum, — að afsala sér því valdi í hendur einnar opinberrar stofnunar, jafnvel þótt hún heiti Seðlabanki Íslands. Ég tel ekki fært fyrir Alþ. að gera það. Þess vegna tel ég, að nú eigi þd. að samþykkja hina rökstuddu dagskrá frá minni hl. fjhn. á þskj. 355, þar sem lagt er til, að málið fái rækilegri athugun en þegar hefur farið fram og að sett verði skýrari ákvæði í lög um reglurnar, sem farið skuli eftir við framkvæmd l., og í trausti þess, að ríkisstj. skipi 5 manna n., 4 eftir tilnefningu þingflokkanna og einn án tilnefnigar, til að athuga málið og gera till. um það fyrir næsta þing. Þetta er okkar tillaga.

Ég sé svo ekki ástæðu til, herra forseti, að hafa um þetta fleiri orð að sinni, enda var hv. frsm. minni hl. fjhn., hv. 11. þm. Reykv., búinn að gera rækilega grein fyrir áliti okkar og tillögu.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 61. fundi í Nd., 29. marz, var enn fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Rökst. dagskrá á þskj. 355 felld með 20:19 atkv.

Brtt. 37 tekin aftur til 3. umr.

1. gr. samþ. með 21:1 atkv.

2.—4. gr. samþ. með 20:1 atkv.

Brtt. 351 (ný 5. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv.

6.—14. gr. samþ. með 21:1 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 21:3 atkv.

Á 62. fundi í Nd., 31. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 20, 37).

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Við 2. umr. málsins beindu hv. talsmenn stjórnarandstöðunnar nokkrum fsp., að vísu fremur almenns eðlis, til mín. Sá síðari þeirra lauk ræðu sinni um það bil, sem fundartíma var að ljúka fyrir kvöldverð, svo að ég ákvað að láta bíða að svara þessum spurningum til 3. umr., og skal nú freista að gera það með nokkrum orðum.

Það, sem fyrirspyrjendur sameiginlega óskuðu eftir, að nánar yrði skýrt en fram hefði komið fram að þessu í ræðum af hálfu talsmanna ríkisstj., var, hvernig Seðlabankinn hugsaði sér að framkvæma þær heimildir, sem hon-

um eru veittar í lögum þessum, og í tilefni af þessu undirstrikuðu báðir fulltrúar stjórnarandstöðuflokkanna, að þeim þættu heimildirnar óeðlilega víðtækar og jafnvel hættulegt fyrir Alþingi að veita Seðlabankanum slíkar heimildir. Ekki fór þó hjá því, að ég veitti því athygli, að hv. ræðumenn, hv. 3. þm. Reykv. (EOl) annars vegar og hv. 1. þm. Norðurl. v. (SkG) hins vegar, voru engan veginn sammála í grundvallarafstöðu sinni til málsins. Það kom greinilega fram af málflutningi hv. 3. þm. Reykv., að hann er í grundvallaratriðum andvígur verðtryggingu á sparifé og verðtryggingu á útlánum til langs tíma, og það, sem hann sagði um málið, byggðist að sjálfsögðu á þessari grundvallarafstöðu hans. Hins vegar á þetta engan veginn við um hv. 1. þm. Norðurl. v. Það, sem hann virtist fyrst og fremst hafa við frv. að athuga, var, að verðtryggingin væri ekki alger, þ. e. að hún næði ekki til allra fjárskuldbindinga, til alls sparifjár og allra útlána. Hans gagnrýni virtist mér helzt grundvallast á því, að ekki væri beinlínis lögtekin svonefnd vísitölukróna, þ. e. a. s. krónan skyldi ekki jafnan í fjárviðskiptum manna á milli vera vísitölutryggð. Flokkur hv. 1. þm. Norðurl. v. hefur oftar en einu sinni hér á Alþ. flutt till. um verðtryggingu sparifjár, en augljóst er, að sparifé verður ekki verðtryggt, nema því aðeins að útlán séu verðtryggð á móti. Til þessa grundvallarmunar í afstöðunni á það svo eflaust rætur að rekja, að hv. 3. þm. Reykv. greiddi atkv. gegn frv. við 2. umr. ásamt fáeinum öðrum þm., en hv. 1. þm. Norðurl. v. ásamt flokksbræðrum sínum flestum, að ég hygg, sat hjá við atkvgr.

Það er því ekki hægt að segja, að stjórnarandstaðan hafi sameiginlega afstöðu í þessu máli gegn því frv., sem hér er um að ræða.

Það kom fram sérstaklega í ræðu hv. 3. þm. Reykv., að verðbólga væri síður en svo skaðleg. Það væri yfirlýstur tilgangur með þeirri lagasetningu, sem hér er um að ræða, að vinna gegn verðbólgu, en það vildi hv. 3. þm. Reykv. draga í efa, að væri nauðsynlegt í sjálfu sér, því að vissulega gæti verðbólga verið gagnleg. Það má til sanns vegar færa, að dálítil verðbólga sé ekki skaðleg a. m. k. Það kann jafnvel að vera nokkur sannleikskjarni í því, að örlítil verðbólga geti verið eins konar hvati á framkvæmdahug og stuðlað að því, að efnt sé til fjárfestingar, sem annars yrði ekki efnt til. En hitt hygg ég, að sé ágreiningslaust meðal langflestra manna, bæði meðal almennings, meðal hagfræðinga, meðal framkvæmdamanna og meðal stjórnmálamanna, að mikil verðbólga sé skaðleg. Og við skulum minnast þess, að á árunum síðan síðari heimsstyrjöldinni lauk hefur verðbólgan á Íslandi numið að meðaltali um 10%, þ. e. a. s. víxlhækkanir kaupgjalds og verðlags hafa allar götur síðan stríði lauk eða í næstum aldarfjórðung verið svo miklar, að numið hefur að meðaltali um 10% á ári. Hvarvetna í veröldinni mundu menn telja 10% verðbólgu mikla verðbólgu, og ég hygg, að langflestir séu sammála um það, að svo mikil verðbólga hljóti að teljast skaðleg.

Ástæður til þess, að flestir telja svo mikla verðbólgu skaðlega, má segja, að séu í grundvallaratriðum þrjár. Í fyrsta lagi, að svo mikil verðbólga hlýtur að draga úr sparnaði, hún hlýtur að draga úr sparnaðarviðleitni manna, en það er augljóst, að sparnaður er undirstaða allra heilbrigðra framkvæmda og þar með undirstaða framfara í atvinnulífinu. Annar meginókostur svo mikillar verðbólgu er sá, að hún beinir fjárfestingunni inn á óhagkvæmar brautir. Það er hætt við því, að verðbólgan sjálf hafi áhrif á það sumpart, að meira sé fjárfest en gert mundi verða að öðru leyti, og svo hins vegar í hverju sé fjárfest. M. ö. o.: það er hvorki arðsvonin né heldur hin þjóðhagslega nytsemi, sem þá ræður því, hversu fjárfestingin er mikil og í hvaða áttir hún beinist, heldur von um verðbólguhagnað, von um hagnað, sem á sér óeðlilegar rætur. Og þriðji ókosturinn, sem verðbólgu fylgir, er sá, að hún hefur í för með sér mjög alvarlegt félagslegt ranglæti. Hún sviptir sparifjáreigandann réttmætum vöxtum af sínu sparifé, en ívilnar skuldaranum með algerlega óeðlilegum hætti. M. ö. o.: sparandinn er sviptur þeim tekjum af sparnaði sínum, sem hann á bæði efnahagslegan og félagslegan rétt á, en hins vegar situr sá, sem hefur haft þá aðstöðu að fá yfirráð yfir lánsfé þjóðarinnar, að hagnaði, sem að engu leyti á rót sína að rekja til skynsamlegra ráðstafana hans sjálfs, heldur eingöngu á rót sína að rekja til þess, að um verðbólgu hefur verið að ræða. M. ö. o.: hagnaður fellur í skaut aðilum, sem ekkert hafa til hans unnið. Hagnaðurinn er afleiðing af óstjórn í þjóðfélaginu, en mikil verðbólga hlýtur að teljast óstjórn, þegar til lengdar lætur. Verðbólguhagnaðurinn er hagnaður, sem sá, sem fær hann, hefur engan þátt átt í að skapa.

Með hliðsjón af þessu, að langvarandi mikil verðbólga dregur úr sparnaði, beinir fjárfestingunni inn á rangar eða óhagkvæmar brautir og hefur í för með sér félagslegt ranglæti, þá hlýtur að teljast lofsvert og æskilegt að vinna gegn verðbólgunni. Og það er höfuðtilgangur þessa frv. að vera einn þáttur í samræmdum aðgerðum gegn verðbólgunni. Það er rétt að taka það skýrt fram, að ríkisstj. er fullkomlega ljóst, að hér er ekki um að ræða neinn allsherjar kínalífselixír til þess að stöðva verðbólguþróunina, til þess þarf miklu meira og miklu stærri og miklu samræmdari aðgerðir. En ríkisstj. telur, að með því að taka upp verðtryggingu í ríkara mæli en átt hefur sér hingað til stað, með því að auka verðtryggingarsamningana á fjármálasviðinu, þá muni vera stigið mikilvægt spor í þá átt að stemma stigu við verðbólgunni, en annað þarf vissulega að koma til og framkvæmast samhliða.

Ég hlýt að benda á og undirstrika, að verðtrygging er ekki algert nýmæli, hvorki hér á Íslandi né annars staðar. Hér hafa verið gerðar nokkrar tilraunir í þessa átt: annars vegar til öflunar lánsfjár til ákveðinna framkvæmda með útgáfu hinna svonefndu spariskírteina, sem ríkissjóður gaf út á árunum 1964 og 1965, en hins vegar til verðtryggingar sparifjár, þar sem er skyldusparnaður og sparifjársöfnun skóla-

barna, og á sviði útlána hefur verðtrygging verið tekin upp á vissum lánum húsnæðismálastjórnar allt frá árinu 1955, og síðan á árinu 1964 verðtrygging á öllum lánum þeirrar stofnunar. Hugmyndin um það að verðtryggja öll lán þeirrar stofnunar kom upp í viðræðum ríkisstj. og verkalýðssamtakanna í sambandi við lausn kjaradeilunnar í sambandi við júnísamkomulagið 1964. Höfuðtilgangurinn með því að láta vísitöluákvæðin ná til allra lána húsnæðismálastjórnarinnar var að sjálfsögðu sá að vernda húsnæðismálasjóðinn, koma í veg fyrir það, að örlög hans yrðu þau sömu, sem því miður hafa orðið örlög annarra stórra sjóða í þjóðfélaginu, að þeir hafa smám saman orðið þeim mun verðlausari sem verðbólgan hefur vaxið. Þessi ráðstöfun að verðtryggja húsnæðislánin og þar með gera tilraun til þess að tryggja verðgildi húsnæðislánasjóðsins í jafnlangan tíma og lánin eru í gildi er langstærsta sporið, sem fram að þessu hefur verið stigið í átt til verðtryggingar á Íslandi. Og ég er mjög eindregið þeirrar skoðunar og þeirrar skoðunar er ríkisstj., að við það spor megi ekki láta standa, það hafi verið eitt af stóru frumsporunum og önnur spor verði að stíga í framhaldi af því, m. ö. o.: það sé ekki hægt til langframa, að einungis húsnæðismálastjórnarlán séu verðtryggð auk spariskírteina ríkissjóðs, ef það eigi að vera við lýði áfram, verði verðtrygging einnig að taka til annarra meiri háttar hliðstæðra lána. Ef það yrði ekki gert, tel ég það tvímælalaust, og vil segja það alveg skýrt, þannig að ekkert fari á milli mála um það, — ef ekki verða stigin frekari spor til verðtryggingar, tel ég, að afnema eigi verðtrygginguna á húsnæðisstjórnarlánunum. Það var og alltaf meiningin, að þessi ákvörðun, sem tekin var í framhaldi af júnísamkomulaginu 1963, hefði sitt framhald einmitt í þeirri lagasetningu, sem hér er um að ræða. Það, sem felst í þessu frv., er því í raun og veru ekki aðeins það, hvort áframhald skuli verða á tilraunum til að vinna gegn verðbólgunni með verðtryggingu, heldur einnig, hvort halda skuli verðtryggingarreglum um húsnæðismálastjórnarlánin. Nái þetta frv. ekki fram að ganga, tel ég tvímælalaust afleiðinguna af því eiga að vera þá, að snúa eigi við að því er snertir húsnæðismálastjórnarlánin.

En þá vaknar spurningin um það, hvort líklegt sé, að verðtryggingarákvæði eins og þau, sem í þessu frv. felast, geti hamlað gegn verðbólgunni. Mér virðist flestir, sem um þetta mál hafa talað, játa, jafnvel hv. 3. þm. Reykv., að verðtrygging á sparifé muni líkleg til þess að efla og auka sparifjármyndun, að verðtrygging á sparifé hljóti að hafa í för með sér að öðru jöfnu meiri aukningu sparifjár en ella ætti sér stað. En ef menn telja koma til greina að verðtryggja sparifé, gefur auga leið, að ekki er hægt að láta við svo búið standa. Hafi menn sagt a, verða menn að segja b. Einhver verður að greiða þær verðbætur, sem sparifjáreigendurnir fá. Það gæti ekki heldur verið auðvelt að bera á móti því, að það sé réttlátt, að sparifjáreigandi láti sér ekki nægja vexti, jafnvel þótt háir séu, þótt 7—9% séu, eins og á sér stað á Íslandi núna, ef verðbólga í landinu er 10%, því að þá lætur nærri, að sparifjáreigandinn fái ekkert fyrir þá afneitun, sem í sparnaðinum felst, fyrir þá þjóðfélagslegu þjónustu, sem í því felst, að hann eyðir ekki tekjum sínum, heldur sparar þær. Þess vegna er ekki í alvöru hægt annað en að játa, að sparifjáreigandinn hlýtur að teljast eiga bæði efnahagslegan og félagslegan rétt á verðtryggingu á sínu sparifé, á verðbótum. Eins og ég sagði áðan, við svo búið getur ekki staðið. Einhver þarf að borga bæturnar, sem allir virðast sammála um, að sparifjáreigandinn eigi rétt á. Og hver kemur til greina til þess að borga þessar bætur? Það kemur ekki annar til greina til þess að borga bæturnar en sá, sem fær til ráðstöfunar það sparifé, sem verðbætt er. Það er ekki hægt að ætlast til þess, að almannasjóður, að ríkissjóður greiði bæturnar til sparifjáreigendanna eða hægt sé að taka það úr einhverjum öðrum sjóðum þjóðfélagsins. Það er enginn aðili til í þjóðfélaginu, sem hugsanlegt er, að greiði bætur til sparifjáreigenda til frambúðar, annar en sá, sem notar það fé, sem sparifjáreigandinn hefur lagt til hliðar.

En þá má spyrja, og þeirri spurningu varpaði hv. 3. þm. Reykv. fram hvað eftir annað í ræðu sinni, — en þá má spyrja: Eru lántakandanum lagðar óeðlilegar, óhæfilegar byrðar á herðar með því að ætlast til þess, að hann greiði sams konar verðtryggingu af þeim lánum, sem hann fær, og sparifjáreigandinn fær af sínu sparifé? Það hefur verið á það bent og undirstrikað, að það væru þungar byrðar, sem því fylgdu að taka verðtryggð lán. En í því sambandi vil ég benda á og undirstrika alveg sérstaklega, að það er grundvallaratriði í því frv., sem hér er um að ræða, að verðtrygging á lánum skuli fyrst og fremst heimiluð, þegar lánin séu notuð til þess að afla eigna, sem hækki í verði með hækkandi verðlagi. Það er grundvallaratriði, að þau lán ein skuli vera verðtryggð, sem varið er til þess að afla eigna, sem verðbólgan hefur verðhækkunaráhrif á, m. ö. o.: það er gert ráð fyrir því, að þau lán fyrst og fremst og jafnvel ein verði verðtryggð, sem lántakandinn hefur notað til þess að kaupa eignir, sem hækka í verði. Og ef eignin, sem lántakandinn hefur eignazt, hækkar í verði, er honum auðvitað ekki íþyngt með því að borga verðbætur af láninu. Það eina, sem gerist, er það, að það er komið í veg fyrir, að hann hagnist, öðlist verðbólgugróða, einmitt þess konar gróða, sem ég í upphafi var að lýsa, að hlýtur að teljast alveg sérstaklega óréttlátur.

Það er því alls ekki um það að ræða, að með verðtryggingu sé verið að leggja nokkrar byrðar á þá, sem hin verðtryggðu lán taka. Að baki lánanna standa ávallt eignir, sem hafa hækkað eða eru að hækka í verði. Skuldarinn getur aldrei tapað, hann getur aldrei orðið fyrir tjóni, hann getur aldrei skaðazt. Hann getur hins vegar misst af gróða, sem hann mundi hljóta, ef lánið væri ekki verðtryggt, og hann á að missa af slíkum gróða, því að það er ranglátasti gróði, sem um getur, þjóðfélagslega séð.

Þess vegna dugir auðvitað ekki sú afstaða að

vera með verðtryggingu sparifjár, en á móti verðtryggingu lána. Ef menn eru með verðtryggingu sparifjár, leiðir af því, að menn verða líka að vera með verðtryggingu lána. Og það þarf enginn að hafa samvizkubit af því að fylgja verðtryggingu þeirra lána, sem þetta frv. ætlast til þess, að verði verðtryggð, því að á móti þeim standa ávallt hækkandi eignir, ef á annað borð er um verðtryggingu að ræða.

Ég get látið þetta nægja sem almennar hugleiðingar í tilefni af þeim grundvallaratriðum, sem hv. þm. gerðu að umtalsefni í ræðum sínum.

Þá skal ég reyna að svara með nokkrum orðum þeirri fsp. hv. þm., hvernig gert er ráð fyrir, að heimildir frv. verði hagnýttar. Ég vil að vísu undirstrika, að það er engin tilviljun, að frv. í heild er haft í heimildarformi. Það er vegna þess, að öllum er ljóst, ríkisstj. og Seðlabankanum og öllum öðrum, sem um málið hafa fjallað, er ljóst, að hér er um mjög vandasamt og flókið mál að ræða, svo vandasamt og svo flókið, að telja verður hyggilegt að rígskorða ekki ákvæði um það í lögum, heldur hins vegar hafa um heimildir að ræða, þannig að unnt sé að læra af reynslunni. Ég tel Seðlabankann í þessum efnum eiga að fara mjög varlega, beita heimildum sínum varlega og hægt í fullu samráði við þá aðila, sem fyrst og fremst munu eiga að framkvæma verðtrygginguna, þ. e. a. s. viðskiptabankana. Einmitt þess vegna hefur verið flutt og samþ. við 2. umr. brtt. þess efnis, að viðskmrh. skuli koma á fót n., sem í eiga sæti fulltrúar allra viðskiptabankanna, og skuli Seðlabankinn jafnan hafa samráð við þá n., þegar hann hagnýtir heimildir þessara l., ef frv. verður að lögum. Þetta er beinlínis gert til þess að tryggja, að framkvæmdir verði ekki *róttækari*, verði ekki *sneggri*, verði ekki örari eða viðtækari en svo, að um þær sé nokkurn veginn samstaða innan bankakerfisins. Ég tel það mjög mikilvægt, að þeir aðilar, sem eiga að framkvæma þessar vandasömu aðgerðir, séu hafðir með í ráðum um framkvæmdina og engu í þeim efnum sé þröngvað upp á þessa aðila, heldur sé leitazt við að ná samkomulagi um þá framkvæmdahætti, sem menn búast við, að verði skynsamlegastir, og reynslan leiðir í ljós um, að megi teljast það. En varðandi það, hvað Seðlabankinn muni fyrst gera í þessum efnum, get ég sagt, að gera má ráð fyrir því, að hann muni heimila innlánsstofnunum að taka við sparifé, sem bundið sé til 2—3 ára með mun lægri vöxtum en nú eru almennir, t. d. 4—5% vöxtum, og láta reynsluna skera úr um, hversu mikið að því kveður, að sparifjáreigendur vilji frekar leggja fé sitt inn í innlánsstofnanir, þannig að það sé bundið til 2—3 ára, verðtryggt, en aðeins með t. d. 4—5% vöxtum, — hversu margir vilja heldur hagnýta sparifé sitt á þennan hátt í stað þess að hafa það laust, eins og nú er, á lausum reikningum, en fá 7—9% vexti eftir því, hvort um enga bindingu eða nokkurra mánaða bindingu er að ræða. Reynslan mundi skera úr um, hvernig sparifjáreigendur litu á þetta. En þetta hefur auðvitað það í för með sér, að bankarnir verða að hafa heimild og skilyrði til þess að láta viðskiptamenn sína greiða þessar sparifjárbætur. Bankarnir geta það ekki af eigin fé, til þess má enginn ætlast, og þá er langsennilegast, að bankarnir taki upp ný lánaform nokkurra tegunda, t. d. 5 ára lán, jafnvel 8 ára lán, sem séu með verðtryggingu, þannig að tekjurnar af verðtryggingu þessara lána mundu nægja til þess að greiða sparifjáreigendum verðbæturnar. Ég tel ekki nokkurn minnsta vafa á því, að fjölmargir mundu vera reiðubúnir til þess að taka nýja tegund af láni hjá bönkunum, 5 ára lán, 8 ára lán með verðtryggingu, en svo sem kunnugt er, hafa menn ekki átt kost á slíkum lántökum hjá viðskiptabönkunum fram að þessu. Meginlán bankanna hafa verið í formi mjög stuttra lána, og hefur það í raun og veru verið atvinnulífinu til mikils baga að hafa ekki kost á t. d. 5 ára láni eða 8 ára láni eða einhverju þar á milli. Og það er bjargföst sannfæring mín, að atvinnulífið mundi telja það stórkostlega framför, eitthvert mesta framfaraspor, sem stigið hefði verið í lánamálum bankanna um langt skeið, ef nú yrði gefinn kostur á lánum til ákveðins árafjölda, sem séu tryggð til ákveðins árafjölda, 5 ára, 8 ára, jafnvel þótt með verðtryggingu væri. Bankarnir hafa ekki dregið í efa, að slík lán mundu geta reynzt vinsæl hjá atvinnulífinu.

Bankarnir og sérstaklega Landsbankinn hafa hins vegar látið í ljós nokkurn ugg um, að eftirspurn eftir verðtryggðu sparifé, að innlögn verðtryggðs sparifjár mundi verða svo mikil, að erfitt yrði fyrir bankana að lána út jafnmikið fé til langs tíma með verðtryggingu. Ég geri ekki ráð fyrir því. Ég ber ekki sama ótta í brjósti um þetta efni og fram kom í fyrstu umsögn Landsbankans um málið, enda væri þá alltaf hægurinn hjá, ef eftirspurnin eftir 2—3 ára verðtryggðum sparifjárinnstæðum með 4—5% vöxtum yrði meiri en svo, að bankarnir vildu veita þeim viðtöku, ef þeir treystu sér ekki til þess að koma þessum peningum fyrir í verðtryggðum lánum, er auðvitað hægurinn hjá að rýra skyndilega þessi kjör, annaðhvort með lækkun vaxtanna eða þá með lengingu bindingarskyldunnar, til þess að draga úr eftirspurninni eftir þess konar lánum. En úr þessu getur reynslan ein skorið. Einmitt vegna þess, hversu æskilegt er, að reynslan fái að hafa *veruleg áhrif* á það, hvernig þessi ákvæði eru framkvæmd, er nauðsynlegt eða mjög æskilegt að hafa frv. í heimildarformi. Einkum og sér í lagi má segja, að nauðsynlegt sé, að um heimildir sé að ræða, eftir að ákveðið var, að allt málið skuli framkvæmt með mjög náinni samvinnu Seðlabankans og viðskiptabankanna. Sú samvinna væri auðvitað þýðingarlaus, ef Alþ. hygðist setja nákvæmar og tæmandi reglur um það, hvernig framkvæmdin skyldi vera. Þá er ekki um neitt að hafa samvinnu, þá er ekki um neitt að ræða. Þá er allt fyrir fram bundið í lögum frá Alþ. sjálfu, og það væri tvímælalaust óheppilegt. En um það hygg ég, að allir viðskiptabankarnir séu sammála, að það væri ekki heppilegt. Þeim ugg, sem fram kom af hálfu Landsbankans í hans áliti, að Seðlabankinn mundi gefa út eins konar tilskipanir um

þessi efni, vona ég, að hafi verið fullkomlega eytt með þeirri breytingu, sem gerð hefur verið á 5. gr., að fullt samráð skuli jafnan vera á milli Seðlabankans og viðskiptabankanna um hvert einstakt spor, sem stigið er í þessu máli.

Að síðustu vildi ég fara nokkrum orðum um þá brtt., sem flutt hefur verið á þskj. 37 af hv. 5. þm. Vesturl. Ég hef rætt það vandamál, sem þar er um fjallað, við bankastjórn Seðlabankans og við flm. till., og leiddu þær viðræður til þess, að stjórn Seðlabankans lofaði að athuga þetta mál alveg sérstaklega, áður en til nokkurra framkvæmda kæmi á heimildum frv., ef að lögum verður, og reyna að leysa það vandamál, sem fyrir hv. flm. vakti að leysa með flutningi till., og hef ég leyfi stjórnar Seðlabankans til þess að lýsa þessu hér yfir.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. viðskmrh. fyrir þær skýringar á afstöðu Seðlabankans og hans eigin afstöðu, sem hann hefur gefið, en vildi um leið leiðrétta nokkuð það, sem hann sagði um mínar skoðanir. Það gæti kannske gefið dálítið villandi mynd, eins og hann setti þær fram.

Það, sem fyrir mér er aðalgallinn á þessu frv., er sú verðtrygging stofnlána, sem í því felst, og í sambandi við það álít ég, að sé höfuðhættan, sem er við þetta frv. Verðtrygging sparifjár hefur þegar á vissan máta verið tekin upp hjá ríkisstj. með vissri sölu ákveðinna skuldabréfa, sem meira að segja er hægt að losa sig við eftir 3 ár, og að því er mér finnst hafa það verið óvenjugóð kjör fyrir lánardrottna, sem ríkisstj. hefur gefið þar, en það skal ég ekki fara út í.

Varðandi spursmálið almennt viðvíkjandi verðbólgunni skulum við koma okkur niður á tvennt. Stöðnun í gildi peninga getur verið hættuleg, og hún hefur sýnt sig í gegnum aldirnar að vera hlutur, sem atvinnulífið byltir af sér. Það, að fjármagnið sem slíkt eigi að sitja þarna í öndvegi, en atvinnulífið, sem fær peningana að láni, skuli raunverulega vera þolandinn, er atriði, sem alls ekki gengur í allri framvindu þjóðfélagsins. Ef við lítum yfir þetta í gegnum aldirnar, er það, sem hefur gerzt, í raun og veru það, að skuldaskrárnar hafa verið afnumdar og það bara vegna þess einfalda lögmáls, að það er lífið sjálft, í þessu tilfelli atvinnu- og efnahagslífið, sem byltir smátt og smátt af sér þeim fjötrum, sem lánin eru. Hæg og sígandi verðbólga er einkenni á allri þróun í efnahagslífi og atvinnulífi allrar Evrópu og Bandaríkjanna alla 19. og 20. öld. Það er, held ég sé alveg óhætt að segja, hagfræðilegt lögmál, og einu undantekningarnar frá því hagfræðilega lögmáli eru krepputímarnir. Á krepputímunum getum við lifað það ástand, að gildi peninganna vaxi, að verðmæti alls þess, sem atvinnulífið framleiðir, falli í verði, að t. d. fiskurinn frá Íslandi stórfalli í verði og annað slíkt. Og það er reynsla alls mannkyns, að það ástand, að peningarnir þannig raunverulega hækki í verði og fjármagnið drottni, en atvinnulífið aftur á móti brotni saman undir þessum fjötrum, er það versta ástand, sem hægt er að skapa. Þetta er hlutur, sem við verðum að muna, líka á óðaverðbólgutímum. Við verðum jafnt að muna kreppu í slíkum efnum eins og óðaverðbólgu.

Það, sem ég álít og vil undirstrika, er þetta: Það þarf að vera stjórn á atvinnulífinu og efnahagslífinu og þess þróun. Það þarf að vera stjórn á því, þannig að menn varist þau tvö sker, sem eru sitt hvorum megin við, þar sem maður á að sigla. Annað skerið er kreppan, sem þýðir, að verðið á því sem framleitt er í atvinnulífinu, fellur og peningarnir hins vegar hækka í verði, verða enn þá voldugri, nema svo ægilega sé komið í atvinnulífinu, að þeir fari að falla líka, eftir að þeir eru búnir að eyðileggja atvinnulífið, þ. e. a. s. algert hrun. Annars vegar þarf að forðast þetta. Hins vegar þarf að forðast óðaverðbólguna. Það er listin að stjórna efnahags- og atvinnulífi eins þjóðfélags að kunna að sigla á milli þessara tveggja skerja, kreppu og óðaverðbólgu, að hrekjast ekki úr einu í annað.

Það, sem gerzt hefur hjá okkur á síðustu áratugum, er, að við höfum haft óðaverðbólgu, og ég vil alveg slá því föstu og þar erum við sammála, hæstv. viðskmrh. og ég, að 10% vöxtur á ári er óðaverðbólga og er stórhættuleg verðbólga, og slík verðbólga er óstjórn á efnahagslífinu, sams konar óstjórn og kreppan mundi vera, en bara af öðru tagi. Þá er verið að sigla upp á sker hægra megin, skulum við segja, ef við köllum kreppuna vinstra megin, án þess að eiga þar við nokkrar stefnur í pólitík. Við höfum staðið í 20 ár frammi fyrir óðaverðbólgu á Íslandi, sem er stórhættuleg með allar þær afleiðingar, sem hæstv. viðskmrh. greindi. Hann sagði, að þetta væri afleiðing af óstjórn, og þar er ég honum sammála, og hann kveður þar með upp dóminn yfir öllum þeim stjórnum, sem setið hafa á Íslandi, hvað snertir afskipti af efnahagslífinu, að það, sem hefur einkennt þær í afskiptum af efnahagslífinu, er óstjórn, er það að þora ekki og kunna ekki að hafa vald á atvinnu- og efnahagslífinu og stjórna því, hvort sem menn gera það út frá því, að menn þora ekki að grípa til þeirra ráðstafana, sem þarf að gera, eða menn gera það út frá hinu, að menn trúi t. d. á frjálsa samkeppni eða eitthvað þess háttar, einhverjar grýlur, sem hægt sé að treysta á í þessu sambandi, og þjóðfélagið eigi þannig að stjórna sér sjálft. Ég veit, að hæstv. viðskmrh. eins og öll hæstv. ríkisstj. viðurkennir, að hvað þetta snertir hafi hennar stjórn eins og ýmissa annarra verið óstjórn, þ. e. henni hafi ekki tekizt að hafa hemil á verðbólgunni. Það hafi geisað sama óðaverðbólgan og áður. Það er ekki til neins að koma í þessu sambandi upp með það, sem hæstv. viðskmrh. minntist á, að þetta séu bara víxlhækkanir kaupgjalds og verðlags. Það, sem liggur fyrir í því sambandi, er eftir allt, sem við erum hér sammála um, þær miklu framfarir, sem orðið hafa á 20 árum, það er, að raunverulegt kaupgildi tímakaups er sama og það var fyrir 20 árum. Og ég hef rakið það áður og skal ekki gera það aftur. En þótt ég taki kaup hafnarverkamanns með Dagsbrúnartaxta 1945

og beri saman við kaup hafnarverkamanns í Dagsbrún í 4. flokki, reiknað með, að hann hafi starfað í 2 ár og fengið 5% uppbæturnar, þá er það í dag 100.7, þ. e. a. s. rétt 100 miðað við 100 1945. Það er það sama og það var þá.

Það, sem veldur óstjórninni í þessu efni, er, að enginn aðili hefur þorað af fullum krafti að framkvæma það eina, sem getur fyrst og fremst dugað í þessum efnum til að stöðva verðbólguna, og það er að þora að stöðva verðlagið og láta ekki kaupgjaldshækkanir koma fram í verðlagi, heldur knýja atvinnurekendurna til þess að skipuleggja sinn atvinnurekstur betur. Þetta er fyrsta ráðið til þess að reyna að stöðva verðbólguna, en ég veit, að tveir stærstu flokkar þingsins eru báðir andvígir því, og ég hef áður skilgreint af hverju. Alþ. hefur ekki í 25 ár getað gert neitt í þessum málum, vegna þess að þeir flokkar, sem fyrst og fremst fara eftir hagsmunum verzlunarauðvaldsins og þeirra, sem allt of mikið draga dám af því, þeir hafa haft algeran meiri hl. á Alþ. Þetta er ástandið í þessum málum, ef við viljum fara að horfast í augu við það. Verzlunarauðvaldið á Íslandi er sá hluti auðvaldsins, sem hefur ráðið ferðinni allan þennan tíma í beinni andstöðu við hagsmuni bæði sjávarútvegsmanna og iðnaðarins. Þess vegna skulum við ekki láta vera neinn misskilning um það hjá okkur, að ég er jafnsammála hæstv. viðskmrh. um, að óðaverðbólgan, sem geisað hefur á Íslandi undanfarna áratugi, er stórhættuleg, eins og ég mundi álíta stöðnun og kreppu stórhættulega, og eins og ég hef nú tekið fram, að þetta sé afleiðing af óstjórn, sem við þurfum að fara að komast fyrir ræturnar á og reyna að skapa aðra stjórnarstefnu.

Þá skulum við koma að þessu frv. sjálfu. Er þetta frv. raunverulega þáttur í að stöðva verðbólguna? Ég álít, að svo sé ekki. Ég sé ekkert í þessu frv., sem getur leitt til þess að stöðva verðbólguna, nema það væri einn einasti hlutur, og um það vil ég spyrja, hvort það sé meiningin.

Það er einn einasti hlutur í þessu frv., sem gæti að einhverju leyti orðið til þess að draga úr verðbólgunni, og hann er þessi: að það væri framkvæmt svo harðvítuglega að gefa út þessi verðtryggðu stofnlán og þeim væri beitt svo víðtækt í atvinnulífinu og hvað íbúðarlánin snertir, að almenningur almennt hætti við að taka lán til íbúða og atvinnurekendur mjög almennt hættu við að taka lán til nýrra framkvæmda, þannig, að af hlytist kreppa, af hlytist stöðnun í atvinnulífinu og kreppa. Ef þetta er tilgangurinn með frv., þá er bezt að segja það, ef þetta er það eina, sem gæti stöðvað verðbólgu með þeim aðferðum, sem hér eru lagðar til. Það er náttúrlega gefið mál, að ef kreppa er skipulögð hérna, stöðvast verðbólgan. En ég trúi því ekki, að þetta sé meiningin. Og ég þykist vita, að jafnvel þótt einhverjir utan ríkisstj. hafi verið með slíka meiningu, þá mundi hæstv. ríkisstj. hvorki fallast á það né a. m. k. segja það hér við okkur.

Þetta er eina atriðið í þessu, sem gæti raunverulega gert eitthvað í þá átt að draga úr verðbólgunni. En ég hef enga trú á því, að það sé meiningin að fara að framkvæma þessa hluti svona harðvítuglega, og þess vegna held ég, að þetta frv. sé gagnslaust, því að það getur ekki gert gagn með þessu móti nema með gífurlegri harðstjórn af hálfu Seðlabankans.

Eins og ég hef tekið fram, er ekki hægt að byrja á ráðstöfunum þarna til að reyna að stöðva verðbólguna nema að stöðva verðlagshækkanirnar sjálfar. Það verður að byrja á því, og það er ekki hægt að byrja á öðru.

Hæstv. viðskmrh. gaf yfirlýsingu, sem mér þótti mjög vænt um. Hann sagði, að þetta frv. væri í raun og veru framhald af því að setja verðtryggingu á húsnæðismálalánin frá húsnæðismálastjórn, og ef þetta frv. væri ekki samþykkt og stofnlán og annað slíkt samkv. því gefin út, ætti að afnema vísitölutryggðu húsnæðislánin. Þetta er alveg rétt. En nú skulum við athuga, hvað er verið að gera í þessum efnum, einmitt eftir þeirri yfirlýsingu, sem bankastjóri Seðlabankans, sá sem mætti á fundi hjá fjhn., gaf. Hann gaf yfirlýsingu um það, að fyrst og fremst ætti að beita þessum verðtryggðu lánum í sambandi við lífeyrissjóði. Og í 7. gr. frv. er beinlínis gengið út frá því, að það sé gert. Hvað þýðir þetta? Það þýðir, að fyrst og fremst eigi að beita þessu gagnvart almenningi, gagnvart því fólki, sem er að reyna að eignast þak yfir höfuðið og a. m. k. í 50% af tilfellunum hefði ekki getað eignazt þetta þak yfir höfuðið án verulegrar verðbólgu.

Við skulum þess vegna gera okkur ljóst, að það virðist vera meiningin að byrja með því, eftir að húsnæðismálalánin hafa verið verðtryggð, að setja verðtrygginguna næst á lífeyrissjóðina.

Það var rætt um það hér, að það væru stjórnir lífeyrissjóðanna, sem mundu ráða því, hvort þær æsktu eftir slíkri heimild, Seðlabankinn hefði engan rétt til þess að fyrirskipa þeim það. Hins vegar, ef við setjum okkur í spor stjórnenda lífeyrissjóðanna sem slíkra, þá er náttúrlega nokkurn veginn gefið, að sem ábyrgðarmenn fyrir þessum sjóðum koma þeir til með að óska eftir þessu, vegna þess að þeir skoða sig sem skuldbundna til þess að reyna að tryggja sjóðina, en ekki skuldbundna til að hugsa um þá menn, sem eiga að fá lán úr sjóðunum, þannig að það er mjög líklegt, að lífeyrissjóðirnir hagnýti þetta vald. Það þýðir m. ö. o., að það fyrsta, sem gert verður í þessum efnum, næst á eftir að búið er að vísitölubinda húsnæðismálalánin eða lán frá húsnæðismálastjórn, verði að vísitölubinda líka eða verðtryggja lánin úr lífeyrissjóðunum. Og í 7. gr. er gert ráð fyrir, að þau skuli tryggð með veði í íbúðarhúsum og með sömu kjörum og íbúðarlán húsnæðismálastofnunarinnar, sem sé með 1. veðrétti, eins og bent hefur verið á, sem þýðir, að menn ættu þá ekki að geta fengið bæði húsnæðismálastjórnarlán og lífeyrissjóðslán. En nú hefur það þó verið svo, að menn hafa getað fengið hálf lífeyrissjóðslán, þegar menn hafa fengið húsnæðismálastjórnarlán, þannig að þetta frv., hvað snertir þá framkvæmd, sem bankastjóri Seðlabankans telur nr.

1, er bein árás á þá viðleitni almennings að reyna að eignast íbúðir, — bein árás á þá viðleitni. Og það er nauðsynlegt, að það verði mönnum algerlega ljóst.

Við verðum að gá að því, að þegar hæstv. viðskmrh. talar um, að verðbólgugróðinn sé ranglátasti gróði, sem til sé, skulum við ofurlítið athuga, hverjir það eru, sem í hlut eiga.

Það eru tvennir aðilar, sem hafa grætt á verðbólgunni á Íslandi. Það eru annars vegar þeir aðilar, sem hafa verið að eignast íbúðir. Þeir hafa grætt á verðbólgunni, það er ekkert spursmál um það. Er þetta mjög ranglátt, að þeir skuli hafa grætt á henni? Maður getur sagt: Það er alveg óþarfi, að þeir hafi grætt þetta fljótt og þetta mikið. Verðbólgan hefði átt að vera miklu hægari. — Hinu aftur á móti skulum við muna eftir, að þetta fer, þótt það skiptist misjafnt á launafólkið, þá fer þetta til fólks, sem á sama tíma hefur í sífellu verið snuðað, verið arðrænt hvað snertir þess kaup. Í 20 ár er búið að halda þess kaupi niðri, þess raunverulega kaupi.

Það eina, sem þetta launafólk, þar sem meira að segja hafnarverkamenn eiga að 70% eigin íbúðir, — það eina, sem þetta launafólk, sá hluti þess, sem hefur lagt í íbúðir, hefur getað fengið út úr þessu, eina uppbótin á allt tjónið, sem verðbólgan er búin að valda þessu fólki í 20 ár, það er þetta, sem þeir hafa eignazt í sínum íbúðum fyrir verðbólguna. M. ö. o.: afleiðingar þessarar verðbólgu, svo slæm sem hún er, hafa raunverulega verið að vissu leyti réttlátar eða góðar, þegar þær hafa lent til almennings á þennan hátt.

En svo skulum við athuga hinn hlutann. Og þar á það við, sem hæstv. viðskmrh. sagði, að það væri ranglátasti gróðinn. Ég býst ekki við, að hann telji hafnarverkamann, sem hefur eignazt þriggja herbergja íbúð og þrælað sína 11 og 12 tíma nú í 20 ár og venjulega sumarfríin sín líka og sótzt eftir að fá að vinna á sunnudögum, — ég býst ekki við, að hann telji það sérstaklega ranglátan gróða, þó að hann hafi átt auðveldara með með þessum þrældómi að geta staðið undir því að missa ekki íbúðina sína. En ranglátasti gróðinn kemur, þegar við komum að því, að einstakir stóratvinnurekendur í landinu hafa kerfisbundið fengið lán úr bönkunum, víxla og annað, aldrei staðið í skilum með þessi lán, heldur fest þau undireins í fyrirtækjum, sem hafa hækkað í verði, þannig að þeir hafa alltaf staðið þannig, þegar bankarnir hafa verið að hugsa um, hvort þeir ættu nú að fara að ganga að honum þessum, að auðvitað hefur hann átt fyrir skuldum, því skyldi þá vera að ganga að manninum og stöðva atvinnurekstur hans? Og hver er afleiðingin? Afleiðingin er, að slíkir menn standa uppi, þegar t. d. stóreignauppgjör er gert eða þess háttar, sem ríkustu menn landsins.

Þarna á það við, sem hæstv. viðskmrh. sagði um ranglátasta gróðann. Þessir menn, þessir stóratvinnurekendur, sem hafa náð fénu úr bönkunum og hagnýtt það á þennan máta, hafa stórgrætt. Og þarna er verðbólgugróðinn.

En hefur nokkur maður trú á því, að þennan verðbólgugróða eigi að stöðva? Ég hef ekki trú á því. Verðbólgan er nú í 20 ár og meira búin að vera höfuðgróðalind íslenzkrar auðmannastéttar. 10% á ári, það er gróði, sem erlendum auðmönnum og jafnvel stórum félögum eins og Standard Oil og slíkum þykir skikkanlegur gróði af sínu auðmagni.

Hér aftur á móti hefur gróði fólgizt í því að ná pólitískum tökum á ríkisbönkunum, veita úr ríkisbönkunum lánin til einstakra atvinnurekenda, sjá um, að gengið sé síðan fellt og verðið í sífellu að hækka, þannig að þeir, sem hafa þau einkaréttindi að fá þennan gróða, að fá þessi lán, græði á þeim. Þetta hefur verið sagan í meira en 20 ár.

Þannig hefur það verið höfuðstefnan að veita ranglátasta gróða til atvinnurekendastéttarinnar á Íslandi. Bankarnir eru nokkurn veginn jafnríkir eða jafnfátækir, hvort sem við viljum kalla það, eins og þeir voru fyrir 20 árum, ef maður metur það t. d. miðað við dollara. En þeir, sem hafa fengið peningana úr þeim, eru orðnir auðugir. Og það er ekki tilviljun, að það skuli ekki fást gert upp, hvað sá auður er mikill. Ef við vildum þess vegna fara út í þessa hluti, skulum við taka fyrir þá, sem hafa fengið þennan rangláta gróða, og koma okkur niður á ráðstafanir til þess að láta þá skila honum til baka. Hins vegar hef ég enga trú á því, að neitt slíkt sé meiningin með þessu frv., síður en svo.

Ef við svo athugum almennt, hvort það sé rétt að verðtryggja fjármagn, þá komum við að öðrum hlut. Fjármagnið í þjóðfélaginu tekur fyrst og fremst sinn gróða og sína tryggingu í gegnum vextina. Vextirnir eru ráðstöfun fjármagnsins til þess að ná til sín frá atvinnulífinu svo og svo miklu af því, sem fjármagnið veitir atvinnulífinu. Fjármagnið og vextirnir heyra þarna saman. Og það eina, sem á að gera fjármagninu mögulegt í slíkum efnum, er að taka vextina. Það er að mínu áliti ekki rétt að fara inn á að verðtryggja fjármagnið, vegna þess að það er röng stefna gagnvart því lifandi lífi efnahags- og atvinnulífsins. Það er röng stefna. En eins og ég veit, að hæstv. ráðh. skilur, þegar ég annars vegar er búinn að lýsa yfir, hvernig hægt sé að skapa ranglátan gróða með óðaverðbólgu, á ég nú við, hvernig eigi að stjórna eðlilegu atvinnulífi í þjóðfélaginu. Og þá verðum við að muna eftir þessu, að við megum ekki gefa fjármagni nein sérréttindi þannig. Ef menn vildu fara að verðtryggja fjármagn, held ég, að ætti að fella vextina niður, a. m. k. meðan maður gengur út frá, að verðbólgan haldi áfram. Það væri alveg nægilegt fyrir fjármagn að hafa þá tryggingu að vera jafnverðmikið eftir. Fjármagninu og þess ágengni gagnvart atvinnulífinu verður alltaf að halda í skefjum. Það er beinlínis stórhættulegt að gefa fjármagninu sérréttindi gagnvart atvinnulífinu.

Ég held, að misskilningurinn í því að leggja þetta frv. fram af hálfu hæstv. ríkisstj. og af hálfu seðlabankastjórnarinnar liggi í eftirfarandi: Seðlabankastjórnin er að reyna að stjórna íslenzku atvinnulífi með svo að segja fjármálatæknilegum aðgerðum, ef ég má nota það orð,

með tæknilegum aðgerðum á fjármálasviðinu, eins og hægt væri að stjórna t. d. atvinnulífi Bandaríkjanna eða Bretlands, stjórna með vöxtum og vaxtabreytingum, stjórna með samdrætti í lánum, sem þýðir, að lánin fari utan við bankana, stjórna með verðtryggingu eða einhverjum slíkum fjármálatæknilegum aðgerðum. Þessar fjármálatæknilegu aðgerðir duga ekki í okkar þjóðfélagi eingöngu, af sömu ástæðum út frá smæð okkar þjóðfélags, eins og þau lögmál, sem mundu gilda á úthafinu um, hvað bylgjurnar geta orðið stórar, mundu ekki geta notið sín í vatnsglasi.

Þegar menn ætla að stjórna efnahagslífi Íslands og ráða þróuninni í efnahags- og atvinnumálum, verður það að gerast með beinum þjóðfélagslegum afskiptum og yfirstjórn á atvinnulífinu. Það er ekki hægt með öðrum aðferðum vegna smæðar okkar atvinnulífs. Það, sem búið er að reyna að gera meira eða minna, frá því að Bandaríkjamenn fóru að skipta sér af okkar efnahagslífi og senda hingað sinn sérfræðing til þess að fyrirskipa okkur á grundvelli Marshall-áætlunarinnar, hvernig við skyldum haga okkar málum, — það, sem búið er að reyna að gera allan þennan tíma, er að reyna að stjórna með þessum fjármálatæknilegu aðgerðum, sem eiga við hjá þeim, í þeirra stóra landi, en eru gersamlega ónothæfar, þó að hver sérfræðingurinn komi á fætur öðrum til að nota þær hér. Þær eru gersamlega ónothæfar. Það væri rétt eins og ætti að sigla í logni.

Ég skal taka dæmi, sem ég hef minnzt á hér áður og þarf þess vegna ekki að fara ýtarlega út í. Ég hef minnzt á það hér áður, hvaða fjármálaleg vitleysa rekstur hraðfrystihúsanna í Reykjavík er. Ég tala ekki um 5—7 hraðfrystihús í Keflavík, ég tek Reykjavík. Hvaða manni sem byggði hraðfrystihús út frá því að reka það á eðlilegan máta mundi detta í hug að byggja hraðfrystihús t. d. úti á Seltjarnarnesi og fiskimjölsverksmiðju inni í Kleppsholti í stað þess að byggja hraðfrystihús og fiskimjölsverksmiðju hvort tveggja á Grandagarðinum, hlið við hlið, og sannarlega er eitt stórt hraðfrystihús nægilegt fyrir Reykjavík? Mundi með fjármálatæknilegum aðgerðum, verðtryggingu lána og slíku nokkurn tíma vera hægt að hafa þau áhrif, að þeir aðilar, sem ættu frystihúsin, legðu saman og flyttu vélarnar einu sinni í stað þess að flytja fiskinn mörgum sinnum á dag í næstu 40—50 ár, — mundi nokkurn tíma vera hægt að koma þeim í skilning um að gera slíkt með fjármálatæknilegum aðgerðum? Aldrei. Hins vegar væri hægt að gera þetta einfaldlega með því, ef viðkomandi ráð, sem stjórnaði bankastarfseminni, léti bankastjóra segja við þá: Er nú ekki skynsamlegra fyrir ykkur að slá ykkur saman um þetta og hætta að dingla með hvern þorskhaus 10 km um allt þéttbýlið í Reykjavík, áður en unnið er úr honum? — Okkar smæð er svo mikil í þessum efnum, að við verðum að þora að grípa þarna inn í og ráðleggja, hafa hönd í bagga með, hafa yfirstjórn á atvinnulífinu, en láta okkur ekki detta í hug, að við gerum þetta með einhverjum almennum aðferðum.

Hæstv. ríkisstjórn hefur hugsað sér, að hægt væri að gera allt með frjálsu samkeppninni og með því að hleypa inn erlendum vörum, stundum í samkeppni við íslenzka iðnaðinn. Skóverksmiðjurnar voru gott dæmi. Þær voru einar níu eða tíu, það er búið að drepa allar nema eina. En þeim hefur ekki dottið í hug að reyna að sameinast sjálfum, bönkunum því síður að segja það við þær, að reyna sem sé að ýta af hálfu þess opinbera undir þá eðlilegu tækniþróun, svo sem er gert í hverju þjóðfélagi, það virðist mönnum ekki detta í hug.

Tækni og það að vera samkeppnisfærir heimtar stórrekstur. Bankarnir hafa verið þeir aðilar, sem hafa skipulagt þennan stórrekstur erlendis. Ef þeir ekki skilja það hlutverk sitt hér, tekst ekki að gera það með þessum fjármálatæknilegu aðferðum, ekki heldur með því að trúa bara og boða frjálsa samkeppni eða eitthvað slíkt og hún sé allra meina bót.

Ég skal hins vegar viðurkenna, að það, sem ég segi í þessum efnum, á ekki við um allt Ísland. Menn verða að venja sig á að hugsa um svo að segja tvö þjóðfélög á Íslandi í þessu efni. Dreifbýlið kemur alltaf til með að heimta sinn sérstaka hátt í þessum efnum. Vegna mannfæðarinnar þar er ekki hægt að koma ýmsum þeim hlutum við, sem hægt er að gera hér í Reykjavík. Það verður að vera eitt hraðfrystihús, þó að það séu ekki nema nokkrir bátar, sem gerðir eru út, en hér í þéttbýlinu í Reykjavík og umhverfi er ekki hægt að reka þetta með því að hafa þann hátt á, eins og væri í mörgum þorpum. Þéttbýlið heimtar sinn stórrekstur. Þar er hægt að koma aðstöðu við, sem ekki er hægt að koma við í dreifbýlinu úti á landi. Hins vegar með heildarskipulagningu á landinu er hægt að sjá um, að t. d. ein verksmiðja til að framleiða fyrir íslenzkan markað sé byggð einhvers staðar á einum stað í dreifbýlinu og ekki komið upp í þéttbýlinu í Reykjavík, og tryggja þannig, að ekki sé farið að setja upp aðra verksmiðju til þess að eyðileggja báðar.

M. ö. o.: hvernig sem við veltum þessu fyrir okkur, ef það opinbera þorir ekki að taka ábyrgðina á stjórninni á atvinnulífinu, hafa yfirstjórn á því, hvort sem það atvinnulíf er rekið af einstaklingum, samvinnufélögum, hlutafélögum, ríkinu, bæjunum eða hverjum sem er, þá getum við ekki skipulagt atvinnulíf Íslands þannig, að það standist samkeppni, þegar og ef loksins verður opnað þannig fyrir, að við verðum að geta barizt í þeim stóra vægðarlausa heimi, sem við höfum afgirt okkur frá með alls konar tollmúrum, höftum og öðru slíku fram að þessu. Þess vegna þykir mér það sárt, að það skuli enn einu sinni, undan rifjum Seðlabankans í þetta sinn, fyrir 15 árum var það undan rifjum Framkvæmdabankans, — enn einu sinni koma fram frv., sem eiga ekki við Ísland og eru tilraun manna, sem kunna að vera vel að sér í sínum fræðum, til þess að gera það, sem þeir læra í skólum, að sé rétt, og það, sem er rétt hvað snertir Bandaríkin og Bretland, en það, sem á ekki við hér. Og það er alveg ægilegt, ef þjóðin á að þurfa að ganga í gegnum það,

að gerðar séu tilraunir af þessum nýútskrifuðu skólapiltum með íslenzkan þjóðarbúskap ár eftir ár, og þá fyrst, þegar menn sjá, að þetta hafi allt saman misheppnazt, sé þessu hætt. Mig minnir, að nokkrum sinnum sé komið fram frv. um að afnema Framkvæmdabankann, ég er búinn að leggja það til í nokkuð mörg ár.

Ég held þess vegna, að það væri mjög rangt af hæstv. ríkisstj. að pína þetta frv. í gegnum þingið. Ég álít þetta frv. almennt séð ónáttúrlegt, hvað það snertir að ætla að gefa fjármagni sérréttindi fram yfir lífið, fram yfir atvinnu- og efnahagslíf. Ég álít þetta frv. raunverulega óframkvæmanlegt í íslenzku atvinnulífi. Og ég álít, að þetta frv., ef það væri reynt að framkvæma það, mundi skapa mjög mikið óréttlæti. Það mundi fyrst og fremst felast í því, að það væri níðzt á þeim, sem væru að reyna að eignast þak yfir höfuðið, og banna þeirri æsku, sem nú er að fara út í lífið, að geta notið þess að eignast eigin íbúðir. Það er fyrsta og höfuðafleiðingin af þessu frv. Að svo miklu leyti sem því yrði beitt gagnvart atvinnurekstrinum, verður spurningin þessi, þegar atvinnurekandinn kemur til bankastjórans: Hvort viltu nú fá verðtryggð lán eða viltu fá víxla? Og fái maðurinn víxla, fær hann sérréttindi verðbólgunnar, fái hann verðtryggðu lánin, er hann líklega dauðadæmdur Það skapar grundvöll fyrir að gera mönnum afskaplega mishátt undir höfði, enda var það alveg greinilegt, að bankastjórarnir voru allir yfirleitt hræddir við þetta Ég vil þess vegna eindregið mælast til þess, að hæstv. ríkisstj. stöðvi þetta frv. og láti það ekki verða að lögum.

Um hitt vil ég aðeins taka fram, viðvíkjandi húsnæðismálastjórnarlánunum, að ég trúi ekki öðru en verkalýðshreyfingin sé ákveðin í því að hnekkja þeirri verðtryggingu, ef það verður ekki gert hér á þinginu.

Umr. frestað.

Á 69. fundi í Nd., 14. apríl, var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 416, 37, 447).

Frsm. minni hl. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Það er nú orðið nokkuð langt síðan þetta mál var hér síðast til umr., en tilefni þess, að ég kvaddi mér þá hljóðs, var það, að hæstv. bankamálaráðh. svaraði á þeim fundi nokkrum fsp., sem talsmenn stjórnarandstöðunnar höfðu borið fram undir meðferð málsins. Ég tel sjálfsagt að þakka hæstv. bankamálaráðh. það, að hann leggur það á sig að skýra þetta frv. nánar fyrir þingheimi en gert hefur verið í meðferð þess, því að það er sannarlega engin vanþörf á því. En jafnframt verð ég að lýsa nokkrum vonbrigðum yfir því, hversu fá atriði úr aths. okkar hæstv. ráðh. sá ástæðu til þess að gera að umtalsefni.

Megininntak ræðu hans á síðasta fundi fjallaði um verðbólguna, hver hún mætti mest vera og að meiri verðbólguvöxtur en 10% bæri vott um óstjórn, og geta víst allir hv. alþm. út af fyrir sig tekið undir þau orð af heilum hug. En af fsp. okkar gerði hæstv. ráðh. raunar aðeins eina að umtalsefni, þ. e. a. s. þá, hvernig Seðlabankinn ætlaði að framkvæma l. að því er viðkemur verðtryggingu sparifjár. Þetta er vissulega eitt aðalatriði frv. og það, sem mestur vafi leikur á um túlkun á, og þess vegna mest ástæða til að svara, það skal ég fúslega viðurkenna og þakka fyrir svarið, svo langt sem það nær. En fleiri atriði voru þó í okkar málflutningi, sem ég tel að ástæða hefði verið til að fara um nokkrum orðum.

Þessar skýringar hæstv. bankamálaráðh. á því, hvernig Seðlabankinn mundi framkvæma verðtryggingu sparifjár, voru þó nokkuð almenns eðlis og raunar lítið annað en staðfesting á því, sem dr. Jóhannes Nordal hafði látið uppi við fjhn., þegar hann kom þangað til viðtals, þ. e. a. s. þetta, sem raunar kemur fram að nokkru leyti af grg., að heimildin mundi verða miðuð við það, að innlánsstofnanir tækju við sparifé til 2—3 ára með 4—5% ársvöxtum, á sama tíma sem vextir af almennu sparifé eða sparifé, sem ekki væri verðtryggt, væru 7—9%. En jafnframt var þó tekið fram mjög skýrt, að þessum kjörum þyrfti að vera hægt að breyta svo að segja samstundis, ef framboð af þessari tegund af sparifé mundi fara það mikið fram úr eftirspurn eftir þeim lánum, sem verðtryggð væru, að þar væri ekki nokkurn veginn eðlilegt samræmi á milli. Þá hefur jafnan verið lögð áherzla á það við meðferð þessa máls, og það gerði hæstv. ráðh. líka, að þessum ákvæðum þyrfti að beita ákaflega varlega, og við framkvæmd málsins yrði haft náið samráð við viðskiptabankana um allt það, sem gert yrði.

Nú er það, eins og kunnugt er, tiltölulega nýtilkomið í meðferð þessa máls, að farið er að ræða um náið samstarf við viðskiptabankana um framkvæmd þessa atriðis. Lengi vel í frv., eins og það var borið fyrst fram og eins og það var borið fram öðru sinni í byrjun þessa þings, var ekki gert ráð fyrir neinni samvinnu við viðskiptabankana. En það er fyrst eftir að ríkisbankarnir, Landsbankinn og Útvegsbankinn sérstaklega, skiluðu sínum umsögnum um þetta frv., sem farið er að tala um það sem sjálfsagðan hlut, að samráð sé haft við viðskiptabankana um þessa framkvæmd, og hv. meiri hl. fjhn. bar fram viðbótartill. við 5. gr. frv., þar sem þetta samráð er tekið inn í frv. Ég vil strax taka það fram, að mér finnst þessi breyting á frv. til mikilla bóta og raunar vandséð, hvernig hægt hefði verið að framkvæma frv., eins og það lá upphaflega fyrir. En mér finnst þó, að þessi athugun og þetta samráð við viðskiptabankana ætti að fara fram áður en Alþ. segir úrslitaorð um lögfestingu þessa frv. heldur en á eftir. Ég tel, að hér sé um svo mikilvægt mál að ræða, að sú málsmeðferð hefði í alla staði verið eðlilegri, að viðskiptabankarnir hefðu verið til kvaddir, áður en alþm. eiga að gera það upp við sig, hvort þeir vilji lögfesta verðtryggingu sparifjárins í þessu formi eða ekki. En einmitt í þá átt gekk sú rökstudda dagskrá, sem við í minni hl. fjhn. gerðum að till. okkar við 2. umr. málsins og hv. stjórnarlið hefur nú fellt. Það tel ég vissulega miður farið.

Það voru nokkrir fleiri fsp., sem komu fram, sérstaklega í ræðu minni við 2. umr., sem hafa ekki verið gerðar frekar að umtalsefni, en ég tel þó, að skipti miklu máli um það, hvernig til tekst um framkvæmd frv., ef að lögum verður, og ég vil, án þess að ég ætli mér að lengja þessar umr. úr neinu hófi, aðeins með örfáum orðum minna á nokkrar þeirra.

Ég vík þá fyrst að þeim ákvæðum frv., þar sem fjallað er um lán úr fjárfestingarlánasjóðum, en um það fjallar 6. gr. frv. og segir, að opinberar fjárfestingarlánastofnanir skuli hafa heimild til að veita verðtryggð lán af eigin fé sínu og endurlána verðtryggt fé. Lánskjör slíkra lána skulu ákveðin af stjórn stofnunar að fengnu samþykki ráðh. þess, sem stofnunin heyrir undir, svo og Seðlabankans. Ég skil það svo, að með orðinu lánskjör í 6. gr., — það verður þá leiðrétt, ef skakkt er, — sé jafnframt átt við verðtrygginguna, þannig að það sé á valdi viðkomandi sjóðsstjórna, hvort verðtrygging verði tekin upp hjá þeim eða ekki, og aths. mínar, sem ég mun koma hér með á framfæri á eftir, byggjast á þessum skilningi. Samkv. 6. gr. er þá ákveðið, að fjárfestingarlánastofnanir, sem stofnaðar eru með l., ákveði sjálfar, hvort verðtrygging verði tekin upp á útlánum þaðan eða ekki. En hins vegar á Seðlabankinn samkv. 4. gr. frv. að ákveða það, við hvað skuli miða verðtrygginguna. Ég mundi nú vilja halda, að eðlilegast væri, að það væri Alþ. sjálft, sem ákvæði það í þessu tilfelli, hvaða viðmiðunargrundvöll ætti að hafa um opinber fjárfestingarlán, eins eftir gildistöku þessara laga og jafnan hefur verið gert til þessa.

Eins og rifjað hefur verið upp hér, er verðtrygging hér í gildi á tveimur tegundum lána, þ. e. a. s. lánum húsnæðismálastjórnar, þar er það beint ákveðið í lögum, að viðmiðunin skuli vera kaupgreiðsluvísitala, og svo er verðtrygging á skuldabréfaláni ríkissjóðs, og þar er einnig ákveðið sérstaklega með sérstökum l., við hvað verðmiðunin eigi að miðast. Og ég hefði sem sagt talið, að það væri eðlilegast, að Alþ. afsalaði sér ekki þeim rétti, sem það hingað til hefur haft til þess að ákveða það án afskipta annarra, við hvað eigi að miða, þegar um vísitölubundin lán er að ræða. En setjum nú svo, að ekki sé hægt að fá þetta samþ. hér af hv. stjórnarsinnum. Þá finnst mér í sannleika sagt alger lágmarkskrafa, að þeir alþm., sem vilja samþykkja þetta frv., hafi gert sér grein fyrir því og viti, við hvaða grundvöll eigi að miða, jafnvel þótt þar verði öðrum falin framkvæmdin. Þessir opinberu lánasjóðir eru vitanlega margir og engin ástæða til þess að vera að telja þá alla upp hér eða gera neinar ágizkanir um, hvaða reglur gilda í hverju einstöku tilfelli. Ég skal aðeins nefna örfá dæmi.

Einn af þeim sjóðum, sem undir þetta falla, er fiskveiðasjóður eða sú stofnun, sem tekur við hlutverki hans. Þessi sjóður lánar fyrst og fremst til kaupa á fiskiskipum og til kaupa á vélum í þau. Það má segja, að það sé eðlilegt, að vísitala framfærslukostnaðar sé kannske ekki sá mælikvarði, sem leggja ber til grundvallar verðtryggingu lána, sem veitt eru í þessu skyni, vegna þess að vitað er, að verð skipa og endursöluverð skipa fer ekki eftir vísitölu framfærslukostnaðar, að engu leyti að því er tekur til erlendra skipa og ekki nema að litlu leyti til byggingarkostnaðar þeirra skipa, sem byggð eru innanlands. En við hvað á þá að miða? Um það er engan staf að finna í grg. eða aths. frv. Við því hefur ekkert svar fengizt við meðferð málsins, hvorki í hv. fjhn. né eftir að hún skilaði málinu í hendur Alþ., — ekkert svar við því, við hvað er hugsað að miða endurgreiðslu verðtryggðra lána, sem notuð eru til skipakaupa.

Það má segja, að nokkuð svipað gildi um jarðir í sveitum. Verðgildi sveitajarða til búskapar fer ekki, — það er alveg rétt, — það fer ekki fyrst og fremst eftir vísitölu framfærslukostnaðar. En eftir hverju fer það? Hvaða grundvöllur er hugsaður í þessum tilfellum?

Iðnlánasjóður verður einn af þeim sjóðum, sem falla undir þetta ákvæði, þegar það er orðið að lögum. Hann lánar til kaupa á vélum og byggingar húsnæðis til iðnaðarrekstrar. Vísitala framfærslukostnaðar hefur ekki nein úrslitaáhrif á endursöluverð t. d. iðnaðarvéla, það er alveg rétt. En hvaða grundvöll á að miða við?

Ég held, að þessar spurningar séu svo áleitnar, þegar menn fara að gera sér grein fyrir framkvæmd frv., þegar það er orðið að l., að það sé tæplega forsvaranlegt fyrir hv. alþm. að samþykkja lög, sem ekki liggur fyrir nánar en í mínum huga gerir enn þá um það, hvernig verði í framkvæmd.

Ein af þeim fsp. eða aths., sem ég lét í ljós, þegar ég ræddi þetta frv. hér síðast, var um það, hvernig skilja bæri 7. gr. frv. Í 7. gr. frv. er talað um það, að viðurkenndir lífeyrissjóðir eigi að hafa heimild til þess að ávaxta sjóði sína í verðtryggðum lánum, og segir um þá framkvæmd, að lánin eigi að vera tryggð með veði í íbúðarhúsum og með sömu kjörum og íbúðalán Húsnæðismálastofnunar ríkisins við veðdeild Landsbankans eru á hverjum tíma. Nú er algerlega lagt í hendur viðkomandi lífeyrissjóðsstjórna, hvort þeir taka upp verðtryggingu hjá sér. En ég tel, að þetta ákvæði jafngildi þó því, að þessi verðtrygging verði tekin upp í flestum, ef ekki öllum lífeyrissjóðum, strax og ákvæðin verða að lögum, vegna þess að þeir, sem eru forstöðumenn sjóðanna, munu eflaust telja það skyldu sína að sjá til þess, að þeir rýrni ekki vegna verðbólgunnar í höndunum á þeim og þarna hafi þeim verið gefið tækifæri til þess að sjá við þeim leka. En þá kemur sú spurning, sem ég hef áður borið hér fram, og hún er þessi: Þýða þessi orð í 7. gr.: „með sömu kjörum og íbúðalán Húsnæðismálastofnunar“ — þýða þau, að það skuli einnig taka til veðréttarins? Taka kjörin einnig til veðréttarins? Svar við þessari spurningu hefur ákaflega mikla þýðingu fyrir alla þá, sem eru að byggja, vegna þess að eins og kunnugt er, lánar Húsnæðismálastofnun eða veðdeild fyrir hennar hönd ekki nema út á 1. veðrétt. Ef þessi orð þýða nákvæmlega sömu skilyrði einnig að því er snertir veðið, þýðir það í framkvæmd, að þessi lán rekast á. Og þess vegna er það, að þeir, sem hafa fengið hús-

næðismálalán, geta ekki vegna veðréttanna fengið lífeyrissjóðslán líka, en eins og byggingarkostnaður er nú orðinn, er það í mörgum tilfellum alger forsenda þess, að menn geti byggt, að þeir fái bæði þessi lán að öllu eða einhverju leyti, eins og tíðkazt hefur til þessa.

Það voru nokkrar fleiri spurningar, sem ég bar fram, en þær voru kannske minni háttar, og ég vil reyna að endurtaka sem minnst af því, sem ég hef áður sagt, og skal þess vegna láta þessar spurningar nægja.

Ég vil svo að lokum aðeins segja það, að það hefur komið fram í aths. með frv. og mjög greinilega í ræðu hæstv. bankamálaráðh., að tilgangurinn með þessari lagasetningu væri fyrst og fremst sá að vinna gegn verðbólguvexti, sem hann, hæstv. ráðh., ásamt okkur fleirum telur að sé of mikill. En ég hef haldið því fram og geri enn, að til þess að ná þeim tilgangi þurfi verðtryggingin að vera talsvert almenn. Ég held, að til þess að ráða niðurlögum verðbólgunnar sé ekki nóg, að verðtrygging verði tekin upp á útlán lífeyrissjóðanna, fjárfestingarlánasjóðanna og tryggingafélaganna, eins og vitað er, að verður fyrsta skrefið í framkvæmd þessara l., eða eins og látið hefur verið að liggja, að yrði fyrsta skrefið við framkvæmd þessara l. Ef allt sparifé eða langsamlega meiri hl. þess á eftir sem áður að vera óverðtryggður, er ég hræddur um, að þetta vopn verði haldlítið í baráttunni við verðbólguna. Sparifé í bönkunum er núna einhvers staðar um 7700 millj. kr. Ef það á að verulegu leyti að halda áfram að verða óverðtryggt, ef það á að verðtryggjast með kannske 5% eða 10%, sem er það hæsta, sem Landsbankinn hefur áætlað að hægt væri að verðtryggja í sinnni umsögn, eru óverðtryggðar eftir sem áður einhvers staðar á milli 6 og 7 þús. millj. kr., og ég er ákaflega hræddur um, að verðtrygging á útlánum fjárfestingarlánasjóða, lífeyrissjóða og tryggingafélaga, jafnvel þó að húsnæðismálalánin yrðu látin fylgja þarna með, yrði ófullnægjandi aðgerð í baráttunni við verðbólguna.

Verðtryggingu húsnæðislána hefur nokkuð borið hér á góma í sambandi við afgreiðslu þessa frv. af mjög eðlilegum ástæðum. Ég hef haldið því fram, síðan byrjað var að ræða þetta mál hér, að það gæti ekki staðizt til langframa, að húsnæðismálalánin ein væru verðtryggð, og þarf raunar tæpast að rökstyðja það. Húsbyggjendur eru þeir, sem kannske hvað síst geta einir staðið undir þeim verðhækkunum, sem af verðbólgunni stafa, auk þess sem það fyrirkomulag hlýtur óhjákvæmilega að leiða til stórkostlegra kaupkröfugerða og þannig víxlverkana, sem margsinnis hafa verið raktar hér á Alþ. og allir alþm. eru kunnugir. Það gleður mig þess vegna mjög að heyra það, sem hæstv. ráðh. sagði hér í síðustu ræðu sinni, að hann væri þessu algerlega sammála. Að vísu mundi sjálfsagt verðtrygging lífeyrissjóðanna, sem þó lendir mest á þeim sömu mönnum og hafa húsnæðismálalánin og opinbera fjárfestingarlánasjóði, draga eitthvað úr þessu misræmi, en til þess að verða verulegt tæki til þess að ráða við verðbólgu, er það eindregin mín skoðun, að verðtryggingin verði að vera mjög almenn. Það hefur hins vegar verið sagt margsinnis hér, að það væri mjög á huldu með það, hvort hægt væri að taka upp almenna verðtryggingu. M. a. liggur það ekki fyrir, hvort bankarnir geta fengið markað fyrir verðtryggð lán í jafnríkum mæli og framboð af sparifé mundi verða, ef kjörin væru hagstæð.

Margt annað er einnig óljóst í sambandi við þetta frv. Ég er því enn þá á sömu skoðun og ég var síðast, þegar ég talaði um þetta mál, að það hefði átt að fresta lögfestingu þessa frv., það hefði átt að samþykkja þá rökst. dagskrá, sem við í minni hl. lögðum hér fram, sem eins og kunnugt er lagði það til að málinu yrði nú frestað og skipuð yrði mþn., sem hefði náið samráð við Seðlabanka og viðskiptabanka, til þess að endurskoða þetta frv. og til þess að gera það fyllra og nákvæmara og leggja þær niðurstöður fyrir næsta þing. Ég tel miklu eðlilegri málsmeðferð, að það hefði legið fyrir Alþ. fyrir fram, hvaða niðurstöðu samvinnunefnd Seðlabankans og viðskiptabankanna kemst að í þessu efni, en það verði fyrst farið að skoða það, þegar frv. er orðið að lögum.

Ég tel, að hér sé um svo mikilsvert mál að ræða, eins og ég hef margsinnis lýst, og mál, sem raunar er mjög mikil þörf á að koma í framkvæmd, að sú töf, sem af þessari málsmeðferð hefði stafað, hefði ekkert haft að segja. Hins vegar hefði sá ávinningur, sem þannig hefði getað fengizt, getað orðið málinu til mikils liðs og hagræðis. Ég skal svo ekki, herra forseti, lengja þessar umr. meira að svo stöddu.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Í ræðu, sem ég flutti, þegar mál þetta var síðast til umr. í hv. d., taldi ég mig hafa svarað því, sem ég skoðaði meginatriði í aths. hv. stjórnarandstæðinga um málið. Ég reyndi þar að gera nokkru fyllri grein en ég taldi mig áður hafa gert fyrir megintilgangi þessa frv. og fyrir aðaldráttunum í því, hvernig Seðlabankinn hygðist framkvæma þær heimildir, sem honum yrðu veittar með setningu þessara laga. Ekkert af þessu skal ég endurtaka. En það var rétt hjá hv. síðasta ræðumanni, að um nokkrar fsp., einkum af hans hálfu, var að ræða um það, sem ég leyfði mér að skoða sem minni háttar atriði og mun ekki hafa vikið sérstaklega að í þessari ræðu minni, og skal ég nú reyna að svara þeim með fáeinum orðum.

Hv. þm. spurði, hvort ekki bæri tvímælalaust að skilja 6. gr. frv. þannig, að opinberar fjárfestingarlánastofnanir, sem stofnaðar væru með lögum, hefðu ótvíræða heimild sjálfar til þess að ákveða, hvort þær tækju upp verðtryggingu og þá með hvaða kjörum, og get ég staðfest, að þetta er réttur skilningur á 6. gr. Stjórn þessara sjóða getur sjálf samkv. beinni heimild í l. ákveðið að taka upp verðtryggingu og ákveðið kjörin, að vísu að fengnu samþykki þess ráðh., sem stofnunin heyrir undir, svo og Seðlabankans, en valdið er hjá stjórn stofnunarinnar sjálfrar.

Þá spurði hv. þm. mjög ákveðið, hvaða grundvöllur væri hugsaður sem viðmiðun í verð-

tryggingunni, og lét í ljós þá skoðun sína, að Alþ. bæri að ákveða þennan grundvöll, svo sem gert hefði verið í reglunum um húsnæðismálastjóðinn, en það ætti ekki að vera á valdi Seðlabankans. Ég er um þetta á alveg ólíkri skoðun. Ég tel Alþ. ekki eiga að ákveða framkvæmdaratriði eins og þetta, heldur sé miklu skynsamlegra að fylgja um þetta efni þeirri meginreglu frv. að hafa hér um heimildarákvæði að ræða. Hins vegar er það misskilningur hjá hv. þm., að Alþ. sé með þessu að veita heimildir, ef svo mætti segja, alveg út í bláinn. Þvert á móti er því lýst ýtarlega í 4. gr., hvað löggjafinn, ef gr. verður samþ., telur eiga að vera aðalviðmiðunina í þeim efnum. Í 4. gr. segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Verðtrygging skal yfirleitt miðuð við vísitölu framfærslukostnaðar, eins og hún er reiknuð á hverjum tíma.“

Alþ. slær fastri aðalreglunni. Alþ. slær fastri vísitölu framfærslukostnaðar sem höfuðviðmiðun. En það er engan veginn víst, að í öllum tilfellum hljóti vísitala framfærslukostnaðar að vera réttasta viðmiðunin, eins og hv. þm. reyndar kom mjög greinilega og mjög skilmerkilega inn á í ræðu sinni hér áðan. Þess vegna segir áfram í gr., með leyfi hæstv. forseta:

„Seðlabankanum skal þó heimilt að leyfa, að verðtrygging sé miðuð við aðra vísitölu eða breytingar tiltekins vöruverðs, enda sé sú viðmiðun betri mælikvarði á greiðslugetu þess aðila, sem tekst á hendur verðtryggða skuldbindingu.“

Hér slær Alþ. líka fastri þeirri reglu, að því aðeins skuli önnur vísitala vera viðmiðunin, að hún sé talin betri mælikvarði á greiðslugetu þess aðila, sem tekst á hendur verðtryggða skuldbindingu. Grundvallarreglan er alveg ljós. Það á að reyna að haga verðtryggingunni þannig, að viðmiðunin sé mælikvarði á greiðslugetu lántakandans. Þessari meginreglu slær Alþ. fastri og segir svo: Venjulega mundi mega líta þannig á, að vísitala framfærslukostnaðar væri slíkur mælikvarði, þó sé ekki víst, að hún verði talin það, og þá eigi að nota aðra vísitölu, ef hún sé talin betri mælikvarði en vísitala framfærslukostnaðar.

Þá er einnig sagt í b-lið sömu gr., sem er frekari almenn regla um þetta efni, með leyfi hæstv. forseta:

„Verðtrygging skal fyrst og fremst heimiluð í fjárskuldbindingum, sem eru tengdar öflun fasteigna eða annarra fjármuna, sem ætla má, að hækki í verði með almennum verðlagsbreytingum. Skulu verðtryggð lán ætíð vera tryggð með veði í slíkum eignum eða öðrum verðtryggðum kröfum.“

Með þessu móti tel ég Alþ. fara að eins og skynsömum löggjafa sæmir, að slá fastri meginreglu, sem þeim handhafa ríkisvaldsins, sem ætlað er að fara með heimildir samkv. 1., er síðan ætlað að beita, eins og búast má við af skynsömum aðila.

Þá spurði hv. þm. í þriðja lagi, hvernig bæri að skilja ákvæði 7. gr. um það, að viðurkenndum lífeyrissjóðum skuli heimilt að ávaxta sjóði sína í verðtryggðum lánum tryggðum með veði í íbúðarhúsum og með sömu kjörum og íbúðalán Húsnæðismálastofnunar ríkisins við veðdeild Landsbankans eru á hverjum tíma. Mér þykir vænt um að fá þetta tækifæri til þess að taka það alveg skýrt og ótvírætt fram, að það er ekki tilgangur þessara lagaákvæða að breyta þeim reglum, sem nú gilda varðandi lánsöflunarmöguleika hjá húsnæðismálastjórn og hjá lífeyrissjóðum. Hv. þm. er það eflaust kunnugt ekki síður en mér, að eins og ákvæði þau eru, sem gilda annars vegar um húsnæðismálastjórnina og hins vegar um lífeyrissjóði flesta, ef ekki alla, eru vissir formlegir erfiðleikar á því að fá lán á báðum stöðunum. En á þeim erfiðleikum hefur verið sigrazt í reynd og enginn fundið að. Þess vegna vil ég taka það skýrt fram, að það er ekki tilgangur þessarar greinar að breyta þeim framkvæmdahætti, sem verið hefur í þessu efni, og eftir sem áður tel ég hafið yfir allan efa, burtséð frá ákvæðum þessarar gr., að eftir sem áður eiga þeir, sem hafa fengið lán hjá húsnæðismálastjórn, að geta fengið lán hjá einstökum lífeyrissjóðum. Samþykkt þessarar gr. mundi engu breyta um rétt manna í því tilliti.

Að síðustu vildi ég svo aðeins segja í tilefni af lokaorðum hv. ræðumanns, að hann hefði talið heppilegra, að þessu máli hefði verið frestað til næsta hausts, að ég teldi það mjög óheppilegt, ef málinu yrði frestað til næsta hausts. Ég tel einmitt nauðsynlegt, að framkvæmd þessara reglna byrji sem allra fyrst. Ég vil í því sambandi benda á, að bætt hefur verið inn í frv., eins og það upphaflega var, því ákvæði, að framkvæmd allri af hálfu Seðlabankans skuli hagað í samráði við viðskiptabankana, og því vildi ég mega segja, að bezta athugunin, sem getur fengizt á málinu, er einmitt sú, að lögin öðlist gildi og Seðlabankinn og viðskiptabankarnir hefji strax samræður og samráð um það, með hverjum hætti heimildarákvæði frv. verði bezt hagnýtt. Ég óttast, að frestun málsins til næsta þings mundi þýða, að tíminn þangað til yrði ekki miklu betur notaður en tíminn, sem leið frá því að málið var fyrst lagt hér fram og þangað til þetta þing tók það aftur til meðferðar. En það er tryggt, að ef frv. nær fram að ganga, hefja Seðlabankinn og viðskiptabankarnir þegar í stað athugun sína á öllum hinum margslungnu þáttum þessa máls og annað mun ekki verða gert til framkvæmda í málinu en það, sem þessir aðilar verða í stórum dráttum sammála um, og þá ætti það að mega verða tryggt, að framkvæmdir allar verði ekki gerðar nema að mjög gaumgæfilega athuguðu máli, betur athuguðu máli en mundi eiga sér stað, þótt málinu væri nú frestað og nýrri nefnd eða einhverjum ákveðnum aðilum yrði falið að athuga það. Einmitt í því skyni var þetta ákvæði sett inn í frv. í samráði við viðskiptabankana, að það skyldi tryggt, að ekkert spor yrði stigið í þessu vandasama máli nema að undangenginni mjög gaumgæfilegri athugun.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Þegar þetta mál var hér síðast á dagskrá, flutti hæstv. viðskmrh. hér allýtarlega ræðu um málið og skýrði

ýmsa þætti málsins frá sjónarmiði ríkisstj. Í þessari ræðu hæstv. viðskmrh. kom það allgreinilega fram, að hann telur aðaltilganginn, einn megintilgang með frv. vera þann, að reyna eigi að draga úr fjárfestingarlánum með þessari lagasetningu, og reyna eigi á þennan hátt að hamla gegn miklum dýrtíðarvexti. Ég held, að það geti heldur enginn vafi leikið á því, að það hlýtur að vera hugsun þeirra, sem bera þetta mál fram, að þeir gera ráð fyrir því, að ef komið yrði á allvíðtækri verðtryggingu á fjárskuldbindingum, muni það leiða til þess, að vöxtur dýrtíðarinnar minnki, og alveg sérstaklega til þess, að ýmis fjárfestingarlán verði ekki eins eftirsóknarverð og þau hafa verið, og þannig verði hægt að draga úr ýmsum fjárfestingarlánum frá því, sem verið hefur. Þá finnst mér nauðsynlegt, að menn reyni að gera sér grein fyrir því og láti það einmitt koma alveg skýrt fram hér í umr. um málið, hvaða fjárfestingarlán það eru, sem hafa verið of mikil á undanförnum árum og nú er stefnt að með þessum ráðstöfunum að draga úr?

Ég vil nefna hér nokkra fjárfestingarlánaflokka. Það er í fyrsta lagi fjárfestingarlán til sjávarútvegsins. Er ætlun manna, að þau hafi verið of mikil á undanförnum árum og það þurfi að reisa hér sérstakar skorður til þess að draga úr þeim? Og hvaða þættir fjárfestingarlána til sjávarútvegsins hafa verið þannig, að það beri að draga úr þeim? Ég spyr um fjárfestingarlán til landbúnaðarins. Er ætlunin, að þessar ráðstafanir eigi að draga úr þeim lánveitingum? Eða fjárfestingarlán til iðnaðarins, eru menn á því, að þau hafi verið of mikil? Á sama tíma er verið að gera hér ráðstafanir til að efla lánasjóð iðnaðarins allverulega, til þess að hann geti veitt meiri lán. Eða lán til íbúðarhúsabygginga, hafa þau verið of mikil? Í nýlega útkominni skýrslu frá Seðlabankanum er alveg sérstaklega vikið að því, að það sé augljóst mál, að það sé ekki nægilega mikið framboð af íbúðarhúsnæði í landinu og það þurfi því að gera sérstakar ráðstafanir til þess að örva meira framboð á íbúðarhúsnæði en verið hefur. Það eru líka til fjárfestingarlán í sambandi við verzlun og ýmis önnur fyrirtæki, ýmiss konar rekstur. Ég held, að það eigi að koma hér greinilega fram, m. a. frá hæstv. viðskmrh., í hvaða greinum það er sérstaklega á fjárfestingarlánasviðinu, sem nú þarf að gera sérstakar ráðstafanir í því formi, sem gert er ráð fyrir í þessu frv., til þess að draga úr lánveitingum frá því, sem verið hefur. Þá mætti mönnum kannske verða það nokkru ljósara á eftir, hvort hér er raunverulega hitt í mark, hvort það er líklegt, að sá árangur fáist, sem menn ætla að reyna að ná með þessari lagasetningu.

Þá er hitt atriðið, sem er um það, að þessar ráðstafanir um verðtryggingu á fjárskuldbindingum eigi að leiða til þess að hamla gegn hinum mikla dýrtíðarvexti. Ég held, að menn verði að gera sér í þeim efnum fulla grein fyrir því, hvernig stendur á hinum öra vexti dýrtíðarinnar hjá okkur, eins og hann hefur gengið fyrir sig hér síðustu árin. Er það virkilega skoðun hæstv. viðskmrh., að dýrtíðin hafi fyrst og fremst vaxið eins og hún hefur gert nú á síðustu árum af þeim ástæðum, að útlán til ýmiss konar framkvæmda hafi verið of mikil og það beri að draga úr þeim, þetta sé meginástæðan, og ef reistar yrðu skorður gegn svona miklum útlánum, mundi dýrtíðarvandamálið leysast að miklu leyti? Ég trúi því varla, að hæstv. viðskmrh. vilji halda slíku fram, enda held ég, að það sé allt of augljóst, til þess að þeir, sem um þessi mál hafa nokkuð hugsað, geti haldið slíku fram, það séu allt aðrar ástæður, sem ráða þarna miklu meira um.

Það er nærtækt í þessum efnum að víkja að því, sem liggur núna alveg fyrir okkur. Nú er hæstv. ríkisstj. að gera ráðstafanir í þá átt að draga úr niðurgreiðslum á vöruverði, og hún reiknar með því, að af þeim ástæðum muni verðlag hækka um 3—4% og kaupgjald samkv. samningum hækka um 2—3%, sem síðan leiðir sennilega af sér nýjar verðhækkanir. Hefði nú verið hægt að draga á nokkurn hátt úr þessari dýrtíðaraukningu, sem af þessum ástæðum verður, þó að þetta frv. hefði verið orðið að lögum? Nei, það er auðvitað alveg augljóst mál, að reglur um vísitölubindingu á lánum hefðu ekki haft nokkur minnstu áhrif á þessa ráðstöfun.

Við skulum taka önnur dæmi, sem líka liggja nærri okkur. Fyrir stuttu beitti ríkisstj. sér fyrir því, að söluskattur var hækkaður úr 5 í 7½%. Það vitanlega orsakaði aukningu á dýrtíðinni í landinu, verðlag hækkaði. Hefðu nú þessar ráðstafanir, sem felast í þessu frv., haft einhver áhrif í þessu tilfelli? Engin áhrif, það er augljóst. Eða tökum önnur dæmi, sem líka eru alþekkt. Verkalýðsfélög semja við vinnuveitendur um talsverða kauphækkun og vinnuveitendur eða ýmsir þeir, sem þurfa að borga hið hækkaða kaupgjald, byrja strax og setja fram kröfur um það, að þeir verði að hækka sína þjónustu, þeir verði að hækka sitt verðlag. Og ýmist eru þeir frjálsir að því að ákveða það, eins og er í fjöldamörgum tilfellum, eða þá þeir fá heimild stjórnarvalda til að gera það, eins og önnur dæmi eru líka til um, og á þann hátt hefur verðlagið í landinu hækkað, dýrtíðin aukizt. Vitanlega hafa reglur um vísitölubindingu á lánum ekki nokkur minnstu áhrif í þessum efnum. Nei, þeir þættirnir, sem ráða mestu um hækkandi dýrtíð, eru í fyrsta lagi hækkandi milliliðakostnaður, þ. e. a. s. þegar verzlunarálagning er hækkuð, þegar þjónustugjald er hækkað, þegar vextir eru hækkaðir, þegar flutningsgjöld eru hækkuð eða annað þess háttar, þegar ákveðið er af þeim, sem vald hafa til þess að hækka þessa liði, hækkar verðlag. Ef þeir aðilar í landinu, sem ráða því sjálfir, hvað þeir hafa mikla verzlunarálagningu, hækka álagninguna, vitanlega hækkar verðlag. Ef þeir aðilar, sem ráða yfir því, hvað vextirnir í landinu eru háir, hækka þá, þá hækkar verðlag líka. Og eins og við vitum er það einmitt að gerast um þessar mundir, að skipafélögin í landinu eru að hækka stórlega fragtirnar frá því, sem verið hefur. Þau eru frjáls að því að ákveða flutningsgjöldin. Ef þau ákveða hækkuð flutningsgjöld, þá vitanlega hækkar verðlagið. Það eru þessir þættir,

sem ráða verulega miklu um það, hvort dýrtíðin æðir áfram eða ekki. Sama er að segja vitanlega um skatta frá hálfu opinberra aðila. Ef þeir eru hækkaðir, þá hækkar verðlagið. Jú, það er rétt, að umbrot ýmissa peningaaðila á framkvæmdamarkaði geta vitanlega haft sín áhrif og geta spennt upp verðlag, aukið verðbólgu. Það er rétt, og slíkt hefur líka átt sér stað hér á landi á undanförnum árum. En það er enginn vafi á því, að sá liður í þessum efnum hefur haft miklu minni áhrif en hinir liðirnir, sem ég var að nefna, svo að þar er engu saman að jafna.

Ég tók eftir því, að hæstv. viðskmrh. sagði í sinni ræðu hér, þegar þetta mál var hér síðast til umr., að lántakendur græddu alltaf á hækkandi verðlagi og það væri því réttmætt að setja ráðstafanir, sem raunverulega tækju af þeim þennan gróðamöguleika. En ég álít, að hæstv. viðskmrh. hafi stillt þessu dæmi mjög einhliða upp og engan veginn á réttan hátt. Það eru fjöldamargir lántakendur í landinu, sem fá aldrei í sínar hendur þennan verðbólgugróða af eignum sínum. Hugsum okkur alla þá fjölmörgu aðila, sem taka lán til þess að byggja sér íbúðarhús. Þó að íbúðarhúsið þeirra hækki í verði, — þeir selja það aldrei, þeir búa í því allan tímann, — þá hafa viðkomandi aðilar ekki fengið í sínar hendur neinn sérstakan verðbólgugróða. En þær ráðstafanir, sem felast í þessu frv., mundu hins vegar alveg óhjákvæmilega bitna á þessum aðilum með stórauknum útgjöldum. Málið er nefnilega þannig, að það er ekki aðeins, að um sé að ræða lántakendur, sem geta grætt á verðbólgunni og fá gróðann lausan í sínar hendur, sem eiga að skila þeim hagnaði í gegnum vísitölukerfið til hinna réttu fjármagnseigenda, sparifjáreigendanna — það er ekki aðeins um þá eina að ræða í þessu dæmi, það er líka um hina að ræða, sem taka lán til framkvæmda, m. a. til þess að byggja sér íbúðarhús og yrðu samkv. þessu frv., ef það yrði gert að l., að taka á sig stórar útgjaldahækkanir frá því, sem verið hefur, án þess að fá nokkurn tíma í sínar hendur þennan lausa verðbólgugróða. Ég held því, að við þurfum að staðnæmast við það að reyna að gera okkur fyllilega grein fyrir því, hverjar yrðu afleiðingarnar af því, að þetta frv. yrði samþ., ef dýrtíðin héldi áfram að aukast, eins og allar líkur eru til, að hún mundi gera eftir sem áður. Hvað mundi gerast í slíkum tilfellum? Við skulum taka nokkur dæmi.

Við skulum í fyrsta lagi taka dæmi af aðila, sem er að byggja sér íbúðarhús. Reglur svipaðar þeim, sem hér um ræðir, voru settar af húsnæðismálakerfi ríkisins strax á árinu 1964. Þau lán, sem þá voru veitt eftir mitt ár 1964, voru með slíkum skildaga, að lántakendur áttu að borga 12% álag á afborganir og vexti af þessum lánum. Þá var þegar komið þannig, að þeir þurftu að borga 12% álag. Það er enginn vafi á því, að eftir 1—2 ár, eins og horfurnar eru nú, verða þessir aðilar að borga grunnlánin, sem þeir tóku, með — ekki 12%, heldur sennilega tvisvar sinnum 12% eða allt að 20% álagi og 20% álagið ofan á vextina líka. Vitanlega er hér um mjög verulega útgjaldaaukningu að ræða hjá þessum lántakendum. Er þetta mál svo einfalt, að það sé hægt að segja: Þetta skiptir engu máli, þetta gerir ekkert til, þessir aðilar eru að græða á verðbólgunni, af því að þeir eiga sínar eigin íbúðir? — Nei, málið er ekki svo einfalt. Þetta kemur fram í því, að útgjöld þessara fjölmörgu aðila, sem þarna eiga hlut að máli, vaxa, en um leið og útgjöldin vaxa, þá vitanlega aukast kröfur þessara sömu aðila um hækkað kaup. Það er einmitt af þessum ástæðum, sem þeir, sem annars hafa fengizt nokkuð við það að reyna þessa verðtryggingarleið á fjárskuldbindingum, eins og Finnar o. fl., það hefur komið mjög greinilega fram hjá þeim, að þeir telja nær ómögulegt að hugsa sér það, að af almennum íbúðarhúsalánum megi greiða slíkt aukaálag sem af þessu leiðir. Þeir segjast vilja í lengstu lög forða slíkum lánum frá því að verða að þola þessar kvaðir.

Við getum tekið fleiri dæmi en þetta með íbúðarhúsin, lán til íbúðarhúsabygginga. Við skulum taka dæmi af láni til almenns atvinnurekstrar, t. d. einhverju stofnláni hjá sjávarútvegsfyrirtæki. Hvernig mundi þetta koma út í reynd, ef dýrtíðin héldi áfram að vaxa, eins og hún hefur vaxið á undanförnum árum? Það mundi koma þannig út, að viðkomandi fyrirtæki þyrfti að greiða miklu meiri upphæð en áður í vexti og afborganir af þessum lánum sínum. Útgjöldin mundu aukast, og ef um þannig rekstur væri að ræða, að við lægi, að ríkið þyrfti að styðja hann, eins og hefur verið nú að undanförnu með ýmsa þætti sjávarútvegsins, mundi ríkið þurfa að styðja viðkomandi atvinnugrein meira en áður.

Nú skulum við hugsa okkur það, að hér hefði verið um að ræða lán til verzlunarfyrirtækis eða einhvers þjónustufyrirtækis. Hvað hefði þá gerzt? Auðvitað hefðu útgjöld fyrirtækisins vaxið. Afborganirnar hefðu orðið meiri, það hefði þurft að greiða þær með álagi, og vaxtagreiðslurnar hefðu orðið meiri, það hefði líka þurft að greiða þær með álagi. Og hvað hefði þá venjulegt verzlunarfyrirtæki eða þjónustufyrirtæki gert? Það hefði velt af sér auknum kostnaði út í verðlagið. Eins og reglur eru nú á Íslandi, er þessum fyrirtækjum þetta heimilt, og þau mundu áreiðanlega notfæra sér slíka heimild. Þetta yrði í slíkum tilfellum til þess að auka við vöxt dýrtíðarinnar, en ekki til þess að draga úr honum.

Ég held, að þessi dæmi, sem ég hef nefnt, sýni það alveg greinilega, að ef ekki tekst að draga mjög verulega úr dýrtíðarvextinum, yrðu ráðstafanir eins og þær, sem felast í þessu frv., aðeins til þess að auka stórkostlega á dýrtíðarvandamálið, sem nú er við að glíma. Ég held, að það þýði ekkert að loka augunum fyrir þessari staðreynd. Svona liggur þetta fyrir. Ég á því erfitt með að skilja, að menn séu fúsir til þess að taka upp þetta fyrirkomulag, nema þeir beinlínis trúi því, að þessar reglur yrðu til þess svo að segja að stöðva dýrtíðarvöxtinn. Það þarf vitanlega enginn að halda það, að þeir aðilar, sem eiga að borga aukaálagið, sem þarna myndast á kostnaði lánanna, muni ekki reyna að velta þeim kostnaði af sér. Ef það eru almennir launþegar, þá munu þeir brjótast um og krefj-

ast launahækkana í staðinn, en ef um er að ræða t. d. verzlunarfyrirtæki eða þjónustufyrirtæki, eru allar líkur til þess, að þau muni velta auknum kostnaði af sér út í verðlagið, nema þá sérstakar ráðstafanir séu gerðar um leið til þess, að fyrirtækin verði að taka þennan aukakostnað á sig, án þess að þau megi velta honum út í verðlagið. En eins og ég sagði í upphafi míns máls, þá tel ég, að það séu sáralitlar líkur til þess, að þessar ráðstafanir yrðu til þess að draga nokkuð úr dýrtíðarvextinum, því að til þess að draga úr dýrtíðarvextinum þarf að beita allt öðrum ráðum. Í þeim efnum stöndum við frammi fyrir þeirri staðreynd að mínum dómi, að hæstv. ríkisstj. fellst alls ekki á að gera þær ráðstafanir í þeim efnum, sem einar gætu komið að einhverju gagni. Hún heldur sér enn við þá stefnu, að hinir fjölmörgu milliliðir, sem ráða yfir verðlagningu í landinu, eigi að fá að ákveða verðlagið sjálfir. Ríkisstj. er enn á því, að það sé tiltölulega bezt, að verzlunarfyrirtækin í landinu ákveði álagninguna eða sína þóknun og allir þeir aðilar, sem hafa með þjónusturekstur að gera, eigi að ákveða kostnaðinn við þeirra störf. Og meðan þetta er svona, er enginn vafi á því, að þá mun verðlagið halda áfram að hækka í landinu, eins og það hefur gert að undanförnu. Hæstv. ríkisstj. hélt á tímabili, að hennar ráðstafanir í peninga- og fjármálum gætu ráðið við dýrtíðina. En nú álít ég, að hún sé búin að viðurkenna það, eða a. m. k. gerir Seðlabankinn það opinberlega, að þessi ráð hafa ekki komið að haldi. Í nýlega útkominni ársskýrslu Seðlabanka Íslands segir m. a. um þetta efni á bls. 13 orðrétt á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Reynsla undanfarinna ára bendir hins vegar eindregið til þess, að ráðstafanir í peningamálum og fjármálum ríkisins séu ekki einhlítar til lausnar verðbólguvandamálum af því tagi, sem við hefur verið að etja hér á landi."

Þetta er niðurstaðan eftir alla reynslukeyrsluna, að nú segir Seðlabankinn: Reynslan sýnir það, að ráðstafanir í peningamálum og í sambandi við fjármál ríkisins eru ekki einhlítar til þess að ráða við verðlagsmálin, eins og þau eru hér á landi. — Í þessari sömu yfirlýsingu kemur reyndar margt annað mjög athyglisvert fram, sem sýnir að mínum dómi mjög glögglega, hvað þeir menn, sem stjórna Seðlabankanum, hafa þarna staðið frammi fyrir biturri reynslu og hafa gersamlega orðið að gefast upp í sambandi við þessa pólitík sína. Ég skal lesa áfram orðrétt upp úr þessari skýrslu, með leyfi hæstv. forseta, en þar segir þannig:

„Þessar ráðstafanir virðast hafa reynzt miklu árangursríkari í því að draga úr aukningu innflutnings og varðveita greiðslustöðu þjóðarbúsins út á við heldur en koma í veg fyrir áframhaldandi verðhækkanir."

Það er dálítið einkennilegt, að þessar fjármálapólitísku ráðstafanir hafa sérstaklega orkað í þá átt að draga úr innflutningi, á sama tíma sem viðtækar ráðstafanir hafa verið gerðar til þess að gera innflutninginn frjálsan. En bankastjóra Seðlabankans er það ljóst, að það virðist annað fremur hafa komið út úr þessum ráðstöfunum en það, að þær hafi haft áhrif á að ráða við verðlagsmálin í landinu. Og svo segir áfram í þessari sömu skýrslu orðrétt:

„Ástæðurnar fyrir þessu liggja tvímælalaust að verulegu leyti í því, hve lokaður mikill hluti íslenzka hagkerfisins er fyrir utanaðkomandi samkeppni. Svo ört vaxandi eftirspurn hefur fljótlega áhrif til verulegra verðhækkana."

Já, nú eru menn að átta sig á því, að íslenzka hagkerfið sé nokkuð lokað, og jafnvel þó að flestar hömlur hafi verið teknar úr vegi í sambandi við innflutning, þá hafi það samt sem áður ekki nema takmörkuð áhrif á samkeppnisaðstöðuna á íslenzka markaðinum og að hér geti orðið veruleg verðhækkun þrátt fyrir það.

Ég tel, að þessar viðurkenningar staðfesti það, að það sé rétt, sem við höfum mjög haldið fram stjórnarandstæðingar, að það þarf að beita öðrum ráðum en beitt hefur verið í þessum efnum til þess að hafa hemil á verðlagsmálunum í landinu. Það er enginn vafi á því, að verðhækkanir munu halda áfram, eins og þær hafa gengið hér yfir á undanförnum árum, að óbreyttri stefnu í þessum málum. Samþykkt á þessu frv. mundi þar engu breyta um. Ég óttast hins vegar, að afleiðingarnar af því að reyna að framkvæma þetta frv. eins og Seðlabankinn hefur hugsað sér yrðu beinlínis þær, að það vandamál, sem hér hefur verið við að glíma í dýrtíðarmálunum, verði mun erfiðara viðureignar en það er nú. Það álit mitt styðst m. a. við það, að í upplýsingum, sem liggja fyrir frá stjórn Seðlabankans, er beinlínis að því vikið, að Seðlabankinn hugsi sér framkvæmdina á þessum málum þannig, að bankarnir geti ekki aðeins lánað hin venjulegu fjárfestingarlán með vísitölutryggingu, eins og mér hafði þó skilizt að væri megintilgangur frv., heldur er alveg greinilegt, að Seðlabankinn ætlast til þess eða reiknar með því, að talsvert mikið af þeim lánum, sem bankarnir hafa innt af höndum nú sem rekstrarlán, lendi undir þessi ákvæði líka.

Í bréfi, sem stjórn Seðlabankans ritaði fjhn. um þessi mál, segir m. a. orðrétt sem hér segir um þetta atriði, með leyfi hæstv. forseta:

„Eins og fyrr segir, telja bankarnir vandkvæði á að lána nema lítinn hluta sparifjárins til þriggja ára eða lengri tíma." En í þessu bréfi er Seðlabankinn að víkja sérstaklega að mótmælabréfum viðskiptabankanna gegn þessu frv. Ég les þetta allt upp: „Eins og fyrr segir, telja bankarnir vandkvæði á að lána nema lítinn hluta sparifjárins til þriggja ára eða lengri tíma. Það er fullljóst, að bankarnir þurfa að breyta formi og lengd útlána sinna að töluverðu leyti frá því, sem nú er, til þess að hægt sé að taka upp verðtryggingu sparnaðar til langs tíma. Í stuttu máli þýðir það, að þeir breyti í meðallöng lán þeim víxilskuldum og yfirdráttarlánum, sem eru orðin föst í reynd, og veiti jafnframt stærri hluta af lánafyrirgreiðslu sinni til fyrirtækja í formi meðallangra lána en áður. Þetta telur Seðlabankinn fært innan vissra marka og jafnframt til hagsbóta fyrir viðskiptamennina. Á það einnig við um hluta af rekstrarfjárþörf fyrirtækja."

Viðskiptabankarnir hafa eðlilega bent á það,

að þeir eiga allmikið af sínum útlánum hjá verzluninni og hjá ýmsum þjónustustofnunum. Þessi lán eru að langmestu leyti veitt í formi víxla eða yfirdráttarlána. Þetta á að forminu til að greiðast upp eftir 3 mánuði, 6 mánuði, eitt ár. En síðan eru bara alltaf á sama tíma veitt ný viðbótarlán, og þannig má segja, að þessi lán verði nokkuð föst. Þegar viðskiptabankarnir kvarta undan því, að þeir muni eiga erfitt með að afla sér nægilegra tekna á þann hátt, að þeir geti aukið verulega útlán sín með vísitöluálagi, til þess að geta staðið undir auknum útgjöldum af vísitöluuppbótum á sparifé, þá bendir Seðlabankinn á það: Þið getið vel breytt talsvert miklu af þeim lánum, sem þið lánið núna sem rekstrarlán til ýmissa aðila, í vísitölubundin lán, og þannig getið þið aukið ykkar tekjur með því að láta þessa viðskiptaaðila borga þarna meira fyrir lánin en áður, til þess að hægt sé að standa undir raunverulega meiri greiðslum til sparifjáreigenda. — En hvað mundi þetta þýða í framkvæmdinni? Það er auðvitað hægt að segja, að þetta sé gott og blessað, að sparifjáreigendurnir fái nokkru meira fyrir sitt fé. Og það er hægt að segja án mikillar umhugsunar: Það gerir ekkert til, þó að þessi almennu viðskiptafyrirtæki bankanna, eins og verzlunin og aðrir, þó að þessir aðilar borgi dálítið meira fyrir sín lán en þeir hafa gert. — En hvað þýðir það? Það mundi þýða það, að þessir aðilar teldu, sem rétt er, að útgjöld þeirra hefðu vaxið, og þeir mundu velta af sér þessum útgjöldum út í verðlagið. Þeir mundu hækka álagningu eða á annan hátt auka tekjur sínar. Afleiðingin yrði aukning dýrtíðarinnar í landinu. Skrúfan gengi svolítið hraðar en hún hefur gengið.

Ég held því, að þessar ráðstafanir, sem stefnt er að með þessu frv., eins og þær eru hugsaðar, nái engan veginn tilgangi sínum. Ég held, að þær yrðu til þess að gera dýrtíðarvandamálið enn þá erfiðara úrlausnar en það nokkurn tíma er nú. Ég er nefnilega algerlega á sömu skoðun í þessum efnum og bankastjórar Landsbankans, en þeir segja í umsögn sinni um þetta frv. til fjhn. m. a. það, sem ég skal nú lesa orðrétt upp, — þeir segja:

„Samþykkt þessara ákvæða, þótt aðeins sé í heimildarformi, getur aðeins vakið tálvonir um úrlausnir eftir ófærum leiðum og dregið athyglina frá aðalatriðinu.“ Og síðan undirstrikar bankinn til að leggja áherzlu á orð sín: „Til er ein örugg leið til verðtryggingar á sparifé, sem sé að forðast það, sem verðrýrnuninni veldur, sjálfa verðbólguna.“ Þar lá hundurinn grafinn. Auðvitað vissu þetta allir, að vandinn lá í þessu. Það þarf að forðast einmitt sjálfa verðbólguna, það þarf að reyna að koma í veg fyrir sífellt hækkandi verðlag í landinu. Ríkisstj. þarf nefnilega að snúa sér að því vandamáli án þess að vera með kákráðstafanir eins og þetta að reyna að koma í veg fyrir það, að verðlagið haldi áfram að hækka með þeim hraða, sem það hefur hækkað að undanförnu. Og þá þýðir vitanlega ekkert að neita því, sem ég hef hér bent á, að það, sem gera þarf, er þetta: Það verður að taka stjórn á verðmyndunarkerfinu sjálfu í landinu. Það verður að hafa stjórn á því, hvað verðlagið megi vera hátt á hinum ýmsu vörutegundum, á hinni ýmsu þjónustu í landinu. Stjórnarvöld landsins verða að þora að ákveða þetta. Þegar eitt eða tvö skipafélög í landinu segja nú: Við viljum auka okkar hagnað frá því, sem nú er. Við hugsum okkur til hreyfings. Við ætlum að auka okkar skipaflota og við viljum fá meiri peninga, — þegar þau eru nú í dag algerlega frjáls að því að tilkynna öllum þeim, sem flytja vörur til landsins, að flutningsgjöldin hækki um 15%, — það er bara ein auglýsing, — og allir verða að lúta þessu, af því að ríkisstj. er búin að gefa þessa verðlagningu frjálsa, þá vitanlega þýðir þessi ákvörðun þessara fyrirtækja hækkun á öllu verðlagi í landinu. Spurningin í þessu tilfelli er um það: Vill ríkisstj. hafa þetta vald í sínum höndum og ákveða, hvort þessir aðilar mega taka þessa hækkun eða ekki? Á meðan ríkisstj. þorir ekki að taka eða vill ekki taka þetta vald í sínar hendur og reyna að stjórna því á sanngjarnlegan hátt eða nota sitt vald á sanngjarnlegan hátt, heldur vitanlega verðlagið áfram að hækka, því að reynslan er búin að sýna það og sanna, eins og bankastjórar Seðlabankans segja, að þær ráðstafanir, sem notaðar hafa verið í þessum efnum á undanförnum árum, hafa ekki reynzt duga til þess að ráða við verðlagsmálin innanlands.

Það er svo atriði út af fyrir sig í sambandi við þetta frv., sem gerir það jafnvel enn óaðgengilegra en annars, að það er greinilega gengið út frá því, að þau lán, sem fyrst og fremst eiga að bera þessar vísitölukvaðir, eru einmitt lán til íbúðarhúsabygginga. Það er gert ráð fyrir því, að stjórnir lífeyrissjóðanna, sem aðallega lána út fé sjóðanna til íbúðabygginga, fái ráðin í sínar hendur um það að vísitölubinda þessi lán. Og það er alveg gefið mál, að stjórnendur sjóðanna vilja hugsa sem mest um hag sjóðanna og ákveða vísitölubindingu á lánin. Hefur ekki reynslan orðið sú, að allir sjóðirnir, þegar þeir hafa getað, hafa farið upp í hámark vaxtanna? Auðvitað hafa hinir ýmsu sjóðir mátt lána út fé með lægri vöxtum en þeir hafa gert. Þeir hafa allir farið upp í hámarkið. Auðvitað yrði sama útkoman í þessum tilfellum. Það er því beinlínis gert ráð fyrir því, að þeir aðilar, sem fyrst og fremst eiga að borga þessi aukaálög fyrir sparifjáreigendur, skulum við segja, en reyndar til ýmiss konar sjóða, sem eiga hér stóran hluta, það eru einmitt íbúðarhúsabyggjendur, það er allur almenningur í landinu, og ég efast ekkert um það, að allir hv. þm. hafa gert sér fulla grein fyrir því, hvað auknar álögur á íbúðabyggjendur þýða í rauninni og hvernig þær muni endurkastast í okkar hagkerfi.

Ég lýsi því sem minni skoðun, að ég er algerlega andvígur þessu frv. Ég óttast afleiðingarnar af því, ef reynt yrði að framkvæma það. Ég held, að afleiðingarnar yrðu slæmar strax fyrir alla íbúðabyggjendur, og ég held, að þetta mundi bitna talsvert þungt á ýmsum aðilum, sem ættu erfitt með að standa undir þeim auknu álögum, sem þetta þýddi. En varðandi þá, sem fyrir alla muni vilja koma í veg fyrir það, að verðbólgubraskararnir fái að leika

lausum hala og hagnast á verðbólgunni, það er til ósköp einfalt ráð, sem oft hefur verið minnzt á, til þess að koma í veg fyrir slíkt. Það er ekkert annað en gera sjálfan verðbólgugróðann upptækan, þegar hann losnar. Þegar sá aðili, sem hefur fengið lán og eignazt fasteign um leið út á lánið, selur þessa fasteign aftur og ætlar að hirða verðbólguhagnað, sem orðið hefur til, vegna þess að hann hafi fengið lánið með hinum fastbundnu kjörum, er vitanlega hægt að setja reglur um það að gera þennan verðbólgugróða upptækan. Og það er vitanlega miklu virkara ráð en að ætla að leggja ákveðið skattgjald í gegnum slíka vísitölubindingu, eins og hér er gert ráð fyrir, á þá aðila, sem aldrei fá neinn verðbólgugróða lausan í sínar hendur, þótt þeir hafi orðið lántakendur og þótt þeir hafi orðið eigendur að fasteign, sem þeir selja ekki, en aðeins nota á þann hátt, sem gert var ráð fyrir frá upphafi. Og það er ekki aðeins, að þetta eigi við um íbúðaeigendur, sem lán fá í því skyni að byggja yfir sig, þetta á líka við um venjuleg fyrirtæki, stöðug og eðlileg fyrirtæki, sem ráðast í framkvæmdir, auðvitað að einhverju leyti fyrir lánsfé, en ef fyrirtækið heldur eign sinni áfram næstu 40—50—60 ár, hefur enginn sérstakur verðbólgugróði þar fallið til. Það gerist ekki fyrr en viðkomandi selur eignina og losar þannig mikinn gróða, sem rekja má auðvitað til lántökunnar. En þá er vissulega hægt að setja reglur um það, að taka slíkan gróða. En vísitölubindingin á lánum mundi hins vegar valda einnig ýmsum slíkum fyrirtækjum stórauknum útgjöldum, sem mundu verka til hækkunar á verðlagi í landinu.

Ég vil vekja athygli á því, að fjhn. þessarar d. fékk mjög ýtarlegar umsagnir um þetta frv. frá Landsbanka Íslands og frá Útvegsbanka Íslands, og báðir þessir aðalbankar þjóðarinnar mæltu gegn þessu frv. og vildu láta fresta því, fresta samþykkt þess. Þó að það hafi síðar gerzt, að ríkisstj. hafi staðið að því, að flutt er hér brtt. við eina gr. um það, að vissir þættir í framkvæmd málsins skuli vera unnir í samráði við bankana, veit ég það beinlínis um annan bankann, því að ég hef spurt hann beint um það, að afstaða hans er óbreytt til frv. eigi að síður, og hinn bankinn hefur a. m. k. ekki tekið neitt af því aftur, sem hann hefur skrifað til fjhn. í í umsögn sinni um málið, en þar er afstaða bankans mörkuð í löngu máli og mjög greinilegu máli, þar sem hann færir fram margs konar annmarka, sem hann telur vera á því að fara inn á þessa braut. Ég styð það því eindregið, að frestað verði að samþykkja þetta frv. á þessu þingi, og það verði athugað a. m. k. fram að næsta þingi og menn reyni að gera sér betur grein fyrir því, hvað mundi vinnast yfirleitt við það að fara inn á þessa braut og hvort það er ekki rétt, sem hér hefur komið fram í þessum umr. og m. a. komið fram í umsögn bankastjóra Landsbankans, að það sé meiri þörf á því að taka á þessu vandamáli, sem hér er við að glíma, á annan hátt en lagt er til í þessu frv.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Mér finnst, að í þeim umr., sem hér hafa farið fram, hafi verið ruglað dálítið saman tveimur óskyldum málum. Annað málið er það, að gerðar verði sérstakar ráðstafanir til þess að tryggja hlut sparifjáreigenda vegna verðbólgunnar með því að koma á verðtryggingu sparifjár. Það er að sjálfsögðu réttlætismál og eðlilegt, að allt sé gert, sem auðið er, til þess að sparifjáreigendur verði ekki fyrir tjóni af völdum verðbólgunnar, og eðlilegt, að slíkar ráðstafanir séu studdar innan þeirra marka, sem það er eðlilegt. Hitt málið er svo það, hvaða ráðstafanir séu heppilegar og komi að gagni til þess að vinna gegn verðbólgunni sjálfri. Það hefur komið fram í þessum umr., að menn líta á verðtryggingu sparifjár sem líklega aðferð til þess að draga úr verðbólgunni. Ég held, að þetta sé mikill misskilningur, eins og kom glögglega fram hjá síðasta ræðumanni. Verðtrygging sparifjár getur að sjálfsögðu komið að gagni á þann hátt að tryggja hag sparifjáreigenda, þannig að það rýrnar ekki vegna verðbólgunnar. En hins vegar er það nokkurn veginn víst, að það verður ekki til þess að draga úr verðbólgunni.

Menn þurfa ekki annað en gera sér grein fyrir því, hvernig vísitöluhækkun á fjárskuldbindingum muni verka. Þegar t. d. iðnrekandi verður fyrir því, að á hann falla meiri greiðslur vegna vísitölubindingar á lánsfé, hefur hann auðvitað ekkert annað ráð til að vinna það upp en hækka verðlagið, og það kemur fram í hækkun framfærsluvísitölunnar, veldur kauphækkun og svo aftur koll af kolli. Útgerðarmaður, sem verður fyrir því að þurfa að taka að sér hærri greiðslur vegna vísitölubindingar á lánsfé, verður að fá þetta einhvern veginn borið upp, og hann getur ekki annað en gert kröfu til þess, að annaðhvort fái hann auknar uppbætur ellegar það verði gripið til gengislækkunar og það verði til þess að auka verðbólguna. Ég held, að þegar menn ræða um þessi efni, megi þeir ekki rugla saman því tvennu, annars vegar að gæta hagsmuna sparifjáreigenda og hins vegar að gera ráðstafanir til þess að vinna gegn verðbólgunni, því að það er alveg víst mál, að þó að verðtrygging sparifjár verði til þess að tryggja hag sparifjáreigenda að vissu marki, hjálpar það ekki til þess að vinna gegn verðbólgunni, heldur verður í mörgum tilfellum til þess að ýta undir hana. Við sjáum fram á það, hvað muni verða, hvað t. d. þeir, sem þurfa að taka veruleg lán vegna íbúðabygginga, þurfa að gera, ef lánin hækka verulega vegna vísitöluhækkana. Þá geta þeir ekki annað gert, þegar þessar greiðslur fara að verða mjög tilfinnanlegar, en að krefjast kauphækkunar og fá risið undir þessum greiðslum á þann hátt. En við vitum það í sambandi við kaupgjaldsmálin, að þá eru það fyrst og fremst þeir hópar, sem verða harðast úti af einhverjum ástæðum, eins og t. d. það, að þeir þurfa að standa undir miklum kostnaði vegna húsnæðis. Það eru þeir hópar launþega fyrst og fremst, sem knýja á um það að fá kaupið hækkað. Þess vegna má telja, að það sé nokkurn veginn víst, ef reynt verður að verðtryggja sparifé í þessu formi, að það hlýtur í mörgum tilfellum að leiða til aukinnar verðbólgu og vinnur ekki gegn henni.

Þess vegna er sú niðurstaða Landsbankans alveg hárrétt, að ef á að tryggja sparifé með eðlilegum hætti, verður það ekki gert með öðru móti en því að vinna gegn því, sem verðrýrnun peninganna veldur, en það er verðbólgan, og til þess þarf að sjálfsögðu allt aðrar aðferðir en þessar, eins og ég hef þegar sýnt fram á. Ég held líka, að það sé óhætt að fullyrða það, að í því eina landi Evrópu, þar sem verðtrygging sparifjár hefur verið reynd að einhverju marki, þ. e. í Finnlandi, þar hafi verðbólguþróun verið meiri á undanförnum árum en sennilega í nokkru öðru Evrópulandi að Íslandi einu undanskildu. Verðtrygging sparifjár þar hefur sennilega komið að einhverju gagni til þess að tryggja hagsmuni sparifjáreigenda, en hins vegar ekki haft áhrif á þá átt að draga úr verðbólgunni, því að verðbólguþróunin hefur haldið áfram í Finnlandi með fullum krafti eftir sem áður og orðið miklu meiri þar en í öðrum löndum Evrópu, að Íslandi sennilega einu undanskildu. Þess vegna tel ég, þó að það sé visst réttlætismál, sem eigi að gefa gaum, að verðtryggja sparifé og gæta hagsmuna sparifjáreigenda, þá sé það mikill misskilningur hjá hæstv. stjórn og þeim, sem halda því fram, að þetta sé líkleg leið til þess að vinna gegn verðbólgunni sjálfri, heldur verði þessi leið einmitt á margan hátt til þess að ýta undir hana, eins og ég hef hér nokkuð lýst og eins og kom mjög greinilega fram hjá síðasta ræðumanni. Og þegar menn glöggva sig á þessu, held ég, að það eigi að hvetja menn til þess að reyna að kappkosta það enn frekar en menn hafa áður viljað gera að vinna að verðtryggingu sparifjárins með öðrum hætti en þeim, sem m. a. er rætt um í þessu frv., og þá fyrst og fremst með því að ráðast gegn verðbólgunni sjálfri. Það er, eins og Landsbankinn benti réttilega á, eina örugga tryggingin fyrir sparifjáreigendur eða a. m. k. miklu betri trygging en sú að fá sparifé verðtryggt með þeim hætti, sem gert er ráð fyrir í þessu frv.

Annars hefur það komið ljóslega fram í þessum umr. og hjá hæstv. viðskmrh., að það, sem fyrir honum eða ríkisstj. vakir, er ekki fyrst og fremst að gæta hagsmuna sparifjáreigenda, og þess vegna er ekki gert ráð fyrir í þessu frv., að því er manni virðist, nema mjög takmarkaðri verðtryggingu sparifjárins eða ekki nema á nokkrum hluta þess. Það, sem fyrir hæstv. ríkisstj. vakir með þessu, er það, að hún gerir sér vonir um, að með þessum hætti skapist henni möguleikar til að sporna gegn verðbólgunni, og hún álítur, að það geti orðið með þeim hætti að gera öll fjárfestingarlán og húsbyggingalán dýrari og það hefði þau áhrif, að menn drægju heldur úr þessum framkvæmdum. En ég held, að þetta sé vanhugsað hjá hæstv. ríkisstj., eins og raunar hefur verið ýtarlega rakið í þessum umr., því að menn eins og að undanförnu halda áfram að treysta á það, að þetta slampist einhvern veginn af hjá þeim, þó að þeir ráðist í framkvæmdir, og margir hafa líka tryggingu fyrir því, t. d. þeir atvinnurekendur, sem búa við frjálsa verðlagsmyndun, að þeir geti komið með þá hækkun, sem þeir verða fyrir af völdum vísitöluhækkana á lánum, fljótlega inn í sjálft verðlagið og velt þannig af sér yfir á aðra, og þannig muni þetta leiða til þess, að verðlag fari hækkandi og því hraðar sem þetta verður almennara. Það út af fyrir sig er hins vegar hrein rangindi að ætla að láta þetta hækkunarákvæði fyrst og fremst ná til þeirra lána, sem fara til þess að byggja upp atvinnulífið í landinu og leysa húsnæðisvandamál. Það er náttúrlega algerlega rangt að flokka menn þannig, að þeir, sem taka eyðslulán, eins og mörg víxillánin eru, skuli alveg sleppa við allar hækkanir í þessu sambandi, en hins vegar skuli þær leggjast á þá aðila, sem standa í framkvæmdum, atvinnurekendur eða launafólk, sem er að reyna að koma sér upp húsnæði yfir höfuðið. Ég er nú eiginlega alveg hissa, að ríkisstj. skuli leggja út í það að ætla að flokka menn þannig. Hitt væri að sjálfsögðu eðlilegra og réttmætara, ef á annað borð ætti að verðtryggja sparifé með þessum hætti, að það yrði gert almennt og látið ná til alls sparifjár, en ekki sérstaklega sett þessi verðtrygging á lán, sem renna til eflingar atvinnuveganna og til þess að leysa húsnæðisvandamálið, sem er, eins og nýlega kom fram hjá seðlabankastjóranum, eitt mesta vandamálið, sem nú er glímt við í þjóðfélaginu.

Ég held, að þetta mál sé allt þannig vaxið, að það sé mikil þörf á því, að ríkisstj. og hennar ráðunautar athugi það betur, áður en það sé látið ganga fram, og ég sé satt að segja ekki, að neitt tapist við það, þó að slík athugun færi fram, t. d. fram að næsta þingi og þá væri það lagt fyrir betur athugað en nú á sér stað. Hæstv. viðskmrh. viðurkenndi það í ræðu sinni hér áðan, að það væri alveg eftir að ræða um það milli Seðlabankans og viðskiptabankanna, hvernig framkvæmdir ættu að vera í þessum efnum, að því leyti sem þetta mál snerti viðskiptabankana. Ég held, að það væri ekkert á móti því, að þessum viðræðum væri lokið, áður en þingið gengi endanlega frá málinu, og það gæti haft þær til hliðsjónar, áður en það fengi hér endanlega afgreiðslu.

Ég held satt að segja, að þetta mál sé þannig til komið, að ríkisstj. hafi gefizt upp við að reyna að leysa verðbólgumálin eftir eðlilegum leiðum, sem er fyrst og fremst fólgið í því að reyna að koma á víðtæku samkomulagi milli stéttasamtakanna, flokkanna og ríkisvaldsins um það, hvernig skuli haldið á þessum málum. Ég held, að þetta mál sé til komið vegna þess, að ríkisstj. hafi gefizt upp við það, sem Landsbankinn telur, að sé meginatriðið í þessu máli, meginatriðið í því að tryggja verðgildi sparifjárins, og það er að vinna gegn því afli, sem verðrýrnuninni veldur, en það er verðbólgan sjálf, því að eins og hér hefur verið bent á, er þetta ekki leið til að vinna gegn verðbólgunni, þótt hún geti kannske tryggt hagsmuni sparifjáreigenda að einhverju marki, heldur verði þvert á móti til þess að ýta undir hana og auka á margan hátt. Það mun líka vera svo, að í þeim löndum, þar sem ríkisvaldinu tekst að hafa sæmilega stjórn á efnahagsmálunum, er ekki hreyft máli eins og þessu, ekki talið eðlilegt, að það sé tekið upp. Það er eingöngu gert í

þeim löndum, þar sem ekki hefur tekizt að hafa stjórn á efnahagsmálunum, eins og hefur átt sér stað í Finnlandi að mjög verulegu leyti, og reynslan þaðan virðist eindregið benda til þess, að þó að þetta kunni þar eitthvað að hafa tryggt hag sparifjáreiganda, sem mér er ekki kunnugt um, hefur það ekki megnað neitt í þá átt að vinna gegn verðbólgunni.

Eitt atriði er líka sérstaklega athyglisvert í þessu sambandi, að ef sú leið væri farin að taka upp vísitöluhækkanir samkv. framfærsluvísitölu á framkvæmdalánum, húsbyggingalánum í ríkum mæli, yrði með því skapað hið stórfelldasta ranglæti í þjóðfélaginu, ranglæti, sem er fólgið í því, að þeir, sem eru búnir að fá slík lán og hafa óvísitölubundin lán, búa að sjálfsögðu við allt aðra og betri aðstöðu en hinir, sem þurfa að sæta því í framtíðinni að taka vísitölubundnu lánin. Með því að taka þetta form upp á framkvæmdalánum og húsnæðislánum er sérstaklega verið að leggja alveg sérstaka bagga á unga fólkið í landinu, þá ungu menn, sem vilja ráðast í það að stofna ný fyrirtæki, eru nú að vinna að því að stofna ný fyrirtæki og þurfa þess vegna að taka á sig lán með þessum böggum, sem í vísitölubindingunni geta verið fólgnir. Aðstaða þeirra er að sjálfsögðu allt önnur en hinna rótgrónu og gömlu atvinnurekenda, sem búa nú að mestu leyti við lán, sem eru ekki vísitölubundin, og eiga, að því er manni skilst, að njóta þeirrar aðstöðu áfram að hafa víxillán, a. m. k. til síns rekstrar, sem ekki virðist ætlazt til að verði háð neinni vísitölubindingu. (**Forseti:** Ég bið hv. þm. afsökunar, vildi spyrja hv. 5. þm. Reykv., hvort hann treysti sér til að ljúka máli sínu á 1—2 mínútum eða hvort hann óski eftir að fresta ræðu sinni.) Ég á eftir að víkja að brtt., sem ég hef lagt fram. — [Fundarhlé.]

Herra forseti. Eins og fram hefur komið í þessum umr., er það takmark allra þeirra þjóða, sem vilja halda uppi heilbrigðu efnahagslífi, að tryggja sem bezt verðgildi sparifjár. Og þetta er fyrst og fremst gert hjá öllum slíkum þjóðum með þeim hætti að sporna gegn óeðlilegri verðbólgu og tryggja það með vöxtum, að sparifé haldi verðgildi sínu og frekar aukist að verðgildi en rýrni. Þetta er ein af meginástæðunum til þess, að þjóðir, sem keppa að heilbrigðu efnahagslífi, vinna að því eftir megni að halda verðbólgunni í skefjum. Hér virðist nú vera svo komið, að margir eru orðnir vonlitlir um, að hægt sé að sporna nægjanlega gegn verðbólgunni, og hafa þess vegna látið sér til hugar koma, að vænlegasta leiðin sé að verðtryggja sparifé á þann hátt, að það hækki samkv. ákveðinni vísitölu, og skuldir yrðu þá að sjálfsögðu að hækka eða útlán tilsvarandi. Þetta getur vissulega verið aðferð til þess að tryggja verðgildi sparifjár. En þó er nú almennt litið þannig á, að þetta sé hreint neyðarúrræði til að tryggja verðgildi sparifjárins og muni ekki vera hægt að benda á, að það séu nema tvær þjóðir, sem hafi farið inn á þessa braut eða tvö lönd, Ísrael og Finnland. Það má vel vera, að þessar ráðstafanir þar hafi orðið til þess að tryggja verðgildi sparifjár eitthvað eða verðtryggja það, en hitt er a. m. k. víst um annað þessara landa, Finnland, að þar hefur þetta ekki orðið til þess að draga úr verðbólgu, vegna þess að verðbólga og dýrtíð hefur vaxið meira í Finnlandi en sennilega nokkru öðru Evrópulandi að Íslandi undanskildu. Það eru nefnilega falsvonir. og þó að slíkar ráðstafanir geti komið að gagni til þess að verðtryggja sparifé, megna þær ekki að vinna á móti verðbólgunni, heldur auka hana þvert á móti á margan hátt, eins og fram hefur komið í þessum umr. Þess vegna er rangt að byggja þær vonir við verðtryggingu sparifjár, að hún verði til þess að draga úr verðbólgu, þó að það gæti orðið til þess að tryggja hagsmuni sparifjáreigenda, sem er réttlætismál út af fyrir sig, og það er af þessum ástæðum, sem þjóðir með heilbrigt efnahagslíf hafa ekki farið inn á þá braut að verðtryggja sparifé sérstaklega með þeim hætti, sem talað er um í þessu frv., heldur með þeirri aðferð að halda sjálfri verðbólgunni í skefjum.

Nú hefur það komið glögglega fram í þessum umr., að það er ekki fyrst og fremst tilgangur hæstv. stjórnar með þessu máli að tryggja hagsmuni sparifjáreigenda, heldur álítur hún, að þetta geti orðið að gagni til þess að hamla gegn verðbólgunni, og þá hugsaði hún sér ekki fyrst og fremst að hafa verðtrygginguna almenna, ekki að verðtryggja sparifé almennt, heldur að setja sérstaka verðbindingu eða vísitölubindingu á útlán fjárfestingarsjóða og þeirra sjóða, sem veita lán til húsbygginga. Álit stjórnarinnar er það, að ef lánin verða gerð óhagstæðari með þesum hætti, væri það til þess að draga úr þessum framkvæmdum. En ég hygg, að það eigi eftir að sýna sig, að það reynist mikill misskilningur, að þetta orki verulega að ráði í þá átt. Menn treysta á guð og gæfuna í þeim efnum eins og hingað til, þótt ástæður hafi verið erfiðar, og jafnvel treysta t. d. atvinnurekendur á það, að ef þeirra skuldir hækka af þessum ástæðum, hafi þeir aðstöðu til þess að koma þessu inn í verðlagið með ýmsum hætti. Það er tiltölulega auðvelt fyrir þá, þegar búið er við frjálsa verðlagsmyndun, eins og hér er að mestu leyti. Og þá gefur það auga leið, að þessi aðferð verður til þess að auka dýrtíðina, en ekki til þess að draga úr henni. Þetta sýnir, hve mikilvægt það er, að menn gefist ekki upp við að vinna gegn verðbólgunni og dýrtíðinni með eðlilegum hætti, eins og aðrar þjóðir gera, en fari ekki að treysta á nein undraráð í þessum efnum, sem augljóst er, að muni engan árangur bera í þá átt, sem ætlazt er til. Hitt er svo líka augljóst mál, að ef nauðsynlegt þykir að hafa taumhald á framkvæmdum, þær séu of miklar, meiri en vinnuaflið er t. d. í landinu og séu verðbólguaukandi á þann hátt, á að sjálfsögðu að gera það með þeim hætti, að einhver ábyrgur aðili ákveði, hvaða framkvæmdir eigi að sitja í fyrirrúmi og hvaða framkvæmdir eigi að víkja, en þetta úrval sé ekki látið gerast með þeim hætti, að lánin séu gerð óhagstæðari og þannig sé þeim, sem eru minni máttar, frekar ýtt til hliðar. Það gæti og að sjálfsögðu í mörgum tilfellum orðið til þess, að þær framkvæmdir víki, sem nauðsynlegastar eru og mest aðkall-

andi, en einmitt þær, sem frekar mættu bíða, hafi forgangsrétt. Þess vegna á að vinna að því, ef menn telja nauðsynlegt að setja einhverjar hömlur á framkvæmdir, að það sé gert með allt öðrum hætti en þeim, sem lagt er til í þessu frv. Þetta sýnir, að þetta mál þarf allt miklu frekari endurskoðunar en farið hefur fram fram að þessu, og því er það eðlileg till., sem hér hefur komið fram, bæði við 2. umr. og þessa umr., að málinu verði frestað og það látið fá betri athugun en þá, sem það hefur þegar fengið. Jafnframt er alveg sjálfsagt, ef á að vera tilgangurinn með þessu frv. að tryggja hagsmuni sparifjáreigenda, að þá verður að leysa það með miklu víðtækari hætti en þetta frv. gerir ráð fyrir. Og þá er alveg sérstök ástæða til þess að láta vísitöluhækkanir ná til þeirra lána, sem öðrum fremur má telja neyzlulán, eins og ýmis víxillán, en láta stofnlánin og húsnæðislánin frekar njóta undanþágu, ef um einhverjar undanþágur er að ræða.

Það er í samræmi við þá skoðun eða þá stefnu, að ég hef hér ásamt öðrum hv. þm. leyft mér að leggja hér fram nokkrar till., sem bætist við frv. sem bráðabirgðaákvæði. Mér finnst leiðinlegt, að hæstv. viðskmrh. skuli ekki vera viðstaddur, því að ég hefði viljað sérstaklega beina orðum til hans í sambandi við þessar till., og vildi biðja herra forseta að athuga, hvort ráðh. muni ekki vera í húsinu. (**Forseti:** Ég hygg, að hæstv. ráðh. sé væntanlegur.) Já, það er þá rétt að bíða eftir hæstv. ráðh. og víkja að öðrum atriðum á meðan og ræða þá frekar um málið sjálft.

Mér finnst, að þó að það hafi nokkuð verið bent á það í þessum umr., hafi það hvergi verið nógsamlega gert að vekja athygli á þeirri meginniðurstöðu, sem kemur fram í því áliti, sem Landsbankinn hefur látið frá sér fara um þetta frv. Landsbankinn leggur sem sagt á það megináherzlu, að öruggasta leiðin til þess að tryggja verðgildi sparifjárins, langöruggasta leiðin til þess að tryggja verðgildi sparifjárins sé sú að forðast það, sem verðrýrnuninni veldur, sjálfa verðbólguna. En það er síður en svo gert með þessu frv., eins og hér hefur verið marglýst. Ég held þess vegna, að það væri miklu mikilvægara en að binda vonir við þetta úrræði, að hæstv. ríkisstj. tæki sig nú til og reyndi að vinna að þessum málum með svipuðum hætti og aðrar þær þjóðir, sem hefur tekizt að halda uppi hjá sér sæmilega heilbrigðu efnahagslífi. Og þá verður hæstv. ríkisstj. að forðast m. a. það, sem hefur verið henni ákaflega mikið keppikefli á undanförnum árum, að hækka skattana og álögurnar hvað eftir annað úr hófi fram.

Á síðasta þingi voru söluskattar, beinir skattar hækkaðir allmikið. Á þessu þingi voru margs konar skattar einnig hækkaðir, fasteignaskattar og fleiri skattar, svo að þessar skattahækkanir hafa numið samanlagt mörgum hundruðum millj. kr. Það liggur að sjálfsögðu í augum uppi, að þessar skattahækkanir koma allar fram með einum eða öðrum hætti þannig, að þær auka dýrtíðina og verðbólguna, hækka framfærsluvísitöluna og ef t. d. hefði verið komin vísitölubinding á lán í verulegum mæli, hefðu þessar aðgerðir ríkisvaldsins eða ríkisstj. orðið til þess að hækka öll þessi lán og dregið þannig nýjan verðbólgudilk á eftir sér, því að þeir, sem hefðu orðið þannig að taka á sig auknar byrðar, hefðu að sjálfsögðu orðið að velta þeim aftur út í verðlagið með einum eða öðrum hætti. Það væri þess vegna miklu nær fyrir ríkisstj. að marka þá stefnu að draga frekar úr skattahækkunum en að vera stöðugt að hækka skattana. Það mundi verða stórum áhrifameira í viðnáminu gegn verðbólgunni en þetta mál, sem hér liggur fyrir og er, eins og rakið hefur verið, miklu fremur líklegt til þess að auka hana en hið gagnstæða.

Það, sem hér þyrfti að gerast, ef rétt væri á þessum málum haldið, væri það, að hafizt væri handa um víðtæka samvinnu milli stéttasamtakanna, milli flokkanna, milli Alþ. og ríkisstj. um raunverulegt viðnám gegn verðbólgunni. En það bólar síður en svo á því, að hæstv. ríkisstj. hugsi um neitt slíkt. Hún er enn þá við sama gamla heygarðshornið. Hennar meginúrræði gegn verðbólgunni, þó að hún sé búin að margreyna, að það komi ekki að neinu haldi, er að auka lánsfjárhöftin, herða að atvinnufyrirtækjunum á þann veg með margvíslegum hætti. Hún trúir á, að það gæti orðið til þess að draga úr framkvæmdum og atvinnu, en rekur sig þó á það æ ofan í æ, að svo verði ekki, vegna þess að það eru önnur öfl hér að verki, sem valda því, að þessar ráðstafanir stjórnarinnar bera ekki þann árangur, sem hún ætlast til, öfl, sem hún ræður ekki við. En sem sagt, þetta frv. er að mínu áliti ný yfirlýsing af hálfu hæstv. ríkisstj., að hún ætli ekki að reyna að leysa þessi mál með svipuðum hætti og aðrar þjóðir hafa gert, heldur halda inn á aðrar brautir, trúandi sennilega á það, að þetta beri einhvern árangur, en á þó eftir að reyna það, ef hún gerir nokkuð að því að framkvæma það, sem hún lætur í veðri vaka í þessum efnum, þá á hún eftir að reyna það, að niðurstaðan verður allt önnur en hún gerir ráð fyrir að verði, því að það, sem þarf núna, er vissulega allt annað en að þrengja hlut atvinnuveganna með því að gera lánamálin enn þá örðugri en þau þó eru. Atvinnufyrirtæki þurfa miklu frekar á aukinni fyrirgreiðslu að halda í þessum efnum en hið gagnstæða. Til þess að ryðja nýjungum braut í atvinnulífinu, til þess að taka upp aukna hagræðingu í atvinnuvegunum þurfa atvinnufyrirtækin á hagstæðari lánveitingum að halda en þeim, sem þau búa við í dag, og að því leyti er hér stefnt í alveg öfuga átt. Þeir mörgu einstaklingar, sem búa nú við meira og minna lélegt húsnæði eða jafnvel ekkert húsnæði og hafa löngun til þess að eignast eigin íbúð, þurfa á allt öðru að halda heldur en því, að þau lánskjör, sem þessir aðilar búa við, verði gerð enn óhagstæðari. Þvert á móti þurfa þessir aðilar á hagstæðari lánum og auknum lánum að halda. En hér er vissulega stefnt í aðra átt, þar sem það virðist vaka fyrir hæstv. ríkisstj. að taka sérstaklega út úr lán til atvinnuveganna og lán til húsbygginga og gera þau miklu óhagstæðari en önnur lán, miklu óhagstæðari en þau lán, sem má segja að fari að verulegu leyti til

eyðslu, eins og gildir um verulegan hluta af víxillánum. En það virðist ekki vera gert ráð fyrir því að neinu ráði, að slík lán verði vísitölubundin. Þetta mál er sem sagt allt þannig vaxið, að það er ekki ofmælt, sem hefur komið fram hér í umr. og hefur verið lagt til, að hæstv. stjórn taki það til nýrrar íhugunar og hafi m. a. náið samráð við viðskiptabankana, áður en lengra er haldið í þessum efnum. Og hvað framkvæmd málsins snertir mundi ekkert tapast við það, þó að málið væri látið bíða til næsta þings, því að þær viðræður, sem stjórnin hefur lofað að skuli fara fram á milli Seðlabankans og viðskiptabankanna, taka að sjálfsögðu svo langan tíma, að það er mjög ólíklegt, að þeim verði lokið fyrir næsta haust. Það er í fyrsta lagi, sem þeim yrði lokið þá, og þá gætu þær niðurstöður legið hér fyrir og þingið fengið málið til nýrrar meðferðar samkv. því. Það kynni að hugsast, að málið gæti þá legið fyrir í því formi, að frekar væri talið mögulegt að verðtryggja allt sparifé, en það er að sjálfsögðu, ef inn á þá braut er farið, miklu sjálfsagðara að gera það heldur en taka nokkurn hluta þess út úr og verðtryggja fyrst og fremst það fé, sem fer til atvinnuveganna eða fer til uppbyggingar hjá atvinnuvegunum og til húsnæðismálalána.

Hæstv. viðskmrh. er sennilega ekki kominn enn í húsið, svo að ég verð að halda þessum umr. áfram, þangað til hann kemur. En þær till., sem ég flyt ásamt hv. 3. þm. Vestf., eru þannig lagaðar, að ég vildi helzt ekki ræða þær öðruvísi en ráðh. væri hér viðstaddur. Ég hefði gjarnan viljað gera nokkrar fsp. til hans í því sambandi. En það er vel hægt að rabba um þetta áfram, ef ráðh. er ekki mættur.

Hv. þm. hafa á undanförnum mánuðum átt kost á að kynnast ýmsum lýsingum, sem forustumenn atvinnuveganna hafa gefið, bæði sjávarútvegs, landbúnaðar og iðnaðar, og ég held, að það sé ekki ofsagt, þó að sagt sé, að þessar lýsingar allar hafi verið með þeim hætti, að þessir atvinnuvegir þurfi á öðru að halda en óhagstæðari lánakjörum, eins og ekki er ólíklegt að mundi verða, ef tekin væri upp vísitölubinding á lánum stofnlánadeildar landbúnaðarins, fiskveiðasjóðs, fiskimálasjóðs og iðnlánasjóðs, eins og eiginlega var boðað í þessu frv., að einmitt þessi lán skuli vera vísitölubundin á undan öðrum lánum. Og ég held, að ef menn kynna sér, hver er afstaða margra manna, t. d. hér í þessum bæ, sem hafa ráðizt í það að reyna að eignast íbúð á undanförnum árum og rísa í raun og veru engan veginn undir þeim skuldum, sem því hafa verið samfara, þetta fólk þarf áreiðanlega á allt öðru að halda en því, að þau lán, sem það hefur aðgang að, verði gerð stórum óhagstæðari en nú á sér stað, og ég tala þó ekki um það unga fólk, sem á næstu árum þarf að ráðast í það að eignast sitt eigið húsnæði, sína eigin íbúð. Ég held, að ef það á að vera þessu fólki kleift, þurfi það á allt öðru að halda heldur en því, að húsnæðismálastjórnarlánin verði gerð enn óhagstæðari en þau þó nú eru.

Það er ekkert óeðlilegt, þó að ég láti það koma fram í þessu sambandi, sem ég hef frekar ætlað að ræða í sambandi við þær till., sem ég flyt, að ég á ákaflega erfitt með að skilja það, hvers vegna verkalýðsfélögin féllust á það á sínum tíma í júnísamkomulaginu svonefnda, að húsnæðismálastjórnarlánin yrðu vísitölubundin svo að segja ein allra lána í landinu. Það þýðir ekkert annað fyrir verkalýðshreyfinguna en að viðurkenna það, að í þessum efnum samdi hún af sér, og það er skylda verkalýðshreyfingarinnar, ef Alþ. gerir það ekki án þess, að knýja það fram í sambandi við næstu kaupsamninga eða síðar, að sú breyting verði á, að þessi lán verði ekki lakari en önnur lán hvað þetta snertir. Ef það yrði tekið upp sem almenn regla, að öll lán yrðu vísitölubundin, þá er kannske ekki óeðlilegt, þó að það nái einnig til þessara lána. En á meðan það á sér stað, að það séu svo að segja eingöngu þessi lán, sem eru vísitölubundin, þá er hér að sjálfsögðu um hreint ranglæti að ræða, ranglæti, sem verkalýðshreyfingin verður því miður að viðurkenna, að hún á sinn þátt í með því að hafa fallizt á þetta í sambandi við júnísamkomulagið, og það er alveg sérstaklega hennar hlutverk að fá úr þessu bætt.

Ég sé, að í frv. um þetta mál, sem ríkisstj. lagði fyrir þingið, eða í grg. þess frv., þá er vitnað til þess, að sú aðferð, sem frv. fjallar um, hafi verið reynd í Finnlandi og Ísrael, en það fylgja engar frekari frásagnir um það, hvernig þetta hefur reynzt þar. Ég hef nú nokkuð lýst því, hvernig þetta hefur gefizt í Finnlandi, a. m. k. hvað verðbólguna snertir. En það væri fróðlegt að heyra lýsingu eða fá umsögn formælenda þessara frv. um það, hvort það sé ekki rétt, sem ég hef sagt um hina finnsku reynslu í þessum efnum. Og þá er ekki síður eðlilegt að fá einnig umsögn þeirra um það, hvernig þetta hefur gefizt í Ísrael. En um þetta eru engar upplýsingar nánar gefnar, hvorki í grg. frv. né í nál. meiri hl., þó að á þessi atriði sé þar minnzt, að þetta hafi verið reynt þar. Ég hefði gjarnan viljað fá upplýsingar um þetta hjá hæstv. ráðh. og mun að sjálfsögðu spyrja hann um það, þegar hann kemur hingað.

Ég var að rifja það upp, að í grg. þessa frv. og eins í nál. meiri hl. væri frá því skýrt, að slík verðtrygging sem felst í þessu frv. hefði verið reynd í Ísrael og Finnlandi, án þess að það sé nokkuð nánar frá því sagt, hvernig þetta hefur gefizt þar. Ég vildi beina því til hæstv. ráðh., hvort hann gæti ekki sagt eitthvað nánar frá þessu, hvað viðtækt þetta hefur verið framkvæmt í þessum löndum og hvernig talið er að það hafi gefizt og hvort það muni ekki vera rétt hermt hjá mér, að t. d. í Finnlandi hefur þetta ekki orkað á þann veg að draga úr verðbólgunni. Það má vel vera, að það hafi orðið til þess að tryggja hagsmuni sparifjáreigenda eitthvað, og það er að sjálfsögðu gott út af fyrir sig og réttlætismál. En hins vegar hygg ég, að það sé ekki hægt að segja, að þetta hafi orðið til þess að draga úr verðbólgu í Finnlandi, því að ég veit ekki betur en að hún hafi orðið meiri þar en í öðrum Evrópulöndum yfirleitt, nema þá að Ísland er að sjálfsögðu undanskilið í þessum efnum, því að a. m. k. núna þrjú seinustu árin hefur Ísland haft Evrópumet í dýrtíð og verð-

bólgu og meira að segja slegið Finna alveg út í þeim efnum. En það er t. d. talið, að í nýloknum þingkosningum, sem fóru fram í Finnlandi, hafi það kannske haft meiri áhrif á úrslitin en nokkuð annað, hve illa ríkisstj. þar hefur tekizt að hafa taumhald á efnahagsmálunum og hve mjög dýrtíð og verðbólga hefur aukizt þar og kaupmáttur launa lítið aukizt, — þetta hafi átt sinn þátt í hinu mikla fylgi, sem stjórnarandstæðingar hlutu þar og þá sérstaklega sá stjórnarandstöðuflokkurinn, sem þótti vera einna ákveðnastur og harðastur í stjórnarandstöðunni.

Eins og ég minntist á áðan, hef ég leyft mér ásamt hv. 3. þm. Vestf. að leggja fram brtt. við þetta frv., sem hér liggur fyrir, á þá leið, að aftan við frv. komi þrjú ákvæði, sem verði ákvæði til bráðabirgða. Hið fyrsta þessara ákvæða hljóðar á þá leið, að meðan ekki hafi verið komið á verðtryggingu innlánsfjár í bönkum og öðrum lánastofnunum, skuli lög þessi ekki ná til lífeyrissjóða einstakra stétta nema að fengnu samþykki viðkomandi stéttarfélaga.

Þar sem talað er hér um það að koma á verðtryggingu innlánsfjár í bönkum, á það að sjálfsögðu ekki við það, þó að einhver lítill hluti sparifjárins verði verðtryggður, heldur verði það að vera meginhluti sparifjárins, svo að það sé hægt að tala um, að um almenna verðtryggingu innlánsfjár í bönkum og sparisjóðum sé að ræða. Í frv. er stjórnum lífeyrissjóða gefin heimild til þess að taka upp verðtryggingu á lánum, sem sjóðirnir veita. En okkur, sem flytjum þessa till., hefur þótt rétt, að þetta vald væri ekki bundið við stjórnir lífeyrissjóðanna einna, heldur yrði það að berast undir samtök viðkomandi stétta og þá að sjálfsögðu á fundum þessara stétta eða samtaka.

Ég vil spyrja hæstv. viðskmrh. að því, hvort hann álíti þetta ekki eðlilegt sanngirnismál, að það séu frekar samtökin en stjórnir lífeyrissjóðanna, sem eigi að fjalla um þessi mál, því að að sjálfsögðu bindur þetta þá fyrst og fremst, sem til sjóðanna leggja og eiga að njóta þeirra réttinda, sem þeir veita, m. a. á þann veg að eiga kost á því að fá sæmilega aðgengileg lán til húsbygginga.

Ég hjó eftir því eða mér skildist það, — það snertir ekki beint þetta atriði, — að hæstv. ráðh. segði hér áðan, að það væru engar hömlur lagðar á þá, sem fá lífeyrissjóðslán, þannig að þeir ættu kost á lánum frá húsnæðismálastjórn líka. Mér hefur skilizt það á ýmsum, sem ég hef átt tal við nú í vetur, að það væru talsverðar hömlur á þessu og húsnæðismálastjórn vildi helzt ekki veita þeim lán, sem ættu aðgang að lífeyrissjóðum. Ég vildi fá það upplýst hjá hæstv. ráðh., hvort þetta, sem ég segi nú, sé sprottið af einhverjum misskilningi eða hvort það sé með einhverjum nýjum ákvörðunum búið að koma á þeirri skipan, að þeir, sem eigi kost á lífeyrissjóðslánum, geti líka fengið lán hjá húsnæðismálastjórn með sömu réttindum og aðrir.

2. brtt., sem ég flyt á þskj. 447 ásamt hv. 3. þm. Vestf., hljóðar á þá leið, að á meðan ekki hefur verið komið á verðtryggingu innlánsfjár í bönkum og öðrum lánastofnunum, skuli lög þessi ekki ná til fjárfestingarsjóða, sem njóta framlaga frá atvinnuvegunum, nema að fengnu samþykki viðkomandi stéttarsamtaka, Stéttarsambands bænda varðandi stofnlánadeild landbúnaðarins, Landssambands íslenzkra útvegsmanna varðandi fiskveiðasjóð, stofnlánadeild sjávarútvegsins og fiskimálasjóð og Félags íslenzkra iðnrekenda og Landssambands iðnaðarmanna varðandi iðnlánasjóð. Í frv., eins og það liggur fyrir, er gert ráð fyrir því, að stjórnir þessara fjárfestingarsjóða geti ákveðið það sjálfar, hvort lán, sem þessir sjóðir veita, séu vísitölubundin eða ekki. Okkur flm. þessarar till. finnst það eiginlega sjálfsagt réttlætismál, að það sé borið undir viðkomandi stéttasamtök, hvort þessi regla sé tekin upp eða ekki, og þó alveg sérstaklega vegna þess, að þessar stéttir borga ákveðið framlag til viðkomandi sjóða, og er þess vegna eðlilegt, að þeirra samtök hafi meira um það að segja en ella.

Ég tel, að hér sé um svo stórt mál að ræða hvað snertir þessa atvinnuvegi, að það eigi ekki að vera hægt að ákveða að breyta þessum lánum á þennan hátt öðruvísi en að þessi stéttarsamtök hafi aðstöðu til þess að segja álit sitt um það og ráða því, hvort það skuli vera gert eða ekki, og ég vildi beina þeirri fsp. til hæstv. viðskmrh., hvort hann liti ekki svo á, að þetta væri réttmætt, og þess vegna væri hann fáanlegur til að styðja það, að þetta bráðabirgðaákvæði kæmi inn í lögin. En það gildir að sjálfsögðu ekki, eins og greinin ber með sér, ef almennt verður tekin upp verðtrygging á sparifé, þá fellur þetta niður.

3. brtt., sem við hv. 3. þm. Vestf. leggjum til að bætist við frv. sem bráðabirgðaákvæði, hljóðar á þá leið, að meðan ekki hefur verið komið á verðtryggingu innlánsfjár í bönkum og öðrum lánastofnunum, skuli falla niður vísitöluhækkanir á lánum Húsnæðismálastofnunar ríkisins skv. lögum nr. 19 10. maí 1965.

Eins og ég vék að áðan, tel ég, að verkalýðshreyfingin hafi stórkostlega samið af sér með júnísamkomulaginu 1964, þegar hún féllst á það, að þessi lán yrðu tekin út úr öðrum lánum og það yrði sett á þau sérstök vísitölubinding, meðan slíkt hið sama gilti ekki um önnur lán. Ég tel, að þessi kvöð komi hér niður á þeim, sem sízt skyldi, að það sé einmitt þetta fólk, sem síðast af öllu ætti að gangast undir kvöð eins og þessa, og þess vegna sé sjálfsagt mál, að þetta sé leiðrétt. Að vísu er það ekki nein fullnægjandi leiðrétting, sem felst í þessu ákvæði, en þó a. m. k. leiðrétting, sem gæti gilt til bráðabirgða og á meðan unnið væri að því að leysa þetta mál á annan og varanlegri hátt. Ef það verður hins vegar ekki, að þessi brtt. verði samþ., og þetta mál nær ekki fram að ganga með öðrum hætti í þinginu, þá álít ég, að það sé alveg óhjákvæmilegt og að það sé skylda verkalýðshreyfingarinnar að taka þetta mál upp að nýju í sambandi við næstu kaupsamninga og fá þessu breytt, vegna þess að þótt ég sé þeirrar skoðunar, að það eigi yfirleitt ekki í sambandi við launasamninga að fjalla um löggjafaratriði, þá tel ég, að það gildi um þetta atriði nokkuð annað, vegna

þess að þetta atriði komst inn í lög með beinu samkomulagi á milli launþegasamtakanna og ríkisstj. Og ég álít, að það sé miklu skynsamlegra og betri aðferð fyrir hæstv. ríkisstj. að breyta þessu þannig strax en þetta mál þurfi að verða að deilumáli á milli hennar og launþegasamtakanna, en það hlýtur óhjákvæmilega að verða, ef það leysist ekki mjög fljótlega. Að vísu má kannske segja, að þetta sé ekki farið enn sem komið er að hafa mjög mikil áhrif, en þau fara stöðugt vaxandi og verða því þungbærari sem lengri tími líður og þá sérstaklega fyrir þá, sem sízt skyldi, og þess vegna er það áreiðanlega bezt fyrir alla aðila, að málið verði ekki að alvarlegu deilumáli, heldur verði það leyst sem allra fyrst. Og ég vildi nú beina því til hæstv. viðskmrh., hvort hann vildi ekki vinna að því, því að ég þekki hann að því, að hann getur verið góður samningamaður og skilningsglöggur, þegar hann vill það viðhafa, — hvort hann vilji nú ekki beita sér fyrir því, án þess að frekari deilur þurfi út af þessu máli að rísa, að t. d. þessi till. verði nú samþ. og svo unnið að því í framhaldi af því að leysa þessi mál varanlega.

Það væri að sjálfsögðu freistandi að segja margt fleira um þetta mál, því að þetta er stórt mál, og þetta mál snertir það mál, sem nú er meginmálið í landinu, sem er viðureignin við verðbólguna. En vegna þess að ég hef engan áhuga á því að halda uppi neinu málþófi við þessa umr., þá mun ég nú láta máli mínu lokið.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Ég ætla aðeins að víkja með fáum orðum að þeirri hlið þessa frv., sem snertir húsbyggjendur, og þá um leið að þeirri till., sem hv. síðasti ræðumaður var að minnast hér á og við erum flm. að. Hann sagði, að það væri sýnilegt, að verkalýðssamtökin hefðu samið af sér fyrir tveimur árum eða í júní 1964 með því að fallast á vísitöluálag á lánin, sem húsbyggjendur fá frá húsnæðismálastjórn. Það getur verið, að það megi segja þetta nú. En ég held, að það hafi ekki með neinni sanngirni verið hægt að segja þetta þá, eins og allir hlutir stóðu þá. Það var samið um það í júní 1964 m. a. að hækka lánin úr 150 þús. í 280 þús. á íbúð. Þetta var mikil bót fyrir alla, sem voru að byggja, og það var um leið samið um að lækka vextina úr 8%, er ég ætla, að þeir hafi verið, niður í 4%. Þetta var líka mikilsvert atriði. En á móti þessu kom svo þetta að verðtryggja lánin, þannig að þau hækka sjálfkrafa, eftir því sem verðbólgan eykst. En af hverju ætli menn hafi samið á þessa leið, forustumenn verkalýðssamtakanna í landinu? Ég held, að það hljóti að hafa verið vegna þess, að þeir þóttust hafa nokkra tryggingu fyrir því, eða loforð hæstv. ríkisstj., að nú yrði gert alvarlegt átak í því að stöðva verðbólguna vorið 1964, og í trausti þess hafi þeir gert þessa samninga, svo að ég held, að það sé ekki sanngjarnt að vera að ásaka þá mjög mikið fyrir að hafa tekið alvarlega þær yfirlýsingar, sem þá voru gefnar.

En það hefur komið í ljós, að verðbólgan var ekki stöðvuð þá og ekki enn og þetta ákvæði, sem þá var samið um og síðar tekið inn í lög, er að verða mjög alvarlegt fyrir alla húsbyggjendur og verður enn alvarlegra, eftir því sem verðbólgan heldur lengur áfram. Þetta er að verða svo alvarlegt, að ég get ekki séð, að fólk rísi undir þessu, þegar tímar líða fram. Í júní 1964 kostaði meðalíbúð, 370 rúmmetra íbúð, eftir því sem Hagstofan skýrir frá, um 752 þús. kr. En hún kostar núna, þessi sama íbúð, um 967 þús. skv. sömu heimildum. Hún hefur þá hækkað um 215 þús. á tæpum tveimur árum. Lánin hækkuðu um 130 þús., en íbúðin hefur hækkað um 215 þús. síðan samið var. Ég get ekki láð forvígismönnum verkalýðssamtakanna, þó að þeir hafi ekki búizt við svona löguðum hlutum. En þetta er nú samt staðreynd, og þegar nefndar eru þessar tölur, þá er ekki tekið með í reikninginn okrið, sem er á húsnæðinu. Þessar tölur eru reiknaðar út af Hagstofunni eftir verði á byggingarvörum og verði á vinnu. Allt hitt, sem þar er fyrir utan og kemur á íbúðirnar sem verðhækkun, er þar að auki. Þessi mikla hækkun á íbúðarkostnaði er ein rökin m. a. fyrir því, að það er óhjákvæmilegt að leiðrétta það, sem gert var í þessum samningum. Það er útilokað annað en að leiðrétta það ranglæti, sem menn verða fyrir að eiga að greiða slíkt álag á lánin, sem hefur komið á þau og mun koma á þau vegna verðbólgunnar.

Vextirnir af lánum húsnæðismálastjórnar eru núna 4% að viðbættu ¼% til bankans, sem afgreiðir lánin. Og ef maður fær núna 280 þús. kr. lán, þá er ársgreiðslan eftir annuitets-reglunni um 18 600 kr. á ári og jafnt allan tímann í 25 ár. En þetta hækkar og hækkar stórkostlega vegna verðbólgunnar. Ef verðbólgan vex um hér um bil 10% á ári, og það er óhætt að gizka á það, því að ég held, að hún hafi orðið 9%, hækkunin á vísitölu framfærslukostnaðar frá því í fyrra, þá er árgjald, sem átti að vera 18 600 kr., komið eftir 5 ár upp í 30 300. Það hækkar um 12 þús. á 5 árum. Og svo hleður þetta upp á sig svo gífurlega, að á tíunda ári er það komið í tæp 49 þús., vextir og afborganir af þessari tiltölulega litlu upphæð, því að lán húsnæðismálastjórnar er ekki núna nema 29% af því, sem íbúðin kostar.

Hvað ætli húsbyggjendur verði að taka mikið að láni á annan hátt en svona? (Gripið fram í.) Ég gæti trúað, að það væri ekki ofsögum sagt af því, að maður, sem ætlaði að byggja sér íbúð fyrir 970 þús. kr. núna og fengi aðeins þessar 280 þús., einhvern veginn yrði hann að taka um 400 þús. kr. lán annars staðar. Það væri vel að verið, held ég, ef ungt fólk væri búið að safna 300 þús. sjálft til að geta lagt í íbúðina og þurfa ekki að taka það að láni. Samt þyrfti að taka um 400 þús. kr. að láni umfram húsnæðismálalánið. Og hvað kosta þau lán? Þau eru ekki með 4% vöxtum. Nei, mér þykir trúlegt, að af slíkum lánum, sem venjulega eru ekki nema til 10 ára, ef þau eru það, þyrfti slíkur húsbyggjandi að borga einhvers staðar milli 50 og 70 þús. kr. á ári í vexti og afborganir fyrstu árin af slíku láni eða slíkum lánum í viðbót við hitt. Hvernig eiga menn svo að taka það á sig að fá stöðuga hækkun á þessum afborgunum og vöxtum af húsnæðismálaláninu? Þetta er svo

stórkostlegt mál, þetta er svo alvarlegt, að það verður ekki komizt hjá því, hvernig sem farið er að, að leysa þetta með einhverjum hætti. Og ég trúi ekki öðru en hæstv. ríkisstj. muni sjá þetta líka og hún geri sínar ráðstafanir til þess hvort sem hún samþ. brtt. okkar nú eða ekki, að þetta ástand haldist ekki áfram.

En svo er skv. þessu frv. gert ráð fyrir því, að lán úr lífeyrissjóðunum verði líka vísitölutryggð. Það er að vísu ekki skylda, en það er hægt að heimila, skv. frv., sjóðsstjórnunum að vísitölutryggja þau lán líka. Mér er ekki fullkunnugt um, hve þau lán eru há, en heyrt hef ég, að þau séu frá 200 þús. upp í 350 þús. eftir því, hvaða lífeyrissjóður á í hlut. Ef við bara segjum, að þau séu ekki nema rúm 220 þús., sem menn fá til viðbótar við húsnæðismálastjórnarlánið, þá eru þarna komin 500 þús. kr. lán á íbúðina. Og ef allt saman yrði nú vísitölutryggt og áframhaldandi verðbólga, hvað ætli ársgreiðslurnar verði hjá þessum mönnum eftir 5 eða 10 ár? Ég held, að ef þau lán væru með sömu kjörum og húsnæðismálalánin eru nú og gert er ráð fyrir 10% verðbólgu árlega, þá mundi maðurinn eiga að borga fyrsta árið, áður en verðbólgan kemur til, eitthvað um 33 þús. á ári í vexti og afborganir af þessari upphæð, af 500 þús. kr. lánum með 4% vöxtum og jafngreiðslum, en þessi 33 þús. eru á fimmta ári komin upp í 53 þús. með vísitölu og á tíunda ári eru þessar greiðslur komnar upp í 86 þús., og hver ræður við þetta? Það er sannarlega ekki ætlazt til þess, að menn með 100 þús. kr. árslaun búi í þessum húsakynnum eða byggi þau.

Verðhækkanir á húsbyggingum eru orðnar svo gífurlegar á undanförnum árum, að ég hygg, að enginn hafi búizt við því fyrir skömmu, að slíkt gæti átt sér stað. Meðalíbúð hefur hækkað úr 455 þús., sem hún var í febrúar 1960 skv. skýrslum Hagstofunnar, í 967 þús., eins og hún er í febrúar 1966, þ. e. a. s. á sex árum, frá því í febrúar 1960 þar til í febrúar 1966, hefur þessi íbúð hækkað úr 455 þús. í 967 þús. Hún hefur hækkað um 511 þús. á þessum 6 árum eða um 112%. Það er því ekki að ástæðulausu, að við flytjum þessa brtt., og mér væri mikil þökk í því, ef hæstv. viðskmrh. léti skoðanir sínar í ljós á því, hvort hann teldi ekki þetta mjög aðkallandi, að hæstv. ríkisstj. vildi gera ráðstafanir til þess með einhverjum hætti að létta þessum byrðum af fólkinu. Það getur þó ekki verið tilgangurinn með þessu að draga úr lánveitingum til íbúðabygginga í landinu, þetta sé aðferð til þess? Ég get ekki ímyndað mér það, því að fólk þarf að búa í húsum, og það verður aldrei gert til lengdar að draga úr nauðsynlegum byggingum. Einhvern veginn verður fólk að hafa þak yfir höfuðið.

Nei, það er ekki hægt annað en að leggja mikla áherzlu á það, að spornað verði við þessum gífurlega háska, sem hér er á ferðinni. Það er ekki víst, að fólk veiti þessu athygli fyrir fram, hvað það þarf að borga eftir 5 ár eða 10 ár eða fleiri. Það er mjög sennilegt, að það veiti því ekki athygli, og þó að það veitti því athygli, þó að húsnæðislaust fólk sæi fram á það, að eftir nokkur ár gæti það ekki staðið í skilum með lánin, hvað ætti það þá að gera? Hætta við að byggja? Nei, það getur það ekki. Það verður að eignast einhvern veginn húsnæði. Það getur ekkert gert annað en að taka þessi lán með hvaða okjörum sem þau eru.

Ég legg því ákaflega mikla áherzlu á það, að hæstv. ríkisstj. segi skoðun sína á því, hvort hún telji ekki óhjákvæmilegt, að fram úr þessu verði ráðið hið fyrsta og að hún geri það, hvort sem hún vill gera það með því að samþ. till. okkar, sem við flytjum hér, eða hún gerir það á annan hátt. Þetta er þjóðfélagsvandamál, sem verður að rísa gegn og það sem allra fyrst. Það má ekki bíða eftir því, að fólkið tapi íbúðunum sínum vegna þessara lánakjara, sem það hefur neyðzt til og er að neyðast til að sætta sig við út úr vandræðum.

Ég veit, að það er hægt að svara því til um lífeyrissjóðina, að það séu stjórnir þeirra, sem eiga að ákveða þetta, hvort lánin úr þeim verða líka vísitölutryggð. En við verðum að athuga það, að stjórnirnar sjá náttúrlega hag sjóðanna í því að gera það. Það er hagur sjóðsins að tryggja fé, en það er ekki hagur þeirra einstaklinga hvers út af fyrir sig, sem verða að sætta sig við slík lán. Því getur það farið svo, að stjórnir sjóðanna vilji vísitölutryggja lánin, en allur almenningur í félögunum sjái sér ekki fært að taka slík lán og vilji ekki fallast á það. Í þessu sambandi dettur mér í hug, hvað gerðist 1964, eftir að samið var við verkalýðssamtökin um lækkun vaxta, hækkun lána og vísitölubindingu á húsnæðismálalánin. Ég ætla, að það hafi verið um haustið, sem bændasamtökunum var gefinn kostur á að njóta hins sama. Þeim var gefinn kostur á því, að það væru lækkaðir vextir af byggingarlánum til sveita, húsbyggingum til sveita, og hækkuð lánin, en vísitölutryggð um leið. En bændasamtökin neituðu, féllust ekki á það, og þetta var ekki heldur gert. Og ég ætla, að það hafi komið í ljós á þessum árum síðan, að þarna hafa bændasamtökin verið framsýn og að það var betur farið, að þau tóku ekki þann kostinn að sætta sig við slík kjör á lánum til íbúðarhúsa í sveitum.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Það er ekkert undarlegt, þó að þessar umr. nú við 3. umr. verði allýtarlegar. Það eru ekki sérstaklega miklar umr., sem fram hafa farið fram að þessu við umr. um þetta lagafrv. hæstv. ríkisstj. Við 1. umr. talar hæstv. viðskmrh. og forustumenn stjórnarandstöðunnar eða tveir menn frá stjórnarandstöðunni Við 2. umr. töluðu frsm. meiri hl. og minni hl. og tveir menn frá stjórnarandstöðunni. Og það er fyrst núna við 3. umr., sem hæstv. menntmrh. hóf með sérstakri almennri ræðu, að verulega ýtarlegar umr. hafa orðið um þetta mál, þannig að það er ekki neitt undarlegt, þó að við þm. viljum gjarnan fá að heyra sérstaklega frá hæstv. menntmrh. ýmsar upplýsingar í sambandi við þetta mál. Það hefur sem sé orðið gleggra og gleggra, því meira sem menn hafa getað kynnt sér málið, að eitt aðalatriðið í afleiðingum þessa frv., ef það yrði samþ., er að stöðva íbúðabyggingar unga fólksins, og það er alveg nauðsynlegt, að allir þeir

þm., sem um þetta greiða atkv., geri sér alveg ljóst, hvaða ábyrgð þeir taka á sig í þessu sambandi. Annaðhvort verður þetta til þess að stöðva alveg íbúðabyggingar hjá unga fólkinu eða þá að það er verið að fleka unga fólkið út í efnahagslegt glapræði í krafti þess, að það geri sér ekki ljóst, hvernig þeir skilmálar eru, sem ríkisvaldið lætur það skrifa undir. Við vitum, að unga fólkið á ekki marga kosti, það er bókstaflega neyðarástand hjá ungu fólki, sem núna er að reyna að fá sér íbúð. Hvert hafa menn að venda? Eru leiguíbúðir til núna? Það var þó venjulega svo á því gamla, fátæka Íslandi fyrir 30—40 árum, að það var hægt að fá leigt. Meira að segja var það svo hér í Reykjavík, að manni stóð til boða að komast inn í leiguíbúðir. Núna aftur á móti stendur slíkt ekki til boða. Hér í Reykjavík t. d. er ástandið þannig, að fjölskyldur verða að flytja burt úr Reykjavík, ef þær ráðast sjálfar í að reyna að byggja yfir sig. Það er ekki mögulegt að fá leiguíbúðir yfirleitt, þannig að það er sama sem að reka menn burt frá þeim störfum, sem menn hafa hér, og þess eru þó nokkur dæmi. Það er því verið að notfæra sér þarna neyð unga fólksins, annaðhvort verði það að skrifa undir þessa okurskilmála, sem í því mundu felast að verða að taka þessi vísitölulán, eða þá að flýja burt.

Við höfum haft, fulltrúar Alþb. hér, alveg opin augun fyrir þessu. Við höfum lagt fram snemma á þinginu frv. um, að ríkisstj. láti byggja leiguíbúðir, og við gerðum það á síðasta þingi líka. Þeim frv. hefur ekki verið sinnt. Það hafa engar ráðstafanir verið gerðar í því efni. Hins vegar knúði verkalýðshreyfingin fram í síðustu samningum nokkuð í sambandi við þetta, sem kemur ekki að gagni í ár. Það verður ekki flutt inn í þær íbúðir í ár, sem var þar samið um í fyrra.

Við skulum þess vegna gera okkur ljóst, að ein höfuðbaráttan í sambandi við þetta frv. er, hvort það eigi að vera stefna meiri hl. Alþ. að gera ungu fólki ókleift að fá þak yfir höfuðið, og það er nauðsynlegt, þegar menn greiða atkvæði um þetta, að menn hafi áttað sig á því til fulls, að það er um það, sem verið er að berjast. Og ég vildi ákaflega gjarnan heyra svo að segja með fullu umboði, sérstaklega frá hálfu Alþfl., hvort hæstv. viðskmrh. er á þeirri skoðun og vill lýsa henni hér yfir nú, að hann geri sér ljósar afleiðingarnar af þessu frv. og vilji taka á sinn flokk ábyrgðina af því að útiloka þannig unga fólkið, sem er fullt áhuga á að reyna að koma sér upp þaki yfir höfuðið, — taka á sig ábyrgðina af því að gera því það ókleift, því að þetta er að gera því það ókleift. Það er að vísu hægt að véla menn út í að taka að sér einhverjar og einhverjar skuldbindingar, sem menn jafnvel hafa ekki hugmynd um, rétt eins og menn eru hraktir í hrammana á okrurunum í Reykjavík. En það er bara í þessu tilfelli ríkisvaldið sjálft, sem fer að haga sér eins og okrari.

Nú hafa komið fram svo að segja nýjar upplýsingar í sambandi við þessi mál, en hins vegar hefur okkur skort að fá þær upplýsingar, sem við höfum beðið um. Það hafa ekki komið fram upplýsingar frá hæstv. viðskmrh. um, hvernig ástatt sé í Finnlandi í sambandi við þessi mál. Við hér ýmsir í stjórnarandstöðunni höfum spurt um reynsluna af þessu þar. Við höfum ekki fengið svör. Það er bent á tvö ríki á jörðinni, sem hafi innleitt þetta kerfi, og við þykjumst vita, að í Finnlandi hafi þetta ekki gengið vel, síður en svo, og sé mikil óánægja með það, en þegar einu sinni er búið að koma þessu kerfi á, þá er ekki svo gott að losna við það. Ég þekki ekki, hvernig þetta hefur gengið í Ísrael. En því getum við ekki fengið hér yfirlýsingar um það, hvernig þetta hefur verið? Þurfum við endilega að flækja okkur út í sömu vitleysuna, lenda í sama foraðið og fenið og þessi ríki e. t. v. hafa lent í, án þess að geta fengið upplýsingar um það fyrir fram, hver reynslan hefur verið þar?

Hv. 5. þm. Austf. lýsti því hér yfir núna og rakti í sinni ræðu einmitt í sambandi við þá skýrslu, sem er nýbúið að útbýta til okkar frá Seðlabanka Íslands, hvernig einn aðalhöfundurinn að þessu frv., sjálfur aðalbankastjóri Seðlabanka Íslands, er farinn að efast um allar sínar kenningar í þessu sambandi. Það var undirstrikað í ræðu hv. 5. þm. Austf., hvernig sjálfur aðalseðlabankastjórinn væri að byrja að átta sig á því, að þessar ráðstafanir, sem hann hefur haldið að væru svo einhlítar í peningamálum og fjármálum, væru ekki einhlítar hérna á Íslandi, og hann talaði um, hve lokaður mikill hluti íslenzka hagkerfisins er í því sambandi. M. ö. o.: það, sem við ýmsir höfum verið að segja hérna, að þessir menn, sem koma með sinn skólalærdóm, með kerfi og aðferðir, sem eiga við í stórum þjóðfélögum, og fara að gera þessa tilraunastarfsemi hér á okkur, þeir eru sem sé sjálfir að byrja að átta sig á því, að hér á Íslandi á þetta ekki við, rétt eins og maður skapar ekki sams konar öldur í vatnsglasi eins og eru á úthafinu. Menn verða að gá að, hver munurinn er í þessum efnum.

Eftir að þessar upplýsingar komu fram, hefur hæstv. viðskmrh. ekkert sagt um þetta viðhorf seðlabankastjórans. Ég veit, að hæstv. viðskmrh. hefur haft mjög mikla trú á þeim bankastjóra og má það vafalaust að mörgu leyti, það er margt gott um þann mann. En hitt aftur á móti, að það sé farið út í það að gera tilraunir með atvinnulíf og efnahagslíf Íslendinga til þess að prófa, hvort þessi tilraun kunni að lukkast eða hvort hin tilraunin kunni að lukkast, það er ekki heppilegt, og það er hlutur, sem hæstv. viðskmrh. og hæstv. ríkisstj. á ekki að taka þátt í. Þess vegna held ég, að það sé alveg sérstaklega tími til kominn, að það sé staldrað við og þetta mál rætt miklu betur.

Hv. 5. þm. Austf. kom hér inn á það áðan, hvort menn væru á því, að iðnaðarlánin, sjávarútvegslánin, landbúnaðarlánin, hvort það væru þau, sem ætti að draga úr. Hann minntist í því sambandi á lánin til verzlunarinnar. Hæstv. viðskmrh. gæti kannske gefið okkur dálítið nánari upplýsingar þar. Við vitum, að lánin til verzlunarinnar hafa verið eins mikil á undanförnum árum stundum og öll lán til iðnaðar og sjávarútvegs til samans, að það er verzlunarauðvaldið hérna í Reykjavík, sem alveg sérstak-

lega hefur hrifsað til sín útlánaaukninguna í bönkunum, og við vitum, að ákaflega mikið af þessum lánum er víxillán, m. ö. o.: það eru lán, sem eru ekki til þriggja ára, heldur til sex mánaða eða svo í senn, þriggja mánaða kannske stundum og annað slíkt. M. ö. o.: lánin til verzlunarinnar, sem hafa verið svona stór hluti af öllum útlánum og sérstaklega útlánaaukningunni, eru lán, sem eiga að sleppa við alla vísitölu. Heildsalarnir hér í Reykjavík og þeir menn, sem geta byggt sér hallirnar inn við Suðurlandsbraut og festa eins og vitleysingar fé Íslendinga í slíku, eiga að sleppa, á sama tíma sem unga fólkið á að verða að borga húsnæðislánin sín með vísitölu og sjávarútvegurinn á að fara að blæða líka með vísitölu. Er það svona einræði verzlunarauðvaldsins yfir ríkisstjórnarflokkunum, að þeir eigi að njóta þarna alveg sérstakra hlunninda kaupsýslumennirnir, þegar atvinnurekendur og almenningur eiga hins vegar að verða fyrir barðinu á þessari tilraunastarfsemi með vísitölukerfið?

Það er ekki nema eðlilegt, að við viljum fá þetta upplýst og við viljum fá nokkru um það að ráða hér á Alþingi, hvernig þetta verði ákveðið. Okkur þykir það nokkuð mikið vald að gefa í hendur seðlabankastjórum, að þeir eigi að ákveða svo að segja alla hluti í sambandi við þetta, hvaða aðilum almennt skuli skylt að taka vísitölulán og hverjum ekki, og síðan skuli bankastjórar viðskiptabankanna raunverulega verða meir og meir að fara í einhvers konar manngreinarálit um, hvaða einstaklingar af þeim, sem koma til þeirra, fá víxil og hverjir verða hins vegar að skuldbinda sig til þriggja ára lána með vísitölubindingu og annað slíkt. Það er óskaplegt gerræði, sem hægt er að framkvæma í sambandi við svona hluti, og þó að ég ætli ekki að drótta því að neinum að ætla að gera slíkt, þá er svo erfitt að eiga að framkvæma það svona, án þess að það verði óréttlæti úr því, að það á ekki að leggja þetta á herðar manna. Það á að ákveða með lögum almennt, hvaða aðilar það eru, sem þessa hluti eiga að borga svona.

Það er greinilegt, að ef þetta yrði samþ. og ef þetta yrði framkvæmt, þá kemur verðbólguhjólið til með að snúast hraðar en áður. Hv. 5. þm. Austf. upplýsti það hér áðan, að nú bara eftir 1½ ár hafa menn orðið að borga 12% álag á lánin, sem þeir hafa tekið hjá húsnæðismálastjórn. Er þetta stefnan, sem hæstv. ríkisstj. er að berjast fyrir í þessum efnum? Er þetta hennar framlag til undirbúnings á lausn á kaupdeilunum í vor? Það er gefið mál, að þegar ungt fólk horfir framan í svona kröfur, ef verkamenn horfa framan í svona kröfur, að heimtað sé af þeim annað eins álag, og sjá fram á, að þannig verði það áfram, þá hljóta þeir að gera því meiri kröfur til atvinnurekendanna, og þegar þar að auki er svo verið að íþyngja þessum atvinnurekendum með vísitölulánum, þá er svo sem alveg gefið, hvar þær kröfur allar saman enda. Og í þessu frv. er gengið út frá, að nú eigi ekki aðeins húsnæðismálastjórnarlánin þegar að koma inn undir þetta, heldur eigi líka lífeyrissjóðslánin að koma þarna inn undir.

Ég gladdist yfir þeirri yfirlýsingu hæstv. viðskmrh., sem hann gaf hér við umr., að svo fremi sem þessi löggjöf ekki yrði samþ., yrði að fella burt löggjöfina um vísitölu viðvíkjandi húsnæðismálalánunum. Og ég álít, að með því hafi hann einmitt gefið Alþingi það fyrirheit, sem Alþ. eigi að fylgja eftir á þann hátt að láta þetta frv. ekki ganga fram.

Hæstv. viðskmrh. hefur haldið því fram, að það væri vegna áhugans á því að berjast gegn verðbólgunni, að þetta frv. væri flutt. Nú höfum við nokkrir þm. Alþb. þegar flutt frv. um verðlagsmál, sem er á dagskránni í dag, þar sem við beinlínis bjóðum ríkisstj. raunverulegt samstarf um að gera veigamestu ráðstöfunina, sem hægt er að gera til þess að stöðva verðbólguna. Okkur er alveg ljóst, að það er ekkert sérstaklega vinsælt mál, sem við erum þar með, verðlagsákvarðanir á vörum. En við álítum það ábyrgðarhlut að láta það ganga áfram eins og hefur verið gert með verðbólguna, og við viljum af okkar hálfu sýna, að við erum reiðubúnir til að taka að okkar leyti ábyrgð á því að reyna að stöðva hana, og ég álít, að áður en við göngum lengra í að ræða þetta mál um verðskuldbindingarnar, þá ættum við að fá að heyra, hvernig hæstv. ríkisstj. tekur undir það mál, hvort hún er reiðubúin til þess að hafa samstarf við alþm. úr stjórnarandstöðunni um það að reyna að stöðva verðbólguna, stemma á að ósi svo að segja, að hindra þessar sjálfkrafa verðlagshækkanir, sem sífellt dynja hér yfir. Ég held þess vegna, að áður en þetta mál kemur til úrslita hér í d., þá eigum við að fá tækifæri til þess að heyra, hvaða afstöðu ríkisstj. hefur í þessu sambandi.

Ég veit, að það hefur vafalaust ekki farið fram hjá hæstv. viðskmrh., hvað hv. 5. þm. Reykv. og hv. 3. þm. Vestf. sögðu hér áðan í sambandi við verkalýðshreyfinguna. Hv. 5. þm. Reykv. sagði hér áðan, að verkalýðshreyfingin hefði samið stórkostlega af sér, þegar hún gerði samningana um vísitöluna í húsnæðislánin, og hv. 3. þm. Vestf. var ofurlítið að reyna að bera í bætifláka fyrir verkalýðshreyfinguna og sýna um leið fram á, að bændasamtökin hefðu verið það vitrari, að þau hefðu neitað þeim kostum að taka á móti lánum með lækkuðum vöxtum, ef það væri bundið því, að það yrði að vera vísitala á því. Gerir hæstv. viðskmrh. sér ljóst, hvað þetta þýðir? Verkalýðshreyfingin gerir samning við ríkisstj. 1964, og hann veit ósköp vel, að hún gerir þann samning í trausti þess, að verðbólgan verði stöðvuð og stjórn Alþýðusambands Íslands var áður búin að samþ. yfirlýsingu, þar sem ríkisstj. var boðið samstarf um að stöðva verðbólguna, og verkalýðshreyfingin gengur svona langt í sínum samningum og sýnir sig að treysta ríkisstj., leggja fram að sínum hluta mjög mikið traust til ríkisstj. í þessu sambandi. Og hvað er það svo, sem þarna gerist? Ríkisstj. bregzt þessu trausti. Hverjar hljóta afleiðingarnar af slíku að verða? Hv. 5. þm. Reykv. sagði hér áðan, að það væri skylda verkalýðshreyfing-

arinnar að fá þessu breytt í samningunum í vor. M. ö. o.: það eru hér í þinginu þegar uppi raddir, sem ögra svo að segja verkalýðshreyfingunni til þess að herða nú á í samningunum í vor og setja enn þá meira af ákvæðum inn í kaupgjaldssamningana um lausn löggjafarmála. Er það þetta, sem hæstv. ríkisstj. óskar eftir? Á að ganga fram hjá öllum skynsamlegum till., sem hér eru lagðar fram á Alþ., til þess að einbeita á einn punkt allri viðureign við þjóðfélagsvandamálin og það á þann punkt, þegar verkalýðurinn á að semja um kaupgjald, — á þá að stöðva hér hvað eftir annað allt atvinnulíf til þess að semja um löggjöf? Er það stefnan, sem hæstv. ríkisstj. er inni á, — stefna, sem er raunverulega bönnuð í vinnulöggjöfinni? En látum það nú vera, hún getur verið nógu góð fyrir það, þegar eitthvað hefst fram með henni. En ég vil vekja athygli hæstv. viðskmrh. á, hve óviðfelldið er að taka ekkert tillit til þess, sem kemur fram á þinginu, vilja engum þingræðislegum aðferðum beita við meðferð mála hér.

Við höfum lagt fram frv. hér um breytingu á lögum um húsnæðismálastofnunina, þar sem m. a. varaforseti Alþýðusambandsins og formaður Dagsbrúnar er einn af flm., og við erum orðnir því vanir um þessi mál, sem við flytjum hérna, að það er ekki rætt um þau við 1. umr., þau fara í nefnd, svæfð, sjáum þau ekki meir. Það er ekkert þingræði, sem er að verða með þessu móti. Ef hæstv. viðskmrh. og hæstv. ríkisstj. ætlast til þess, að þessu landi verði stjórnað með verkföllum, þá eigum við einskis annars kost en að reyna að sjá um að gera það. Við megum þá ekki láta okkar eftir liggja. En það er hæstv. ríkisstj., sem með því að svæfa málin á Alþ. segir: Farið út fyrir þingveggina með þetta, — sama ríkisstj. sem sagði, þegar hún tók við völdum: Héðan af verða málin útkljáð innan þingveggjanna. — Ég vil benda hæstv. ríkisstj. á og hæstv. viðskmrh., sem er sá eini af hæstv. ráðh., sem sýnir þinginu þann sóma að sitja hér yfirleitt og hlýða á mál manna, — vafalaust vilja hinir ráðherrarnir láta ábyrgðina skella á honum af þessu, — en ég vil alveg sérstaklega og ekki síst vegna þess, að hann sýnir þó þinginu þann sóma, leggja áherzlu á það við hann: Svona á ekki að afgreiða mál á Alþingi Íslendinga. Það á að gefa okkur tækifæri til þess að ræða þessi mál hér, fá upplýsingarnar um þessi mál hér, ræða okkar till. um lausnina í sambandi við þessi mál og láta ekki allt saman eiga að loga síðan í maí og júní.

Það geta aðrir betur en ég svarað fyrir hönd verkalýðshreyfingarinnar því, sem hér hefur verið á hana deilt og til hennar beint, en ég mundi að lokum vilja leggja fram rökst. dagskrá um afgreiðslu þessa máls, að þetta mál væri afgreitt með svo hljóðandi rökstuddri dagskrá:

„Með tilliti til þeirra þungu kvaða, sem lagðar yrðu á atvinnulífið, ef frv. þetta yrði samþ., svo og sérstaklega vegna þess, hve erfitt almenningi og einkum ungu fólki yrði gert að eignast íbúðir, ef stefna þessa frv. næði fram að ganga, ákveður deildin að taka fyrir næsta mál á dagskrá.“

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Það er sjálfsagt að verða við ósk hv. þm., sem talað hafa, um það að láta í ljós skoðun á einstökum atriðum, sem þeir hafa óskað eftir skoðunum mínum eða ríkisstj. á. En ég skal reyna að gera það í sem allra fæstum orðum, vegna þess að þingtíma í dag er að ljúka, og reyna að gera það með þeim hætti, að ekki gefi tilefni til frekari umr., a. m. k. ekki frekari deilna.

Hv. 5. þm. Austf. ræddi um, að það virtist vera megintilgangur þessa frv. að draga úr fjárfestingarlánum, og spurði þess vegna, úr hvaða lánum eða úr lánum til hvaða atvinnugreina væri hægt að draga. Ég vil í tilefni af þessu taka skýrt fram, að það er ekki tilgangur þessa frv. að draga úr lánum til fjárfestingar. Það er ekki megintilgangur þess. Megintilgangur þess er, eins og raunar komið hefur skýrt fram áður, annars vegar að efla sparifjársöfnun og þar með stuðla að auknum raunverulegum lánum, raunverulegu umráðafé til atvinnuveganna, á hinn bóginn er tilgangurinn sá að sinna miklu félagslegu réttlætismáli, sem er að tryggja sparifjáreigendur gagnvart tjóni af verðbólguþróun, og hins vegar að koma í veg fyrir mikið félagslegt ranglæti, sem er gróðamyndun vegna verðbólgunnar hjá þeim, sem fá lánsfé þjóðarinnar til umráða. Ef svo verður, að sá tilgangur frv. að draga úr þjóðfélagslega ranglátri gróðamyndun, myndun verðbólgugróðans, verður til þess, að menn sækjast minna eftir lánsfé en ella, er það út af fyrir sig eðlilegt og gott. En sú fjárfesting, sem fyrir þær sakir minnkar, er einvörðungu fjárfesting, þar sem lánsfénu er þjóðfélagslega séð illa eða óhagkvæmt varið. Ég hygg því, að ómögulegt sé að segja, að áhrif þessa frv. mundu verða minnkuð fjárfesting, nema því aðeins að hægt sé að leiða rök að því, að sú fjárfesting væri þjóðhagslega séð óhagkvæm, því að hún ætti rót sína að rekja til löngunar, til ásóknar í óeðlilegan verðbólgugróða.

Hv. 5. þm. Austf. sagði einnig og gagnrýndi, að ein afleiðing þessa frv. yrði sú, að rekstrarlán yrðu einnig verðtryggð, en það væri óeðlilegt. Ég er honum sammála um, að það er óeðlilegt, að raunverulegt rekstrarlán séu verðtryggð, því að þau eru í eðli sínu til skamms tíma og eiga að vera til skamms tíma. Þau lán, sem bankakerfið hefur veitt og veitir í dag sem rekstrarlán, eru hins vegar að hluta raunverulegt stofnlán, raunverulegt fjárfestingarlán, og það er að sjálfsögðu ekki meining Seðlabankans eða ríkisstj. og mun ekki verða framkvæmt þannig, að nein lán, sem eru raunverulegt rekstrarlán, verði verðtryggð, heldur eingöngu þau lán, sem eru raunverulegt stofnlán, sem eru raunverulegt fjárfestingarlán, þótt þau hingað til hafi verið veitt í formi rekstrarlána.

Hv. ræðumenn Framsfl., 5. þm. Reykv. og 3. þm. Vestf., spurðu um það, hvernig hliðstæð ákvæði hefðu gefizt í Finnlandi og Ísrael. Það er að sjálfsögðu ekki tími til þess við þetta tækifæri að gera það að neinu ýtarlegu umræðuefni. Þó get ég sagt almennt séð, að ég tel, að það sé ríkjandi skoðun, þó auðvitað ekki ágrein-

ingslaus um jafnflókið atriði og hér er um að ræða, en að það sé ríkjandi skoðun í báðum þessum löndum, að verðtrygging þar hafi gefizt vel, ekki aðeins orðið til að bæta úr því félagslega misrétti, sem sparifjáreigendur hefðu ella orðið fyrir vegna mikillar verðbólguþróunar í löndunum báðum, ekki aðeins til þess að koma í veg fyrir það félagslega ranglæti, sem verðbólgugróði er, heldur hafi þessar ráðstafanir einnig stuðlað að því að draga úr verðbólguvextinum. Hér er að vísu um að ræða staðhæfingu, sem ekki verður sönnuð né heldur afsönnuð, því að ómögulegt er að vita, hver verðbólguþróunin hefði orðið í þessum löndum, ef ekki hefði verið um þessar ráðstafanir að ræða. En ég endurtek, að það mun vera ríkjandi skoðun, að í báðum þessum efnum hafi þessar ráðstafanir reynzt vel, orðið til góðs, þótt að sjálfsögðu hafi þær ekki þar né heldur geti þær orðið hér einhlítar til þess að vinna bug á verðbólgunni. Það sagði ég í framsöguræðu minni, það sagði ég í ræðu minni hér við þessa umr., að auðvitað eru slíkar ráðstafanir ekki nægilegar einar til þess að vinna bug á verðbólgunni, en geta hins vegar orðið mjög gagnlegar, ef þær eru liður í samfelldri áætlun, í samfelldum aðgerðum til þess að stemma stigu við verðbólguþróuninni.

Þá vildu hv. ræðumenn Framsfl. fá að vita afstöðu mína til brtt. þeirra á þskj. 447, en aðalatriði hennar er það, að meðan ekki hafi verið komið á verðtryggingu innlánsfjár í bönkum og öðrum lánsstofnunum, skuli lögin ekki taka til tiltekinna sviða, ekki ná til lífeyrissjóða einstakra stétta nema að fengnu samþykki þeirra og ekki taka til fjárfestingarsjóðanna, og þá skuli falla niður vísitöluhækkanir á lánum Húsnæðismálastofnunar ríkisins.

Um þetta meginefni þessarar brtt. get ég sagt það, að það er að sjálfsögðu meiningin að láta verðtryggingu innlánsfjár í bönkum og sparisjóðum koma til framkvæmda svo fljótt sem fært þykir, eftir að lög þessi hafa náð samþykki, og það hefur aldrei verið meiningin að láta verðtryggingarákvæði um lífeyrissjóði eða fjárfestingasjóði koma til framkvæmda á undan verðtryggingu innlánsfjár í bönkum og öðrum lánastofnunum. Að þessu leyti tel ég till. í raun og veru alveg óþarfar. Það hefur aldrei verið tilætlunin að láta ákvæðin á útlánum koma til framkvæmda á undan ákvæðunum um sparifé, um innlánin, heldur hlýtur þetta hvort tveggja að koma til framkvæmda samtímis. Einmitt að þessu vék ég einnig í ræðu minni áður við þessa 3. umr., þar sem ég benti á, að af hálfu stjórnarandstæðinga væri fullur skilningur og raunverulega fullt fylgi við verðtryggingu sparifjárins, en hins vegar andstaða við verðtryggingu útlánanna. En ég undirstrikaði það, að þetta heyrði saman, það væri ekki hægt að ná því markmiði að tryggja sparifjáreigendurna, nema því aðeins að einhver greiddi þær bætur, sem sparifjáreigendurnir eiga að fá, og það er ekki réttlátt, að neinn greiði þær annar en sá, sem fær fé sparifjáreigandans til umráða.

Að því er snertir ræðu hv. 3. þm. Reykv. vildi ég að síðustu segja þetta: Hann lagði áherzlu á, að þetta frv. hefði það í för með sér, að íbúðarbyggingar ungs fólks mundu stöðvast. Ég hef á þessu gerólíka skoðun þeirri, sem hv. þm. hefur. Að því er snertir íbúðabyggingar almennt er höfuðtilgangur frv. að tryggja verðgildi húsnæðislánasjóðsins. Ef þróunin héldi áfram svo sem hér hefur undanfarið átt sér stað, verðbólguþróunin yrði jafnör og átt hefur sér stað undanfarin ár, þá yrði ein af mörgum mjög alvarlegum afleiðingum þess, að það stórátak, sem hefur verið gert, að koma upp húsnæðismálasjóði, sem gæti veitt m. a. ungu fólki húsnæðislán, það yrði gert að litlu á skömmum tíma, vegna þess að verðbólgan brenndi upp húsnæðismálasjóðinn og þá tryggingu, þá félagslegu tryggingu, sem í tilvist hans felst, m. a. fyrir ungt fólk í landinu. Það er einn megintilgangur frv. að verðtryggja húsnæðismálasjóðinn, að tryggja það, að hann geti framvegis, eins og hann hefur gert hingað til, orðið m. a. ungu fólki til traustrar aðstoðar í viðleitni þess til þess að eignast eigið húsnæði. Og ég tel ekki, að ungu fólki né neinum húsbyggjendum séu lagðar óeðlilegar byrðar á herðar, þó að þeim sé gert að greiða vísitölutryggingu á þau lán, sem þeir fá, af því að því aðeins er um slíka vísitölutryggingu að ræða, að kaupgjald fólksins, sem íbúðirnar á, hafi hækkað, og það fer þó aldrei nema nokkur hluti af kaupgjaldinu til þess að greiða afborganir og vexti af húsnæðislánunum, og það er tryggt, að vísitölubæturnar og lánin verða aldrei meiri en kauphækkunin hjá því fólki, sem lánið hefur fengið og húsnæðið á. Þess vegna fer því víðs fjarri, að það sé efnahagslegt glapræði fyrir ungt fólk að taka verðtryggð húsnæðislán til þess að koma sér upp íbúð. Hitt mætti segja, að væri þjóðfélagslegt glapræði í efnahagsmálum að horfa upp á það aðgerðarlaus, að jafnmikilvægir sjóðir, eins og t. d. húsnæðismálasjóðurinn, yrðu smám saman að engu eða litlu í verðbólgueldinum.

Þá gerði hv. 3. þm. Reykv. nokkuð mikið úr þeim ummælum hv. 5. þm. Reykv., að verkalýðshreyfingin hefði samið hrapallega af sér í samningunum 1964, þegar hún féllst á, að húsnæðislánin yrðu verðtryggð. Með tilvísun til þess, sem ég sagði núna um nauðsyn þess að verðtryggja húsnæðismálasjóðinn, án þess þó að íþyngja með ósanngjörnum hætti nokkrum húsbyggjanda, þá tel ég, að því fari víðs fjarri, að verkalýðshreyfingin hafi samið af sér, heldur þvert á móti, að hún hafi barna stuðlað að mjög skynsamlegri löggjafarráðstöfun til verndar húsnæðismálasjóðnum og til verndar öllum húsbyggjendum, meðan stuðnings húsnæðismálasjóðsins nýtur við.

Umr. frestað.

Á 70. fundi í Nd., 15. apríl, var enn fram haldið 3. umr. um frv.

Eðvarð Sigurðsson: Herra forseti. Þau vandamál, sem efst hafa verið á baugi hér undanfarin ár, eru afleiðingar þeirrar miklu verðbólgu, sem verið hefur í landinu. Margt hefur verið um þessi mál rætt, og ýmislegt hefur átt að

gera til þess að draga úr hinum mikla vexti verðbólgunnar, en fátt hefur dugað.

Frv. það, sem hér liggur fyrir, fjallar um þessi mál, þó nokkuð á annan hátt en áður hefur verið. Hér er sem sagt ekki ráðizt að vandanum sjálfum, heldur afleiðingum vandamálsins og ég mundi segja heldur á kákkenndan hátt.

Það er talið, að þetta frv. eigi að geta dregið úr aukningu dýrtíðarinnar. En ég held, að það sé nokkurn veginn gefið, að engin ákvæði þess muni verða til að draga úr vexti dýrtíðarinnar eða hefta hana á nokkurn hátt. Að þessu voru leidd skýr rök í ræðu hv. 5. þm. Austf. í umr. í gær. Ég ætla ekki að fara að endurtaka það, sem þá kom fram, einnig hjá öðrum ræðumönnum, sem leiddu rök að hinu sama.

Í öðru lagi er talið, að þetta frv. muni verða til þess að draga úr útlánum og minnka spennuna á þann hátt. Ég held, að það sé alveg gefið, að þær ráðstafanir, sem frv. gerir ráð fyrir, muni ekki verka í þá átt.

Ef eðlilegar framfarir eiga að verða í þessu landi áfram, er vonlaust og útilokað með öllu, að atvinnuvegirnir komist af með minna lánsfé en hingað til, og það er líka jafnvíst, að það lánsfé, sem yrði, þegar þessar ráðstafanir, sem frv. gerir ráð fyrir, kæmu í framkvæmd, yrði mun dýrara en nú er, og það er jafnvíst sem sagt, að það munu finnast ráð fyrir lántakendur í atvinnugreinunum til þess að velta þeim aukna kostnaði út í verðlagið og þar með að sjálfsögðu verka til dýrtíðaraukningar.

Þá er spurningin, hvort þetta yrði til þess að draga úr lánum við húsbyggingar, bæði íbúðarhúsnæðis og einnig annarra húsbygginga. E. t. v. væru mestar líkur til, að á þessu sviði gæti verið um einhvern samdrátt að ræða, vegna þess að þeir, sem eiga að standa undir þeim lánum, hafa ekki sama möguleika og þeir, sem að framleiðslunni starfa, sérstaklega þó framleiðslunni fyrir innanlandsmarkaðinn, til að velta þessum aukna kostnaði af sér nema að litlu leyti. Nú er alveg augljóst, að íbúðarhúsnæði verður að byggja og það í stærri stíl á næstu árum en verið hefur, og þetta verður byggt. Ef lánin verða vísitölubundin, er gefið mál, að aðstaða hinna smærri í þjóðfélaginu, hinna efnaminni, versnar til mikilla muna, og það yrðu sennilega færri en ella, sem legðu í íbúðarhúsabyggingar. Þær mundu þá mjög sennilega í miklu ríkara mæli færast yfir á hendur braskaranna. E. t. v. mundi þá einnig verða byggt meira af leiguhúsnæði en nú er, en það sjá allir, til hvers konar húsaleigu það mundi leiða, ef húsaleiga ætti að standa undir slíkum lánveitingum. Það yrði áreiðanlega ekki til að draga úr vexti dýrtíðarinnar.

Ég ætla ekki að fara að ræða hér einstök atriði þessa frv., en eins og ég sagði í upphafi máls míns, tekur það ekki á þeim vanda, sem við þurfum að glíma við, þ. e. a. s. að reyna að hefta vöxt dýrtíðarinnar. Það er aðalatriði málsins, en þetta frv. stuðlar ekki að því.

Ef tækist að draga verulega úr vexti dýrtíðarinnar, er þetta frv. óþarft og þær ráðstafanir, sem það gerir ráð fyrir. Það hefur verið talað hér fagurlega um ýmislegt misrétti, sem verðbólgan hefur í för með sér, og einkanlega er þar og sérstaklega af hæstv. viðskmrh. minnzt á sparifjáreigendurna. Það er hverju orði sannara, þeir hafa orðið fyrir miklu misrétti, og það hefur að vísu verið með háum vöxtum reynt að bæta þeim sitt tap. En það hefur engan veginn nægt til, þó að vextirnir hafi verið mjög háir. Meðan verðbólga fer jafnört vaxandi í landi okkar og nú er, held ég, að það séu ákaflega vafasöm ráð til þess að bæta sparifjáreigendum, það séu í rauninni ekki nein önnur ráð til en af alvöru að sporna við sjálfum verðbólguvextinum.

Sparifjáreigendur í landinu eru býsna margir, en húsbyggjendur og þeir, sem eiga orðið íbúðir í þessu landi, eru einnig orðnir margir. Hvor hópurinn er stærri, skal ég ekki fullyrða um. En ég fullyrði það, að þeir, sem ætluðu sér, og þó alveg sérstaklega unga fólkið, að reyna að koma þaki yfir höfuðið á sér, væru verr staddir eftir samþykkt þessa frv. en nokkurn tíma sparifjáreigendurnir, þó að þeir séu sannarlega ekki of sælir af sínum kjörum í svo örum verðbólguvexti sem hér er.

Það eru margar orsakir að vexti dýrtíðarinnar, en áreiðanlega ein allra stærsta orsök dýrtíðarinnar og verðbólgunnar er einmitt sá mikli vandi, sem verið hefur í húsnæðismálunum. Það er kunnara en frá þurfi að segja, hve húsnæði er hér orðið ofsalega dýrt. Byggingarkostnaðurinn er mjög mikill, og það eru margir þættir, sem þarna koma inn í, alls konar brask. En það eru ekki hvað sízt lánamálin sjálf, hve menn verða að sæta afarkostum varðandi lánamál, hvað þeir verða að greiða íbúðarhúsnæði sitt upp á skömmum tíma. Ef menn íhuga kaupgjaldsbaráttu undanfarinna ára, skyldu menn muna, að einmitt hvað stærsti þátturinn þar og hve verkalýðsstéttin hefur orðið að vera þar kröfuhörð, það eru ekki hvað sízt húsnæðismálin, sem þar hafa knúið á. Ungt fólk getur ekki sætt sig við það kaupgjald, sem víðast hvar hefur verið á boðstólum, svo framarlega sem það hefur ætlað sér að koma sómasamlega yfir sig þaki. Það tvennt getur ekki farið saman. Menn verða að hafa meiri tekjur en hið lága kaupgjald hefur boðið upp á. Þetta hefur leitt til óhóflega langs vinnutíma og sífellt knúið á með auknar kaupkröfur. Það er ekki neitt leyndarmál, að einmitt vöxtur verðbólgunnar hefur hjálpað þessu fólki, og það hefði verið algjörlega útilokað fyrir margan manninn að standa undir sínum skuldbindingum, ef ekki hefði komið til þessi vöxtur verðbólgunnar. En að sjálfsögðu eru til önnur og miklu ódýrari og hagkvæmari ráð fyrir þjóðarbúskapinn til þess að aðstoða menn til að eignast þak yfir höfuðið en sú leið. Það þarf fyrst og fremst að hækka lánin og lengja lánstímann. Og það verður að færa íbúðarhúsabyggingar miklu meira yfir á félagslegan grundvöll en nú er. Það er eina ráðið, sem getur komið í veg fyrir hið mikla brask, sem á sér stað með íbúðarhúsnæði.

Hæstv viðskmrh. hefur lagt á það æðimikla áherzlu í orðum sínum hér, að það verði að koma í veg fyrir hið þjóðfélagslega ranglæti,

sem þróazt hefur með verðbólguvextinum, dýrtíðaraukningunni. Út af fyrir sig er ég fyllilega sammála því. En ég er þeirrar trúar, að með samþykkt þessa frv. og þeim ráðstöfunum, sem það gerir ráð fyrir, muni hið þjóðfélagslega ranglæti alls ekki minnka, heldur þvert á móti vaxa. Við vitum, að þeir, sem bezta hafa aðstöðuna í þjóðfélaginu, munu alltaf finna ráð til þess að velta af sér þeim kvöðum, sem þeir byndust með samþykktum þessa frv. Þau munu áreiðanlega finnast. Hins vegar mundu þeir smáu í þjóðfélaginu finna fyrir ráðstöfunum.

Með júnísamkomulaginu, sem var gert við ríkisstj. 1964, var farið inn á verðtryggingu eða vísitölubindingu á lánum húsnæðismálasjóðs. Eins og hér hefur verið tekið fram fyrr í þessari umr., var af hálfu verkalýðshreyfingarinnar þetta samkomulag gert í trausti þess, að verulegar ráðstafanir væru gerðar af hálfu ríkisvaldsins til þess að sporna við vexti dýrtíðarinnar, og verkalýðshreyfingin hafði áður boðið ríkisvaldinu samstarf í þeim efnum. Nú vita allir, að þetta hefur ekki orðið. Ég veit ekki, hvort rétta orðið er að segja, að það hafi mistekizt, því að tilraunirnar hafa bókstaflega ekki verið gerðar. Þar með er að sjálfsögðu fallinn algjörlega sá grundvöllur, sú forsenda, sem var fyrir því samkomulagi, sem gert var í júní 1964. Og það samkomulag um verðtryggingu hefur orðið til þess að auka óréttlætið, — auka hið þjóðfélagslega óréttlæti miklu frekar en hið gagnstæða. Það hefur vaxið stórkostlega. Og það er að sjálfsögðu öllum orðið ljóst, að vísitölubinding á húsnæðismálalánum getur ekki staðið lengur. Það er aldeilis útilokað.

Það var sagt hér í gær, að vísu heyrði ég það ekki, en sé það í Tímanum í dag, að verkalýðshreyfingin hafi samið af sér 1964 með því að gera þetta samkomulag. Að vísu fólst ýmislegt fleira í þessu samkomulagi, sem var mjög dýrmætt fyrir húsbyggjendurna, en hvað þetta atriði snertir, þá má raunar segja, að við höfum samið af okkur vegna þess, að það hefur ekki verið staðið við það, sem lofað var á móti. Einmitt vegna þess sjáum við, að þetta hefur ekki orðið húsbyggjendunum til góðs, ekki þessi hluti samkomulagsins, heldur hefur það orðið til þess að gera lánin dýrari og gera óréttlætið meira en áður. Það liggur nú fyrir þessari hv. deild frv. um að fella þetta úr gildi, og ég vildi mega vænta þess, að það verði tekið mjög alvarlega á því máli hér. Ef það verður ekki gert, er augljóst, að slíkt framhald þessara lánskjara hlýtur að leiða til vandræða og gagnráðstafana af hálfu verkalýðssamtakanna. Það er alveg gefið mál, að með því að gera húsnæðismálalánin jafndýr og þau verða með vísitölubindingu, þegar ekkert er gert til þess að reyna að sporna við vexti dýrtíðarinnar, jafnvel þvert á móti eru nú á döfinni ráðstafanir, sem stuðla að hinu gagnstæða og hækka þessi lán alveg sjálfkrafa, eins og niðurfellingin á niðurgreiðslum, lánin hækka alveg sjálfkrafa um leið og verða dýrari, — það er náttúrlega alveg augljóst, að verkalýðssamtökin hljóta að mæta þessu með auknum kaupkröfum. Að vísu kemur til, eins og sjálfsagt mundi verða tekið fram, að kaupið hækki samkv. vísitölu einnig. En menn skyldu bara muna það, að það er algjörlega vonlaust að standa undir þessum lánum með þeirri kaupgetu, sem er nú hjá fólki, og ef ekki skeður annaðhvort, — og það á ekki að vera neitt álitamál, hvort muni ske, — að verðbólgan haldi áfram og hjálpi fólki á þann hátt, eða þá hitt, sem náttúrlega er skynsamlegra og verður að gera, svo framarlega sem við ætlum ekki að komast í hrein vandræði og alltaf að standa í eilífum vandræðum við lausn þessara mála, það er að hækka lánin og lengja lánstímann og bæta vaxtakjörin. Það er þetta, sem verður að gerast. Það er áreiðanlega langódýrast fyrir þjóðfélagið í heild. Það er ódýrast fyrir atvinnuvegina, ég tala nú ekki um útflutningsatvinnuvegina, og það er að öllu leyti hagkvæmast.

Með samþykkt þessa frv. sýnist mér, að enginn vandi sé leystur, síður en svo. Það er ekki heldur í raun og veru verið að leysa vandamálið sjálft, heldur er verið að káka við afleiðingarnar af sjálfum vandanum. Fyrir þjóðfélagið í heild mundi ég telja, að hér væru stigin röng skref, og ég er sannfærður um, að hinir minni máttar í þjóðfélaginu, sem á lánum þurfa að halda, verða verr staddir en áður, og ranglætið og mismunurinn gagnvart þeim verður áreiðanlega ekki minni.

Ég held, að menn ættu að hugsa sig mjög rækilega um, áður en menn samþykkja það frv., sem hér er nú á dagskrá. Ég held, að menn geri sér ekki grein fyrir, í hvaða vanda við getum komizt. Við vitum, að sjálf verðbólgan er mikið vandamál. Við þekkjum þann vanda og ættum í raun og veru að geta tekið á honum. En við þekkjum ekkert þann vanda, sem kynni að mæta okkur, þegar væri búið að fara út á þessar brautir, og verður þá ekki líka sjálft verðbólguvandamálið miklu erfiðara og örðugra að leysa. Það er mín skoðun, og þess vegna er ég mjög eindregið fylgjandi því, að þetta mál verði engan veginn afgreitt á þessu þingi, a. m. k. verði það skoðað miklu rækilegar en nú hefur verið gert.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Það eru aðeins fáein orð í tilefni af ræðu hv. 3. landsk. þm., sem var að ljúka máli sínu. Orðum hans er ávallt veitt sérstök athygli hér í hv. deild, m. a. vegna þess, að hann er formaður stærsta verkalýðsfélags landsins, og því sjálfsagt að hlusta vandlega eftir því, sem hann hefur að segja um jafnmikilvæg atriði fyrir launakjör í landinu og hér er um að ræða. Þess vegna vildi ég segja nokkur orð í tilefni af þeim ummælum hans, að hann í fyrsta lagi teldi verkalýðshreyfinguna hafa samið af sér í samningunum 1964 að þessu leyti, sem hér er um að ræða, og svo hitt, að hann telji þetta frv. muni verða húsbyggjendum nú og framvegis til óhagræðis, ef ekki til beins tjóns, og sérstaklega bitna á þeim smáu í þjóðfélaginu, en ekki á hinum stóru eða hinum ríkari.

Um þessi atriði vildi ég segja þetta: Ég, eins og ég hef tekið fram áður, er því algjörlega ósammála, að verkalýðshreyfingin hafi að nokkru leyti samið af sér í því samkomulagi,

sem gert var um þessi efni sumarið 1964. Hitt er annað mál, að það fyrirkomulag, sem þá var tekið upp á þessu sviði, má ekki vera bundið við það svið eitt, sem þá var gert samkomulag um. Auðvitað er það rétt, að þetta samkomulag veldur því, að tiltekinn hópur húsbyggjenda verður að greiða meira fyrir þau lán, sem þeir fá úr opinberum sjóði, en ella mundi eiga sér stað og áður var. Það, sem lántakendur hjá húsnæðismálastjórn skv. þessu samkomulagi greiða til viðbótar því, sem áður var gert og ella hefði verið gert, eru vísitöluuppbæturnar á lánin.

En var þetta að semja af sér? Svarið við því hlýtur að vera fólgið í því að athuga, hver fær vísitöluuppbæturnar. Ef þær rynnu í vasa einhverra, sem ekki ættu þær skilið, ef þær rynnu í vasa einhverra, sem segja mætti um, að væri ranglátt að fengju þær, þá mætti segja, að verkalýðshreyfingin hefði samið af sér við þetta tækifæri. En allir vitum við hv. alþm., hvert vísitöluuppbæturnar renna. Þær renna í húsnæðismálasjóðinn til þess að tryggja óskert verðgildi hans. Hver einasta króna, sem lántakendur greiða í vísitöluuppbætur á lán sín, rennur til annarra húsbyggjenda samtímis, en þó einkum síðar. Aðrir húsbyggjendur fá hverja einustu krónu, sem vísitölugreiðendurnir greiða á þau lán, sem þeir fá. Það, sem hér er því í raun og veru að gerast, er það, að þeir, sem nú taka húsnæðismálalán með vísitöluuppbót, eru að auðvelda öðrum mönnum síðar að fá lán, sem þeir annars mundu ekki fá. Ef einmitt er gert ráð fyrir því, að það séu hinir smáu, sem fyrst og fremst fái lán úr húsnæðismálasjóðnum, þá er einmitt verið að hjálpa hinum smáu um lán, sem þeir ella hefðu ekki fengið. Þetta var það skynsamlega, þetta var það viðsýna sjónarmið, sem mér finnst vera mjög þakkarvert af hálfu verkalýðshreyfingarinnar í þessum samningum, að gera sér grein fyrir því, að það er ekki nóg að hugsa eingöngu um þá, sem fá lánin í dag eða á þessu ári, það þarf líka að hugsa um hina, sem koma til með að sækja um lán á næsta ári og næstu árin. En það gefur auga leið, það þarf ekki að skýra frekar, að auðvitað munu margir fá lán á næsta ári og næstu árum vegna þessa samningsákvæðis, en hefðu ekki fengið það, ef um það hefði ekki verið að ræða.

Hér er því í raun og veru um það að ræða, að nútíma húsbyggjendur eru að greiða fyrir framtíðarhúsbyggjendum, og það er fyllsta réttlætismál. Svo má auðvitað líka varpa fram þeirri spurningu, — ég tel í sjálfu sér alveg eðlilegt, að henni sé varpað fram, — hvort þeim húsbyggjendum, sem nú fá lán skv. þessu samkomulagi, séu með því lagðar óeðlilega þungar byrðar á herðar. Eru þeim lagðar óeðlilega þungar byrðar á herðar með því að þurfa að greiða vísitöluuppbætur af sínum lánum? Það væri rétt, ef ekki væru vísitöluuppbætur greiddar á laun. Þá væri auðvitað ranglátt að láta húsbyggjendur greiða vísitöluuppbætur á lán, sem þeir taka. En einmitt í sömu samningunum var verið að breyta grundvallaratriðum um þetta efni gagnvart verkalýðshreyfingunni. Þá var samið um að afnema bann gegn greiðslu vísitöluuppbótar á laun og þar með tryggja öllum launþegum vísitöluuppbætur á laun sín. Að öðrum kosti hefði þetta auðvitað verið ranglátt. En hvernig er hægt að staðhæfa, að það sé ranglátt, að launþegar, sem verið er að tryggja fullar, 100% vísitöluuppbætur á laun, greiði sams konar vísitöluuppbót á þann hluta árlegra útgjalda sinna, sem fer til þess að greiða niður lán, sem eru fengin úr opinberum sjóðum? Það er þó aldrei nema nokkur hluti, 10, 20, 30%, af tekjum launþeganna, sem eru að fullu verðbættar, sem fer til þess að greiða niður lán til húsnæðis, og fyrst sama vísitalan gildir um hvort tveggja, verður með engu móti staðhæft, — ég verð að lýsa mig alveg ósammála hv. 3. landsk. þm. í þessu efni, — að hér sé um nokkurt félagslegt ranglæti að ræða, hvað þá aukningu á félagslegu ranglæti, sem fyrir hefur verið.

Hitt er svo annað mál, og ég skal gjarnan enn á ný endurtaka það, að ég tel samt ekki koma til mála, að þetta fyrirkomulag gildi um húsnæðislánin ein. Það er ein af ástæðunum fyrir því, sem ég tel margundirstrikað í þessum umr., að nauðsynlegt er að setja þessi almennu ákvæði, sem geri slíka verðtryggingu í lánasamningum og á sparifé miklu algengari en nú á sér stað. Það verður að ná til annarra aðila í þjóðfélaginu en bara þeirra, sem fá lán úr húsnæðismálasjóði til þess að koma upp yfir sig íbúð.

Ég er líka ósammála hv. 3. landsk. þm., þegar hann segir, að samþykkt þessa frv. muni verða til þess að íþyngja hinum smáu og létta undir með hinum stóru. Ég er þveröfugrar skoðunar. Hver mundi verða höfuðafleiðingin af samþykkt þessa frv.? Hún mundi verða sú, að í fyrsta lagi er gert ráð fyrir því, að sparifjáreigendur eigi kost á verðbótum á sparifé sitt. Er það í þágu hinna stóru í þjóðfélaginu eða hinna smáu? Erum við ekki sammála um það, við hv. 3. landsk. þm., að ef við verndum sparifjáreigendurna, séum við einmitt að vernda hina smáu? Höfuðranglætið, sem nú á sér stað vegna verðbólgunnar, er, að sparifjáreigendur, hinir smáu í þjóðfélaginu, eru rændir arði af þjóðfélagslega góðri starfsemi sinni, sparnaðinum, þeir eru rændir hluta af arði af þessari starfsemi sinni vegna verðbólgunnar. Það er annar megintilgangur frv. að tryggja það, að réttur skuli hlutur sparifjáreigenda. Þetta hlýtur að teljast spor í rétta átt, þetta hlýtur að teljast í þágu hinna smáu í þjóðfélaginu, hinna minni máttar, en ekki hinna ríku eða stóru.

Hinn meginþáttur frv. er svo sá að láta einmitt fleiri en húsbyggjendur verða að borga vísitöluuppbætur á þau lán, sem þeir fá til framkvæmda. Og hverjir eru aðrir en húsbyggjendur, sem fá lán til framkvæmda? Það eru atvinnurekendur fyrst og fremst. Hverjir festa fé í þessu þjóðfélagi aðallega aðrir en húsbyggjendur? Það eru atvinnurekendur í öllum stéttum, í öllum starfsgreinum. Þeir sleppa núna við greiðslu allra verðlagsuppbóta af þeim lánum, sem þeir fá, en festa í framkvæmdum, sem hækka í verði. Þetta er ranglætið, sem helzt, ef ekkert gerist meira, miðað við það, sem skeður nú í dag. Þeir, sem fá lán til að byggja íbúðir,

eiga núna að greiða vísitöluuppbætur á sín lán, en þeir, sem fá lán úr sameiginlegum sjóðum landsmanna, úr bönkum og fjárfestingarlánastofnunum, og festa þau í fyrirtækjum, í verksmiðjum, í verzlunarhúsum, í lóðum, í skipum, í iðnaðarvélum og öllu mögulegu því um líku, þeir fá lánin og fá að eignast verðbólgugróðann. Það er þetta hastarlega þjóðfélagslega ranglæti, sem við höfum horft upp á undanfarin ár, horfum upp á í dag, en verðum að stemma stigu við. Þennan verðbólgugróða, sem þeir hafa fengið, en eiga ekki að fá framvegis, á ekki að taka í ríkissjóð. Hann á að taka í þágu sparifjáreigendanna. Og þess vegna mundi ég segja: Réttlætið, sem hér er verið að vinna að, er tvíþætt: Annars vegar að koma í veg fyrir það, að menn stingi í vasa sinn gróða, sem þeir hafa ekki að neinu leyti átt þátt í að skapa, heldur er verðbólgugróði, spákaupmennskugróði, tilviljunarkenndur gróði í öllu falli, það er tekinn af mönnum sá möguleiki að stinga slíkum gróða í vasa sinn. Hins vegar er þessi fjármagnsmyndun, þessar tekjur, látin til hinna smáu í þjóðfélaginu, til sparifjáreigendanna, sem hafa orðið að sæta sérstökum órétti á undanförnum árum og áratugum. Þess vegna verð ég að segja, að ég er hv. 3. þm. Reykv. í grundvallaratriðum ósammála um þetta efni.

Ég vil svo undirstrika að síðustu, að ég tel þetta frv. einmitt stefna að því marki, sem hann hefur lýst yfir að sé nauðsynlegt og æskilegt og jafnvel sjálfsagt. Hann hefur undirstrikað í ræðu sinni, — um það erum við algerlega sammála, — að nauðsynlegt sé að rétta hlut hinna smáu í þjóðfélaginu, að rétta hlut sparifjáreigendanna og láta það ekki viðgangast, að húsbyggjendur einir greiði vísitöluuppbætur á lán sín. Einmitt þetta er höfuðtilgangur frv., svo að ég tel, að með því að berjast fyrir samþykkt frv. séum ég og aðrir stjórnarliðar einmitt að stuðla að því, að markmið hans náist.

Frsm. minni hl. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Vegna þess að ég er nú búinn að halda nokkuð margar ræður um þetta mál í meðförum um það hér, bæði við 1., 2. og nú við þessa 3. umr., skal ég reyna að stytta mál mitt mjög, með því líka að það er mjög liðið á venjulegan fundartíma. En ég leyfi mér að kveðja mér hérna fyrst og fremst hljóðs til þess að flytja hæstv. bankamálaráðh. þakkir mínar fyrir það, að hann í gær svaraði ýmsum þeim fsp., sem ég hafði við fyrri umr. málsins beint til hans, og ég tel það mjög mikilsvert, að sem allra flest atriði þessa máls séu svo greinilega fyrir lögð, að ekki geti leikið minnsti vafi á um túlkun þeirra.

Í sambandi við 6. gr. staðfesti hæstv. ráðh. þann skilning, sem ég hafði látið hér uppi um það, að viðkomandi sjóðsstjórnir ættu sjálfar að ákveða, hvort verðtryggja ætti lán frá þeim eða ekki. Hins vegar vorum við ekki á einu máli um, hvort það væri rétt eða heppilegt, að Alþ. afsalaði sér öllum ákvörðunarrétti um það, hvaða verðmiðunargrundvöll skyldi viðhafa, jafnvel þó að það væri í hendur á svo virðulegri stofnun sem Seðlabanka Íslands. Tel ég, að Alþingi ætti sjálft að hafa þessa ákvörðunarheimild, eins og það hefur til þessa haft í öllum þeim tilfellum, þar sem verðtrygging hefur verið í lög leidd.

Það er að vísu alveg rétt, og ég hafði sjálfur getið þess, sem hæstv. ráðh. gat um í sinni ræðu, að í 4. gr. frv. væru leiðbeiningarákvæði um það, hvaða vísitölu eða viðmiðun skyldi hafa. En ég benti á það hér um daginn, að vísitala framfærslukostnaðar ætti alls ekki við í öllum tilfellum, og nefndi um það nokkur dæmi, og ég er enn, þrátt fyrir þessi svör hæstv. ráðh., algerlega í vafa um það, hvaða viðmiðunargrundvöllur verður viðhafður, t. d. við skipakaup, og mér finnst enn, — þetta er kannske ekki mjög stórt atriði í sambandi við þetta mál, — en mér finnst þó, að það sé atriði, sem menn þurfi að gera sér grein fyrir, og Alþingi ætti ekki að afsala sér því um aldur og ævi að hafa áhrif á það, hvaða grundvöllur hér væri lagður til viðmiðunar. Þá tel ég það mjög mikilsvert, að frá hæstv. ráðh. komi alveg skýr og afdráttarlaus svör um það, að ákvæði 7. gr. beri að túlka þannig, að möguleikar húsbyggjenda til þess að taka lán, bæði úr lífeyrissjóði og frá húsnæðismálastjórn, væru ekki skertir frá því, sem nú er. Ég tel, að þetta sé mjög mikilsvert atriði og mjög gott, að það er nú óumdeilanlega staðfest, að það er skilningur hæstv. ríkisstj. og hæstv. bankamrh., að þetta sé það, sem lesa beri út úr 7. gr.

Hæstv. ráðh. sagði, að mjög væri óheppileg sú till., sem við nokkrir stjórnarandstöðuþm. bárum fram, minni hl. fjhn., að fresta málinu nú milli þinga og láta fara fram athugun á því með fulltrúum allra þingflokkanna og í samráði við Seðlabanka og viðskiptabanka, vegna þess að málið þyrfti að koma strax til afgreiðslu. Jafnframt lét hann í ljós ugg um það, að sú nefndarskipun mundi leiða til þess, að málið fengi litla athugun og litlu meiri athugun en það hefði fengið í fyrrasumar, þegar það lá þó á milli þinga. Ég verð að segja það, að ég tel þennan ótta algerlega ástæðulausan. Ég tel enga ástæðu til að ætla, að þingkjörin n., sem fengi þetta mál til meðferðar, mundi ekki rækja það starf, sem henni væri falið. Þvert á móti tel ég, að við þessa málsmeðferð mundi vinnast það, sem ég hef margoft undirstrikað hér, að málið fengi betri athugun, og sú athugun, sem á að fara fram í samráði við viðskiptabankana, lægi fyrir, áður en hv. alþm. tækju afstöðu til frv., en ekki einhvern tíma síðar, þegar þeir væru búnir að segja sitt síðasta orð og ættu ekki kost á því að leiðrétta frv., nema þá með nýrri lagasetningu. Ég er enn þá þeirrar skoðunar þrátt fyrir það, sem hefur fram komið við þessar umr., og ekkert síður vegna þess, sem hefur komið fram við þessar umr., að það væri rétt málsmeðferð að athuga þetta betur, og ég tel, að það mundi ekkert tapast, en ýmislegt vinnast.

Ég ætla ekki að fara að gerast aðili að þeim miklu umr., sem orðið hafa hér um afleiðingar þessa frv. fyrir þá, sem byggja hús og hafa tekið lán hjá Húsnæðismálastofnun, en ég vil undirstrika það, sem kom fram hjá hæstv. bankamrh. síðast hér áðan, að það er ósanngjarnt og getur tæplega staðizt til nokkurrar frambúðar, að þeir einir, sem taka lán til að

byggja eigin íbúðarhúsnæði, séu þeir, sem standa undir vísitölukvöðum af sínum lánum. Um þetta virðast nú allir sammála. Hæstv. ráðh. sagði hér áðan, að réttlæting vísitölubótanna væri ekki hvað síst sú, að þær gengju til þess að efla húsnæðismálasjóðinn, til þess að gera hann færari um að standa undir útlánum en hann annars mundi verða. Þetta er vissulega alveg rétt og á við um alla fjárfestingarlánasjóði. En hlýtur ekki afleiðingin einmitt af þessu fyrirkomulagi að vera sú, að sá sjóður, sem nýtur vísitöluuppbóta á útlán sín, ætti að geta og hlýtur að verða að hækka útlánin út á hverja einstaka íbúð, og gerir ekki þetta fyrirkomulag einmitt mögulegt fyrir Húsnæðismálastofnunina að hækka nú þegar lánin út á hverja íbúð fyrir sig, a. m. k. sem vísitöluhækkun nemur? Lánin hafa nú verið óbreytt í hartnær 2 ár eða síðan í júní 1964, og allir vita þó, að mikil vísitöluhækkun hefur orðið á því tímabili, og ég vil vænta þess, að þær auknu tekjur, sem Húsnæðismálastofnunin hefur einmitt af þessu vísitöluákvæði, geti verkað til þess að hækka lánin, og það verði á því sem allra minnstur dráttur.

Hæstv. ráðh. sagði hér áðan, að vísitölubætur á íbúðarhúsnæðislán væru eðlilegar og samningar verkalýðsfélaganna hefðu verið eðlilegir og réttlátir, vegna þess að jafnframt vísitöluuppbótum á lán hefðu verið teknar upp vísitöluuppbætur á laun. Það er auðvitað alveg hárrétt, að án vísitöluuppbóta á laun væri hitt óhugsandi. En ég er hræddur um, að vísitölubæturnar á laun gangi til annars og verði að ganga til annars hjá flestum en til að standa undir hækkuðum lánum, ekki síst þegar það er haft í huga, hver hlutur húsnæðiskostnaðarins er í vísitölunni, en eins og kunnugt er, hefur vísitalan árum saman verið reiknuð á þann hátt, að húsnæðiskostnaðurinn þar er reiknaður of lágt, talinn nú, að því er ég má segja, 12 900 kr. á ári, og hefur hækkað á undanförnum mörgum árum um aðeins örfá stig á ári. Ég er því hræddur um, að sú dýrtíðaraukning, sem veldur launaaukningu, stafi fyrst og fremst af öðrum ástæðum en hækkuðum húsnæðiskostnaði, og sú hækkun á húsnæðiskostnaðinum, sem verður m. a. vegna vísitöluuppbóta eða ákvæða á húsnæðislánum, sé þar afgangs.

Annars var það, sem kom mér til að kveðja mér hljóðs að síðustu við þessar umr., ekki þetta, sem ég hef nú sagt, heldur sú yfirlýsing, sem hæstv. ráðh. gaf í gærkvöld í ræðu sinni, sem hann hélt þá, þar sem hann sagði, að það hefði alltaf verið tilætlunin að láta verðtryggingu sparifjár koma jafnhliða verðbindingu á útlánum, en aldrei á undan. Þetta tel ég mjög mikilvæga yfirlýsingu, og satt að segja kemur hún mér algerlega á óvart, vegna þess að undir meðferð málsins hjá fjhn. þessarar hv. d. stóð ég a. m. k. persónulega og að ég held meðnefndarmenn mínir flestir í þeirri trú, að skýringar eða túlkun dr. Jóhannesar Nordals seðlabankastjóra á því, hvernig framkvæma ætti þetta frv., hefði verið sú, að í fyrsta lagi ætti að taka upp verðtryggingu hjá lífeyrissjóðum og tryggingafélögum, í öðru lagi hjá opinberum fjárfestingarlánastofnunum samkv. 6. gr., en ekki fyrr en í þriðja lagi og smátt og smátt, eftir því sem það sýndi sig að eiga við, hjá bönkum og innlánsstofnunum. Út frá þessu sjónarmiði er margt af því, sem ég hef hér sagt og látið frá mér fara, túlkað, og ég hygg, að það séu fleiri, sem hafi skilið málið á þennan hátt, og augljóst er raunar, að þeir, sem hafa flutt brtt. á þskj. 447, hafa skilið þetta mál á þennan veg, því að annars væri brtt. þeirra óþörf, eins og hæstv. ráðh. sagði. En ég vil mjög undirstrika það, að ég tel, að þetta sé til mikilla bóta og breyti raunar málinu verulega, þegar nú hefur fengizt skýlaus yfirlýsing hæstv. bankamálaráðh. um það, að þessar aðgerðir eigi allar að fara fram jafnhliða. Ég kvaddi mér fyrst og fremst hljóðs til að fagna þessari yfirlýsingu og til að undirstrika það og til að fá því þá mótmælt, ef þetta væri ekki réttur skilningur, að það væri þetta, sem vekti fyrir hæstv. ríkisstj., og það væri misskilningur, sem við ýmsir í fjhn. Nd. stóðum í og höfum staðið í, að dr. Jóhannes Nordal hafi sagt okkur, að fyrst ætti að taka upp verðtryggingu hjá lífeyrissjóðum og tryggingafélögum, í öðru lagi ætti að taka upp verðtryggingu hjá opinberum fjárfestingarlánastofnunum, en ekki fyrr en í þriðja lagi og þá smátt og smátt, eftir því sem aðstæður leyfðu, að taka verðtrygginguna upp hjá bönkum og öðrum innlánsstofnunum.

Eðvarð Sigurðsson: Herra forseti. Það eru aðeins nokkrar aths. vegna ræðu hæstv. viðskmrh. hér áðan. Hann lagði áherzlu á, að fé, sem endurgreiðist af lánum með vísitölutryggingu, færi beint inn í húsnæðismálasjóðinn og gerði hann öflugri og með þessu væru þeir, sem byggju við þetta lánafyrirkomulag, að efla þennan sjóð og í rauninni að lána öðrum, er síðar kæmu. Þetta er út af fyrir sig sjálfsagt rétt og engin aths. út af fyrir sig við það. En hitt er, að þeir, sem fá þessi lán, hafa engin efni á því að lána öðrum. Það er mergurinn málsins. Og ef húsnæðismálasjóður getur ekki eflt sig á annan hátt, mundi ég segja, að illa væri farið, mjög illa.

Árið 1964, þegar júnísamkomulagið var gert og þessi lán komu inn, var einnig samið um launaskattinn. Sá skattur er greiddur að vísu af atvinnurekendum í hlutfalli við greidd laun, en það er ekkert leyndarmál, að möguleikar verkalýðshreyfingarinnar til þess að hækka kaup meðlima sinna rýrnuðu að sama skapi, sem upphæð þessa skatts nam. Það vita allir, sem að þeim málum stóðu. Þetta vissum við ósköp vel, þegar við sömdum. En við töldum, að einmitt launaskatturinn eða það, sem launafólkið raunverulega leggur af mörkum til þess að efla húsnæðismálasjóðinn, væri engu að síður réttlætanlegt, og einkanlega töldum við rétt, að þeir, sem þyrftu ekki á þessum lánum að halda og væru betur staðir, menn, sem byggt hefðu á betri tímum og væru í ódýru húsnæði, það væri ekki óréttlátt, að þeir legðu af mörkum einmitt til þess að hjálpa hinum yngri og efla sjóðinn, þannig að í framtíðinni yrði hann megnugur þess að standa undir miklu meiri lánum en nú er. Ég tel, að það ætti frekar að efla húsnæðismálasjóðinn á allan annan hátt en þann, að þeir, sem þessi lán nú verða að taka,

fari að greiða þau jafnháu verði og hlýtur að verða með vísitölubindingunni og á þann hátt láni öðrum, því að þeir eru sannarlega ekki aflögufærir.

Þá gat hæstv. menntm.- og viðskmrh. einnig um, að í raun og veru væri ekki neitt hér um að sakast, vegna þess að einmitt í sömu samningum hefði vísitölugreiðsla aftur komið á kaupið. Það er aldeilis rétt. En eins og ég gat um hér áðan, tel ég, að þrátt fyrir það að við höfum vísitöluna á kaupið, stendur það ekki undir þeim lánum, sem fólk óhjákvæmilega verður einhvern veginn að fá til þess að geta eignazt þak yfir höfuðið, þannig að þetta nægir engan veginn. Hann vildi meina, að það væri ekki verið að leggja óeðlilegar byrðar á lántakendur, einmitt vegna þess, að þeir hefðu vísitöluna á kaupinu. Þetta eru mjög óeðlilegar og ranglátar byrðar, meðan hér er aðeins um að ræða þessi lán. Að vísu, ég skal játa það, breytir málið nokkuð svip, ef allt í þjóðfélaginu, öll lán væru á sama hátt bundin vísitölu. Það má segja. En ég held, að með því móti séum við að fara inn á brautir, sem við vitum ósköp lítið um, til hvers muni leiða eða hvert muni liggja, og ég er mjög hræddur um það, að hæstv. viðskmrh., þrátt fyrir alla sína hagfræðimenntun, muni lenda í enn verri frumskógi hagfræðimálanna en þó nokkurn tíma við eigum þó við að búa hér núna, þótt slæmt sé, og ég efast um, að hann muni rata út úr þeim vanda, sem mun að okkur steðja.

Hann sagði mörg falleg orð um að minnka ranglætið í þessum efnum. Ég get út af fyrir sig undirstrikað það. Það er allt ákaflega fallega mælt og góð hugsun sem sagt, sem liggur að baki. En ég er ákaflega hræddur við og enda meira en hræddur, ég er sannfærður um, að þetta frv. mun ekki nægja til þess að tryggja kjör og stöðu hinna minni máttar í þjóðfélaginu í þessum efnum, og það mun ekki heldur taka verðbólgugróðann af þeim, sem hans hafa notið. Áreiðanlega munu þeir með allri sinni aðstöðu í þjóðfélaginu finna leiðir, þeir verða áreiðanlega fundvísari á leiðir í sínum vanda en ráðamenn þjóðfélagsins út úr þeim mikla vanda, sem ég trúi, að skapast muni með samþykkt þessa frv.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð í tilefni af ræðum hv. 3. landsk. þm. og hv. 11. þm. Reykv.

Mér sýnast þessar umr. leiða í ljós, að það er raunverulega ekki mikill ágreiningur milli hv. 3. landsk. þm. annars vegar og mín eða ríkisstj. hins vegar í sambandi við grundvallaratriði þessa máls. Það, sem fyrir okkur vakir í aðalatriðum, er það sama, að bæta úr mikilvægu þjóðfélagslegu misrétti, sem átt hefur sér stað, annars vegar á kostnað sparifjáreigenda og hins vegar þannig, að skuldarar, lántakendur, hafa notið verðbólgugróða með óeðlilegum hætti. Hitt játa ég, að okkur greinir á um, hverjar líkur séu á því, að þetta frv. vinni gegn verðbólgunni með þeim hætti, sem við eflaust báðir óskum eftir, að gert verði. Þar verður fullyrðing að standa á móti fullyrðingu og reynslan ein að skera úr um það, hvort jákvæður árangur næst með þessum hætti eða ekki. En hitt erum við líka sammála um, sem hann lagði áherzlu á í ræðu sinni áðan, að verðtrygging húsnæðislánanna væri að vissu leyti ranglát, ef þau stæðu til frambúðar sem einu lánin með verðtryggingu. Um þetta grundvallaratriði erum við alveg sammála, og þess vegna var það, sem ég lýsti því hreinlega yfir við, ég held, 1. umr. málsins, eða a. m. k. var það í minni aðalræðu við þessa umr., að ef sú almenna verðtrygging, sem hér er gert ráð fyrir, næði ekki fram að ganga, teldi ég eiga að afnema verðtrygginguna á húsnæðislánunum, og við það mun ég að sjálfsögðu standa.

Hv. 3. landsk. þm. sagði, að hann teldi eiga að efla húsnæðismálasjóðinn á allan annan hátt en þann að láta þá, sem fengju lán nú, stuðla að því, að aðrir gætu fengið lán síðar. Ég er honum sammála um það, að nauðsynlegt er að efla húsnæðismálasjóðinn á sem flestan hátt. En ég tel, að einn sá háttur, sem fyllilega réttlætanlegt sé að efla hann á, sé einmitt að láta þá, sem lán fá núna, greiða verðlagsuppbót, ef það er almennt í þjóðfélaginu, eins og nú er gert ráð fyrir, að það verði varðandi sams konar lán, og það sé fullkomlega réttlætanlegt, meðan vísitöluuppbót sé á kaup. En hitt segi ég líka, og um það erum við sammála, að ég tel það því aðeins koma til greina, að greidd sé verðlagsuppbót á lánin, að samtímis sé full vísitöluuppbót greidd á kaup.

Það, sem okkur í raun og veru greinir helzt á um, er, að hann hefur ekki trú á því, að þetta frv. verði til þess að ná verðbólgugróðanum af þeim, sem undanfarin ár og áratugi hafa raunverulega fengið hann. Ég skal enga tilraun gera til að andmæla því. Það er út af fyrir sig ekkert óeðlilegt við það, þó að einn af helztu málsvörum stjórnarandstöðu í landi hafi ekki trú á því, að framkvæmdavaldið geri rétt eða að ráðstafanir, sem framkvæmdavaldið efnir til, beri þann árangur, sem þeir helzt óska eftir. Og hér get ég ekkert annað sagt en það, að við skulum bíða og láta reynsluna skera úr. Við erum staðráðnir í því að gera þá tilraun, sem í þessu frv. felst, og það munu ekki líða mörg ár, þangað til við getum haft aðra umr. um málið og þá borið saman bækur okkar um það, hvort okkur tekst að halda þannig á málinu, að það verði til þess annars vegar að taka verðbólgugróðann af þeim, sem hafa fengið hann með röngu, og bæta sparifjáreigendum verðbólgutjónið, sem þeir hafa orðið fyrir með röngu, þetta tvennt annars vegar og svo hins vegar að stuðla að því að hamla gegn verðbólgunni. Úr þessu verður tíminn að skera.

Og svo að síðustu voru það tvö atriði í ræðu hv. 11. þm. Reykv., sem ég vil minnast á með örfáum orðum. Hann var ánægður með það, sem ég hafði sagt um, að það væri tilgangur frv. eða á framkvæmd þess mundi verða haldið þannig, að samtímis kæmu til framkvæmda verðuppbætur á lán úr bönkum, úr lífeyrissjóðum og úr opinberum fjárfestingarsjóðum, en taldi, að dr. Jóhannes Nordal hefði sagt annað á fundi í fjhn., þ. e. a. s. framkvæmd málsins mundi

verða þannig, að fyrst yrði að taka upp verðuppbætur á lífeyrissjóði, þar á eftir yrði að taka verðuppbætur á lán úr opinberum fjárfestingarsjóðum, og svo mundu koma verðuppbætur á lán úr bönkum samtímis verðuppbótum á almennt sparifé. Ég hef rætt þetta mál í fundahléi við dr. Jóhannes Nordal og spurt hann, hvort hann telji, að skilja hafi átt orð hans á nefndarfundi á þennan veg. Hann segist hafa nefnt þessi þrjú svið sem þau svið, sem taka ætti upp verðtryggingu á, en þó að hann kunni að hafa hagað orðum sínum þannig, að fyrst hafi hann nefnt lífeyrissjóði og svo nefnt fjárfestingarsjóði og svo nefnt banka, þá hafi alls ekki borið að skilja þau ummæli sín þannig, að með þessu hafi hann átt við ákveðna tímaröð á því, hvernig verðtryggingaákvæðin yrðu framkvæmd. Hann kveðst hafa nefnt þessi þrjú svið. Í einhverri röð hafi hann orðið að nefna orðin og það hafi verið tilviljun ein, sem hafi valdið því, að hann hafi nefnt þau í þessari röð. Hugsun hans væri alveg sú sama og sú, sem ég gerði grein fyrir hér áðan, að ef um almenna verðtryggingu verður að ræða, verður hún auðvitað að koma samtímis á sparifé almennt og á útlán almennt. Í þessu sambandi má auðvitað minna á, að lífeyrissjóðirnir eru auðvitað sparifé. Lífeyrissjóðirnir eru sparifé alveg eins og það fé, sem er í sparisjóðsdeildum bankanna. Öðru máli gegnir hins vegar um hinar opinberu fjárfestingarstofnanir, sem lána út sumpart sitt eigið stofnfé og sumpart fé, sem þeim er séð fyrir með öðrum hætti. Það er því í raun og veru alveg um sömu skoðun á þessu að ræða hjá stjórnarformanni bankastjórnar Seðlabankans og mér.

Og svo að allra síðustu þetta: Hv. þm. sagði, að það væri ekki rétt, sem ég hefði sagt, að réttlætanlegt væri að láta húsbyggjendur greiða vísitöluuppbót á húsnæðislán sín, vegna þess að þeir fengju fulla verðlagsuppbót á kaup sitt. Í vísitölunni væri ranglega tekið tillit til húsnæðisliðarins, hann væri þar of lágt áætlaður. Það er algerlega rétt hjá hv. þm., að húsnæðisliðurinn í gildandi vísitölu er of lágt reiknaður. En það jafngildir ekki því, að vísitalan í heild geti ekki verið rétt mynd af verðlagsbreytingunum í heild, því að það eru aðrir liðir í vísitölunni, sem sannanlega eru of hátt áætlaðir, þó að húsnæðisliðurinn sýni tvímælalaust, — það játa ég fúslega og það held ég, að játi allir, sem það mál hafa kynnt sér, — þó að húsnæðisliður vísitölunnar hafi á undanförnum árum ekki sýnt rétta mynd af hækkun húsaleigukostnaðar, hafa aðrir liðir vísitölunnar ekki heldur sýnt rétta mynd af hækkunum þess verðlags, sem þeir eiga að sýna, heldur sýnt meiri hækkun en raunverulega hefur orðið, alveg eins og húsnæðisliðurinn hefur sýnt minni hækkun en raunverulega hefur orðið, þannig að ekkert liggur fyrir um það, að vísitalan í heild hafi sýnt minni hækkun er orðið hefur á almennu verðlagi. Þetta er hlutur, sem einmitt hefur verið í höndum fræðimanna til rannsóknar undanfarið, þ. e. a. s. kauplagsnefndar og Hagstofunnar, og áður en langt um líður munu liggja fyrir fræðilegar og nákvæmar athuganir einmitt á þessu atriði, og niðurstöðum þeirra er auðvitað sjálfsagt að hlíta.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. 3. landsk. þm. fyrir það, hvað eindregið hann tók undir þau ummæli, sem ég lét falla hér í gær, að verkalýðshreyfingin hefði samið af sér í júnísamningunum 1964, þegar hún féllst á vísitölubindingu húsnæðislána. En ég tel það vafalaust rétt hjá honum, að þetta hafi verkalýðshreyfingin gert í góðri trú og hún hafi haft fyrirheit ríkisstj. um það, eins og kom fram hjá honum, að ríkisstj. mundi sjá til þess, ef verkalýðshreyfingin féllist á þetta, að verðbólgan yrði stöðvuð að mestu eða öllu. En það hefur komið fram hér eins og í svo mörg önnur skipti, sem samið hefur verið við hæstv. ríkisstj., að henni hefur gengið illa að halda loforð sín. En fyrst nú svona er komið, að ríkisstj. hefur ekki staðið við það fyrirheit, sem hún gaf í sambandi við þessa samninga, þá eru þeir að sjálfsögðu úr gildi fallnir, og ef ríkisstj. vill ekki vinna að því að leiðrétta þetta hér á Alþ., sem væri að sjálfsögðu langeðlilegast og heppilegast, þá verður það vitanlega verkefni verkalýðshreyfingarinnar, hvort sem það tekur skemmri eða lengri tíma, að koma því til vegar, að þetta ákvæði verði látið falla niður.

Hæstv. viðskmrh. vildi nú seinast réttlæta þetta bindingarákvæði með því, að launþegum væri tryggt með vísitöluuppbót, að kaup hækkaði í samræmi við aukna dýrtíð og þá að vísu aukinn húsnæðiskostnað líka. En ég hygg, að launþegar hafi þá reynslu, að það sé vafasamt að treysta á það, hvað þessi réttindi þeirra haldast lengi, þó að þau séu í gildi nú. Það eru ekki nema tæp 6 ár síðan núv. ríkisstj. taldi það eitt hið mesta bjargræði, að vísitöluuppbætur á laun yrðu felldar úr gildi, og setti um það sérstök lög hér á Alþ., sem bönnuðu það að mestu leyti eða jafnvel öllu leyti, og það kostaði harða baráttu að fá þessi höft afnumin. Það getur enginn komið til með að segja, ef við búum áfram við óbreytta stjórn, sem maður að vísu reiknar ekki með, en ef svo illa kynni að takast til, þá geta launþegar að sjálfsögðu átt von á því hvenær sem er, að þessi stjórn fari aftur ofan í sama farið og 1960, þegar hún afnam þessar vísitöluuppbætur, og þó að sé ekki athugað nema þetta atriði eitt, þá er ekki mikið á það að treysta. Svo held ég, að það sé líka nokkurn veginn augljóst, a. m. k. eins og framfærsluvísitalan er nú, að þá koma þær hækkanir á húsnæðislánum, sem verða af völdum vísitölunnar, ekki inn í framfærsluvísitöluna, því að það vita allir, eins og hér hefur verið bent á af hv. 11. þm. Reykv., að húsnæðisliðurinn er algerlega rangur í framfærsluvísitölunni í dag og svo rangur, að slíkar breytingar eins og þessar, sem varða húsnæðislánin vegna vísitöluhækkana, koma alls ekki inn í framfærsluvísitöluna, eins og útreikningunum er háttað í dag. Það verður þá að gera breytingu á þeim frá því, sem nú er, á framfærsluvísitölunni, ef slíkar hækkanir á húsnæðislánum eiga að hafa nokkur áhrif á hana.

Ég tek undir það með hv. 11. þm. Reykv., að ég fagna að vissu leyti þeim undirtektum, sem fsp. mín og hv. 3. þm. Vestf. fengu hjá hæstv. viðskmrh. um það atriði, hvort hann væri samþykkur a. m. k. að nokkru leyti þeirri brtt., sem við leggjum fram.

Hæstv. ráðh. sagði, að það væri sjálfsagt, að ef farið væri að setja vísitöluákvæði á útlán lífeyrissjóða og stofnlánasjóða, þá yrði a. m. k. jafnframt eða áður byrjað á því að verðtryggja innlánsfé í bönkum og sparisjóðum. En þetta getur að sjálfsögðu verið nokkuð teygjanlegt orðalag. Ég túlkaði okkar till. þannig, að við ættum við, að það yrði áður að vera búið að verðtryggja meginhluta innlánsfjár í bönkum og sparisjóðum, og í samræmi við það höfum við breytt okkar till., svo að hún verði ekki misskilin að þessu leyti, en orð hæstv. ráðh. mátti hins vegar vel skilja þannig, að hann teldi þessu vera alveg fullnægt, þó að það væri kannske ekki búið að verðtryggja nema 5 eða 10% af innlánsfé í bönkum og sparisjóðum eða einhvern sáralítinn hluta. Þess vegna vil ég endurnýja spurningu mína í nokkuð ákveðnara formi en síðast, hvort hann teldi það ekki skilyrði, að áður þyrfti að vera búið að verðtryggja a. m. k. meginhluta innlánsfjár í bönkum og sparisjóðum, áður en farið væri að setja vísitöluákvæði á útlán stofnlánasjóða og lífeyrissjóða. En því miður gat ég ekki skilið hæstv. ráðh. þannig, því að hann talaði um það í annarri andránni, að það ætti alls ekki að verðtryggja eða setja vísitölubindingu á rekstrarlán. En ég held, að meginhluti þeirra útlána, sem viðskiptabankarnir veita, flokkist undir rekstrarlán, og ég sé ekki, hvernig hæstv. ráðh. og hæstv. ríkisstj. ætlar að framkvæma verðtryggingu á innlánsfé í bönkum og sparisjóðum, ef hún ætlar að láta öll rekstrarlánin vera undanþegin vísitölubindingunni. Ég vil þess vegna vænta þess, að hæstv. ráðh. útskýri þetta dálítið nánar, hann segi alveg ákveðið um það, hvort það sé ekki meining hans, að áður en verði farið að vísitölubinda útlán lífeyrissjóða og fjárfestingarsjóða atvinnuveganna, þá verði a. m. k. búið að verðtryggja ríflegan meiri hluta innlánsfjár í bönkum og sparisjóðum. Ég óska sérstaklega eftir því að fá skýr svör hjá hæstv. ráðh. um þetta efni, og ég tel líka víst, að ég muni fá þau, því að það má þessi hæstv. ráðh. eiga, að hann er yfirleitt fús til þess að gefa greinileg svör við því, sem hann er spurður um, og stendur að því leyti miklu framar en aðrir hæstv. ráðh. Ég sem sagt vænti þess að fá svo greinileg svör hjá hæstv. ráðh. um þetta efni, að það þurfi ekki að leika neinn vafi á um það, hvað hann meinar, að hann meini það t. d. ekki, að það fullnægi þessu sjónarmiði, ef aðeins 5 eða 10% af innlánsfénu er verðtryggt, heldur verður það a. m. k. að vera röskur helmingur þess, áður en gripið er til þess að setja vísitöluskuldbindingu á útlán stofnlánasjóða og lífeyrissjóða.

En þrátt fyrir þessi svör ráðh. og jafnvel þótt hann staðfesti þetta, sem ég nú hef verið að spyrja um, þá tel ég till. okkar hv. 3. þm. Vestf. eigi að síður nauðsynlega, vegna þess að ég álít að í því felist aukið öryggi. Þó að hæstv. núv. viðskmrh. kunni að vilja vel í þessum efnum, binda yfirlýsingar hans ekki hendur þeirra, sem síðar kynnu að koma, og hendur þess aðila, sem á að sjá um framkvæmd laganna, sem er Seðlabankinn, og þess vegna er fyllsta þörf fyrir það, að sú till. verði samþ., sem við hv. 3. þm. Vestf. höfum hér lagt fram.

Ég spurði hæstv. viðskmrh. um það, hvernig trygging á sparifé hefði gefizt í þeim tveimur löndum, þar sem hún hefur verið reynd, Ísrael og Finnlandi. Og mér fannst satt að segja vera heldur lítið að græða á svörum hans um það efni. Það kom t. d. mjög óljóst fram hjá honum, hann sagði, að það væri deiluatriði, hvort sparifjártryggingin í þessum löndum hefði orðið til þess að vinna gegn verðbólgu. Það má dæma nokkuð um það, hvern árangur t. d. verðtryggingin hefur borið í Finnlandi, með því að bera saman kaupsamninga, sem nýlega hafa verið gerðir þar og gerðir hafa verið í Svíþjóð, því að kaupsamningar bera venjulega nokkuð glöggt merki um það, hvort dýrtíð er í landinu og launþegar þykjast þess vegna þurfa að tryggja sig með háum kauphækkunum, verulegum kauphækkunum. Í báðum þessum löndum voru á þessum vetri gerðir kaupsamningar til þriggja ára. Í Svíþjóð, þar sem engin verðtrygging er, en ríkisstj. hefur hins vegar nokkuð gott taumhald á efnahagsmálunum, þar var niðurstaðan sú, að samkvæmt þeim samningum muni launagreiðslur atvinnurekenda hækka um 4% á þessu ári, um 3,9% á næsta ári og 1,9% á árinu 1969. Þetta mun okkur ekki þykja vera miklar hækkanir, en þetta eru hins vegar hækkanir, sem launþegar geta vel sætt sig við, þegar um það er að ræða, að dýrtíð og verðbólgu er haldið sæmilega í skefjum, því að þá verða allar þessar hækkanir raunverulegar eða koma fram sem aukinn kaupmáttur. Í Finnlandi líta þessir kaupsamningar hins vegar talsvert öðruvísi út, sem þar hafa einnig verið gerðir til þriggja ára. Þar er niðurstaðan sú, að í ár á grunnkaupið að hækka um 3+2,4%, þ. e. a. s. það á að hækka í tveimur áföngum á árinu, fyrst um 3% og síðar á árinu um 2,4%. Á næsta ári á kaupið einnig að hækka um 3+3%, þ. e. a. s. það á fyrst að hækka um 3% og síðar á árinu um 3%. Og árið 1968 á það að hækka um 3+3,5%, þ. e. a. s. það á að hækka þá tvisvar á árinu, fyrst um 3% og síðar á árinu um 3,5%. Þessu til viðbótar eru vísitöluuppbætur á kaupgjald í Finnlandi, sem eru ekki í Svíþjóð, og auk þess fólust í þessum nýju samningum ýmsar nýjar greiðslur, sem atvinnurekendur taka á sig, eins og tillag til ýmissa sjóða. Mér virðist, að það sé ekki fjarri lagi að áætla, ef maður ber þetta saman í einu lagi, að samkv. þessum samningum eigi kaup að hækka um eitthvað tæplega 10% í Svíþjóð næstu 3 árin, en þær greiðslur, sem atvinnurekendur greiða, muni alltaf hækka um ein 30% í Finnlandi næstu 3 árin. Nú er talið, að strax á fyrstu 2 árunum muni þessar beinu kauphækkanir í Finnlandi hafa það í för með sér, að framfærsluvísitala þar hækki um 10%, og þá er ekki reiknað með þeim gagnverkandi áhrifum, sem þessar kauphækkanir hafa í för

með sér, þannig að það virðist vera nokkuð augljóst mál, að samkv. þessum kaupsamningum, sem hafa verið gerðir í Finnlandi, muni veruleg dýrtíð og verðbólga haldast þar áfram næstu árin, alveg ólíkt því, sem horfurnar virðast í Sviþjóð. En mér sýnist, að þessi reynsla bendi alveg ótvírætt til þess, að þó að sparifjártrygging hafi verið reynd í einhverjum verulegum mæli í nokkur ár í Finnlandi, hafi hún ekki verkað á þann hátt að koma í veg fyrir kauphækkanir og hækkandi verðlag, heldur hafi hún síður en svo borið nokkurn árangur í þá átt, og sérstaklega kemur það í ljós, ef gerður er samanburður við Sviþjóð.

Þetta sýnir alveg ótvírætt, að þó að verðtrygging á sparifé geti verið réttlætismál til að tryggja hagsmuni sparifjáreiganda, þá er þar ekki um neitt verulegt vopn að ræða í baráttu við sjálfa verðbólguna. Hún heldur áfram að æða eftir sem áður, ef aðrar forsendur til að stöðva hana eru ekki fyrir hendi, sams konar forsendur og eru í Sviþjóð, og þess vegna mega þessar ráðstafanir, ef þær verða gerðar, — og ég hef mjög takmarkaða trú á þeim og í raun og veru mestu ótrú, — þá mega þær ekki verða til þess, að látið sé niður falla viðnám gegn verðbólgunni. Það er jafnnauðsynlegt eftir sem áður. En það held ég, að sé eitt hið hörmulega einmitt í sambandi við þetta mál, að ríkisstj. ætli að þvo hendur sínar og segja: Hér er ég að stöðva verðbólguna, — og svo ætli hún ekki að gera neitt annað til að hafa áhrif í þá átt. Ég er alveg sannfærður um það, að með slíkum vinnubrögðum hæstv. ríkisstj. kemur verðbólgan til með að vaxa hér áfram með svipuðum hætti og verið hefur á undanförnum árum. Þess vegna vil ég leggja áherzlu á það, eins og ég hef áður gert, að það þarf að taka upp allt önnur vinnubrögð í sambandi við þessi mál en átt hafa sér stað á undanförnum árum og hæstv. ríkisstj. ætlar að fylgja áfram. Það þarf að koma hér á, ef vel á að vera, sem víðtækustu samstarfi á milli stéttanna og flokkanna, á milli þings og ríkisstj. um viðnám gegn verðbólgunni, og ef ríkisstj. vill ekki taka að sér að hafa forustu um þetta, á hún engan tilverurétt, og þá vinnur hún ekki heldur í samræmi við þau loforð, sem hún gaf í síðustu kosningum, en meginloforðið var einmitt að vinna að stöðvun verðbólgunnar.

Ríkisstj. gerir sér einhverjar vonir um það, — það hefur komið greinilega fram í ræðum hæstv. ráðh., — að þessar ráðstafanir, sem hún fyrirhugar hér, verði til að draga eitthvað úr þenslunni á vinnumarkaðinum, verði til að draga úr framkvæmdum. Ég hef ekki trú á, að svo verði að verulegu leyti, því að ég held, að framtakssamir menn haldi áfram með einhverjum ráðum að reyna að komast yfir atvinnutæki, eins og verið hefur, og ég er alveg viss um, að þrátt fyrir þau okurkjör, sem eru á húsnæðislánunum, kýs unga fólkið heldur að reyna að fara út í byggingar í þeim efnum en að hafa ekkert húsnæði. Neyðin neyðir það til þess.

Ég get aðeins sagt frá því sem litlu dæmi í þessu sambandi, hvernig ég held, að þetta mundi verka, að ég átti fyrir nokkru tal við gáfaðasta útgerðarmann landsins. Hann hafði fyrir nokkru fest kaup á síldarskipi, og því láni, sem hann tók, fylgdi sú klásúla, að ef gengislækkun verður, hækkar verulegur hluti lánsins í samræmi við það. Ég spurði hann að því, hvort hann væri ekki eitthvað smeykur við þetta. Hann hélt nú ekki, því að hann mundi aldrei koma til með að borga þetta. Og ég býst við, að það hugsi margir þannig, sem taka þessi lán með visitölubindingu, að þróunin verði sú í framtíðinni, að þeir komi ekki til með að þurfa að borga þetta, því að það verði gerðar einhverjar ráðstafanir til að leysa þá undan þessu oki. Ég held a. m. k., að fyrir hæstv. ríkisstj. væri hyggilegt að íhuga ummæli þessa gáfaða útgerðarmanns, áður en hún færi að treysta á það, að hér væri að ræða um vörn gegn verðbólgunni.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ég skal gjarnan taka það fram, að ég er algerlega sammála hv. 5. þm. Reykv. um það, að verðtrygging á sparifé og lánum til langs tíma er engan veginn einhlít til að vinna gegn verðbólgu. Þetta held ég raunar, að ég hafi sagt alveg skýrt áður. En hinnar skoðunarinnar er ég, að verðtrygging sparifjár og verðtrygging fjárfestingarlána geti verið gagnleg sem einn liður í samræmdum heildaraðgerðum til þess að vinna gegn verðbólgu. Að því er það snertir, sem hann vitnaði til reynslunnar í Finnlandi, er það að segja, að það er rétt, að þeim þar í landi hefur þrátt fyrir eflaust góðan vilja ekki tekizt fremur en okkur hérna að vinna bug á verðbólgunni. En það, sem ég sagði um þetta efni áður, sem er nokkurt deilumál þar í landi, er það, hvern þátt verðtryggingin í Finnlandi hafi átt í því að halda verðbólgunni þó í þeim skefjum, sem tekizt hefur að halda henni í þar, að koma í veg fyrir, að hún yrði enn þá meiri. Það er, eins og ég hef sagt áður, atriði, sem mjög erfitt er að færa fullnægjandi og algerlega óyggjandi rök fyrir. Það er hætt við, að þar standi nokkuð staðhæfing gegn staðhæfingu. Hitt er rétt, sem ég sagði, að það mun vera skoðun flestra, a. m k. mjög margra manna þar, að þessar ráðstafanir hafi stuðlað að því í Finnlandi, að verðbólguþróunin þar hafi þó ekki orðið meiri en hún var í raun og veru.

Þetta er þó ekki aðalástæða þess, að ég kvaddi mér hljóðs, heldur hitt, sem hv. þm. beindi til mín varðandi það, hvernig ég teldi röð framkvæmda á þessu sviði eiga að vera, ef þetta frv. næði fram að ganga. Um þetta efni treysti ég mér ekki til að segja annað og meira en það, að það er skoðun mín, að nái frv. fram að ganga, eigi að vera um að ræða alhliða framkvæmd, samhliða framkvæmd á því, að sparifé, hvort sem það er í bönkum eða í lífeyrissjóðum, sé verðtryggt annars vegar og útlán hins vegar. Ég bendi á það, að það er á valdi stjórna lífeyrissjóðanna og fjárfestingarsjóðanna að hagnýta sér heimildir laganna, að fengnu samþykki hlutaðeigandi ráðh. og Seðlabankans, en valdið er hjá stjórnum þessara stofnana sjálfra og ríkisstj. er þar ekki úrslitaaðili að. En að því er snertir sparifé bankanna og útlán þeirra, yrði gert ráð fyrir samvinnu við fulltrúa við-

skiptabankanna, og ég er þeirrar skoðunar, að í þeim efnum eigi engin spor að stíga nema þau, sem nokkurn veginn almennt samkomulag er um milli stjórnar Seðlabankans og stjórna viðskiptabankanna. Með þessu tel ég einmitt, að því markmiði verði náð, að tryggt sé, að ekki verði gripið til annarra ráðstafana í þessum efnum en þeirra, sem nokkurn veginn almenn samstaða er um hjá þeim, sem stjórna banka- og peningamálum þjóðarinnar. — [Fundarhlé.]

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Ég hafði nú hugsað mér að beina orðum mínum nokkuð til hæstv. viðskmrh. í sambandi við umr., sem hér höfðu farið fram um þetta mál í gærdag, og kann heldur illa við það, ef hæstv. ráðh. getur ekki verið viðstaddur, og vildi ég þó ekki tefja neitt fyrir afgreiðslu málsins. Ég vildi nú spyrjast fyrir um það hjá hæstv. forseta, hvort ekki væri líklegt, að hæstv. ráðh. mundi sýna sig hér við umr. (**Forseti:** Því miður verð ég að upplýsa hv. þm. um það, að hæstv. viðskmrh. getur ekki verið við umr. í kvöld.) Það var leiðinlegt að heyra, þar sem þetta er mál, sem hann flytur hér og hefur verið að halda hér ræður um og gaf vissulega tilefni til þess, að við hann yrði rætt. Því miður sé ég, að það vantar einnig hér ritstjóra Alþýðublaðsins, sem á sæti hér í þd., en ég hefði vel getað haft þann þannig, eins og sagt er, að hafi gerzt hjá einum góðum manni, að ég hefði getað dembt þessu yfir hann, sem ég ætlaði að segja, í fullu trausti á það, að hann hefði þá flutt hæstv. ráðh. það, sem ég vildi segja. En þennan hv. þm. vantar hér líka, og verð ég þá líklega að beina máli mínu til þeirra fáu sjálfstæðismanna, sem hér eru, því að það er víst enginn til þess að taka við þessu, sem ég vildi segja, fyrir hönd Alþfl.

Í umr. um þetta mál í gær gerði ég nokkra tilraun til þess að reyna að fá nokkrar efnisumr. um þetta mál, og ég drap þar á nokkur meginatriði, sem efni frv. fjallar um. Hæstv. viðskmrh. hafði lýst því yfir, að að því væri stefnt með þessu frv. að draga úr fjárfestingarlánum og einnig væri að því stefnt að reyna að hamla gegn vexti dýrtíðarinnar. Ég lagði þá hér fram fsp. um það, hvaða tegundir af fjárfestingarlánum það væru, sem ætlunin væri að draga úr með ákvæðum þessa frv., og síðan vék ég einnig nokkuð að því, hversu líklegt það væri, að ákvæði frv. gætu áorkað einhverju í þá átt að draga úr verðbólgunni. En þó að ég færi hér fram á það við hæstv. viðskmrh. að ræða málið nánar á þessum grundvelli, vék hann sér undan því, þegar hann kom hér upp í ræðustólinn á eftir. Og hann ræddi að mínum dómi aðeins aukaatriði málsins, þau, sem segja má, að út af fyrir sig standi enginn ágreiningur um, eins og t. d., að það sé réttlátt að bæta sparifjáreigendum upp það tjón, sem þeir verða fyrir í vaxandi verðbólgu. Út af fyrir sig eru allir sammála um, að slíkt væri æskilegt. Eða þá það, að hæstv. ráðh. talaði mikið um, að það væri nauðsynlegt að koma í veg fyrir, að lántakendur gætu rakað til sín verðbólgugróða í síhækkandi verðlagi. Ég hafði lýst því mjög greinilega yfir í ræðu minni, að ég er sammála þessu líka. Ég vil gjarnan koma í veg fyrir það, að aðilar geti rakað að sér verðbólgugróða. En það var sem sagt alveg ljóst, að hæstv. viðskmrh. óskaði ekki eftir því að ræða þessi meginefnisatriði málsins, en fór sem sagt út í hin atriðin, sem eru minni háttar, og ég þykist hafa sýnt fram á í minni ræðu, að sé verulega líklegt, að hæstv. ráðh. fái náð þessum ágæta tilgangi sínum með lagasetningu í þessa átt, sem frv. stefnir í.

Ég benti alveg sérstaklega á það í ræðu minni, að afleiðingarnar af því að samþ. þetta frv. mundu verða þær, að ýmsir lántakendur, sem raunverulega fá ekki í sínar hendur neinn verðbólgugróða, mundu verða skattlagðir allþunglega samkv. ákvæðum frv., með því að þeir yrðu að greiða aukaálag á afborganir og vexti af lánum sínum og þannig mundu útgjöld þessara aðila margra hverra aukast frá því, sem verið hefur, án þess að þeir hafi fengið í sínar hendur nokkurn raunverulegan verðbólgugróða. Sem dæmi um þetta nefndi ég m. a. þá, sem taka lán til þess að byggja sér íbúð. Þeir, sem taka sér lán til þess að byggja yfir sig íbúð og selja íbúðina ekki, heldur búa í henni, fá vitanlega ekki í sínar hendur neinn verðbólgugróða. En þeir verða að borga allmiklar viðbótarálögur í gegnum vísitöluákvæðin af þeim lánum, sem þeir taka vegna sinna byggingarframkvæmda. Á þennan hátt er verið að skattleggja þessa aðila, og af þessu verða ákveðnar afleiðingar, eins og ég benti á. Um leið og hin almennu íbúðalán verða á þennan hátt dýrari, koma upp kröfur hjá þeim, sem taka þessi lán og verða að standa undir lánunum, um það, að þeir verði að hækka sínar tekjur, það verða afleiðingarnar. M. ö. o.: það má búast við því, að þetta verki hreinlega í þessum tilfellum til þess að auka við dýrtíðina.

Ég tók einnig dæmi um fleiri en íbúðabyggjendur. Ég tók líka dæmi úr atvinnulífinu. Þeir, sem taka lán vegna framkvæmda sinna og verða, ef þetta frv. yrði gert að lögum, að borga verulegt álag á afborganir af lánunum og vaxtagreiðslur af lánunum, þeirra útgjöld vitanlega aukast, og ef þar er um að ræða aðila, sem fær ekki í sínar hendur neinn verðbólgugróða, af því að hann selur ekki eign sína, heldur starfar með hana með eðlilegum hætti, verður þetta til þess að auka á útgjöld viðkomandi aðila, og það er hætt við því, að það muni segja til sín. Ef hér væri um að ræða verzlun eða annað slíkt fyrirtæki, er enginn vafi á því, að verzlunin mundi velta þessum auknu álögum út í verðlagið. Ef hins vegar um væri að ræða framleiðslufyrirtæki, sem kannske berst í bökkum, er hætt við því, að það muni leita til ríkisins um aukinn stuðning.

En um þetta vildi hæstv. viðskmrh. ekki ræða, heldur ræddi um þessar aukagreinar, sem ég var að minnast á. En svo bregður við, að þegar hæstv. viðskmrh. vill ekki ræða þetta, kemur blað hans í morgun, Alþýðublaðið, og segir frá þessum umr. á alleinkennilegan hátt. Það hefur yfirskrift yfir þeirri frásögn, þar sem það skýrir frá þessum umr.: „Lúðvík vill setja verðhækkunarskatt á íbúðir.“ Og síðan er því

lýst í skýru máli, að Lúðvík vilji nú endilega koma miklum skatti á íbúðabyggjendur í landinu og koma í veg fyrir, að menn geti komið sér upp íbúðum. Og dæmi er tekið um það, og m. a. er sagt: Hefði nú t. d. maður byggt sér íbúð, sem kostað hefði 500 þús. kr., en svo hefði þessi íbúð reynzt manninum of lítil, þegar tímar liðu fram, og hann hefði selt íbúðina, þá gat hann selt íbúðina á 800 þús. vegna verðbólgunnar. Þá hefur Lúðvík lagt til, eftir frásögn blaðsins, að þessi maður yrði skattlagður um 300 þús. kr. og þar með yrði lokað fyrir það, að hann gæti eignazt íbúð. En til þess að gera þetta allt saman nægilega vel úr garði, þegar búið er að skýra frá þessum nýja skatti Lúðvíks, verðhækkunarskatti á íbúðir, er sagt, rétt í blálokin orðrétt á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta: „Í umr. sagði Gylfi Þ. Gíslason, að yrði frv. ekki samþ., hlyti vísitala að verða tekin af íbúðarlánum til samræmis.“

Já, það svo sem fer ekkert á milli mála, að þeir, sem lesa þessa klausu, verða varir við eitt. Lúðvík leggur þar til, að íbúðareigendur í landinu verði skattlagðir stórkostlega og það verði komið í veg fyrir það, að þeir geti eignazt íbúðir, en svo bætt við í lokin: En Gylfi vill jafnvel létta af vísitölukvöðinni, sem verið hefur, en ekkert frekar sagt, um hvað frv. var. Þar hafa menn það. Þeir, sem lesa Alþýðublaðið, segja að sjálfsögðu: Mikill dánumaður er hann Gylfi, hann vill létta af þessum óþægilegu kvöðum, sem hafa verið settar á íbúðalánin. En Lúðvík vill magna skattinn frá því, sem hann er.

Ég hlýt nú að spyrja um það: Hvort er heldur, að hér sé á ferðinni slíkur grautarhaus, sem á umr. hefur hlýtt hér, að hann hafi ekki skilið upp né niður í því, sem hér var sagt, og viti ekkert, um hvað málið er, sem er hér til umr., — eða hefur viðkomandi aðili alla þessa miklu tækni til þess að halla réttu máli og hann sé hér aðeins að sýna, á hvers konar kostum hann getur leikið í þeim efnum að falsa rétta frásögn? Sannleikurinn er nefnilega sá, að það hefði verið fullkomlega rétt að skipta hér um nöfn í fyrirsögninni og segja í staðinn fyrir Lúðvík: „Gylfi vill setja verðhækkunarskatt á íbúðir.“ Það er hið sanna. Um það hafa umr. staðið. Hér er verið að leggja til að leggja ákveðinn skatt í formi vísitöluuppbóta á lán, og það er búið að margbenda á það í umr., að þessi skattur muni verða ærið þungur fyrir þá, sem þessi lán taka, m. a. til þess að byggja sér íbúðir. Það er þegar búið að ganga nokkuð inn á þessa braut, en til viðbótar kemur svo hæstv. viðskmrh., Gylfi Þ. Gíslason, og leggur til, að allir lífeyrissjóðir í landinu fái sjálfkrafa heimild til þess að leggja á svona skatt, eins og þegar er kominn á húsnæðismálalánin, á lánin úr lífeyrissjóðunum til þeirra, sem eru að byggja sér íbúðir, og reyndar á að leggja slíkan skatt á ýmsa fleiri. En svona málflutningur er í rauninni ágætt dæmi um það, hvernig vissir aðilar leika sér að því að snúa við staðreyndum, því að það er eins og ég segi, það er bara um tvennt að ræða, annaðhvort er hér um slíkan grautarhausshátt að ræða, að viðkomandi aðili, sem þetta skrifar, hefur ekkert skilið í þeim umr., sem hér fóru fram, og ekkert kynnt sér það mál, sem hér er til umr., eða þá að það er vísvitandi verið að segja hér rangt frá.

Eins og ég hafði hér nokkuð komið inn á, var sannleikur málsins sá, að ég var að vara við því að fara inn á þá braut að skattleggja íbúðarhúsalán. En hæstv. viðskmrh. svaraði því til: Það verður að skattleggja íbúðarhúsalánin eins og önnur lán, til þess að hægt sé að bæta sparifjáreigendum upp þann skaða, sem þeir verða fyrir í verðbólgunni. — Ég benti á það, að raunverulega er um verðbólgugróða að ræða, þar sem þannig stendur á, að lántakandi notar lánið til þess að eignast fasteign, fasteignin hækkar í verði og hann notar fasteignina til sölumeðferðar til þess að hagnast á henni. Þetta á sér stað m. a. hjá bröskurum í þessari grein með fasteignir, þeir hagnast drjúgan á þennan hátt. Dæmið, sem Alþýðublaðið tekur um íbúðareigandann, yrði vitanlega aldrei af neinum manni flokkað undir það, að þar væri um verðbólgugróða að ræða. Þar er aðeins um það að ræða, að íbúðareigandi skiptir um íbúð, og slíkt yrði vitanlega aldrei flokkað undir neinn verðbólgugróða og er alger tilbúningur þess, sem hefur skrifað klausuna í Alþýðublaðið. En á það má svo einnig benda, að fyrirkomulag, sem ég benti á, að væri vitanlega auðvelt að hafa til þess að koma í veg fyrir, að þeir, sem raunverulega vildu ná sér í verðbólgugróða gegnum lántöku, gætu hagnazt, það væri einmitt að beita þeim ákvæðum, sem við höfum haft í lögum alllangan tíma í sambandi við lánveitingar úr verkamannabústaðakerfinu. Þar hafa þessi ákvæði verið í gildi, að lántakandinn fær ekki að selja þá eign, sem hann hefur fengið fyrir þetta lán, á þann hátt, að hann nái í verðbólgugróða út á lántökuna. Hann getur vitanlega fengið sinn eðlilega hagnað af því, sem hann hefur sjálfur lagt í íbúðina, en hitt er bannað.

Það, sem hæstv. viðskmrh. vék sér alveg undan að ræða í sambandi við þetta mál, en auðvitað er alveg meginatriði, er það, að þegar hann segir, að það sé nauðsynlegt að bæta sparifjáreigendum upp það tjón, sem þeir verða fyrir í vaxandi verðbólgu, verður hann að gera sér grein fyrir því, hver á að borga þetta tjón. Hvaðan eiga peningarnir að koma? Og er það viljinn að ná í þessa peninga til þess að bæta sparifjáreigendum upp það tjón, sem þeir verða fyrir í verðbólgunni, á þann hátt að hækka raunverulega almennan húsaleigukostnað í landinu? Telja menn það réttmætt, telja menn það rétt? Það er auðvitað mesti misskilningur hjá hæstv. viðskmrh., þegar hann lætur orð að því liggja, að sparifjáreigendur í landinu séu hinir mörgu, smáu, fátæku í landinu. Það er rétt, það eru vitanlega talsvert margir, sem eiga sparifé. En í sparifé landsmanna, því fé, sem lánað er út af lánastofnunum, þar er einnig um ýmsa aðra aðila að ræða og þá mjög stóra, sem aldrei geta flokkazt undir hina mörgu og smáu. Ég hygg, að t. d. bankarnir í landinu eigi nú orðið í eigin fé hartnær 1 milljarð. Þetta fé er vitanlega talið með í sambandi við hin almennu útlán, enda er gert ráð fyrir því í frv., að bank-

arnir fái heimild til þess að lána út þetta fé með vísitöluálagi.

Það hefur verið nokkuð talað um einn sjóð að undanförnu, einn af hinum stærri sjóðum, atvinnuleysistryggingasjóð, sem lánar út mikið fé. Hann mun þegar eiga á milli 700 og 800 millj. kr. Og þannig væri hægt að nefna marga aðra sjóði, sem eiga fjármagn í útlánum, og það er vitanlega verið að gera ráð fyrir því að láta þessa aðila hagnast frá því, sem verið hefur, eða forða þeim frá því, að þeir tapi í verðbólgunni.

Ég fyrir mitt leyti hef ekki á móti því, að það sé reynt að koma í veg fyrir það, að sparifé, hvort það er heldur sparifé bankanna eða sjóða eða tiltölulega fátækra einstaklinga, — að reynt verði að koma í veg fyrir það, að þetta fé rýrni í verðbólgunni. En ég hef bara bent á það, nákvæmlega eins og bankastjórar Landsbankans bentu á í bréfi sínu til fjhn. þessarar d. í umsögn sinni um þetta frv., að ég álít, að rétta leiðin til þess að koma í veg fyrir það, að fé þessara aðila rýrni í verðbólgunni, sé að snúa sér að vandamáli verðbólgunnar sjálfrar, reyna að stöðva óðaverðbólguna, sem hér er í gangi hjá okkur. En þær ráðstafanir, sem gert er ráð fyrir í þessu frv., miða ekki að því að stöðva verðhækkanirnar. Þær geta gengið áfram eftir sem áður. En hinu verða menn aftur að gera sér grein fyrir, að verðtrygging á fjárskuldbindingum eða á lánum er mjög erfið viðfangs, þar sem um er að ræða æðandi dýrtíð. Þá skapast margvísleg og mikil vandamál, og ég vildi gera tilraun til þess að fá hér inn í umr. einmitt álit hæstv. viðskmrh. á því, hvernig hann ætlaði sér að glíma við þau vandamál, sem upp kæmu, ef þetta yrði reynt í framkvæmd, hvernig hann ætlaði að fara að því að leysa vandamál hinna fjölmörgu íbúðabyggjenda í landinu, þegar þeir fá á sig aukin útgjöld, hvernig hann ætlaði að fara að því að mæta nýjum útgjaldavandamálum ýmiss konar fyrirtækja, hvernig hann ætlaði að koma í veg fyrir það, að verzlunin í landinu, að því leyti sem hún yrði að borga þessar auknu álögur, velti því ekki af sér út í verðlagið. Hvernig ætlar hann að koma í veg fyrir þetta? Um þetta fékkst hæstv. viðskmrh. ekki til að ræða.

Hæstv. viðskmrh. sagði hins vegar, að það væri ætlunin, strax eftir að frv. þetta yrði að lögum, að láta þessar vísitöluuppbætur ná til sparifjárins í landinu eða gefa sparifjáreigendum strax kost á því að leggja fé sitt inn til geymslu með þessum kjörum. Nú vitum við það, að þar er ekki aðeins um að ræða það fé, sem safnast hjá sparifjáreigendum í landinu, frá því að þetta frv. er gert að lögum. Það er ekki aðeins um það fé að ræða, heldur geta sparifjáreigendur, sem eiga þær innstæður, sem standa nú í lánastofnunum landsins, vitanlega tekið út þetta fé og breytt því á tiltölulega mjög skömmum tíma í vísitölutryggð innlán. Þetta þýðir vitanlega, eins og bankarnir í landinu hafa bent á, að þarna skapast mikil útgjöld, sem ganga til verðuppbóta á þessu sparifé. Og einhvers staðar verður að fá peningana í þessi nýju útgjöld. M. ö. o.: bankarnir verða strax að gera ráðstafanir til þess að koma útlánum sínum einnig undir vísitöluákvæði. Og viðskiptabankarnir bentu á það, að þeim mundi vera um megn að koma nægilega miklu af sínum lánum undir vísitöluákvæði og þeir mundu ekki geta staðið undir auknum útgjöldum af því sparifé, sem inn til þeirra kæmi og síðan ætti að verðtryggja, — þeir bentu á, að þetta mundu þeir ekki geta, vegna þess að viðskiptabankarnir lána tiltölulega mjög lítið út af fjárfestingarlánum og þeir hafa því ekki aðstöðu til þess að stofna til útlána, sem gefa þeim auknar tekjur eftir þessari leið, en þeir taka hins vegar á móti meiri hluta af sparifé landsmanna á hverju ári og þyrftu því að standa undir auknum útgjöldum af þessum innlögum. Bankarnir hafa bent á það, að þeir mundu ekki geta staðið undir þessum nýju útgjöldum, nema þá með þeim hætti, eins og bankarnir segja, að þeir drægju stórlega að sér með veitingu rekstrarlána og tækju upp á því að lána meira og meira af fjárfestingarlánum. En auðvitað vita allir, að slíkt væri ekki æskilegt, heldur þvert á móti stórhættulegt. Þegar viðskiptabankarnir bentu á þetta, svaraði stjórn Seðlabankans því, að leiðin út úr þessu yrði sú, að viðskiptabankarnir yrðu að breyta verulegum hluta af þeim lánum, sem þeir hefðu þegar stofnað til, til ýmiss konar atvinnurekstrar í lengri lán, 5—8 ára lán og koma þeim einnig undir vísitöluákvæðin, jafnvel þó að þarna væri um rekstrarlán að ræða, eins og Seðlabankinn orðaði það. Ég held, að þetta geti ekki leitt til annars en þess, að þeir aðilar, sem fyrir slíku yrðu, t. d. verzlunarfyrirtæki, mundu reikna með auknum útgjöldum hjá sér af lánum og hækka sína álagningu, þar sem álagningin er frjáls í langflestum tilfellum, og þetta mundi beinlínis leiða til hækkandi verðlags í landinu.

Þegar þessi mál eru rædd og óskað er eftir umsögn hæstv. viðskmrh., sem talar hér fyrir þessu frv., um þessi atriði, skýtur hann sér algerlega fram hjá þessu, og þá veit hann, að það er ekki aðeins ég, sem hef bent á þetta. Á þetta hafa m. a. bent viðskiptabankar landsins. En eina svarið, sem kemur frá hæstv. viðskmrh., er þetta: Það er sanngjarnt að bæta sparifjáreigendum upp það tjón, sem þeir verða fyrir í verðbólgunni, og það á að koma í veg fyrir það, að óeðlilegur verðbólgugróði safnist á hendur þeirra, sem lán taka í bönkunum. — Slík svör sem þessi frá hendi hæstv. viðskmrh. bera vitni um það að mínum dómi, að hann vill ekki horfast í augu við þann vanda, sem hann verður þó fyrr eða síðar að standa frammi fyrir í sambandi við framkvæmd á þessu máli.

Röksemdir eins og þær frá hæstv. viðskmrh. í sambandi við þetta vísitöluálag, sem mundi koma fram á íbúðalánum, að segja, að það skipti engu máli, þó að þeir, sem taka sér lán til íbúðahúsabygginga, þurfi að borga verulegt álag á afborganir og vexti af þessum lánum, vegna þess að þetta aukna álag renni aftur til íbúðarhúsalánakerfisins og aðrir lántakendur muni njóta góðs af þessum auknu greiðslum húsbyggjenda, — slíkar röksemdir eru auðvitað alveg fráleitar og ekki sæmandi hæstv. við-

skmrh. Alveg á nákvæmlega sama hátt hefði ráðh. getað sagt: Húsbyggjendur ættu ekki að vera að tala um það, hvort þeir borga heldur 8% vexti af þessum lánum sínum eða 20% vexti, það skiptir engu máli, vextirnir renna í húsnæðismálasjóðinn góða, og þar með hefur hann meira fé á milli handa og getur lánað fleiri aðilum út til íbúðabygginga. — En slíkir háir vextir af íbúðalánunum eða aukaálag á umsamda vexti og umsamdar afborganir leiðir vitanlega til aukinna útgjalda íbúðarhúsaeigenda, og það eru þessi auknu útgjöld, sem gilda í lífi viðkomandi manna, og þeir munu gera kröfur um það að fá kaup hækkað til þess að vega upp þessi auknu útgjöld, hvað sem líður því, að það sé verið að byggja upp einhvern ágætan sjóð fyrir framtíðina. Svona röksemdir vitanlega duga engan veginn.

Þá vék hæstv. viðskmrh. að því, að hann játaði það, að slíkt vísitöluálag kæmi eingöngu á lán, sem tekin væru til íbúðarhúsabygginga, það væri út af fyrir sig ósanngjarnt, það viðurkenndi ráðh. En hann virtist vilja gera þetta sanngjarnt með því að koma hliðstæðum álögum á miklu fleiri aðila. En hæstv. ráðh. kemst þó ekki fram hjá því, að þetta frv. er þannig byggt upp, að það er fyrst og fremst gengið út frá því, að öll íbúðarhúsalán í landinu lendi undir þessi ákvæði. Í fyrsta lagi eru lánin frá húsnæðismálastjórn þegar komin undir þessi ákvæði, og síðan er gert ráð fyrir því, að lífeyrissjóðirnir, sem starfandi eru í landinu, fái sjálfir heimild til að taka upp þetta sama fyrirkomulag. Þar með er búið að tryggja það samkv. frv., að svo að segja öll lán, sem ganga til íbúðabygginga, skuli háð þessum kvöðum. En það er hins vegar ekki að finna í þessu frv. neitt um, að það sé öruggt, að t. d. lán til verzlunarinnar á landinu verði háð þessum skilmálum, — ekkert. Það yrði alveg undir ákvörðunarvaldi Seðlabankans og viðskiptabankanna, hvort það yrði gert eða ekki. Og ef lánin til verzlunarinnar yrðu látin bera þessar kvaðir, hvaða trygging er þá fyrir því, að verzlunin velti ekki af sér þessum nýju álögum út í verðlagið og þeim, sem fást við verzlun, megi í léttu rúmi liggja út af fyrir sig, hvort þessar álögur falla á þau lán eða ekki? Hér eru engar skorður reistar gegn slíku sem þessu, — engar. En frá hinu virðist vera gengið alltryggilega, að íbúðabyggjendur skuli verða að borga þetta aukna álag.

Í umsögnum viðskiptabankanna um þetta frv. kemur greinilega fram, að þeir benda á marga annmarka við að reyna að fara þessa leið, sem gert er ráð fyrir í þessu frv. Þeir benda á, að það sé veruleg hætta á því, að sparifjáreigendur í landinu verði látnir búa við mismunandi kjör í þessum efnum, af því að því er í rauninni slegið föstu fyrir fram, að það sé alveg óframkvæmanlegt að verðtryggja allt sparifé í landinu. A. m. k. segir Seðlabankinn það í sínu bréfi, að það sé með öllu útilokað að færast slíkt í fang. En þá er, eins og viðskiptabankarnir benda á, hætt við því, að útkoman verði sú, að sumir sparifjáreigendur geti komið sínu sparifé undir þessi ákvæði og vísitölutryggt sig, en aðrir sparifjáreigendur í landinu eigi ekki þess kost. Þá væri búið að loka fyrir það, ef ásóknin verður meiri en að einhverju vissu marki. Það er því mjög hætt við því, að þessar reglur verði til þess að skapa misrétti á milli hinna einstöku sparifjáreigenda í landinu. Bankarnir benda líka á það, að það er mjög hætt við því, að það skapist misrétti í sambandi við lánveitingarnar líka, vegna þess að það er ekki gert ráð fyrir því, að öll útlán bankanna verði með þessum ákvæðum, og það virðist vera, að það eigi að framkvæma það eftir fyrirskipunum frá Seðlabankanum og eftir ákvörðun viðskiptabankanna, hvort þessi lántakandinn eða hinn á að fá lán með þessum sérstöku kjörum eða hvort þeir geti fengið lán, sem séu ekki vísitölubundin. Á þennan hátt er verulega hætt við því, að það geti skapazt mikið misrétti á milli hinna einstöku lántakenda og það geti skapazt mjög mismunandi aðstaða þeirra á milli í sambandi við þeirra rekstur eða þeirra aðstöðu. Annar viðskiptabankinn undirstrikar í sínu bréfi, að hann telji, að það sé með öllu fráleitt að tala um það að setja vísitöluákvæði á rekstrarlán. Ef lánin séu raunverulega bundin í rekstri á einn eða annan hátt, telur sá viðskiptabanki það með öllu fráleitt að hugsa sér að taka upp vísitöluákvæði á slíkum lánum, af því að það muni beinlínis verða til þess að auka við verðbólguvöxtinn í landinu. En sami banki og einnig hinn viðskiptabankinn bendir hins vegar á það, a. ef eigi að nokkru marki að verðuppbæta sparifé, verði viðskiptabankarnir einmitt til þess að skapa sér tekjur til að standa undir slíkum bótum að fara inn á þá braut að breyta ýmsum rekstrarlánum í vísitölubundin lán, sem þeir telja hættulegt.

Bankarnir undirstrika það, að þeir telja mjög mikla óvissu í sambandi við framkvæmd á löggjöf sem þessari, og því lögðu báðir aðalviðskiptabankar þjóðarinnar til, að málið næði ekki fram að ganga á þessu þingi, það yrði látið bíða. En nú kemur í ljós, að hæstv. ríkisstj. virðist leggja áherzlu á það, að þetta mál, eins og það er undirbúið, nái fram að ganga, hvað sem öllu öðru líður. Ríkisstj. hefur heyrt, að forustumenn verkalýðssamtakanna í landinu, sem hér hafa talað um þetta mál, eru andvígir frv., eins og það liggur fyrir, mjög andvígir og telja, að framkvæmd á því mundi leiða af sér mikil vandkvæði. Ríkisstj. hefur þegar heyrt andstöðu bankanna í landinu, og hún verður auðvitað að viðurkenna það, að hún hefur ekki getað fært fram gild rök fyrir því, hvernig eigi að bregðast við þeim vanda, sem upp hlýtur að koma, ef á að framkvæma þau ákvæði, sem í frv. eru. En samt vill hún endilega drífa þetta mál í gegn á þessu þingi. Hver er ástæðan? Hvað liggur á bak við? Er þetta kannske eitt af þeim málum, sem ríkisstj. vill reka hér í gegn og láta svo þessar víðtæku lagaheimildir liggja á borðinu hjá sér, þegar hún fer að semja við launþegasamtökin á komandi sumri? Er kannske meiningin að benda á það, að ef verkalýðshreyfingin vilji falla frá þessari kröfunni eða hinni kröfunni í sambandi við launamál, gæti ríkisstj. vel hugsað sér að láta þetta mál ófram-kvæmt? Er ætlunin e. t. v. þessi? Mér finnst

margt benda til þess. Ríkisstj. hefur leikið ekki ósvipað áður. En ég held, að það sé ekki líklegt, að mál eins og þetta geti orðið að miklum gjaldeyrisverðmætum í höndunum á hæstv. ríkisstj. í sambandi við þessa komandi samninga. Ég held, að henni sé óhætt að gera sér grein fyrir því nú þegar.

Ég skal ekki lengja þessar umr. öllu meira. Ég sé, að hæstv. ríkisstj. leggur ekki mikla áherzlu á að vera hér við þessar umr., hún vill ekki ræða efni málsins. Hún vill hins vegar reka málið í gegn, og auðvitað fer það í gegn. Hún ræður yfir nægilega mörgum handleggjum hér í þd., og í gegn skal það fara, hvort sem hún mætir hér til þess að tala fyrir málinu eða ekki, svo að það þýðir kannske ekki ýkjamikið fyrir mig eða aðra að standa hér í pontunni og ræða þetta mál efnislega. En e. t. v. verður þessi ræða mín ekki síður en hin í gær efni í nýja Alþýðublaðsgrein um árásir þær, sem ég hef í hyggju á íbúðarhúsaeigendur í landinu, en hinn ágæta vilja ríkisstj. um það að létta álögum af húsbyggjendum.

Björn Pálsson: Herra forseti. Aðeins örfá orð. Í fyrsta lagi furðar mig á því, að þetta frv. skuli ekki vera betur undirbúið. Það er ekki rætt við viðskiptabankana, og þegar þeim er sent frv. til umsagnar, leggja þeir frekar á móti samþykkt þess og telja ýmis tormerki á því. Hér er um stórmál að ræða og mjög vandasamt í framkvæmd, og það hefði ekki mátt minna vera en aðalbankar landsins hefðu rætt þetta sín í milli og gert sér grein fyrir, á hvern hátt þeir vildu framkvæma það og hvort það væri yfirleitt framkvæmanlegt. Þetta virðist ekki hafa verið gert.

Auk þess virðist mér hér ekki vera um annað að ræða en afhenda Seðlabankanum eða ríkisstj., því að það er stutt þar á milli húsa, svo að segja einræðisvald í þessum málum. Þetta eru heimildir, sem þessir aðilar geta framkvæmt eftir sínum hugdettum. Öll ákvæði í frv. um verðtryggingar eru óákveðin, flókin og virðast eiga að framkvæmast eftir því, sem þessum aðilum þóknast, þ. e. stjórn Seðlabankans og sennilega þá í samráði við ríkisstj.

Ég er sammála hv. 3. landsk. þm. um það, að ég held, að þarna getum við lent í hálfgerðri frumskógaflækju. Það er ekki hægt að neita því, að lækkandi kaupmáttur krónunnar örvar til framkvæmda. Menn flýta sér að festa fé sitt í einhverju, sem missir ekki verðgildi, og þeir geta á þann hátt hagnazt á vaxandi verðbólgu eða minnkandi verðmæti krónunnar. Hinu ber ekki að neita, að sparifjáreigendur hafa verið illa leiknir með því að geta ekki verðtryggt fé sitt og ýmsir sjóðir í landinu. Þetta er þess vegna mjög vandasamt mál. Ef þetta yrði gert, virðist mér, að það yrði að rannsaka málið rækilega, og það væri sannarlega ekki úr vegi að kynna sér framkvæmd þessara mála í þeim löndum, sem þetta hafa reynt, og við þurfum ekki að efast um það, að ef það væri gert, væri hægt að læra ýmislegt af reynslu þeirra. Þetta hefði átt að gera, áður en frv. var hespað í gegn.

Ég held, að ef í þetta verður farið, verði að taka þetta á breiðum grundvelli, þannig að það gangi jafnt yfir alla aðila, en ekki aðeins eftir því sem seðlabankastjórunum dettur í hug að framkvæma það. — Viðskmrh. lýsti yfir raunar, að þetta væri óframkvæmanlegt nema í samráði við viðskiptabankana. En því í ósköpunum er ekki talað við þá, áður en frv. er lagt fram og hespað í gegnum þingið? Ég held, að það verði að gera þetta á breiðum grundvelli, t. d. að öll lán til lengri tíma en 6 mánaða yrðu verðtryggð, og þá yrði einnig að verðtryggja sparifé, sem yrði lagt inn í bækur — við skulum segja lengur en til 6 mánaða. En þetta þarf allt að rannsaka, hvort það er framkvæmanlegt. Ef þetta er ekki gert, ef horfið væri t. d. að því að lána út á vísitölutryggingu, öll rekstrarlán einnig, yrði það ákaflega erfitt og flókið í framkvæmd og skapaði mikla aukavinnu. Og það yrði þá einnig að taka allt sparifé, sem lagt er inn, hvort sem það er til skemmri eða lengri tíma. Þetta yrðu bankarnir að gera sér ljóst í byrjun og vera búnir að rannsaka þetta mál, gera sér ljóst, hvaða leið væri auðveldast að fara í þessu efni, ef á annað borð er lagt í þetta. En það getum við gert okkur alveg ljóst, að verðtrygging sparifjár dregur stórkostlega úr framkvæmdum, en jafnframt eykur hún áhuga á því að safna peningum. Það eru mestar líkur til, að sparifé mundi aukast í landinu, en framkvæmdir mundu minnka. Og þá getur verið, að mætti létta eitthvað af þeim sköttum, sem nú eru settir á ýmsa aðila í þjóðfélaginu, til þess að skylda þá til þess að spara fé, til að geta látið lánastofnunum í té eitthvert lánsfé. Það er nú gert með þvingunarráðstöfunum eða löggjafarvaldi. Mætti vera, að hægt væri að létta því af, ef ríkisstj. hefði á annað borð áhuga á því. Ég er ekki að fordæma þessa hugmynd, það er fjarri því. En ég álít, að það þurfi að undirbúa þetta mál betur og kynna sér betur reynslu þeirra þjóða, sem þetta hafa reynt.

Hv. 5. þm. Austf. gat um það og ræddi ýtarlega um það, að þeir, sem byggðu hús, gætu ekki grætt á verðbólgu. Ég er ekki að öllu leyti sammála þessu. Bóndi, sem tók lán fyrir 10—20 árum, byggði sér íbúðarhús og hann ræktaði land. Hann getur borgað með verðminni krónum án þess að selja sína jörð. Hann hefur því grætt á því að gera framkvæmdir og greiða þær með verðminni krónum. Launþegi í bæ byggir sér íbúðarhús, hefur byggt það við skulum segja fyrir 5—6 árum. Við skulum segja, að hann hafi byggt það 1961, og þótt gengið sé skráð eins og 1961, þá er verðmætið ekki það sama. Ef hann er að borga með krónum, sem hann vinnur sér nú fyrir, nú eru laun hærri, verðmæti krónunnar minna, og ef hann er að borga skuldina af húsinu með því, sem hann vinnur sér inn nú, græðir hann óbeint á verðþenslunni án þess að selja húsið. Þannig hafa margir bændur grætt á því að hafa gert framkvæmdirnar fyrir nokkrum árum. Og þeir gera sér vonir um, að þeir sem eru að gera framkvæmdir í dag, muni græða á því að gera þær nú, í staðinn fyrir að draga það, því að verðmæti krónunnar muni minnka. Þannig er hægt að hagn-

ast, þótt það sé ekki gert með braski. Það er hægt að hagnast á því að gera framkvæmdina, — við skulum segja byggja íbúðarhús, þótt húsið sé ekki selt. En við getum sagt, að það sé ekki í stórum stíl, en það getur þó munað nokkru. En þetta er mjög vandasamt mál og athyglisvert og ekki vafi á því, að verðbinding sparifjár, sé hún framkvæmd skynsamlega, dregur úr þessari svo að segja takmarkalitlu fjárfestingu, sem nú er, því að það virðist eins og allir, sem eiga eitthvert fjármagn, keppist við að breyta því í einhver verðmæti.

Það eru ekki ríku mennirnir, sem eiga féð í bönkunum, það eru þeir, sem eru tiltölulega litlir auðmenn, sem eiga ekki það mikið fjármagn, að þeir geti lagt það í neinar stærri framkvæmdir, sem þeir geti hagnazt á. Það eru þeir, sem eiga aðallega sparifé. Þetta viðurkenna og vita bankamennirnir. Ríku mennirnir, sem eiga milljónir, geyma peningana sína ekki til lengdar í bönkum. Þess vegna er þetta athyglisvert mál og þarf vandlegan undirbúning. En eins og þetta frv. er nú og með jafnlitlum undirbúningi og með jafnlitlu samráði sem haft hefur verið við viðskiptabankana og aðra aðila í þjóðfélaginu, — í raun og veru þyrfti að ræða þetta mál á viðtækum grundvelli við atvinnurekendur og launþega, áður en ráðizt er í framkvæmdir, — þá get ég ekki greitt því mitt atkv.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Ég skal leitast við að vera stuttorður, enda er ekki þægilegt að tala hér um atriði, sem hæstv. ráðh. kom inn á, þegar hann er ekki viðstaddur, og er það mjög slæmt, að ráðh. skuli ekki geta verið við umr. um mál, sem þeir flytja sjálfir. En þó er þetta sá hæstv. ráðh., sem bezt, held ég, stendur fyrir sínu máli hér á hv. Alþ. En af því að þetta er 3. umr. málsins og enginn kostur á að ræða það frekar, — nú á að ljúka henni í kvöld, — sé ég mig tilneyddan að drepa hér sérstaklega á eitt atriði, sem hæstv. ráðh. ræddi um og ég beindi fsp. til hans um í gær.

Ég sýndi fram á það þá, að vísitöluálagið á húsnæðislánin væri gersamlega óviðunandi, og nefndi nokkrar tölur um það, hvernig þetta mundi verka, að vextir og afborganir af 280 þús. kr. húsnæðisláni nú án verðbólgu væru í kringum 18600 kr. á ári, yrðu komin upp í 30300 kr. eftir 5 ár, ef reiknað væri með 10% vísitöluhækkun á láninu, upp í 48.9 þús. eftir 10 ár og upp í 78.7 þús. eftir 15 ár o. s. frv. Svona er þetta allt að vaxa, ef maður gerir ráð fyrir þessari verðbólgu. Ef menn fá tvenn lán, annað frá húsnæðismálastjórn og hitt úr lífeyrissjóði, og gert væri ráð fyrir, að þau væru til samans 500 þús. kr., væri árleg greiðsla af slíku láni án vísitöluhækkunar í kringum 33 200 kr., en með þessari vísitöluhækkun, áætlaðri 10% á ári, yrði það komið upp í 53.6 þús. eftir 5 ár, 86.2 þús. eftir 10 ár og 138.9 þús. eftir 15 ár. Þetta er svo ör hækkun og svo stórkostleg, að það er gersamlega óviðunandi að sætta sig við svona byrðar á fólk, þó að það sé til þess að tryggja ágætan sjóð. Ég beindi þeirri fsp. til hæstv. ráðh., hvort hann teldi þetta viðunandi, hvort hann vildi sætta sig við þetta. Og hæstv. ráðh. svaraði þessu, og hann meira að segja endurtók svarið í umr. í dag, og efnislega var svar hans á þessa leið:

„Ef vísitala framfærslukostnaðar hækkar, fá menn vísitöluhækkun á laun, og þá geta þeir greitt þetta."

Efnislega var það á þessa leið, og hann endurtók þetta hvað eftir annað, að það sé engin ósanngirni í því að leggja þessa byrði á húsbyggjendur, ef þeir fengju vísitöluhækkun á launin sín. Hitt viðurkenndi hann, að ef þeir fengju hana ekki, kæmi þetta ekki til mála. M. ö. o.: vísitöluhækkun á laun á þá að bjarga við eða mæta þessum byrðum, sem þannig geta komið á menn. En ég vil nú benda hæstv. ráðh. á það, að því aðeins fá menn vísitöluhækkun á laun, að framfærsluvísitalan hækki, annars fá þeir enga hækkun. Og af hverju hækkar framfærsluvísitalan? Af því að lífsnauðsynjarnar hækka í verði. Og þessi launahækkun, vísitöluhækkun á launin, er til þess að mæta verðhækkunum á lífsnauðsynjunum en ekki á lánum. Hvernig eiga menn þá að borga með þessari vísitöluhækkun á launin bæði hækkun lífsnauðsynjanna og líka hækkun á lánunum? Þetta er hrein hugsanavilla frá upphafi til enda. Þetta er alveg eins og hjá karlinum, sem vildi bæði éta jólagrautinn sinn og geyma hann til nýárs-ins. Það eru ekki betri rök, sem þarna eru flutt.

Hæstv. ráðh. orðaði það, a. m. k. efnislega, á þessa leið: Ef vísitala framfærslukostnaðar hækkar, hafa menn fengið launahækkun. — Þetta eru gömlu trúarbrögðin, að framfærslukostnaður hækki bara vegna launahækkananna. Þau eru enn við lýði, þessi trúarbrögð hjá hæstv. ríkisstj. Ég vil benda mönnum á tímabilið frá ársbyrjun 1959 fram til júlímánaðar 1961. Í ársbyrjun 1959 var það fyrsta verk ríkisstj. Alþfl. að lækka öll laun í landinu með lögum. Þrátt fyrir þessa lögþvinguðu launalækkun, varð engin launahækkun í landinu allt þetta tímabil, þó nokkuð á 3. ár, ekki nein launahækkun neins staðar. Framfærslukostnaðurinn hefur líklega ekki hækkað. Jú, hann hækkaði um 18% á þessu tímabili, þrátt fyrir það að hvergi varð launahækkun. Það þarf víst ekki að leita að mörgum dæmum um það, að framfærslukostnaður getur hækkað án allra launahækkana. Hvað segja menn um rafmagnshækkanir, sem verið er að framkvæma, fargjaldahækkanir og söluskattshækkanir, svo að það séu nefnd nokkur dæmi? Ekki eru þetta launahækkanir. Allt veldur þetta hækkun á framfærslukostnaðinum.

Hv. 11. þm. Reykv. benti á það í ræðu sinni í dag, að vísitala framfærslukostnaðar væri að því leyti villandi, að húsnæðiskostnaðurinn væri reiknaður þar alveg óhæfilega lágur og þar af leiðandi kæmu ekki fram í vísitölu á laun neinar hækkanir, sem teljandi eru, vegna hækkaðs húsnæðiskostnaðar. Þetta viðurkenndi hæstv. ráðh., að væri rétt, húsnæðiskostnaðurinn í framfærsluvísitölu væri reiknaður of lágt. En hann sagði annað, og það hef ég aldrei heyrt fyrr. Hann sagði: Það eru aðrir liðir í framfærsluvísitölunni, sem eru aftur á móti of háir, svo að meðaltalið út úr þessu er nokkurn veginn rétt. — Þessa kenningu hef ég aldrei heyrt

fyrr. Ég veit ekki, hvaðan hún getur verið komin. Framfærsluvísitalan er reiknuð út frá neyzlurannsókn, sem fór fram á árunum 1953—1954. Það var rannsakað hjá heilum hóp fjölskyldna, hvað þær notuðu mikið af hverri vörutegund yfir heilt ár. Þetta er grundvöllurinn að vísitölunni, sem við höfum núna, og hefur alltaf verið frá 1939, að vísitalan kom fyrst til. Nú eru liðin 12 ár, frá því að þessi rannsókn fór fram, en sú vísitala, sem á henni byggðist, byrjaði að vísu ekki fyrr en 1959, en á þessari rannsókn var byggt. Hvað ætli það sé þá í þessari framfærsluvísitölu, sem er of hátt reiknað? Er gert ráð fyrir of miklum matvælum, sem fólkið borði? Það er þó byggt á rannsókn og skýrslum fólksins sjálfs, hvað það notaði. Er þá skekkjan í því, að það noti of mikil föt? Það var líka byggt á því, hvað fólkið notaði í föt. Notar það of mikið rafmagn? Hvað ætli þetta sé? (Gripið fram í.) Ef þetta hefur aldrei verið reiknað of hátt, er ekki um neina hlutfallsskekkju að ræða. Þetta er hrein vitleysa út í loftið. Fólkið sjálft hefur lagt fram gögn yfir það, hvað það notar mikið af hverri einustu vörutegund yfir árið. Síðan gerir Hagstofan ekkert annað en reikna út verðið, þ. e. a. s. finna út verðið á þessu og reikna út, hvað þetta gerir mikið yfir árið. Þannig er vísitalan fundin. En húsnæðiskostnaðurinn á að vera rúmar 1000 kr. á mánuði og fyrir bragðið verður heildarupphæðin, sem fjölskyldunni er ætluð yfir árið samkv. vísitölunni, miklu lægri en hún raunverulega er. Þetta hefur breytzt svo á síðustu árunum, á 6 síðustu árunum, að í marz 1960 var þó húsnæðiskostnaðurinn reiknaður 15.3% af útgjöldum fjölskyldunnar, en í marz núna í vetur ekki nema 10.6%. Það fer alltaf lækkandi, húsnæðiskostnaðurinn hjá fólkinu á alltaf að fara lækkandi. Á sama tíma sem meðalíbúð hefur hækkað í verði um ½ millj. eða um 112%, þá fer húsnæðisliðurinn í framfærsluvísitölunni alltaf lækkandi.

M. ö. o.: framfærsluvísitalan er enginn mælikvarði á verðlagið í landinu, eins og hún er nú, og á meira að segja ekki að vera það. Þar er blandað inn í sköttum, fjölskyldubótum til frádráttar og svo húsnæðiskostnaði, sem er svona reiknaður. Þetta er enginn mælikvarði á verðlagsþróunina í landinu. Eini mælikvarðinn, hvað snertir neyzlu manna, er vísitala vöru og þjónustu, svokölluð neyzluvöruvísitala, en hún er ekki 184 stig núna, eins og framfærsluvísitalan, hún er 214 stig. Það er athyglisvert, þegar maður ber þetta saman, hvernig þetta var fyrir 6 árum, þegar viðreisnarstefnan er að byrja, þá er vísitala vöru og þjónustu nákvæmlega eins og framfærsluvísitalan, í marz 1960, báðar 101 stig. En núna er framfærsluvísitalan 184, en neyzluvöruvísitalan 214. Og í hverju liggur þetta? Það liggur í því, að hæstv. ríkisstj. er búin að láta breyta útreikningi á vísitölunni þannig að sýna hana miklu lægri en raunveruleg verðlagsþróun er í landinu. Og eftir þessari vísitölu fá menn svo kauphækkun vegna verðhækkananna, ekki eftir vísitölu vöru og þjónustu, heldur eftir framfærsluvísitölu. Sökum þess dugir ekki vísitöluhækkun á laun til að mæta verðhækkunum á lífsnauðsynjum, hvað þá að borga hækkun á lán.

Sem dæmi um það, hversu húsnæðiskostnaðurinn er vitlaust reiknaður í framfærsluvísitölunni, sem er þó notuð við þessa hluti, er það, að allur fjármagnskostnaður í íbúðinni, opinber gjöld, viðhald og fyrning, er núna reiknað í framfærsluvísitölunni 1.3% af íbúðarverðinu. Það er ríflegt það, 1.3% eða tæp 13 þús. af 967 þús.! Þannig er nú reiknaður húsnæðiskostnaðurinn í þessari vísitölu. Nei, það er ekki hægt að virða svona lagaða vísitölu.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri, en sá mig eiginlega tilneyddan að drepa á þessi atriði, því að þetta er síðasta umr., þrátt fyrir það að hæstv. ráðh. er ekki við. En ég vil ljúka máli mínu með því, að ég tel alveg óhjákvæmilegt, að vísitöluákvæðum á húsnæðislánum sé létt af, — alveg óhjákvæmilegt. Ég tel, að íbúðalán eigi að koma síðust allra lána til þess, að þau séu með vísitöluákvæðum, — síðust allra lána, — í fyrsta lagi vegna þess, að allur þorri manna, sem er að byggja yfir sig, er tiltölulega efnalítið fólk og hefur ekki ráð á því að taka á sig byrðar, þótt það sé til þess að tryggja nauðsynlega sjóði. Það er í öðru lagi vegna þess, að íbúðarhúsin gefa engan arð, þau eru aðeins þjónustutæki fyrir fjölskylduna, en gefa engan arð. Og það er í þriðja lagi vegna þess, að hverja byrði, sem á þetta fólk er lögð, — hana verður það að bera, getur á engan hátt dreift þeirri byrði yfir á aðra eins og fjöldamargir aðrir aðilar geta, sem eru lántakendur.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 71. fundi í Nd., 18. apríl, var enn fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.

Rökst. dagskrá á þskj. 481 felld með 20:19 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BFB, BP, EðS, EÁ, EOl, EystJ, GeirG, GíslG, VH, HS, HV, IG, JSk, LJós, RA, SE, JK, ÞÞ, ÁÞ.

nei: DÓ, SJJ, GunnG, GÞG, IngJ, JóhH, JP,JR, MB, MÁM, ÓL, PS, SÁ, SI, SvJ, AJ, BGr, BF, BBen, SB.

1 þm. (EmJ) fjarstaddur.

Brtt. 37 tekin aftur.

— 447 felld með 19:18 atkv.

Frv. samþ. með 19:15 atkv. og afgr. til Ed.

Á 65. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 66. fundi í Ed., 19. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Frv. þetta er komið frá hv. Nd., þar sem það var samþ. við 3. umr. í gær.

Viðtækar umr. hafa farið fram um málið í hv. Nd., svo að ég sé ekki ástæðu til að ræða málið mjög ýtarlega hér, þegar það er lagt fyrir hv. Ed. Þó er hér um svo mikilvægt mál að ræða, að ég tel ástæðu til þess að gera í nokkrum orðum grein fyrir meginefni frv. og meginrökunum, sem til þess liggja, að frv. er flutt af ríkisstj., einkum og sér í lagi þar sem langt er liðið á þingtímann, en þess er óskað af hálfu

ríkisstj., að hv. Alþ. afgreiði þetta frv., áður en því lýkur.

Í þessu frv. felst mikilvægt nýmæli í íslenzkri löggjöf um efnahagsmálefni. Meginefni frv. er, að Seðlabanka Íslands er heimilað samkv. sérstökum reglum, sem settar eru í frv., að leyfa bönkum og fjárfestingarsjóðum að verðtryggja sparifé og það fé, sem þessar stofnanir fá til umráða, og jafnframt að verðtryggja útlán úr peningastofnunum eða fjárfestingarlánasjóðum.

Almennar reglur eru þó settar um það, hvaða almenn skilyrði Seðlabankinn skuli setja fyrir heimild til slíkra verðtrygginga. Helztu skilyrðin eru þessi: Að verðtryggingin skal yfirleitt miðuð við vísitölu framfærslukostnaðar, eins og hún er reiknuð á hverjum tíma, en þó er Seðlabankanum heimilt að leyfa, að verðtrygging sé miðuð við aðra vísitölu eða við breytingar tiltekins vöruverðs, enda sé þá talið, að sú viðmiðun sé betri mælikvarði á greiðslugetu þess aðila, sem tekst á hendur verðtryggða skuldbindingu, en vísitala framfærslukostnaðar.

Þá er það önnur meginreglan, sem Seðlabankinn skal gæta í sambandi við leyfisveitingar til verðtryggingar, að verðtryggingin skal fyrst og fremst heimiluð í fjárskuldbindingum, sem eru tengdar öflun fasteigna eða annarra fjármuna, sem ætla má að hækki í verði með almennum verðlagsbreytingum, og er gert ráð fyrir því, að verðtryggð lán séu ávallt tryggð með veði í slíkum eignum eða öðrum verðtryggðum kröfum.

Þá er það þriðja meginreglan, sem sett er í frv. varðandi verðtrygginguna, að fjárskuldbindingin sé eigi gerð til skemmri tíma en þriggja ára, og er þá miðað við greiðslu í einu lagi eftir á. Ef svo er um samið, að greiðslur hefjist, áður en 3 ár eru liðin, þá skal fjárskuldbindingin vera gerð til lengri tíma, sem því nemur, að hún standi eigi skemur en þrjú ár að meðaltali.

Þá er og slegið föstu í frv. þeirri meginreglu, að ekki megi reka peningaviðskipti með þeim hætti að endurlána með verðtryggingu fé, sem fengið er með öðrum kjörum, þ. e. án verðtryggingar, og ef um endurlán á verðtryggðu fé er að ræða, þá á það að vera meginregla, að verðtryggingarákvæðin standist á í báðum samböndunum.

Í síðasta lagi er rétt að benda á þá meginreglu, sem frv. kveður á um, að verðtryggðar kröfur og skuldbindingar skuli ávallt skráðar á nafn.

Seðlabankanum er fengið það vald og sú skylda að heimila bönkum og öðrum innlánsstofnunum að taka á móti innstæðum gegn verðtryggingu og lána út samsvarandi fé auk jafnvirðis eigin fjár. Hins vegar gerir frv. ráð fyrir því, að opinberar fjárfestingarlánastofnanir, sem stofnaðar eru með lögum, skuli hafa heimild til þess að veita verðtryggð lán af eigin fé sínu og endurlána verðtryggt fé, en lánskjörin skuli þó ákveðin af stjórn stofnunarinnar að fengnu samþykki þess ráðherra, sem fer með málefni stofnunarinnar og Seðlabankans.

Viðurkenndum lífeyrissjóðum er einnig í frv. heimilað að ávaxta sjóði sína í verðtryggðum lánum, tryggðum með veði í íbúðarhúsum og með sömu kjörum og íbúðalán Húsnæðismálastofnunar ríkisins við veðdeild Landsbanka Íslands eru á hverjum tíma.

Það er m. ö. o. um sjálfstæða heimild í frv. að ræða til opinberra fjárfestingarlánastofnana og viðurkenndra lífeyrissjóða, en þó þarf hlutaðeigandi ráðh. og Seðlabankinn að samþykkja kjörin, sem um er að ræða. Hins vegar á Seðlabankinn að veita bönkum og öðrum lánastofnunum þær heimildir, sem lögin á annað borð gera ráð fyrir, að veittar séu.

Í Nd. var bætt inn í frv. ákvæði um það, að allar heimildir sínar samkv. frv., ef að lögum verður, skuli Seðlabankinn nota í samráði við viðskiptabankana, þ. e. í samráði við nefnd, sem í eiga sæti fulltrúar allra viðskiptabankanna, og skuli framkvæmdaákvarðanir allar, þ. e. ákvarðanir um notkun heimilda, ætið vera teknar af Seðlabankanum í samráði við þessa nefnd, sem í eiga sæti fulltrúar viðskiptabankanna. Var þetta ákvæði sett inn í Nd., til þess að það mætti vera öldungis ljóst, að í því vandasama máli, sem hér er um að ræða, eru engin spor stigin án rækilegrar yfirvegunar og án fullkomins samráðs við þá aðila í þjóðfélaginu, sem fara með stjórn á peningamálum þjóðarinnar, og þá að sjálfsögðu í fullu samráði við ríkisstjórn landsins.

Þessi eru meginákvæði frv. Ég skal nú í nokkrum orðum reyna að gera grein fyrir helztu rökunum, sem fyrir því eru, að ríkisstj. hefur talið rétt að beita sér fyrir lagasetningu um þetta efni.

Um það er ekki ágreiningur og getur ekki verið ágreiningur, að verðbólga hefur verið of mikil á Íslandi allar götur síðan á styrjaldarárunum. Það mun láta nærri, að síðan hafi meðaltal verðbólguvaxtar á ári verið því sem næst 10%. Á síðasta aldarfjórðungi hefur verðlag og kaupgjald hækkað á víxl um því sem næst 10% á hverju einasta ári. Allir skynsamir og ábyrgir menn munu gera sér grein fyrir því, að þetta hefur margvísleg óheilbrigð áhrif. Allar ríkisstjórnir, sem setið hafa að völdum, hverjir svo sem í þeim hafa setið, síðan stríðinu lauk, hafa talið það eitt sitt höfuðverkefni að vinna gegn þessum verðbólguvexti, a. m. k. að draga úr vexti verðbólgunnar, en þeim hefur orðið, því miður, mjög misjafnlega ágengt. Stundum hefur orðið nokkuð ágengt í baráttunni gegn verðbólgunni, stundum aftur á móti, því miður, mun minna. Það er því óhætt að segja, að milli stjórnmálaflokkanna sé í reynd enginn ágreiningur um það, að gegn svo mikilli verðbólgu þurfi að vinna. Það hefur komið fram í því, að á þessu tímabili hafa allir þingflokkar átt sæti í ríkisstjórnum og allar ríkisstjórnir, þ. e. a. s. allir þingflokkar, hafa verið á einu máli um það, þegar þeir hafa verið við völd, að beita öllum tiltækum ráðum til þess að draga úr þessum verðbólguvexti.

Milli atvinnurekenda og launþega eða samtaka þeirra mun ekki heldur vera neinn ágreiningur um það, að æskilegt væri, að verðbólgan hefði verið mun minni og verði í framtíðinni mun minni en hún hefur verið s. l. aldarfjórðung. Það má því segja, að almennt samkomulag

sé um það, að æskilegt væri að vinna gegn verðbólgunni. Þegar hins vegar kemur að því, hvaða ráð séu til þess tiltækust, þá hefst ágreiningurinn, eins og ekki er óeðlilegt, þegar um mál er að ræða, sem er jafnsamofið efnahagsstarfsemi og hreinum stjórnmálaþáttum og verðbólguvandamálið og baráttan gegn verðbólgunni er og raunar hlýtur að vera.

Segja má í fáeinum orðum, hverjir séu meginókostir jafnmikillar verðbólguþróunar og hér hefur átt sér stað um áratuga skeið.

Fyrsti meginágalli verðbólguþróunarinnar er sá, að hún dregur úr sparnaði þjóðarinnar, hún dregur úr sparifjármyndun. En sparifjármyndunin hlýtur, þegar yfir lengri tíma er litið, að vera undirstaða nauðsynlegrar fjárfestingar, heilbrigðrar fjárfestingar. Þegar yfir nokkurt tímabil er litið, hlýtur raunveruleg fjárfesting að takmarkast við raunverulegan sparnað. Þeim mun minni sem sparnaðurinn verður, þeim mun minni verður raunveruleg fjárfesting. Og um það geta ekki verið skiptar skoðanir, að verðbólga hlýtur að draga úr viðleitni manna til sparnaðar, vegna þess að verðbólgan rýrir sparifé, eftir því sem hún vex.

Annar meginókostur jafnmikillar verðbólgu og hér hefur átt sér stað er sá, að hún beinir fjárfestingunni inn á óhagkvæmar og jafnvel rangar brautir frá þjóðfélagslegu sjónarmiði séð. Þegar um verðbólgu er að ræða, getur ýmiss konar fjárfesting verið arðvænleg frá sjónarmiði þess, sem bindur fé sitt, þó að þessi fjárfesting sé í raun og veru gagnslítil og jafnvel beinlínis skaðleg frá þjóðhagslegu sjónarmiði. Á verðbólgutímum er þess vegna hætt við, að sparifé þjóðarinnar, fjármagn þjóðarinnar, festist í allt öðrum eignum, í allt öðrum atvinnufyrirtækjum, a. m. k. að verulegu leyti í öðrum eignum og öðrum atvinnutækjum en eiga mundi sér stað, ef um nokkurn veginn stöðugt verðlag væri að ræða, og það má fullyrða, að það frávik frá þeirri fjárfestingu, sem mundi eiga sér stað, ef um stöðugt verðlag væri að ræða, í þeirri fjárfestingu, sem á sér stað vegna áhrifa verðbólguþróunar, það sé þjóðhagslega séð óheilbrigt. Það má ekki blanda því saman við það, að það geti verið arðvænlegt frá sjónarmiði fjárfestandans, það sem hann gerir, en það er óheilbrigt frá sjónarmiði þjóðarheildarinnar og jafnvel einstaklinganna, ef yfir langan tíma er litið.

Þriðja meginafleiðing verðbólgu, sem telja verður óheppilega, er sú, að í kjölfar hennar siglir mjög mikið og mjög alvarlegt þjóðfélagslegt ranglæti. Þetta þjóðfélagslega ranglæti kemur fram á tvennan hátt. Annars vegar kemur það þannig fram, að sparendurnir í þjóðfélaginu fá ekki þá umbun verknaðar síns, sem þeir eiga skilið. Verðbólgan rænir sparendurna, ef hún er mikil, ekki aðeins öllum raunverulegum vöxtum af sínu sparifé, allri raunverulegri þóknun, sem þeir eiga skilið fyrir sparnað sinn, heldur getur jafnvel svo farið, að hún beinlínis rýri höfuðstól þeirra. Ef verðbólgan er mikil, er ekki aðeins, að hún svipti sparendurna öllum vöxtum, allri greiðslu fyrir þá þjóðfélagslegu þjónustu, sem í sparnaðinum er fólgin, heldur jafnvel geri meira, jafnvel beinlínis rýri það fé, sem sparendurnir neita sér um að eyða á líðandi stund, heldur geyma til komandi tíma. Hér er auðvitað um að ræða mjög alvarlegt þjóðfélagslegt misrétti.

Annað félagslegt misrétti, sem af verðbólgunni leiðir, er fólgið í því, að þeir, sem fá umráð yfir sparifé landsmanna, þeir aðilar, lánastofnanir og aðrir þeir, sem yfir sparifé hafa að ráða, þeir, sem fá umráð yfir þessu fé, hagnast á því að fá umráð yfir sparifé eða lánsfé þjóðarinnar. Þeir hagnast á því á þann hátt, að eignirnar, sem þeir hafa fest féð í, hækka í verði, en krónutala skuldanna helzt óbreytt. M. ö. o.: verðbólgan hefur það í för með sér, að skuldurum, þeim sem fengið hafa umráð yfir sparifé þjóðarinnar, þeim sem skulda lánsstofnunum og peningastofnunum, þeim er ívilnað stórlega á kostnað þeirra, sem féð hafa sparað. M. ö. o.: þeir, sem græða það, sem sparendurnir tapa, eru skuldararnir, það eru þeir, sem bankakerfið hefur trúað fyrir sparifé þjóðarinnar. Þessi gróði er auðvitað illa fenginn, hann er rangfenginn. Þessi verðbólgugróði, sem leiðir af því að hafa fengið umráð yfir lánsfé, er til kominn án nokkurs tilverknaðar, án nokkurs þjóðfélagslegs eða efnahagslegs tilverknaðar eigendanna, hann á eingöngu rót sína að rekja til þess, að þeim hefur verið fengin viss réttarstaða í þjóðfélaginu, þeir hafa notið vissra forréttinda, og í skjóli þess hlotnast þeim hagnaður. Hér er auðvitað um mikið félagslegt ranglæti að ræða.

Það er enginn vafi á því, að allra þessara ókosta verðbólguþróunar hefur gætt hér á Íslandi undanfarinn aldarfjórðung. Hinn mikli verðbólguvöxtur, sem hér hefur orðið, 10% á ári að meðaltali, hefur dregið úr sparnaði þjóðarinnar, og má raunar furðu gegna, að hann skuli ekki hafa dregið enn meir úr sparnaði þjóðarinnar en raun ber vitni um. En á því, að það hafa ekki enn meiri slys orðið en raun ber vitni, eru ýmsar aðrar skýringar, sem ég sé ekki ástæðu til að fara út í hér. Ég tel sem sagt, að áhrif af þessum þrennu óheilbrigðu afleiðingum verðbólgunnar séu þó skaðsamleg áhrif á sparifjármyndunina hvað minnst, þó að þau hafi án efa því miður orðið nokkur, líklega talsverð. Hins vegar er enginn efi á því, að verðbólguþróunin hefur orðið til þess í stórum stíl að beina fjárfestingu þjóðarinnar inn á þjóðhagslega séð óhagkvæmar brautir. Hér hefur verið lagt í margs konar fjárfestingu, sem hæpinn efnahagslegur grundvöllur er undir, og þó öllu frekar ýmsar fjárfestingarfyrirætlanir hafa verið teknar fram yfir aðrar, sem þjóðhagslega séð hefðu verið hagkvæmari, vegna verðbólguþróunarinnar.

En alvarlegasta afleiðing verðbólguþróunarinnar undanfarin 25 ár er þó án efa það gífurlega félagslega ranglæti, sem af verðbólguþróuninni hefur hlotizt. Sú byrði, sem lögð hefur verið á sparifjáreigendur undanfarin 25 ár vegna þess arna, þ. e. a. s. sú kjararýrnun, sem sparifjáreigendur hafa orðið fyrir vegna verðbólguþróunarinnar, er mjög tilfinnanleg og

mjög ranglát. Í alveg sama mæli er sá verðbólgugróði, sem skuldarar, sem lántakendur hafa hlotið á undanförnum áratugum, líka með öllu óverjandi.

Segja má, að meginástæðurnar til þess, að ríkisstj. hefur beitt sér fyrir setningu þessara laga, séu tvær. Annars vegar er ástæðan sú, að ríkisstj. hefur trú á því, að nokkru almennari verðtrygging í fjárskuldbindingum, bæði á innlánum og útlánum, en nú þegar á sér stað, — en þegar hafa verið stigin ýmis spor í þessa átt, eins og ég mun koma að á eftir, — ríkisstj. hefur trú á því, að nokkru víðtækari verðtrygging í fjárskuldbindingum en þegar á sér stað mundi geta stuðlað að því að vinna gegn verðbólgunni, mundi vinna gegn verðbólgunni. Rökin fyrir því, að ríkisstj. telur, að svo mundi verða, eru þau, að gera má ráð fyrir annars vegar auknum sparnaði, aukinni sparnaðarviðleitni, ef verðtrygging er aukin frá því, sem nú er, og hins vegar má gera ráð fyrir því, að verðtryggingarákvæðin stuðli að því, að menn verði ekki jafnáfjáðir í að leggja í hvers konar fjárfestingu, sem eingöngu er ætlað að skila verðbólgugróða. M. ö. o.: það er von ríkisstj., að af auknum verðtryggingarákvæðum muni annars vegar leiða tilhneigingu til aukins sparnaðar og hins vegar minnkandi ásókn í þess konar lán, sem ætlað er að verja til verðbólgufjárfestingar, sem skili eigendunum fyrst og fremst verðbólgugróða. En enginn vafi er á því, að ef þetta hvort tveggja tækist, að auka framboð á sparifé annars vegar og hins vegar minnka eftirspurn eftir verðbólgulánum, minnka tilhneigingu til verðbólgufjárfestingar, þá mundi verða dregið úr verðbólguvextinum.

Hinn megintilgangurinn með flutningi þessa frv. er sá að gera alvarlega tilraun til þess að draga úr því geysilega félagslega misrétti, sem verðbólguþróun hefur í för með sér. Ef frv. verður að lögum, mundi verða dregið úr þessu félagslega misrétti á þann hátt, að sparifjáreigendur ættu kost á því að fá sparifé sitt verðtryggt, ef þeir vildu, — þeim er ekki skylt að verðtryggja sparifé sitt, en þeir ættu kost á því að hafa það verðtryggt, ef þeir vildu, — og hins vegar, að gerð verði alvarleg tilraun til þess að koma í veg fyrir verðbólgugróðann, sem nú safnast á hendur þeirra manna, sem fá að skulda, ef verðbólgan heldur áfram að vaxa, vegna þess að gert er ráð fyrir því, að tiltekin lán, þ. e. lán, sem standa lengur en ákveðinn tíma, lengur en 3 ár, almennt séð, þau skuli yfirleitt vera verðtryggð samkv. nánari reglum, sem settar yrðu og ég minntist á í upphafi máls míns áðan. Þetta er sem sagt megintilgangurinn með flutningi þessa frv. Annars vegar að vinna gegn verðbólgunni og hins vegar að bæta úr því félagslega ranglæti, sem verðbólguþróun án verðtryggingar í fjárskuldbindingum hlýtur að hafa í för með sér.

Ég vil þó taka skýrt fram, að ríkisstj. dettur ekki í hug, að setning laga um verðtryggingu í fjárskuldbindingum ein út af fyrir sig sé nægileg til þess að vinna bug á verðbólgunni, sé nægileg til þess að kveða hana í kútinn. Ríkisstj. gerir sér algerlega ljóst, að verðbólgan verður aldrei kveðin í kútinn, hvorki hér á landi né annars staðar, sízt hér á landi, nema því aðeins að heils hugar samstaða takist milli launþegasamtaka, samtaka atvinnurekenda og ríkisvaldsins um þess konar heildarstefnu í efnahagsmálum, sem tryggi stöðugt verðlag, sem tryggi hagvöxt án verðbólgu, án víxlhækkana kaupgjalds og verðlags. En ríkisstj. telur, að einn þátturinn í slíkri heildarstefnu í efnahagsmálum eigi að vera, að verðtrygging í fjárskuldbindingum sé miklu víðtækari, taki til fleiri sviða en nú á sér stað, og þess vegna hefur ríkisstj. beitt sér fyrir flutningi þessa frv.

Ég sagði áðan, að þær ráðstafanir, sem gert var ráð fyrir í þessu frv., væru engan veginn fyrstu ráðstafanirnar til verðtryggingar í fjárskuldbindingum, sem gripið hefði verið til hér á landi. Ýmsar ráðstafanir hafa þegar verið gerðar í þessa átt. Lánsfjár hefur verið aflað til ákveðinna framkvæmda með útgáfu spariskírteina, sem ríkissjóður gaf út á árunum 1964 og 1965 með verðtryggingu, og hins vegar hafa verið gerðar ráðstafanir til verðtryggingar sparifjár, þar sem er skyldusparnaðurinn og svo sparifjársöfnun skólabarna. Síðast, en ekki sízt, er þess að geta, að á sviði útlána hefur verðtrygging verið tekin upp á vissum lánum húsnæðismálastjórnar allt frá 1955, og síðan á árinu 1964, síðan júnísamkomulagið var gert á árinu 1964, er verðtrygging á öllum lánum þeirrar stofnunar, og var þessi ráðstöfun einn þáttur í samkomulagi milli ríkisstj. og verkalýðssamtaka við lausn kjaradeilna í júní 1964. Ég er hins vegar mjög eindregið þeirrar skoðunar, að hvorki sé framkvæmanlegt né heldur rétt að binda ákvæði um verðtryggingu í fjárskuldbindingum við þau svið, þar sem þessi ákvæði gilda núna, og sérstaklega tel ég óeðlilegt, að á útlánasviðinu gildi verðtryggingarákvæði eingöngu um lán húsnæðismálastjórnarinnar. Ég tel nauðsynlegt og eðlilegt, enda hefur það alltaf verið tilætlunin, að setja víðtækari og almennari reglur um verðtryggingu í fjárskuldbindingum en nú þegar á sér stað. Það, sem hingað til hefur verið gert, hafa verið einangruð spor stigin á tilteknum sviðum. En við svo búið má ekki standa. Hér verður að setja upp almenna reglu, þannig að verðtryggingarákvæðin taki til allra hliðstæðra útlána. Það er af þeim sökum, sem ég sagði í hv. Nd. í tilefni af frv., sem liggur fyrir þeirri hv. d. um afnám verðtryggingarákvæðanna á húsnæðismálalánunum, að ef þetta frv. næði ekki fram að ganga, ef það reyndist vera vilji Alþ. að gera þessar reglur ekki almennar eða mun almennari en þær eru núna, þá teldi ég eiga að afnema lagaákvæði um verðtryggingu á húsnæðismálalánunum, sem nú gildir.

Í hv. Nd. var þeirri fsp. beint til mín, hvernig Seðlabankinn mundi nota þessar heimildir, ef þetta frv. yrði að lögum, þ. e. a. s. hvernig framkvæmd þessa frv. mundi verða í meginatriðum, og ég tel rétt að segja þessari hv. d. í aðalatriðum þau svör, sem ég veitti við þessum fsp.

Ef þetta frv. verður að lögum, geri ég ráð fyrir því, að Seðlabankinn í samráði við viðskiptabankana muni heimila bönkum og innlánsstofnunum að taka við sparifé til t. d. þriggja ára a. m. k. gegn vöxtum, sem væru mun lægri en vextir, sem nú gilda um óbundið sparifé, sem eru 8—9%, t. d. að Seðlabankinn heimilaði bönkum og innlánsstofnunum að taka við sparifé, sem bundið væri til þriggja ára, gegn t. d. 4—5% vöxtum. Sparifjáreigendur yrðu þá alveg frjálsir að því, hvort þeir vildu heldur nota sér núgildandi kerfi og ráðstafa sparifé sínu inn á sparifjárreikninga með 7—9% vöxtum eða fá verðtryggingu á sparifé gegn því, að vextirnir yrðu um helmingur þess, sem þeir eru nú, sem næst 4—5%. Jafnhliða þessu mundi svo Seðlabankinn í samráði við viðskiptabankana væntanlega heimila bönkum og lánsfjárstofnunum og öðrum peningastofnunum að taka upp nýja tegund útlána, t. d. 3—5 ára lán með verðtryggingu, sem tryggð væru í samræmi við þau ákvæði þessa frv., sem ég lýsti í upphafi máls míns.

Hér er auðvitað fyrst og fremst um að ræða, eins og ég sagði áðan, þess konar lán, sem notuð væru til þess að festa í eignum, sem hækkuðu í verði samhliða vexti verðlagsins. En þegar á það var bent í hv. Nd., að með þessu móti hlyti svo að fara, að ýmis lán, sem nú væru veitt sem rekstrarlán, yrðu verðtryggð, þá svaraði ég því þar til, tel rétt, að það komi fram strax hér til þess að auðvelda mönnum umr. á eftir, að það er kunnara en frá þurfi að segja, að talsverður hluti þeirra lána, sem bankar og lánsstofnanir nú veita í formi rekstrarlána, er raunverulega lán til fjárfestingar, er bundinn í fjárfestingu, er raunveruleg stofnlán, tryggð með veði í fasteignum, sem hækka í verði, svo að það, sem bankarnir fyrst og fremst mundu gera, er að greina frá hinum almennu rekstrarlánum þann hluta þeirra, sem í raun og veru er stofnlán, sem hefur reynzt stofnlán á undanförnum árum og áratugum, og láta verðtryggingarákvæðin gilda um þessi lán. Þó mundi þetta auðvitað algerlega fara eftir því, hversu almenningur reyndist fús til þess að trúa bönkum og peningastofnunum fyrir sparifé sínu með verðtryggingarákvæðum, því að auðvitað munu bankarnir og peningastofnanirnar ekki lána út með verðtryggingu annað fé en það, sem þeim er trúað fyrir með verðtryggingu, og svo sitt eigið fé, að svo miklu leyti sem þeir kjósa að gera slíkt. — Þetta hef ég að segja um það í aðalatriðum, hvernig gera má ráð fyrir, að Seðlabankinn í samráði við viðskiptabankana muni heimila bönkum og sparisjóðum að framkvæma þessi ákvæði.

Það hefur komið fram í hinum miklu umr., sem fram hafa farið um málið í hv. Nd., að menn virðast almennt vera þeirrar skoðunar, að það sé mjög æskilegt, að sparifé sé verðtryggt, og þau ákvæði þessa frv., sem lúta að verðtryggingu sparifjárins, hafa yfirleitt fengið mjög jákvæðar undirtektir, enda væri það satt að segja undarlegt, ef svo væri ekki. Það ranglæti, sem sparifjáreigendur hafa orðið fyrir og halda áfram að verða fyrir, ef ekkert er að gert, er svo augljóst, að það er ekki verjandi annað en a. m. k. að lýsa fylgi sínu við það, að þeirra hlutur sé eitthvað réttur við frá því sem verið hefur. En ef menn eru á þeirri skoðun, að nauðsynlegt sé og réttmætt, að sparifjáreigendur fái verðbætur á sparifé sitt vegna þjóðfélagslegrar þjónustu sinnar, verður auðvitað að svara spurningunni um það, hverjir greiða eigi verðbæturnar. Peningar til þess að greiða sparifjáreigendum verðbætur verða auðvitað ekki teknir úr lausu lofti. Þeir verða einhvers staðar að koma frá. Ég held, að menn hljóti að verða alveg sammála um, að ekkert réttlæti væri í því að taka almannafé til þess að greiða sparifjáreigendum þær verðbætur, sem allir eru sammála um, að þeir eigi að fá. Það getur ekki átt að afla tekna til þess að standa undir sparifjárbótum af skattgreiðendum almennt eða notendum neyzluvara og fjárfestingarvara í landinu almennt. Þar með væru sparifjáreigendurnir sjálfir að hluta látnir greiða þær bætur, sem þeim eru taldar nauðsynlegar og taldar eru réttlátar. Það verður auðvitað að leita uppi þann aðila, sem hefur hagnazt á kostnað sparifjáreigendanna, þegar verið er að virða fyrir sér, hver eigi að greiða bætur sparifjáreigendanna, og sá aðili er síður en svo torfundinn. Hann er auðvitað sá aðili, sem hefur fengið fé sparifjáreigendanna til umráða. Það, að sparifjáreigendurnir tapa, á sér einfaldlega þá skýringu, að verðlagið hækkar og rýrir sparifé, og tapið, sem þeir verða fyrir, er nákvæmlega sama upphæðin, upp á eyri, sem þeir græða, sem spariféð fá til umráða, vegna þess að verðlagið hefur hækkað. Ef menn því eru á þeirri skoðun, að sparifjáreigendur eigi rétt á verðbótum vegna verðrýrnunar sparifjárins, liggja til þess einfaldari rök en svo, að í raun og veru eigi að þurfa um það að deila, hverjir greiða eigi verðbæturnar, að það eru þeir menn, sem hljóta hagnað við að fá lánin vegna verðlagshækkunarinnar. Sök sér væri að segja, að verðlagshækkunin ætti alls engin áhrif að hafa á neinar fjárskuldbindingar. Sök sér væri að hafa þá afstöðu, að það sé hlutverk ríkisvaldsins að sjá um það, að verðlagið hækki ekki og að eignarhlutföllin í þjóðfélaginu raskist ekki og þá eigi þjóðfélagið almennt, en ef það gerist þrátt fyrir það, eigi þjóðfélagið að taka afleiðingunum af því og gera almennar ráðstafanir í því sambandi.

En ef menn stíga annað sporið og viðurkenna, eins og hv. stjórnarandstæðingar hafa gert í öllum umr. málsins í hv. Nd., að sparifjáreigendur eigi rétt á sérstökum bótum, verða þeir, ef þeir vilja vera sjálfum sér samkvæmir og hugsa eins og skynsamir menn og nokkurn veginn rökrétt, að játa, að bæturnar til sparifjáreigendanna geta ekki komið og mega ekki koma frá neinum öðrum aðila en þeim, sem hefur grætt það, sem sparifjáreigendurnir hafa tapað. Bæturnar mega ekki og geta ekki komið frá neinum öðrum aðila en þeim, sem verðbólgan hefur fært þann gróða, sem verðbólgan tók af sparifjáreigendunum. Og það er einmitt grundvallarhugsunin í öllu þessu kerfi, sem

gert er ráð fyrir, að verði tekið upp, að sparifjáreigendurnir fái bætur frá þeim, sem nota sparifé í þjóðfélaginu.

Það hefur mikið borið á því í umr. um þetta mál eða mikið verið til þess vitnað, að verðbætur á útlán muni verða þeim, sem lánin taka, óbærileg byrði. Sérstaklega hefur verið til þess vitnað, að verðbætur á íbúðalán muni verða íbúðabyggjendum óbærileg byrði, og hefur jafnvel verið kveðið svo sterkt að orði, að með slíkum ákvæðum væri verið að gera ungu fólki ógerlegt að koma upp yfir sig íbúð. Hér er auðvitað um mikinn misskilning að ræða. Það er aðalregla frv., að verðbæturnar eigi að miðast við vísitölu framfærslukostnaðar. Verðbæturnar verða því aldrei meiri en sem nemur hækkun vísitölu framfærslukostnaðar. En síðan 1964, í sömu samningunum og kveðið var á um verðtryggingu á húsnæðislánin, var samið svo um við launþegahreyfinguna, að allt kaupgjald skyldi vísitölubundið. Allt kaupgjald á því að hækka í réttu hlutfalli við hækkun framfærslukostnaðarvísitölunnar eða nánar tiltekið kaupgjaldsvísitölunnar, sem húsnæðislánin eru nú bundin við síðan fyrir ári. Byrðin vegna verðtryggingarákvæðanna getur því aldrei orðið hlutfallslega meiri en kauphækkunin, sem á sér stað. Og þegar þess er gætt, að útgjöld fyrir húsnæðið og þá alveg sérstaklega útgjöld til afborgana og vaxta af húsnæðislánum geta hjá venjulegri fjölskyldu yfirleitt ekki orðið meiri en 10—20—30% af heildartekjunum, þ. e. sá hluti útgjalda fjölskyldunnar, sem verðtryggingarákvæðin koma á, sá hluti útgjaldanna, sem hækkar vegna verðtryggingarákvæðanna, hann er þó aldrei meiri en 10—20—30% af heildarútgjöldunum, sem hækka algerlega í samræmi við hækkun kaupgjaldsvísitölunnar, þá er fullkomin rökleysa, að verðtryggingarákvæðin jafnvel á húsnæðislánum geti nokkurn tíma orðið til þess að íþyngja launþeganum eða húsbyggjandanum með óeðlilegum hætti. Það mundi jafnvel ekki eiga sér stað, þó að allar tekjur launþegans færu til þess að greiða kostnað vegna húsnæðislána, því að allar tekjurnar hækka í nákvæmlega sama hlutfalli og húsnæðislánin geta hækkað mest. En hér er auðvitað um fjarstæðukennt dæmi að ræða. Aðeins nokkur hluti þess, ¼, ⅛, gengur til þess að greiða þessa húsnæðisþjónustu, sem hækkar í sama hlutfalli og öll útgjöld þess aðila, sem hér á hlut að máli.

Auðvitað má segja, að kaupgjaldið hækki því aðeins, að hækkun verði á útgjaldaliðum launþegans almennt, því að kaupgjaldið hækkar í hlutfalli við útgjöld samkv. vísitölugrundvellinum, en það raskar ekki því, sem ég sagði, að þessi ákveðni hluti vísitölugrundvallarins getur samkvæmt verðtryggingarákvæðunum aldrei hækkað meira en kaupgjaldið hækkar. Við þetta bætist svo, að allir vita, að kaupgjald launþeganna yfirleitt hefur á undanförnum árum hækkað mun meira, og kemur vonandi á komandi árum til með að hækka mun meira en nemur hækkun vísitölu framfærslukostnaðar. Reynslan hefur verið sú undanfarið, að launþegar hafa fengið mun meiri kauphækkanir ár frá ári en svarar til hækkunar á framfærslukostnaðinum, og bætir það auðvitað aðstöðu launþeganna til þess að standa undir verðtryggingarákvæðunum umfram það, sem verðtryggingin á launin sjálf gefur tilefni til.

Þetta verður alveg augljóst, ef tekið er einfalt dæmi um þær breytingar, sem hafa orðið á t. d. lægsta taxta Dagsbrúnar, sem mönnum er mjög gjarnt að vitna til. Þótt hann sé engan veginn gott dæmi um þróunina í launamálum almennt, þá skýrist þetta, ef dæmi er tekið af honum, mjög einfaldlega með einföldu dæmi. Þessi ákvæði um verðtryggingu húsnæðislána hafa gilt síðan í júlí 1964. Frá 1. júlí 1964 til 1. apríl s. l. hefur vísitala framfærslukostnaðar hækkað um 13.5% M. ö. o.: byrðin af húsnæðislánunum hefur síðan hækkað um 13.5%, en tímakaup — lægsti taxti Dagsbrúnarmanna — hefur síðan 1. júlí 1964 hækkað úr kr. 36.52 til 1. marz 1966 í kr. 45.08, þ. e. a. s. vísitala tímakaups samkv. lægsta taxta Dagsbrúnarmanna hefur hækkað um 23.4% á þessum sama tíma. Byrðin af húsnæðislánunum hefur því hækkað um 13.5% síðan 1. júlí 1964, en lægsti taxti Dagsbrúnar hefur hækkað um 23.4% síðan 1. júlí 1964. Það er því alveg augljóst mál, að jafnvel Dagsbrúnarmaður, sem vinnur eftir lægsta taxta Dagsbrúnar, eins og hann er núna í dag, stendur mun betur að vígi til þess að greiða vexti og afborganir af sínu húsnæðisláni en hann stóð 1. júlí 1964. Hlutfallið er 92 á móti 100 á milli hækkunar vísitölu tímakaupsins og vísitölu framfærslukostnaðar. Þegar það svo auk þessa er haft í huga, sem ég benti á áðan, að tekjur, ekki aðeins Dagsbrúnarmanna, heldur tekjur launþega yfirleitt, hafa á þessu tæplega tveggja ára tímabili hækkað mun meira hlutfallslega en lægsti taxti Dagsbrúnar, þá styður það enn frekar þá skoðun, að launþegarnir eru mun betur færir um það núna að greiða vexti og afborganir af húsnæðislánum, þótt með vísitölutryggingunni sé, heldur en þeir stóðu fyrir tveimur árum. Bókstaflega allt, sem um þetta hefur verið sagt, — var sagt í hv. Nd. og hefur verið sagt í blöðum og umr. manna á milli um þetta efni, — er því algerlega úr lausu lofti gripið, hver einasta staðhæfing, sem um það hefur verið sögð, að launþegar standi verr að vígi eða að það sé raunveruleg byrði á launþega að þurfa að greiða vísitöluuppbætur af annars konar lánum, sem til íbúðarhúsakaupa eða fjárfestingar fara, er algerlega úr lausu lofti gripin með hliðsjón af þeim tölum um þetta efni, sem ég nú hef leyft mér að nefna.

Ekki getur það verið meining manna, sem beitt hafa sér gegn þessu, að atvinnurekendur, sem fá ekki aðeins tugi milljóna, heldur hundruð milljóna, þúsundir milljóna til ráðstöfunar af sparifé þjóðarinnar og að verulegu leyti festa það í eignum, sem hækka í verði, — ekki getur það verið meining þeirra manna, sem ákvæðin gagnrýna, að þeir eigi óáreittir að fá að sitja að þeim verðbólgugróða, sem þeir hafa haft á undanförnum áratugum og munu hafa áfram, ef ekkert verður að gert. Því hefur ekki heldur verið haldið fram almennt í ræðum manna á

milli. En því verða menn að gera sér grein fyrir, að eitt verður yfir alla að ganga. Ef menn a. m. k. vilja samþykkja það þegjandi, — það hefur a. m. k. ekki verið gagnrýnt, — að réttmætt sé að láta atvinnurekendur greiða verðbætur af því sparifé, sem þeir fá umráð yfir, ef þeir festa það í hækkandi fasteignum, þá verður það auðvitað líka að gilda um þá launþega, sem fá umráð yfir sparifé og festa það í íbúðum. Þar er engan greinarmun hægt að gera á milli atvinnurekenda annars vegar og íbúðarbyggjenda hins vegar. Og sízt er ástæða til þess að gera það, eftir að ég hef leitt alveg ótvíræð og skýlaus rök að því, að íbúðabyggjendunum er ekki íþyngt með ákvæðum eins og þessum.

Þá skal ég að síðustu fara örfáum orðum um það atriði, sem mjög mikið var rætt í hv. Nd., hvers vegna ákvæði þessa frv. eru höfð í heimildarformi, en hvers vegna ekki eru sett alveg ótvíræð ákvæði um það, hvernig verðtryggingunni skuli hagað, hvers vegna ekki er talið rétt, að Alþ. setji ófrávíkjanleg ákvæði um þetta, heldur gert ráð fyrir því, að Seðlabankinn skuli hafa heimild til þess að heimila slíkar verðtryggingar bæði á inn- og útlánum, auk þess sem fjárfestingarlánastofnunum og viðurkenndum lífeyrissjóðum er heimilað þetta í lögunum, en þær ekki skyldaðar til að gera þetta. Þetta á einfaldlega þá skýringu, að ríkisstj. og Seðlabankinn gera sér algerlega ljóst, og það skal sízt standa á mér að draga nokkra fjöður yfir það, að hér er um mjög vandasamt og mjög flókið mál að ræða, sem nauðsynlegt er að framkvæma með fyllstu gát og reyna að læra af reynslunni við hvert smáspor, sem stigið er. Það hefur ekki fengizt mikil reynsla í þessum efnum annars staðar. Aðeins tvö lönd hafa gripið til víðtækra lagaákvæða um verðtryggingu á sparifé, þ. e. a. s. Finnland og Ísrael, bæði af því að þar hefur verið verðbólga mun meiri en tíðkast almennt hér með vestrænum þjóðum. Ísland er þriðja landið á Vesturlöndum, sem verðbólga hefur hrjáð áratugum saman, og þess vegna er ekkert eðlilegra en það, að Ísland verði þriðja landið, sem gerir tilraun til þess að stemma stigu við verðbólgunni m. a. á þennan hátt og draga á þennan hátt úr því félagslega ranglæti, sem verðbólga ella hlýtur að hafa í för með sér.

Við gerum okkur algerlega ljóst, að það er ekki einhlítt að ætla sér að læra af reynslu Finna og Ísraelsmanna í þessum efnum. Aðstæður hér á landi eru að mörgu leyti svó ólíkar því, sem á sér stað í Finnlandi og Ísrael, að reynsla þeirra, að svo miklu leyti sem hún er jákvæð og að svo miklu leyti sem hún er neikvæð, þarf ekki að gilda um okkur hér. Og þegar hafa verið stigin nokkur spor á undanförnum árum í þessa átt, og ég held, að það sé ekki hægt að segja annað en að reynslan af því, svo langt sem hún nær, sé góð og hvetji til áframhaldandi aðgerða í málinu. En hitt gerum við okkur algerlega ljóst, að það á ekki að hrapa að neinu og þessar ráðstafanir eiga smám saman að koma til framkvæmda á einu sviðinu á fætur öðru og með einni ráðstöfuninni á fætur annarri, þannig að hægt sé að læra af reynslunni smám saman. Þess vegna höfum við talið rétt, að í stað þess að ákveða að setja strangar reglur um, hvernig öllu þessu skuli hagað, þá sé heilbrigðara, að Seðlabankinn hafi heimild til þess að framkvæma þessar ráðstafanir á grundvelli almennra reglna, sem settar eru í frv., eins og það liggur hér fyrir og eins og því var breytt í Nd. í almennu samkomulagi við viðskiptabankana yfirleitt. Ég hika ekkert við að undirstrika það, að ríkisstj. og Seðlabankinn og bankarnir yfirleitt gera sér algerlega ljóst, að hér er mikill vandi á ferðum og nauðsynlegt er að fara að öllu með fyllstu gát. En hins vegar teljum við svo mikla hagsmuni hér vera um að ræða, að nauðsynlegt sé, að fyrstu sporin verði stigin, og þess vegna teljum við nauðsynlegt, að þessi heimildarlög, því að það eru þau, verði samþ., og ég get fullvissað hv. Ed. eins og ég fullvissaði hv. Nd. um það, að þessar viðurhlutamiklu ráðstafanir munu verða framkvæmdar með fyllstu gát og að mjög vandlega athuguðu máli, þannig að unnt verði að læra af reynslunni við hvert nýtt spor, sem stigið er.

Að svo mæltu leyfi ég mér, herra forseti, að leggja til, að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

Alfreð Gíslason: Herra forseti. Það er ekki margt, sem ég ætla að gera að umtalsefni í sambandi við þetta mál nú. Mig langar þó aðeins til þess að minnast á eitt atriði í sambandi við frv., sérstaklega með tilliti til þess, að hæstv. viðskmrh. er staddur hér í hv. d. Eins og hann lýsti í ræðu sinni hefur hæstv. ríkisstj. talsvert mikla trú á því, að samþykkt þessa frv. og lögin síðan í framkvæmd geti orðið til þess að draga að einhverju leyti úr verðbólgu, og í öðru lagi, að lögin í framkvæmd geti orðið til þess að draga úr því geysilega félagslega misrétti, sem verðbólgunni hefur verið samfara. Hér er óneitanlega um mjög mikilsvert mál að ræða, og ef hæstv. ríkisstj. hefur raunverulega þessa trú, þá skal mig ekki undra, þótt hún fylgi málinu nokkuð fast eftir. En þá undrar mig á því, að þetta frv. skuli koma fram í því formi, sem það er, að það skuli koma fram í formi heimildarlaga. Ég fæ ekki betur séð en með því varpi hæstv. ríkisstj. áhyggjunum af sínum herðum og kasti þeim yfir á herðar annars aðila, og það er síðan komið undir þeim aðila, í fyrsta lagi, hvort ákvæði frv. verða nokkurn tíma framkvæmd og þá í öðru lagi, á hvern hátt þau verða framkvæmd. Ef hæstv. ríkisstj. trúir því í raun og veru, sem hún segir í sambandi við þetta frv., að hún hafi trú á því, að það verði til þess að draga úr verðbólgu og draga úr félagslegu misrétti, þá hefði mér fundizt, að hún hefði átt að ganga þannig frá því í frv., að þetta yrði tryggt í framtíðinni, að um verðtryggingu fjárskuldbindinga yrði að ræða, en það er ekki tryggt í þessu frv., að því er ég bezt fæ skilið. Hæstv. ráðh. reyndi undir lok ræðu sinnar að skýra, hvernig í þessu lægi, en satt að segja er ég litlu nær um rökin fyrir því af því, sem hann sagði.

Fyrir tveimur árum gekk hæstv. ríkisstj. mjög hart eftir því hér á hinu háa Alþ., að verðtryggð yrðu lán úr húsnæðismálasjóði ríkisins. Þá var ekki um það að ræða, að neitt væri í heimildarformi frá hálfu hæstv. ríkisstj. Það voru beinhörð lagaákvæði, lagafyrirmæli. Nú horfir svipað við. Það er verið að ræða um verðtryggingu útlána meðal annars. En þá bregður svo við, að hæstv. ríkisstj. vill helzt hvergi nærri koma og láta aðra aðila, þ. e. a. s. fyrst og fremst Seðlabankann, taka allar áhyggjurnar á sig. Í þessu finnst mér vera nokkurt ósamræmi, sérstaklega þegar litið er á áhuga hæstv. ríkisstj. á verðtryggingu lána úr húsnæðismálasjóði ríkisins. En ég taldi þá og tel enn, að það hafi verið ranglátt gagnvart fátækum húsbyggjendum, sem verða að leita lána úr þessum sjóði, að verðtryggja lánin, á meðan það væri ekki almennt gert um útlán í landinu. Ég er sömu skoðunar enn í dag, og mér þykir satt að segja hæstv. ríkisstj. taka mjög linlega á þessu máli nú, tveim árum síðar. Það kann vel að vera að hér sé um mikið vandamál að ræða í framkvæmd, en hæstv. ríkisstj. og Alþ. hafa fyrr leyst úr vanda. Það mátti t. d. fara hægt af stað, taka ákveðin lán til langs tíma og ákveða það hreinlega í lögum. Mér fannst tími til þess kominn, eftir að gengið hafði verið þannig frá lögum um húsnæðismálastjórn. En þetta hefur ekki verið gert, og ég verð að líta svo á, að hvorki Alþ. né hæstv. ríkisstj. geti nú nokkuð um það sagt, hvort eitt einasta ákvæði úr lögum samkv. þessu frv. verði framkvæmt yfirleitt. Það er ekki vitað. Það á að fela þetta vissum aðila, og það er allt undir honum komið, hvort nokkuð af þessu kemst nokkurn tíma í framkvæmd.

Ég vildi sérstaklega vekja athygli á þessu nú, og ég vildi mælast til þess, ef hæstv. ráðh. treystir sér til, að hann gerði nánari grein fyrir þessum mun á afstöðu annars vegar til útlána almennt í þjóðfélaginu og hins vegar til útlána úr húsnæðismálasjóði, því að skýringu á því hef ég ekki fengið.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ég skal reyna með örfáum orðum að svara þeirri fsp., sem hv. 9. þm. Reykv. beindi til mín, og vonast til þess að þurfa ekki að gefa með því tilefni til frekari umr. um málið.

Hann spurði, hvers vegna sett hafi verið lagaákvæði um verðtrygginguna á húsnæðislánunum 1964, sem tryggja það, að þau hafa verið framkvæmd og eru framkvæmd, en gert ráð fyrir heimildarákvæði hér, sem engin trygging er fyrir að muni verða framkvæmd. Ástæður fyrir því, að sett voru lagaákvæði um tryggingu húsnæðislána 1964, voru beinlínis þær, að þetta atriði var einn þáttur í júnísamkomulaginu svonefnda 1964. Það var beinlínis eitt af samkomulagsatriðunum milli ríkisstj., vinnuveitenda og verkalýðssamtaka, að slík verðtrygging á húsnæðislánum skyldi tekin upp. Af hálfu verkalýðsforustunnar hefur því verið haldið fram, að þetta hafi verið gert í fullu trausti á vissar ráðstafanir ríkisstj., vissa stefnu hennar, og skal ég að sjálfsögðu ekki andmæla neinu, sem af þeirra hálfu hefur verið sagt um þetta efni. En tilgangurinn með því að verðtryggja húsnæðislánin 1964 var augljós. Ástæðan til, að samkomulag gat náðst um þetta, var nú, að allir aðilar voru sammála um mikilvæg þjóðfélagsleg markmið í þessum efnum. Megintilgangurinn var náttúrlega ekki sá, eins og stundum er látið í veðri vaka, að leggja sérstakar byrðar á lántakendurna eða þá, sem öfluðu sér húsnæðis með aðstoð húsnæðislánasjóðsins. Megintilgangurinn var að varðveita verðgildi sjóðsins. Auðvitað var ástæða til þess, að verkalýðshreyfingin féllst á, að þetta yrði einn liður samkomulagsins, sú, að verkalýðshreyfingin taldi, eins og ríkisstj. og atvinnurekendur féllust á, að það væri mjög mikilvægt þjóðfélagslegt markmið að tryggja þennan mikilvæga sjóð, húsnæðislánasjóðinn, gegn verðfalli vegna verðbólgunnar. Ef ekkert slíkt væri gert, mundu menn horfa fram á það aðgerðalausir, að húsnæðislánasjóðurinn rýrnaði að verðgildi ár frá ári og yrði þannig smám saman óhæfari og óhæfari til þess að aðstoða húsbyggjendur eins og honum var ætlað að gera. Þetta voru auðvitað ástæðurnar fyrir því, að verkalýðshreyfingin féllst á þetta ákvæði. Nákvæmlega sama ástæða var fyrir því, að ríkisstj. fagnaði því mjög, að þetta ákvæði væri tekið inn í samningana. Hitt er svo annað mál, að ef á að tryggja verðgildi sjóðsins, ef hann á að geta haldið áfram að lána nokkurn veginn óbreytta upphæð árlega þrátt fyrir hækkandi verðlag, verður einhver að borga það. Er eðlilegra, að nokkur annar borgaði en einmitt þeir, sem lánin fengju í dag og mundu að öðrum kosti njóta verðbólguhagnaðar af lánunum? Það eina, sem gerist í þessum málum, er, að þeir, sem fengið hafa lán hjá húsnæðismálastjórninni síðan 1964, hafa fallizt á að taka ekki verðbólgugróða í sinn vasa, heldur skilja verðbólgugróðann eftir í húsnæðislánasjóðnum, til þess að hann geti framvegis veitt væntanlegum húsbyggjendum sömu fyrirgreiðslu og þeir sjálfir hafa fengið. Það, sem hér er um að ræða, — og það er verulega lofsverð viðsýni af hálfu samningamanna verkalýðshreyfingarinnar í júnísamkomulaginu 1964, — er, að gerðar eru ráðstafanir til þess, að þeir, sem fá lán nú, afsali sér verðbólgugróða, sem aðrir fengu áður, í þágu komandi kynslóða, í þágu væntanlegra húsbyggjenda. Auðvitað skildu þeir, sem þarna héldu á málum fyrir hönd verkalýðshreyfingarinnar, það, sem ég sagði í ræðu minni áðan, að það er ekki verið að íþyngja lántakendum og húsbyggjendum með þessu ákvæði. Það hvarflaði ekki að mér eitt andartak, að hinir ágætu fulltrúar verkalýðshreyfingarinnar, sem í þessum samningum tóku þátt, hefðu samþykkt þetta, ef hægt hefði verið með nokkrum minnstu rökum að sýna fram á, að þetta væri byrði fyrir lántakendur. Það er ekki byrði, af því að í sömu samningum var þeim tryggð 100% uppbót á kaupgjaldið. Þeir afsala sér einungis óréttmætum verðbólgugróða, sem að vísu lántakendur áður höfðu getað fengið, en hefðu auðvitað aldrei átt að fá. Og þeir, sem fá að njóta hans, eru ekki

ríkissjóður eða þjóðfélagið í heild, heldur húsbyggjendur framtíðarinnar.

Ég var þessum samningum fyllilega sammála og vildi mega óska þess, að sá skynsami andi, sem þarna sveif yfir vötnunum, megi svífa áfram yfir þessum sömu vötnum. En þá spyr hv. þm., og sú spurning er alveg eðlileg og skynsamleg: Hvers vegna eru þá ekki líka sett alveg ótvíræð lagaákvæði núna, fyrst þau voru sett til staðfestingar á samningsákvæðunum 1964? Munurinn er sá, að þar var samið um tiltekið atriði, um verðtryggingu á alveg tilteknu sviði, sem alveg vandalaust var að setja mjög einföld lagaákvæði um, enda voru þau og eru einföld bæði í setningu og framkvæmd. Hér er hins vegar um það að ræða að gera þetta kerfi allt almennt. Nú eiga verðtryggingarákvæði að ná til ótal sviða, ótal tegunda af lánum, sem tryggð eru með veði í ótal tegundum af eignum. Þá var nú fyrst enginn ágreiningur um, við hvaða vísitölu skyldi miðað. Það var ákveðið að miða við vísitölu framfærslukostnaðar. Svo var því breytt. Það kom upp óánægja með þetta af hálfu verkalýðshreyfingarinnar og heldur óskað eftir kaupgjaldsvísitölunni. Því var breytt með öðrum lögum, gott ef ekki var með brbl., ég man það nú ekki, en því var breytt með lögum. Jafnvel um slík grundvallaratriði geta komið í ljós síðar skoðanir, sem menn vilja taka tillit til, eða atriði, sem þarf að athuga nánar. Og þegar þetta getur jafnvel komið upp um jafnmikil grundvallaratriði og við hvaða vísitölu skuli miðað, þá má geta nærri, hversu mörg vafaatriði geta komið upp, þegar verið er að framkvæma þetta sem heildarkerfi, eins og gert er ráð fyrir í þessum lögum, bæði að því er snertir vísitölu og ótalmarga aðra hluti. Það er af þessum sökum, að maður treystir sér ekki til þess að kveða í einstökum atriðum á um öll þau ótal atriði, sem nauðsynlegt er að taka afstöðu til, þegar kerfið verður gert almennt. Þess vegna er þetta haft í heimildarformi, og mér finnst einmitt, að reynslan af þessari einföldu lagasetningu til staðfestingar samkomulaginu 1964 leiði í ljós, hversu hyggilegt þetta getur verið. Það hefði verið betra þá að ákveða vísitöluna ekki, heldur hafa það heimildarákvæði, hver vísitalan skyldi vera. Þá hefði ný lagabreyting ekki verið nauðsynleg, heldur samkomulag milli ríkisstj. og verkalýðshreyfingarinnar, sem samkomulagið gerði, svo að mér finnst einmitt tveggja ára reynsla af þessari einföldu lagasetningu, sem þó var gerð til staðfestingar gerðu samkomulagi, sýna að það er óhyggilegt að rígskorða þetta með löggjöf, það er betra, að hér sé um heimildarákvæði að ræða, sem síðan megi laga í hendi sér, eftir því sem reynslan bendir til.

Varðandi það að síðustu, að engin trygging sé fyrir því, að þessi ákvörðun verði raunverulega framkvæmd, er það að segja, að náttúrlega mega menn ekki hafa svo mikið vantraust á ríkisstj. þrátt fyrir allt að ætla henni það, að hún beri fram og berjist fyrir samþykkt laga, sem veita ríkisstofnun heimildir, og ætli sér síðan ekki að framkvæma þær. Auðvitað liggur það að baki flutningi þessa frv., þótt í heimildarformi sé, að ríkisstj. telur bráðnauðsynlegt, að lagaákvæðunum verði framfylgt, að kerfið verði tekið upp, en heimildin er eingöngu vegna þess, að hún vill geta lært af reynslunni við framkvæmdina.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til fjhn. með 16 shlj. atkv.

Á 71. fundi í Ed., 25. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 72. fundi í Ed., 26. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 416, n. 561 og 569).

Frsm. meiri hl. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Fjhn. hefur haft mál þetta til meðferðar, en eins og nál. þau, sem útbýtt hefur verið, bera með sér, hefur hún ekki náð samstöðu um málið, þannig að við fjórir, sem að meirihlutanál. á þskj. 561 stöndum, leggjum til, að það verði samþ. óbreytt, en aðrir nm. telja málið ekki nægilega undirbúið og leggja til, að því verði vísað frá með rökstuddri dagskrá.

Hugmyndin um verðtryggingu fjárskuldbindinga er ekki ný. Hún kom m. a. fram á verðbólguárunum eftir fyrri heimsstyrjöldina í mynd hinna svokölluðu gulltryggingarákvæða í lánasamningum, en með því var átt við það, að höfuðstóll lánsins skyldi á hverjum tíma hækka til samræmis við verðfall mynteiningarinnar gagnvart gulli, ef slíkt ætti sér stað. Um gildi slíkra samninga var deilt í mörgum Evrópulöndum og háð út af því málaferli, sem lyktaði á ýmsa vegu eftir því, hvern skilning dómstólar í hinum ýmsu löndum höfðu á lögmæti slíkrar samningagerðar. En ekki skal sú saga rakin nánar hér, enda varð verðtrygging í þessari mynd sem öðrum óþörf eftir hið mikla verðfall, sem átti sér stað haustið 1920. Eftir síðari heimsstyrjöldina hefur verðtrygging í svipaðri mynd og þeirri, sem þetta frv. gerir ráð fyrir, verið tekin upp um lengri eða skemmri tíma í mörgum löndum, einkum þeim, þar sem mikil verðbólga hefur ríkt.

Eins og hæstv. viðskmrh. gat um í framsöguræðu sinni við 1. umr. þessa máls hér í hv. d., mun slík verðtrygging hafa orðið einna víðtækust í Finnlandi og Ísrael, en fleiri lönd mætti þó nefna í þessu sambandi, svo sem Frakkland og Grikkland og jafnvel Danmörku og Noreg, þar sem vísir hefur myndazt til verðtryggingar, þótt verðbólgan í þessum tveim síðasttöldu löndum hafi ekki verið nærri því eins mikil og í hinum 4 löndunum, sem ég hef nefnt. Það mundi þó leiða of langt að ræða frekar fyrirkomulag verðtryggingar í öðrum löndum og reynslu annarra þjóða af henni, en hins vegar skal rakin í sem allra stytztu máli saga verðtryggingarhugmyndarinnar hér á landi.

Eins og um er getið í nál. hv. minni hl. fjhn. Nd., var á Alþ. 1953 flutt og samþ. till. til þál., sem borin var fram af nokkrum þm. Framsfl., um að láta fara fram athugun á því, hvort og

með hverju móti mætti á hagfelldan hátt tryggja verðgildi þess fjár, sem bankar og sparisjóðir taka til geymslu og ávöxtunar. Ég býst við, að það hafi verið á grundvelli þessarar þál., sem þáv. fjmrh., hv. 1. þm. Austf., skipaði árið 1956 þriggja manna n. til þess að gera athugun á málinu En í þeirri n. áttu sæti hagfræðingarnir Jónas Haralz, Klemenz Tryggvason hagstofustjóri og Haraldur Jóhannsson. Skiluðu þeir um þetta jákvæðri álitsgerð, en ekkert var þó aðhafzt í málinu að því sinni.

Á undanförnum þingum hafa nokkrir þm. Framsfl. flutt till. um athugun á því, hversu megi framkvæma viðtæka verðtryggingu sparifjár, og á þinginu 1962 flutti ég og fékk samþykkta till. til þál. um athugun á því, hversu megi framkvæma verðtryggingu lífeyris og líftrygginga. Var mér svo falið að semja um þetta álitsgerð, sem ég skilaði ríkisstj. snemma á árinu 1963, og þótt sú álitsgerð fjallaði auðvitað aðallega um verðtryggingu lífeyris, var þar einnig allmikið rætt um almenna verðtryggingu fjárskuldbindinga og reynslu annarra þjóða, svo sem Finna, af henni. Þá má einnig geta þáltill., sem Arnór Sigurjónsson flutti á s. l. þingi um allsherjarverðtryggingu í lánasamningum, en hann átti hér þá sæti um skeið sem varamaður hv. 4. þm. Norðurl. e., Björns Jónssonar, og mundi nú eiga sæti á hv. Alþ., ef hann væri ekki sjúkur. Á s. l. vetri var svo Seðlabanka Íslands falið að undirbúa þá heimildarlöggjöf í þessu efni, sem hér liggur nú fyrir, en frv. sama efnis var flutt á síðasta þingi, en of seint til þess, að það gæti orðið útrætt.

Allar þær till., sem nú hefur verið getið um, fjalla um verðtryggingu, er hafi það markmið að örva sparifjármyndun og geti þannig verið tæki til þess að vinna gegn verðbólguþróun. Ekkert slíkt hefur þó enn komið til framkvæmda, enda vantar til slíks lagaheimild. Hins vegar hefur, sem kunnugt er, myndazt hér á landi visir til verðtrygginga, sem haft hefur annan tilgang eða þann að útvega lánsfé til ákveðinna framkvæmda. Má þar einkum nefna hin vísitölutryggðu lán Húsnæðismálastofnunarinnar, sem upp voru tekin árið 1955, vísitölutryggt lán Sogsvirkjunar, sem boðið var út árið 1959, en þar var vísitölutryggingin miðuð við hækkun á rafmagnsverði, og svo vísitölutryggð skuldabréfalán ríkisins, sem út hafa verið boðin öðru hverju s. l. 2 ár vegna framkvæmdaáætlunarinnar, og liggur frv. þess efnis fyrir því þingi, sem nú situr.

Eins og þessi grg. mín ber með sér, hafa báðir hv. stjórnarandstöðuflokkar, einkum þó hv. Framsfl., komið allmjög við sögu þeirrar hugmyndar, sem þessu frv. er ætlað að vera spor í áttina til að framkvæma, og hygg ég, að ég verði ekki ásakaður fyrir það að hafa gert of lítið úr þætti hv. stjórnarandstæðinga í þessu máli, enda hafa þeir að mínu áliti ekki svo margar skrautfjaðrir til að bera, hvað snertir skynsamlegar og athyglisverðar till. til lausnar efnahagsvandamálunum, og það að leitast við að ræna lambi fátæka mannsins, hefur aldrei verið talinn göfugur verknaður. Það kæmi því mjög á óvart, ef þeir nú snerust öndverðir gegn þessari hugmynd. Að mínu áliti ber ekki heldur að skilja afstöðu þeirra til þessa frv. þannig, en þeir virðast líta svo á, að málið sé ekki nægilega undirbúið, og vilja fresta því.

Nú má auðvitað lengi um það deila, hvenær slíkt mál sé nægilega undirbúið, til þess að tímabært sé að hrinda því í framkvæmd, og svo sem ég hér hef rakið, er þetta mál raunar búið að vera í undirbúningi á ýmsum vettvangi s. l. 12 ár. Það er álit okkar, sem að meirihlutanál. stöndum, að ef rétt sé á haldið, sé hér um að ræða svo öflugt tæki til þess að hamla gegn þeirri verðbólguþróun, sem lengi er búin að hrjá þjóðfélag vort, að ekki megi lengur láta undir höfuð leggjast að koma verðtryggingu í framkvæmd. Auðvitað fylgja slíkri verðtryggingu banka tæknileg vandamál, sem leysa verður áður, en eins og ákvæði 5. gr. þessa frv. gera ráð fyrir, kemur verðtryggingin ekki til framkvæmda fyrr en jafnóðum og þau hafa verið leyst í samráði við þær lánastofnanir, sem ætlað er að ávaxta hið verðtryggða fé. Þessi vandamál hafa líka verið leyst í öðrum löndum, sem tekið hafa upp verðtryggingu, og ætti því einnig að mega leysa þau hér.

Ég ætla því næst að gera þeirri spurningu nokkur skil, hvort þess árangurs sé að vænta af verðtryggingunni sem tæki til þess að hamla gegn þróun verðbólgunnar, að réttmætt sé að baka lánastofnunum þá fyrirhöfn, sem framkvæmd hennar óumflýjanlega hefur í för með sér. Áður en lengra er haldið, er vert að svara þeirri spurningu, í hverju verðbólguvandamálið raunverulega er fólgið. Það er að mínu áliti ekki fólgið í því, að reiknað er með hærri tölum vegna verðbólgunnar, þó að slíkt þjóni út af fyrir sig ekki neinum skynsamlegum tilgangi, heldur í hinu, að vantrú á gildi peninganna dregur úr sparifjármyndun, sem er undirstaða efnahagslegra framfara. Verklegar framfarir eru nauðsynlegt skilyrði slíkra framfara. Um það hygg ég, að enginn ágreiningur geti verið meðal hv. þm. En aldrei geta þessar verklegu framkvæmdir orðið meiri en nemur þeirri fjáröflun, sem undir þeim verður að standa. Þessi fjáröflun getur verið með þrennu móti, erlendar lántökur, skattar og innlend sparifjármyndun. Erlendar lántökur hafa aldrei numið nema litlu broti af þeirri fjárfestingu, sem hér á landi hefur átt sér stað, og mun enginn vænta þess, að sú fjáröflunarleið verði í næstu framtíð farin í ríkara mæli en verið hefur. Opinberir aðilar geta auðvitað að vissu marki aflað fjár til framkvæmda sinna með skattaálögum, en skattaálögur eru ekki vinsælar, og eru slíkri fjáröflun því auðvitað þröng takmörk sett. Af þessu leiðir, að hin frjálsa sparifjármyndun hlýtur ávallt að verða meginundirstaða þeirrar fjárfestingar, sem á sér stað í þjóðfélaginu. Verðbólgan dregur úr slíkri sparifjármyndun og þá um leið þeim verklegu framkvæmdum, sem jafnan eru skilyrði efnahagslegra framfara. Verðbólgan hefur því neikvæð áhrif á lífskjör þjóðarinnar, og að jafnaði eru þessi áhrif þeim mun meiri, eftir því sem vöxtur verðbólgunnar er meiri, og jafn-

hliða því að verðbólgan dregur úr fjárfestingu, veldur hún því, að gera má ráð fyrir því, að sú fjárfesting, sem á sér stað, verði minna nytsamleg en vera mundi, ef verðlag væri stöðugt. Þeir, sem fjárráð hafa, leggja í fjárfestingu, sem stöðvast vegna lánsfjárskorts, til þess að forða peningum sínum frá verðrýrnun af völdum verðbólgunnar.

Að mínu áliti er tjón það, sem verðbólgan veldur þjóðarbúinu, óumdeilanlegt. En hvers vegna er þá ekki farin sú leið í þessum efnum, sem tvímælalaust liggur beinast að markinu, eða sú að stöðva verðbólguþróunina? Allir segja í orði kveðnu, að slíkt væri æskilegt. En til þess að svo megi verða, þarf, eins og hæstv. viðskmrh. réttilega benti á í framsöguræðu sinni, að takast samstarf milli hagsmunasamtakanna í þjóðfélaginu og þau að fást til þess að fórna stundarhagsmunum sínum að einhverju leyti í þágu hagsmuna þjóðarheildarinnar. Þetta samstarf hefur ekki tekizt þann rúma aldarfjórðung, sem við höfum búið við verðbólguþróun. Allir góðviljaðir menn hljóta að vísu að vona, að það megi takast fyrr en síðan, og þá mundu þau úrræði, sem hér eru til umr., verða óþörf. En þegar sú leið, sem beinast liggur að markinu af einhverjum ástæðum, er ekki fær, er betra að fara krókaleiðir en gefast upp, og það, sem að mínu áliti felst í verðtryggingunni, er einmitt þetta, að með henni er hægt að ná svipuðum árangri og verða mundi, ef verðbólgan væri stöðvuð. Eigi menn þess kost að verðtryggja fjármuni sína, hafa menn ekki lengur ástæðu til þess að eyða þeim eða festa þá til þess að forða þeim frá verðrýrnun. Úr verðbólgufjárfestingu mundi þá draga eða hún jafnvel hverfa, af því að slík fjárráðstöfun borgar sig þá ekki lengur. En verðbólgufjárfestingin og sú eyðsluhneigð, sem verðbólgan skapar, eiga einmitt mjög mikinn þátt í því að magna verðbólguna, þannig að verðtryggingin mundi þannig hafa mikil bein áhrif í þá átt að draga úr verðbólgunni.

Ég tek hins vegar undir það með hæstv. viðskiptamrh., að verðtrygging er ekkert einhlítt töfralyf gegn verðbólgunni. Hún verður eftir sem áður ekki stöðvuð, nema hagsmunasamtökin fáist til þess að styðja nauðsynlegar ráðstafanir í því efni. Ég mundi þó telja ráðstafanir eins og verðtryggingu, sem mjög draga úr því, að nokkur geti lengur hagnazt á verðbólgunni, auka mjög líkurnar fyrir því, að það nauðsynlega samstarf ríkisvalds og hagsmunasamtaka, sem þarf til árangursríkrar baráttu gegn verðbólgunni, megi takast. En jafnvel þótt svo væri ekki og sá árangur næðist ekki af verðtryggingunni, að verðbólgan stöðvaðist, leiðir það af því, sem ég hef þegar sagt, að mjög mundi draga úr skaðvænlegum áhrifum hennar. Verðtrygging mundi draga úr hinum lamandi áhrifum verðbólgunnar á sparifjármyndunina, þannig að úr lánsfjárskortinum mundi draga þrátt fyrir verðbólguna.

Eins og ég tel mig hafa gert grein fyrir, er ekki vafi á því, að verðbólguþróunin er þjóðarheildinni óhagstæð. Hitt er auðvitað rétt, að einstaklingar geta grætt og hafa margir hverjir grætt á verðbólgunni. Spurningin er sú, hvort sérhagsmunir þeirra aðila, sem aðstöðu hafa til þess að hagnast á verðbólgunni, séu svo mikilvægir, að fórna beri fyrir þá þeim hag, sem þjóðarbúinu er í því, að verðbólguna megi stöðva. Ég tel, að þessari spurningu beri að svara neitandi, því að hverjir eru það, sem græða á verðbólgunni? Það eru þeir, sem ýmissa ástæðna vegna hafa haft greiðastan aðgang að því að fá fjárfestingarlán í lánastofnunum með hagkvæmum kjörum. Þeir hafa auðvitað grætt á kostnað sparifjáreigenda, jafnvel þótt sú fjárfesting, sem í hefur verið lagt, hafi alls ekki verið hagkvæm frá sjónarmiði þjóðarheildarinnar. Hitt er að mínum dómi alveg á misskilningi byggt, sem af sumum hv. stjórnarandstæðingum virðist hafa verið haldið fram í hv. Nd., að verðtrygging mundi leggja einhverjar þungar byrðar á húsbyggjendur. Ef verðtrygging væri upp tekin, mundi verða meira framboð á lánsfé, bæði til íbúðarhúsabygginga og annars. Vaxtafóturinn mundi lækka og það væri því í miklu misræmi við allan málflutning hv. stjórnarandstæðinga, fram að þessu a. m. k., ef þeir teldu slíkt ekki æskilegt. Það er að vísu rétt, að húsbyggjendur hafa vegna verðbólgunnar grætt á þeim lánum, sem þeir áður fengu á vegum Húsnæðismálastofnunarinnar án vísitölukjara. En það er ekki nema lítill hluti byggingarkostnaðarins, sem þessi lán hafa numið, og einmitt vegna verðbólgunnar hafa menn orðið að sæta miklu óhagstæðari kjörum af öðrum lánum, sem þeir hafa þurft að taka. Alkunnugt er, að fólk hefur orðið að selja skuldabréf með miklum afföllum til þess að útvega sér með einhverju móti það fé, sem til byggingarinnar vantaði.

Ég held, að það sé ekki hægt að færa skynsamleg rök fyrir því, að verkalýðurinn hafi a. m. k. enn sem komið er skaðazt á þeim samningum, sem gerðir voru vorið 1964 um aukin opinber framlög til húsnæðismála og verðtryggingu húsnæðismálalána. Lækkun vaxta úr 8% í 4% hefur ein út af fyrir sig vegið nokkurn veginn á móti vísitöluhækkunum á höfuðstól lánanna. En móti þessu kemur, að stóraukið fé hefur verið lagt fram í þessu skyni, sem tæpast hefði fengizt á annan hátt, og auðvitað hefur kaupið hækkað talsvert á þeim tíma, sem síðan er liðinn, þannig að skuldabyrðin hefur þess vegna orðið léttbærari, og verði hér um einhverja fórn að ræða, kemur hún óskipt til góða til uppvaxandi kynslóðar, eins og hæstv. viðskmrh. réttilega benti á í framsöguræðu sinni fyrir þessu máli við 1. umr.

Það jafnvægi á lánamarkaðinum, sem af verðtryggingunni mundi leiða, ætti að útrýma þeirri þjóðfélagslegu meinsemd, sem okurlánamarkaðurinn hefur verið. Svartur markaður fylgir alltaf skorti eins og skugginn herra sínum. Þannig hefur okurlánamarkaðurinn verið afleiðing lánsfjárskortsins, á sama hátt og svartur gjaldeyrismarkaður fylgdi gjaldeyrisskortinum, þegar við hann var að stríða, og svartur vörumarkaður vöruskortinum, sem hér var á árunum fyrir 1950.

Ég get ekki látið hjá líða í þessu sambandi að minnast á annað mál, sem allir þeir hv. stjórnmálaflokkar, sem fulltrúa eiga hér á hv. Alþ., hafa látið í ljós áhuga á og ég tel, að hljóti að verða mjög tengt því, að tekin verði upp verðtrygging, en það eru till. þær um almennan lífeyrissjóð, sem nú er unnið að. Ef hækka á verulega lífeyrisgreiðslur frá því, sem nú er, getur slíkt að mínu áliti því aðeins orðið raunhæft, að sköpuð verði skilyrði fyrir sjóðsmyndun, sem undir slíkum greiðslum geti staðið, en þau skilyrði eru ekki fyrir hendi, meðan verðbólgan er lausbeizluð. Ég tel óraunhæft að ætla sér að afla fjár til verulega aukinna lífeyrisgreiðslna með sköttum á almenning einvörðungu. Það er nógu erfitt að innheimta nauðsynlega skatta til þeirra almannatrygginga, sem við nú höfum, ásamt öllu öðru, sem á ríkissjóði hvílir. Í rauninni er það þannig, að undirstaða allrar tryggingastarfsemi til langs tíma, sem hægt er að telja tryggingastarfsemi, er það, að annaðhvort sé verðlagið stöðugt eða tekin sé upp verðtrygging. Ef þessum skilyrðum er ekki fullnægt, verða allar sjóðmyndanir auðvitað tilgangslausar, og hefur þetta ekki sízt þýðingu fyrir þá miklu aðgerð, sem í rauninni er um að ræða með hinum almenna lífeyrissjóði. En ekki ræði ég þetta frekar en að vekja athygli á því.

Að lokum vildi ég segja þetta: Það er búið að setja hér á hv. Alþ. margvíslega löggjöf um útvegun lánsfjár til ýmissa framkvæmda, sem taldar hafa verið öðrum nytsamlegri frá þjóðhagslegu sjónarmiði, svo sem húsnæðismála, ræktunarframkvæmda, eflingar skipastóls o. s. frv. Venjulega hefur verið samstaða milli þingflokkanna um afgreiðslu slíkra mála. En það, sem valdið hefur því, að slík löggjöf hefur ekki nema að takmörkuðu leyti náð tilætluðum árangri, er það, að gjarnan hefur verið einblínt á það, að lánskjörin væru sem hagstæðust, en minna hugsað um að tryggja nægilegt framboð lánsfjár, enda vill þetta tvennt gjarnan rekast á. Tökum t. d. húsnæðismálin. Allt frá því, að lög um verkamannabústaði voru sett árið 1929, og fram til húsnæðismálalöggjafarinnar árið 1955, var meginháherzla á það lögð, að lánskjörin yrðu sem hagstæðust, lánstíminn sem lengstur, vextir sem lægstir og heimild til að lána mjög háa prósentu af kostnaðarverði íbúðanna. En ástæðan til þess, að þessi löggjöf kom ekki húsbyggjendum að því gagni, sem til var ætlazt, var sú, að fjármagns með svo góðum kjörum sem löggjöfin gerði ráð fyrir var ekki nema að mjög takmörkuðu leyti hægt að afla nema með skattaálögum. Við þekkjum allir vel, hver takmörk skattaálögum eru sett. Þeir, sem yfir sparifé höfðu að ráða, gátu ávaxtað það betur með öðru móti en því að lána það með slíkum kjörum til húsbygginga. Með húsnæðismálalöggjöfinni frá 1955 var hins vegar lagt inn á þá braut að bjóða þeim, sem kaupa vildu skuldabréf húsnæðislánakerfisins, sérstök kjör með hærri vöxtum en þá var yfirleitt hægt að fá með opinberum skuldabréfalánum eða vísitöluákvæðum, sem þá voru nýmæli, og síðan hefur verið haldið áfram á sömu braut, m. a. með ákvæðum húsnæðismálalöggjafarinnar frá 1957 um vísitölutryggingu skyldusparnaðar ungs fólks. Og með júnísamkomulaginu 1964 var fallizt á það, að húsnæðislán yrðu almennt tengd vísitölu. Þetta hefur átt sinn þátt í því að auðvelda fjáröflun til þessarar starfsemi þannig, að árangurinn í því efni að greiða fyrir húsbyggjendum hefur orðið meiri en áður.

Það er út af fyrir sig góðra gjalda vert að bera hag sparifjáreigenda fyrir brjósti, því að verðbólgan hefur vissulega leikið þá marga grátt. Ég lít hins vegar þannig á, að það séu ekki fyrst og fremst þeirra hagsmunir, sem verðtryggingin verndar, heldur engu síður þeirra, sem á lánsfé þurfa að halda. Verðtryggingin eykur framboð lánsfjár og skapar þannig grundvöll fyrir hagstæðari lánakjörum en kostur verður á, meðan verðbólgan ríkir, því að lántakendur eru ekki bættari með hagstæðum lánakjörum á pappírnum, ef ekki er hægt að útvega fjármagn með slíkum kjörum.

Herra forseti. Meiri hl. fjhn. leggur til, að þetta frv. verði samþ. óbreytt.

Frsm. minni hl. (Helgi Bergs): Herra forseti. Eins og hv. frsm. meiri hl. hefur gert grein fyrir, varð ekki samstaða í fjhn. um afgreiðslu þessa máls. Við í minni hl., hv. 1. þm. Norðurl. e., hv. 4. þm. Norðurl. e. og ég, teljum þetta frv. ekki nægilega undirbúið og leggjum til, að því verði vísað frá og fái þá rækilegri athugun

Verðbólguvandamálin eru vissulega erfiðust vandamála í íslenzku efnahagslífi um þessar mundir, og sannleikurinn er sá, að það er næsta sjaldgæft og raunar allt of sjaldgæft, að þessi vandamál séu rædd hér á Alþ. Að vísu er oft komið inn á þessi mál með heldur leiðinlegum hætti. Þegar hæstv. ríkisstj. hefur borið fram eitthvert af sínum bráðabirgðaúrræðum gegn dýrtíðinni og þau koma hér til umr., ber þessi mál auðvitað á góma, en þá jafnan á þann hátt, að hv. liðsmenn ríkisstj. þurfa þá að berja sín mál í gegn, og gefur það heldur slæman grundvöll fyrir góðar, efnislegar umr. um þetta stórfellda vandamál. Það er vissulega sjaldgæft, að af hálfu hv. stjórnarliða séu fluttar jafnvandaðar ræður um þetta vandamál eins og nú hefur verið flutt af hv. 8. þm. Reykv., — ræða, sem ég get í ýmsum atriðum verið algerlega sammála, þó að mér þyki það að sjálfsögðu óprýði fyrir hana, að hann skyldi vera að sletta úr klaufunum í okkur framsóknarmenn á stöku stað.

Hæstv. fyrrv. forsrh., Ólafur Thors, sagði eitt sinn, að allt annað væri unnið fyrir gýg, ef ekki tækist að stöðva verðbólguna, svo mikið lagði hann upp úr úrlausn þessa vandamáls. Verðbólgan hefur í för með sér óeðlilega eignatilfærslu í þjóðfélaginu, leiðir til minni sparnaðar, og hún leiðir til mikillar ófullnægðrar lánaeftirspurnar, eins og hv. síðasti ræðumaður hefur gert glögglega grein fyrir. Vextirnir, jafnvel þeir háu vextir, sem hér hafa tíðkazt á undanförnum árum, nægja ekki allir einu sinni til þess að vega á móti verðfallinu oft og tíðum. Um það held ég varla, að séu skiptar skoðanir,

að verðtrygging getur verið og á að vera gott vopn, ef henni er rétt beitt gegn þessum vanda. En ég er hins vegar sammála síðasta ræðumanni og öðrum um það, að hún ein út af fyrir sig er ekkert einhlítt vopn gegn þessum vanda. Með verðtryggingu fjárskuldbindinga er oft gerður munur á tvenns konar tilgangi hennar: Annars vegar að minnka fjárfestingu með því að minnka lánaeftirspurn og hins vegar með því að auka framboð sparifjár með þessum hætti, þar sem sparifjáreigandinn fær aukið öryggi um eignir sínar. Auðvitað eru bæði þessi atriði nátengd og eru að vissu leyti tvær hliðar á sama máli, en þó er það í þessu máli eins og í mörgum fleiri, að það er ekki alveg sama, hvernig að málinu er komið. Það er dálítil spurning um hugarfar, hvorri þessara tveggja hliða menn vilja leggja mest upp úr. Eins og hv. síðasti ræðumaður gerði ýtarlega og vel grein fyrir, eru þessar hugmyndir ekki nýjar hugmyndir um verðtryggingu fjárskuldbindinga, og eins og hann gerði grein fyrir — hefur m. a. af hálfu þm. Framsfl. og ekki síst af hálfu þeirra verið fluttar hér till. um það, að kannað sé, með hverjum hætti megi verðtryggja sparifé. Auðvitað hefur okkur alltaf verið það ljóst, að sparifé er að sjálfsögðu ekki hægt að verðtryggja, nema einhverjar aðrar fjárskuldbindingar séu verðtryggðar á móti, en þarna er þá aftur spurningin um það, hvorum megin menn vilja fara í þetta mál, og þess vegna legg ég áherzlu á það, að við höfðum jafnan talið, að það ætti að skoða málið út frá því sjónarmiði, hvernig væri fært að verðtryggja sparifé.

Nú er það svo, að þessar till. hafa nú á seinni árum ekki fengið neinn hljómgrunn hjá hv. meiri hl. á Alþ. og hafa ekki verið afgreiddar. Af því hefur aftur leitt það, að sú athugun, sem þær hafa gert ráð fyrir að færi fram, hefur ekki farið fram, með þeim afleiðingum, að þegar svo á að afgreiða frv. hér af þessu tagi, er það svo illa undirbúið og óaðgengilegt, að ekki verður viðunandi talið. Það er sannast að segja alls ekki ljóst mér, eftir að hafa kannað þingskjöl þessa máls vandlega og þær umr., sem um það hafa farið fram í hv. Nd., nokkuð, hvað vakir fyrir mönnum með frv. þessu. Eins og því er lýst, hvernig það eigi að framkvæmast, verð ég því miður að segja, að það gefur mér ekki mikil fyrirheit um þann árangur, sem að átti að stefna. Dr. Jóhannes Nordal seðlabankastjóri hefur gert grein fyrir því í hv. fjhn. Nd., að það, sem fyrir mönnum vaki með frv. þessu, sé í fyrsta lagi að koma á verðtryggingu á sjóði líftryggingafélaga og lífeyrissjóða, í öðru lagi að koma á verðtryggingu á lán opinberra fjárfestingarsjóða, í þriðja lagi að koma á verðtryggingu í fjárskuldbindingum manna á milli með sérstökum heimildum Seðlabankans og í fjórða lagi verði gerðar tilraunir til þess smám saman að koma á verðtryggingu á sparifé. Einhverjir af nm. í hv. fjhn. Nd. skildu þetta þannig, að seðlabankastjórinn hefði lagt áherzlu á þessa liði í þessari röð. Hins vegar hefur síðar borizt leiðrétting frá seðlabankastjóranum um það, að hann telji það ekki hafa neina þýðingu, í hvaða röð þessir hlutir voru nefndir, en það skiptir ekki neinu verulegu máli. Aðalatriðið, sem mér sýnist vera í þessu, er það, að það er ekki gert ráð fyrir öðru en að prófa sig áfram með það smátt og smátt að verðtryggja sparifé.

Það liggur alveg ljóst fyrir, að samkv. frv. þessu getur aðeins verið um það að ræða að verðtryggja mjög lítinn hluta sparifjárins. Í umsögn Seðlabankans um þetta frv. segir m. a. um þetta efni:

„Óruggt verður að telja, að meiri hluti þess fjár, sem til bankanna hefur leitað, verði áfram óbundið eða lítt bundið á venjulegum reikningum og hafi bankarnir þar fé til þeirra útlána, sem verðtrygging á ekki við“.

Þarna er fyllilega staðfest það, sem mér virðist af ýmsu, sem fram hefur komið í þessu máli, að aðeins geti verið um að ræða verðtryggingu óverulegs hluta sparifjárins. Það ber svo vott um ókúganlega bjartsýni hv. 8. þm. Reykv., að hann gerði ráð fyrir, að af þessari verðtryggingu mundi leiða jafnvægi á lánamarkaðinum, eins og hann orðaði það. Því miður get ég ekki verið honum sammála um það. Nú geri ég ráð fyrir því, að við getum verið sammála um, að ýmsar þær athafnir, sem þeir menn, sem hafa aðstöðu til að komast yfir lánsfé, framkvæma til þess að tryggja sér verðbólgugróða af þessu lánsfé, þ. e. a. s. það, sem ég hef stundum nefnt verðbólgufjárfestingu, — ég geri ráð fyrir, að við séum sammála um það, að hún eigi verulegan þátt í því að halda verðbólguskrúfunni gangandi. Og þar sem aðeins verður litið svo á, eins og ég hef gert grein fyrir, að lítill hluti lána verði með verðtryggingu eftir sem áður, er það ljóst, að það er ekki í þessu sambandi hægt að gera sér vonir um það, að verðbólgufjárfestingin sé úr sögunni. Verðbólgufjárfestingin er ekki byggð á lánum úr opinberum fjárfestingarsjóðum og raunar sjálfsagt ekki úr líftryggingafélagssjóðum eða lífeyrissjóðum heldur. En af þessu leiðir það, að þeir, sem verða að taka verðtryggð lán til þess að koma sínum framkvæmdum áfram, verða að borga fyrir þann verðbólgugróða, sem hinir hirða, sem hafa aðgang að óverðtryggðum lánum til sinnar fjárfestingar. Þess vegna leiðir mjög takmörkuð verðtrygging, eins og hér er gert ráð fyrir, til mismununar og ranglætis. Hún leiðir til hækkunar fjármagnskostnaðar hjá öllum almenningi, leiðir m. a. til hækkunar húsnæðiskostnaðar. Í þessu sambandi má minna á ummæli formanns verkalýðsfélagsins Dagsbrúnar, hv. þm. Eðvarðs Sigurðssonar, í Nd., þar sem hann taldi, að verkalýðshreyfingin hefði samið af sér við það að semja um verðtryggingu á húsnæðismálastjórnarlánum í júní s. l., vegna þess að verðtryggingin varð ekki almenn, heldur náði aðeins til þessarar tegundar af lánum, og þess vegna koma þeir menn, sem þess konar lán byggja fyrir, til þess að borga þann verðbólgugróða, sem hinir hirða, sem byggja fyrir óverðtryggð lán. Það er víst ekki þetta, sem hv. 8. þm. Reykv. kallar að ræna lambi fátæka mannsins.

Seðlabankinn er höfundur þessara laga. Hann

er líka eini aðilinn, sem hefur fengið þetta frv. til umsagnar, sem skilyrðislaust mælir með því. Tveir einkabankar, sem málið hafa fengið til umsagnar, Iðnaðarbankinn og Verzlunarbankinn, mæla að vísu með frv., en eru þó sýnilega hálfvolgir og gera við það ýmsar aths. En tveir aðalbankar landsins, ríkisbankarnir, Landsbankinn og Útvegsbankinn, leggja báðir til, að þessu máli sé frestað og ýtarlegri undirbúningur og athugun þess fari fram. Álit þeirra eru prentuð á þskj. 350, og ég skal ekki þess vegna fara ýtarlega út í að rekja þau, þar sem ég geri ráð fyrir því, að hv. þm. hafi kynnt sér þau, en í áliti Landsbanka Íslands segir m. a. svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Oss virðist því, að töflurnar hér að framan sýni ótvírætt, að Landsbankanum væri alls ekki unnt að breyta svo miklu af lánum sínum í verðtryggð lán, að hann fengi staðið undir almennri verðtryggingu á því sparifé, sem hann varðveitir. Hálfdrættingsverðtryggingin, sem gert er ráð fyrir í brtt. við 5. gr., virðist oss ekki létta neitt undir með viðskiptabönkunum í þessu efni, heldur fyrst og fremst gera mörkin óskýrari um það, hvaða lán séu verðtryggingarhæf. En án skýrra og hlutlægra reglna um það, hvernig farið yrði inn á verðtrygginguna, mundi skapast kringum þessi lán úlfúð og illindi, samanburður eins viðskiptamanns við annan og eilífar ásakanir um hlutdrægni."

Þetta segir Landsbankinn um þetta frv., og það ber einmitt að sama brunni og niðurstaða okkar í minni hl. fjhn., að hér skortir allar skýrar línur og allar reglur til þess að fara eftir. Hér er um að ræða galopnar heimildir fyrir Seðlabankann, sem upplýst er, að hann veit ekki, hvernig hann ætlar að nota.

Enn fremur segir Landsbanki Íslands í niðurlagi álits síns um þetta efni, sem undirritað er af öllum bankastjórum Landsbankans. Í niðurlaginu segir svo:

„Niðurstaðan af þessum athugunum er sú, að vér hljótum að ráða frá samþykkt þeirra ákvæða, er varða viðskiptabankana og verðbindingu sparifjár. Samþykkt þessara ákvæða, þótt aðeins sé í heimildarformi, getur aðeins vakið tálvonir um úrlausnir eftir ófærum leiðum og dregið athyglina frá aðalatriðinu, að til er ein örugg leið verðtryggingar á sparifé, sem sé að forðast það, sem verðrýrnuninni veldur, sjálfa verðbólguna. Um frv. að öðru leyti óskum vér, eins og segir í upphafi þessarar umsagnar, ekki að fara út í fræðilegar rökræður á einstökum atriðum, en viljum beina því til fjhn. og Alþ., hvort ekki væri réttast, að málið í heild væri athugað milli þinga af n. manna með sérþekkingu á þessu sviði og gengið frá nýjum till., m. a. á grundvelli þeirrar reynslu, sem fengizt hefur erlendis af löggjöf í þessa átt."

Þetta var niðurlagið á umsögn Landsbanka Íslands, og þar er m. a. lagt til, að athugun fari fram milli þinga og þá ekki síst á þeirri reynslu, sem fengizt hefur erlendis af löggjöf í þessa átt. Nú segir einhvers staðar hér í áliti Seðlabanka Íslands, að Seðlabankinn hafi kynnt sér þá reynslu, sem af þessu er fengin í öðrum löndum, en hitt er jafnvíst, að um þetta hefur okkur ekki tekizt að fá neina fullnægjandi grg. Útvegsbanki Íslands kemst að sömu niðurstöðu í sinni umsögn um þetta atriði, og skal ég, með leyfi hæstv. forseta, lesa tvær síðustu setningar þess, en þær hljóða svo:

„Frv. það, sem nú liggur fyrir Alþ., var einnig flutt á Alþ. í fyrra, en var þá ekki afgr., að því er talið var til þess, að nánari athugun málsins gæti farið fram, áður en Alþ. það, sem nú situr, kæmi saman. Oss er ekki kunnugt um, að nein athugun hafi farið fram á þessu tímabili, a. m. k. hefur enginn haft forgöngu um slíka athugun í samráði við viðskiptabankana. Vér teljum því rétt með tilvísun til framanritaðs að leggja til, að málið í heild verði nú athugað milli þinga af sérstakri n., er hafi náið samráð við bankana, og n., ef hún telur ástæðu til, gangi frá nýjum till., þar sem meðal annars verði tekið tillit til vandamála viðskiptabankanna og innlánsstofnana yfirleitt, sem að framan eru rakin."

Undir þetta álit Útvegsbanka Íslands skrifa tveir af bankastjórum bankans, þeir Jóhannes Elíasson og Finnbogi R. Valdimarsson. Það er hins vegar ástæða til þess að ætla, að þriðji bankastjóri þess banka sé þeim ekki sammála, þar sem hann á sæti í fjhn. Nd. og undirritar þar meirihlutaálit án fyrirvara.

Munurinn á afstöðu okkar í minni hl. og hinna í meiri hl. til þessa frv. byggist ekki á mismunandi viðhorfi til þess, hvort verðtrygging sem slík sé nothæft vopn í baráttunni við verðbólguna. Það byggist ekki á mismunandi skoðunum á þeim grundvallaratriðum, hvort slíkar aðgerðir gætu verið leið til þess að styrkja sparifjárstöðuna og draga úr lánsfjáreftirspurninni. Um þau atriði eru menn í meginatriðum sammála. Þessi mismunandi viðhorf byggjast hins vegar á því, að meiri hl. vill sætta sig við ófullkomna löggjöf, engar skýrar meginlínur, engar reglur, heldur aðeins heimild til þess að prófa sig áfram með tilraunum og þá væntanlega með álíka fálmkenndum ráðstöfunum og tíðkazt hafa í seinni tíð og hafa einkennt þá peningapólitík, sem hæstv. ríkisstj. hefur beitt sér fyrir. Við á hinn bóginn viljum láta fara fram ýtarlegri rannsókn á þeim stórfelldu vandamálum, sem hér er við að fást. Við viljum láta undirbúa fyrir næsta þing ýtarlega löggjöf, svo að Alþ. geti vitað, að hverju það gengur í þessu máli, og þurfi ekki að veita opnar heimildir þeim aðilum, sem ljóst er að vita ekki, hvernig þeir ætla að nota þær. Þess vegna leggjum við í minni hl. fjhn. til, að þetta frv. verði afgreitt með svo hljóðandi rökstuddri dagskrá:

„Þar sem d. telur nauðsynlegt, að þetta mikilsverða mál fái rækilegri athugun en þegar hefur farið fram og að löggjöf um verðtryggingu, ef sett verður, feli í sér skýrari ákvæði um reglur þær, sem farið skuli eftir við framkvæmd l., og í trausti þess, að ríkisstj. skipi 5 manna n., 4 eftir tilnefningu þingflokkanna og einn án tilnefningar, til þess að athuga málið og gera till. um það fyrir næsta þing, tekur d. fyrir næsta mál á dagskrá."

Frsm. meiri hl. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð, sem ég tel ástæðu til að segja, og þau snerta í rauninni aðeins staðreyndir varðandi undirbúning þessa máls.

Hv. 6. þm. Sunnl. sagði, að þar sem þær till., sem hv. framsóknarmenn öðru hverju hafa flutt hér á hv. Alþ. um athugun á þessu máli, hefðu ekki verið samþykktar, hefðu þær athuganir ekki verið gerðar, sem þeir hefðu talið æskilegar, og gætu þeir því ekki tekið aðra afstöðu til þessa máls en þá, sem þeir raunverulega hafa tekið. Ég vildi aðeins í sambandi við þetta vekja athygli á því, að eins og fram kemur í nál. hv. minni hl. fjhn. Nd., var á Alþ. 1953 samþ. þáltill. frá nokkrum hv. framsóknarmönnum, og ég veit ekki annað en það hafi einmitt verið á grundvelli þeirrar þál., sem hv. 1. þm. Austf., sem þá gegndi embætti fjmrh., skipaði hagfræðinganefndina í þetta mál árið 1956 og hún skilaði áliti. Enn fremur vil ég í þessu sambandi aftur minna á þá till., sem ég flutti um verðtryggingu lífeyris. Ég man, að þegar hún kom til umr. í hv. Sþ., kvaddi sér þar hljóðs hv. 3. þm. Norðurl. v. og minnti þá á þær till., sem hv. framsóknarmenn hefðu flutt á undanförnum þingum, sem að vísu gengju lengra í þessu efni heldur en mín till. og ekki höfðu verið afgreiddar. Samt sem áður sagðist hann mundu styðja mína till., og er engin ástæða til þess af mér að vanþakka það, að bæði í n. og við afgreiðslu málsins á þingi var þessi till. studd af hv. framsóknarmönnum og samþ. Það var m. a. einmitt þetta, sem hvatti mig til þess að fara kannske dálítið út fyrir þann stakk, sem till. var sniðinn, þannig að ég tók verðtryggingarmálið almennt til meðferðar í mínu áliti. Hitt skal svo viðurkennt, að hvorugt þessara álita mun hafa komið fyrir sjónir hv. þm., og ég get vel sagt það, að ég tel það yfirleitt ósið, að þegar slíkar till. eru samþ. og þm. langar til að fá athugun á vissum málum, skuli slíkum álitsgerðum vera stungið undir stól, og í þessu efni eru vinstri stjórnin, sem sat, þegar hin hagfræðinganefndin starfaði, og sú hæstv. ríkisstj., sem var við völd á síðasta kjörtímabili, jafnar. En ég dreg enga dul á það, að ég tel þetta miður farið. Þó að hvorugt þessara álita megi e. t. v. teljast gagnmerkt, hefði það, að hv. þm. hefðu átt kost á því að kynna sér þau, leiðrétt margvíslegan misskilning, sem komið hefur fram við umr. málsins hér á hv. Alþingi.

Þriðja athugunin, sem hefur farið fram á þessu máli, er sú athugun, sem Seðlabankinn hefur stofnað til. Í bankaráði Seðlabankans, sem allir þingflokkar eiga sæti í, hef ég ekki orðið var við það, að ágreiningur kæmi fram um þetta mál. Hins vegar vil ég taka það fram, að á frv., eins og það nú liggur fyrir, ber seðlabankaráðið ekki ábyrgð, hvorki í heild né einstakir menn. Það er seðlabankastjórnin og sérfræðingar hennar, sem að tæknilegum atriðum í sambandi við það hafa unnið.

Svo vildi ég aðeins segja það, að ég er sammála hv. 6. þm. Sunnl. um það, að þegar lítið er á verðtryggingu sem tæki gegn verðbólgunni, eru þeim mun meiri líkur á árangri, eftir því sem verðtryggingin verður víðtækari. Á því eru þó tæknilegir örðugleikar að gera hana víðtæka í upphafi, m. a. sá, sem fram kom í álitsgerð Landsbankans, sem hv. 6. þm. Sunnl. las hér upp kafla úr, að vegna þess að mikið af lánum bankanna er bundið í óverðtryggðum lánum, tekur það alltaf sinn tíma, þangað til hægt er að gera jafnvel fjárfestingarlán vísitölubundin, því að engum hefur dottið í hug, að lánastofnanirnar ættu að bera kostnað af verðtryggingunni. Það verða auðvitað lántakendur að gera. Hinu vildi ég vekja athygli á, að til þess að verðtryggingin nái tilgangi sínum, er það í rauninni ekki aðalatriði, hversu víðtæk hún verður. Mér finnst, að varla komi t. d. til álita að verðtryggja fé, sem hægt er að taka út hvenær sem eiganda þess sýnist. Sparifjáreigendur verða alltaf að kaupa verðtrygginguna því verði að binda fé sitt um skemmri eða lengri tíma. Það getur verið álitamál, hvað sá tími eigi að vera langur. Ég held, að einmitt aðalatriðið í sambandi við það að draga úr hvöt manna til að eyða peningum sínum til þess að forða þeim frá verðrýrnun eða fjárfesta þá á óskynsamlegan hátt, a. m. k. frá sjónarmiði þjóðfélagsheildarinnar, sé það, að menn eigi þess kost að verðtryggja fé sitt, en hitt sé ekki endilega nauðsynlegt skilyrði, að það verði alltaf stór hluti sparifjárins, sem verðtryggður er.

Frsm. minni hl. (Helgi Bergs): Herra forseti. Það er aðeins örlítil aths. — Það, sem hv. 8. þm. Reykv. sagði í upphafi síðari ræðu sinnar, átti víst fullan rétt á sér. Það var rétt, sem hann benti á, að nokkur athugun á þessum málum hefur vissulega farið fram. Mér var fyllilega kunnugt um það, að till. um þessi mál hafði verið samþ. á árinu 1953, og mér var líka kunnugt um það, að nokkrum árum síðar hafði einhver athugun farið fram á þessu máli. En ég held, að ég hafi sagt í ræðu minni áðan, að till. okkar um rannsókn á þessum málum og athugun nú á síðari árum hafi ekki náð samþykki, þar af leiðandi hafi þær athuganir, sem þær gerðu ráð fyrir, ekki farið fram. Hefðu þær athuganir farið fram, hefði þetta frv. verið betur undirbúið en raun ber vitni. Ég skal sízt gera lítið úr því, að það hafi verið merk álitsgerð, sem hv. þm. gerði. Hann sagði nú að vísu sjálfur, að það mundi ekki hafa verið neitt gagnmerkt plagg, en ég vil halda, að það hafi verið gagnmerkt, en ég hef bara ekki séð það. Og mér vitanlega hefur skýrslan ekki verið birt, og eftir því sem fram kom hjá hv. þm., mun hún aðallega hafa snúizt um þann þátt þessara mála, sem lýtur að lífeyrissjóðum, þó að hún hafi komið eitthvað inn á aðra þætti málsins.

ATKVGR.
Rökstudd dagskrá á þskj. 569 felld með 10:8 atkv.
1. gr. samþ. með 10:2 atkv.
2.—14. gr. samþ. með 10:2 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 75. fundi í Ed., 29. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 9:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já: RJ, EggÞ, JÞ, MJ, ÓB, SvG, ÞK, AuA, SÓÓ.

nei: HjH, BGuðbj, AG.

GilsG, HB, KK, ÓlJ, PÞ, ÁB greiddu ekki atkv.

2 þm. (PP, JÁ) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (A. 662).

41. Ríkisreikningurinn 1964.

Á 36. fundi í Ed., 15. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1964 [113. mál] (stjfrv., A. 234).

Á 40. fundi í Ed., 22. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Í frv. þessu er að venju lagt til, að samþykktar verði þær niðurstöðutölur, sem endanlega hafa orðið á ríkisreikningi, og er það frv., sem hér er um að ræða, varðandi ríkisreikninginn fyrir árið 1964. Reikningurinn hefur verið endurskoðaður af yfirskoðunarmönnum Alþ., og eru prentaðar með reikningnum aths. þeirra, svo og svör við þeim aths. og loksins úrskurðartill. þeirra um þau svör.

Þegar hefur Alþ. verið gerð grein fyrir afkomu ríkissjóðs árið 1964 og niðurstöðum á ríkisreikningi í meginatriðum, og sé ég því ekki ástæðu til, nema sérstakt tilefni gefist til, að fara að gera hér frekar að umtalsefni þær einstöku niðurstöðutölur, sem fyrir liggja, enda hefur það verið venja, sem eðlilegt er, að hv. fjhn. athugi þessar niðurstöðutölur, beri þær saman við reikninginn og það komi þá fram frá henni aths., ef hún telur ástæðu til, er gætu þá skapað grundvöll að umr. um reikninginn. Ég mun því ekki hafa þessi inngangsorð mín fleiri, herra forseti, en leggja til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til fjhn. með 18 shlj. atkv.

Á 53. fundi í Ed., 21. marz, var frv. tekið til 1. umr. (A. 234, n. 320).

Frsm. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Fjhn. hefur haft þetta mál til meðferðar og hefur m. a., eins og venja er til, borið saman tölur frv. og niðurstöðutölur ríkisreikningsins, og fannst ekkert athugavert við þann samanburð. Eins og nál. á þskj. 320 ber með sér, mæla nm., sem viðstaddir voru afgreiðslu málsins, með því, að það verði samþ. óbreytt, enda var, eins og athugasemdir endurskoðenda við ríkisreikninginn bera með sér, ekki um það að ræða, að neinni af aths. þeirra væri skotið til meðferðar Alþ. En einn hv. nm., 4. þm. Norðurl. e., var fjarstaddur, þegar málið var afgreitt úr nefnd.

Herra forseti. Skv. þessu leggur fjhn. til, að frv. verði samþ. til 3. umr. óbreytt.

Karl Kristjánsson: Herra forseti. Eins og fram kemur í nál. frá fjhn. og hv. frsm. n. gerði grein fyrir, þá mælum við framsóknarmennirnir í fjhn. eins og aðrir nm. með því, að ríkisreikningurinn fyrir árið 1964 verði samþ. sem rétt skýrsla um tekjur og gjöld ríkissjóðs á árinu 1964, auðvitað með venjulegum fyrirvara um leiðréttingar á villum, sem fram kunna að koma síðar.

Yfirskoðunarmenn hafa ekki gert neinar þær aths. við reikninginn, er þeir vísi til úrskurðar Alþ., eins og hv. frsm. n. gat líka um. Hins vegar fylgja reikningnum 16 aths., sem yfirskoðunarmennirnir gera um meira og minna mikilsverð atriði, sem þeir telja að eigi að taka til greina eftirleiðis, þó að við svo búið verði að standa að þessu sinni. Undir þessar aths. vil ég taka og tel, að samþykkt reikningsins feli í sér slíkar undirtektir frá fjhn.

Það, sem einkennir reikninginn og ekki er hægt að ganga þegjandi fram hjá, þótt hann sé réttur sem skýrsla, er, hve eyðslan flóir þar yfir alla bakka. Fjárlögin eiga að vera farvegur, en eyðslunni hefur ekki verið haldið í þeim farvegi. Víða hefur stórstreymi orðið út úr farveginum. Í heildinni hefur svo farið, að fjáraukalög þurfa að vera í útgjöldum að upphæð 666.2 millj. kr., og það er um það bil fimmta hver króna útgjalda á reikningnum. Svo óraunhæf hafa fjárlögin 1964 orðið. Má þar vafalaust ýmsu um kenna: ónógri vandvirkni við setningu laganna, meira vaxandi dýrtíð en gert var þá ráð fyrir og svo of lausum tökum á framkvæmd laganna, en allt felur þetta í sér ásökunarefni á hæstv. ríkisstj. og má ekki kyrrt liggja, þó að reikningurinn fái jákvæða afgreiðslu sem skýrsla um orðna hluti.

Ég vil nefna sem dæmi um lausatök, að það, sem nefnt er „annar kostnaður ráðuneytanna“, var á 10. gr. í fjárl. 4 millj. kr., en varð í framkvæmd 8.4 millj. kr. eða meira en tvöföldun. Þá var á sömu gr. fjárl. 350 þús. kr. liður ætlaður „til kostnaðar við kjarasamninga“, en þetta urðu 1.8 millj. kr. eða meira en fimmföldun. Trúir nokkur því, að þarna hafi verið vel á haldið? A. m. k. talar þessi umframeyðsla alvarlegu máli um það ástand, sem var í kaupgjaldsmálum á árinu. Þetta er stríðskostnaður ríkisstj. á þeim vettvangi og óþakkarverður.

Sameiginlegur kostnaður við embættisrekstur er áætlaður á fjárlögunum, 11. gr. C, 2.2 millj., en varð rúmlega 4 millj. Þar flóir ekki svo lítið út úr hlutfallslega.

Á 11. gr. B er kostnaðurinn við ríkisskattanefnd og skattstofur. Það er einmitt liður, sem talað hafði verið hátt um, að yrði vegna hag-

ræðingar mjög glæsilegur sparnaðarliður. Hann er á fjárl. 15.5 millj. kr., en varð samkv. ríkisreikningnum 23.3 millj. kr. Þarna hefur því illa bilað „hengilás, hespa eða kengur".

Ég er ekki að gera samfellda úttekt á ríkisreikningnum, ég nefni bara dæmi til þess að láta koma fram, að þar er margt athugavert efnislega, þótt við svo búið verði að standa og reikningurinn verði að afgreiðast.

19. gr. er í eðli sínu ruslakompa og mikil ruslakompa á þessum reikningi. Þar eru „óvissu útgjöldin", og þar er allt fljótandi í óhóflegum tölum, sem auðvitað er ekki gott að festa hendur á, því að ekki hefur verið kostur á að skoða liðinn niður í kjölinn. Óviss útgjöld voru samkv. fjárlögum 1964 14 millj. kr., en urðu í reynd 18.1 millj. Þarna er bifreiðakostnaður ríkisstj. 1.1 millj. og ferðakostnaður embættismanna ríkisins erlendis 1.6 millj. og þó ekki allur í þeirri fjárhæð. Þar eru fjárhæðir vegna forsetaembættisins, sem nema um 600 þús.: Bretlandsför og heimsókn hertogans af Edinborg. Mér er spurn: Hvers vegna er það ekki látið koma fram í einu lagi á ríkisreikningnum, hvað æðsta stjórn landsins kostar? Það virðist vera óþarfi að setja svona háa liði í óviss útgjöld. Þá er þarna útgjaldaliður, sem nefndur er „lagafrv. og reglugerðir," 1.6 millj., og nefndakostnaður rúml. 2 millj. kr. og þó fleira, sem flokka mætti undir nefndakostnað, upphæðin því enn hærri til nefndarstarfanna. Ég sé ekki betur en þarna séu freyðandi rásir út úr farvegi fjárlaganna. Í þessu og þvílíku er ekki hægt um vik fyrir fjhn. Alþ. að þreifa til rótar. Þessum liðum þurfa þeir, sem með fjármál ríkisins fara, að gæta vel að og gæta þess að missa ekki fé ríkissjóðs út um greipar sér. Mér er spurn: Geta t. d. ekki embættismenn ríkisins samið reglugerðir í föstum vinnutíma? Þarf að greiða aukalega fyrir þau störf svo mikið sem gert hefur verið?

Mikið efni til athugunar er skýrsla sú, sem fylgir reikningnum, um ábyrgðir, sem ríkið eða ríkisábyrgðasjóður hefur greitt á árinu 1964. Þar ber hátt tvær greiðslur fyrir Ísfirðing h/f á Ísafirði, samtals á sjöundu millj. kr. Þar er greiðsla fyrir Ásfjall h/f í Hafnarfirði 1.2 millj. kr., greiðsla fyrir Guðmund Jörundsson vegna togarans Narfa 2.5 millj., greiðsla fyrir Ísfell h/f vegna togarans Sigurðar 3.5 millj., greiðsla fyrir síldar- og fiskimjölsverksmiðju á Akranesi 3.7 millj. kr., greiðsla fyrir fyrirtækið Skagfirðing nálega 2 millj.

Ekki er annað vitað en a. m. k. sumir þeirra, sem ríkið hefur borgað ábyrgðir fyrir, gangi eftir sem áður með fullar hendur fjár og leiki sér jafnvel að peningum. Mér virðist þarna geta verið viðsjárverð meðferð ríkisfjár, a. m. k. er hún það til að sjá. Erfitt er að vera sannfærður um, að fulls réttlætis sé þar ætíð gætt, þegar skuldarar eru krafðir.

Ég rak mig þarna á greiðslur vegna Hafnarfjarðarbæjar. Datt mér þá í hug að athuga, hvað ríkið hefur greitt fyrir bæinn eða fyrirtæki hans á síðustu árum, því að mér hafði skilizt, að hann væri sá skuldari, sem mest hefði reynt á ríkið með föllnum ábyrgðarskuldum. Virtist mér, að ríkið mundi hafa greitt vegna Hafnarfjarðar og fyrirtækja hans á síðustu árum um 35 millj. kr. Þetta er dálagleg fúlga eða svo má þeim sveitarfélögum finnast, sem stritað hafa við að standa á eigin fótum. Von er, að sú spurning vakni, hvort ekki hafi verið mögulegt að komast hjá slíkum greiðslum að einhverju leyti a. m. k.

Yfirskoðunarmenn benda á, að óinnheimtar tekjur ríkissjóðs hafi færzt í aukana og séu í árslok 1964 103 millj. kr. eða ⅓ hærri en við næstu árslok á undan og meira en helmingi hærri en við árslok 1962. Þetta er slæm þróun, og það verður að reyna að taka fyrir hana. Má segja, að tréð rotni í báða enda, þegar hvort tveggja er, að álögur hækka ár frá ári og innheimta þeirra slaknar líka ár frá ári.

Ég legg til, að ríkisreikningurinn 1964 verði samþ., en í þeirri till. minni felst alls ekki velþóknun yfir þeirri meðferð ríkisfjárins, sem reikningurinn segir sögur af. Ég tel, að þær sögur sumar geti verið og eigi að vera dæmisögur til viðvörunar þeim, sem fara með fé ríkisins eftirleiðis, og þess vegna hef ég bent á þessi atriði, sem ég nefndi.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Það mætti vitanlega margt segja um ræðu hv. 1. þm. Norðurl. e., sem hann var að enda hér í sambandi við afgreiðslu ríkisreikningsins fyrir árið 1964, en ég skal reyna að fara ekki meira en ástæða er til út í þá sálma að ræða í einstökum atriðum þau mál, er hann minntist á.

Ég get fullkomlega tekið undir þau orð hans, að það er sjálfsagt, að farið sé eftir till. endurskoðunarmanna ríkisins eða Alþ. varðandi þær athugasemdir, sem þeir gera í sambandi við ríkisreikninginn, enda hefur stofnunum og var þegar í sumar ritað í sambandi við þær athugasemdir, sem þær varða, og fyrir þær lagt að haga málum sínum framvegis í samræmi við þær athugasemdir, þannig að okkur 1. þm. Norðurl. e. ber að sjálfsögðu ekki á milli um, að það beri að taka tillit til þeirra athugasemda að fullu, enda tel ég þær vera hófsamar og eiga við full rök að styðjast.

Varðandi aftur þær athugasemdir hv. 1. þm. Norðurl. e., að hér hefðu útgjöld farið stórkostlega úr hófi fram og það sýndi, að það hefði verið með lítilli gætni farið með ríkisfé, miðað við það, hvað hver reikningur hefði farið langt umfram fjárlög, þá eru á meginhluta þeirra útgjalda fullgildar skýringar, sem ég hygg nú raunar, að hv. 1. þm. Norðurl. e. sé fullkunnugt um, því að ég gerði rækilega grein fyrir því í fjárlagaræðu minni í haust, að ástæðan fyrir því, að útgjöld ríkissjóðs 1964 hefðu farið svo langt fram úr áætlun sem raun ber vitni um, stafaði að meginhluta til af atvikum, sem til komu eftir að fjárlög voru afgreidd. Má í því sambandi geta þess, að svo sem ríkisreikningur ber með sér, þá hafa útgjöld samkv. sérstökum lögum orðið um 200 millj. kr., en eru aðeins áætlaðar 5 millj. til að mæta þeim útgjöldum í fjárl. Þetta stafar bæði af aðstoð við útgerðina og ýmsum öðrum ráðstöfunum, sem gerðar voru, eftir að fjárlög voru afgr., og ekki lágu fyrir

upplýsingar um, þegar það var gert. Í annan stað var mönnum jafnframt kunnugt um það, að á þessu ári var í sambandi við samkomulag við verkalýðsfélögin fallizt á það að setja aftur vísitöluna í samband við kjarasamningana á miðju ári, og þetta leiddi af sér stórkostlega aukningu niðurgreiðslna til að halda niðri vöruverði, og útgjaldaauki af þeim sökum nemur um 200 millj. kr. Þetta eru langstærstu liðirnir, útskýra mjög verulegan hluta þeirra umframútgjalda, sem eru hjá ríkissjóði þetta ár, og hygg ég ekki, að það sé hægt að segja, að þetta bendi til einhverrar óreiðu í sambandi við þessar umframgreiðslur, heldur koma hér til atriði, sem eðli málsins samkv. lágu ekki fyrir, þegar fjárl. voru afgr., og það eina, sem segja má að geti verið ásökunarefni í því sambandi, er að hafa ekki nægilega snemma á því ári gert ráðstafanir til nýrrar tekjuöflunar til þess að mæta þessum útgjöldum, sem þó raunar var gert varðandi hluta þeirra með hækkun söluskattsins, sem einnig var afgr., eftir að fjárlög voru samþ. hér endanlega, til þess að mæta útgjaldaaukanum vegna aðstoðar við útgerðina og fleira í því sambandi. En þetta leiðir að sjálfsögðu af sér, að áætlanir fjárl. hafa mjög raskazt, þannig að ríkisreikningur er þetta miklu hærri samanborið við fjárlög eins og raun ber vitni um.

Þetta held ég, að hv. þm. muni vera fullkomlega ljóst. Hann er svo glöggur og gætinn maður, að hann gerir sér fulla grein fyrir því. En mér finnst ekki alls kostar sanngjarnt að láta ekki þessar skýringar fylgja, þegar átalið er, hversu útgjöld fjárl. þetta ár hafa farið umfram fjárlög.

Varðandi hina einstöku liði, sem hv. þm. vitnaði í að væru óeðlilega háir og sýndu, að ekki hefði verið haldið nógu vel á málum, svo sem að kostnaður við kjarasamninga hefði farið mjög verulega fram úr áætlun, sameiginlegur kostnaður við embættisrekstur og skattheimta og annað þess konar, út í þá sálma skal ég ekki sérstaklega fara. Ég býst ekki við, að í því felist ásakanir um það, að t. d. við kjarasamningana hafi verið greiddar út einhverjar óeðlilegar fjárhæðir. Það má vissulega harma það, að þessi kostnaður hefur orðið svo mikill sem raun ber vitni um, en eins og sakir stóðu, varð ekki hjá því komizt, og ég hef ekki ástæðu til að halda, að það hafi verið af neinni ógætni haldið á þeim útgjöldum.

Kostnaðurinn við embættisrekstur, hinn sameiginlegi kostnaður, var áætlaður of lágt. Það getur vel verið, að megi segja, að eitthvað megi spara í því efni. Það hefur löngum verið vinsælt að tala um sameiginlegan embættisrekstur stjórnarráðsins og annarra þeirra stofnana sem dæmi um það, hvar mætti spara í ríkisrekstrinum. Það hefur verið frá því að ég man fyrst eftir, að *ég hafði afskipti af stjórnmálum*, en hins vegar lítið út úr því komið, enda reyndin sú, að ég hygg, að það sé ákaflega erfitt að komast hjá að inna þessar greiðslur af hendi, nema þá hugsanlega kannske með einhverjum verulegum skipulagsbreytingum, sem ég verð þó að segja, að ég fæ ekki séð, hvernig má við koma. Hitt er annað mál, að þessi eilífa gagnrýni á kostnað við stjórnarráðið og sameiginlegan embættisrekstur og aðra slíka útgjaldaliði við stjórnsýsluna hefur því miður oft og tíðum orðið þess valdandi, að þessi kostnaður hefur verið áætlaður of lágt í fjárl., og þá í rauninni verður útkoman sú, að þetta kemur fram í ríkisreikningi á sínum tíma. Ég verð persónulega að segja, að ég álít, að sú aðferð þjóni engum tilgangi, þegar það er vitanlegt, að kostnaðurinn hlýtur að fara fram úr áætlun, það sé eins gott að sýna þá áætlun raunhæfa strax.

Varðandi kostnaðinn við skattheimtuna skal það fúslega játað, að endurskipulagning skattheimtunnar hefur ekki leitt af sér þann beina sparnað, sem gert var ráð fyrir. Það breytir hins vegar engu um það, að þessi skipulagsbreyting var að mínum dómi mjög til bóta og hefur lagt grundvöll að því, að með allt öðrum og nýjum hætti er hægt að taka á skattamálunum. En það er hárrétt hjá hv. þm., að áætlanir um það, að þetta mundi leiða af sér töluverðan sparnað, hafa ekki rætzt og því hefur þetta farið fram úr áætlun, bæði á árinu 1964 og 1965, og í fjárl. ársins 1966 hefur verið gengið út frá því að taka inn áætlun, sem raunsæ mætti teljast í sambandi við skattheimtukostnaðinn, og verða menn að sjálfsögðu að hafa sínar skoðanir um það, hversu þar hafi verið skynsamlega að málum unnið. En ég held ekki hér heldur, að sé hægt að álíta, að neitt hafi verið greitt óeðlilega umfram það, sem þessi kostnaður raunverulega reyndist óhjákvæmilegur.

Varðandi nefndakostnað og kostnað við undirbúning lagafrv. er það ekkert sérstakt í sambandi við þennan ríkisreikning. Það hafa áratugum saman að vísu verið mismunandi háar fjárhæðir í þessu sambandi, en verið í öllum ríkisreikningum, frá því að ég man fyrst eftir, allverulegar fjárhæðir. Ég er hv. 1. þm. Norðurl. e. sammála um, að það beri að spyrna hér við fótum svo sem auðið er. En ég held ekki, að það sé hægt að færa þetta fram sem neinar sérstakar röksemdir fyrir því, að á árinu 1964 hafi verið eitthvað ógætilegar á þessum málum haldið, heldur en hefur verið tíðkað langa hríð, og ég vil ekki halda heldur, hver fjmrh. sem hefur átt hlut að máli í það og það skiptið, að ekki hafi verið reynt að sporna hér við fótum eins og kostur er. En þetta hefur nú einu sinni verið svo, t. d. með undirbúning lagafrv., að það er oft og tíðum mjög erfitt að leggja beinlínis á starfsmenn stjórnarráðsins þá skyldu að undirbúa öll slík mál, auk þess sem oft eru til kvaddir menn utan stjórnarráðsins vegna ýmiss konar sérþekkingar á þeim málefnum, sem um er að ræða, og verður þá að sjálfsögðu að greiða þeim mönnum fyrir það verk.

Ríkisábyrgðirnar nefndi hv. 1. þm. Norðurl. e. einnig. Það er alveg rétt hjá honum, að það eru mjög óskemmtilegar fjárhæðir, sem ríkið hefur orðið að leggja út vegna ríkisábyrgða, og er glögg ábending um, að það hefði mátt fara með meiri hófsemi í ríkisábyrgðir á undanförnum árum og áratugum heldur en gert hefur verið. Ég hins vegar minni enn á það, sem er

tvímælalaus staðreynd, að þessi mál hafa mjög komizt í betra horf, eftir að lög um ríkisábyrgðasjóð voru sett, og m. a. varðandi það, sem hann minntist á, að erfitt væri að sannreyna eða tryggja það, að sanngirni og réttsýni væri látin ráða í sambandi við innheimtuaðgerðir, held ég, að það sé þó til stórra bóta, að þetta er komið í hendur hlutlauss aðila, þannig að stjórnmálaleg sjónarmið koma þar ekki til greina. Ríkisábyrgðasjóður hefur með höndum þessar innheimtur og það er reynt með öllum tiltækum ráðum að innheimta þetta fé. Ég er hins vegar sammála honum um, að það er eðlilegt t. d. um sveitarfélög, sem reyna að standa í skilum, að það hitti þau illa að sjá, að það séu lagðar út stórar fjárhæðir fyrir önnur sveitarfélög. Þetta bendir ekki til þess út af fyrir sig, að þessi sveitarfélög, sem hlut eiga að máli, hafi vísvitandi verið að láta falla ábyrgðir á ríkið. Hér hafa hins vegar þau óhöpp orðið, að þessir aðilar hafa ekki geta staðið við sínar skuldbindingar. En auðvitað verður að leggja alla áherzlu á að innheimta þetta fé.

Í sambandi við ríkisábyrgðirnar, ef út í það ætti að fara, það skal ég ekki gera hér, er auðvitað hægt að benda á mjög raunaleg óhöpp og raunaleg atvik, sem þar hafa átt sér stað, og vissulega hefði farið betur allra hluta vegna, að sumt hefði þar verið ógert. Það má því segja, að það sé oft og tíðum hægara að vera gáfaður eftir á. Það, sem er tilfinnanlegast í sambandi við ríkisábyrgðirnar, eru ríkisábyrgðir vegna togaranna, sem hafa fallið með mjög miklum þunga á ríkisábyrgðasjóð og verið einn versti þátturinn í þeim ábyrgðum á undanförnum árum og eru það eins og sakir standa nú. Hins vegar er í sambandi við vanskil þeirra ríkisábyrgða lögð sérstök áherzla á að reyna að fá viðbótartryggingar til þess að koma í veg fyrir, að þar verði um beint tap að ræða á fjármunum ríkisins. En einmitt þessi atvik og ýmis önnur, sem hv. 1. þm. Norðurl. e. minntist á, tel ég, að sé gott að sé drepið á og vakin athygli á, vegna þess að það gerir mönnum ljóst, að það er nauðsynlegt að hafa mikið aðhald og gæzlu á í sambandi við veitingu ríkisábyrgða, því að þar beinlínis getur verið um að ræða að ráðstafa stórum fjárhæðum af almannafé. Og ég minnist þess nú, að þegar voru sett lög um ríkisábyrgðasjóð, kom fram æðimikil gagnrýni, jafnvel frá hv. 1. þm. Norðurl. e., um það, að með þeim aðgerðum væri verið að setja allt of strangar hömlur varðandi veitingu ríkisábyrgða. Þessar hömlur hafa hins vegar leitt til þess, að síðan tekin var upp sú meginregla um veitingu ríkisábyrgða, sem lög um ríkisábyrgðasjóð gera ráð fyrir, hafa ekki komið til nokkur teljandi vanskil varðandi þær ríkisábyrgðir, sem síðar hafa verið veittar. Það, sem hér er um að ræða, eru eingöngu ábyrgðir, sem veittar hafa verið, áður en lög um ríkisábyrgðasjóð tóku gildi. En það er full ástæða til þess að vænta, að eftir því sem árin líða muni útgjöld ríkissjóðs vegna vanskila ríkisábyrgða fara verulega minnkandi, og veit ég, að hv. 1. þm. Norðurl. e. er mér sammála um, að það sé vel, ef svo fer.

ATKVGR.
Frvgr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 54. fundi í Ed., 22. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 58. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 60. fundi í Nd., 28 marz, var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, er til samþykktar á ríkisreikningnum fyrir árið 1964. Alþ. hefur áður verið gerð rækileg grein fyrir niðurstöðu og afkomu ríkissjóðs fyrir það ár í fjárlagaræðunni við fjárlagafrv. fyrir árið 1966, og sé ég ekki ástæðu hér til þess að fara að ræða afkomu ríkissjóðs það ár, nema sérstakt tilefni gefist til. Frv. er samið eftir greinum ríkisreikningsins, en ríkisreikningnum hefur einnig verið útbýtt hér í hv. d., og fylgja honum aths. yfirskoðunarmanna og svör rn. við aths. þeirra. Ég sé ekki ástæðu til, herra forseti, að fara að ræða einstök atriði málsins. Það er þá eðlilegra, að það verði gert, eftir að hv. fjhn. hefur athugað aths. yfirskoðunarmanna og svörin við þeim, en legg til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 29 shlj. atkv. og til fjhn. með 25 shlj. atkv.

Á 81. fundi í Nd., 29. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 234, n. 633).

Frsm. meiri hl. (Davíð Ólafsson): Herra forseti. Fjhn. hefur haft þetta mál til meðferðar, og eins og fram kemur á nál. á þskj. 633, mælir n. með, að frv. verði samþ. Einn nm., Einar Ágústsson, mun skila séráliti, sem hefur ekki verið útbýtt enn, og tveir nm., þeir Lúðvík Jósefsson og Jón Kjartansson, skrifa undir nál. með fyrirvara.

ATKVGR.
Frvgr. samþ. með 21 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Á 82. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Ég vildi fyrst spyrja hæstv. forseta, hvort hann teldi ekki vel við eiga, að hæstv. fjmrh. væri viðstaddur, þegar þetta mál er til umr. **(Forseti:** Forseti

telur það vel við eiga, að hæstv. fjmrh. sé viðstaddur, en vera má, að hann sé bundinn við umr. í hv. Ed., en er þó mættur hér.) Hann er mættur, já.

Mér er sagt, að frv. þetta hafi verið afgr. frá hv. fjhn. í gær, og í nál. meiri hl. í þeirri n., sem lýst var við 2. umr. fyrr í dag hér í d., segir, að einn nm., hv. 11. þm. Reykv. (EÁ), muni skila séráliti. En nú kom það fyrir, sem kunnugt er, að hann þurfti að hverfa af þingi þegar í morgun, og hafði honum ekki unnizt tími til að ganga frá nál., áður en hann hvarf af þingi.

Ég vildi leyfa mér, þótt það álit liggi ekki fyrir, að fara nokkrum orðum um ríkisreikninginn fyrir árið 1964. Hann ber það með sér, að enn hafa ríkisútgjöldin hækkað stórkostlega á því ári. Skv. reikningnum voru heildargjöldin á árinu 3267 millj. rúmlega, þar af eru rekstrargjöld skv. ríkisreikningnum 2919 millj., en voru 2177 millj. næsta ár á undan. Þetta er 34% gjaldahækkun á einu ári. Og greiðsluhallinn hjá ríkissjóði varð skv. reikningnum 220 millj., en skv. þeim reglum, sem Seðlabankinn fer eftir við útreikninga á greiðsluhallanum, varð hann 257 millj. kr. á árinu. Rekstrargjöldin fóru mjög fram úr áætlun fjárl. árið 1964, eða um nálægt 403 millj., sem er um 16%.

Fyrsta aths. yfirskoðunarmanna við ríkisreikninginn er um óinnheimtar ríkistekjur í árslok. Þær voru þá yfir 103 millj. kr., og er það miklu meira en árin á undan. Telja yfirskoðunarmenn áríðandi, að hert verði betur á innheimtu ríkisteknanna.

Sem svar við þessari aths. segir ríkisendurskoðandi m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Til mjög mikillar tafar á innheimtu tekju- og eignarskatts er það, hve seint skattskrár berast til innheimtumanna, og því geta þeir ekki haldið manntalsþing fyrr en mjög seint á árinu, en á því þingi er gjalddagi skattanna."

Hér kemur það fram, að nýja fyrirkomulagið við álagningu skattanna, sem ákveðið var með lögum 1962, hefur reynzt miklu seinvirkara en hið eldra. Skattstofurnar í stóru umdæmunum skila skattskránum yfirleitt miklu síðar en skattanefndirnar gerðu áður. Þetta veldur drætti á innheimtu skattanna. Þó er langtum meiri kostnaður við nýju skattstofurnar heldur en skattanefndirnar áður. Skv. ríkisreikningnum, sem hér liggur fyrir, hefur kostnaðurinn við ríkisskattanefnd og skattstofur orðið kr. 23 284 217.10 árið 1964. Fór þetta 50% fram úr áætlun fjárl. og hækkaði á einu ári um 4.7 millj. kr. Árið 1961 var kostnaður við álagningu skattanna hins vegar 11.2 millj., en það var síðasta heila árið, sem skattanefndirnar störfuðu.

Þegar þessi breyting á álagningu skattanna var gerð árið 1962, sagði þáv. fjmrh. í þingræðu, að talið væri, að með hinni nýju skipan mundi sparast verulegt fé. En hér hefur farið mjög á annan veg en hann spáði. Kostnaðurinn hefur langtum meir en tvöfaldazt, síðan nýju skattstofurnar komu til sögunnar.

Í annarri aths. yfirskoðunarmanna ræðir um innstæður ríkissjóðs hjá innheimtumönnum, og eru þar nefndir þrír sýslumenn, sem skulda mest í árslokin. Í svari ráðh. við þessari aths. segir, með leyfi forseta:

„Allir innheimtumenn ríkissjóðs gera full skil við ríkissjóð í árslok, og sama gildir með þá innheimtumenn, sem tilgreindir eru í aths." Síðan segir ráðh.: „Mismunir þeir, sem koma fram á viðskiptareikningum innheimtumanna, stafa af því, að kostnaðarreikningar, sem þeir hafa greitt fyrir ríkissjóð og þeir síðan framvísað sem greiðslum á ríkissjóðstekjum, hafa ekki verið endurgreiddir fyrir árslok."

Þar sem ráðh. segir, að innheimtumenn geri full skil við ríkissjóð í árslok, hljóta þeir á þeim tíma að hafa framvísað greiddum reikningum, sem áttu að dragast frá innheimtufénu. Er því ástæða til þess að spyrja, hvers vegna þær fjárhæðir, sem þeir hafa þannig greitt fyrir ríkissjóð, eru ekki færðar þeim til tekna í viðskiptareikningum í árslokin.

Þá er það viðkomandi efnahagsreikningi ríkissjóðs. Enn er Reykjanesbrautin talin þar með ríkiseignum, og er upphæðin eitthvað um 130 millj., ef ég man rétt, eða nálægt því, og þá er talið á skuldahliðinni jafnmikil skuld vegna Reykjanesbrautar. En þetta var sú upphæð, sem búið var að taka að láni til hennar í árslok 1964.

Það er nýtt hjá núv. ríkisstj. að telja vegi með ríkiseignum. En þetta er ekki í fyrsta skipti, sem hún gerir það. Hún hefur talið síðustu árin Reykjanesbrautina með ríkiseignum. Auk þess er talinn þarna annar vegur með eignum og skuld einnig á móti, það er Ennisvegur, það eru rúmar 6 milljónir.

Áður var það aldrei venja að telja þjóðvegi með ríkiseignum á efnahagsreikningi ríkissjóðs. Vera má, að hæstv. stjórn segi út af þessu, að vegasjóður eigi að standa undir þessum lánum, sem fengin hafa verið til vegagerðanna, og þess vegna sé ekki þörf að telja með ríkisskuldum þessi lán, en ef það sé gert, þá megi telja eign á móti. Við þetta er það að athuga, að ég fæ ekki séð, að vegasjóður geti staðið undir vöxtum og afborgunum, t. d. af Reykjanesbrautarlánunum, nema hann fái mjög auknar tekjur frá því, sem hann fær nú. Skv. skýrslu vegamálastjóra voru föst lán vegna Reykjanesbrautar um síðustu áramót, þ. e. a. s. 31. des. 1965, rúmlega 229 millj. kr.

Eins og kunnugt er, var lagður á vegatollur á umferð um þennan veg. Ég hef fengið þær upplýsingar hjá vegamálaskrifstofunni, að tollurinn hafi numið nettó u. þ. b. einni milljón króna á mánuði þann tíma, sem liðinn er, síðan hann var á lagður, þ. e. a. s. áður en hann var lækkaður, sem gerðist núna fyrir skömmu, en hve miklu sú lækkun veldur, er ekki komið í dagsljósið enn þá. Af þessu sýnist mér það alveg ljóst, að þessi vegatollur getur ekki einu sinni borgað vexti af lánunum, hvað þá nokkrar afborganir. Mér sýnist því, eins og nú er ástatt a. m. k., að þá ætti ekki að telja þennan veg með eignum ríkissjóðs, a. m. k. ekki nema þá einhvern lítinn part af því, sem ætla mætti, að vegasjóður gæti endurgreitt, því að það er sjáanlegt, að ef ekki verður mjög aukið við tekjur vegasjóðs, þannig að honum verði gert kleift að

standa undir þessum lánum til vegagerðanna, þá hljóta þau að lenda á ríkissjóði að verulegu leyti.

Ein af aths. yfirskoðunarmanna, sú 19., er um það, hve langt hafi verið komið endurskoðun reikningsins hjá endurskoðunardeild fjmrh., þegar þeir undirskrifuðu reikninginn 10. des. 1965, og þar segjast yfirskoðunarmenn hafa fengið skýrslu frá endurskoðunardeild fjmrn. um það, hve langt endurskoðuninni væri komið. Skv. þeirri skýrslu er nokkuð óendurskoðað frá árinu 1964, og til er það, að reikningsúrskurðum frá fyrri árum sé ekki lokið.

Mér finnst þetta mjög vægilega orðað hjá þeim hv. yfirskoðunarmönnum, að nokkuð sé óendurskoðað. Fjhn. hefur fengið þessa skýrslu endurskoðunardeildarinnar, og er hún dagsett 30. nóv. 1965, og þar kemur fram, að þeir reikningar ríkisstofnana og embætta margs konar, sem ekki var búið að ljúka endurskoðun á fyrir árið 1964, skipta mörgum tugum á þeim tíma.

Síðan fékk n. yfirlit yfir, hvernig þetta stæði nú, um það leyti sem reikningurinn var afgr. frá n., og liggur hér fyrir yfirlit um það frá ríkisendurskoðuninni, dags. 27. apríl 1966, og ég vil leyfa mér að lesa upp, fái ég til þess leyfi hæstv. forseta, þetta yfirlit frá ríkisendurskoðuninni, en þar segir m. a.:

„Óendurskoðað er nú af reikningum stofnana fyrir árið 1964 og eldri sem hér segir:

1. Hagstofa Íslands árið 1964.
2. Þjóðskráin, sama ár.
3. Embættiskostnaður sakadómara árið 1964.
4. Embættiskostnaður saksóknara sama ár.
5. Embættiskostnaður borgarfógeta sama ár.
6. Embættiskostnaður lögreglustjóra Keflavíkurflugvallar árið 1964 að nokkru.
7. Tollgæzla á Keflavíkurflugvelli árið 1964 að nokkru.
8. Vinnuhælið á Kvíabryggju árið 1964.
9. Fangahjálpin Vernd árin 1962, 1963 og 1964.
10. Skrifstofukostnaður tollstjóra árið 1964.
11. Tollgæzlan í Reykjavík árið 1964.
12. Vega- og brúargerðir árin 1963 og 1964, bæði árin.
13. Veðurstofan að nokkru fyrir árið 1963, en allt árið 1964.
14. Skipaskoðun ríkisins árið 1964.
15. Landmælingar sama ár.
16. Fræðslumálaskrifstofan sama ár.
17. Íþróttakennaraskólinn sama ár.
18. Bókaútgáfa menningarsjóðs sama ár.
19. Menningarsjóður árin 1963 og 1964.
20. Biskupsembættið árin 1962, 1963 og 1964 (þ. e. a. s. þrjú ár).
21 Jarðabótastyrkir árið 1964.
22. Síldarmat ríkisins árið 1964.
23. Löggildingarstofan sama ár.
24. Atvinnudeild háskólans árin 1961—1964 að nokkru.
25. Rannsóknaráð ríkisins árin 1961—1964 að nokkru.
26. Skipaútgerð ríkisins árið 1964."

Í öðru lagi segir hann: „Endurskoðun tekna hjá embættum utan Reykjavíkur, annarra en tolla, er komið sem hér segir:

1. Lokið í öllum embættum til ársloka 1963 og nokkuð á veg komið með 1964." — Nokkuð á veg komið. Þarna virðist vera mikið óendurskoðað skv. þessu fyrir árið 1964. Síðan segir:

„Embættiseftirlit var framkvæmt í 18 embættum á árinu 1964 og í 20 embættum 1965."

Þetta segir ríkisendurskoðunin í fyrradag, og skv. þessu kemur fram, að enn þann dag er allmikið óendurskoðað af reikningunum fyrir árið 1964 og þ. á m. reikningar hjá nokkrum stórum embættum og ríkisfyrirtækjum.

Ég hef áður haldið því fram í umr. um ríkisreikninga hér á hinu háa Alþ., að ég teldi, að yfirskoðunarmenn þeir, sem Alþ. kýs, ættu ekki að leggja reikningana fyrir Alþ., fyrr en endurskoðun í fjmrn. er að fullu lokið, og ég hef enn fremur talið það alveg fráleitt, að Alþ. eigi að samþykkja ríkisreikninga, fyrr en endurskoðuninni væri að fullu lokið. Enn er ég sömu skoðunar, að þetta eigi þingið ekki að gera, og því er það till. mín til hæstv. forseta, að hann taki nú þetta mál út af dagskrá og fresti frekari meðferð þess, þangað til Alþ. hefur borizt vitneskja um það, að endurskoðun reikningsins fyrir árið 1964, sem hér liggur fyrir, sé að fullu lokið.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Hv. 1. þm. Norðurl. v. hefur flutt hér nokkra tölu í tilefni af ríkisreikningnum, og ég tek það vissulega ekkert illa upp, því að frá því að ég man fyrst eftir mér að hafa hlýtt á umr. um það mál hér á Alþ., raunar áður en ég tók setu hér, hefur þessi hv. þm. haldið uppi ýmiss konar gagnrýni á ríkisreikning, þannig að ég mundi ekki segja, að hann hafi gert það með neitt óbilgjarnari hætti nú en áður fyrr. Ég skal ekki fara að lengja þessar umr. mikið. Niðurstaða hans var sú, að hann lagði til, að ríkisreikningurinn yrði ekki afgreiddur og sá háttur yrði á hafður, að ríkisreikningar yrðu ekki afgreiddir, fyrr en lokið hefði verið allri endurskoðun. Það liggur nú ljóst fyrir og hefur verið upplýst, að endurskoðuninni hefur mjög verið flýtt á undanförnum árum og mjög mikið þokazt í þá átt, að það væri búið að ljúka hinni umboðslegu endurskoðun, þegar ríkisreikningur er lagður fram. En hins vegar hefur sá háttur verið tekinn upp síðustu árin, sem rétt er, að ríkisreikningur hefur verið lagður miklum mun fyrr fram en áður. Það hefur verið fylgt þeirri reglu, og skal ég játa, að ég er nokkur eftirbátur fyrirrennara míns um það, að fá ríkisreikning afgreiddan fyrir áramót árið eftir að honum er lokað, og hefur svo verið nokkur undanfarin ár. Þetta hefur að vísu leitt til þess, að nokkuð hefur verið óendurskoðað, en hinu er alls ekki að leyna, og hygg ég, að jafnvel hv. 1. þm. Norðurl. v. geti verið mér sammála um það, að þessi háttur hefur valdið því, að ríkisreikningur hefur jafnan verið lesinn með mun meiri athygli fyrir þá sök, að við erum ekki að fást við 3—4 ára gamla reikninga, sem enginn hefur orðið áhuga á nema þeir, sem hafa einhvern

sögulegan áhuga, svo sem e. t. v. hv. 1. þm. Norðurl. v., að stúdera gamlar tölur, þannig að ég efa það ekki, að fyrir þm. er það til mikilla bóta, að þeir fái reikninginn sem fyrst í hendur, enda þótt ekki sé lokið allri endurskoðun, vegna þess að það ræður auðvitað engu um efni málsins þó að eitthvað sé óendurskoðað og kunni að koma fram einhverjar leiðréttingar. Það kemur þá fram síðar hjá ríkisbókhaldinu sem leiðrétting við seinni reikninga. Ég held, að það sé alger undantekning, að endurskoðun út af fyrir sig leiði til nokkurra breytinga á ríkisreikningi, sem efnislega þýðingu hafa, þannig að ef ætti að fara að taka upp þann hátt, sem hv. þm. fer hér fram á, að fresta afgreiðslu ríkisreiknings þangað til sé búið að ljúka endurskoðun í öllum stofnunum ríkisins, er það ljóst, að það yrði að hverfa frá þeirri venju, sem hér hefur verið tíðkuð síðustu árin, að hv. þm. fengju reikninginn sem skjótast í hendur og meðan má segja, að sé enn þá í fersku minni, hvað gerðist í meginefnum í efnahagsmálum á því tiltekna ári, sem ríkisreikningurinn á við. Ég er naumast þeirrar trúar, að hv. þm. séu þeirrar skoðunar, að það ætti að taka upp þennan hátt, enda hefur það enga efnislega þýðingu varðandi endurskoðunina sem slíka.

Ég skal svo ekki fara að gagnrýna neitt einstök atriði, sem hv. þm. minntist hér á, eins og um það, hvernig ætti að uppfæra vegi sem eign eða ekki eign. Þetta er bókhaldslegt atriði sem ráðh. hefur ekki haft minnstu afskipti af og ég efast ekkert um það, að þeir, sem með þetta mál fara, ríkisbókari og hans fólk og ríkisendurskoðun geri þetta með réttum hætti.

Ég vil svo vekja athygli á því, að fyrir Alþ. nú liggur frv. um endurskipulagningu ríkisreikninga eða uppsetningu ríkisreiknings og fjárl., sem er skoðun manna að verði til þess að koma þessum málum í enn fastara skipulag, og ég vonast til þess, að það frv. verði afgreitt sem lög á þessu þingi.

Ég vil svo að lokum aðeins segja það um almennar aths. hv. þm. varðandi þau stórauknu útgjöld, sem þessi ríkisreikningur sýndi umfram fjárlög, að hv. þm. er það áreiðanlega í fersku minni, að á árinu 1964 var utan fjárl. samþ. af Alþ. stórkostlegur útgjaldaauki fyrir ríkissjóð með ráðstöfunum vegna sjávarútvegsins, sem afgreitt var eftir árslok 1963, og eins og menn sjá á ríkisreikningi þeim, sem nú liggur fyrir, hafa útgjöld samkv. þessum lögum numið 190 millj. kr. þetta ár, og annar útgjaldapóstur, sem er nær 200 millj. kr., er útflutningsuppbætur á landbúnaðarafurðir og niðurgreiðslur á vöruverði. Niðurgreiðslur voru auknar mjög á árinu umfram það, sem áætlað hafði verið í fjárl., m. a. í sambandi við júnísamkomulagið, til þess að halda niðri vöruverði, eftir að vísitalan hafði verið tengd við kaupgjaldið á ný. Skal ég ekki rekja þá sögu, en þarna er skýring á nær 400 millj. kr. af þeim hækkunum, sem orðið hafa á ríkisreikningi samanborið við fjárlög.

Ég held svo ekki, herra forseti að ég hafi ástæðu til þess að orðlengja frekar um þetta, þó að það væri vissulega hægt að ræða ýmis önnur atriði, sem hv. þingmaður gerði hér athugasemdir við.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Hæstv. ráðh. segir, að það sé mikils um vert fyrir alþm. að fá ríkisreikninginn sem fyrst til yfirlits, og ekki neita ég því. En ég vil benda á, að ríkisreikningur hefur alltaf áður og jafnt í tíð þeirra ríkisstj., sem sátu á undan þeirri, sem nú er í valdastólum, verið lagður fyrir Alþ. á næsta ári eftir að það gerðist, sem þar er bókfært, þó að reikningurinn væri ekki samþ. oft og einatt fyrr en síðar. Þetta hefur alltaf verið gert. Þess vegna þarf ekki að hverfa frá neinni venju, sem hæstv. ráðh. var að tala um, þó að þess sé krafizt, að ríkisreikningurinn sé ekki afgreiddur frá þinginu fyrr en endurskoðuninni er lokið. Það er hægt að leggja hann fyrir Alþ. á næsta ári, eftir að þeir atburðir gerðust, sem reikningurinn fjallar um.

Hæstv. ráðh. segir, að endurskoðuninni hafi verið flýtt undanfarið. Ég skal ekki mæla á móti því, að það hafi verið gert. En eins og ég gat um áður, var mikið enn óendurskoðað af reikningnum 1964 og það, sem hæstv. fjmrh. ætti að gera, er, að hann ætti að herða á endurskoðuninni í rn., hlutast til um, að henni væri flýtt enn þá meira en gert hefur verið, þannig að reikningurinn geti sem allra fyrst legið fyrir fullendurskoðaður. Þá fyrst eru þessi mál komin í viðunandi horf, þegar þingið samþykkir reikning, sem er fullendurskoðaður.

Ég hef stundum í umr. um þetta mál áður minnzt á hliðstætt dæmi, og það er afgreiðsla sýslunefnda á reikningum hreppanna. Sýslunefndir eiga að úrskurða reikninga hreppa, hver á sínu svæði, og ég veit ekki nokkur dæmi þess, að sýslunefnd samþykki hreppsreikning, sem hefur ekki verið að fullu endurskoðaður. Ef eitthvað þykir athugavert eða ekki að fullu gengið frá endurskoðun, er frestað að samþykkja hreppsreikninga í sýslunefndum og þeim vísað heim, til þess að hægt sé að ljúka endurskoðuninni, eins og lög mæla fyrir um. Þennan hátt ætti Alþ. einnig að hafa. Samþykkt á ríkisreikningnum má skoða sem nokkurs konar kvittun frá Alþ. til fjmrn. fyrir reikningsskilum, og slíka kvittun á ekki að láta að mínum dómi, fyrr en reikningur er að fullu endurskoðaður.

Þá er það aðeins aths. mín um veginn. Hæstv. ráðh. segist ekki hafa haft minnstu afskipti af því. Ég skal ekkert um það segja. En ég vil aðeins benda á, að ríkisreikningurinn er undirskrifaður af hæstv. ráðh., og hann hlýtur að bera ábyrgð á því öðrum fremur, sem þar er fært.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Ég nenni nú ekki að vera að karpa við hv. 1. þm. Norðurl. v. um þessi mál. Það voru aðeins tvö atriði.

Ég er auðvitað ekki að mælast undan því að bera ábyrgð á starfsmönnum rn., og vitanlega ber ég ábyrgð á því, sem ég undirrita. Og það kann vel að vera, ef hv. 1. þm. Norðurl. v. sæti í sæti fjmrh., að þá fylgdist hann nákvæmlega

með öllum færslum í ríkisbókhaldinu, en ég hygg, að hann gerði þá ekki æðimiklu meira sem ráðh., þannig að það verður æðioft að skrifa undir ýmislegt, án þess að maður hafi sérstaklega sjálfur stúderað hvert atriði. Það var sögð saga af því einu sinni um einn ágætan danskan ráðh., sem heimtaði að fá til sín allan póstinn, og það endaði með því, að eftir nokkra daga var herbergið hans fullt. Þetta gildir ekki nú á dögum, að það sé hægt að hafa þessa afgreiðslu á málum, þannig að maður verður að treysta sínum trúnaðarmönnum, og í þessu efni á ég við það, að ég hefði ekki haft nein afskipti af því, hvernig bókhaldið hefur hagað þessu á einstakan hátt tæknilega séð. Það má kannske segja, að ég hafi þá ekki gegnt mínu starfi sem skyldi. En ég hygg nú ekki heldur, að neinn fjmrh. hafi litið svo á, sem hér hefur setið að undanförnu, að það væri stærsta vandamálið í þeirra starfi að elta ólar við það að afstýra því, að ríkisbókhaldið gerði ekki rétt. Ég held, að það yrði þá að fá sér nýtt starfslið í ríkisbókhaldið, og það tel ég ekki ástæðu til að gera.

Varðandi svo hitt atriðið, að það sé fráleitt að samþykkja reikning, sem lagður er fyrir Alþ., fyrr en þar séu endurskoðaðir reikningar allra þeirra sérstofnana, sem um er fjallað, vil ég aðeins vekja athygli á því, að Alþ. hefur sína yfirskoðunarmenn og þeir hafa gert sínar aths. við þennan reikning og þeir hafa ekki lagt það til, að reikningurinn væri ekki samþ. Þeir hafa að sjálfsögðu aðstöðu til og munu áfram fylgjast með því, sem er óendurskoðað, jafnóðum og það er endurskoðað, og geta þá komið sínum aths. að, þegar þar að kemur.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 83. fundi í Nd., 30. apríl, var fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 21:2 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 667).

42. Iðnfræðsla.

Á 1. fundi í Sþ., 11. okt., var útbýtt frá Nd.: **Frv. til l. um iðnfræðslu** [12. mál] (stjfrv., A. 12).

Á 3. fundi í Nd., 14. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Frv. þetta var lagt fyrir síðasta Alþ., en ekki vannst þá tími til þess að afgreiða það. Er frv. nú flutt öðru sinni í óbreyttri mynd.

Í þeirri yfirlýsingu ríkisstj., sem hæstv. forsrh. flutti í Sþ. í gær, er það tekið fram, að ríkisstj. mundi beita sér fyrir setningu nýrrar löggjafar um iðnfræðslu á þessu þingi. Frv. það, sem átt er við í yfirlýsingu ríkisstj., er frv. það, sem hér um ræðir.

Yfirleitt munu menn vera um það sammála, að fá verkefni séu nú brýnni í skólamálum Íslendinga en að bæta tæknimenntun og verkkunnáttu þjóðarinnar. Ýmis mikilvæg spor hafa verið stigin í þá átt á undanförnum árum, svo sem stofnun Tækniskóla Íslands, sem segja má, að markað hafi tímamót í sögu íslenzkrar tæknimenntunar. En við það má ekki sitja. Samhliða því ber til þess brýna nauðsyn að auka og bæta menntun iðnaðarmanna. Að því miðar þetta frv.

Það hefur lengi verið ljóst, að brýna nauðsyn bæri til þess að endurskoða skipulag og námsefni íslenzkrar iðnfræðslu. Hefur það mál lengi verið rætt, en við ýmis vandamál og viðkvæm atriði er að fást í því sambandi. Hefur t. d. skólamönnum, iðnaðarmönnum og iðnnemum gjarnan sýnzt nokkuð sitt hvað í þessum efnum. En með hliðsjón af því, hversu menntunarmál iðnstéttanna hafa geysimikilvæga þýðingu fyrir þjóðarbúskapinn og aukna framleiðni í landinu, taldi ég nauðsynlegt, að einskis yrði látið ófreistað til þess, að samræmd yrðu þau sjónarmið, sem uppi hefðu verið í iðnfræðslumálum, og skipulag iðnfræðslunnar endurskoðað frá grunni. Hinn 31. okt. 1961 skipaði ég því nefnd til þess að endurskoða gildandi lög um iðnskóla og iðnfræðslu, og voru skipaðir í n. Guðmundur Halldórsson páv. formaður Landssambands iðnaðarmanna, Óskar Hallgrímsson formaður iðnfræðsluráðs, Sigurður Ingimundarson efnafræðingur, Snorri Jónsson framkvæmdastjóri A. S. Í. og Þór Sandholt skólastjóri iðnskólans í Reykjavík. Var Sigurður Ingimundarson skipaður formaður nefndarinnar.

Hinn 18. sept. 1964 skilaði n. ýtarlegum till. um gagngera endurskipulagningu iðnfræðslunnar í landinu og var sammála um álit sitt. Fól menntmrn. Jónatan Hallvarðssyni hæstaréttardómara að semja frv. til l. um iðnfræðslu á grundvelli till. n. En áður var skýrsla um störf iðnfræðslunefndar send ýmsum aðilum til umsagnar, þ. e. a. s. iðnfræðsluráði, iðnskólanum í Reykjavík, Landssambandi iðnaðarmanna, Alþýðusambandi Íslands og Félagi ísl. iðnrekenda. Allir þessir aðilar lýstu sig sammála þeim meginsjónarmiðum, sem fram komu í nál., og eru umsagnir þeirra prentaðar sem fskj. með þessu frv. Iðnfræðslunefndin fékk síðan frv. hæstaréttardómarans til umsagnar, gerði á því nokkrar breytingar, sem rn. tók til greina í samráði við hæstaréttardómarann. Varð þannig til það frv., sem hér er flutt.

Frv. var enn fremur sent til umsagnar Sambandi iðnskóla á Íslandi, Alþýðusambandi Íslands, iðnfræðsluráði og Landssambandi iðnaðarmanna. Frá Sambandi iðnskóla á Íslandi og Landssambandi iðnaðarmanna komu nokkrar brtt. við frv. Taldi rn. ekki rétt að taka afstöðu til þeirra, en þær eru prentaðar sem fskj. með frv. og til þess ætlazt, að um þær verði fjallað í n. þingsins.

Þá skal ég gera grein fyrir helztu breytingunum, sem þetta frv. gerir ráð fyrir frá gildandi

l. Meginbreytingin, sem frv. gerir ráð fyrir, er, að lagt er til, að iðnfræðsluskólar verði 8 að tölu, þ. e. a. s. einn í hverju núverandi kjördæma landsins, og skólasetur verði að jafnaði þar, sem nemendafjöldi er mestur innan hvers kjördæmis Nú eru hins vegar starfandi um 20 iðnskólar í landinu, en aðeins 7 þeirra hafa 60 nemendur eða fleiri, þar af 3 yfir 100 nemendur. Þar eð ljóst er, að slíkum breytingum verður ekki komið í framkvæmd á fáum árum, er gert ráð fyrir, að ráðh. ákveði, hverjir núverandi skóla starfi áfram fyrst um sinn eða til frambúðar. Einnig er heimilt að ákveða fjölda iðnskóla meiri, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi eða reynslan leiðir í ljós, að slíkt sé hagkvæmt.

Enn þá mikilvægara en þessi fækkun og stækkun iðnskólanna er þó það nýmæli frv., að aukið verður nýjum þætti við iðnfræðslukerfið með stofnun og starfrækslu verknámsskóla iðnaðarins, en heimilað er að starfrækja verknámsskóla við hvern hinna 8 kjördæmaskóla, eftir því sem hagkvæmt þykir að fenginni reynslu og fé. Verknámsskólum iðnaðarins er ætlað tvíþætt hlutverk. Annars vegar að vera forskóli fyrir þá unglinga, sem hyggja á nám í löggiltum iðngreinum, og hins vegar að vera vettvangur starfsþjálfunar fyrir unglinga, sem hyggja á störf í öðrum greinum iðnaðar, þar sem ekki er þörf fullkominnar iðnmenntunar. Slíkt skólaform hefur þróazt um áratugi í Svíþjóð, Noregi og Finnlandi og þykir hafa ótvíræða kosti fram yfir önnur kerfi. Ætla verður, að raunin verði hin sama hér á landi. Auk þess sem verknámsskólinn gerir kleift að taka upp kerfisbundið verknám í upphafi námstíma, opnar hann leiðir til þess að veita starfsþjálfun þeim, sem hyggja á vélstjóranám og tæknínám. Gert er ráð fyrir, að nám í verknámsskólunum leiði til styttingar námstíma á vinnustað samkv. námssamningi. Þá er heimilað að starfrækja framhaldsdeildir við verknámsskólana og enn fremur að ákveða megi, að nám fari þar fram að öllu leyti, þegar um er að tefla grein, sem erfitt er að koma við námi í á vinnustað.

Þá er gert ráð fyrir því, að starfræktur verði meistaraskóli, fyrst í stað við iðnskólann í Reykjavík, en síðar við aðra iðnskóla, þ. e. a. s. kjördæmaskólana. Gert er ráð fyrir, að það verði inntökuskilyrði í meistaraskóla, að viðkomandi hafi lokið sveinsprófi.

Þá gerir frv. enn fremur ráð fyrir því, að iðnfræðslukerfið taki ekki einvörðungu til náms í löggiltum iðngreinum, heldur einnig til starfsþjálfunar vegna annarra greina iðnaðarins. Frv. gerir ráð fyrir, að öll iðnfræðsla lúti yfirstjórn menntmrh. og menntmrn.

Gert er ráð fyrir í frv., að komið verði upp samræmdri yfirstjórn á framkvæmd iðnfræðslunnar, iðnfræðsluskrifstofu, sem iðnfræðslustjóri veitir forstöðu. Gert er ráð fyrir að fjölga í iðnfræðsluráði úr 5 í 7 og að Félag ísl. iðnrekenda og Samband iðnskóla fái þar fulltrúa. Innan hverrar iðngreinar á að koma á fót fræðslunefnd, sem geri till. um námsefni, bæði að því er varðar verklegt og bóklegt nám. Stjórn hvers iðnskóla á að vera í höndum 5 manna skólanefndar, og á hlutaðeigandi bæjarstjórn eða sýslunefnd, borgarstjórn í Reykjavík, að kjósa 4 skólanefndarmenn, en ráðh. skipi hinn fimmta, sem jafnframt skal vera formaður.

Þessi eru aðalnýmæli frv. Ég held, að óhætt sé að fullyrða, að stór framfaraspor yrðu stigin í menntunarmálum íslenzkra iðnstétta og þá um leið að því er snertir verkkunnáttu og tæknimenntun Íslendinga með samþykkt þessa frv. Þær breytingar, sem frv. gerir ráð fyrir á iðnfræðslunni, eru svo gagngerar, að þær hljóta að kosta mikið fé. M. a. af þeim ástæðum er nauðsynlegt, að þessar breytingar komi til framkvæmda í áföngum. En einnig er nauðsynlegt, að reynsla fáist smám saman, og er þegar af þeirri ástæðu einnig skynsamlegt, að þessar breytingar séu framkvæmdar í áföngum. Iðnfræðslunefndin gerði á síðasta vetri áætlun um stofnkostnað verknámsskóla í málm- og tréiðnaðargreinum við iðnskólann í Reykjavík, en á s. l. ári voru hafnar framkvæmdir við 2. áfanga iðnskólabyggingarinnar á Skólavörðuholti, og hefur verið gert ráð fyrir því að nota þá byggingu sem vinnustofu vegna verklegra námskeiða við iðnskólann. Ef þetta frv. verður að l., mundi þessu húsnæði verða breytt í verknámsskóla í málm- og trésmíðagreinum. Iðnfræðslunefndin áætlaði kostnað við að ljúka þessum byggingarframkvæmdum 19.3 millj. kr. á s. l. vetri, kostnað við nauðsynlegar vélar, verkfæri og tæki og kostnað við aðbúnað þriggja skólaverkstæða fyrir málmiðnað 5 millj kr. og kostnað 4 skólaverkstæða fyrir tréiðnað 3 millj. kr. Heildarkostnaðinn áætlaði iðnfræðslunefnd þannig 27.3 millj. kr.

Ég vona, að þetta frv. fái góðar undirtektir hér á hinu háa Alþ. Við lifum á tímum, þar sem tæknimenntun og verkkunnátta eru æ nauðsynlegri og skila sívaxandi arði í þjóðarbúið í formi aukinnar framleiðni. Ég er sannfærður um, að þær veigamiklu endurbætur, sem þetta frv. gerir ráð fyrir á iðnfræðslunni, mundu stuðla mjög að aukinni velmegun á Íslandi, þegar fram líða stundir.

Að svo mæltu leyfi ég mér, herra forseti, að leggja til, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti Það er staðreynd, sem ég hygg, að enginn mæli á móti, að á undanförnum árum hefur ríkt allt of mikil kyrrstaða í íslenzkum skólamálum. Hefur kveðið svo rammt að þessu, að ungir sjálfstæðismenn, sem ekki verða taldir sérstaklega framfarasinnaðir, hafa séð ástæðu til þess að kveðja saman sérstaka ráðstefnu til þess að taka þessi mál til athugunar, og samþ. grg., sem er að mörgu leyti réttmæt, en felur hins vegar í sér mjög þungan áfellisdóm um kennslumálastjórnina á undanförnum árum.

Það er hins vegar svo með kyrrstöðuna í skólamálunum, eins og margt annað, að engin regla er til án undantekninga. Og það skal viðurkennt, að þótt allt of mikil kyrrstaða hafi ríkt í þessum málum á undanförnum árum, hafa eigi að síður sumir hlutir verið vel gerðir á

þessu sviði. Ég nefni þar m. a. tækniskólann, sem hæstv. menntmrh. minntist á hér áðan. Og ég vil í áframhaldi af því nefna það frv., sem hér liggur nú fyrir til umr. og ég álít á margan hátt mjög mikilsvert mál og virðist vera að ýmsu leyti mjög vel undirbúið, eins og það er lagt hér fram á Alþ. Sú n., sem um það hefur fjallað, virðist hafa leyst mikla vinnu af hendi og leitað til ýmissa aðila og frv. verið borið undir ýmsa aðila, eftir að það kom frá n., en þó sakna ég þess, eða ég hef ekki getað komið auga á það í nál., og ég heyrði það ekki heldur hjá hæstv. menntmrh., eftir að frv. var afgreitt frá n., að það hafi verið borið undir Iðnnemasamband Íslands, sem að sjálfsögðu er stór aðili að þessu máli, og þess vegna vil ég benda þeirri n., sem fjallar um þetta mál, á það, að umsagnar þessara samtaka verði aflað, áður en n. gengur endanlega frá því.

Meginbreytingin, sem felst í þessu frv. eða meginumbótin, ef svo mætti segja, tel ég, að felist í stofnun hinna svonefndu verknáms- eða verkstæðisskóla, sem lagt er til að verði komið upp við iðnskólana. Ég held, að þar sé um mjög merkilega framkvæmd að ræða og mjög aðkallandi framkvæmd, sem ætti að geta gert það að verkum, að við fengjum betur menntaða iðnaðarmenn en áður, og auk þess gætu slíkir verknámsskólar verið líklegir til þess, að fleiri ungir menn fengju áhuga á að stunda þessar starfsgreinar. En því miður, þó að þar sé um talsverða aukningu að ræða, virðist hún a. m. k. í sumum greinum hvergi nærri vera nóg til að fullnægja þeirri eftirspurn, sem er eftir þeirri vinnu, sem þessar stéttir, iðnstéttirnar, leysa af hendi, og ég tel, að það sé þess vegna mjög mikilsvert, að þeim ákvæðum frv., sem fjalla um verkstæðisskólana eða verknámsskólana, verði hraðað sem mest, og mun ég koma nánar að því síðar.

Önnur atriði frv. eða nýmæli kunna að orka meira tvímælis og þurfa nánari athugunar við, eins og t. d. það, að ekki skuli starfa nema einn iðnskóli í hverju kjördæmi. Ég hygg, að þetta verði nokkuð vandasamt og erfitt í framkvæmd, vil t. d. benda á það í þessu sambandi, að í Reykjaneskjördæmi starfa tveir allstórir iðnskólar, annar í Hafnarfirði og hinn í Keflavík, og ef fylgt yrði stranglega ákvæðum þessa frv. um, að ekki mætti vera nema einn iðnskóli í hverju kjördæmi, sýnist mér, að annar hvor af þessum skólum yrði að víkja. En það tel ég mjög vafasamt, að væri heppilegt. Samkv. því, sem grg. frv. upplýsir, eru t. d. í iðnskólanum í Hafnarfirði 115 nemendur, en yfir 70 í Keflavík. Ég held, að þessir skólar séu báðir það stórir og nái yfir það stór umdæmi, að það sé mjög vafasamt að leggja annan þeirra niður. Alveg sama held ég, að gegni um iðnskólana í Suðurlandskjördæmi. Þar eru starfandi tveir allstórir iðnskólar, á Selfossi og í Vestmannaeyjum. Hvor um sig hefur um 80 nemendur. Mér þykir ekki líklegt, að það sé heppilegt að steypa þessum skólum saman, leggja annan hvorn þeirra niður, heldur sé eðlilegt, að þeir haldi áfram. Ég vil þess vegna vísa því til þeirrar n., sem fær þetta mál til athugunar, að hún athugi, hvort það er heppilegt að fastbinda það, að ekki skuli vera nema einn iðnfræðsluskóli í kjördæmi.

Þá er annað atriði frv., sem ég tel að einnig þurfi athugunar við, en það er ákvæðið um stofnun embættis iðnfræðslustjóra. Það má vel vera, ég skal ekki fullyrða neitt um það á þessu stigi, að hér sé um svo stórt verkefni að ræða, að það sé nauðsynlegt að setja upp nýtt embætti í sambandi við það. En ég vil hins vegar benda á það í þessu sambandi, að ég tel mjög nauðsynlegt, að Alþ. íhugi vel í hvert sinn, þegar verið er að stofna til nýrra embætta, að það sé vel athugað, hvort þörf sé fyrir það, því að reynslan hefur orðið sú, að þegar slík embætti hafa verið stofnuð eða stofnanir settar á fót, hafa þær verið fljótar að hlaða utan á sig, og hér hafa verið reistar upp dýrar stofnanir, áður en menn hafa gert sér grein fyrir þeirri þróun, sem þar hefur átt sér stað, og þannig hefur kostnaðurinn í ríkisrekstrinum oft og tíðum aukizt úr hófi fram. Ég hygg, að stefnan hjá okkur eigi miklu frekar að vera sú, að reyna að færa þetta saman og gera kerfið einfaldara, heldur en stofna til nýrra og nýrra stofnana og gera kerfið flóknara og dýrara í framkvæmd með þeim hætti. En eigi að síður vil ég ekki að lítt athuguðu máli fullyrða um það, hvort réttmætt sé að stofna til þessa embættis eða ekki, en ég tel nauðsynlegt, að sú n., sem fær málið til athugunar, íhugi það mjög vel, áður en hún slær því föstu, að þessi embættisstofnun sé nauðsynleg.

Ég vil þá koma að því, sem er raunar aðalástæðan til þess, að ég kvaddi mér hér hljóðs, en það hygg ég, að þurfi ekki að segja hv. þm., að það er oft og tíðum ekki aðalatriðið að samþykkja lög og lagaákvæði, hitt er oft og tíðum mikilsverðara, að það sé unnið að því að koma þessum lögum eða lagaákvæðum í framkvæmd, þ. e. a. s. að hér verði ekki um dauðan lagabókstaf að ræða. Og það tel ég, að mestu skipti í sambandi við mál eins og þetta, jafnmikilvægt mál og þetta, að það verði ekki dauður lagabókstafur, heldur verði kappsamlega unnið að því að koma því í framkvæmd. En í frv. virðist mér, að vanti öll ákvæði um það, að hæfilega ör verði framkvæmd þeirra umbóta, sem í frv. felast. Sú n., sem hefur undirbúið málið, hefur gert áætlun um framkvæmdir næstu 5 árin. Samkv. þeirri áætlun telur n. nauðsynlegt, að komið verði upp verkstæðisskólum við iðnskólann í Reykjavík og iðnskólann á Akureyri fyrir árið 1970. Og n. hefur gert kostnaðaráætlanir um það, hvað framkvæmdir muni kosta. Og m. a. hefur hún gert sérstaka kostnaðaráætlun um það, hvað það muni kosta að koma upp verkstæðisskóla við iðnskólann í Reykjavík, og í áætlun sinni gerir hún ráð fyrir því, að þessari framkvæmd verði komið upp á árunum 1966 og 1967. Eins og kom fram í ræðu hæstv. menntmrh., gerir nefndin ráð fyrir því, að þessi framkvæmd muni kosta 27.2 millj. kr., og þar af telur hún nauðsynlegt, að handbært fé á þessu ári verði 14.6 millj. kr., en skv. ákvæðum frv. ætti

ríkissjóður að standa undir helmingnum af þessum kostnaði eða 7.3 millj. kr. En hvernig er nú háttað þeim fjárveitingum, sem fjárlagafrv. gerir ráð fyrir til þessara framkvæmda, þ. e. a. s. þessara framkvæmda, sem framlagið til þyrfti að vera 3.7 millj. kr., ef fara ætti eftir tillögum eða áætlunum nefndarinnar, til þess að ríkið legði hér það af mörkum, sem til þess þyrfti, að verknámsskóla við iðnskólann í Reykjavík yrði komið upp á tilsettum tíma? Ef við lítum í fjárlagafrv. það, sem nú liggur fyrir Alþingi, er ekki gert ráð fyrir, að til iðnskóla í Reykjavík verði varið nema 1.8 millj. kr. eða tæplega fjórða hluta þeirrar upphæðar, sem nefndin telur nauðsynlegt að verði varið á þessu ári, til þess að hennar áætlun verði fylgt. Þrátt fyrir það, þó að hér sé svo mjög skorið við nögl, að framlagið sé áætlað 4 sinnum lægra en nefndin telur nauðsynlegt eða iðnfræðsluráð telur nauðsynlegt, þá kannske mætti segja, að þetta væri einhver bót í máli, ef hér væri um nýja fjárveitingu eða aukna fjárveitingu að ræða til iðnskólans í Reykjavík. En því er hins vegar síður en svo að heilsa, því að í fjárlögum þessa árs er gert ráð fyrir fjárveitingu til iðnskólans í Reykjavík, sem nemur 3.2 millj. kr., en sú fjárveiting er lækkuð í fjárlagafrv. þessa árs niður í 1.8 millj. kr., eða það er hvorki meira né minna en um 44% lækkun hér að ræða. Mér virðist fara ákaflega illa á því, að þegar verið er að leggja fram og samþykkja lagafrv. eins og þetta, þar sem þarf stórfelldlega auknar fjárveitingar til að koma því áleiðis, þá skuli á sama tíma vera stórlækkuð þau framlög, sem varið er til þeirra framkvæmda, frá því, sem verið hefur, til að framkvæma það, sem þetta frv. fjallar um. Í staðinn fyrir það, að sú fjárveiting, sem var ákveðin í ár, hefði þurft meira en að tvöfaldast, hefur hún verið lækkuð um 44% og er þess vegna fjarri því, að hér sé um framför að ræða, heldur verður hér augljóslega um afturför að ræða, jafnvel þó að þetta frv. verði samþykkt.

Það kemur einnig fram í þessari áætlun nefndarinnar til þess að ná þeim áfanga, sem hún telur nauðsynlegt, að koma upp verkstæðisskóla við iðnskólann í Reykjavík og verkstæðisskóla við iðnskólann á Akureyri fyrir árið 1970, að þessar framkvæmdir muni kosta 88 millj. kr. og af því þyrfti ríkið að greiða 44 millj., eða framlag ríkisins á ári þyrfti skv. því að vera í kringum 9 millj. kr. En í fjárlagafrv. því, sem nú liggur fyrir Alþingi, er ekki gert ráð fyrir að verði veittar nema 2.5 millj. til þessara framkvæmda, eða m. ö. o. að ef fylgt yrði þeirri fjárveitingu framvegis, mundi þessu marki að koma upp verkstæðisskólum í Reykjavík og á Akureyri fyrir 1970 ekki verða lokið fyrr en 1983. Mér sýnist þess vegna, að það þurfi að veita miklu meiri fjárveitingu til þessara framkvæmda en gert er ráð fyrir í fjárlagafrv., ef það frv., sem hér er fjallað um, á ekki að verða að hreinum pappírsákvæðum, þótt það verði gert að lögum.

Hér er einmitt komið að því, sem er einna alvarlegast í verkum hæstv. ríkisstj., að þótt hún fái samþykkt ýmis umbótalög, auglýsi sig á þann hátt, er iðulega á sama tíma dregið úr framkvæmdum, og reyndin verður sú, að það er frekar stigið spor aftur á bak heldur en áfram. Ég tel þess vegna, að það sé höfuðnauðsyn, að inn í þetta frv. verði sett ákvæði, sem tryggi alveg ákveðna framkvæmd þessara mála á næstu árum, en það verði ekki látið vera neitt óákveðið og undir hendingu komið, hvað verði áætlað á fjárlögum í hvert skipti til þessara framkvæmda.

Það er áreiðanlega svo mikilvægt að koma þessum umbótum á iðnfræðslunni áfram, að það verður að tryggja það nú strax í upphafi, að nauðsynlegar framkvæmdir verði gerðar strax, og ég álít, að til þess að tryggja það eigi beinlínis að taka upp áætlun nefndarinnar í frv. þess efnis, að það verði tryggt, að fyrir árið 1970 verði búið að koma upp verkstæðisskólunum við iðnskólana í Reykjavík og á Akureyri. Að öðrum kosti eigum við það á hættu, að þetta mál, sem er vissulega mikið umbótamál, þessi lög, sem við samþykkjum um þetta efni, verði hrein pappírslög, komi ekki að þeim notum, sem við raunverulega ætlumst til við samþykkt þeirra. Hér þarf sem sagt að gæta þess, að það verði ekki um þessa löggjöf eins og svo marga aðra löggjöf, sem sett hefur verið á undanförnum árum, að hún verði hrein pappírslöggjöf, vegna þess að í framkvæmd er því ekki fylgt eftir, sem heitið er í lögunum.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason). Herra forseti. Það er aðeins varðandi eitt atriði, sem hv. þm. gerði að umræðuefni í ræðu sinni, þ. e. a. s. um sambandið á milli þessa frv. og fjárlfrv. ríkisstj. Það, sem hann sagði um þau efni, er byggt á algerum misskilningi. Till. til fjárveitinga í fjárlfrv. eru að sjálfsögðu miðaðar við gildandi lög um iðnfræðslu. Það er ekki við því að búast og væru engan veginn réttar vinnuaðferðir að gera till. um fjárveitingar samkv. frumvörpum, sem Alþingi hefur til meðferðar. Till. um slíka fjárveitingu verða að bíða, þangað til Alþingi hefur afgreitt það frv., sem hér er um að ræða. Till., sem gerðar eru um fjárveitingar til byggingar iðnskóla í frv., sem nú hefur nýlega verið lagt fram, eru sem sagt grundvallaðar á gildandi lögum og eru í grundvallaratriðum óbreyttar frá því, sem verið hefur undanfarið. Lækkun, sem er á framlagi til iðnskólans í Reykjavík, byggist á því og sömu reglu og frv. almennt, að tekin er tala úr síðustu fjárl. og lækkuð um 25%, eins og raun varð á um framlagið á þessu ári. Breytingin að öðru leyti stendur í sambandi við það, að um sérstaka aukafjárveitingu var að ræða í þessu sambandi í fyrra. En til að taka af öll tvímæli um það, að ríkisstj. eru vel ljósar skyldur hennar varðandi tæknimenntunina á grundvelli þeirra laga, sem þegar eru í gildi, vildi ég benda hv. þm. og öðrum hv. þm. á það, að framlag til stofnkostnaðar tækniskóla, sem lög voru samþykkt um fyrir tveimur árum, er hækkað í síðasta fjárlfrv. um 2.5 millj. kr. Þar eru lögin þegar samþykkt af hinu háa Alþingi, tækniskólinn nýtekinn til starfa, og ríkisstj. hefur sannarlega ekkert vanrækt í þeim efnum að búa sem bezt að þeim skóla.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Ég vona, að ég megi skilja þessi ummæli hæstv. ráðh. á þann veg, að ef það frv., sem hér liggur fyrir, verður samþ., verði tekin upp ný fjárveiting í fjárl. til þessara framkvæmda, og ég vildi gjarnan fá svar hjá hæstv. ráðh. við því, hvort það er ekki rétt skilið. Ef þetta frv. verður samþ. núna á þessu þingi, þá verði tekin upp ný fjárveiting til þess að koma upp þeim verkstæðisskólum, sem iðnfræðsluráð leggur mesta áherzlu á að komið verði upp á næstu árum. En ég vildi enn fremur spyrja hæstv. ráðh. að því, ef hann hefur raunverulega fullkominn áhuga á því, að þessi lög verði ekki pappírslög, hvort hann sjái nokkuð athugavert við það, að það verði beinlínis tekið upp í frv. sjálft ákvæði um, að farið skuli eftir þeirri fimm ára áætlun, sem sú nefnd, sem hefur undirbúið þetta frv., gerir ráð fyrir í sínum till., og hvort hann telur einmitt ekki mikilvægt, að slíkt ákvæði verði sett inn í frv., sem sagt að það verði tryggt með ákvæði í sjálfum lögunum, að á næstu fimm árum verði komið upp verkstæðisskólum við iðnskólana í Reykjavík og á Akureyri.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Það verður að sjálfsögðu verkefni fjvn. og Alþingis í heild að taka ákvarðanir um það á sínum tíma, hverjar fjárveitingar skulu veittar til byggingar iðnskóla og verknámsskóla, þegar þessi lög hafa verið afgreidd.

Varðandi síðari spurningu hv. þm. vil ég aðeins segja það sem mína persónulegu skoðun, að ég tel ákvæði um fjárveitingar til framkvæmda ekki eiga heima í almennri löggjöf. Þau eiga heima í fjárlögum. Ég tel, að þeirri stefnu eigi að fylgja í þessu máli og öllum öðrum, að ákvæði um fjárveitingar séu í fjárlögum, en ekki í almennri löggjöf.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Ég er sammála hv. 5. þm. Reykv. um það, að þetta frv., sem hér er til umr., sé til mikilla bóta, þegar miðað er við hina gildandi iðnfræðslulöggjöf í landinu. Allt fram á þennan dag hefur iðnfræðslan á Íslandi verið rekin eftir hinu steinrunna og löngu úr sér gengna meistarakerfi, sem byggist á því, að nemendur í iðngreinum skuli hljóta kennslu hjá meistara, þ. e. a. s. manni, sem tekið hefur sveinspróf, og svo að þremur árum liðnum, frá því að hann tók sveinspróf, öðlast hann „átómatískt" réttindi til þess að teljast meistari í iðninni og fær þá réttindi til þess að taka nema, hvort sem hans aðstaða eða þekking er á þann veg, að hann sé á nokkurn hátt til þess fær að mennta hina nýju kynslóð í þeirri iðngrein, sem hann starfar í. Með frv. er stigið millispor í þá átt að hverfa frá þessu fyrirkomulagi við nám í hinum löggiltu iðngreinum og gert ráð fyrir, að koma skuli skólar í hinum ýmsu iðngreinum, verknámsskólar, og eigi þeir vissan hlut í því að tryggja menntun þeirra, sem ætla að gera iðnað á Íslandi að lífsstarfi sínu. Þetta er áreiðanlega til bóta. En þó verð ég að segja það, að ég er ákaflega mikið í efa um, að það fari vel á að blanda þessu saman: meistarakerfinu með sínum mörgu og miklu göllum, allt það kerfi fellur svo illa inn í nútíma stórrekstur í iðnaði, að það á þar lítt eða ekki við, og svo aftur að koma á nýtízku vinnubrögðum í námi við nútíma aðstæður í iðnaði með skólahaldi. Ég held, að þetta verði á millistiginu bæði kostnaðarsamt og svari illa tilgangi sínum, enda sé ég það strax í 2. gr. þessa frv., að skólafræðslan verður nokkuð margbrotin og í brotum með þessu móti, a. m. k. á þessu yfirgangsstigi.

Það er gert í 2. gr. ráð fyrir, að iðnfræðsluskólar skuli vera verknámsskólar iðnaðarins, iðnskólar með gamla sniðinu, sérskólar einstakra iðngreina og skólar fyrir meistarana til þess að betrumbæta þekkingu þeirra og aðstöðu til þess að hafa nemendur á sínum vegum. Þetta allt held ég að hljóti að falla illa saman, og það er von mín og ósk, að þetta millistig í íslenzkum iðnfræðslumálum verði sem skemmst. Og það skiptir vitanlega miklu máli, að fjárveitingavaldið geri sér það ljóst, að hér er ekki stigið spor nema til hálfs, ef það er þá það, því að það þarf vitanlega að vaxa algerlega frá hinu úrelta meistarakerfi og taka upp skólakennslu, visindalega skólakennslu á flestum sviðum iðnaðarins, án þess að blanda því saman við hinar úreltu kennsluaðferðir meistarakerfisins. Ég er hins vegar ekkert viss um, að það hafi verið svo auðvelt að stíga þetta spor til fulls í einu, og við erum ekki mjög mikið bættari með því að fá löggjöf, sem ekki yrði svo framkvæmd fyrr en kannske eftir áratugi.

Ég er ekki hingað kominn til þess að lýsa yfir óánægju minni með það, að milliþn. skyldi ekki leggja til í frv.-formi, að stigið væri til fulls, þó að nauðsyn kalli á það. Við höfum af því reynslu að hafa sett nýja skólalöggjöf hér, að því er mig minnir 1946, almenna skólalöggjöf. Hún er bara í veigamiklum atriðum ekki komin til framkvæmda enn, svo að það má vel vera, að það hefði farið öllu betur á því, að sú löggjöf hefði gert ráð fyrir breytingunum á lengra tímabili, í smærri skrefum, og ekki gert ráð fyrir því skólakerfi, sem a. m. k. í framkvæmd hefur ekki tekizt að koma á núna á árinu 1965. A. m. k. er það svo, að sveitirnar hafa lítt af því skólakerfi að segja enn í dag í framkvæmd. Og játa verður það, að jafnvel höfuðborg Íslands hefur ekki reynzt enn þá fær um það að búa því skólakerfi þann starfsstakk, sem gert er ráð fyrir með löggjöfinni frá 1946. Það má því sannarlega segja, að það sé álitamál, þó að menn vildu algerlega umsteypa iðnfræðsluna og móta hana upp á nýtt í nútímahorf með skólakennslu og þá vitanlega verkstæðis- og verknámsskóla og leggja meistarakerfið gamla alveg til hliðar, þá er vafasamt, að það sé framkvæmanlegt að gera það í einu skrefi, en það að gera það á löngu tímabili, mörgum árum, veldur áreiðanlega miklum erfiðleikum, því að það fellur illa saman að hafa að nokkru leyti iðnfræðsluna í verkstæðisskólum og verknámsskólum og að nokkru leyti á höndum meistara skv. gamla meistarakerfinu. Þetta er svo gerólíkt í grundvallaratriðum, að þetta verður aldrei barn í brók, fyrr en við höfum komizt alveg frá því gamla.

sem ekki á lengur við í nútíma verksmiðju- og verkstæðisiðnaði, er leifar frá handverkstímanum og þarf því að vaxa frá sem fyrst.

Ég held, að nefndin hafi gert sér ljós einmitt þessi atriði, sem ég nú hef gert að umtalsefni, og þess vegna lagt til, að meistarakerfið sé að nokkru leyti látið vera enn um sinn, en bætt úr stórfelldustu ágöllum þess með sérstökum verknámsskólum annars vegar og viðbótar-menntunarmöguleikum fyrir meistarana með meistaraskólum hins vegar. En þetta eru bætur á gamalt fat, og þær bætur þurfa að hverfa og ný föt að koma í staðinn, ný föt, sem væru a. m. k. ekki síður raunveruleg en hin nýju föt, sem hæstv. ríkisstj. tilkynnti, að hún hefði klætt sig í hér í gær.

Þetta frv. var, þegar það kom frá mþn., borið undir ýmsa aðila, þ. á m. A. S. Í., og í umsögn A S. Í. mun það hafa verið tekið fram, að A. S. Í. mælti með framgangi þessa frv. og teldi það stefna í meginatriðum í rétta átt, og þarf ég því ekki við þetta miklu að bæta. Það, sem fyrir A. S. Í. vakti með sinni umsögn, var, að með samþykkt svona frv. teldum við, að iðnfræðslunni væri komið í nokkru betra horf en hún hefur um sinn verið í undir hinu gamla meistarakerfi, en hins vegar væri sporið þar með ekki stigið til fulls og þess vegna nokkuð í land með það, að iðnfræðslunni væri komið í það horf, sem verkalýðssamtökin teldu æskilegt og nauðsynlegt. En hins vegar vildum við fella okkur við þetta frv. sem viðleitni í þá átt að umsteypa iðnfræðslumálunum á Íslandi í nútímahorf, og viðurkennum, að það verði varla gert í einu skrefi, en eins og málin horfa við í meginatriðum, mælir A. S. Í. ásamt fleiri aðilum, sem þetta frv. fengu til umsagnar, með frv. sem spori í rétta átt.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti Ég held nú satt að segja af því, sem hæstv. menntmrh. sagði hér áðan, að þá sé hann farinn að hugsa svo mikið um landbúnaðinn, að hann sé eiginlega búinn að gleyma öllu öðru, því að hæstv. ráðh. komst að þeirri niðurstöðu, að það mætti alls ekki ákveða vissar fjárveitingar í sérstökum lögum, heldur yrði eingöngu að gera það í fjárlögum. Ég þori næstum því að segja, að á hverju þingi, sem hæstv. menntmrh. hefur setið á, hefur hann greitt atkvæði með fjárveitingum, sem hafa verið ákveðnar með sérstökum lögum, en ekki fyrst og fremst í fjárlögum, og ég hélt, að hæstv. menntmrh. væri það vel kunnugur fjárlögunum, að hann viti það, að mjög stór hluti fjárlaganna, sennilega meiri hluti þeirra útgjalda, sem þar er ákveðinn, er lögbundinn fyrir fram, er ákveðinn með sérstökum lögum, og þess vegna verður menntmrh., þegar hann undirbýr sinn hluta fjárlaganna, að fara eftir því, sem þessi lög mæla fyrir um. Hér er ekki um annað að ræða í því, sem ég sagði, heldur en að fylgja fordæmum, sem eru fjöldamörg til og allir hv. þm. vita um og hafa greitt atkv. með mörgum sinnum, því að eins og ég áðan sagði er mikill meiri hluti þeirra útgjalda, sem eru á fjárlögum, lögbundinn fyrir fram í einstökum lögum. En það, hvort menn vilja lögbinda ákveðnar upphæðir í sérstökum lögum eða ekki, það fer að sjálfsögðu ákaflega mikið eftir þeim áhuga, sem þeir hafa á viðkomandi máli. Ef menn hafa áhuga á viðkomandi máli og vilja tryggja framkvæmd þess, lendir það ekki aðeins í fjárlögum, heldur í sérstökum lögum, vegna þess að það er miklu meiri trygging fyrir framkvæmdinni en fjárlagaákvarðanir, sem aðeins eru bundnar við eitt ár, ef þær eru ekki ákveðnar í sérstökum lögum einnig. Þess vegna skil ég það ekki, ef hæstv. ráðh. hefur áhuga á því, að þetta frv., sem hér liggur fyrir, ef að lögum verði, verði eitthvað annað og meira en hrein pappírslög, þá skil ég það ekki, hvers vegna hann hefur á móti því, að í lögunum sjálfum yrði ákveðin föst fjárveiting til þessara mála til að tryggja það, að lögin verði framkvæmd, en það verði ekki háð hreinum tilviljunum síðar meir í sambandi við afgreiðslu fjárlaga, hvort nokkuð verður úr framkvæmd laganna eða ekki.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Því miður er það svo, að í hverri einustu ræðu, sem hv. þm. heldur, er um einhvern meiri háttar misskilning að ræða. Einnig í þeim fáu orðum, sem hann sagði síðast, er um grundvallarmisskilning að ræða um þau efni, sem hann ræddi um. Auðvitað er það rétt, að í margháttaðri löggjöf eru ákvæði um fjárgreiðslur úr ríkissjóði. Í tryggingalöggjöf eru ákvæði um bætur, sem greiða skuli í ýmsum tegundum trygginga. Í jarðræktarlögum eru ákvæði um upphæð jarðræktarstyrks, meira að segja í skólalöggjöf eru ákvæði um það, hvern þátt ríkið skuli taka í rekstrarkostnaði skóla, annaðhvort eitt eða ásamt sveitarfélögum. En það, sem ég var að benda á, var, að það væri ekki reglan, að í löggjöf væri tekin ákvörðun um framkvæmdafé. Ég man ekki eftir neinum þætti skólalöggjafarinnar, að þar sé ákveðið, hversu mikið ríkið skuli leggja fram til skólabygginga. Það eru ekki í löggjöfinni um barna- og gagnfræðaskóla nein ákvæði um það, hversu mikið fé ríkið skuli leggja fram árlega til byggingar þessara skóla. Það er ákveðið á hverju ári í fjárlögum. Í iðnskólalöggjöfinni núna eru engin slík ákvæði. Í löggjöfinni um menntaskóla eða kennaraskóla eða tækniskóla eru engin slík ákvæði um greiðslu stofnkostnaðar af ríkisins hálfu. Auðvitað eru ákvæði um það, eftir hvaða reglum skuli greiða rekstrarkostnað þessara skóla, en það er allt annað. Og ég vil að síðustu endurtaka, að ég tel mjög óeðlilegt að flytja ákvæði um framlög ríkisins til framkvæmda, til stofnkostnaðar skólabygginga og annarra framkvæmda, úr fjárlögunum, þar sem þau hafa verið, og yfir í hina almennu löggjöf.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til menntmn. með 25 shlj. atkv.

Á 45. fundi í Nd., 24. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 12, n 254, 255).

Frsm. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Menntmn. hefur haft frv. til l. um iðnfræðslu til athugunar alllangan tíma. N. hefur rætt við höfunda frv., hún hefur rætt við menntmrh., og hún hefur leitað umsagna frá þeim aðilum, sem ekki höfðu látið í ljós álit sitt áður.

Nefndin mælir einróma með því, að þetta frv. verði samþ. Í því felast mjög mikilvægar breytingar á iðnfræðslunni í landinu og fyrstu skrefin í nýjungum, sem ætla má að muni í framtíðinni gjörbreyta öllu iðnnámi. Hins vegar hefur n. lagt til allmargar brtt., sem eru prentaðar á þskj. 255. Breytingar eru reyndar ekki eins margar og till., því að þær leiðir hverja af annarri, en helztu efnisbreytingar eru þær, sem ég skal nú greina:

Í frv. var gert ráð fyrir, að sett yrði upp nýtt embætti, iðnfræðslustjóri, og mundu að sjálfsögðu fljótlega fylgja honum skrifstofa og starfslið, eitthvað í áttina við það, sem er hjá fræðslumálastjóra, þó varla svo umfangsmikið. Eftir allmikla íhugun varð að samkomulagi að gera till. um að hverfa frá stofnun þessa embættis, en nota í þess stað annars vegar menntmrn., eins og hingað til hefur verið, og hins vegar iðnfræðsluráð, sem þegar er til. Allmargar af brtt. við frv. leiðir af þessari breytingu og fjalla um orðalag til samræmis við hana.

Þá leggur n. til, að breytt verði skipan iðnfræðsluráðs á þann hátt, að bætt verði í það 2 fulltrúum. Eindregnar óskir komu fram um það frá Iðnnemasambandi Íslands, að það fengi aðild að þessu ráði, og þótti réttmætt að verða við því, þar sem iðnfræðsluráð fjallar mjög ekki aðeins um nám, heldur og námskjör og þar af leiðandi lífskjör iðnnema. Þá kom einnig fram ósk um, að iðnverkafólk fengi nú fulltrúa í iðnfræðsluráði, þar sem nú koma inn í l. ákvæði um viðtæk námskeið fyrir starfsfólk í verksmiðjum. Benti Félag ísl. iðnrekenda m. a. á, að eðlilegt væri, að iðnverkafólkið fengi þarna líka fulltrúa. Í samræmi við þetta tvennt leggur n. til, að bætt verði 2 fulltrúum við iðnfræðsluráð.

Í 12. gr. er fjallað um það, hversu margir iðnskólar skuli vera í landinu. Í frv. er gert ráð fyrir, að þeir skuli í framtíðinni vera 8, einn í hverju kjördæmi. En þó er í gr. heimild fyrir menntmrh. til þess að leyfa fleiri skólum, sem þegar eru starfandi eða kunna að verða stofnaðir, að starfa til viðbótar. Aðalreglan átti sem sagt að vera 8 skólar, einn í hverju kjördæmi. Við nánari athugun kom í ljós, að í tveimur kjördæmum landsins eru fyrir 2 iðnskólar í hvoru það stórir, að fráleitt þótti að stöðva vöxt þeirra og tilveru. Þess vegna er gerð breyting, sem er á þá lund, að þeir skólar, sem í dag hafa minnst 60 nemendur, skuli vera iðnskólar áfram, en þó ekki færri en einn í hverju kjördæmi. Þessir umræddu skólar eru í Vestmannaeyjum og Keflavík. 60 nemenda reglan er ekki ný, hún hefur verið í lögum áður og var fyrir mörgum árum ákveðin frá Alþ. sem eðlilegt stærðarmark. En ég vil endurtaka það, að ráðherra hefur heimild til þess að ákveða, hverjir núverandi iðnskólar skuli starfa áfram til frambúðar eða fyrst um sinn.

Þessi skipting á skólunum hefur meginþýðingu í sambandi við næstu grein, þar sem fjallað er um höfuðnýjung þessa frv., stóraukið verknám, sem þegar fram líða stundir hlýtur að leiða til þess, að í mörgum iðngreinum verði hægt að ljúka öllu námi í skólunum, án þess að nemendur geri samninga við meistara til margra ára. Það, sem um er að ræða, er að takmarka fjölda þeirra skóla, sem fengju slíkar verknámsdeildir, vegna þess, hve þessar deildir hljóta að verða dýrar og umfangsmiklar. Er því ekkert vit í að byrja á þeim á of mörgum stöðum. Skynsamlegast væri, að tiltölulega fáir iðnskólar byrjuðu á slíkum deildum, en þeim væri dreift um landið, eftir því sem hentugast og skynsamlegast þykir.

N. gerir þá brtt. við 13. gr. að bæta þar inn í ákvæði, þar sem ráðh. er skylt að sjá svo um, að verknámsskólarnir einbeiti sér að kennslu í tilteknum greinum og skipti með sér verkum. Augljóst er, að það mundi vera lítil hagsýni að byrja á verknámsdeildum í skipasmíðum á 4—5 stöðum á landinu, svo að ég nefni dæmi, eða byrja á verknámskennslu í hárgreiðslu á 4—5 stöðum á landinu. Skynsamlegast væri, að iðnskólarnir skiptu með sér deildunum. Má búast við, að síðar meir verði verknámsdeildir í stærstu greinunum, trésmíðum og málmsmíðum t. d., á mörgum stöðum á landinu, en að öðru leyti er sjálfsagt, að skólarnir skiptist á og að þeir taki að sér að byggja hver upp sína deild sem sérgrein, til þess að þær geti orðið sem allra fullkomnastar.

Við 15. gr. er brtt., sem er raunar aðeins til þess að kveða nánar á um þá hugmynd, sem felst í frv., að halda skuli námskeið fyrir starfsfólk verksmiðjuiðnaðar og gera það að fengnum till. frá samtökum iðnrekenda og verksmiðjufólks. Þótti ástæða til að taka þetta skýrar fram, en grg. frv. ber greinilega með sér, að það hefur verið hugmynd höfunda frv. frá upphafi, að slík námskeið yrðu haldin.

Lítil breyting er við 20. gr., þar sem orðinu „og" er breytt í „eða". Í sambandi við það er rétt að taka fram, að það er skilningur menntmn., að iðnskólar eigi, eftir því sem kostur er, að vera opnir öllum þeim, sem vilja sækja þá, hvort sem viðkomandi nemendur hafa gert samninga um iðnnám við meistara eða ekki. Ef rúm er í skólunum og einhverjir vilja öðlast þá menntun, sem þeir bjóða, án þess að tengja það föstu iðnnámi, þá er sjálfsagt, að þess sé kostur.

Þá er brtt. við 23. gr., sem kveður svo á, að iðnskóli, sem tekur nemanda í nám til sveinsprófs í ákveðinni grein, skuli hafa sömu skyldur gagnvart honum sem um meistara væri að ræða, að svo miklu leyti sem við getur átt. Hér er horft fram í tímann, þegar að því kemur, að iðnskólarnir veita nemendum allan þann undirbúning og alla þá fræðslu, sem þeir þurfa til þess að útskrifast í sinni grein. Og verður þá iðnskólinn að koma í stað meistara, sem áður var. Sennilega verður þetta þó ekki alvarlegt vandamál, því að búast má við, að námið verði mun styttra, þegar það fer allt fram innan veggja eins og sama skóla.

Fleira sé ég ekki ástæðu til að taka fram um

brtt. menntmn. Ég vil itreka það, að n. fagnar þessu frv., telur það vera stórt spor í rétta átt, til að gera iðnfræðsluna fullkomnari og opna sýn inn á nýjar leiðir á þessu mikilvæga fræðslusviði.

Með þeim breytingum, er ég hef lýst, sem n. stendur einhuga að, mælir hún með því, að frv. verði samþykkt.

Sigurður Ingimundarson: Herra forseti. Ég er sannfærður um, að með afgreiðslu þessa máls, verða mörkuð tímamót í iðnfræðslu þjóðarinnar og lagður grundvöllur að örari tækniþróun en áður hefur verið. Það verður æ ljósara með vaxandi framförum í tækni, að það er fyrst og fremst tæknimenntun, verkkennsla og verkmenning, sem þróaðar þjóðir byggja á afkomu sína og batnandi lífskjör. Landkostir og náttúruauðæfi eru ekki lengur afgerandi í þessu efni, enda má nefna mörg dæmi þess, að þjóðir, þ. á m. smáþjóðir, sem byggja lönd, sem eru snauð af náttúruauðæfum, lifa góðu menningarlífi við góð og batnandi lífskjör, sem byggjast á verkmenningu þeirra og framleiðslutækni. Fyrir nokkrum áratugum var það ekki óalgengt, að 80 eða jafnvel 90% af vinnuafli þjóðanna starfaði að öflun hráefna og óbreyttra lífsnauðsynja úr skauti náttúrunnar, en aðeins 10—20% að verðmætaaukningu þeirra í iðnaði og þjónustu. Svo mun þetta t. d. hafa verið hjá Dönum um aldamótin. En nú munu þessi hlutföll nánast hafa snúizt við. Nú er það hinn mikli og vaxandi fjöldi iðnaðarmanna og verksmiðjufólks og annarra, sem starfa að verðmætaaukningu hráefnanna, vinnslu þeirra og dreifingu, sem í æ ríkari mæli hefur áhrif á framleiðni þjóðanna og efnahag. Hagkvæm þróun verkmenningar og þjónustu verður því sífellt mikilvægari. Framleiðni okkar í fiskveiðum er há, en öllum ætti að vera það ljóst, að hún leysir ekki allan vanda til frambúðar með vaxandi fólksfjölda. Þvert á móti má gera ráð fyrir því, að fiskveiðarnar eigi æ erfiðara uppdráttar, nema grundvöllur sé lagður að aukinni framleiðni í öðrum atvinnugreinum.

Fyrirtæki nokkurt, sem miklar vonir eru við bundnar, lýsti því nýlega opinberlega í dagblöðum, að afköst verksmiðju sinnar væru aðeins þriðjungur af áætlaðri afkastagetu, aðallega vegna vöntunar á þjálfun starfsfólksins. Þetta dæmi sýnir skýrt, hvar við stöndum í þessu efni. Það þýðir ekki að gera kröfur um bætt lífskjör, nema þessu sé kippt í lag.

Í frv. því, sem hér liggur fyrir, er stigið veigamikið spor í þá átt að auka framleiðni iðnaðarins. Í frv. felst stórfelld endurbót á iðnfræðslunni í hinum löggiltu iðngreinum, og með framkvæmd þess opnast fljótlega nýir möguleikar til verkþjálfunar iðnverkafólks fyrir verksmiðjuiðnaðinn, a. m. k. í vissum starfsgreinum, og í því sambandi er Félagi ísl. iðnrekenda og samtökum iðnverkafólks veitt aðild að iðnfræðsluráði.

En við skulum gera okkur vel ljóst, að þetta er dýrt skólafyrirkomulag og mikið í fang færzt að taka verulega verkkennslu inn í iðnskólana, og ber að varast það að dreifa kröftunum um of í því efni. Kjarni þeirra breytinga, sem að er stefnt, er sá, að iðnnám hefjist ekki hjá meistara, eins og áður var, heldur með 8—9 mánaða verkstæðisskóla, er sé að hálfu leyti kerfisbundið verklegt nám undir handleiðslu sérmenntaðs fagkennara. Verður áherzla lögð á að kynna nemendum verkfæri og efni, notkun þeirra og meðferð og rétt vinnubrögð í grundvallaratriðum og leggja þannig haldgóðan grundvöll að frekara námi á vinnustað. Eftir það verður námið svipaðra því, sem nú er, undir handleiðslu meistara á vinnustað og bóklegur iðnskóli. Lögð verður meiri áherzla á bóklega fagkennslu en tíðkazt hefur.

Það er þetta fyrsta ár, sem í frv. og áliti iðnfræðslunefndar er kallað forskóli eða verkstæðisskóli, sem fyrst og fremst veldur kostnaðaraukanum frá núgildandi kerfi. Og það er þetta fyrsta ár, verkkennsluárið, sem gerir það að verkum, að nauðsynlegt er að takmarka þá kennslu við mjög fáa og stóra skóla. Í áliti iðnfræðslunefndar og í frv. er gert ráð fyrir 8 kjördæmisskólum. Ég fullyrði, að ef skynsemis- og hagræðingarsjónarmiðið eitt hefði verið látið ráða, hefðu þeir skólar, sem annast hefðu átt þessa verkkennslu fyrsta árs, ekki átt að vera fleiri en 4, þar af 2 fullkomnir heimavistarskólar í sveit. Iðnskólar með bóklegu námi mættu hins vegar vera fleiri, gjarnan 8—10, er nemendur sæktu að afloknu þessu eins árs námi í sérstökum verkstæðisskólum. Þessu til skýringar skal ég nefna dæmi.

Ef fullnýta ætti verkstæðin og hina sérþjálfuðu verkkennslukennara, þurfa nemendur í hverri iðngrein helzt að vera 50 á ári og tvö skólaverkstæði í hverri iðngrein. Í verklegu kennslunni má aðeins hafa 12—13 nemendur í einu. Það væri þá hægt að hafa t. d. 50 járniðnaðarnema með tvísetningu í tveimur verkstæðum, en sameina svo hópana, tvo og tvo, í tvær bóknámsdeildir með ca. 25 nemendum í hvorri. Þetta fyrirkomulag mundi gefa langbezta nýtingu, en því verður aðeins við komið í stórum skólum.

Brtt. hv. menntmn. um að fjölga skólunum úr 8—10 er því ekki til bóta frá hagræðingarsjónarmiði. Hún verður aðeins til að gera kerfið dýrara og seinka því, að það nái til tilætlaðs fjölda nemenda. Ég segi þetta ekki til þess að ráðast gegn brtt. nefndarinnar. Hún hefur vafalaust átt við sína erfiðleika og önnur viðkvæm sjónarmið að stríða. Þetta skil ég líka vel sjálfur, þegar ég á sök á því sem formaður iðnfræðslunefndar, að lagt var til í frv., að skólarnir yrðu fleiri en skynsamlegt má telja, og var það að sjálfsögðu gert til þess að koma til móts við þessi önnur sjónarmið. En ég vil alvarlega vara við því, að gengið verði enn lengra en brtt. n. gerir ráð fyrir í frekari meðferð þingsins. Til undirstrikunar þessari nauðsynlegu takmörkun á fjölda verkstæðisskólanna vil ég, með leyfi hæstv. forseta, vitna í ummæli forseta Landssambands iðnaðarmanna, Vigfúsar Sigurðssonar, við setningu iðnþings s. l. haust. Forseti Landssambandsins sagði m. a.:

„Frv. þetta, ef að l. verður, markar vissulega tímamót í iðnfræðslunni, fyrst og fremst með því, að komið verði með árunum upp fáum og stórum iðnfræðsluskólum, þar sem kennd yrðu bæði bókleg og verkleg fræði, í stað þeirra mörgu og á flestum stöðum smáu iðnskóla, sem nú eru dreifðir víðs vegar um landið. Það er þegar orðið nokkurt vandamál að kenna verklegt nám með þeirri aðferð, sem nú tíðkast, að nemar læri það eingöngu hjá meisturum. Störfin þróast í það að verða einhæf og því óvist, að hægt sé að láta nemandann, á meðan á námstímanum stendur, vinna og kynnast öllum þeim störfum, sem krafizt er að hann kunni skil á að námi loknu. Þá er nauðsyn, að ungmenni fái í forskóla nokkra innsýn í þá iðngrein, sem þeir ætla að gera að lífsstarfi sínu. Of mörg eru þau tilfelli, að nemendur komast að þeirri staðreynd, þegar kemur fram á námstímann, að þeir hafa valið rangt námsefni. Niðurstaðan verður sú, að þeir nemar, sem svo er ástatt með, hætta iðninni strax að loknu námi.

Í frv. er gert ráð fyrir að fækka iðnskólum úr um 20, sem þeir eru nú, niður í 8 sem lágmark, einn í hverju kjördæmi landsins, þó mega þeir vera fleiri, ef nauðsyn krefur að dómi ráðherra.“ Síðan segir forsetinn: „Margir munu af eðlilegum ástæðum sakna síns skóla, sem þeir hafa bundizt sérstökum tengslum og verið stofnað til með samtakamætti iðnaðarmanna af dugnaði þeirra og nauðsyn, en af litlum efnum. En staðreyndin er sú, að mjög erfiðlega gengur að reka alla þessa skóla þannig, að samræmi sé í kennslu og prófum. Kennarar við hæfi námsgreina eru lítt fáanlegir á hinum ýmsu stöðum og nemar víða svo fáir í ýmsum námsgreinum, að óhóflega dýrt verður að veita þeim þá kennslu, sem nauðsynlegt er. Ef koma á upp góðum iðnfræðsluskólum, sem við iðnaðarmenn krefjumst að sé gert, bæði fyrir bókleg og verkleg fræði, verðum við að sætta okkur við, að það sé gert á fáum stöðum á landinu, annað yrði óframkvæmanlegt.“

Mér virðist nú líka, að hv. menntmn. hafi skilið þessa annmarka á fjölgun verknámsskólanna, því að með brtt. við 13. gr. gerir hún góða bragarbót með því að gera ráð fyrir, að skólarnir komi á verkaskiptingu, mér skilst þá þannig t. d., að verknám í járniðnaði væri í einum skólanna en kannske t. d. í tréiðnaði í öðrum o. s. frv.

N. gerir aðra stórfellda breytingu á frv., og er það varðandi yfirstjórn iðnfræðslunnar. Iðnfræðslunefndin og frv. gerðu ráð fyrir, að stofnað yrði embætti iðnfræðslustjóra til forustu um skipulag og uppbyggingu þessa þýðingarmikla fræðslukerfis og þeirrar miklu fjárfestingar og rekstrarkostnaðar, sem kerfið byggist á. N. gerir þá brtt., að iðnfræðsluráði verði falin flest þau störf, sem iðnfræðslunefndin hafði ætlað iðnfræðslustjóra. Ég hef víða orðið var við andstöðu gegn þessu ákvæði frv., bæði meðal stuðningsmanna stjórnarinnar og stjórnarandstöðunnar, og er það að jafnaði rökstutt með þeim kostnaði, sem af embættinu mundi leiða. Þessi andstaða kom þó ekki fram við 1. umr. í hv. þd., nema hjá einum hv. þm., hv. 5. þm. Reykv. Ég hef til samkomulags sætt mig við þessa breytingu og skal því ekki gera hana að frekara umræðuefni. Ég vil þó láta koma fram, að ég tel, að hér sé verið að spara eyrinn, en henda krónunni, og svipta þessa uppbyggingu nauðsynlegri forustu af hálfu stjórnarvalda. Með allri virðingu fyrir iðnfræðsluráði, eru það þó fyrst og fremst fulltrúar þeirra stétta, sem að þessu kerfi eiga að búa, og er það gott, svo langt sem það nær. Iðnfræðslustjóri hefði þó vissulega haft hlutverki að gegna til uppbyggingar þessu kerfi af hálfu stjórnarvalda og til frumkvæðis um samstarf kjördæmisskólanna að hagkvæmri lausn þeirrar viðkvæmu verkaskiptingar, sem hv. menntmn. gerir ráð fyrir.

Þriðja stærsta brtt. n., að því er ókunnugum gæti virzt, er viðbót hennar við 15. gr. um aðild verksmiðjuiðnaðarins. Þessi brtt. er þó í fullu samræmi við till. iðnfræðslunefndarinnar og er aðeins fram komin vegna þess, að ákvæði frv. þóttu ekki nógu skýr. Ég er henni því fyllilega sammála og tel til bóta að taka af allan vafa um þetta atriði.

Aðrar brtt. eru, eins og hv. frsm. n. gat um áðan, nánast afleiðingar af þeirri breytingu, sem hún hefur gert á yfirstjórn iðnfræðslunnar, og ekkert um það að segja, ef menn vilja fallast á þá breytingu í grundvallaratriðum. Brtt. n. eru sem sagt minni en vænta hefði mátt í jafnstóru og viðkvæmu máli. Í því kemur fram samstarfsvilji um kjarna þýðingarmikils máls, og ég mun fylgja brtt. n., nema sérstök tilefni gefist til. Ég gat ekki búizt við meiri samstöðu eða meiri friði um þetta mál en fram hefur komið í meðferð hv. menntmn. Frv., sem jafnalmenn samstaða er um, getur varla verið gallalaust. Það er með nokkrum hætti eða a. m. k. um nokkur atriði málamiðlunarlausn. Málið er ekki flokksmál neins sérstaks flokks. Hörð átök um einstaka þætti þess mundu vafalaust skemma það meira en orðið er, ef þau mundu ekki stöðva afgreiðslu þess. Ég styð það því, eins og það nú liggur fyrir frá n., nema sérstök tilefni gefist til. Ég tel, að þegar á lengri tíma verður litið og dægurátökum er sleppt, verði þessi ákvörðun Alþ. happadrýgsta samþykkt þessa þings.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ég vil ekki láta hjá líða að þakka hv. menntmn. fyrir afgreiðslu þessa máls, og ég vil láta sérstaka ánægju í ljós yfir því, að n. skuli hafa verið sammála og mæla með samþykkt frv. Ég vona, að þetta þýði það, að hér eftir, eftir þetta samkomulag, eigi frv. greiðan gang í gegnum hið háa Alþingi. Það er rétt að undirstrika það sérstaklega, að með samþykkt þessa frv. tel ég eitt hið merkasta spor stigið á sviði íslenzkra fræðslumála og íslenzkra iðnaðarmála, sem stigið hefur verið um langan aldur. Með stofnun og starfrækslu Tækniskóla Íslands og samþykkt þessa frv. er lagður grundvöllur að gerbreytingu, ég vildi segja gerbyltingu á sviði íslenzkrar tæknimenntunar. En með stórbættri tæknimenntun er enginn vafi á því að lagður

er grundvöllur að stóraukinni velmegun á næstu árum og áratugum hér á Íslandi. Þess vegna tel ég sérstaka ástæðu til þess að fagna því, að almenn samstaða skuli hafa náðst um afstöðu til málsins.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 255,1 (ný 4. gr.) samþ. með 25 shlj. atkv.
— 255,2 (ný 5. gr.) samþ. með 23 shlj. atkv.
— 255,3 samþ. með 25 shlj. atkv.
6. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 255,4 samþ. með 23 shlj. atkv.
7. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
8.—9. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 255,5 samþ. með 24 shlj. atkv.
10. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
11. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 255,6 (ný 12. gr.) samþ. með 24 shlj. atkv.
— 255,7 samþ. með 25 shlj. atkv.
13. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.
14. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 255,8 samþ. með 24 shlj. atkv.
15. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
16.—17. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 255,9 samþ. með 24 shlj. atkv.
18. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.
19. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 255,10 samþ. með 25 shlj. atkv.
20. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.
21.—22. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 255,11 samþ. með 23 shlj. atkv.
23. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.
24.—38. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 255,12 samþ. með 25 shlj. atkv.
39. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.
40.—43. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 255,13 samþ. með 25 shlj. atkv.
44. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 255,14 samþ. með 25 shlj. atkv.
45. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
46.—47. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 255,15 samþ. með 23 shlj. atkv.
48. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.
49. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Á 49. fundi í Nd., 1. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 265).

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Mér skilst, eftir að hafa farið yfir þetta frv., að það sé í meginatriðum gert ráð fyrir að haldist óbreytt það gamla fyrirkomulag á iðnfræðslunni, sem verið hefur, þ. e. a. s. menn þurfi að ráðast til náms hjá meistara, ef þeir vilja fá réttindi sem iðnaðarmenn. En þó er hér á einum stað í frv., sem ég tók eftir, það er í niðurlagi 13. gr., gert ráð fyrir því, að verknámsskólar, sem er nýjung samkv. frv. að setja upp, geti útskrifað menn alveg eða búið þá undir það að ganga undir próf í iðngreinum. Þar stendur, með leyfi hæstv. forseta:

„Í iðngreinum, þar sem erfitt er að koma við námi á vinnustað, má á sama hátt ákveða, að námið fari að öllu leyti fram í verknámsskóla."

Ég skil þetta þannig, að í þeim greinum, þar sem talið er, að erfitt sé að koma við námi á vinnustað, geti verknámsskólarnir annazt fulla kennslu og þeir menn, sem njóta hennar, þurfi þá ekki að ráða sig til iðnnáms hjá meistara eða iðnaðarfyrirtæki. Ég skil þetta þannig. En þetta sýnist mér eiginlega vera eina undanþágan frá þessari gömlu reglu. Nú skal ég ekki segja um hana annað en það, að hún er orðin nokkuð gömul, og mér finnst, að það hefði verið álitamál, hvort ekki hefði átt að hafa þessa heimild rýmri en þarna er, til þess að menn geti að öllu leyti stundað nám í verknámsskóla, úr því að þeir eru settir upp á annað borð. En trúlegt er, að þá hefði þurft að hafa ákvæðin um þá þannig, að það væri hægt að taka fleiri nemendur en mér sýnist eftir þessu frv. að gert sé ráð fyrir.

Ég ber enga brtt. fram við frv., ég vildi aðeins vekja athygli á þessu.

Enn vildi ég vekja athygli á einu atriði í sambandi við þetta, hvort það hefði ekki verið rétt að veita mönnum leyfi til þess að ganga undir verklegt próf og þá auðvitað munnlegt líka í iðngreinum, án þess að þeir hefðu stundað nám hjá meistara eða iðnaðarfyrirtæki. Við vitum, að það er til hér og hefur alltaf verið margt af mönnum, sem sagt er um, að það leiki allt í höndunum á þeim, og við þekkjum marga menn, sem hafa fengizt við ýmiss konar iðnaðarstörf, þó að þeir hafi ekki réttindi til þess, hafi aldrei fengið sveinsbréf, og þeir eru, því að þeir hafa stundað þetta meira og minna, jafnfærir í þessum greinum og margir hinna lærðu manna. Mér finnst, að þetta hefði komið mjög til álita, að gefa þessum mönnum kost á því að ganga undir próf í vissum iðngreinum, þó að þeir hafi ekki farið í gegnum þetta nám hjá iðnmeisturum. Ég vildi aðeins vekja athygli á þessu, eins og ég sagði. Ég tel mig ekki undir það búinn að flytja hér á síðasta stigi brtt. við frv. um þetta, en mér finnst, að þetta sé mál, sem ætti að taka til athugunar hið fyrsta.

Frsm. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Hv. þm. snerti eitt af meginatriðum þessa frv., sem er einmitt að opna möguleika fyrir því að stórauka verklega kennslu og miða síðan að því, þegar þess verður kostur, a. m. k. í allmörgum greinum, að allt iðnnámið geti farið fram í skólum. Hins vegar þótti ekki ástæða til að hafa ákvæði frv. eða laganna rýmri, a. m. k. ekki fyrst um sinn. Vitað er, að verknámsskólar, sem gætu annazt alla kennslu iðnnema frá byrjun til lokaprófs, eru það miklar stofnanir og dýrar, að það mun taka okkur langan tíma að byggja þá upp. Er búizt við því, að það verði einmitt sérstakar greinar, sem komi fyrst, þar sem aðstaða er slík, að erfitt er að nema á vinnustöðum. Ég get nefnt sem dæmi útvarps- og sjónvarpsvirkja. Fjöldi þeirra ferðast á milli heimila til viðgerða og annars slíks, og það þykir hentugra að kenna þeim á einum og sama stað. Ég get líka nefnt hárgreiðslu, sem er iðn-

grein, sem talið er hentugast að kenna með verklegri kennslu í skóla. Þessar greinar munu koma fyrst, en hinar koma á eftir.

Það eru fleiri ákvæði, sem hafa verið sett inn í lögin og sýna það, að vilji er að stefna í þessa átt, svo sem það ákvæði, er sett var inn í 23. gr., þar sem segir, að ef iðnskóli taki nemanda í nám til sveinsprófs í ákveðinni grein, þá skuli skólinn hafa sömu skyldur gagnvart honum sem um meistara væri að ræða, að svo miklu leyti sem við getur átt.

Ég tel því, að með þessu frv. sé stefnt í þá átt, sem hv. þm. taldi æskilegt að fara, ef til vill ekki eins langt og hann vildi, en þó það langt, sem nokkrar líkur eru til, að unnt verði að framkvæma um alllangt árabil. Hugmyndin er sú sama bæði hjá þeim, sem sömdu þetta frv., þeim, sem hafa mælt með því, og hjá hv. þm. og aðeins um að ræða, hvort ástæða sé til á þessu stigi að gera ákvæðin víðtækari en þau eru. Þeir, sem sömdu frv., telja þetta vera nógu rúm ákvæði um alllanga framtíð.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 277) leyfð og samþ. með 29 shlj. atkv.

Brtt. 277 samþ. án atkvgr.

Frv., svo breytt, samþ. með 29 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 29. fundi í Sþ., 2. marz, var frv. útbýtt frá Ed. eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 279).

Á 46. fundi í Ed., 7. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Frv. þetta er samið af n., sem menntmrn. skipaði í október 1961 til þess að endurskoða gildandi lög um iðnskóla og iðnfræðslu. Í n. voru skipaðir þessir menn: Guðmundur Halldórsson þáv. formaður Landssambands iðnaðarmanna, Óskar Hallgrímsson formaður iðnfræðsluráðs, Snorri Jónsson framkvstj. A. S. Í., Þór Sandholt skólastjóri iðnskólans í Reykjavík og enn fremur Sigurður Ingimundarson verkfræðingur, sem jafnframt var skipaður formaður n. Í skipunarbréfi n. var kveðið svo á, að verkefni hennar skyldi vera í fyrsta lagi að rannsaka, hvort unnt sé að samræma eða sameina verknámsskóla gagnfræðastigsins og forskóla fyrir væntanlega iðnnema og þá með hvaða hætti. Í þessu sambandi skyldi m. a. athugað, hver þörfin væri fyrir skólabyggingar vegna verknáms annars vegar og forskóla hins vegar og hver sé líkleg þróun þessara mála í náinni framtíð. Kostnaðarhlið málsins átti að athuga sérstaklega. Í öðru lagi átti n. að rannsaka og gera till. um, hvaða breytingar væru æskilegar á núverandi tilhögun iðnfræðslunnar, bæði að því er tæki til verklega námsins og iðnskólanna, og skyldi þá höfð sérstök hliðsjón af þeim breytingum í þeim efnum, sem átt hafa sér stað í nálægum löndum. Sérstaklega var lagt fyrir n. að athuga, að hve miklu leyti væri æskilegt að auka verklegt nám í iðnskólum og þá í hvaða greinum og enn fremur hvort hagkvæmt virtist að kenna einhverjar iðngreinar að öllu leyti í skólum og þá hverjar. Í þessu sambandi skyldi n. sérstaklega reyna að gera sér grein fyrir hugsanlegum fjölda iðnnema á næstu árum, þannig að fá mætti nokkra hugmynd um þörfina fyrir nauðsynlegar verkstæðisbyggingar, staðsetningu þeirra og annað, er máli skipti í þessu sambandi. Og í þriðja lagi var n. falið í skipunarbréfi rn. að gera till. um framkvæmdaatriði á grundvelli álits og till. meistaraprófsnefndar, þ. e. a. s. n., sem rn. hafði skipað til þess að undirbúa meistarapróf og rannsaka, hvaða námskeið væri æskilegt að halda að staðaldri í iðnskóla fyrir iðnnema og e. t. v. aðra í þeim tilgangi, að þeim gefist kostur á að fylgjast sem bezt með tæknilegum framförum.

Þessi n., sem þannig var skipuð í októberlok 1961, vann hið ágætasta starf, sem fyllsta ástæða er til þess að þakka n. Hún lauk störfum í septembermánuði 1964. Skilaði hún ýtarlegu áliti og gerði till. um gagngera breytingu á iðnfræðslunni og þá jafnframt, að hafizt yrði handa um frekari undirbúning og framkvæmd þeirra breytinga í hinum fjölmennari iðngreinum, sem mesta þýðingu hafa fyrir almenna tækniþróun og þjóðarbúskapinn í heild. Breytingar þær, sem n. varð á einu máli um að leggja til, að gerðar yrðu með nýrri lagasetningu, tóku bæði til hins tæknilega og bóklega náms og þó einkum til verknámsins. N. lagði til, að iðnnámið byrjaði með 8 mánaða forskóla, svonefndum verkstæðisskóla, en síðan nokkurn veginn að jöfnu bóklegt og verklegt nám. Markmiðið skyldi vera að tryggja það, að iðnnemar fái þegar í upphafi kerfisbundna kennslu sérhæfðra kennara um verkfæri og meðferð þeirra, efni, vélar og vinnuaðferðir, þannig að þeir öðlist verkþjálfun og traustan grundvöll undir námið á vinnustað. N. taldi, að forskólinn gæti með góðu móti komið í stað 8 mánaða verknáms á vinnustað og tveggja fyrstu ára núverandi bóklegs iðnskólanáms og jafngilti því a. m. k. eins árs iðnnámi hvað tímalengd snertir. En jafnframt taldi n. forskólann vera mikla endurbót á iðnnáminu í heild. Taldi hún, að með samhæfðum inntökuskilyrðum og endurskipulagðri námsskrá mætti að mestu ljúka í forskóla öllu því almenna bóknámi, sem nú er aðalverkefni iðnskólanna, en tveim síðustu bekkjum iðnskólanna mætti þannig eingöngu verja til faglegs og tæknilegs bóknáms auk nokkurrar verklegrar kennslu eftir þörfum hverrar iðngreinar, þegar skólaverkstæði væri fyrir hendi. Að loknu forskólanámi ætti iðnneminn þá einnig að hafa haldbetri undirbúning til þess að hagnýta sér þá fjölþættu verkmenntun, sem fólgin er í verknámi atvinnulífsins, auk þess sem hann væri frá upphafi liðtækari verkmaður.

Í sambandi við þessar gagngeru breyt. á tilhögun sjálfs iðnnámsins lagði n. til, að iðnskólum yrði stórfækkað frá því, sem verið hefur, en þeir jafnframt stækkaðir, enda væri óhugsandi að framkvæma grundvallarhugmyndir n. með öðrum hætti. Lagði n. til, að iðnskólar yrðu 8 starfræktir í landinu, einn í hverju núverandi kjördæma.

Þegar n. hafði skilað hinni umfangsmiklu

skýrslu sinni, en henni fylgdu athuganir og grg. um tilhögun þessara mála á Norðurlöndum, þar sem einmitt verknámsskólarnir hafa verið starfræktir um nokkurra ára skeið og gefið sérstaklega góða raun, einkum og sér í lagi í Svíþjóð, Noregi og Finnlandi, þá lét rn. semja lagafrv. á grundvelli þessara till. iðnfræðslunefndar og í samráði við hana. Þetta lagafrv. var sent til umsagnar ýmsum aðilum, sem voru taldir eiga hlut að máli, og mæltu þeir yfirleitt með samþykkt frv., eins og það lá fyrir, og hafa umsagnir aðilanna verið prentaðar sem fskj. með frv., þegar það var fyrst lagt fyrir hið háa Alþ. Þetta frv., sem rn. lét semja í samræmi við till. iðnfræðslunefndar, var lagt fyrir síðasta Alþ., en þó ekki fyrr en svo, að þau hlaut ekki afgreiðslu þá. Síðan var málið enn lagt fyrir Alþ. í sama formi við upphaf þessa þings, og hefur frv. nú hlotið afgreiðslu hv. Nd. og samþykki d. með shlj. atkv. og með einróma meðmælum hv. menntmn. Nd. N. varð þó sammála um að gera nokkrar breytingar á frv., sem allar voru gerðar í samráði við mig eða menntmrn. eða ríkisstj.

Meginbreytingarnar, sem n. gerði á frv., eins og það hafði verið lagt fram, eru þær, að frv. eins og það er nú, heimilar að reka fleiri iðnskóla en 8, þ. e. a. s. fleiri en þá 8, sem iðnfræðslunefnd hafði lagt til, að starfræktir yrðu í landinu. Einnig var heimilað að reka iðnskóla, þar sem þeir nú væru starfandi og hefðu fleiri nemendur en 60, en það á við um iðnskólana í Keflavík og Vestmannaeyjum, sem þá að sjálfsögðu mundu starfa áfram, ef frv. verður afgreitt í því formi, sem það nú er lagt fyrir hv. Ed. Enn fremur samþykkti hv. Nd. samkv. einróma till. hv. menntmn., að ákvæði upphaflega frv. og till. iðnfræðslunefndar um stofnun sérstaks embættis iðnfræðslustjóra skyldu felld úr frv. Iðnfræðslunefnd hafði gert till. um, að komið yrði upp sérstöku embætti og sérstakri skrifstofu iðnfræðslustjóra, sem hafa skyldi með höndum yfirstjórn iðnfræðslunnar, sem þannig skyldi ekki heyra undir fræðslumálastjóra, en hins vegar lúta yfirstjórn menntmrn. Ýmsum, sem um málið höfðu fjallað, þótti, að hér væri að ástæðulausu eða ástæðulitlu, enn sem komið er a. m. k., stofnað til skrifstofuhalds, sem komast mætti hjá, og að unnt væri að hafa þann hátt á, sem hingað til hefur verið og er um yfirstjórn iðnfræðslunnar, að hún heyri sumpart undir iðnfræðsluráð, sumpart undir fræðslumálastjóra og þá í heild undir yfirstjórn menntmrn. Ein af þeim breyt., sem gerðar voru á upphaflega frv., var fólgin í því, að öll yfirstjórn iðnfræðslunnar skyldi framvegis vera í höndum menntmrh., en ekki sumpart í höndum hans og iðnmrh., eins og er samkv. gildandi lögum. En allir aðilar höfðu verið sammála um það, að æskilegast væri, að öll yfirstjórn þessara mála væri á einni hendi. Sem sagt, menntmn. Nd. varð á einu máli um það að fella úr frv. öll ákvæðin um stofnun starfs og skrifstofu iðnfræðslustjóra og gera ráð fyrir því, að heildarstjórn þessara mála yrði í höndum iðnfræðsluráðs, fræðslumálastjóra og menntmrn.

Ég get hins vegar gjarnan getið þess hér, að nái þetta frv. fram að ganga, sem ég fastlega vona, mundi ég telja það skyldu mína að sjá til þess, að nægilegir starfskraftar yrðu fyrir hendi í menntmrn. til þess að geta helgað málefni iðnfræðslunnar sérstaklega krafta sína. Ein af höfuðástæðum þess, að iðnfræðslunefnd á sínum tíma gerði till. um stofnun starfs iðnfræðslustjóra, var, að það þótti hæpið, að á fræðslumálaskrifstofunni yrðu fyrir hendi starfskraftar, sem hefðu nægilega sérþekkingu á málefnum iðnaðarins. En þeir eru fyrir hendi í iðnfræðsluráði og á skrifstofu þess, og ég endurtek, að ég mundi telja skylt og sjálfsagt að sjá til þess, að í sjálfu menntmrn. starfaði maður eða menn, sem hægt væri að treysta, að hefðu sérstaka þekkingu á málefnum iðnfræðslunnar og iðnskólanna.

Þriðja breytingin, sem máli skiptir og menntmn. í Nd. gerði á frv., var sú, að hún fjölgaði meðlimum iðnfræðsluráðs úr 7, eins og þeir höfðu verið í upphaflega stjfrv., upp í 9. Tveim aðilum var bætt við, þ. e. fulltrúa frá sambandi iðnnema annars vegar og frá iðnverkafólki hins vegar. Það þótti eðlilegt, að iðnnemar fengju fulltrúa í iðnfræðsluráði og enn fremur iðnverkafólk með sérstöku tilliti til þess, að eitt af nýmælum þessa frv. er það, að ætlazt er til þess, að iðnfræðslukerfið láti ekki aðeins faglærðum iðnaðarmönnum í té fræðslu og menntun, heldur einnig iðnverkafólki, þannig að samkv. þessu frv. yrði gert ráð fyrir því, að menntunarmál iðnverkafólks, menntunarmál verksmiðjuiðnaðarins séu einnig tekin mun fastari tökum en átt hefur sér stað hingað til og ekki aðeins menntunarmál eða fræðslumál handiðnaðarins.

Með þessum orðum vona ég, að mér hafi tekizt að gera grein fyrir aðalatriðum þess frv., sem hér liggur fyrir. Það var mér og ríkisstj. mikið ánægjuefni, að alger samstaða skyldi nást um þetta mál í hv. Nd. og í iðnn. hennar, og hið sama vona ég að verði upp á teningnum hér í hv. Ed. Það er bjargföst skoðun mín, að með samþykkt þessa frv. til l. um iðnfræðslu yrði stigið eitt stærsta sporið, sem stigið hefur verið um langan aldur, ekki aðeins í menntunar- og fræðslumálum íslenzkra iðnaðarmanna, heldur í íslenzkum mennta- og fræðslumálum yfirleitt.

Það er ekki þörf á að orðlengja um, í hve vaxandi mæli aukin framleiðni og aukin þjóðarframleiðsla er komin undir batnandi verkmenningu og aukinni menntun iðnaðarmanna og tæknimanna yfirleitt. En með þessu frv. tel ég einmitt vera stigin mjög stór spor í þá átt að stórbæta menntun og þar með verkkunnáttu íslenzkra iðnstétta og íslenzks iðnverkafólks. Þegar höfð er hliðsjón af því, að Alþ. hefur nýlega, einnig með shlj. atkv., komið á fót Tækniskóla Íslands, sem þegar hefur hafið starf með mikilli prýði og á eftir að láta mikið gott af sér leiða, og nú hefur verið lokið með margra ára undirbúningi gagngerðri endurskoðun iðnfræðslunnar, vona ég, að í kjölfar starfsemi hins nýja tækniskóla og starfs hinna nýju verknámsskóla, sem rísa munu af grunni, þegar þetta frv. hefur náð samþykki, — í kjölfar þessa tvenns muni sigla miklar framfarir í verkkunnáttu og tæknimenntun Íslendinga, sem hafa muni í för með sér stór-

aukna framleiðni, stóraukna þjóðarframleiðslu og þar með stórbætt lífskjör Íslendinga á næstu árum og áratugum.

Að svo mæltu leyfi ég mér, herra forseti, að leggja til, að frv. verði vísað til 2. umr. og til hv. menntmn.

Helgi Bergs: Herra forseti. Ég vil ekki láta 1. umr. þessa máls fara hjá án þess að segja um það örfá orð, þótt ekki væri til annars en að láta í ljós ánægju mína yfir því, að þetta mál, sem liggur nú öðru sinni fyrir hv. Alþ. og hefur verið í undirbúningi í allmörg ár, er nú komið á það stig, sem raun ber vitni. Iðnfræðslan hér á landi hefur, frá því að hún fyrst tók að mótast, sem varla verður talið, að hafi verið fyrr en á þessari öld, mótazt mjög eftir dönskum fyrirmyndum, og þó að ég skuli sízt draga úr því, að við getum tekið þá merku og dugmiklu þjóð okkur til fyrirmyndar í ýmsum efnum, er ég ekki viss um, að hún hafi verið mjög góð fyrirmynd einmitt á þessu sviði. Iðnnámið hafði þar eins og víða um Evrópu mótazt á mörgum öldum. Mótun þess á rætur sínar aftur í miðöldum, en þar með byggðust upp erfðavenjur kynslóð fram af kynslóð, sem urðu til þess að skapa grundvöll undir iðnþróun nútímans í þessum löndum. Hér á landi höfðum við, þegar iðnaðarmenn, handverksmenn, fóru fyrst að hasla sér völl, ekki neinar slíkar erfðavenjur, og okkar form á þessum málum var þess vegna eftirlíking af því, sem við þekktum annars staðar frá og tókum upp hjá okkur einmitt um það leyti, sem tækniþróunin var að gera þau form úrelt hjá nágrönnum okkar.

Vélvæðing nútímans og framleiðsluhættir 20. aldarinnar gera að sjálfsögðu allt aðrar kröfur til tæknilegrar þekkingar hjá miklum þorra þjóðarinnar en áður hefur verið. Og á því er enginn vafi, sem hæstv. menntmrh. tók hér fram, að með þessu frv. er stigið stórt skref fram á við, stórt skref í rétta átt í þessum málum. Að mínum dómi hefði þetta frv. mátt vera róttækara. Það hefði mátt ganga lengra í þá átt að efla þá tæknilegu fræðslu fyrir ungu kynslóðina, sem óháð er hinu hefðbundna iðnnámi. Og sjálfsagt eru ýmis atriði þar sem skoðanir geta í einstökum atriðum verið skiptar um, hversu langt eigi að ganga. En ég geri ráð fyrir því, að menn muni nú vera hikandi við að bera fram brtt. við þetta frv., úr því að það er komið á þetta stig eftir erfiða fæðingu og er tvímælalaust til mikilla bóta.

Efni frv. er svo vel þekkt, að ég ætla ekki að fara að ræða um það í einstökum atriðum, en mig langar að segja örfá orð í tilefni af þeim breytingum, sem gerðar hafa verið á málinu í hv. Nd., breytingum, sem ég í aðalatriðum tel til bóta.

Í niðurlagi nál. hv. menntmn. Nd. segir: „Smávægileg breyting er lögð til á 20. gr. Það er skilningur n., að iðnskólar skuli vera opnir nemendum, sem þá vilja sækja, enda þótt þeir stundi ekki iðnnám eftir samningi við meistara.“ Þessi smávægilega breyting, sem nál. nefnir svo, er að mínum dómi ákaflega veigamikil. En hún er lítil fyrirferðar, því að þar er aðeins um að ræða að breyta orðinu „og“ í orðið „eða“. Í 20. gr. segir: „Skylt er að taka í iðnskóla til iðnnáms alla þá í umdæmi skólans, sem gert hafa löglega námssamninga“ — og frv. eins og það var, segir: „og fullnægja að öðru leyti settum skilyrðum.“ Þessi setning, eins og hún var, gefur greinilega í skyn, að löglegir námssamningar séu skilyrði fyrir upptöku í iðnskóla, og breyting sú, sem gerð var á þessari gr. í Nd., að taka af tvímæli um það, að það sé ekki meiningin, þetta atriði er að mínum dómi svo veigamikið, að ég álít, að það væri æskilegt, að hv. n., sem fær þetta frv. til meðferðar, gangi úr skugga um það, að þessi breyting, sem gerð var í hv. Nd., sé fullnægjandi til þess að taka af öll tvímæli um þetta efni.

Í 22. gr. er rætt um almenn inntökuskilyrði í verknámsskóla og iðnskóla, og þar er ekki gert ráð fyrir námssamningi sem skilyrði fyrir því, og styður það ásamt þeirri breyt., sem gerð var á frv. í Nd., að því, að um þetta eigi ekki að vera nein tvímæli í frv.

Í Nd. var einnig gerð sú breyt. að heimilað var að reka áfram þá skóla, sem nú eru reknir, umfram þá 8, sem frv. gerir ráð fyrir, og fullnægja nánar tilteknum skilyrðum. Ég álít, að þessi breyting hafi verið nauðsynleg og rétt. Það er að vísu hafið yfir allan vafa, að það væri æskilegt að geta haft skólana fáa, til þess að þeir gætu orðið stórir og öflugir og haft yfir að ráða dýrum og fullkomnum tækjum. En það verður líka að gá að þeim praktísku skilyrðum, sem við er að fást. Það á ekki sízt við þann skóla, sem á undanförnum árum hefur verið rekinn í Vestmannaeyjum og hefur haft fleiri nemendur en gert er ráð fyrir, að hinir nýju skólar geti haft í sumum kjördæmum landsins, og þar sem aðstaða er slík, að mjög torvelt er að sækja skóla annars staðar.

Sú breyting n. í Nd. að leggja ráðh. þá skyldu á herðar að láta skólana einbeita kröftum sínum að sérstökum greinum, til þess að skapa á milli þeirra verkaskiptingu, er einnig að mínum dómi mjög þýðingarmikil. Með þeim hætti er fært að láta fara fram milli skólanna eins konar nemendaskipti, þar sem nemendur, sem stunda nám sitt við einn skóla að mestu leyti, gætu flutt sig til annars um tíma til þess að taka þátt í sérstökum greinum, sem þar væru lengra á veg komnar.

Þriðja atriðið, sem breyting var gerð á í Nd. og ég álít, að sé mjög þýðingarmikið atriði, lýtur að yfirstjórn þessarar fræðslustarfsemi. Frv., eins og það lá fyrir, sló því föstu, að iðnfræðslan skyldi að öllu leyti heyra undir menntmrn., en ekki undir fleiri rn., eins og áður hafði verið. Þetta ákvæði var að sjálfsögðu mjög til bóta, og það er skoðun mín, að það sé til mikils tjóns fyrir skólakerfið í landinu, að það skuli ekki vera fellt undir eina yfirstjórn að öllu leyti, heldur falla undir ýmis önnur rn. — einstakir þættir þess. Auðvitað ættu öll fræðslumál í landinu að heyra undir eina stjórnardeild.

Við höfum raunar hliðstæð vandamál á öðrum sviðum. Mér dettur í hug í þessu sambandi að minnast á eitt vandamál, sem nýlega hefur orðið til, af þessu tagi. Í fyrra voru samþ. hér á hv.

Alþ. lög um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, sem gera ráð fyrir fimm stofnunum, sem heyra undir nærri því hver sitt rn., í stað þess að þær ættu allar að heyra undir eina stjórnardeild, eins og skynsamlegt er talið annars staðar og jafnan leitazt við að gera í öðrum löndum.

Þetta var nú innskot, en ég vildi segja þetta til þess að undirstrika þá skoðun mína, að mjög mikil nauðsyn er á því að samræma allt fræðslustarf í landinu undir eina yfirstjórn.

En frv., eins og það lá fyrir Nd., gerði einnig ráð fyrir því, að komið yrði á fót sérstakri iðnfræðsluskrifstofu og sérstökum iðnfræðslustjóra. Á þessu gerði Nd. breytingu og felldi þessa stofnun niður úr frv., og ég álít, að það sé til bóta, ekki aðeins af þeim ástæðum, sem fram komu í ræðu hæstv. menntmrh. hér áðan, nefnilega þeirri, að ótímabært og ónauðsynlegt væri að setja á stofn sérstaka stofnun í þessu skyni, heldur einnig vegna þess, að með þessu móti mundi yfirstjórn fræðslustarfseminnar klofna í sundur á þann hátt, sem ég er ekki viss um, að væri til neinna bóta. En á hinn bóginn: við þessa breytingu verður iðnfræðsluráðið sú stofnun eða sá aðili, sem fyrst og fremst á að móta iðnfræðsluna í landinu. Með tilliti til þess er ég ekki fyllilega sáttur við það, hvernig hugsað er, að iðnfræðsluráðið sé skipað. Í því er gert ráð fyrir, að verði fulltrúar frá handverksmeisturum og sveinum og nemum og auk þess frá iðnverkafólki og iðnrekendum og einn fulltrúi frá skólunum sjálfum. Að mínum dómi hefði verið mjög æskilegt, að hærri tæknimenntun hefði haft einhver áhrif í þeirri stofnun, sem á að móta þessa tæknilegu fræðslu. En í frv. er ekki gert ráð fyrir því, að iðnfræðsluráð hafi nein sérstök tengsl við tæknifræðingastéttina eða verkfræðingastéttina eða aðra þá, sem líklegir væru til þess að geta haft frjó áhrif á það, hvernig tæknimenntunin og iðnmenntunin þróast í landinu, og haft áhrif í þá átt að koma í veg fyrir, að þessi fræðsla staðnaði í því formi, sem henni er eitt sinn fengið. Að vísu koma þarna til áhrif menntmrn., og þess er þá að vænta, að menntmrn. sjái til þess, að þessara áhrifa gæti í hæfilegum mæli. Menntmrh. er ætlað að skipa án tilnefningar formann iðnfræðsluráðs, og opnast honum þar möguleiki til þess að láta hina hærri tæknimenntun hafa tengsl við þessa starfsemi á þann hátt, sem ég álít, að sé bæði æskilegt og nauðsynlegt.

Herra forseti. Ég skal ekki lengja þetta meira. Ég vildi aðeins koma þessum örfáu aths. á framfæri. Ég er þeirrar skoðunar, að þetta frv. sé til mikilla bóta, eins og ég hef áður sagt, og ég er sammála hæstv. menntmrh. um það, að við undirbúning þessa frv. hefur verið unnið gott og mikið starf. Ég álít, að þó að við kunnum að geta gert einhverjar aths. við einstök atriði málsins, sé málið samt svo þýðingarmikið, að það megi ekki henda okkur, að frv. verði ekki afgreitt sem lög frá þessu þingi.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til menntmn. með 15 shlj. atkv.

Á 69. og 71. fundi í Ed., 23. og 25. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 72. fundi í Ed., 26. apríl, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 279, n. 550).

Frsm. (Auður Auðuns): Herra forseti. Þegar þetta frv. var til 1. umr. hér í hv. þd., gerði hæstv. menntmrh. grein fyrir efni frv. í stórum dráttum og þeim breytingum, sem í því felast frá gildandi löggjöf, og enn fremur þeim breytingum, sem gerðar höfðu verið á frv. í hv. Nd. Þær aðalbreytingar, sem í frv. felast, eru raktar í grg., sem fylgir, og ég sé ekki ástæðu til þess að fjölyrða frekar um það efni.

Eins og fram kemur í nál. á þskj. 550, hefur menntmn. lagt til einróma, að frv. verði samþ. með einni breytingu, en sú breyting er við 12. gr. frv. Þar segir, að ráðh. skuli ákveða skólasetur að fengnum till. iðnfræðsluráðs, en brtt. n. er um það, að þessi málsl. orðist þannig: „Ráðh. ákveður skólasetur að fengnum till. iðnfræðsluráðs og sýslunefnda og bæjarstjórna í hlutaðeigandi skólaumdæmi.“ Það þótti eðlilegt að setja inn í lögin beinlínis ákvæði um þetta efni, þar sem þessir aðilar munu væntanlega þurfa að bera kostnað af framkvæmd l. og því ekki óeðlilegt, að þeir fái að tjá sig um atriði, sem eins miklu máli skiptir og það, hvar skólasetur skuli vera.

Þó að niðurstaðan yrði sú, að n. flytti aðeins eina brtt. við frv., voru þó nokkur atriði rædd í n., sem hún þó að athuguðu máli taldi ekki rétt að flytja till. um.

Það má búast við því, að þessi löggjöf, sem væntanlega verður samþ. nú, áður en þingi lýkur, hafi ýmsa nýbreytni í för með sér, og viðbúið, að hún þurfi einhverra lagfæringa við, þegar reynsla er komin á framkvæmd hennar og þá auðveldara að gera sér grein fyrir, hverra breytinga kunni að vera þörf umfram þær, sem þegar hafa verið gerðar í hv. Nd. Hins vegar held ég, að allir séu sammála um, að það sé mikill ávinningur að þessari nýju löggjöf, og þótti okkur í hv. menntmn. því ekki ástæða til þess að tefja fyrir, að frv. hlyti fullnaðarafgreiðslu þegar á þessu þingi, nema það væru þá einhver atriði, sem við teldum að væri bráðnauðsynlegt að breyta.

Ég ætla að leyfa mér að fara hér nokkrum orðum um eitt atriði, sem við ræddum í n. smávegis og ég hef velt allmikið fyrir mér, sem sé það, hvort og þá á hvern hátt væri hægt að tengja gagnfræðaskóla verknáms náið við iðnfræðslukerfið. Hér er í Reykjavík starfandi gagnfræðaskóli verknáms með járnsmíðadeild og trésmíðadeild. Þessi skóli er til húsa í nýrri byggingu og verkstæði þar búin góðum og fullkomnum tækjum. Nemendur fá þar hina beztu kennslu. Kennarar í verklegum greinum eru allir meistarar og hafa auk þess kennararéttindi, sem er þó heldur sjaldgæft, að unnt sé að fá kennara að slíkum skóla, sem hafi hvor tveggja þessi réttindi. Í þessum skóla stunda nám nú í vetur á þriðja hundrað nemendur, um 210 nemendur, sem skiptast nokkurn veginn jafnt á milli deildanna tveggja, járnsmíðadeildar og

trésmíðadeildar, og mér er kunnugt um það, að vinnuveitendur sem hafa fengið í þjónustu sína nemendur, sem útskrifazt hafa úr Gagnfræðaskóla verknáms, hafa talið þá bera af sínum jafnöldrum í störfum á þeim sviðum, sem þeir hafa stundað nám í skólanum. Þegar það er athugað, hve stór hópur unglinga stundar nám þarna í skólanum, eru það ekki svo fáir, sem það snertir, bæði unglingarnir sjálfir og þeirra aðstandendur, hvort eða hvaða réttindi námið getur veitt síðar meir. Ég hef við nánari athugun á þessu sannfærzt um það, að það getur varla verið um það að ræða að setja Gagnfræðaskóla verknámsins alveg jafnfætis verknámsskóla iðnaðarins, forskóla iðnaðarins. Annars staðar á landinu, utan Reykjavíkur, eru verknámsdeildir gagnfræðastigs víða til, en í Reykjavík ætla ég, að sé eini gagnfræðaskóli verknáms, og sú fræðsla sem nemendur fá annars staðar, er mér sagt, að sé ekkert sambærileg við þá kennslu, sem nemendur hljóta í þessum skóla hér, Gagnfræðaskóla verknáms í Reykjavík. Og á hitt er að líta, að ef Gagnfræðaskóli verknáms ætti að veita alveg sömu réttindi og verknámsskólar iðnaðarins, yrði væntanlega að skipuleggja námið algerlega í samræmi við það, sem verður í verknámsskóla iðnaðarins, og má þá reyndar segja, að þá væri eðlilegast að fella Gagnfræðaskóla verknámsins hreinlega inn í iðnfræðslukerfið og undir sömu yfirstjórn. Ég get því tekið undir þessa skoðun, sem kemur fram á bls. 45—46 í grg. með frv., í skýrslu um störf iðnfræðslunefndar, sem vann að undirbúningi þessa frv. Það var eitt af verkefnum þeirrar n. að rannsaka, hvort unnt væri að samræma eða sameina verknámsskóla gagnfræðastigsins og forskóla fyrir væntanlega iðnnema eða verknámsskóla iðnaðarins. Iðnfræðslunefnd komst að þeirri niðurstöðu, að það væri ekki unnt að gera það, nema, eins og ég áður sagði, hreinlega að samræma það þá algerlega verknámsskóla iðnaðarins og þá lægi beinast við að taka þá beint inn í iðnfræðslukerfið. En hins vegar telur iðnfræðslunefnd, að það komi til álita, hvort ekki sé unnt, að uppfylltum vissum skilyrðum, að láta þá nemendur verknámsdeilda gagnfræðastigsins, sem hafa hug á iðnnámi, njóta veru sinnar í því verknámi með þeim hætti, að þeir fengju styttingu á námstíma sínum á vinnustað, enda fari nám slíkra nemenda í verknámsdeildum gagnfræðastigsins fram eftir námsreglum, sem yfirvöld iðnfræðslunnar staðfesta, eins og segir orðrétt í skýrslu iðnfræðslunefndar.

Það hefur tíðkazt nú um skeið, að nemendur, sem hafa útskrifazt úr gagnfræðaskóla verknáms, sem er tveggja ára skóli og lýkur með gagnfræðaprófi, nytu þess að nokkru, ef þeir fara svo í iðnnám og í iðnskóla. Það hefur verið þannig, að þeir hafa þurft að fullnægja skilyrðum um vissar einkunnir í tilteknum greinum, sem er samræmt því, þegar tekið er próf upp úr 1. bekk iðnskólans, og eru m. a. sömu prófdómendur í báðum skólunum, svo að kunnátta nemenda á þá að vera nokkurn veginn jöfn í þeim efnum í þeim greinum, í hvorum skólanum sem þeir taka próf. Enn fremur er skilyrði það, að þeir hafi stundað verklegt nám í tilskilinn tíma, og hefur iðnfræðsluráð sett reglur um skilyrði í þeim efnum. Eins og ég áður sagði, hafa nemendur að uppfylltum þessum skilyrðum fengið að setjast í annan bekk eða sleppa við 1. bekk í iðnskólanum hér, og í skýrslu iðnfræðslunefndar segir í lok þess kafla, sem ræðir um verknámsskóla gagnfræðastigsins, segir svo orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Nefndin hefur því, eins og oft áður er komið fram, gert ráð fyrir því, að nám í 4. bekk verknámsdeildar komi eftir hæfilegu mati til frádráttar á bóknámi forskóla eða iðnskóla og verknámi vinnustaðar, en ekki í stað verknáms forskóla."

Með tilliti til þess, sem þarna kemur fram, hef ég a. m. k. gengið út frá því, að þetta mundi verða framkvæmt þannig og þeir nemendur, sem útskrifast úr Gagnfræðaskóla verknáms hér í Reykjavík, muni áfram fá að njóta þess, að þeir hafa lokið námi í þeim skóla, sem að sjálfsögðu mundi koma fram í styttingu þeirra námstíma í iðnnáminu. Ég vildi aðeins láta þetta koma fram hér, og að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til þess að fjölyrða frekar um málið, a. m. k. ekki á þessu stigi.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2.—11. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 550 samþ. með 13 shlj. atkv.
12. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
13.—49. gr samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 73. fundi í Ed., 28. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 601).
Enginn tók til máls

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 80. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að frv. væri endursent frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 83. fundi í Nd., 30. apríl, var frv. tekið til einnar umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 29 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 668).

---

43. Veiting ríkisborgararéttar.

Á 1. fundi í Sþ., 11. okt., var útbýtt frá Nd.: **Frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar** [9. mál] (stjfrv., A. 9).

Á 3. fundi í Nd., 14. okt., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.

Á 4. fundi í Nd., 19. okt., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Þetta frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar er flutt hér í samræmi við langar og viðteknar reglur um þau mál. Af hálfu dómsmrn. hefur verið unnið að undirbúningi málsins þannig, að inn á frv. hafa verið teknir þeir umsækjendur um ríkisborgararétt, sem fullnægja þeim skilyrðum, sem sett hafa verið af allshn. þingsins, bæði fyrr og síðar og á s. l. þingi, sem um þessi mál fjalla.

Ég leyfi mér að leggja til, herra forseti, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til allshn. með 27 shlj. atkv.

Á 72 fundi í Nd., 19. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 9, n. 507, 494).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 25 shlj. atkv.

Frsm. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Í frv. um veitingu ríkisborgararéttar, sem lagt var fram á Alþ. í haust, eru fjögur nöfn. Nefndin hefur haft til meðferðar þetta frv. á allmörgum fundum og gerir till. um, að til viðbótar þeim 4 nöfnum, sem eru í 1. gr. frv., komi 32 nöfn, sem prentuð eru á þskj. 494.

Enn fremur vil ég leyfa mér f. h. nefndarinnar að flytja hér skriflega brtt. um, að við 1. gr. frv. bætist í stafrófsröð: Bieldvedt, Ole Anton, tannlæknir í Kópavogi, fæddur í Noregi 8. marz 1906. Skv. þessu er því lagt til, að 37 menn fái ríkisborgararétt.

Í sambandi við meðferð málsins í allshn. hefur verið hafður sami háttur á og á undanförnum árum, að undirnefnd hefur starfað ásamt undirnefnd frá allshn. Ed. til þess að samræma störf beggja nefnda, og er fullt samkomulag á milli undirn. í báðum þd. og sömuleiðis allshn. Nd. í heild um þetta frv. ásamt þeim brtt., sem frá hefur verið skýrt.

Í sambandi við þær umsóknir, sem borizt hafa, hefur verið farið eftir þeim reglum, sem settar voru í nál. frá allshn. 17. maí 1955 og síðan hafa verið gerðar nokkru fyllri, og hafði n. þær nú einnig til hliðsjónar við athuganir sínar. Eru þessar reglur prentaðar á þskj. 507.

Skv. þessu, sem hér liggur fyrir um þá 37 menn, sem lagt er til að fái ríkisborgararétt, þá eru 16 þeirra fæddir í Þýzkalandi, 5 í Færeyjum, 3 í Danmörku, 1 í Tékkóslóvakíu, 1 í Júgóslavíu, 3 í Bretlandi, 2 í Noregi, 1 í Svíþjóð, 1 í Ungverjalandi, 1 í Japan og 3 fæddir á Íslandi, en hafa misst ríkisborgararéttindi sín hér og sækja um þau að nýju.

Það hefur verið fylgt þeim reglum, sem prentaðar eru með nál. varðandi ríkisborgararéttinn, að öllu leyti nema að því er varðar umsóknir 6 umsækjenda. Það er fyrst nr. 11, en þar er um að ræða barn, sem hefur verið ættleitt af íslenzkum foreldrum og n. taldi ekki ástæðu til að synja um að fengi ríkisborgararétt, og þar með er gengið fram hjá búsetuskilyrði í reglunum. Þá er nr. 14 í brtt. júgóslavneskur flóttamaður, en um það fólk hefur gilt sama og um flóttafólk, sem kom frá Ungverjalandi á sínum tíma. En áður en það fólk fluttist hingað, var því heitið því, að það yrði aðstoðað við að öðlast íslenzkan ríkisborgararétt svo fljótt sem lög leyfðu, en það var gert á árinu 1958. Þá hafði íslenzka ríkisstj. samþ. það samkv. áskorun allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna að veita fólki þessu framtíðarhæli hér á landi, og gildir það um umsækjanda nr. 14 og umsækjanda nr. 27. Þá eru þrír aðrir. Það er umsækjandi nr. 16, 24 og 25. Þessir aðilar uppfylla öll þau skilyrði, sem sett eru, að öðru leyti en því, að það vantar nokkuð upp á búsetuákvæði, sem eru 10 ár hvað snertir þessa umsækjendur alla. En af sérstökum ástæðum og fyrir það, að mjög hefur verið skorað á allshn. og Alþ. að veita þessu fólki ríkisborgararétt, m. a. frá heilu bæjarfélagi hvað tvo snertir, hefur n. tekið þessi nöfn upp í sínar tillögur, og að þessu einu leyti, hvað snertir þessar 6 umsóknir, er ekki að fullu og öllu farið eftir þeim reglum, sem settar voru 1955, og viðbótum við þær, sem síðar voru settar.

Ég tel, að það þurfi ekki að fara um þetta fleiri orðum. Það er samhljóða álit allshn. að veita þessu fólki ríkisborgararétt, bæði því, sem n. leggur fram till. um á þskj. 494, og einnig þessum eina umsækjanda, sem n. flytur hér skriflega brtt. um.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 527) leyfð og samþ. með 25 shlj. atkv.

Brtt. 527 samþ. með 26 shlj. atkv.

— 494 samþ. með 26 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv.

2.—3. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Á 75. fundi í Nd., 22. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 530, 533).

Frsm. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Eftir að 2. umr. um frv. um veitingu ríkisborgararéttar fór fram, kom ein umsókn, sem n. tók fyrir og er sammála um, að við bætist í 1. gr. í stafrófsröð, en það er Mygind, Grethe Marie Grönbæk, húsmóðir í Reykjavík, en hún uppfyllir öll þau skilyrði, sem í gildi eru um veitingu ríkisborgararéttar.

ATKVGR.

Brtt. 533 samþ. með 31 shlj. atkv.

Frv., svo breytt samþ. með 32 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 69. fundi í Ed., 23. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 549).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 71. fundi í Ed., 25. apríl, var frv. aftur tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til allshn. með 14 shlj. atkv.

Á 73. fundi í Ed., 28. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 549, n. 622).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Frsm. (Friðjón Skarphéðinsson): Herra forseti. Frv. þetta fjallar um veitingu ríkisborgararéttar til handa 38 erlendum ríkisborgurum, sem sótt hafa um íslenzkan ríkisborgararétt.
Frv. kemur frá Nd., og hefur meðferð þess verið hagað með sama hætti og tíðkazt hefur undanfarin ár. Það er þannig, að 4 menn úr báðum allshn. þd. hafa rannsakað umsóknir þær, sem fyrir lágu um íslenzkan ríkisborgararétt, ásamt öllum fylgiskjölum. Hafa allshn. beggja þd. byggt till. sínar á þessari rannsókn.
Reglur þær, sem miðað er við í frv., eru hinar sömu og beitt hefur verið undanfarin ár, og eru þær prentaðar á þskj. 507 í nál. allshn. Nd.
Undantekning hefur þó verið gerð nú eins og áður um flóttamenn, ungverska og júgóslavneska, enn fremur um ungbarn, sem íslenzk hjón hafa ættleitt, og auk þess skólastjórahjón á Siglufirði, sem talsmenn bæjarstjórnar Siglufjarðar hafa lagt ríka áherzlu á að fengju nú ríkisborgararétt, en nokkuð vantaði upp á, að hjón þessi hefðu búið hér á landi 10 ár.
Allshn. þessarar hv. d. leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. og fram kemur á þskj. 549. Einn nm., Ólafur Björnsson, var fjarverandi, þegar n. afgreiddi málið.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 74. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 75. fundi í Ed., 29. apríl, var frv. aftur tekið til 3. umr.

Pétur Pétursson: Herra forseti. Allshn. þessarar hv. d. barst nýlega erindi frá dóms- og kirkjumrn. þess efnis, að rn. mælir með því, að einum aðila sé bætt við í frv., eins og það kom frá hv. Nd. Þess vegna flytur n. skriflega brtt. um, að við 1. gr. bætist í stafrófsröð Theisen, Albert Niels, verkamaður á Akureyri, fæddur í Danmörku 17. júní 1911. N. varð sammála um að leggja þessa skrifl. brtt. fram.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 653) leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 653 samþ. með 19 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 83. fundi í Nd., 30. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 663).
Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 31 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 33 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 670).

---

44. Alþjóðasamningur um lausn fjárfestingardeilna.

Á 60. fundi í Ed., 4. apríl, var útbýtt:
Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til að gerast aðili að alþjóðasamningi um lausn fjárfestingardeilna milli ríkja og þegna annarra ríkja [178. mál] (stjfrv., A. 435).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 61. fundi í Ed., 5. apríl, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Í frv. þessu er lagt til, að ríkisstj. verði heimilað að gerast fyrir Íslands hönd aðili að alþjóðasamningi um lausn fjárfestingardeilna milli ríkja og þegna annarra ríkja. Er samningurinn prentaður sem fylgiskjal með frv.
Á 17. ársfundi Alþjóðabankans í Washington haustið 1962 var um það rætt, hvort það mætti teljast æskilegt og hagkvæmt að stofna á vegum bankans til starfsemi, sem með sætt eða gerð greiddi fyrir lausn á deilum, er upp kunni að koma milli ríkja og þegna annarra ríkja í í sambandi við fjárfestingu. Var bankastjórum Alþjóðabankans falið að athuga málið. Fyrir ársfundi Alþjóðabankans í Tokió haustið 1964 lá skýrsla frá bankastjórninni um málið. Var þar samþ., að bankinn skyldi beita sér fyrir samningsgerð um þetta efni. Var þegar hafizt handa um að semja slíkan samning. Af hálfu Íslands var fylgzt með undirbúningi málsins. Halldór Jónatansson deildarstjóri í viðskmrn. tók þátt í lokastörfum lögfræðinganefndar, sem samdi samninginn. Fulltrúi Norðurlanda í stjórn Alþjóðabankans, Vilhjálmur Þór, hefur einnig fjallað um málið. 18. marz 1965 undirritaði Alþjóðabankinn samninginn og tókst með því á hendur þau störf og þær skyldur, sem honum eru falin með samningnum. Öll aðildarríki Alþjóðabankans hafa fengið samninginn

til meðferðar og athugunar. 35 ríki hafa þegar undirritað hann. Meðal þeirra eru Danmörk, Svíþjóð, Ítalía, Þýzkaland, Bretland og Bandaríkin. Hann þarf hins vegar einnig að staðfesta á löggjafarþingum. Tekur hann gildi, þegar 20 ríki hafa staðfest hann.

Ég skal nú rekja helztu ákvæði samningsins.

Tilgangur samningsgerðarinnar er sá að greiða fyrir lausn fjárfestingardeilna á þann hátt, sem samningsaðilar geta almennt fellt sig við. Gerir samningurinn ráð fyrir, að hægt sé að leita til sáttanefndar eða gerðardóms með deilur sem þessar, og gilda þá um það sérstakar reglur. Aðild ríkis að samningnum skyldar það ekki til þess að skjóta deilumálum til lausnar samkvæmt ákvæðum samningsins, heldur tryggir aðildin rétt til þess að njóta góðs af því skipulagi, sem samningurinn gerir ráð fyrir, ef deiluaðilar semja svo um.

Komið skal á fót alþjóðlegri stofnun til þess að stuðla að lausn deilna út af fjárfestingu, og heitir stofnunin International Centre for Settlement of Investment Disputes. Aðsetur hennar skal vera í höfuðstöðvum Alþjóðabankans, en því má breyta eftir vissum reglum. Stjórn stofnunarinnar skal skipuð einum fulltrúa frá hverju aðildarríkja að samningnum. Ef annað er ekki ákveðið, skal aðalfulltrúi eða varafulltrúi ríkis í bankaráði Alþjóðabankans vera fulltrúi þess í stjórn stofnunarinnar. Aðalbankastjóri Alþjóðabankans skal vera stjórnarformaður hennnar. Stjórnin setur reglur um flutning mála, sem vísað er til sáttanefndar eða gerðardóms, ræður forstjóra stofnunarinnar og hefur umsjón með rekstri hennar. Aðalforstjóri stofnunarinnar er kosinn af stjórn hennar. Halda skal skrá yfir sáttanefndarmenn og aðra skrá yfir gerðardómsmenn. Sérhverju aðildarríki að samningnum er heimilt að tilnefna 4 einstaklinga á hvora skrá. Mega þeir vera þegnar þess ríkis, en þurfa þess þó ekki. Stjórnarformaður má tilnefna 10 einstaklinga á hvora skrá, og mega engir tveir þeirra, sem þannig eru tilnefndir, vera þegnar sama ríkis. Starfstími sáttanefndar og gerðardómsmanna skal vera 6 ár. Heimilt er að endurnýja tilnefningu þeirra, og getur sami maður verið á báðum skránum. Ef tekjur stofnunarinnar hrökkva ekki fyrir greiðslu kostnaðar við starfsemi hennar, skal það, sem á vantar, greitt af þeim ríkjum, sem aðild eiga að Alþjóðabankanum, í hlutfalli við framlag þeirra til bankans, og ríkjum þeim, sem aðild eiga að samningnum, en eru ekki aðilar að bankanum, samkv. reglum, sem stjórn stofnunarinnar setur. Stofnunin skal vera fullgildur lögaðili að alþjóðarétti. Stofnunin og eignir hennar skulu undanþegnar hvers konar lögsókn, nema stofnunin afsali sér friðhelgi. Stjórnarmeðlimir og þeir, sem gegna störfum sáttasemjara eða gerðardómsmanna, svo og fulltrúar og starfsmenn skrifstofu stofnunarinnar skulu vera undanþegnir lögsókn, meðan þeir rækja skyldustörf sín, nema stofnunin afsali sér þessum sérréttindum. Þá skulu þessir einstaklingar njóta vissra diplómatískra réttinda að öðru leyti. Sama máli gegnir með skjalasafn stofnunarinnar, póstsendingar o. fl. Stofnunin er undanþegin öllum sköttum og tollum.

Lögsaga stofnunarinnar tekur til sérhverrar lagalegrar deilu, sem upp kemur í beinu sambandi við fjárfestingu milli aðildarríkis eða einhvers stjórnlagalegs hluta eða stofnunar aðildarríkis, sem það kann að tilnefna af sinni hálfu gagnvart stofnuninni, og þegns annars ríkis, enda samþykki deiluaðilar skriflega að vísa deilunni til stofnunarinnar til sáttar eða gerðar. Þegn er hér notað í merkingunni einstaklingur jafnt sem persóna að lögum eftir nánari skilgreiningu. Sáttanefnd skal skipuð einum sáttanefndarmanni eða einhverri ójafnri tölu sáttanefndarmanna. Komi málsaðilar sér ekki saman um fjölda sáttanefndarmanna og með hverjum hætti þeir skuli skipaðir, skal nefndin skipuð 3 mönnum. Skal þá hvor málsaðili skipa einn, en sá þriðji, sem skal vera formaður nefndarinnar, skal skipaður með samkomulagi málsaðila. Ef ekki tekst að skipa í nefndina innan ákveðins frests, skipar stjórnarnefndarformaður þá sáttanefndarmenn, sem eru óskipaðir. Um skipun gerðardómsins gildir hliðstætt fyrirkomulag og um skipun sáttanefndar. Dómurinn skal kveða upp úrskurð í deilum samkv. lagaákvæðum, sem málsaðilar kunna að koma sér saman um. Ef slíkt samkomulag málsaðila er ekki fyrir hendi, skal dómurinn byggja úrskurð sinn á lagaákvæðum þeim, sem í gildi eru í aðildarríki því, sem er aðili deilunnar, og þeim reglum alþjóðalaga, sem við eiga. Málsaðilar eru skuldbundnir til að hlíta úrskurði gerðardóms, og er ekki unnt að áfrýja honum. Úrskurður gerðardóms er aðfararhæfur í samningsríkjunum. Aðalforstjóri stofnunarinnar skal ákveða í samræmi við reglur, sem stjórnin setur, hvaða gjöld málsaðilar skuli greiða fyrir þjónustu þá, sem stofnunin lætur í té. Sérhver sáttanefnd og sérhver gerðardómur ákveður greiðslu þóknunar og kostnaðar til meðlima sinna innan takmarka, sem stjórnin setur. Málflutningur fyrir sáttanefnd eða gerðardómi skal fara fram þar, sem stofnunin hefur aðsetur, nema aðilar komi sér saman um annað innan vissra marka.

Samningurinn liggur frammi til undirskriftar af hálfu þeirra ríkja, sem aðild eiga að Alþjóðabankanum. Einnig liggur hann frammi til undirskriftar af hálfu sérhvers þess ríkis, sem er aðili að samþykktum milliríkjadóms Sameinuðu þjóðanna og stjórn stofnunarinnar samþykkir með ⅔ atkv. að bjóða að undirrita samninginn. Samningurinn er háður fullgildingu, viðurkenningu eða staðfestingu þeirra ríkja, sem undirrita hann, í samræmi við ákvæði stjórnlaga hvers eins ríkis. Samningurinn öðlast gildi eftir 30 daga frá þeim degi að telja, er 20. skjal um fullgildingu hans, viðurkenningu eða samþykkt hefur verið afhent. Sérhvert aðildarríki skal gera þær ráðstafanir til lagasetningar, sem nauðsynlegar kunna að vera, til þess að ákvæði samningsins öðlist gildi innan landssvæða þess.

Þessi eru aðalákvæði samningsins. Það hefur komið æ greinilegar í ljós á síðari árum, að

mjög bagalegt er, að ekki skuli vera til alþjóðastofnun, sem greitt geti úr deilum í sambandi við fjárfestingu erlendra aðila í öðru ríki. En slík fjárfesting hefur smám saman orðið æ algengari og æ umfangsmeiri. Alþjóðadómstóllinn í Haag fjallar, svo sem kunnugt er, einvörðungu um deilur milli ríkja, en enginn alþjóðaaðili hefur verið til, sem fjallað geti um deilur milli ríkja og einstaklinga í öðru ríki. Öll ríki, sem leyfa erlenda fjárfestingu í atvinnulífi sínu, og ríki, þar sem einstaklingar eða fyrirtæki festa fé erlendis, hljóta að hafa áhuga á því, að alþjóðlegar reglur séu settar um, hvernig fara skuli með deilur, sem upp kunna að koma í sambandi við slíka fjárfestingu. Alþ. er nú einmitt að fjalla um frv. til staðfestingar á samningi milli Íslands og svissnesks álfyrirtækis um stofnun álbræðslu á Íslandi og samning um mikil raforkukaup í því sambandi. Í þeim samningum er gert ráð fyrir því, að Ísland gerist aðili að þeim alþjóðasamningi, sem þetta frv. fjallar um. Ef Sviss gerist einnig aðili að þessum samningi, þótt Sviss sé ekki aðildarríki að Alþjóðabankanum, munu ákvæði þessa samnings taka til deilna, sem upp kynnu að koma í sambandi við samninga milli Íslands og hins svissneska álfyrirtækis. Ef Sviss gerist ekki aðili að þessum alþjóðasamningi, er engu að síður gert ráð fyrir hliðstæðri málsmeðferð í deilum, sem upp kunna að koma.

Það hljóta að teljast sameiginlegir hagsmunir Íslands og hins svissneska álfyrirtækis, að skýrt sé kveðið á um, hvernig með deilur skuli fara, og í alla staði eðlilegt, að um það sé fjallað af alþjóðlegri stofnun, sem allt bendir til, að helztu ríki heimsviðskiptanna verði aðilar að. Það er auðvitað algjör misskilningur, að það geti talizt skerðing á fullveldi nokkurs ríkis að gerast aðili að slíkum alþjóðlegum samningi eða slíkri alþjóðastofnun sem hér er um að ræða.

Á það hefur verið bent, að hliðstæð ákvæði um alþjóðlega gerð þeim, sem eru í samningnum milli Íslands og svissneska fyrirtækisins, séu ekki í samningi þess um álbræðslu í öðrum löndum, t. d. í Noregi. Þar, í Noregi, hefur fjárfesting svissneska álfyrirtækisins verið í því formi, að það á hlutabréf í norskum fyrirtækjum og ber enga ábyrgð á rekstri þeirra eða skuldbindingum umfram það, sem hlutafjáreignin gefur tilefni til. Ábyrgðin er m. ö. o. takmörkuð við hlutafjáreignina skv. venjulegum reglum hlutafélagaréttar. Samningar Íslands við álfélagið eru hins vegar öðruvísi í grundvallaratriðum. Álfélagið tekst á hendur víðtækar skuldbindingar gagnvart íslenzka ríkinu. Svissneska álfyrirtækið ber ábyrgð á mikilvægum skuldbindingum íslenzka álfélagsins. Skv. reglum þess samnings, sem hér er um að ræða, verða kröfur íslenzka ríkisins á hendur svissneska álfyrirtækinu aðfararhæfar í Sviss.

Það er mikill misskilningur, að ákvæði álsamnings um alþjóðlega gerð sé frekar til hagsbóta eða tryggingar fyrir svissneska samningsaðilann en hinn íslenzka. Ákvæðið er báðum aðilum jafnnauðsynlegt. Það hefur einmitt verið að koma í ljós í vaxandi mæli á undanförnum árum, hversu bagalegt er, að ekki séu skilyrði til alþjóðlegrar gerðar í deilumálum út af milliríkjafjárfestingu. Fram að þessu hefur engin alþjóðastofnun verið til, sem unnt væri að vísa slíkum deilumálum til. Henni er einmitt verið að koma á fót nú. Þess vegna er ekkert eðlilegra en að ákveðið sé að vísa deilum til hennar eða að hafa hliðstætt fyrirkomulag á meðferð þeirra og gert er ráð fyrir hjá þessari alþjóðastofnun. Ríkisstj. allra helztu aðildarríkja Alþjóðabankans virðast vera sammála um nauðsyn slíkrar alþjóðastofnunar. Ef það væri skerðing á fullveldi að gerast aðili að slíkri alþjóðastofnun, er vissulega óliklegt, að öll helztu aðildarríki Alþjóðabankans væru sammála um að koma henni á fót og gerast aðilar að henni. En gerðardómsákvæði álsamningsins eru í fullu samræmi við þær reglur, sem þessi samningur grundvallast á.

Málsvarar stjórnarandstöðunnar hér á hinu háa Alþingi og blöð stjórnarandstöðuflokkanna hafa gert mikið veður út af ákvæðum álsamninganna um gerðardóm til að skera úr deilum í sambandi við samningana og hafa þá væntanlega einnig sitt hvað að segja um þennan samning, sem hér er til umr. Mér hefur fundizt allur *málflutningur stjórnarandstöðunnar* um þetta efni vera furðulegur. Talað hefur verið eins og gerðardómsákvæði í slíkri samningsgerð væru einsdæmi og bein fullveldisskerðing. Hefur verið tekið svo til orða, að ekkert fullvalda ríki geti undirskrifað slíkan samning. Það er jafnvel talað eins og samningurinn milli Íslands og svissneska álfélagsins sé fyrsti samningur sinnar tegundar í veraldarsögunni eða eini slíki samningurinn milli ríkis og erlends einkafyrirtækis. Auðvitað er þetta fjarstæða. Fjölmargir slíkir samningar hafa verið gerðir, og fjölmargir slíkir samningar eru í gildi. Alveg hliðstæð gerðardómsákvæði eru einmitt mjög algeng í slíkum samningum, og er vitneskja um þetta á vitorði allra, sem vilja vita það. Það er meira að segja alls ekki í fyrsta skipti nú í sambandi við álsamningana, að slík gerðardómsákvæði eru tekin í samninga milli íslenzka ríkisins og erlends aðila. Skal ég nú greina nánar frá því.

Langstærstu samningar um íslenzk utanríkisviðskipti, sem gerðir hafa verið og gerðir eru, eru samningar íslenzka ríkisins við það fyrirtæki í Sovétríkjunum, sem flytur út olíu til útlanda eða Sojuznefte-Export í Moskva. Upphæð þess samnings, sem nú er í gildi, nemur 350 millj. kr., tekur til 350 millj. kr. viðskipta á ári. Það er viðskmrn., sem gerir þessa samninga fyrir hönd íslenzka ríkisins. Sovétfyrirtækið er sjálfstæður réttaraðili, þótt ríkisfyrirtæki sé. Það er ekki ríkisstj. Sovétríkjanna, ekki viðskmrn. þess eða utanrrn. þess, sem samninginn gerir við íslenzka viðskmrn., heldur sjálfstætt verzlunarfyrirtæki, sem ávallt kemur fram sem sjálfstæður aðili. Hér er því um alveg hliðstætt að ræða og á sér stað í álsamningunum. Þar er það íslenzka iðnmrn., sem kemur fram fyrir ríkisstj. Í olíusamningunum er það íslenzka viðskmrn. Gagnaðilinn í álsamningunum er svissneskt hlutafélag. Gagnaðilinn í olíusamn-

ingunum er sjálfstætt sovézkt fyrirtæki, að vísu ekki hlutafélag, enda slík félög ekki til þar í landi, heldur ríkisfyrirtæki, en sjálfstæður réttaraðili eins og svissneska fyrirtækið. Íslenzka ríkisstj. hefur gert samning um kaup á olíu frá Sovétríkjunum árlega síðan 1953. Það er ekki mjög langt síðan formaður þingflokks Alþb., Lúðvík Jósefsson, var viðskmrh. Undir hans stjórn voru gerðir 3 olíusamningar við hið sovézka fyrirtæki: fyrsti samningurinn 27. des. 1956, annar samningurinn 24. des. 1957 og þriðji samningurinn 16. sept. 1958. Þáverandi formaður Framsfl., Hermann Jónasson, var þá dómsmrh. Er þess því að vænta, að þess hafi verið vel gætt, að íslenzka ríkið skerti ekki fullveldi sitt í samningsgerð sinni við aðra aðila. En nú skal ég lesa 9. gr., með leyfi hæstv. forseta, í þeim þrem samningum, sem Lúðvík Jósefsson bar ábyrgð á fyrir hönd íslenzka ríkisins um olíukaup af hinu sovézka fyrirtæki. Greinin hljóðar svo á ensku:

„Any disputes or differences which may arise — **(Gripið fram í: Má ekki lesa það á íslenzku?)** Kemur á eftir. Ég les hana á ensku til þess að taka af öll tvímæli um það, hvernig frumtextinn, sem ráðh. samþykkti raunverulega, hljóðaði. — „Any disputes or differences which may arise out of the fulfillment of the present contract or in connection with it are to be settled by the Foreign Trade Arbitration Commission at the U. S. S. R. Chamber of Commerce, in Moscow in conformity with the rules of the same commission."

Þetta hljóðar þannig í íslenzkri þýðingu: „Sérhver deila eða misklíð, sem upp kann að koma við framkvæmd þessa samnings eða í sambandi við hann, skal útkljáð af Gerðardómnum um utanríkisviðskipti í Verzlunarráði Sovétríkjanna í Moskvu skv. reglum þessa gerðardóms." — Svo mörg voru þau orð.

Lúðvík Jósefsson varð að vísu ekki fyrstur íslenzkra viðskmrh. til þess að gera slíkan samning. Sams konar ákvæði voru í olíusamningunum frá upphafi eða frá 1953, og sams konar ákvæði er enn í olíusamningunum, t. d. í síðasta samningnum, sem gerður var 3. des. 1965. Ástæðan er auðvitað sú, að Sovétríkin hafa talið eðlilegt, að slík gerðardómsákvæði væru í þessum samningum, og á það hafa allar ríkisstj. síðan 1953 fallizt, einnig ríkisstj. Hermanns Jónassonar, sem Lúðvík Jósefsson var viðskmrh. í. Þá sá hann ekkert við slík gerðardómsákvæði að athuga. Hannibal Valdimarsson sá heldur ekkert athugavert við þau og fyrrverandi og núverandi formenn Framsfl., Hermann Jónasson og Eysteinn Jónsson, töldu þetta líka eðlilegt í samningunum við sovézka fyrirtækið, þótt þeir telji það nú nánast til landráða, að hliðstætt ákvæði sé í samningum við svissneskt fyrirtæki. Það, sem er sameiginlegt með samningunum við svissneska fyrirtækið og rússneska fyrirtækið, er, að í báðum tilfellum er um gerðardómsákvæði að ræða. Í hvorugu tilfellinu eiga íslenzkir dómstólar að dæma deilumál, sem upp kunna að koma, en í samningunum við svissneska fyrirtækið eru ákvæði um alþjóðlegan gerðardóm, þ. e. a. s. gerðardóm, þar sem hvor málsaðili tilnefnir sinn fulltrúa, en oddamaðurinn er hlutlaus, og skal gerðardómurinn dæma eftir íslenzkum lögum og alþjóðareglum. Í samningunum við sovézka fyrirtækið, sem hvorki formaður þingflokks Alþb. né formaður Alþb., né heldur fyrrv. eða núv. formaður Framsfl. hafa haft nokkuð við að athuga í 13 ár, þar er gerðardómurinn ekki alþjóðlegur, heldur sovézkur. Gerðardómurinn er stofnun innan Verzlunarráðs Sovétríkjanna, og samþykkt er í olíusamningunum, að hann eigi að dæma eftir sínum eigin reglum.

Íslenzku ríkisstj. hefur undanfarin 13 ár verið kunnugt, að Sovétríkin fylgja yfirleitt þeim reglum í samningum, sem útflutningsfyrirtæki þeirra gera við erlend ríki, að hafa ákvæði um gerðardóm í slíkum samningum, ekki þó alþjóðlegan gerðardóm, heldur gerðardóm í Sovétríkjunum, sem úrskurða skuli um deilumál, og sömu reglum fylgja þau, þegar Sovétríkin sjálf, þ. e. a. s. sovézka ríkið sjálft, gera samninga við erlend einkafyrirtæki. Ekki aðeins Sovétríkin fylgja þessari reglu yfirleitt, heldur hafa hin Austur-Evrópuríkin tekið upp þessa stefnu Sovétríkjanna. Allar ríkisstj. á Íslandi hafa vitað þetta. Í þeim miklu viðskiptum, sem við höfum átt við Austur-Evrópulöndin, eru aðeins olíusamningarnir gerðir milli íslenzka ríkisins annars vegar og sovézks fyrirtækis hins vegar, enda er þar um langstærstu viðskiptin við Austur-Evrópulöndin að ræða.

Engin íslenzk ríkisstj. hefur hikað við að samþykkja slík gerðardómsákvæði í olíusamningunum. Það hefur ekki hvarflað að neinni þeirra, að með því væri hún að skerða fullveldi Íslands, hvað þá fórna því. Það hvarflaði ekki heldur að Lúðvík Jósefssyni, Hannibal Valdimarssyni, Hermanni Jónassyni eða Eysteini Jónssyni, þegar þeir sátu saman í ríkisstj. Er það í raun og veru skoðun þessara manna, að þegar Sovétríkin vilja hafa ákvæði um gerðardóm í samningum sínum við erlent einkafyrirtæki, séu þau að afsala sér hluta af fullveldi sínu? Er það raunverulega skoðun þessara manna, að þegar Sovétríkin vilja hafa ákvæði um sovézkan gerðardóm í samningum milli sovézkra fyrirtækja og erlendra ríkisstj., séu Sovétríkin í raun og veru að heimta erlend ríki undir sovézka lögsögu? Er það í raun og veru skoðun þessara manna, að þegar Sovétríkin vilja hafa ákvæði um sovézkan gerðardóm í samningum milli sovézka ríkisins og erlendra einkafyrirtækja, séu þau raunverulega að heimta erlend einkafyrirtæki undir sovézka lögsögu? Ef þetta er í raun og veru skilningur þessara manna, hvers vegna samþykktu þeir þá olíusamningana við sovézka fyrirtækið, meðan þeir voru í stjórninni, eða hvers vegna hafa þeir aldrei fyrr né síðar gagnrýnt þetta gerðardómsákvæði í olíusamningunum við Sovétríkin? Ef ég liti svo á, hefði ég ekki staðið að gerð slíkra samninga undanfarin ár. Ég mundi að vísu miklu heldur kjósa ákvæði um alþjóðlegan gerðardóm í olíusamningunum í stað sovézks gerðardóms, en það þýðir ekki, að það væri ástæða til

þess að vantreysta hinum sovézka gerðardómi. Hitt mun aftur á móti verða mörgum mönnum ráðgáta, hvernig þeir menn geta gagnrýnt ákvæði um alþjóðlegan gerðardóm í álsamningnum, sem sjálfir hafa samið um sovézkan gerðardóm í stærstu viðskiptasamningum, sem Íslendingar hafa gert til þessa, olíusamningunum við Sovétríkin, ekki hvað sízt þegar það er haft í huga, að alþjóðlegi gerðardómurinn á að dæma eftir íslenzkum lögum og alþjóðareglum, en sovézki gerðardómurinn eftir sínum eigin reglum. Það verður fróðlegt að heyra svör þessara manna við þessari spurningu.

Að svo mæltu leyfi ég mér, herra forseti, að leggja til, að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Framlagning þessa frv., svo og þau stórskeyti, sem hæstv. viðskmrh. hafði hér á lofti rétt áðan, gefa mér tilefni til þess að segja fáein orð. Ég mun í fyrsta lagi segja fáein orð um gerðardóma í milliríkjadeilum almennt. Í annan stað mun ég víkja að þeim gerðardómssamningi, sem felst í þessum milliríkjasamningi, sem hér liggur fyrir til samþykktar. Ég mun í því sambandi leitast við að sýna fram á, að þessi samningur er að því er Ísland varðar gersamlega þarflaus, en að hinu leytinu tiltölulega skaðlítill, kannske skaðlaus. Ég mun enn fremur leitast við að sýna fram á, að þessi samningur verður á engan hátt notaður sem rökstuðningur eða til réttlætingar á því ákvæði í hinum fyrirhuguðu álsamningum við svissneska álúmíníumfélagið, sem um hefur verið deilt, þ. e. a. s. gerðardómsákvæði 47. gr. í þeim samningi. Og ég mun náttúrlega í því sambandi víkja lítillega að þeim einkennilegu röksemdum, sem hæstv. viðskmrh. hafði uppi í því sambandi varðandi olíusamninga við Rússland.

Gerðardómar í milliríkjadeilum eru gamalþekkt úrræði til þess að leysa úr deilum með friðsamlegum hætti. Það má jafnvel rekja þá allar götur aftur til borgríkjanna á Grikklandi. Það kvað að vísu lítið að þeim um langt skeið, en þeir komu aftur í notkun að verulegu ráði fyrir aldamótin 1800 og hafa síðan meira eða minna verið notaðir til þess að leysa ýmiss konar milliríkjadeilur með friðsamlegum hætti. Þessir gerðardómar voru þó á þeim tíma þannig, að það var samið um hverja deilu, þegar hún hafði komið upp, og það var samið um sérstakan gerðardóm í það og það skiptið. Það var m. ö. o. ekki til á þeirri tíð neinn fastur gerðardómur, sem hægt væri að grípa til og vísa milliríkjadeilum til. En á þessu varð breyting árið 1899. Það var á fjölþjóðlegri ráðstefnu, sem haldin var í Haag, gerð samþykkt um að setja á fót fastan milliríkjagerðardóm. Sú samþykkt var svo endurskoðuð á ráðstefnu, sem síðar var haldin í Haag, eða árið 1907, og þá gerðust fleiri ríki aðilar að þessum fasta milliríkjagerðardómi. En þó að það sé þar talað um fastan milliríkjagerðardóm, er það í raun og veru svo, að það er ekki um fastan dómstól að ræða, heldur var fyrirkomulagið það, að aðildarríkin að þessari samþykkt bentu á ákveðna tölu manna, sem þau töldu hæfa til þess að taka sæti í gerðardómi, og síðan voru nöfn þessara manna sett á skrá, og þau voru þá til taks, þegar ríki komu sér saman um að leggja mál fyrir gerðardóm, og í raun og veru fólst ekki í þessu annað og meira en það. Að vísu voru svo líka í þessari samþykkt um hinn fasta milliríkjagerðardóm í Haag sett ákvæði um málsmeðferð fyrir gerðardómi, sem átti að koma til greina í hvert eitt skipti, ef ekki væri þá öðruvísi um samið, og að því var auðvitað mikið hagræði. En aðalreglan var eftir sem áður sú, að sérstakur samningur var gerður um það í hvert og eitt einstakt skipti, sem leitað skyldi til gerðardómsins. En þó þekktist það líka, að ríki gerðu með sér samninga um það að vísa málefnum á tilteknum sviðum til gerðardóms með ýmsum takmörkunum, þannig að það voru bæði til sérstakir gerðardómssamningar og svo almennir gerðardómssamningar.

Þetta skipulag, sem sett var þarna upp fyrst 1899 og endurskoðað 1907, hefur haldizt allar götur síðan, og það hefur mörgum málum verið vísað til þessa fasta milliríkjagerðardóms, og það hafa ýmis mál verið leyst fyrir hans tilstilli. Auðvitað eru það aðeins ríki, sem hafa verið og geta verið aðilar að þeim fasta milliríkjagerðardómi. Og Ísland er m. a., að vísu kannske með vafasamri heimild, talið aðili að þessum fasta milliríkjagerðardómi frá 1907, og í þá samninga, sem utanrrn. hefur birt og taldir eru gildandi fyrir Ísland, er sá samningur eða sú samþykkt tekin, þannig að Ísland hefur verið aðili að slíkum gerðardómi og getur leitað til hans, ef samningar takast um það við önnur ríki eftir atvikum. Ísland hefur líka gert nokkuð almenna gerðardómssamninga við önnur ríki, þ. á m. hefur það gert gerðardómssamninga við hvert Norðurlandanna um sig. Þeir gerðardómssamningar eru frá árinu 1930, og þar er einmitt gert ráð fyrir því, að þeim deilumálum, sem þar er um að tefla, verði vísað til þessa fasta milliríkjagerðardóms í Haag, sem ég áðan var um að tala. Það er þess vegna auðvitað svo, að Ísland hefur tekið þátt í því að gera samninga við önnur ríki um gerðardóma. Mér er hins vegar ekki kunnugt, að nokkru sinni hafi á það reynt, að Ísland þyrfti að sækja mál fyrir slíkum gerðardómi eða það hafi sótt mál fyrir því líkum gerðardómi. En það hefur samið um það.

Ég minni aðeins á þessi almennu atriði um gerðardóma almennt til þess að undirstrika, að það er auðvitað síður en svo, að það sé nokkuð út af fyrir sig að athuga við það, að ákvæði um gerðardóma séu í venjulegum milliríkjasamningum, í samningum, sem eru gerðir á milli ríkisstj. Slík ákvæði eru alltíð, og það er sízt af öllu ástæða fyrir Ísland að vera sérstaklega að amast við þvílíkum samningsákvæðum, því að þau miða að því eða geta miðað að því að leysa ýmsar milliríkjadeilur með friðsamlegum hætti. Ég hef talið sérstaka ástæðu til þess að leggja á þetta áherzlu, vegna þess að sú gagnrýni á ákvæðin í hinum fyrirhuguðu álsamningum, á gerðardómsákvæðin þar, má ekki með neinu móti túlka á þá lund, að ég sé almennt

andvígur gerðardómum í milliríkjadeilum. Þetta tók ég algerlega skýrt fram í þeirri einu ræðu, sem ég hef flutt um eða komið inn á fyrirhugaða álsamninga, þeirri ræðu, sem ég flutti í sambandi við vantraustsumr. á ríkisstj., þannig að það er hverjum þeim manni, sem læs er, mjög auðvelt að ganga úr skugga um það, að ég hef í því, sem ég hef sagt um þetta mál, greint algerlega glöggt á milli þess, hvort um væri að ræða milliríkjasamninga og gerðardómsákvæði í milliríkjasamningum eða svo aftur í samningum, sem eru þess háttar eins og fyrirhugaðir álbræðslusamningar. En þrátt fyrir það, þó að þetta kæmi skýrt fram í ræðu minni þá og hafi komið skýrt fram, er hún var prentuð, hefur nokkuð borið á því, að formælendur fyrirhugaðra álsamninga hafi ekki gert þennan greinarmun og vilja tala um gerðardómssamninga almennt og í einu lagi og gefa þá þar með óbeint í skyn, að ég hafi verið að gagnrýna gerðardómssamninga almennt. En því fer fjarri, og ég vil enn og aftur undirstrika það, að það er á því reginmunur, hvort um er að tefla gerðardómsákvæði í venjulegum milliríkjasamningum eða í samningum eins ríkis aftur við útlent einkafyrirtæki og þá með þeim hætti, sem í álsamningnum greinir. Ég held, að þetta sé sæmilega skýrt, að gagnrýni mín hefur ekki á nokkurn hátt beinzt að því og ég hef talið það út af fyrir sig eðlilegt, að slík ákvæði væru í milliríkjasamningum.

Ég veit nú ekki, hvort það verður hér eftir fremur í umr. um þessi mál tekið tillit til þess, sem ég hef hér sagt um þetta, og gerður á því greinarmunur eða hvort áróðurspostular stjórnarflokkanna blanda þessu saman eftir sem áður og reyna þá að gera mál mitt frekar tortryggilegt með þeim hætti, og við því er náttúrlega ekkert að gera. Það verður hver að haga sínum málflutningi eins og bezt á við lund hvers og eins og hann telur þjóna sínum málstað bezt. En sannleikurinn er nú sá, að málflutningsmenn þurfa sjaldan að grípa til slíks, nema málstaðurinn sé veikur.

Ég læt þetta nægja um gerðardómssamninga almennt, — gerðardómssamninga, sem samið er um í venjulegum milliríkjasamningum. Ég mun þá aðeins víkja örfáum orðum að þessum samningi, sem þetta frv., sem hér liggur fyrir, fjallar um. Og fyrsta spurningin, sem þar rís, er sú: Um hvað er þessi samningur, og á milli hverra er þessi samningur? Því er fljótsvarað, eins og reyndar kom fram, a. m. k. óbeint, í ræðu hæstv. ráðh., að þessi samningur er milliríkjasamningur. Sá samningur, sem hér er um að tefla, er milliríkjasamningur. Hann er gerður milli ríkisstjórna. Það er ekki verið að gera neinn samning hér við neitt einstakt einkafyrirtæki. Það er verið að gera samning hér á milli ríkisstjórna. Samningurinn er að vísu gerður fyrir frumkvæði Alþjóðabankans, en þessi samningur er milliríkjasamningur með venjulegum hætti. (Gripið fram í.) Já, nema bara hvað ég legg það ekki í vana minn að vera með algerri þarfleysu, og ég ætla að koma að því síðar og sýna fram á það, að þetta sé algerlega óþarft tildur, sem ekki geti haft neitt annað í för með sér en kostnað fyrir ríkissjóð og 1—2 sendiferðir á ári fyrir gæðinga ríkisstj. á ríkisins kostnað. En um hvað er þá þessi samningur, sem er á milli ríkisstj.? Hann er um það að setja á stofn sáttanefnd og gerðardóm og þó eiginlega ekki einu sinni um það, heldur er hann í raun og veru um nákvæmlega það sama á sínu sviði og gerðardómssamþykktin frá 1907. Hann er um það, að hvert aðildarríkjanna tilnefni af sinni hálfu ákveðna tölu hæfra manna til þess að taka sæti í sáttanefnd eða gerðarstofnun, ef til hennar og þegar til hennar þarf að grípa. Og við athugun á þessum samningi verður það ljóst, að ákvæði Haag-samþykktarinnar frá 1907 eru að mörgu leyti höfð til fyrirmyndar. En samningur þessi er í raun og veru ekki um annað en að setja á skrá slíka hæfa menn, sem aðilar geti gripið til og kvatt í gerð eða sáttanefnd, ef þeir koma sér saman um þá málsmeðferð í einhverju ákveðnu tilfelli. Þessi samningur út af fyrir sig felur ekki í sér neina skuldbindingu til að leggja eitt einasta mál í gerð eða til sátta á vegum þessara stofnana, sem settar eru upp með honum. Það er ljóst af ákvæðum samningsins og kemur enda skýrt fram í þeirri stuttu grg., sem þessu frv. fylgir, og reyndar var það viðurkennt af hæstv. viðskmrh., að svo væri, að þessi samningur væri algerlega óskuldbindandi.

Ég mundi nú kjósa, að hæstv. viðskmrh. væri við. (**Forseti:** Hæstv. ráðh. var búinn að ákveða að fara á áríðandi fund núna kl. 3, sem gert var ráð fyrir að yrði a. m. k. hálftíma, hvort hv. þm. vill fresta ræðu sinni á meðan, þangað til hann kæmi aftur?) Ég sé nú ekki ástæðu til þess, en hitt verð ég að segja, að þetta er náttúrlega í hæsta máta óviðeigandi framkoma hjá hæstv. viðskmrh. En það verður hver að haga sínum gerðum eins og hann álítur sæmilegast í því efni, og ég mun þá halda mínu máli hér áfram, en að sjálfsögðu ræða málið eins og hann væri hér viðstaddur, og hann um það, hvort hann svarar eða svarar ekki. Ég hafði hugsað mér að bera fram nokkrar fsp. til hans. Ég veit ekki, hvort hér er einhver ráðh., sem er viðbúinn að svara þeim fsp. En ég mun bera þær fram.

Ég sagði, að þessi samningur, sem hér liggur fyrir, fæli ekki í sér neina skuldbindingu til þess að leggja eitt einasta mál í gerð. Það verður ljóst, ef athugað er niðurlag þeirrar stuttu grg., sem hér fylgir með. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Með aðild að samningnum felst ekki skuldbinding um að skjóta þangað deilumálum, heldur opnast einungis leið fyrir Ísland með aðild að samningnum að notfæra sér það fyrirkomulag, sem samningurinn gerir ráð fyrir."

Í niðurlagi inngangsins að samningnum segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Samningsríkin lýsa því yfir, að ekkert samningsríki skuli einungis sökum þess, að það hafi fullgilt, viðurkennt eða staðfest þennan samning, og án samþykkis teljast vera skuldbundið til þess að leggja nokkurt sérstakt deilumál í sátt eða gerð."

Það er naumast hægt að segja það skýrar en þarna er sagt, að þessi samningur út af fyrir sig feli ekki í sér neina skuldbindingu fyrir aðila, sem að honum standa, til þess að leggja í sátt eða gerð með þeim hætti, sem þar er ráð fyrir gert, eitt einasta mál. Og svo til enn frekari áherzlu vildi ég leyfa mér að benda á 1. lið 25. gr. í þessum samningi. Þar segir: „Lögsaga stofnunarinnar tekur til sérhverrar lagalegrar deilu, sem upp kemur í beinu sambandi við fjárfestingu milli aðildarríkja eða einhvers stjórnlagalegs hluta“ — hvað sem með því er nú meint — „eða stofnunar aðildarríkis, sem það kann að tilnefna af sinni hálfu gagnvart stofnuninni, og þegna annars aðildarríkis, sem deiluaðilar samþykkja skriflega, að vísað sé til stofnunarinnar.“

M. ö. o.: það liggur alveg ljóst fyrir af þessum ákvæðum, sem ég hef vitnað til, að samningurinn sem slíkur felur ekki í sér skyldu til þess að leggja neitt ágreiningsmál til gerðardómsins, heldur þarf samning um það í hvert einstakt skipti, sem deilu á að vísa til gerðardómsins. Og það verður enn ljósara, ef litið er á 4. lið 25. gr., en þar segir:

„Sérhvert samningsríki getur, þegar það fullgildir, samþykkir eða staðfestir þennan samning eða einhvern tíma síðar, tilkynnt stofnuninni um þá tegund eða tegundir deilumála, sem hið sama ríki teldi, að kæmu til álita, að lögð væru undir lögsögu stofnunarinnar.“

Það er m. ö. o. þarna gert ráð fyrir því, að ríkið geti fyrir fram tilkynnt það, hvaða mál eða tegundir mála það séu, sem geti komið til álita, að sérstakur samningur verði gerður um á sínum tíma, ef deila kynni að koma upp í sambandi við það.

Það þarf, eins og ljóst er af þessum ákvæðum, skriflegt samkomulag hverju sinni um deilu, sem risin er, til þess að það sátta- eða gerðardómsfyrirkomulag, sem hér er um að tefla, verði notað. Þess vegna er það raunverulega svo, að þó að Ísland fullgildi þennan samning, þá felur sú fullgilding ekki í sér aðra skuldbindingu fyrir Ísland út af fyrir sig heldur en þá að taka að sínum hluta þátt í greiðslu kostnaðar við þetta fyrirkomulag. Fullgilding á þessum samningi felur ein út af fyrir sig ekki í sér skyldu til þess fyrir Ísland að leggja nokkurt deilumál í gerð.

Af því, sem ég hef rakið um þessa samninga, er alveg ljóst, að þó að Ísland fullgildi þennan samning, verður gerðardómsákvæðið í hinum fyrirhuguðu álsamningum hvorki betra né verra fyrir það. Það breytir út af fyrir sig engu til né frá um það ákvæði. Það er ekkert slíkt samband eða samræmi á milli þessara tveggja samninga, eins og hæstv. viðskmrh. var nú öðru hverju að gefa í skyn, enda er þessi samningur, milliríkjasamningur, gerður, eins og hann gerði grein fyrir, alveg óháð þessum álsamningum, sem til stendur að gera milli Íslands og hins svissneska alúmíníumfélags, og kom það glöggt fram af því, sem hæstv. ráðh. sagði um sögulegan aðdraganda að setningu þessa samnings.

Þessi samningur verður ekki á neinn hátt borinn saman við gerðardómsákvæðið í fyrirhuguðum álsamningum. Hér er, eins og ég hef þegar margtekið fram og allir hv. þdm. geta gengið úr skugga um, um að tefla milliríkjasamning, en álsamningurinn er samningur á milli ríkisstj. annars vegar og á milli erlends einkafyrirtækis, hlutafélags, hins vegar, og svo samningur ríkisins við fyrirtæki, sem skrásett er hér á landi og talið íslenzkt fyrirtæki og skipað að meiri hluta til íslenzkum ríkisborgurum í stjórn, þannig að hér er ólíku saman að jafna að því leyti til, að aðilarnir að þessum samningum eru allt aðrir. En auk þess er svo efni samningsins allt annað, eins og hver maður sér. Eins og ég hef sýnt hér fram á alveg óvefengjanlega, þá felst ekki í þessum samningi nein skuldbinding um að leggja neitt mál í gerð. En í gerðardómsákvæði í 47. gr. álsamninganna er fyrir fram bindandi og endanlega um það samið, að þar tilgreind ágreiningsmál, — og þó auðvitað mjög teygjanleg ágreiningsmál, — skuli útkljáð með gerð, þau deilumál, sem þar er um að tefla milli Íslands annars vegar við hið svissneska alúmíníumfélag og við dótturfélag þess, sem íslenzkt er kallað. Þess vegna fæ ég ekki með nokkru móti fallizt á þá skoðun, sem kom fram hjá forsrh. í útvarpsumr. um vantraust nýlega, þar sem hann sagði, með leyfi hæstv. forseta: „Gerðardómsákvæðin eru í samræmi við alþjóðlegan samning, sem 33 ríki, þ. á m. öll Norðurlöndin, hafa undirritað. Réttarríki er engin minnkun að því að taka þátt í slíkum samningum. Það hefur ekkert að óttast. Enda er hér berum orðum tekið fram, að dæma skal eftir íslenzkum lögum.“

Hvernig er nú hægt að segja annað eins og þetta, eftir að menn hafa kynnt sér þann samning, sem hér hefur verið lagður fram og fylgir þessu lagafrv., og séð ákvæðin, sem eru í 47. gr. álsamninganna? Annars vegar er sem sagt hreinn milliríkjasamningur, eins og hér er, og hins vegar samningur á milli ríkis og einkafyrirtækis. Annars vegar er samningur, sem felur ekki í sér neina skuldbindingu, eins og þessi hér, og hins vegar er samningur, sem felur í sér endanlega og alveg óafturtæka skuldbindingu um það að leggja ágreiningsmál á tilteknu sviði í gerð. Það er náttúrlega alveg furðulegt, að hæstv. forsrh. skuli láta slík ummæli frá sér fara, að segja, að þessi gerðardómsákvæði 47. gr. séu í samræmi við þennan samning. Ég verð að segja það eins og er, að mér sýnist það hrein fjarstæða. Ég vil hins vegar ekki væna hæstv. forsrh. um það, að hann hafi vitandi vits farið með villandi upplýsingar í sinni ræðu, að því er þetta varðar, heldur vildi ég mega líta svo á, að hann hefði haft þessi orð um hönd, án þess að hafa aðstöðu þá í svipinn til þess að kynna sér nægilega þá tvo samninga, sem hér er um að tefla, og má þá segja, að það sé kannske að nokkru leyti afsakanlegt. Hins vegar verða þær afsakanir ekki með neinu móti bornar fram til réttlætingar á ummælum hæstv. viðskmrh., sem hann hafði hér áðan, því að það var sannarlega enginn tímastíll, sem hann fór með hér áðan, heldur var það heimaritgerð í bezta lagi, og

hann hefði haft nægan tíma til þess að ganga úr skugga um, hvað rétt væri í þessu efni, áður en hann fór með þá staðlausu stafi, sem hann leyfði sér að fara með í því sambandi. Og sama má raunar segja um leiðarahöfund Vísis, sem á sínum tíma tók upp ummæli forsrh. að þessu leyti alveg hrá og birti þau og lagði svo út af þeim með viðeigandi hætti. Hann hefði vissulega átt að vita betur, vegna þess að hann hafði tóm til þess að kanna málið. Nú, en það var einu sinni sagt, að skáld þyrftu að skrifa til að lifa, og sjálfsagt þurfa þau að gera það enn og það sem verra er, að jafnvel doktorar í lögum þurfa að skrifa til að lifa, og þess vegna verður maður að taka því með skilningi, þó að sitt hvað hrjóti úr þeirra penna að óathuguðu máli.

Ég get þess vegna ekki séð, að í þessum ummælum forsrh., sem ég hef hér vitnað til, geti falizt nokkur rök fyrir gerðardómsákvæði álsamningsins, og ég get ekki séð, að í þessum samningi út af fyrir sig felist nein rök fyrir gerðardómsákvæði álsamningsins. Hitt er allt annað mál, sem forsrh. benti á líka og gætu út af fyrir sig verið rök fyrir því gerðardómsákvæði og gætu komið til skoðunar, sem sé þau, að hinn svissneski viðsemjandi tæki á sig svo mikla ábyrgð, fjárhagslegar skuldbindingar og þar með ábyrgð á sínu dótturfélagi, og af þeim sökum yrði að teljast eðlilegt, að hann hefði gert kröfu um það, að ágreiningsmál, sem að því lytu, væru sett undir alþjóðlegan gerðardóm. Þetta eru, eins og ég sagði, rök, sem út af fyrir sig gætu komið til skoðunar, og er ég þó ekki með því að fallast á þau á neinn hátt. En sá er bara galli á þessum rökstuðningi, að aðalforstjóri hins svissneska álfélags hefur ekki fært þessi rök fram, þegar hann hefur verið að rökstyðja, að það væri samið í þessum álsamningum um þann sérstaka gerðardóm, sem þar segir. Hann sagði, að krafan um þetta, um slíka málsmeðferð, hefði verið gerð vegna þess, að hér á landi hefðu ekki áður komið fyrir nein þvílík mál af því tagi, þess vegna skorti íslenzka dómstóla reynslu í þessum efnum. Þetta voru hans orð, eftir því sem þau voru flutt í ríkisútvarpinu í fregnum af þeim blaðamannafundi, sem fram fór. En hæstv. viðskmrh. vitnaði ekki til þeirra orða hér áðan, heldur var hann enn að tala um þessa ábyrgð og þótti nauðsynlegt að hafa slíkt ákvæði, vegna þess að Svisslendingarnir bæru ábyrgð á fjárskuldbindingum fyrirtækisins, íslenzka álfélagsins. Það hefði nú ekki aldeilis þurft að semja um slíkt í Noregi. Þar hefðu þeir ekki þurft að bera ábyrgð og taka á sig ábyrgð, Svisslendingarnir. Þeir ábyrgðust bara með hlutabréfunum, engu öðru. En slík ábyrgð hefði nú líklega verið nokkuð ónóg hér á landi, að manni skildist.

Ég verð að segja um þennan málflutning, að það hefði ekki sakað, þó að svo sem einn tími í viðbót í heimahúsum hefði farið í það að undirbúa fyrirlesturinn áðan, því að ég hélt satt að segja, að hlutafélög bæru ábyrgð á sínum skuldbindingum með öllum sínum eignum, og ég hefði haldið, að það væru ekki svo litlar eignir, sem þessi álbræðsla, það hlutafélag, hið íslenzka álfélag, sem svo er kallað, á hér á landi, og það mega verða meiri ábyrgðirnar og áföllin, sem falla á hið svissneska álfélag, ef eignir þess hér á landi, eignir sem sagt Íslenzka álfélagsins, hrökkva ekki til að mæta þeim. En skv. íslenzkum lögum er það nú svo, að þær eignir standa allar til ábyrgðar á skuldbindingum þess hlutafélags.

Hæstv. forsrh. gat þess í útvarpsræðu sinni sem rökstuðnings fyrir gerðardómsákvæðinu í álsamningunum, að þau væru í samræmi við alþjóðlegan samning, þennan samning, sem hér er um að tefla, en ég hef nú sýnt fram á, að svo er náttúrlega alls ekki, en hann heldur áfram til þess að fylgja eftir rökstuðningnum og herða enn betur á: sem 33 ríki, þ. á m. öll Norðurlöndin, hafa undirritað. Þetta ætti nú að duga. Að vísu verður að geta þess um leið, sem ég fer þó hjá í þessum efnum, að það er ekki alls kostar fullkomið samræmi á milli þess, sem segir um þetta efni, undirritun þessa samnings, í þessu frv., sem hér liggur fyrir, og svo í grg. með álsamningnum, og í ræðu hæstv. forsrh. Í grg. með þessu frv., sem hér liggur fyrir, segir að 35 ríki hafi undirritað hann. Meðal ríkja þeirra, sem undirritað hafa, eru Danmörk, Sviþjóð, Ítalía, Þýzkaland, Bretland og Bandaríkin. Þarna er hvorki nefndur Noregur né Finnland, en forsrh. segir, að öll Norðurlöndin hafi undirritað, og í grg. með álsamningnum er það líka fullyrt, að öll Norðurlöndin hafi undirritað þennan samning. Á einum staðnum segir, að 35 ríki hafi undirritað, á hinum staðnum segir, að 33 ríki hafi undirritað. Og nú er bagalegt, að enginn ráðherra skuli vera hér við til þess að geta upplýst, hvað rétt er í þessu efni. Þetta var nú einmitt eitt af þeim atriðum, sem ég ætlaði að spyrja hæstv. ráðh. um, til þess að fá samræmi í þetta, því að þetta á hann nefnilega að vita, af því að það er hægt að vita þetta með auðveldum hætti. Alþjóðabankinn á sem sé að senda tilkynningu til hvers ríkis, um leið og undirskrift einhvers annars ríkis fer fram, þannig að það hljóta að liggja fyrir um það nákvæmar upplýsingar hér í einhverju ráðuneyti og þá væntanlega viðskiptamálaráðuneytinu, því að Alþjóðabankinn heyrir undir viðskmrh., þannig að það ætti að vera hægt að fá þetta upplýst.

Þetta vil ég í fyrsta lagi spyrja ráðh. um, hvað er hið sanna í þessu efni, hvað er rétt, hvort eru það 35 ríki, sem eru búin að undirrita, — eða eru það 33, og eru Norðurlöndin öll búin að undirrita eða eru bara Danmörk og Sviþjóð búin að undirrita?

En hér hafa brugðizt krosstré sem önnur tré, því að það er ekki einu sinni sá óþreytti sjútvmrh. hér viðstaddur í deildinni. En það er ekki þar fyrir, þetta skiptir ekki nokkru máli, hverjir hafa undirritað þennan samning, og það er það versta í ummælum ráðh. að vera að flagga með það, að svona og svona mörg ríki hafi undirritað samninginn, og reyna með því að læða því inn hjá almenningi, að svona og svona mörg ríki séu að gera þessa samninga. Það er nefnilega alls ekki svo. Það veit hver einasti laganemi, sem opnað hefur nokkra bók

í þjóðarétti, að það er greint á milli, þegar um milliríkjasamninga er að tefla, undirritunar samninga og fullgildingar samninga, og það veit það hver maður, sem einhverja nasasjón hefur af þjóðarétti, að undirritun eins ríkis undir milliríkjasamning hefur yfirleitt enga lagalega skuldbindingu. Yfirleitt eru milliríkjasamningar gerðir með þeim fyrirvara, sem tekinn er fram berum orðum í þeim, að þeir öðlist ekki gildi, fyrr en þeir hafa verið fullgiltir með þeim hætti, sem stjórnskipunarlög hvers ríkis segja til um, og ekki fyrr en ákveðin tala ríkjanna hefur fullgilt þá. Og það er jafnvel talið, að þó að slíkur fyrirvari sé ekki gerður berum orðum, þá séu milliríkjasamningar yfirleitt gerðir með þeim fyrirvara, að undirskriftin ein út af fyrir sig sé ekki skuldbindandi. Það er algild regla, að milliríkjasamningar eru t. d. undirritaðir á ráðstefnum, sem gengið hafa frá uppkasti um þá, að þeir eru undirskrifaðir þar, en þeir taka ekki gildi þá um leið, heldur taka þeir ekki gildi, fyrr en þeir hafa verið fullgiltir af ákveðinni tölu ríkja. Þetta veit hver maður. En svo leyfa þessir hv. herrar sér að vera að tala um það, að svona og svona mörg ríki hafi undirritað samningana, enda þótt þar með sé ekkert um það sagt, hvort þau muni nokkru sinni fullgilda samningana eða ekki. Það er svo algengt, að tala þeirra milliríkjasamninga er legio, sem hefur verið ritað undir á ráðstefnum eða utan ráðstefna, án þess að þeir hafi nokkru sinni verið fullgiltir. Það er fjöldi af milliríkjasamningum, sem hafa verið gerðir, sem ég gæti talið upp hér jafnvel óviðbúinn, sem hefur verið samþykktur og undirritaður, en aldrei öðlazt gildi, af því að aldrei hefur nægileg tala ríkja fullgilt samningana. En svo er verið að reyna að láta það líta svo út, að þessi samningur sé eitthvað þýðingarmikill og hafi fengið eitthvað mikið gildi, af því að 33 eða 35 ríki, — nú er hæstv. viðskmrh. kominn, og nú getur hann upplýst það, hvað er hið rétta í því efni, hvort 35 ríki hafa undirritað eða 33. Upplýsingarnar eiga að liggja í viðskiptamálaráðuneytinu og hann á að geta séð það þar, hvort Norðurlöndin öll hafa undirritað eða bara Noregur og Svíþjóð. Á öðrum hvorum staðnum er sagt hér vitlaust frá og rangt farið með, því að þessum plöggum, sem hér hafa verið lögð fram, ber ekki saman, og það er anzi leiðinlegt, að gögnum, sem lögð eru fram samtímis í þinginu, skuli ekki bera saman um svona einfalt atriði eins og þetta, enda þótt það sé ákaflega veigalítið, eins og ég hef sýnt fram á. Það skiptir sem sagt engu máli, hve mörg ríki hafa ritað undir þessa samninga. Það eina, sem máli skiptir, er það, hve mörg ríki hafa fullgilt þessa samninga.

Ríki, sem undirritað hefur slíkan samning, þarf ekki frekar að hugsa um það, það er algjörlega óskuldbundið við að fullgilda þann samning. Það þarf ekki að færa nokkra ástæðu fram fyrir þeirri undanfærslu sinni seinna að fullgilda samninginn. Það er alveg sjálfrátt um það. Þó að Danmörk og Svíþjóð, kannske Noregur, kannske Finnland, — ég veit ekki, hvað er rétt í þessu, — hafi undirritað samninginn, þá felst ekki í því nein skuldbinding af þeirra hálfu um það, að þau muni nokkru sinni fullgilda þennan samning, og það er engin vissa um það, og það veit enginn um það, hvort þau muni nokkru sinni fullgilda þennan samning, og hæstv. viðskmrh. veit náttúrlega ekkert um það frekar en ég, hvort þau muni nokkru sinni fullgilda þennan samning.

En hvers vegna er verið að tala um þetta, að það séu svo eða svo mörg ríki búin að undirskrifa? Satt að segja ofbýður mér ekki þessi tala þeirra ríkja, sem búin eru að undirskrifa, — ég veit ekki alveg nákvæmlega, hve mörg aðildarríki eru að Alþjóðabankanum, en það veit hæstv. viðskmrh. alveg upp á sína tíu fingur og getur upplýst það hér á eftir, en ég hygg, að þau séu talsvert fleiri en 33 eða 35, þannig á jafnvel álitlegur hluti af ríkjunum, sem eru aðilar að Alþjóðabankanum, eftir að undirrita. En höfuðspurningin er þessi: Hvað mörg ríki eru búin að fullgilda þennan samning? Hvers vegna er það ekki sagt? Vill ekki hæstv. viðskmrh. upplýsa það hér á eftir, og vill hann ekki upplýsa, hver þau ríki eru? Ég hef það fyrir satt, að það séu aðeins 4 ríki, — aðeins 4 ríki búin að fullgilda þennan samning, og það séu af eðlilegum ástæðum ríki í Afríku, sem hafa mikla þörf fyrir erlent fjármagn og sækjast af eðlilegum ástæðum eftir erlendu fjármagni, en búa við réttarfar, sem hefur ekki langa reynslu á baki og er kannske ekki öruggt talið, og er þá engin ástæða til fyrir okkur að líta smáum augum á þau ríki, en þetta er staðreynd. Hvers vegna er ekki sagt frá því, hve mörg ríki eru búin að fullgilda þennan samning? Ef það eru nú ekki nema 4 búin að fullgilda, þá getur Ísland að vísu kannske orðið fimmta ríkið. Það getur því tekið dálitinn tíma, þangað til þessi samningur öðlast gildi. Það hefur t. d. verið nefndur mannréttindadómstóllI í þessu sambandi. Hvað skyldi það hafa tekið langan tíma fyrir Evrópuríkin, sem þekkja hvert annað jafnvel og þau gera og þekkja réttarástandið í hverju ríki fyrir sig jafnvel og þau gera, — hvað skyldi það hafa tekið langan tíma að fá þann samning fullgiltan? Það tók 5 ár, frá því að sá samningur var gerður og þangað til hann gekk í gildi, vegna þess að það skorti á tiltekna tölu um fullgildingu á honum. Það þurftu 8 ríki að fullgilda hann, til þess að hann öðlaðist gildi, og það stóð á því 8., og áttunda ríkið var að vísu Ísland. Hann öðlaðist ekki gildi, fyrr en Ísland fullgilti hann, og það tók 5 ár. Og þegar menn líta til þess, þá gæti ég trúað, að það tæki nokkurn tíma, þangað til 20 ríki verða búin að fullgilda þennan samning, sem hér er um að tefla. Að vísu má segja, að ég geti ekkert fullyrt um það. Það er alveg rétt, ég get ekkert fullyrt um það og það getur náttúrlega hæstv. viðskmrh. ekki heldur. En eitt er víst, að það hlýtur að taka talsverðan tíma, þangað til þetta fyrirkomulag er komið í gagnið, þannig að því verði beitt gagnvart gerðardómsákvæði 47. gr., því að samkv. því ákvæði er það skilyrði, að Sviss sé líka búið að fullgilda þennan samning. En nú stendur þannig á, að Sviss er

ekki aðili að Alþjóðabankanum, og þess vegna getur það samkv. ákvæðum í þessum samningi ekki komið til greina með að fullgilda hann, fyrr en 20 ríki eru búin að fullgilda samninginn, þannig að það verður sjálfsagt nokkur dráttur á því, að þessi samningur komi alveg fullkomlega í gildi og verði orðinn bindandi millirikjasamningur. Það verður því nokkuð seint að ætla að sækja rök til hans fyrir gerðardómsákvæði álsamninganna.

Ég hef hér sýnt fram á það, hversu villandi þær upplýsingar eru, sem farið hefur verið með í sambandi við þetta mál að þessu leyti til, að það hefur alltaf verið talað um undirskriftir og hve mörg ríki hafi undirritað samningana, í stað þess að tala um það, sem rétt er, hve mörg ríki hafa fullgilt samningana. Það er algerlega óljóst, hvenær þessi samningur gengur í gildi. En til þess að undirstrika það, að ég fer hér með rétt mál, vil ég bara benda á 67. gr. samningsins annars vegar, sem fjallar um undirskriftirnar, og 68. gr., sem fjallar um fullgildinguna. Það er auðvitað, eins og sjálfsagt er, í þessum samningi greint algerlega glöggt á milli þessa tvenns, og að því vék að vísu hæstv. viðskmrh. áðan, en hann fór ekki út í það að gera grein fyrir því, hver munur væri á undirskrift millirikjasamnings og fullgildingu hans, en það hef ég hér gert, og ég vona, að þeir tali nú meir um fullgildinguna hér eftir heldur en undirskriftina og tali þá jafnan, þegar þeir benda til þessa samnings sem rökstuðnings fyrir ákvæðinu í álsamningnum, um það, hvaða ríki það eru, sem búin eru að fullgilda samninginn.

Ég hef með þessu sýnt fram á, að það er ekki hægt að sækja rök í þennan samning fyrir gerðardómsákvæði í álbræðslusamningunum og að yfirleitt er ekkert samband á milli þessa tvenns, svo að út af fyrir sig mætti ósköp vel samþykkja og fullgilda þennan samning, sem hér liggur fyrir. Hann mundi engu breyta um álbræðslusamningsákvæðin. En hins vegar vil ég segja það, sem ég sagði í upphafi, að þessi samningur er, að því er Ísland varðar, alveg gersamlega þarflaus. Þessi samningur er um fyrirkomulag til lausnar á fjárfestingardeilum, þ. e. a. s. deilum milli aðila, sem hafa lagt fé í fjárfestingar í öðru ríki. Það á að vera samkv. þessum samningi til staðar sáttastofnun og gerðarstofnun, þegar og ef aðilar að slíkum deilumálum semja svo um sín á milli, að þeir skuli leggja málin til sátta eða gerðar hjá þessari alþjóðlegu stofnun En það er ekki nein þörf á því fyrir Ísland að gerast aðili að slíku, og það er af því, að Íslendingar hafa ekki lagt fé í fyrirtæki erlendis. Það eru engar ástæður til þess að ætla það, að þeir muni leggja fé í fyrirtæki erlendis. Út frá því sjónarmiði er Íslandi þess vegna engin þörf á ákvæði sem þessu. Og að því er varðar hina hliðina, að útlendingar kynnu að leggja fé í framkvæmdir hér á landi, er heldur engin þörf á slíkum ákvæðum að því er Ísland varðar. Og það er af því, að það er viðurkennd regla í íslenzkum lögum, að útlendingar, þ. e. a. s. aðrir en íslenzkir ríkisborgarar, njóta alveg fullkominnar eignarréttarverndar hér á landi. 67. gr. stjórnarskrárinnar um eignarréttinn verndar eignir útlendinga alveg með sama hætti og eignir Íslendinga. Hver sá útlendingur, sem hér kynni að vilja fjárfesta, þarf þess vegna engum ótta að vera sleginn um það, að það fé verði af honum tekið, án þess að hann fái fullar bætur þar fyrir. Það segir okkar stjórnarskrá, að hann skuli fá. Hitt er allt annað mál, að löggjöfin getur á ýmsum tíma greitt með misjöfnum hætti fyrir því, að útlendingar leggi fé sitt í framkvæmdir hér á landi. En hafi þeir gert það og gert það með þeim skilyrðum, sem löggjöfin setur á hverjum tíma, njóta þeir alveg fullrar verndar fyrir þær eignir, og er fyllilega óhætt að treysta íslenzkum dómstólum í því efni.

Það er rétt, að viðhorf löggjafans til æskileika á fjárfestingu útlendra aðila getur verið mismunandi. Það er langt síðan það kom fram hér á Alþ., að meiningar manna voru deildar um það efni. Það má jafnvel fara aftur til ársins 1891. Þá byrjuðu fyrst deilur um það hér á landi, hvort það væri æskilegt að fá útlendinga með fjármagn hingað til landsins. Þá voru sumir, sem töldu það varhugavert, að útlendingar eignuðust hér fasteignaréttindi, og það yrði að fara varlega í því efni. Aðrir aftur á móti höfðu það viðhorf, að það væri æskilegt að laða að útlent fjármagn hér til hagnýtingar á auðlindum landsins. Það má segja, að íslenzk löggjöf hafi lengi vel farið bil beggja í þessum efnum, vegna þess að t. d. samkv. l. frá 1919 um eignarrétt og afnotarétt fasteigna var ekki miðað við ríkisborgararétt í þessu efni, heldur var miðað við búsetu, þannig að útlendingar, sem hér voru fast búsettir, nutu samkv. þeim lögum sömu aðstöðu til að eiga hér fasteignir eins og íslenzkir menn. Núna aftur á móti er alveg nýlega með nýsamþykktum lögum frá Alþ. búið að breyta um stefnu að verulegu leyti í þessu efni, þannig að það er búið að þrengja möguleika útlendinga til þess að leggja í fjárfestingu og framkvæmdir hér á landi, vegna þess að meginstefna eftir þeim lögum er sú, að það séu Íslendingar einir, sem hafi án leyfis rétt til þess að eiga hér fasteignir og afnotarétt þeirra, og hlutafélög því aðeins, að yfirgnæfandi hluti hlutafjárins sé í eigu Íslendinga, þannig að það eru út af fyrir sig ekki mikil líkindi til þess, — stefna löggjafarinnar er þannig, að það er ekki ýtt undir eða greitt fyrir því, að erlendir ríkisborgarar eignist hér fasteignir. En ef þeir eignast þær og að öðru leyti þær framkvæmdir, sem þeir kynnu að leggja hér í, og það fé, sem þeir kynnu að eiga hér, nýtur á allan hátt sömu verndar og fé innlendra manna. Þess vegna er engin ástæða fyrir útlendinga til neinnar tortryggni í þessum efnum, og þeir hafa enga ástæðu til að vantreysta íslenzkum dómstólum í þeim efnum. Þeir munu njóta alveg fullkominnar verndar eins og innlendir menn.

Því verður ekki neitað, að það er dálítið annað viðhorf í sumum nýjum ríkjum, sem búa við réttarfar, sem er óstöðugt og ekki þrautreynt, eins og er hér á landi. Þá er það skiljanlegt út af

fyrir sig, að þeir útlendingar, sem leggja þar í fjárfrekar framkvæmdir, vilji áskilja sérstakt fyrirkomulag til þess að leysa úr deilum, sem varða þá fjárfestingu, og þetta er ákaflega vel þekkt fyrirbæri. Deilur út af slíkum efnum hafa risið á undanförnum árum, mjög oft, a. m. k. á þessari öld og kannske eitthvað lengur aftur. Og við hverja er það, sem þær deilur hafa risið? Þær deilur hafa yfirleitt risið við Afríku- og Asíuríki út af fjárfestingu, sem evrópskir aðilar hafa lagt í í þessum löndum. Það hefur oft komið til árekstra út af þessu. Þetta vandamál hefur oft einmitt komið til umr. á alþjóðlegum ráðstefnum. Þess vegna er það út af fyrir sig ekkert óskiljanlegt, að Alþjóðabankinn skuli hafa beitt sér fyrir slíku fyrirkomulagi sem þessu, sem hægt væri að grípa til, ef deila risi á milli þessara aðila, og þeir gætu þá notazt við. En að því er Ísland varðar, er þörfin engin fyrir þetta fyrirkomulag. Og sá gerðardómur, sem hér er um að tefla og upp er settur og um er fjallað í 1. mgr. 47. gr. álsamninganna, er náttúrlega ekki á nokkurn hátt betri út af fyrir sig heldur en sá gerðardómur, sem fjallað er um í 2. mgr. 47. gr. Það er náttúrlega ómögulegt að halda því fram, að sá gerðardómur, sem skipaður er samkv. þessum samningi og er þannig, að hvor aðilinn tilnefnir sinn aðilann og Alþjóðabankinn tilnefni formann, sé eitthvað betri eða öruggari gerðardómur heldur en hinn, sem tilnefndur er samkv. 2. mgr. 47. gr., þar sem hvor aðilinn tilnefnir sinn aðilann, en forseti Alþjóðadómstólsins tilnefnir oddamanninn. Því fer auðvitað fjarri, að það sé hægt að segja, að þessi SID-gerðardómur sé betri eða tryggi meira réttaröryggi. Ég geri ekki mikinn mun þeirra. Ég mundi þó að öðru jöfnu álíta það, að við tilnefningu af hálfu forseta Alþjóðadómstólsins mundi fyrst og fremst höfð í huga lagaþekking og réttaröryggi og hann mundi velja slíkan mann sem oddamann. Þegar aftur á móti forstjóri Alþjóðabankans tilnefnir, gæti verið, að hann hefði hagfræðinga og aðra slíka fyrst og fremst í huga, og það er ekki alveg gefið, að þeir mundu vera eins fastir á svellinu í réttarörygginu og hinir, þannig að það er svo sem, alveg burtséð frá því, hvort þessi álsamningur verður samþ. eða ekki, engin ástæða til þess út af fyrir sig að vera að keppast við það að koma því undir gerðardóm samkv. 1. mgr. 47. gr. Það ætti ekki að ýta neitt á eftir fullgildingu þessa samnings, sem hér liggur fyrir, því að gerðardómssamningur samkv. 2. mgr. er sízt lakari. Annars er ekki svo sem neinn munur á því, það er ekki það atriði, sem ég eða aðrir hafa gagnrýnt, hvernig hinn alþjóðlegi gerðardómur er skipaður. Hann er skipaður á alveg forsvaranlegan hátt, á venjulegan hátt, eins og gerðardómar eru skipaðir. Það er annað, það er þetta að semja svo um, að eitt ríki semji um málefni sín við útlent einkafyrirtæki undir útlendan dóm, alþjóðlegan dóm, skulum við segja. (Gripið fram í.) Ég ætla að koma að olíunni seinna. Hún er ekki gleymd, hún er geymd. En allra helzt þó það, sem ég fyrir mitt leyti hef alveg sérstaklega gagnrýnt. Það er það ákvæði, að það skuli vera samið svo um, að ágreiningsmál við hið íslenzka álfélag, sem er skrásett hér á landi sem íslenzkt hlutafélag, sem sagt er í þessum álsamningum, að skuli lúta íslenzkum lögum, sem skipað er að meiri hl. til íslenzkum ríkisborgurum í stjórn, skuli vera tekið undan íslenzkum dómstólum og ríkisstj. skuli semja þannig um bæði viðskipti sín við það álfélag og viðskipti Hafnarfjarðarbæjar við það álfélag um ófyrirsjáanlegan tíma og viðskipti Landsvirkjunar við það. Ef hæstv. ráðh. vill heyra um olíuna, verður hann að bíða. Það er það, sem fyrst og fremst er athugavert við þessa samninga, sem er í 47. gr. Það er það, sem ég hef viðhaft þau orð um, að ég teldi ekki hægt fyrir fullvalda réttarríki að skrifa undir slíkt. Það er auðvitað mitt mat, aðrir geta haft á því annað mat. Það er einnig sjálft orðalagið á 47. gr., þau ósköp, sem eru sett á pappír, sem mér finnst ekki vera hægt að skrifa undir, eins og það, að það skuli tekin þessi gerðardómsmeðferð, ef ekki verður samkomulag um að leggja málin fyrir íslenzka dómstóla. Allt málið hefði náttúrlega haft annan blæ, ef þetta hefði verið orðað á þverófugan veg, ef það hefði sem sagt verið orðað svo, að málin heyri undir íslenzka dómstóla, nema samkomulag verði um annað hverju sinni. Þá hefði þetta litið allt öðruvísi út, og satt að segja skil ég ekkert í því, að gengið skuli hafa verið frá samningsákvæði svona.

En eitt var það þó, sem hæstv. viðskmrh. vildi telja þessum SID-gerðardómi til gildis fram yfir gerðardóm samkv. 2. mgr. 47. gr., og það var það, að hann sagði, hæstv. viðskmrh., að þegar Sviss væri búið að fullgilda samninginn og ágreiningsmálið gæti farið fyrir þann gerðardóm, væri úrskurður þess gerðardóms aðfararhæfur í hverju samningslandi fyrir sig. Þetta held ég, að hæstv. viðskmrh. verði að athuga betur. Ég er ekki eins sannfærður um það og hann, að úrskurðir þessa gerðardóms séu aðfararhæfir í hverju samningslandi um sig. Og um þetta segir í grg. með stóra málinu á bls. 96, með leyfi forseta:

„Gerðardómsmeðferð samkv. SID-samþykktinni mun m. a. hafa þann kost umfram önnur úrræði, að úrskurðir gerðardómsins yrðu svo til sjálfkrafa aðfararhæfir í öllum aðildarríkjum samþykktarinnar."

Ekki er mér vel ljóst, hvernig sá úrskurður er, sem er svo til aðfararhæfur. Það virðist vanta þarna einhvern herzlumun á. Og það verður kannske ljósara, þegar litið er á bls. 97 í þessum aths., því að þar segir efst:

„Með því er að sjálfsögðu ekki átt við það, að úrskurðurinn verði aðfararhæfur í þessum löndum, án þess að fleira þurfi til að koma."

Ég er nú hræddur um, að hæstv. viðskmrh. þurfi að endurskoða skoðun sína um það, hvort þessi úrskurður er aðfararhæfur eða ekki.

Ég ætla nú að víkja næst nokkrum orðum að ræðu hæstv. viðskmrh. um olíuflutningana, olíuflutningasamningana, en hann er nú farinn einu sinni enn. (**Forseti:** Hæstv. ráðh. hefur farið í símann, sýnist mér.) Ég get þá á meðan aðeins vikið að því og sagt það, að svona milliríkja-

samningar eru, eins og kunnugt er, oft á mjög knúsuðu og erfiðu máli. Það er mikið vandaverk að þýða þá, og þess eru mörg dæmi, að mönnum hafi nokkuð skotizt í því efni. Og til þess að þýða þessa milliríkjasamninga á sæmilegt mál þarf allt í senn, kunnáttu á því erlenda máli, sem þeir eru skráðir á, kunnáttu og smekk á íslenzkt mál og þekkingu á lögum. Því er ekki að neita, að mér sýnast talsverðir agnúar á þýðingu á þessum samningi og það svo í sumum greinum, að það sé varla hægt fyrir Alþ. að láta það frá sér fara í þeirri mynd, sem þeir eru nú. Sumt er það að vísu smekksatriði, og ég skal viðurkenna það, að ég er ekki svo mikill málamaður, að ég geti tekið mér mikið úrskurðarvald í þeim efnum. Þó skal ég aðeins sem dæmi nefna fáein atriði. Ég vil nefna hér á bls. 2., það er kannske smekksatriði, þar sem *er ofarlega í fyrra dálki talað um að hafa það* hugfast, að öðru hverju geta deilur risið upp í sambandi við þetta. Ég nota nú ekki þetta orð „upp" þarna, heldur læt ég nægja „að rísa". Hins vegar heitir það „komið upp", þannig að það mætti að ófyrirsynju falla niður. Ég bendi t. d. á d-lið á 4. bls., þar sem segir, að það skuli „ganga frá samkomulagi við bankann um afnot af starfsemi hans og þjónustu". Ég viðurkenni, að hina hliðstæðu enskusetningu er ekki auðvelt að þýða, en heldur finnst mér óeðlilegt að tala um afnot af starfsemi. Það er dálítið annað, sem átt er við. En þetta eru sem sagt aukaatriði og eins t. d. í 18. gr., þar sem talað er um það, að stofnunin skuli „talin fullgildur lögaðili." Þetta er smekksatriði, ég mundi nota orðið réttaraðili.

Í 25. gr. er talað um aðildarríki, það er nú allt í lagi, „eða einhvers stjórnlagalegs hluta eða stofnunar aðildarríkis". Ég held, að það hljóti að þurfa að finna annað orð yfir það, sem kallað er stjórnlagalegur hluti ríkis, en *það er skýrt svo, að með því sé* t. d. átt við Hafnarfjarðarkaupstað, og á bls. 11 er líka talað um „samþykki stjórnlagalegs hluta". Í 2. mgr. 42. gr. segir: „Eigi er dómnum heimilt að kveða upp non liquet úrskurð". Ég er ekki viss um, að menn hér almennt skilji, við hvað er átt með því. Spurning er, hvort ekki er hægt að notast við „frávísunardóm" yfir þetta. Það er venjulega kallað svo hér. Og svo er það 54. gr., sem ráðh. hefur sennilega stuðzt við, þegar hann áðan var að tala um það, að úrskurðurinn væri aðfararhæfur. Það er að vísu afsakanlegt. Það stendur þarna í íslenzku þýðingunni að „fullnægja með lagaaðför innan landssvæða." En ég dreg mjög í efa, að þetta sé rétt þýðing, og ég held, að það þurfi að athugast.

Ég skal nú ekki fara meira út í þessi atriði. En þá var það að lokum þetta, sem hæstv. ráðh. vék að í sinni ræðu og gerði að aðalinnihaldi hennar, að rökstyðja það, að gerðardómsákvæði þau, sem eru í 47. gr. álsamninganna, væru fyllilega réttlætanleg, af því að þau ættu sér margar hliðstæður, ættu sér hliðstæð ákvæði í mörgum samningum, held ég, að hann hafi orðað það, og það væri fráleitt að vera að tala um það sem skerðingu á fullveldi, þó að menn gerðust aðilar að þessum samningi. Það hefur náttúrlega ekki nokkur lifandi maður talað um skerðingu á fullveldi, þó að Ísland gerðist aðili að þessum samningi. Það er áreiðanlegt, að það skiptir ekki nokkru máli í þessu tilfelli, því að eins og ég hef sagt, hefur þessi samningur ekki í för með sér nokkra skuldbindingu fyrir það, *nema greiða nokkrar fjárgreiðslur. En hann* sagði, hæstv. ráðh., og lagði mikla áherzlu á, að gerðardómsákvæði 47. gr. ættu sér margar hliðstæður í öðrum samningum. Hann gat þó ekki nefnt og nefndi ekki nema eitt einasta dæmi, og það voru olíuviðskiptasamningar við Rússland. Með því eina dæmi ætlaði hann að sanna þessa staðhæfingu sína um það, að gerðardómsákvæði slík sem eru í 47. gr. væru í mörgum samningum, og hann talaði stórt um það, hæstv. ráðh., og sagði, að það væri mjög mörgum mönnum kunnugt um slík ákvæði í öðrum samningum. Ég verð að játa mína fáfræði, að mér er ekki kunnugt um þvílík ákvæði í t. d. samningum, sem Norðurlöndin hafa gert. Ég þekki ekki slík ákvæði í þeim samningum, sem þau eru aðili að. Það má vera, að þau finnist þar, þá bið ég hæstv. ráðh. að benda mér á þá samninga. Það er skylt að hafa það, sem sannara reynist. En það er nú ekki annað, sem ég hef sagt um það, en að ég efaðist um, að slík samningsákvæði væru í samningum nálægra ríkja. Vill hæstv. ráðh. benda á einhverja af þeim samningum þeirra ríkja, sem slík ákvæði eru í, þar sem svo er samið um, að viðkomandi land, t. d. Danmörk eða Svíþjóð, er samningsaðili gagnvart erlendu hlutafélagi, og það er svo fyrir mælt, að ágreiningsmál þau, sem spretta kynnu út af þeim samningi, skyldu lögð fyrir alþjóðlegan gerðardóm, eða það, sem ég fyrst og fremst hef lagt áherzlu á, að svo sé samið um af hálfu einhverra þessara ríkisstj. í þeim löndum, sem okkur eru nálægust, að ágreiningur ríkisins við skrásett félög þar í landinu skuli heyra undir alþjóðlegan gerðardóm? Þeir hafa allt á sínum snærum, þessir hæstv. ráðh. Þeir hafa þekkinguna og þeir hafa starfsliðið, og það er ekki annað fyrir þá en bara finna þessa samninga og benda á þá. Það er ofur einfalt. Þá er það leyst. Þá hafa þeir sýnt fram á það, að ég hafi farið þarna með staðhæfingu, sem hafi gengið of langt, en þeir hafi rétt mál að flytja. Hvers vegna gera þeir þetta ekki? Það mundi leysa málið. Þá þyrfti ekki lengur að vera að deila um þetta. Finni þeir samningana og komi þeir með þá og bendi á, hvar hægt er að finna þá, þá er hægt að sjá, hvor hefur rétt fyrir sér.

Hins vegar hef ég aldrei talað um Rússland í þessu sambandi eða samninga, sem það gerði. En þá þóttist nú hæstv. ráðh. báðum fótum í jötu standa, þegar hann gat farið að tala um olíuviðskiptin við Rússland og það hefði tíðkazt ekki bara í tíð þessarar núv. stjórnar, heldur hefði það tíðkazt í tíð núv. formanns Framsfl. og þáv. viðskmrh., að slíkir samningar væru gerðir. Að vísu var hæstv. viðskmrh. einnig innanborðs á því skipi, sem að þeim samningum stóð. En er það svo einkennilegt, að þessi ákvæði skuli

vera í rússnesku samningunum um olíuna? Í fyrsta lagi gildir nokkuð annað um viðskiptasamninga heldur en aðra samninga. Um viðskiptasamninga eru algildar reglur. Þeir eru gerðir til mjög takmarkaðs tíma yfirleitt, og þeir eru gerðir samkv. venju af utanrrh. eða viðkomandi ráðh., án þess að þeir séu bornir undir þing o. s. frv., þannig að það gilda allt aðrar reglur um þá í sjálfu sér heldur en aðra millirikjasamninga. Og við höfum keypt olíu í Rússlandi. Mér skilst að vísu, að það séu olíufélögin hér á landi, sem raunverulega hafa keypt þá olíu, þó að það sé svo, að rn. sem sagt og ríkið séu að formi til samningsaðili. Hann undraðist það mjög, að þau viðskipti skyldu lögð undir gerðardóm í Rússlandi. Ég vil nú spyrja hæstv. ráðh., hvernig hann heldur, að það sé, ef gerðir eru síldarsamningar um kaup á síld við síldarútvegsnefnd hér á landi og kaupendur væru eitthvað óánægðir með þá síld? Til hvaða dómstóla ætli þeir yrðu að leita, kaupendur þeirrar síldar? Ætli þeir yrðu ekki að leita til íslenzkra dómstóla? Ég hygg það. Reglan er nú sú, þegar um viðskipti er að tefla á milli landa, að sá, sem kröfu ætlar að gera út af þeim viðskiptum, verður að jafnaði að halda sig að dómstólum þess lands, þar sem varan er af hendi látin, þannig að ég get ekki séð, að þetta sé svo ákaflega mikil sönnun í sjálfu sér sem hæstv. viðskmrh. vildi vera láta, þó að það hafi verið samið svo um, að ágreiningsmál út af þessum olíukaupum skyldu úrskurðuð af þar tilgreindum gerðardómi í stað þess að fara fyrir venjulega dómstóla í landinu. En það hefðu viðskiptin væntanlega orðið að fara, ef ekki hefði verið samið svona um.

Sem sagt, þessir olíuviðskiptasamningar eru náttúrlega svo allt annars eðlis heldur en þeir samningar, sem hér er um að ræða, að það er sama aðferð að taka þá til meðferðar í rökræðum um þessi mál eins og það er, þegar einn maður er að tala um a og svo kemur næsti maður og ætlar að svara hans mótbáru varðandi a með því að tala um það, sem á við um b, því að þetta er svo gersamlega ólíkt. En auk þess kemur það til varðandi olíusamningana við Rússland, að þar er um að ræða millirikjasamninga. Utanríkisverzlun Rússlands er í höndum ríkisins, það eru sérstök fyrirtæki að vísu, sem annast um hana, en hún er í höndum ríkisins, og það er einmitt þess vegna, sem út af þeim viðskiptum hafa risið deilur víða um lönd, af því að reglan er sú, að það er ekki talið samrýmast ríkishugtakinu, að það heyri undir dómstóla annars ríkis, og þess vegna hafa Rússar einmitt haldið því fram í viðskiptum sínum, að í viðskiptasamningum, sem þeir gera, sé það ríkið, sem standi að baki þeim. Ég get t. d. bent á bækur um þjóðarétt, þar sem þetta er tekið til meðferðar, þar sem þeir hafa sem sagt neitað að lúta undir venjulega dómstóla í viðskiptalandinu, af því að þetta sé ríkisverzlun. Þetta á ekki bara við um olíu, þetta á við um margs konar viðskipti, utanríkisviðskipti Rússlands. Og þess vegna hefur það verið svo, að inn í viðskiptasamninga Rússa við önnur ríki hefur yfirleitt verið tekið ákvæði um sérstaka dómstólameðferð í þeim viðskiptasamningum, af því að viðsemjendurnir hafa rekið sig á þetta, að fram hjá þessum agnúa urðu þeir að komast. Ég er ekki svo kunnugur því að öðru leyti, hvernig þetta er gert í einstökum atriðum, en ég veit, að þessa spurningu hefur almennt borið mjög víða á góma og hefur leitt til þess, að sérstakt fyrirkomulag hefur verið tekið upp í þessum samningum.

Það fer ekkert á milli mála, og því er haldið stíft fram af Rússa hálfu, að utanríkisverzlunin sé í höndum ríkisins, og þess vegna á ég bágt með að trúa því og trúi ekki öðru, fyrr en þá auðvitað þegar ég sé þessa samninga, sem gerðir hafa verið, en það sé undirritað á þann veg, — þó að það sé eitthvert sérstakt fyrirtæki eða hvað það nú heitir, sem skrifar undir og gerir samninginn, trúi ég ekki öðru en það sé fyrir hönd rússneska ríkisins eða utanríkisverzlunarinnar. Það er rétt að leggja þá samninga fram á borðið. En hvað sem því líður, er þetta tilfelli svo, að þessu er háttað þannig um rússnesku olíuviðskiptin.

Annars ætla ég ekki að fara að ræða hér lengur um olíuviðskiptin við Rússa, enda tel ég, að það skipti ekki nokkru máli í sambandi við þessi gerðardómsákvæði í 47. gr., þegar við ræðum um það, og það verður tækifæri til þess að gera það nánar, þegar álmálið sjálft kemur hér til meðferðar, þá skulu þeir vera búnir að búa sig undir það og finna þá samninga nágrannaríkjanna, sem séu sambærilegir við þessa álsamninga. Það er það, sem um hefur verið deilt. Ég hef aldrei sagt, að það finnist engir slíkir samningar sem þessir. Ég hygg, að slíkir samningar sem þessir hafi verið gerðir. Ég býst við því, að þeir geti komið fram með einhverja fyrirmynd að slíkum samningum. En hvers vegna koma þeir ekki með þær fyrirmyndir? Þær eru, að því er ég bezt veit, ekki frá nágrannalöndum okkar. Þær eru aftur kannske frá öðrum ríkjum.

Já, herra forseti. Ég hef verið nokkuð langorður, en ég hef ekkert samvizkubit af því, af því að hæstv. ráðh. hefur verið svo óstöðugur í sæti, að það hefur tekið lengri tíma þess vegna að flytja það, sem ég vildi hér gera og var aðalefni minnar ræðu, en það var þetta, að ég vildi fyrst og fremst undirstrika, að það verður jafnan að gera glöggan greinarmun á venjulegum millirikjasamningum og því samningsfyrirbæri, sem álsamningurinn er. Það er ekkert athugavert við gerðardómsákvæði í venjulegum millirikjasamningi. Hins vegar er það vægast sagt ákaflega óvenjulegt og að mínu mati lítilsvirðing fyrir íslenzka dómstóla í samningi eins og álsamningnum. Ég hef enn fremur sýnt fram á það, að það verður ekki í þetta frv. og þann samning, sem því fylgir, sótt nein fyrirmynd fyrir ákvæðum í álsamningnum. Að vísu er þar gert ráð fyrir úrskurði, ef svo er um samið sérstaklega á milli ríkis og þegns, og ákvæði um það, að það megi í vissum samböndum skoða innlendan þegn sem útlendan, og það er líklega það ákvæði, sem hér hefur verið haft sérstaklega í huga. En það verður að byggj-

ast á samningum hverju sinni, og ég hef sýnt fram á það, að í þessu frv. og þessum samningi út af fyrir sig felst ekki nokkur skuldbinding fyrir Ísland nema aðeins til þess að greiða kostnaðinn. Ég hef loks sýnt fram á það, að útlendingar njóta alveg fullrar verndar hér á landi fyrir sín eignarréttindi, og þess vegna er engin þörf á því fyrir Ísland að gerast aðili að þessum samningi. Það eru engar líkur á því, að útlendingar, sem hér kynnu að festa fé sitt, þurfi eða vildu leita til þvílíkrar stofnunar, vegna þess að þeir vita, að þeir gætu sótt rétt sinn og fengið hann verndaðan að fullu fyrir íslenzkum dómstólum. Það eru á hinn bóginn engin líkindi til þess, að Íslendingar fari að festa fé erlendis. Þess vegna er þetta náttúrlega alveg þarflaust. Hins vegar er það, eins og ég sagði, að þetta gerir svo sem ekkert til, þó að þetta verði fullgilt, Ísland verði þarna fimmta ríkið. En annars á nú hæstv. ráðh. eftir að upplýsa það og upplýsir það á eftir, hver þau ríki eru, sem eru búin að fullgilda. Svo get ég ekki skilizt við þetta mál án þess að benda á það, að mér fyndist, að alla vega ætti 2. gr. þessa frv. að falla niður, ef samningurinn verður fullgiltur, en þar segir: „Þegar samningur sá, sem ræðir um í 1. gr., hefur verið undirritaður af Íslands hálfu, skulu ákvæði hans hafa lagagildi á Íslandi.“ Ég held, að þetta ákvæði hljóti að vera tekið upp alveg eftir 2. gr. í álsamningnum. Ég sé ekki, að það séu nein ákvæði í þessum samningi, sem séu þess eðlis, að þau eigi að hafa lagagildi á Íslandi, og kemur ekki til greina þegar af þeirri ástæðu, að það eru út af fyrir sig í þessum samningi ekki neinar sérstakar skuldbindingar. Ég held sem sagt, að ef ríkisstj. ætlar að fullgilda þennan samning og láta samþykkja hann á þessu þingi, þurfi að betrumbæta sitthvað í þessu. En ég mundi telja hyggilegast, eða að það mundi ekki skaða, þó að málinu væri nú frestað um eitt ár í viðbót og séð til, hvort ekki bættust við einhver ríki, sem fullgiltu samninginn á því tímabili.

Gils Guðmundsson: Herra forseti. Ég hef ekki hugsað mér að verða fjölorður um þetta mál við 1. umr. og þeim mun síður, þar sem hv. 3. þm. Norðurl. v., sem er sérfróður á sviði þjóðaréttar og stjórnlagafræði, hefur fjallað um þennan samning í ýtarlegri ræðu og komið inn á mörg atriði varðandi hann. En ég taldi þó ástæðu til þess að kveðja mér hljóðs nú þegar við þessa umr., einkum vegna þess, að af hálfu hæstv. ríkisstj. er um að ræða bein tengsl milli framlagningar þessa frv. um heimild fyrir ríkisstj. tli þess að gerast aðili að þeim alþjóðasamningi, sem þar um fjallar varðandi lausn fjárfestingardeilna, og þess samnings, sem nú liggur fyrir Nd. Alþ. um alúmínbræðslu, og fylgisamninga þess máls. Þetta er af hálfu hæstv. ríkisstj. tengt saman, enda er í aðalsamningnum um alúmínbræðsluna, í 47. gr. hans, sem kveður á um alþjóðlega gerð í sambandi við þann samning og fylgisamninga eða ágreining um hann, þar er sérstaklega til þess vitnað, að verði þessi alþjóðasamningur um lausn fjárfestingardeilna fullgiltur, skuli hann hagnýttur í sambandi við ágreining um þau mál.

Ég tel ástæðu til þess að æskja frekari upplýsinga um það, á hvaða stig, ef svo mætti segja, þessi samningur er kominn að því er varðar fullgildingu hans. Það hefur bæði í sambandi við umr. um alúmínmálið og nú af hæstv. viðskmrh. í sambandi við framsögu fyrir þessu máli verið lögð á það nokkur áherzla, að allmörg ríki, 33 eða 35 ríki, eins og hæstv. viðskmrh. sagði, hefðu undirritað þennan samning, og það hefur verið greinilegt, að menn hafa átt að draga þá ályktun af því, hversu rík áherzla var lögð á þessa tölu, 33 eða 35 ríki, sem þegar hefðu undirritað þennan samning, að þess væri þá ekki langt að bíða, að hann hefði verið fullgiltur af nægilega mörgum og gæti þar af leiðandi komið til framkvæmda. En ég vil ítreka það, sem hv. 3. þm. Norðurl. v. spurði að vísu um, — ég vil mjög eindregið ítreka og undirstrika það, að hér er um tvo ólíka hluti að ræða, annars vegar þau ríki, fjölda þeirra ríkja, sem hafa undirritað samninginn, og svo hins vegar það, hversu mörg ríki hafa þegar á lögformlegan hátt fullgilt þennan samning. Og það er algerlega ástæðulaust og engan veginn vansalaust af talsmönnum hæstv. ríkisstj. að gera einhverja tilraun til þess að blanda þessu tvennu saman, sem er algerlega óskylt. Það kemur greinilega fram í þessum samningi sjálfum, að undirritun samningsins táknar í raun og veru ekki annað en það, að tiltekin ríki hafa fallizt á það, að Alþjóðabankinn gerði tilraun til þess að koma á slíkum alþjóðasamningi varðandi fjárfestingardeilur, sem hér er um að ræða, en það er hins vegar greinilega tekið fram í þessum samningi, að hann fær ekkert gildi og getur ekki komið til framkvæmda fyrr en 20 ríki hið minnsta hafa fullgilt hann á þann hátt, sem til er ætlazt, þ. e. a. s. lagt fram lagafrv., sem hefur verið samþ., og gert aðrar þær ráðstafanir, sem kynni að þurfa, í sambandi við sína eigin löggjöf, til þess að slíkur samningur yrði fullgiltur. Og nú vil ég enn spyrja: Hversu mörg ríki eru það, sem þegar hafa fullgilt þennan samning? Það liggur fyrir og á það hefur verið lögð, að ég tel, óeðlilega mikil áherzla og jafnvel í því skyni að varpa ryki í augu manna, að 33 eða 35 ríki hafi undirritað samninginn, en eins og ég áðan sagði, er það allt annar hlutur en hitt að fullgilda hann. En ég vil endurtaka fsp.: Hversu mörg ríki hafa þegar fullgilt þennan samning, og hvaða ríki eru það? Ég hef það fyrir satt, að það hafi verið spurzt fyrir um þetta beint núna fyrir skömmu, um þessa fsp., til Alþjóðabankans og það hafi komið það svar, að 4 ríki, 4 tiltekin Afríkuríki, hafi fullgilt þennan samning og önnur ekki, það séu m. ö. o. 4 nýfrjáls og vanþróuð ríki í Afríku, sem búin séu að fullgilda samninginn, en önnur ekki, ekkert Norðurlandanna og ekkert vestrænt ríki hafi enn sem komið er fullgilt þennan samning. Ég vil sem sagt spyrja, hvort þetta sé rétt, og í því sambandi vil ég spyrja, hvaða ástæður séu til þess, að við flýtum okkur svo mjög með að fullgilda þennan samning, að við þyrftum að verða

fyrstir vestrænna ríkja til þess að gera það. Hvað er það, sem rekur svo mjög á eftir? Er það það frv., sem nú liggur fyrir hv. Nd. um alúminmálið, sem gerir það að verkum, að ástæða þykir til, að við verðum kannske fimmta ríkið til þess að fullgilda þennan samning, þó að ekkert sé um það vitað, hvenær eða hvort nokkurn tíma koma þar til viðbótar þau 15 ríki, sem til þess þurfa, áður en samningurinn fær nokkurt raunhæft gildi og hægt verður fyrir einstök ríki eða einstaka aðila að skjóta þangað málum?

Eins og ég sagði í upphafi, ætla ég ekki nú við 1. umr. að fara að ræða ýtarlega um þetta lagafrv., enda skal ég játa það, að ég hef ekki til að bera þá þekkingu í þeim efnum, sem nauðsynleg væri að því er varðar það, hvernig eðlilegt sé, að slíkir gerðardómar um fjárfestingarmál skuli gerðir. Ég mun þess vegna ekki að svo komnu máli taka beina afstöðu til þess, hvort eðlilegt væri fyrir okkur Íslendinga á sínum tíma að fullgilda slíkan gerðardóm eða ekki. Ég tel hins vegar, að þar sem þetta mál er sótt nú, að því er virðist, af nokkru kappi í sambandi við alúminmálið, sem liggur fyrir Alþ., þá sé ástæða til að gjalda nokkuð varhuga við eða fara sér hægt í þessu efni, og ég get ekki séð, hvað okkur liggur á, meðan svo er háttað, ef það er rétt, sem mér er tjáð, að einungis 4 Afríkuríki hafi nú þegar fullgilt þennan samning og ekkert liggi fyrir um það, hvenær eða hvaða lönd önnur geri það nú á næstunni. Og þó að það sé fjarri mér að ætla að varpa á nokkurn hátt rýrð á þau ríki, sem þegar hafa fullgilt samninginn, hlýtur að læðast að manni sú spurning, hvort þarna sé fyrst og fremst um að ræða ríki, þar sem a. m. k. vestrænir aðilar vefengja með réttu eða röngu, að réttarfar þeirra sé traust og stöðugt, hvort hér sé um að ræða nýfrjáls og tiltölulega vanþróuð ríki, sem kunna að eiga erfitt um vik að ýmsu leyti vegna meðal annars vantrúar á það, að þar sé um að ræða örugg og traust réttarríki. Og sé svo, að aðeins 4 ríki í Afríku hafi þegar fullgilt samninginn, sýnist mér, að okkur liggi a. m. k. ekkert á og það sé engin ástæða til þess að flýta sér að skipa sér endilega í hóp þeirra í þessu efni, þar sem ekki er annað líklegra heldur en að baki því búi, að þau séu að auðvelda sér einhver verkefni og komast yfir þá vantrú, sem kann að vera ríkjandi hjá fjárfestingarstofnunum á því, að þau séu raunveruleg og traust réttarríki. Ég held, að það sé rétt fyrir okkur að doka við og sjá, hvort ekki verður um að ræða á nálægum tíma fleiri ríki, sem tilbúin eru til þess og ákveðin og þegar hafa fullgilt þennan samning, og við þurfum ekki neinna hluta vegna að vera fyrsta Evrópuríkið, sem það gerir.

Ég skal ekki blanda mér í þær umr., sem hæstv. viðskmrh. hóf hér í lok sinnar ræðu, þar sem hann kom að tilteknum viðskiptasamningi, — ég skal ekki blanda mér mikið í þær umr., — en það var greinilegt á hæstv. ráðh., að honum virtist, að hann hefði þar fundið púðrið, ef svo mætti segja, og maður hélt nú fyrst, að hér væri um að ræða einhverja stórfenglega og afgerandi röksemdafærslu, það væri það stórt innlegg í þær deilur, sem hafa orðið um gerðardómsákvæði alúminsamningsins, sem hæstv. ráðh. var þarna með. Hann var svo ábúðarmikill og kampakátur, þegar hann var að skýra frá því, að — mér skildist nú heldur vond ríkisstj., hann tiltók það ekki sérstaklega, sem mun hafa verið hér við völd á árunum 1956—1958, hefði þrívegis til að mynda, viðskmrh. hennar hefði þrívegis undirritað einhvern samning, sem væri afskaplega sambærilegur, skildist manni, við ákvæði 47. gr. í alúminsamningnum, og þó verri, skildist manni á hæstv. ráðh. Það er nú ekkert nýtt, en hins vegar alltaf dálítið broslegt, þegar þeir hv. Alþfl.-menn og sérstaklega Alþfl.-ráðh. eru sérstaklega hneykslaðir á einu og öðru, sem hin svonefnda vinstri stjórn hefur haft á sinni samvizku eða hefur staðið að. Og það er ekki í fyrsta sinn, sem vaknar sú spurning hjá manni: Hvar voru þessir ágætu menn á þeim tíma, þegar vinstri stjórnin starfaði? (**Menntmrh.**: Ég var ekkert hneykslaður á þessu.) Það var þó að heyra, þetta væri þó a. m. k. töluvert lakara heldur en það ákvæði, sem um væri nú að ræða í sambandi við álsamninginn. Það kom að vísu í ljós, að þarna var ekki um að ræða vinstri stjórnina eina, heldur var hér um að ræða ákvæði, sem mér skilst, að hafi verið samið um allt frá 1951 eða 1953. Og þetta bar hæstv. ráðh. síðan saman. Ég skal ekki fara mörgum orðum um þetta, en þó hefði ég viljað telja frá venjulegu leikmannssjónarmiði, að þarna væri um nokkuð ósambærilega hluti að ræða: annars vegar venjulegir viðskiptasamningar, sem eru gerðir kannske til 1—2—3 ára í senn, og það mun vera mjög algengt, að aðilar komi sér þá saman um það, hvernig með skuli fara, ef ágreiningur rís í sambandi við slík kaup og sölur, og það mun vera býsna algengt, að ef ágreiningur rís um til að mynda vörugæði eða annað að því er varðar efndir eða vanefndir seljanda, sé um það fjallað af annaðhvort dómstól viðkomandi ríkis eða gerðardómi, sem aðilar hafi komið sér saman um. En það vil ég svo undirstrika, að þetta er í sambandi við venjulega viðskiptasamninga, og sýnist mér, að þar sé um allt annan hlut að ræða heldur en slíka víðtæka samninga, margbrotna samninga fyrir marga aðila, gerða til áratuga, og það samninga, sem skipta ekki einn aðila, heldur marga. Og í því sambandi vil ég alveg sérstaklega benda á þann mjög einkennilega hlut, að það er fyrirtæki, Ísal, sem þarna er um að ræða annars vegar, en hins vegar gæti verið um að ræða ýmist íslenzka ríkið, Hafnarfjarðarbæ eða Landsvirkjun. Skal þessi félagsskapur, sem er annars kallaður íslenzkt hlutafélag, íslenzkur félagsskapur og nýtur réttinda samkv. íslenzkum hlutafélagalögum, skal hann allt í einu ákvarðast sem svissneskt félag, gagnstætt við það, sem annars er, og í krafti þess, að þetta íslenzka félag skuli undir slíkum kringumstæðum, þegar ágreiningur er um alvarleg atriði, kallast svissneskt félag, þá skal grípa til gerðardómsfyrirkomulagsins. Ég held sem sagt, að þarna hafi hæstv. ráðh. skotið nokkuð yfir markið, verið með hluti, sem eru algerlega ósambærilegir. En um þetta skal

ég ekki fjölyrða meira, og ég hef ekki búizt við því að fara að taka upp varnir sérstaklega fyrir til að mynda vinstri stjórnina gagnvart hæstv. menntmrh.

En að lokum vil ég enn ítreka það, að munurinn á undirskrift slíks samnings sem þessa og fullgildingu er svo stórkostlegur, að því tvennu má alls ekki rugla saman, og ef menn gera tilraunir til þess, hlýtur eitthvað annað að vaka fyrir mönnum heldur en að upplýsa málið. Það er sem sagt sá munur á, að varðandi undirskriftina er ekki í rauninni um neitt annað að ræða en að þau ríki, sem undirskrifa, fallast á, að það skuli athugað, hvort hægt sé að fara þessa leið, en taka ekki á sig neinar skuldbindingar og hafa alla fyrirvara um það, hvort þau fullgilda slíkan samning eða geri það jafnvel aldrei. Þess vegna er aðalatriðið nú að því er varðar það, hvort telja megi rétt, að við Íslendingar förum að hugleiða það, hvort við ættum að fullgilda slíkan samning, það er þetta, hversu mörg ríki hafa þegar fullgilt samninginn, hversu miklar líkur eru til þess, að önnur ríki geri það á næstunni. Hafa einhver Evrópuríki þegar fullgilt samninginn, eða er þar aðeins um að ræða 4 Afríkuríki, eins og fullyrt er, og í því sambandi, sé það rétt, hvað liggur okkur þá á? Er ekki alveg óhætt að bíða, m. a. að fá nokkra endurskoðun á hinni íslenzku þýðingu á texta samningsins, eins og ekki virðist nú vanþörf á? Hv. 3. þm. Norðurl. v. benti á nokkur atriði í því sambandi, og það væri hægt að benda á fleiri, sem sýna, að það væri ástæða til að fara dálítið ýtarlegar út í það að ganga frá orðalagi íslenzkunnar á samningnum.

En að lokum vil ég enn leggja áherzlu á, að ég sé ekki, að okkur geti verið það neitt keppikefli að láta í sambandi við þennan samning, við það, hvernig það ber að, að við fullgildum hann, að láta það verða okkur neitt keppikefli að skipa okkur á bekk með þjóðum, þar sem meðal annarra vestrænir aðilar og þá ef til vill Alþjóðabankinn hafa vefengt eða kunna að vefengja það, að um fullkomið réttaröryggi sé að ræða.

Í því sambandi minnist maður óneitanlega þeirra ummæla, sem höfð voru eftir hinum svissneska forstjóra Swiss Aluminium, sem hér var við að undirrita alúmínsamninginn á dögunum, þar sem hann sagði eitthvað á þá leið, að vegna þess að Íslendingar hefðu ekki gert slíka samninga áður sem þennan og væru óvanir öllum slíkum hlutum, hefði þetta þótt ráðlegt og nauðsynlegt að hafa ákvæði 47. gr. um gerðardóminn. En þetta getur ekki í raun og veru þýtt annað en það, að hann og þeir félagar hans vantreysti Íslandi sem réttarríki. Og ég vil segja, að með því að Ísland leggi á það áherzlu, að Ísland verði e. t. v. fimmta ríkið til viðbótar við 4 nýfrjáls Afríkuríki til þess að fullgilda slíkan samning, er hæstv. ríkisstj. einnig að gefa undir fótinn með þetta sama og taka undir það mat, sem virðist koma fram bæði í þessum ummælum forstjóra hins svissneska fyrirtækis og í rauninni í þeirri samningagerð, sem nú er verið að ræða í hv. Nd.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ég er satt að segja undrandi á því, hversu málflutningur hv. stjórnarandstæðinga, sem talað hafa, er sundurlaus og sjálfum sér ósamkvæmur. Annars vegar er því haldið fram af hálfu þeirra beggja, að þess — — (Gripið fram í.) Ég held nú, að ég lifi það af að hafa ekki heyrt alla ræðu hv. þm. Ég held, að ég hafi heyrt öll meginatriði hennar, en hitt verða hann og forseti og aðrir þdm. að fyrirgefa mér, þó að ég verði að fara til ákveðinna funda í mínu ráðuneyti, funda, sem ákveðnir hafa verið með viku fyrirvara, þó að þingfundur standi yfir. Fjarvist mín var rúmt korter eða tæpar 20 mín., og ég hygg ekki, að það hafi getað haft nein úrslitaáhrif á ræðu hv. þm. Hins vegar þykir mér það leiðinlegt, ef ég ber ábyrgð á því, hve sundurlaus og lítilfjörleg hún í raun og veru var í sinni röksemdafærslu. En nú skal ég koma að því, hvers vegna ég verð að telja málflutning hans og raunar hv. 5. þm. Reykn. jafnsundurlausan og sjálfum sér ósamkvæman og ég gat um áðan.

Annars vegar er því haldið fram af hálfu þeirra beggja, sérstaklega af hálfu Ólafs Jóhannessonar prófessors, að samningurinn, sem hér er til umr., sé í raun og veru mjög lítils verður, það skipti litlu eða engu máli fyrir Ísland, hvort það undirskrifi og löggildi þennan samning eða ekki. Þm. bendir alveg réttilega á það, að engum manni með viti geti komið til hugar, að fullgilding Íslands á þessum samningi tákni nokkurs konar skerðingu á íslenzku fullveldi. Hann hefur alveg réttilega þann skilning á samningnum, að hann er rammasamningur, hann setur upp alþjóðlega stofnun, skipuleggur alþjóðlega málsmeðferð og setur almennar reglur um það hvernig fara skuli með ákveðnar alþjóðlegar deilur. Hann leggur hins vegar engu ríki, sem gerist aðili að honum, þá skyldu á herðar að nota sér stofnanir eða málsmeðferð samningsins. Það er komið undir samkomulagi málsaðila beggja, hvort þeir gera það eða ekki. Þetta eru hins vegar engin rök fyrir því að telja samningsgerðina lítilvæga. Það, sem hér er að gerast, er stórmerkur hlutur í alþjóðarétti og alþjóðasamningum. Það er verið að koma á fót alþjóðastofnun, sem á að hafa það verkefni að fjalla um mál, sem engin alþjóðastofnun hefur hingað til fjallað um. Það er verið að vinna að því að gera samning, sem setja mun reglur um mál, sem fram að þessu í áratugi a. m. k. hafa leitt til vandræða í skiptum á milli ríkja og einstaklinga. Það var sannarlega ekki seinna vænna, að gerð yrði alvarleg tilraun til þess að koma á fót slíkri alþjóðastofnun og koma á slíkum alþjóðasamningi. Hann skyldar engan til þess að notfæra sér þessar reglur eða notfæra sér stofnunina, en hann veitir öllum aðilum heimild til að notfæra sér hana, og árangurinn, sem af þessu hlýzt, er auðvitað sá, að ef þetta allt saman kemst í kring, verður það tryggt, að með hliðstæð deilumál verði farið með hliðstæðum hætti, hvort sem deilumálin koma upp í Evrópu, Asíu, Afríku eða Ameríku eða milli aðila í Afríku og Asíu eða Evrópu og Ameríku.

Og þetta hlýtur auðvitað að teljast mjög mikilsvert. Smám saman hljóta að skapast vissar réttarvenjur sem afleiðing af starfsemi slíkrar stofnunar, sem smám saman leiða til stóraukins réttaröryggis í alþjóðlegum skiptum. En því þarf ég ekki að lýsa, það er kunnara en frá þurfi að segja, að það fer í vöxt, hefur farið stórkostlega í vöxt á undanförnum áratugum og fer enn þá stórkostlega í vöxt á næstu áratugum, að einstaklingar og fyrirtæki eins ríkis festi fé innan vébanda annars ríkis. Þróunin hefur verið í þessa átt í efnahagsmálum heimsins á undanförnum áratugum, og sú þróun heldur áreiðanlega áfram.

Þess vegna tel ég það vera algerlega villandi og rangan málflutning af hálfu hv. stjórnarandstæðinga, þegar þeir gera lítið úr þessum samningi, vegna þess að hann er ekki bindandi. Samningurinn getur sannarlega verið mikilvægur þrátt fyrir það. Stofnun, sem komin er á fót, getur sannarlega verið mikilvæg þrátt fyrir það, þó að hún skyldi ekki neinn aðila til að hagnýta sér þær reglur eða skipulag, sem samningurinn og stofnunin gerir ráð fyrir. Engu að síður halda báðir fast við sinn keip, að það sé algerlega ástæðulaust fyrir Ísland að gerast aðili að þessum samningi, og raunar vara við að gerast aðilar að honum. En þetta er áberandi ósamræmi. Ef menn segja í einu orðinu, að samningurinn sé ómerkilegur og hafi enga þýðingu, hvaða ástæða er þá til að vara svona sterklega við því að gerast aðili að honum? Þetta tvennt getur með engu móti farið saman.

Það, sem mér þykir þó vera óviðkunnanlegast í málflutningi hv. þm., er að gera þessa fyrirhuguðu samningsgerð tortryggilega vegna þess, að hingað til hafa ekki nema 4 svokölluð vanþróuð ríki, svo að þeirra orð séu notuð, svokölluð nýfrjáls ríki í Afríku staðfest samninginn. Það liggur við, að maður verði að láta í ljós, að manni ofbjóði slíkur málflutningur, og það ekki hvað síst þegar hann er viðhafður af hálfu hv. 5. þm. Reykn., sem setur sig sjaldan úr færi til þess, en notar þá allt aðra tegund af orðum, — setur sig sjaldan úr færi til þess að lýsa samúð með frelsisbaráttu hinna áður undirokuðu þjóða, hinum svokölluðu nýfrjálsu þjóðum. Þegar maður les málgagn hans, Þjóðviljann, líður varla svo vika, að þar sé ekki um að ræða hástemmdar, heitar samúðaryfirlýsingar með sjálfstæðisbaráttu þessara ríkja, sem nú eru kölluð nýfrjáls eða vanþróuð, og undirstrikað sterklega og alveg réttilega, hversu sjálfstæðisbarátta þeirra hafi verið réttmæt og sjálfsögð og hversu sjálfsagt sé að styðja þessi ríki í baráttu þeirra fyrir því að tryggja sjálfstæði sitt og treysta efnahag sinn. Ég tel, að ekkert ríki í raun og veru, — ekkert ríki í Evrópu a. m. k., — ætti að hafa ríkari skilning á sjálfstæðisbaráttu hinna svokölluðu nýfrjálsu eða vanþróuðu landa, hvort sem þau eru í Afríku, Asíu eða annars staðar, heldur en einmitt Íslendingar, og þess vegna kemur mér það mjög spánskt fyrir sjónir, þegar um þau er talað beinlínis í niðrandi merkingu, og lögð á það áherzla, að það sé Íslandi til vansæmdar, til beinnar vansæmdar, að Ísland gerist fimmta ríkið til þess að staðfesta slíkan samning á eftir slíkum ríkjum. Það á að vera einhver blettur á Íslandi að verða eitt af fimm í hópi fjögurra nýfrjálsra ríkja. Ummæli þm. verða á engan annan hátt skilin en þennan.

Ég vil, áður en ég greini frá því, hvaða ríki þetta eru, sem hafa þegar staðfest samninginn og hafa undirskrifað, þá vil ég mótmæla harðlega þeim aðdróttunum, þeim beinu aðdróttunum í garð þessara ágætu nýfrjálsu, nýsjálfstæðu ríkja í Afríku um það, að réttarfar þeirra sé að einhverju leyti svo óöruggt, að það sé ástæðan fyrir því, að þau hafa talið sig knúin til þess að flýta sér að staðfesta samninginn, eða að einhverjir aðrir aðilar, einkaaðilar í öðrum stórveldum, hafi krafizt þess, að þau flýttu sér að staðfesta slíkan samning, til þess að unnt væri að festa fé í þessum ríkjum. Þetta eru ummæli, sem eru ósæmileg á Alþingi Íslendinga.

Skv. upplýsingum, sem ég hef frá fulltrúa Norðurlanda í stjórn Alþjóðabankans, höfðu til 17. marz 1966 eftirfarandi fjögur ríki fullgilt samninginn: Nígería gerði það 23. ágúst 1965. Máretanía gerði það 11. jan. 1966, Fílabeinsströndin gerði það 16. febr. 1966. Mið-Afríkulýðveldið gerði það 23. febr. 1966. En svo að segja í hverjum hálfum mánuði nú, eða a. m. k. í hverjum mánuði bætast við ríki, sem ýmist fullgilda samninginn eða undirskrifa hann. Hér hef ég skrá yfir þau ríki, sem hafa undirskrifað samninginn, en það eru 35 ríki. Þegar frv. um álsamninginn var lagt fyrir Alþingi, það var eldra, það var gengið frá því, áður en gengið var frá þessu frv., þá höfðu 33 ríki staðfest samninginn. Þess vegna stendur talan 33 um undirskriftaraðila í frv. með álsamningnum. Síðan það frv. var lagt fram, þær upplýsingar voru miðaðar við 9. febrúar, en síðan eða til 16. marz hafa tvö ríki undirskrifað samninginn, Grikkland og Kýpur. Ég sé ekki ástæðu til að lesa allan þennan lista yfir þessi 35 ríki, en bendi á, að meðal þeirra eru Bretland, sem undirskrifaði í maí 1965, Bandaríkin, þau undirskrifuðu í ágúst 1965, Japan, sem undirskrifaði í sept. 1965, Sviþjóð, sem undirskrifaði í sept. 1965, Lúxemborg einnig í sept., Danmörk í okt., Ítalía í nóv., Belgía í des., Frakkland seinna í des. og Þýzkaland í janúarmánuði 1966. Því miður slæddist sú villa inn í grg. álfrv., að meðal þeirra 33 ríkja, sem þá höfðu undirskrifað, væru öll Norðurlöndin. Aðeins tvö Norðurlandanna hafa þegar undirskrifað, þ. e. a. s. Sviþjóð og Danmörk, en málið er komið fyrir finnska þingið, það er komið þegar til meðferðar í finnska þinginu, og verið er að undirbúa að leggja málið fyrir norska þingið.

Hv. 3. þm. Norðurl. v. gerði mikið úr, að það væri með öllu óvíst, að þau ríki, sem hefðu undirskrifað samninginn, mundu fullgilda hann. Hv. þm. veit án efa jafnvel og ég, að þegar um t. d. þau Evrópuríki, sem ég nefndi áðan, er að ræða, þá mundi ríkisstj. ekki detta í hug að undirskrifa samninginn, nema því aðeins að hún hefði þá ákveðnu fyrirætlan að leggja samninginn fyrir hlutaðeigandi þing og fá hann

samþykktan þar, ef ekki yrðu stjórnarskipti í millitíðinni. Þetta getur hver maður með fullu viti sagt sér, að þannig eru málavextir. Auðvitað getur enginn tryggt það, að ekki verði stjórnarskipti í millitíðinni og önnur stjórn kunni að líta öðruvísi á. Hitt er annað mál, og það vita líka allir og hv. þm. enn þá betur en ég, að málsmeðferð í löggjafarþingum lýðræðisríkjanna er mjög seinvirk og það getur tekið langan tíma að fá fullgildingu á jafnvel einföldustu samningum, eins og þessi í raun og veru hlýtur að teljast. Enn fremur er mikið misræmi í málflutningi, þegar annars vegar er sagt: Þessi samningur hefur litla þýðingu, hann er ekki bindandi, skiptir í raun og veru afskaplega litlu máli, — að láta sér þá detta í hug, að ríki, sem hafi undirskrifað samninginn, mundi hverfa frá því að leggja hann fram til fullgildingar, eða þingið mundi hverfa frá því að fullgilda hann. Það er ekki heil brú í þessum málflutningi. Ef hér væri um að ræða einhvern mjög stórkostlegan milliríkjasamning eða mjög stórkostlega alþjóðastofnun, sem fengi völd, víðtækt gerðardómsvald eða eitthvað því um líkt, þá gæti maður skilið, að það ættu eftir að verða stórdeilur um málið, þannig að ekki væri víst, hvort undirskrift ríkisstj. þýddi raunverulega staðfestingu, en þegar þm. hafa verið að segja: Þetta er litilfjörlegur samningur í raun og veru, — hvaða skynsamleg ástæða er þá til þess að ætla, að undirskrift ríkisstj. þýði ekki líka staðfestingu þess meiri hluta á þingi, sem styður ríkisstj.? Hér er í raun og veru um svo barnalegan málflutning að ræða, að mig furðar á jafnreyndum þingmönnum og hér er um að ræða að gera þetta að verulegu atriði í málflutningi sínum.

Ástæðan til þess, að það er æskilegt, mjög æskilegt, vildi ég segja, að Ísland staðfesti þennan samning nú, er einfaldlega sú, að við erum einmitt núna að fjalla um samning milli íslenzka ríkisins og erlends einkaaðila. Það hlýtur að vera sjálfsögð ósk af hálfu Íslands, að um deilu út af þeim samningi sé farið að sem mestu leyti eftir alþjóðlegum reglum og alþjóðlegum venjum. Það þarf engum að koma það á óvart, að í slíkum samningi sem þessum milli íslenzka ríkisins og erlends einkaaðila þurfi að vera gerðardómsákvæði. Það þarf að vera gerðardómsákvæði, undan því er ómögulegt að komast og mikil spurning, hvort rétt væri að sækjast eftir því að komast undan því. Það er í alla staði eðlilegt, enda fjölmörg dæmi um það önnur, að einmitt í slíkum samningum milli ríkis og erlends einkaaðila séu gerðardómsákvæði. Og þá er auðvitað sjálfsagt, — ég tala einungis frá íslenzku sjónarmiði, — þá er auðvitað sjálfsagt, að þessi gerðardómsákvæði séu sem almennust, séu sams konar og ákvæði í öðrum deilum, að tryggja það, að úrskurðir verði í sem nánustu samræmi við þær venjur, sem eru að myndast á alþjóðlegum vettvangi. Það er tryggt í samningnum, að dómurinn á að dæma eftir íslenzkum lögum og alþjóðlegum reglum.

Hv. 3. þm. Norðurl. v. sagði, að hann hefði ekkert við samsetningu gerðardómsins að athuga skv. þessu frv. Það er einmitt þess vegna, að ég er honum alveg sammála, að við höfum ekkert við hann að athuga. Þess vegna hefur Ísland einmitt viljað, að þetta skipulag gilti í gerðardómsmálum út af þessum samningi. Ég vil segja, að það hafi viljað svo vel til, að um sama leyti og við Íslendingar erum að semja við svissneska álfélagið, þá er alþjóðahreyfing í gangi í þá átt að koma upp alþjóðlegri stofnun til þess að fjalla um þau deilumál, sem kunna að geta komið upp milli íslenzka ríkisins og hins erlenda einkafyrirtækis.

Ég skil ekki þá menn, sem mundu telja betra að hafa einfalt gerðardómsákvæði í samningunum en að hafa ákvæði, sem tryggir málsmeðferð skv. alþjóðasamningi og alþjóðareglum, sams konar málsmeðferð og augljóst er, að mikill meiri hluti helztu aðila heimsverzlunarinnar ætla sér að samþykkja. Er hægt að tryggja íslenzka hagsmuni betur en að sjá svo um, að með hugsanleg deilumál milli íslenzka ríkisins og erlendra einkafyrirtækja sé farið eftir sömu reglum og á sama hátt og öll helztu aðildarríki heimsviðskiptanna telja eðlilegt í slíku tilfelli? Það er auðvitað af þessum sökum, sem Íslendingar grípa það fegins hendi að gerast aðili að þessari nýju alþjóðastofnun, að þessum væntanlega alþjóðasamningi, í stað þess að þurfa að hafa einfalt gerðardómsákvæði í samningnum, sem eingöngu tæki til íslenzka ríkisins og hins erlenda einkafyrirtækis.

Þetta eru mjög einfaldar staðreyndir í sambandi við málið.

Báðir hv. ræðumenn gerðu nokkrar tilraunir, en þó ekki alvarlegar og satt að segja mjög veikburða, til þess að bera á móti því, sem ég hafði sagt í ræðu minni, að samningur iðnmrn. við svissneska álfélagið væri hliðstæður samningi viðskmrn. við sovézka olíusölufélagið um olíuviðskipti. Þeir gátu þó auðvitað ekki borið á móti því, að í báðum tilfellum er um gerðardóm að ræða, í báðum tilfellum er íslenzka ríkið aðili að samningunum. Íslenzka ríkið er aðili að samningunum í báðum tilfellunum, og gagnaðilinn er ekki ríkisvald, er ekki ríki, heldur viðskiptafyrirtæki. Í báðum tilfellunum er gagnaðilinn ekki ríki, heldur viðskiptafyrirtæki. Að þessu leyti eru tilfellin algerlega sambærileg. (Gripið fram í.) Ég kem að því hér á eftir einmitt. — Hér er ekki um það að ræða, að fyrirtæki sé að semja við fyrirtæki. Í slíkum samningum er mjög algengt, að um ýmiss konar gerðardómsákvæði sé að ræða. T. d. í samningum Sölumiðstöðvarinnar og S.Í.S. við Prodintorg í Moskvu eða innflutningsfyrirtæki í Varsjá og Prag er um margs konar gerðardómsákvæði að ræða, — ég hef þau hér hjá mér, ég vitna ekki til þeirra, vegna þess að það er auðvitað ekki sambærilegt. Samningar eins fyrirtækis við annað fyrirtæki eru auðvitað ekki sambærilegir því, sem hér er um að ræða. Hér er ekki heldur um samninga ríkis við ríki að ræða. Það var eina haldreipi hv. 3. þm. Norðurl. v., Ólafs Jóhannessonar prófessors, að hann vildi staðhæfa, að samningur íslenzka viðskmrn. við rússneska olíusalann sé raunverulega samningur við rússneska ríkið og

þess vegna væri þetta ekki sambærilegt. Ég greip fram í fyrir honum og sagði, að þetta væri misskilningur, en hann bað um sannanir fyrir slíku. Á sönnuninni held ég hér í höndunum, þar sem er frumrit nýjasta olíusamningsins við Sovétríkin, og þar segir á bls. 10, í 12. gr., hverjir séu samningsaðilarnir. Hvergi í samningnum er þess getið, að þeir tveir, sem undirskrifa sem seljendur f. h. hins rússneska olíuútflutningsfyrirtækis, undirskrifi fyrir hönd ríkisins eða með neinu öðru umboði en sem forstjórar þess fyrirtækis, sem hér er um að ræða. Þessar 10 blaðsíður samningsins má lesa allar, og það kemur ekkert fram annað, eins og ég raunar staðhæfði í ræðu minni og vissi með fullkomnu öryggi, að hið sovézka útflutningsfyrirtæki er sjálfstæður réttaraðili, sem selur án umboðs eða heimildar frá viðskiptamálaráðuneyti, utanríkisráðuneyti eða nokkru öðru ráðuneyti í ríkisstjórn Sovétríkjanna. Allar mótbárur hv. 3. þm. Norðurl. v., sem byggðar voru á þessu, eru því fallnar alveg um sjálfar sig. Olíusamningurinn er ekki samningur ríkis við ríki, hann er samningur íslenzka ríkisins við sovésk útflutningsfyrirtæki, og það er þess vegna, að hann er nákvæmlega hliðstæður samningi iðnmrn. við svissneska álfélagið.

Þegar svo samningarnir eru bornir saman, kemur í ljós, að í samningnum við svissneska álfélagið er um að ræða alþjóðagerðardóm, sem á að dæma eftir íslenzkum lögum og alþjóðareglum, en í olíusamningnum við rússneska olíuútflutningsfyrirtækið er um að ræða sovézkan gerðardóm, sem á að dæma eftir sovézkum reglum. Ég skil ekki í, að nokkrum manni með óbrjálaða dómgreind geti blandazt hugur um það, að auðvitað er betra fyrir íslenzka hagsmuni að láta deilur út af fjárfestingu eða viðskiptum koma til úrskurðar hjá alþjóðagerðardómi, sem dæma á eftir íslenzkum reglum, íslenzkum lögum og alþjóðareglum, heldur en eftir erlendum gerðardómi, sem á að dæma eftir eigin reglum. Það þarf meira en lítið brjálaða dómgreind til þess að skilja ekki, að það fyrra er betra fyrir íslenzka hagsmuni. Það, sem er í álsamningnum, er betra en það, sem er um þetta efni í olíusölusamningnum.

Hitt er annað mál, að það er alger misskilningur hjá hv. 5. þm. Reykn., að ég hafi verið hneykslaður á olíusamningnum eða hneykslaður á hv. fyrirrennara mínum, Lúðvík Jósefssyni, fyrir að hafa gert þennan samning, eins og hans fyrirrennari hafði gert og eins og ég hef gert sem eftirmaður hans. Það sagði ég aldrei. Ég gagnrýndi vinstri stjórnina ekki neitt fyrir það að hafa gert samninginn og það af þeirri einföldu ástæðu, að ég veit, að það var skilyrði af hálfu Sovétríkjanna, þegar samningurinn var fyrst gerður, að þetta gerðardómsákvæði væri í samningnum, og ég tel þá hagsmuni, sem um er að ræða við gerð þess samnings, svo stórkostlega, að mér kom ekki til hugar að mæla með því að setja þetta gerðardómsákvæði fyrir sig, þó að það sé íslenzkum hagsmunum óhagstæðara en það gerðardómsákvæði, sem er í álsamningnum.

Ég er alveg sammála þeim fyrsta viðskmrh., sem gerði samninginn 1953, — ætli það hafi ekki verið Ingólfur Jónsson, — og sammála því, sem Lúðvík Jósefsson gerði á vinstristjórnarárunum, og þarf ekki að taka fram, að ég gagnrýni ekki það, sem ég hef sjálfur gert síðan 1959, — ég hefði ekki gert það, ef ég teldi ástæðu til þess að gagnrýna það. Um annað var ekki að ræða, og ég óttast slík gerðardómsákvæði ekki svo mjög, jafnvel þótt um sovézkan gerðardóm sé að ræða, þar eð reglurnar, sem hann fer eftir, eru þekktar. Ég sé enga ástæðu til þess að vantreysta þeim gerðardómi svo mjög, að það hefði átt að láta samningsgerðina stranda á þessu atriði. Ég hneykslaðist því ekki á vinstri stjórninni, alls ekki á Lúðvík Jósefssoni á þeim árum, né heldur á Hermanni Jónassyni, sem þá var dómsmrh., eins og ég benti á áðan. Ég hneykslast á þeim núna. Nú hneykslast ég á þeim fyrir það, að þeir skuli gagnrýna jafnsterklega og með jafnhörðum orðum gerðardómsákvæði í öðrum samningi, sem eru sýnu hagstæðari en þau gerðardómsákvæði, sem þeir sjálfir hafa ýmist stutt beinlínis, beinlínis gert, staðið að, en hins vegar látið óátalin í þrettán ár. Það er ekki ég, sem hef verið að bregðast vinstri stjórninni, eins og hv. 5. þm. Reykn. var að gefa í skyn, það er ekki ég, sem var að afneita henni, það eru Lúðvík Jósefsson og Hermann Jónasson, það eru Eysteinn Jónsson og Hannibal Valdimarsson, sem eru að afneita gerðum sínum í vinstri stjórninni með sinni hörðu og ósanngjörnu gagnrýni á gerðardómsákvæðið í álsamningnum.

Ég held, að með þessu hafi ég vikið að því, sem máli skiptir í ræðum þeirra tveggja málsvara stjórnarandstöðuflokkanna, sem talað hafa, og tel í raun og veru, að öll málsatriði í sambandi við þann samning, sem hér liggur fyrir, séu að fullu upplýst, hafi að fullu upplýstst í þessum umr. Ég vil því að síðustu aðeins endurtaka, að ég tel það ótvírætt vera í þágu íslenzkra hagsmuna, að Alþingi fullgildi þennan samning, til þess að von geti verið til þess, að hugsanlegar deilur milli íslenzka ríkisins og svissneska álfélagsins fái þá réttarmeðferð, sem þessi samningur gerir ráð fyrir, sem þessi samningur veitir Íslandi rétt til þess að hagnýta sér.

Gils Guðmundsson: Herra forseti. Það, sem kom mér til þess að kveðja mér hljóðs aftur, voru fyrst og fremst þau ummæli hæstv. viðskmrh., sem hann viðhafði um það, sem ég sagði varðandi hin fjögur nýfrjálsu ríki, sem nú er upplýst, að þegar hafa fullgilt samninginn. Hæstv. ráðh. hafði um það stór og þung orð, að ég hefði í ræðu minni hér áðan talað þannig um þessi ríki, að ég hefði farið um þau mjög niðrandi og ósæmilegum orðum. Þessu vil ég mótmæla og mótmæla harðlega. Ég tel, að hæstv. ráðh. hafi enga heimild til þess að ályktа slíkt af þeim orðum, sem ég viðhafði. Hann vildi láta líta svo út sem ég hefði talað um þessi fjögur ríki, kallað þau nýfrjáls ríki í eitthvað niðrandi merkingu, en það sem ég átti við og það sem ég fullyrði, að ég hafi sagt, var þetta, að það kunna að vera sérstakar ástæður hjá

þessum ríkjum, sem valda því, að þau hafa nú þegar fullgilt þennan samning. Það eru þær ástæður, að það er við margvíslega örðugleika að etja, og það er ekkert launungarmál, að m. a. er þar við þá erfiðleika að etja, að ýmsar vestrænar stofnanir, jafnvel vestrænar þjóðir, hafa vissa vantrú á réttarfarinu í þessum ríkjum, og það var ekkert annað, sem ég sagði. En það var síður en svo, að ég færi nokkrum óvinsamlegum eða niðrandi orðum um þau ríki, sem þarna var um að ræða. Það, sem ég sagði, var aðeins þetta, að vissir vestrænir aðilar hafa sýnt það bæði fyrr og síðar, að þeir hafa vantrú enn sem komið er á þessum ríkjum og vita, að þau eiga við mikla örðugleika og eðlilega örðugleika að stríða, meðan þau eru að rísa á legg, og að það var einmitt eitthvað svipuð vantrú, sem okkur finnst að hafi komið fram og komi fram að því er Ísland varðar og réttaröryggi á Íslandi m. a. í þeim ummælum, sem oft hefur verið til vitnað og formaður eða fulltrúi svissneska alúmínfélagsins lét falla hér í viðtali við blaðamenn á dögunum og í rauninni skín út úr þeim samningi, sem liggur nú fyrir hv. Nd. um álmálið.

Ég var satt að segja dálítið hissa á hæstv. ráðh., að hann skyldi hafa þau orð, sem hann hafði, um ummæli mín varðandi þau fjögur Afríkuríki, sem þegar hafa sótt um aðild að samningnum, því að ég gaf honum ekkert tilefni til þess. En mér sýnist, að þetta sé eitt með öðru dálítið sýnishorn af því, að hæstv. ráðherrar eru farnir að verða dálítið taugaveiklaðir þessa dagana. Það er ekki laust við það. Og annað dæmi um það er það, sem komið hefur fram hvað eftir annað hjá hæstv. ráðherrum, fleiri en einum, og hæstv. viðskmrh. heldur áfram að stagast á, það eru tilraunir til þess að láta líta svo út, að það sé eitthvert stórt atriði í þessum efnum, jafnvel meginatriði, hversu mörg ríki hafa nú þegar undirskrifað þennan samning, sem hér er um að ræða. Það er þrástagazt á því og jafnvel reynt að láta líta svo út, að það sé nokkurn veginn það sama eða jafnvel alveg það sama og að fullgilda samninginn, það hljóti að koma þegar á eftir. Þó að milli 30 og 40 ríki hafi þegar undirskrifað þennan samning og einhver séu að bætast við að því er það varðar þessar vikurnar, þá liggur það fyrir og er viðurkennt af hæstv. ráðh., að einungis fjögur ríki, tiltekin ríki, sem hann hefur nú nefnt, hafa fullgilt samninginn, og þess vegna segi ég: Hvað liggur okkur á að verða fimmta ríkið í því sambandi? Hvers vegna þurfum við að vera fyrsta ríkið á Norðurlöndum, sem fullgildir þennan samning? Hvers vegna fyrsta Evrópuríkið, sem gerir það? Er nokkur ástæða til þess að flýta sér svo mjög, að ekki gefist gott tóm til þess að athuga þetta mál og þýða a. m. k. samninginn á sómasamlega íslenzku?

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Ég skal ekki þreyta hv. þdm. og því síður hæstv. ráðh. á mjög langri ræðu í þetta skipti, enda kvartaði hann yfir því, að mín fyrri ræða hefði verið sundurlaus. Það er ekki mitt að dæma um það. En hitt er rétt, að það kom fram af hans svarræðu, að honum veittist heldur erfitt að svara þeim rökum, sem ég hafði borið fram í minni ræðu, og satt að segja held ég, að það hefði farið betur á því hjá ráðh., að efnið hefði verið öllu meira, en hávaðinn minni í hans ræðu.

Hann var undrandi á því, að við, sem teldum samninginn lítils virði, værum þó á móti honum, og hafði orð um það, að það hefði verið farið ósæmilegum orðum og niðrandi um þau ríki, sem þegar hefðu fullgilt. Nú tók ég það alveg sérstaklega fram í minni ræðu, að það væri síður en svo ástæða til fyrir okkur að líta niður á þessi Afríkuríki, en af þessu hefur ráðh. að sjálfsögðu misst vegna sinnar fjarveru.

Hæstv. ráðh. viðurkenndi, að í þessum samningi fælist ekki nein skuldbinding til þess að leggja neinar deilur fyrir þann gerðardóm, sem settur verður upp með þeim samningi. En hann vildi samt telja, að hann væri mikils virði. Hann sagði: Það er vitað, að deilur hafa oft risið einmitt út af fjárfestingu erlendra aðila í ýmsum ríkjum og af því hafa stafað vandkvæði, en það hefur ekki verið til nein stofnun, sem leyst gæti úr þeim deilum. — Þetta er að nokkru leyti rétt, en ekki að öllu. Það er alveg rétt, að það hafa oft risið deilur út af slíkri fjárfestingu, og að sjálfsögðu hefur vandkvæði getað leitt af þeim deilum. Hins vegar er það ekki alls kostar rétt, að það hafi ekki verið til neinar stofnanir, sem hafi getað leyst úr þeim deilum. Fasti milliríkjagerðardómurinn hefur verið til allar götur frá 1899. Til hans hafa auðvitað þau ríki, sem hafa verið aðilar að samþykktum, getað leitað um úrlausn á ágreiningi slíkum sem þessum, ef þau hafa komið sér saman um það. En þó að þessi samningur verði gerður og fái gildi um þennan gerðardóm, þá geta eftir sem áður alveg eins risið vandkvæði af deilum, sem stafa af slíkri fjárfestingu, vegna þess að það er eftir þessum samningi engin trygging fyrir því, að þau ríki sem hlut eiga að máli, og þeir aðilar, sem eiga hlut að fjárfestingardeilum, semji um það að leggja þá fjárfestingardeilu fyrir þennan gerðardóm. Það er allt eftir sem áður opið, það er allt undir framkvæmdinni komið. Þar erum við, ég og hæstv. viðskmrh., náttúrlega jafnófróðir og vitum ekki, hver framkvæmdin verður í því efni, og um það verður ekki sagt. En auk þess og í sambandi við það, sem hæstv. viðskmrh. var að tala um og gera mikið úr þeirri þýðingu, sem þessi gerðardómur mundi hafa umfram aðrar stofnanir, sem hingað til hafa verið til, er enn fremur þess að gæta, að vald þessa gerðardóms, jafnvel í þeim tilfellum, þar sem samið verður um að leggja fjárfestingardeilu fyrir hann, er takmarkað. Það er takmarkað aðeins við það, sem kallað er lagalegar deilur, en það er hugtak í þjóðarétti, og utan við þær lagalegu deilur, sem þar eru kallaðar og „definerðar" sem slíkar, getur verið um margvíslegan ágreining að ræða, og ekki gæti sízt reynt á slíkan ágreining í sambandi við fjárfestingu. Sá ágreiningur liggur allur utan við valdsvið þessa gerðardóms, þó að til komi. Þó að þessi samningur verði fullgiltur, þá er allt opið í annan endann. Þessi stofnun er þá að vísu til, og það er nokkurs virði, og ríki geta þá, ef þau vilja, samið um það að leggja mál fyrir

hana. En þeim er það alveg frjálst. Aðilar, sem hafa fullgilt samninginn, eru ekki á neinn hátt skuldbundnir til þess. Það er því ekki mikil trygging fyrir því, að þessi stofnun beri mikinn árangur, en eins og ég sagði skal ég litlu spá um það. En það, sem ég lagði áherzlu á í minu máli og rökstuddi það með, að þessi stofnun væri þarflaus fyrir Ísland, voru þær ástæður, að hér þyrftu útlendingar ekki á neinni sérstakri vernd að halda vegna fjárfestingar sinnar, af því að þeir nytu að öllu leyti í því tilliti sömu réttarverndar og Íslendingar, og á hinn bóginn, að það væru ekki minnstu líkur fyrir því, að Íslendingar færu að fjárfesta fé annars staðar. Það voru þessi atriði, sem ég lagði höfuðáherzluna á og gerðu samninginn þarflausan fyrir Ísland. Það er af því, að útlendingar njóta hér alveg fullrar réttarverndar, og það er ekki ástæða til að ætla, að Íslendingar fari að leggja í slíka fjárfestingu annars staðar, að þeir muni þurfa að halda á slíkri stofnun sem þessari.

Það er af þessum ástæðum fyrst og fremst, sem ég taldi þennan samning þarflausan fyrir Ísland. Ég legg engan dóm á það, hvort það er mikils virði eða lítils virði fyrir aðrar þjóðir, þær verða að gera það upp við sig. Ég læt það alveg eiga sig. Ég met málið aðeins út frá íslenzku sjónarmiði.

Þá sagði hæstv. ráðh., að úr því að við værum þessarar skoðunar, að samningurinn væri svona lítils virði fyrir Ísland, hvaða ástæða væri þá til þess að vera að amast við honum eða vara við honum? Ég vil snúa þessu alveg við. Ég vil segja: Þeir, sem halda því fram, að við eigum að gerast aðilar að slíkri stofnun, það er þeirra að sýna fram á ástæðurnar fyrir því og nauðsynina á því. Það er þeirra að sýna fram á það. Það hafa þeir ekki getað gert, því að hann hefur ekki hrakið eitt einasta atriði, sem ég sagði um þetta efni, um horf íslenzkra dómstóla gagnvart útlendingum.

Það er upplýst í málinu og viðurkennt af hæstv. ráðh., eins og vænta mátti, að það hafa ekki nema fjögur ríki fullgilt samninginn. Það er hins vegar upplýst, að hið rétta sé, að 35 ríki hafi undirskrifað, þar af séu að vísu ekki nema tvö Norðurlandaríkjanna. Þessar upplýsingar eru því rangar í álsamningsgreinargerðinni, og er það nú raunar furðulegt að geta ekki haft slíkar staðreyndir eða upplýsingar réttar, sérstaklega þegar tillit er tekið til þess, að þessu frv. var, að ég ætla, útbýtt á undan álsamningnum, þannig að það er mjög furðulegt.

Auðvitað varð hæstv. viðskmrh. að viðurkenna það, að undirskrift samnings skuldbindi ríki ekki að lögum til þess að fullgilda hann, enda er það vitað mál, að ríki er það algerlega í sjálfsvald sett, hvort það fullgildir þann samning, sem það hefur undirritað, t. d. í ráðstefnulok einhvers staðar eða því um líkt. Og það er alls ekki rétt, sem ráðh. vildi halda fram, að það heyrði undantekningum til, að ríki fullgiltu ekki samning, sem þau hefðu undirskrifað, a. m. k. nema stjórnarskipti hefðu orðið í því landi. Um þetta mætti miklu frekar segja, að það væri daglegur viðburður, að ríki, sem undirskrifað hafa samning, fullgildi hann ekki. Það eru margir alþjóðasamningar, sem hafa verið gerðir, samþykktir og undirskrifaðir á sínum tíma, en hafa aldrei verið fullgiltir af nægilegri tölu ríkja og þess vegna aldrei öðlazt gildi sem millirikjasamningar. Ég get nefnt ótal dæmi um það, t. d. má nefna samning á Haagráðstefnu 1930 um ríkisborgararétt, hann hefur aldrei verið fullgiltur. Það má nefna samning, sem gerður var á Haagráðstefnu 1907 um alþjóðlegan áfrýjunardómstól í vissu máli. Hann hefur aldrei verið fullgiltur eða öðlazt gildi. Það má nefna samning, sem gerður var á Genfarráðstefnunni 1958, samning, sem snertir hagsmuni okkar Íslendinga varðandi vísindalega verndun fiskstofna utan við landhelgi. Mér er ekki kunnugt um, að við Íslendingar höfum t. d. fullgilt þann samning. Þannig mætti nefna mýmörg dæmi þess, alveg fjöldamörg dæmi.

Hins vegar er það náttúrlega út af fyrir sig ákaflega ófrjótt, að við séum að deila um það, við hæstv. viðskmrh., hvenær 20 ríki muni hafa fullgilt þennan samning eða ekki. Við vitum báðir jafnlítið um það, og úr því verður bara reynslan að skera. Ég hef þá trú, að það dragist kannske eitthvað, en hann heldur, að þetta muni ske fljótt. Ég tel það ekki í sjálfu sér miklu máli skipta. En eins og ég sagði áðan, þá gerði hann allt of mikið úr því í sínu máli, að hér væri eitthvað alveg nýtt, ríki hefðu ekki átt kost á neinum úrræðum áður til þess að jafna deilur um þessi efni. Þetta er alls ekki rétt. Það eru til margir sáttanefndarsamningar á milli ríkja. T. d. hafa Bandaríkin lagt á það mikla stund að gera slíka samninga við önnur ríki og í gildi eru margir sáttanefndarsamningar. Norðurlöndin beittu sér líka á sínum tíma fyrir gerð slíkra sáttanefndarsamninga og börðust meira að segja fyrir því í Þjóðabandalaginu gamla á sínum tíma, og þau eru aðilar að mörgum sáttanefndarsamningum, og slíkir sáttanefndarsamningar geta auðvitað tekið til deilna sem þessara.

Þar fyrir er það sjálfsagt svo, að Alþjóðabankinn hefur talið heppilegt af einhverjum ástæðum að setja þetta fyrirkomulag upp, og það getur vel verið, að það eigi við og sé heppilegt með tilliti til einhverra ríkja. En að því er Ísland varðar hef ég leyft mér að halda því fram, að það sé ekki þörf á því, og hæstv. ráðh. hefur ekki getað sýnt fram á, að það væri þörf á því. Hann var að leggja áherzlu á, að það væri einhvert keppikefli, að mér skildist, að það væri um þessar deilur farið eftir alþjóðalögum og alþjóðavenjum. Það má kannske til sanns vegar færa. En eftir því sem mér hefur skilizt, þá hefur í umr. um álmálið verið lögð höfuðáherzla á það og verið talið þeim samningi sérstaklega til gildis, að þar væru í fyrstu röð nefnd íslenzk lög, að ágreiningsmálin ættu að úrskurðast eftir íslenzkum lögum, og það lagði ráðherrann raunar áherzlu á líka, og auðvitað hljótum við að leggja áherzlu á það, að mál séu úrskurðuð eftir íslenzkum lögum, þegar um er að tefla málefni, sem landsrétti lúta. En það

geta svo verið allt önnur málefni, sem lúta reglum þjóðaréttar, og um þau málefni á auðvitað að fara eftir þjóðarétti. Það eru málefni, sem ríkin sem slík eru aðilar að.

Ég skal svo ekki lengja þetta miklu meira, en vil aðeins undirstrika það, að þeir eru staðnir að því, hæstv. ráðherrar, að hafa talað um þá aðeins, sem hafa undirritað samninginn, og með því að tala um þau ríki aðeins hafa þeir viljað gefa villandi hugmyndir um, hverjir væru aðilar að þessum samningi, í stað þess að tala um það, að aðeins eru 4 búnir að fullgilda þennan samning.

Ráðh. sagðist ekki skilja þá, sem vildu heldur hafa einfalt gerðardómsákvæði en þau ákvæði, sem í þessu frv. eru og samningnum. Ég verð að játa, að ég skil ekki almennilega, við hvað hann á, þegar hann talar um það, en geri þó ráð fyrir, að hann eigi við það, að hann taki almenna gerðardómssamninga fram yfir samning um gerðardóm í hvert eitt skipti. Ég er honum ekki sammála um þetta. Að vísu fer það eftir atvikum, hvort getur við átt, en oft og tíðum mun ríki telja það öruggara að gera gerðardómssamning um tiltekna deilu í stað þess að gera gerðardómssamninga um deilur fyrir fram.

Og svo er að lokum þetta eina haldreipi, sem ráðh. hélt sér í dauðahaldi frá sinni fyrri ræðu, það voru olíuviðskiptasamningarnir við Rússa. Hann heldur því fram, að þar sé ekki um millirikjasamning að ræða. Ég verð nú enn og hvort sem þetta er undirritað af einhverri stofnun þar eða ekki að halda því fram, að þarna sé um millirikjasamninga að ræða í raun. Það veit hvert mannsbarn, að utanríkisverzlun Rússlands er þjóðnýtt og að samningar um þau viðskipti eru gerðir í ríkisins nafni og ríkið stendur á bak við það, og að halda því fram, að samningar, sem þar eru gerðir, séu gerðir án atbeina ríkisvaldsins og viðskiptaráðuneytis o. s. frv. eða þess ráðuneytis, sem með það hefur að gera, held ég, að sé nokkuð mikið út í hött.

En hvað sem því líður, þá vil ég leggja áherzlu á, hversu slíkur árlegur viðskiptaolíusamningur er gerólíkur álsamningnum, og ég get ekki skilið, að hæstv. viðskmrh. vilji leggja slíka samninga að jöfnu. Ég hefði haldið, að hann teldi álsamninginn talsvert annars eðlis, og í öðru orðinu held ég, að þeir vilji svo vera láta, að hann sé nokkuð annars konar samningur en venjulegur viðskiptasamningur. En hvað um það, eftir stendur, að þrátt fyrir ítrekaðar fyrirspurnir hefur ráðh. ekki getað bent á neitt annað gerðardómsákvæði, sem styðji eða sé fyrirmynd fyrir gerðardómsákvæði 47. gr. í fyrirhuguðum álsamningum, nema þetta ákvæði **í olíuviðskiptasamningnum** við Rússland. Án þess að ég vilji á nokkurn hátt gera lítið úr rússnesku réttarfari eða lögum í landi þar, þá hefur hingað til verið talið, að okkur hér á landi væri hentugra að sækja fyrirmyndir okkar í þeim efnum til annarra ríkja heldur en ríkja, sem eru fyrir austan tjald, og það verð ég að segja, að þá hljóta hæstv. ráðherrar að vera orðnir meira en lítið aðþrengdir, þegar þeir finna engin dæmi önnur til stuðnings sínu máli heldur en að fara í rússneska viðskiptasamninga. Þá má vera orðin mikil fátækt hjá þeim. En auk þess fer því náttúrlega fjarri, að þarna sé um nokkrar hliðstæður að tefla, og þeir geta aldrei rökstutt gerðardómsákvæði í álsamningunum með því að vitna í þessa olíusamninga. Það leynivopn er algerlega sprungið í höndunum á þeim, og það þýðir ekki fyrir þá að reyna að skjóta því aftur. Það er búið að vera. Það sér hver maður, að það er allt annars eðlis.

Nei, ég spurði um það í minni ræðu, hvort honum væri kunnugt um nokkur slík ákvæði, sem nágrannaríkin hefðu gert, og ég verð að álíta, að þögn hans um það bendi til þess, að honum sé ekki kunnugt um það, og ég spyr enn um það, um annað spyr ég ekki. Ég efast ekkert um, að það kunni að vera hægt að finna einhver dæmi úr fjarlægum heimsálfum, sem geti verið svipuð og þessi gerðardómsákvæði, og það væri miklu nær, finnst mér, að þeir nefndu þá þvílík ákvæði, heldur en að ætla að fara að leita fyrirmynda í viðskiptasamningum á milli ríkja.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Það eru aðeins nokkur orð að lokum í tilefni af síðustu ummælum hv. 3. þm. Norðurl. v. (ÓlJ). Hann sagði, að ég hefði ekki nefnt önnur dæmi um hliðstæð gerðardómsákvæði í samningum milli ríkja og einstaklinga en ákvæðin í olíusamningnum milli Íslands og hins sovézka olíuútflytjanda. Það er varla hægt að ætlast til þess, að ég eða nokkur annar hér hafi handbæra skrá yfir samninga, sem erlend ríki hafa gert við einstaklinga í öðrum ríkjum, þannig að ég geti lesið upp um það lista eða lesið upp úr þeim ákveðnar greinar. Ég tel það líka vera algerlega þarflaust. Það, sem hv. þm. er að reyna að láta liggja að í sínum málflutningi, er, að þessi gerðardómsákvæði íslenzka álsamningsins séu allt að því einsdæmi. Það felst í ummælum hans. Það er sú ályktun, sem almenningi er ætlað að draga af ummælum hans, að hér sé um eitthvert nær því einsdæmi að ræða. En það veit ég, að hann veit jafnvel og ég, ef ekki miklu betur, að hér er hann að vekja alranga hugmynd hjá þeim, sem kynnu að taka mark á orðum hans vegna hans sérfræðiþekkingar á þessu sviði. Færustu menn í alþjóðarétti hafa sagt mér, að á undanförnum áratugum og ekki sízt á undanförnum árum hafi það mjög færzt í vöxt, að ýmiss konar gerðardómsákvæði séu tekin í þá ótalmörgu samninga, sem í gildi eru og stöðugt er verið að gera á milli fyrirtækja í einu landi og annars ríkis. Langstærstu dæmin um þetta, stærstu samningarnir þess eðlis, þar sem um langmestu fjármunina er að tefla, eru auðvitað olíusérréttindasamningarnir á milli hinna stóru olíufélaga víðs vegar í heiminum, bæði í Evrópu og Ameríku, og ýmissa annarra ríkja. Allir vita, að þeir samningar eru til, og allir vita, að það eru hinir stærstu viðskiptasamningar eða fjárfestingarsamningar, sem gerðir hafa verið í efnahagssögu mannkynsins. Þeir heyra til stærstu samninga, sem gerðir hafa

verið um fjárfestingu og viðskipti í þróunarsögu efnahagsmálanna. Í nær öllum slíkum samningum eru slík gerðardómsákvæði, og þau eru af ýmissi tegund, og um það, hvers eðlis heppilegast sé að hafa þau, hefur mönnum sýnzt nokkuð sitt hvað á undanförnum árum. Þetta hlýtur hv. þm. að vera nákvæmlega jafnvel kunnugt og mér. Og olíuvinnslan og olíuviðskiptin eru auðvitað ekki einu þess konar viðskipti, sem átt hafa sér stað um fjárfestingu. Um viðskipti á ótalmörgum öðrum sviðum efnahagslífsins hefur verið að ræða. Á sviði samgangna á landi, í járnbrautabyggingu og járnbrautarekstri, á sviði samgangna á sjó, á sviði samgangna í lofti og alls konar iðnaðarsviði hefur verið einmitt um þess konar samninga að ræða og þá, sem íslenzka ríkið er nú að gera við svissneska álfélagið, og þar sem um margfalt, margfalt meiri fjármuni hefur verið að tefla en hér er að tefla, og þróunin hefur verið sú í alþjóðarétti, vaxandi viðleitni hefur verið í þá átt að hafa sem líkust gerðardómsákvæði í slíkum samningum. Þetta hefur Alþjóðabankanum verið ljóst. Hann hefur náin kynni af þessu í gegnum lánveitingar sínar til fyrirtækja, mjög stórra fyrirtækja í öllum heimsálfunum, og þess vegna hefur Alþjóðabankinn viljað beita sér fyrir því, að meðferð þessara deilna sé samræmd, og hefur einmitt viljað beita sér fyrir því, að sams konar gerðardómsákvæði verði sett í alla slíka samninga. Það er meiningin með þeim samningi, sem hér er um að ræða.

Auðvitað er sjálf viðleitni Alþjóðabankans í þessum efnum, auðvitað er sjálf tilvist uppkastsins að samningnum, sem hér liggur fyrir, sönnun fyrir því, að ótal slíkir samningar eru til með ýmiss konar gerðardómsákvæðum. Það þarf ekki frekar vitna við. Þess vegna er alveg þýðingarlaust fyrir hv. þm. að gefa í skyn, að ákvæði álsamningsins íslenzka séu einhver einsdæmi. Og nauðsyn gerðardómsákvæða í slíkum samningum kemur einmitt berlegast fram í því, að gerðardómsákvæði er eitt grundvallaratriði þess samnings, sem hér er um að ræða. Einn af hornsteinum hans er einmitt, að til skuli vera almenn gerðardómsákvæði í samningum milli einkafyrirtækja og annarra ríkja, og af þeim umr., sem ég hef orðið vitni að um þetta efni á alþjóðlegum vettvangi, og almennum undirtektum aðildarríkja Alþjóðabankans felst ótvíræð viðurkenning á því, að það væri mikið framfaraspor, að slík alþjóðastofnun kæmi upp og almenn gerðardómsákvæði væru tekin í slíka samninga og hlutaðeigandi aðilar féllust á, að sáttanefnd og gerðardómur fjölluðu um þær eftir almennum reglum.

Eftir þessar upplýsingar trúi ég ekki, að gerð verði tilraun til þess að halda því fram enn, að gerðardómsákvæði eins og það, sem í álsamningnum felst, sé eitthvert einsdæmi í veröldinni eða í efnahagssögunni. Og ég endurtek að síðustu það, sem ég sagði áðan, — þar gætti örlítils misskilnings af hálfu hv. 3. þm. Norðurl. v., — að ég tel það tvímælalaust þjóna íslenzkum hagsmunum, að í álsamningnum skuli vitnað í almennan alþjóðlegan samning, sem allar líkur benda til, að helztu aðildarríki heimsverzlunarinnar muni gerast aðilar að, varðandi gerðardómsákvæði og meðferð deilna. Ég tel það tvímælalaust þjóna íslenzkum hagsmunum, að gerðardómsákvæði samningsins milli Íslands og álfélagsins séu sams konar og gert er ráð fyrir í þessum samningi, fremur en að algerlega óháð sérákvæði gildi um hugsanlegar deilur á milli íslenzka ríkisins og svissneska álfélagsins. Það hlýtur að auka réttaröryggi, ekki aðeins fyrir Ísland, heldur líka fyrir svissneska álfélagið, ef hugsanlegar deilur fá meðferð í alþjóðastofnun samkvæmt alþjóðasamningi og eftir reglum, sem eru viðurkenndar af miklum meiri hluta helztu aðildarríkja heimsviðskiptanna.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Hæstv. viðskmrh. sagðist ekki vera við því búinn nú að nefna þá samninga, sem gerðardómsákvæði hliðstæð því, sem er í 47. gr. fyrirhugaðra álsamninga, væru í. Það tek ég gott og gilt. Ég geri ekki kröfu til þess, enda þótt gera megi ráð fyrir, að að því hafi verið hugað, áður en frá þessu samningsákvæði var gengið, hvort ekki væru fyrir hendi einhverjar slíkar fyrirmyndir. En ég vil þá biðja hann að koma með upplýsingar um það atriði, þegar álsamningurinn verður á sínum tíma ræddur hér í þessari hv. d. Það, sem ég hef spurt um, er þetta: Getur hann bent á slíkar fyrirmyndir eða hliðstæð ákvæði í samningum, sem nágrannaríki okkar hafa gert við einkaaðila eða við fyrirtæki, sem eru skrásett þar í landi?

Það ætti að vera tiltölulega auðvelt fyrir hæstv. ráðh. að fá upplýsingar um þetta, vegna þess að millirikjasamningar eru skrásettir nú hjá Sameinuðu þjóðunum, og það er hægt að fá upplýsingar um það, hvers efnis þeir samningar eru, og þetta getur stjórnin sett menn í að gera og kanna og á að geta upplýst um þetta. Þá mun hið sanna um þetta koma í ljós og ætti ekki að þurfa um það að deila.

Hinu hef ég aldrei mótmælt, að það kynnu að vera einstakir samningar, sem slík ákvæði væru í, og hæstv. ráðh. kom inn á það nú síðast og nefndi ýmsa olíuvinnslusamninga. Og það er þá rétt, að það komi fram sem sagt, hvaða samningar það eru, sem við er miðað og hliðstæð ákvæði kunna að finnast í.

Hæstv. ráðh. sagði líka, að þessi gerðardómssamningur, sem við erum hér að ræða, hlyti auðvitað að byggjast á því af hálfu Alþjóðabankans, að Alþjóðabankanum væri kunnugt um, að það væru í samningum mörg gerðardómsákvæði. En ég vil benda á, að það hefur enga þýðingu í þessu sambandi, því að þau gerðardómsákvæði mundu ekki skuldbinda aðila til þess að leggja þau mál í gerð fyrir þessari stofnun. Til þess þarf alveg skýlaust eftir 25. gr. skriflegt samþykki í hvert einstakt skipti.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9:2 atkv. og til allshn. með 13 shlj. atkv.

Á 65. fundi í Ed., 18. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 435, n. 487 og 488).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9:2 atkv.

Frsm. meiri hl. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Allshn. hefur haft frv. það, sem hér liggur fyrir, til meðferðar, en eins og nál. þau, sem útbýtt hefur verið, bera með sér, hefur hún ekki náð samstöðu um afstöðu til frv. Við 4, sem að nál. á þskj. 488 stöndum, leggjum til, að það verði samþ. óbreytt, en aðrir nm. leggja til, að frv. verði felt, og hafa á þskj. 487 skilað nál. í samræmi við það.

Efni þessa frv. er, eins og hv. þdm. er kunnugt, það að heimila ríkisstj. að gerast aðili að alþjóðlegum samningi um lausn fjárfestingardeilna milli ríkja og þegna annarra ríkja. Nú liggur, eins og kunnugt er, fyrir hv. Alþ. frv. til l. um staðfestingu á fjárfestingarsamningi milli íslenzka ríkisins og erlends einkafyrirtækis, og er því skiljanlegt, að það mál blandist saman við það mál, sem hér liggur fyrir, eins og líka kom í ljós við 1. umr. málsins hér í hv. d. Ég mun þó forðast eftir mætti að ræða álsamninginn og ákvæði hans í þessu sambandi. Það mál kemur hér fyrir, áður en langt um líður, og er það fjarri mínum vilja að freista manna hér til þess að fara að taka forskot á þá sælu. En hins vegar mun ég m. a. að gefnu tilefni við 1. umr. málsins ræða nokkuð hina almennu hlið þeirra málefna, sem snerta erlenda fjárfestingu, frá íslenzku hagsmunasjónarmiði, því að hin almennu viðhorf til þeirra málefna hljóta eðlilega að marka afstöðu okkar til þess máls, er hér liggur fyrir.

Í inngangínum að samningi þeim, sem prentaður hefur verið sem fskj. með frv. þessu, segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Samningsríkin gera sér ljóst, hver þörf er á alþjóðlegri samvinnu um efnahagslegar framfarir og hvern þátt alþjóðleg einkafjárfesting á í þeim. Hafa ber það hugfast, að öðru hverju geta deilur risið upp í sambandi við slíka fjárfestingu milli samningsríkja og þegna annarra samningsríkja."

Um fyrsta atriðið, sem hér er nefnt, þörf alþjóðlegrar samvinnu um efnahagslegar framfarir, vænti ég ekki, að neinn ágreiningur sé hér í hv. d. Ég efa ekki heldur, að öllum hv. þm. sé ljóst, að sú alþjóðlega samvinna, sem hér um ræðir, hefur lengst af verið fólgin í því, að lönd, sem haft hafa fjármagn aflögu, hafa látið það þeim löndum í té, sem á því hafa þurft að halda til þess að byggja upp atvinnuvegi sína. Engin dæmi munu um það, að gerð hafi verið stórátök í neinu landi til uppbyggingar atvinnuvegum þess, án þess að til kæmi erlend fjármagnsaðstoð í einhverri mynd. Má í þessu sambandi nefna hinar stórfelldu lántökur Bandaríkjanna erlendis á s. l. öld, þegar þeir voru að byggja upp iðnað sinn.

Erlend fjármagnsaðstoð getur verið í þrenns konar formi: gjafafé, lán og það, sem kallað hefur verið bein fjárfesting. Um fjármagnsaðstoð í mynd gjafafjár er ekki ástæða til að ræða í þessu sambandi. Langmestur hluti aðstoðarinnar hefur verið í mynd lánveitinga, sem jöfnum höndum geta átt sér stað á vegum opinberra aðila og einkaaðila. En sú tegund fjármagnsaðstoðar, sem þetta frv. einkum snertir og ég mun eingöngu ræða hér, er hin beina fjárfesting, en með því er átt við það, að hin veitta fjármagnsaðstoð er í mynd áhættufjármagns, sem fest er í öðru landi. Getur þetta verið í ýmsum myndum, svo sem þeirri, að aðili sá, sem fjármagnið leggur fram, leggur fram hlutafé í fyrirtæki, sem staðsett eru erlendis og að öðru leyti í eign þarlendra aðila, eða hinn erlendi aðili, sem fjármagnið leggur fram, stofnsetur fyrirtæki í öðru landi, sem hann rekur fyrir eigin reikning. Sem millistig milli þessara leiða má nefna það, sem mjög er algengt, að erlent fyrirtæki, er fjárfestir erlendis, kemur á fót dótturfyrirtæki í landi því, sem fé er fest í, en dótturfyrirtækið getur svo verið meira eða minna háð opinberum aðilum eða einkaaðilum í móttökulandinu. Engar skýrar markalínur eru að mínu áliti milli þeirra tegunda beinna fjárfestinga, sem nefndar hafa verið. Þar sem fjármagnsaðstoð í mynd lána getur auðvitað jöfnum höndum verið á vegum opinberra aðila og einkaaðila, munu það vera undantekningar, sem raunar leiðir af eðli málsins, að bein fjárfesting eigi sér stað á vegum annarra en einkaaðila. Hin beina fjárfesting hefur alltaf verið óverulegur hluti þeirra fjármagnshreyfinga, sem átt hafa sér stað landa á milli. Samt sem áður erum við, sem að þessu nál. stöndum, sammála þeirri forsendu samnings þess, sem hér liggur fyrir, að hún eigi mikilvægu hlutverki að gegna. Leyfi ég mér að benda á eftirfarandi rök því til stuðnings:

Í fyrsta lagi, að frá sjónarmiði þeirra landa, sem á fjármagni þurfa að halda, er oft hagkvæmara og minna viðsjárvert að fá það fjármagn frá einkaaðilum en opinberum aðila. Ef opinber aðili lætur fjármagnið í té, verður ágreiningur, sem verða kann út af slíkum viðskiptum, ágreiningur við ríkisvaldið í umræddu landi, en árekstrar milli ríkja eða þar sem ríkið er annar aðilinn hafa að jafnaði alvarlegri afleiðingar fyrir sambúð þjóða en tilsvarandi árekstrar milli einkaaðila, og ætti ekki að þurfa að skýra það nánar.

Í öðru lagi hefur hin beina fjárfesting að jafnaði þann kost samanborið við lánveitingar, að þegar hún á sér stað, er það ekki eingöngu hið erlenda fjármagn, sem móttökulandið nýtur, heldur líka sú kunnátta og tækni, sem að jafnaði fylgir með fjármagnsflutningum þeim, sem eiga sér stað í þessari mynd. Þetta er auðvitað mjög mikilvægt atriði frá sjónarmiði þeirra landa, sem nota erlent fjármagn til þess að koma á fót nýjum atvinnugreinum, og má í því sambandi minna á það, að ein meginástæðan til þess, að efnahagsaðstoð við þróunarlöndin í mynd gjafa- og lánsfjár hefur oft ekki borið tilætlaðan árangur, er sú, að þessi lönd hefur skort þá verkkunnáttu, sem nauðsynleg var til að hagnýta það fjármagn, sem þeim var þannig látið í té.

Í þriðja lagi má á það benda, að þeir aðilar, sem leggja í beina fjárfestingu í einhverju öðru landi, taka venjulega að sér að sjá um að koma framleiðsluvörunni á markað, og er það ekki lítilvægt atriði, þegar um framleiðslu er að ræða, sem ekki hefur áður verið stunduð í hlutaðeigandi landi, því að oft geta örðugleikarnir á því að afla markaða verið meginhindrunin fyrir því, að nýjungar í framleiðslu geti rutt sér til rúms. Ýmsa fleiri kosti mætti nefna, sem hin beina fjárfesting erlendra aðila hefur í för með sér, en ég læt þetta nægja.

En hvernig stendur þá á því, að það er staðreynd, sem ég áðan nefndi, að bein fjárfesting á vegum einkaaðila hefur að jafnaði ekki numið nema litlu broti af þeirri heildarfjárfestingu, sem á sér stað með erlendu fjármagni? Í þessu sambandi vil ég byrja á því að leiðrétta misskilning, sem virðist vera töluvert almennur og mér fannst m. a. skjóta upp kollinum í ræðu, sem hv. 3. þm. Norðurl. v. flutti hér í hv. d. við 1. umr. þessa máls, þegar hann gat þess til, að alþjóðasamningur sá, sem hér liggur fyrir, væri runninn undan rifjum þeirra ríkja, sem áhuga hefðu á því að festa fé erlendis. En sá misskilningur er í því fólginn, að það séu þeir aðilar, sem fjármagn hafa aflögu, sem sæki á í þessum efnum, þannig að ástæðan til þess, að slík fjárfesting sé ekki meiri en raun er á, sé eðlileg tregða þeirra landa, sem á fjármagninu þurfi að halda, að taka á móti því. Þetta er alveg gagnstætt staðreyndum. Það er yfirleitt mjög lítið framboð af einkafjármagni til fjárfestingar erlendis. Hv. stjórnarandstæðingar hafa líka einmitt lagt áherzlu á það í hina röndina, að hin siðmenntuðu ríki, sem fjármagn hafa aflögu, hafi verið svifasein í því að fullgilda samning þann, sem hér liggur fyrir, það hafi aðeins gert fáein ósiðuð Afríkuríki, sem Íslendingar séu of fínir til að vera í félagsskap með. Þetta er einmitt ekki tilviljun. Framboð á einkafjármagni til fjárfestingar í öðrum löndum er og að því er ég bezt veit hefur ávallt verið miklu minna en eftirspurnin eftir því. Og hvers vegna? Vegna þess að eigendur fjármagnsins telja jafnan, að fjárfestingu erlendis fylgi slík óvissa og öryggisleysi, að miklu hagkvæmara sé að festa það í heimalandinu. Til þessa liggja margar ástæður, sem ég skal þó ekki ræða hér til þess að ræna ekki of miklu af dýrmætum tíma hv. þdm., að undanteknu þó einu atriði, sem deilur þær, sem staðið hafa að undanförnu hér á landi í sambandi við þá erlendu fjárfestingu, sem fyrir dyrum stendur, hafa snúizt mjög um og sérstaklega snertir það mál, sem hér liggur fyrir. En þetta atriði, sem hefur verið ein mikilvægasta hindrunin í vegi einkafjárfestingar erlendis, er það ófullkomna réttaröryggi, sem þeir, er lagt hafa í slíka fjárfestingu, telja sig eiga við að búa. Það hefur skort hlutlausa, alþjóðlega dómstóla, sem úr deilum út af fjárfestingarmálum gætu skorið, þannig að báðir deiluaðilar teldu sig hafa jafnréttisaðstöðu gagnvart þeim. Ef ágreiningur kom upp, var eina leiðin til þess að fá úr honum skorið sú, að sá aðili, sem taldi samning við sig vanefndan, varð lögsækja gagnaðilann fyrir dómstólum heimalands hans.

Það er ekki hægt að afgreiða þetta mál á þann einfalda hátt, sem hv. minni hl. allshn. vill gera, þegar hann vitnar til þess í nál. sínu, að útlendir menn njóti hér á landi sömu eignarréttarverndar sem innlendir samkv. 67. gr. stjórnarskrárinnar. Í fyrsta lagi ber að hafa hugfast, að það er aðeins takmarkaður hluti heimsins, þar sem hinar vestrænu réttarfarshugmyndir um hlutlausa dómstóla, óháða ríkisvaldinu, eru ríkjandi. Við könnumst við alþýðudómstóla Austur-Evrópulandanna, þar sem yfirleitt eru ekki gerðar þær kröfur til dómara, að þeir séu löglærðir, en þeim mun strangari kröfur til þess, að stjórnarvöldin megi treysta þeim í stjórnmálalegu tilliti. Dómsvaldið er þar m. ö. o. aðeins angi af hinu pólitíska framkvæmdavaldi. En réttarfarshugmyndir, sem eru mjög frábrugðnar þeim, sem við Íslendingar og grannþjóðir okkar hafa, einskorðast ekki við hin sósíalísku Austur-Evrópuríki. Ég skal játa, að ég er ekki kunnugur dómstólum og réttarfari í ríkjum Afríku, Asíu og Mið- og Suður-Ameríku, en ég býst þó við því, að í mörgum þeirra ríkja séu réttarfarshugmyndir æði frábrugðnar þeim, sem við höfum. En þó að við höldum okkur nú aðeins við þann hluta heimsins, þar sem vestrænar réttarfarshugmyndir eru ríkjandi og ekki er nein ástæða til að væna dómstóla um neina hlutdrægni, er þeir dæma í málum milli innlends og erlends aðila, fer því þó fjarri, að um jafnréttisaðstöðu sé að ræða, þegar erlendur aðili þarf að lögsækja innlendan aðila fyrir dómstólum heimalands hans. Allir vita, að það er ólík aðstaða að þurfa að sækja mál fyrir erlendum dómstóli eða innlendum. Kostnaður, ókunnugleiki á mönnum og málefnum, sem m. a. veldur hinum erlenda aðila erfiðleikum í því að fá hæfa menn til að flytja mál sitt í framandi landi, og margt fleira gerir það að verkum, að í viðskiptum þegna mismunandi þjóða hefur sá alltaf óviðjafnanlega sterkari aðstöðu, sem sótt getur eða varið mál sitt fyrir innlendum dómstóli. Þetta þýðir það, að ef ekki er kostur þess að bera mál undir alþjóðadómstól, hefur sá aðili í viðskiptum milli þegna mismunandi ríkja, sem sakaður er um vanefndir og lögsækja verður því fyrir dómstólum eigin lands, miklu sterkari réttarlega aðstöðu en sá aðilinn, sem telur misgert við sig. Þetta hefur svo leitt til þess, að ófyrirleitin fyrirtæki og einstaklingar hafa beinlínis gert sér það að gróðalind að vanefna samninga sína við erlenda aðila í trausti þess, að þeir hefðu ekki fjárhagslegt bolmagn eða aðra aðstöðu til að lögsækja sig.

Ég minnist þess, — það var held ég skömmu fyrir heimsstyrjöldina síðari, — að ég ræddi einu sinni við mann, sem kunnugur var fisksölumálum Íslendinga erlendis. Hann komst svo að orði, að að vísu væri það þannig, að ef samningur væri gerður við brezkt fyrirtæki, mætti treysta því nálægt 100%, að sá samningur væri efndur. En þegar kæmi sunnar og austar í álfuna, yrði sú prósenta töluvert miklu lægri, og ákveðin

lönd nefndi hann, — ég hef það að vísu ekki eftir hér, — þar sem varla væru meir en 20—30% líkur fyrir því, að samningur, sem þar væri gerður, yrði efndur. Það hefur því lengi verið ljóst öllum þeim, sem skilið hafa nauðsyn alþjóðlegrar samvinnu í efnahagsmálum, hver fjötur skorturinn á réttaröryggi í alþjóðlegum viðskiptum var slíkri samvinnu um fót. Hefur því verið að því unnið á alþjóðlegum vettvangi, bæði af samtökum ríkja og einkaaðila, að ráða hér bót á. Á sínum tíma var Haagdómstóllinn stofnaður til þess að skera úr ágreiningsmálum milli ríkja, og fyrir fáum árum hefur einnig verið heimilað að skjóta til hans ágreiningsmálum milli aðila í mismunandi ríkjum, þótt einkaaðilar eigi hlut að máli. Kringum 1950 var svo fyrir atbeina alþjóðlega verzlunarráðsins komið á fót alþjóðlegum verzlunardómstól, sem einkaaðilar gátu skotið til ágreiningi út af viðskiptum vegna annarra ríkja.

Hins vegar hefur verið vöntun á því, að hægt væri að skjóta ágreiningsmálum ríkja og þegna annarra ríkja til alþjóðlegs dómstóls. Hefur sú vöntun einkum bitnað á einkafjárfestingu erlendis, og er það því engin tilviljun, að Alþjóðabankinn, sem hefur það hlutverk að efla alþjóðlega samvinnu á sviði fjárfestingarmála, hefur beitt sér fyrir því meðal aðildarríkja sinna, að gerður yrði sá samningur, sem liggur nú fyrir hv. Alþ. til staðfestingar með frv. þessu. En sú virðist vera afstaða hv. stjórnarandstæðinga í sambandi við þetta mál og það stóra mál, sem inn í það hefur blandazt, álmálið, að þetta megi ekki gera, því að ekkert ríki geti verið þekkt fyrir það vegna sjálfstæðis síns og sæmdar dómstóla sinna að skjóta ágreiningsmálum, sem upp kunna að koma í sambandi við viðskipti þess við einkaaðila í öðrum ríkjum, til alþjóðlegs gerðardóms. Nú eru hugtök eins og sjálfstæði og virðing dómstólanna að vísu æðiafstæð, þannig að í rauninni getur hver skilgreint þau eins og honum sýnist og því haft sínar skoðanir á því, hvenær þetta sé skert, sem hvorki verða staðfestar né hraktar með neinum almennum rökum. En hinu vil ég eindregið mótmæla, sem haldið hefur verið fram í þessum málflutningi, að það sé um einhver einsdæmi að ræða, ef ríki sætti sig við það að skjóta ágreiningi við erlendan einkaaðila til úrskurðar alþjóðlegs dómstóls, og að sú skoðun sé almenn meðal þjóða, er svipuð menningarviðhorf hafa og við, að það sé skerðing á sjálfstæði og móðgun við innlenda dómstóla að ljá máls á slíku. Í fyrsta lagi vil ég á það benda, að íslenzk stjórnarvöld hafa ekki verið þessarar skoðunar, og er þar nærtækt að vitna í olíusamninginn, sem hæstv. viðskmrh. ræddi í framsöguræðu sinni fyrir þessu frv. við 1. umr. En hann hef ég skilið þannig, að hinn sovézki dómstóll, sem þar var samið um að láta úrskurða um ágreining, skæri ekki einvörðungu úr ágreiningi um vanefndir Rússa, sem Íslendingar kynnu að ásaka þá um, heldur líka ef Rússar kærðu Íslendinga fyrir vanefnd samningsins. Ef það væru eingöngu fyrrnefndu ágreiningsatriðin, sem dómstóllinn ætti að skera úr um, hefði slíkt leitt af sjálfu sér án nokkurs samnings og því óþarft að setja nokkur ákvæði um slíkt í samninginn. Hér virðist mér því um tvímælalaust fordæmi að ræða fyrir því, að íslenzka ríkið hefur fallizt á það, að öll deilumál út af samningi, sem það hefur gert við erlendan aðila, sem ekki starfar þar a. m. k. lagalega séð í umboði ríkisins, skuli útkljáð af erlendum dómstóli.

En ef við svo lítum á hinn innlenda vettvang, hygg ég það hina mestu firru að halda því fram, að það sé almennt viðurkennd regla, að ekkert ríki geti með tilliti til sjálfstæðis síns og þeirrar virðingar, sem sýna beri dómstólum landsins, fallizt á alþjóðlegan gerðardóm í ágreiningsmálum við einkaaðila. Hvað vilja menn þá t. d. segja um kola- og stálsamninginn, sem gerður var árið 1952 af þeim ríkjum, er síðar stofnuðu Efnahagsbandalag Evrópu, og svo Efnahagsbandalagið sjálft, þegar það var stofnað? Í báðum þessum tilvikum sömdu aðildarríkin um það að afsala sér beinlínis löggjafarvaldi í þeim efnum, sem um var samið, fyrst með kola- og stálsamningnum og síðar Rómarsáttmálanum, og fela það í hendur stofnunar, sem aðildarríkin komu sameiginlega á fót. Öll ágreiningsmál í sambandi við samninga þessa skyldi úrskurða af sameiginlegum yfirdómstóli, þannig að dómstólar hinna einstöku ríkja fengu það hlutverk eitt að veita atbeina sinn til þess, að úrskurðum yfirdómstólsins yrði framfylgt í hinum einstöku ríkjum.

Það stóð, eins og kunnugt er, til um skeið, að Noregur og Danmörk yrðu aðilar að Efnahagsbandalaginu. Og þó að ekki yrði af því, var það ekki vegna þess, að stjórnmálamenn og lögvitringar í þessum löndum teldu það almennt ekki samrýmast stjórnar- og réttarfarslegu sjálfstæði þessara landa að gerast aðilar að þessu samkomulagi. Ég hef t. d. kynnt mér álit prófessors Frede Castbergs, hins kunna norska lögfræðings, sem hann lét norsku ríkisstj. í té, þegar aðild Noregs að Efnahagsbandalaginu var til umræðu, en niðurstaða hans var sú, að slík aðild mundi á engan hátt skerða sjálfstæði Noregs. Efnahagsbandalagið og skuldbindingar aðildarríkjanna gagnvart því skyldu þó vera óuppsegjanlegar. Er því að mínu áliti þess vert að bera saman afstöðu þá, sem fram hefur komið í þessum ríkjum í sambandi við aðild að Efnahagsbandalaginu, við hinar fáránlegu fullyrðingar stjórnarandstæðinga nú um þá skerðingu á sjálfstæði Íslands, sem hin tímabundnu gerðardómsákvæði álsamningsins eiga að þeirra dómi að hafa í för með sér.

Þá virðist mér undirskrift 35 ríkja undir samning þann, sem hér liggur fyrir, skera úr um það, að ríkisstj. þessara landa líta svo á, að það sé ekki ósamboðið sæmd og sjálfstæði einstakra ríkja að leggja ágreiningsatriði milli þeirra og þegna annarra ríkja fyrir alþjóðlegan gerðardóm. Að vísu eru það rétt, sem hv. 3. þm. Norðurl. v. (ÓlJ) ræddi hér við 1. umr. málsins, að undirskrift ríkis undir alþjóðlegan samning er ekki það sama og fullgilding, og þess má mörg dæmi finna, að slíkur samningur, sem undirritaður hefur verið af einhverju ríki, hefur aldrei hlotið fullgildingu löggjafarþings þess ríkis. Í þessu sambandi skiptir þetta þó að mínu áliti ekki

máli, því að það gefur auga leið, að væri ríkisstj. þeirrar skoðunar, að það að notfæra sér þá þjónustu, sem samningur sá, sem hér liggur fyrir, gerir ráð fyrir, væri skerðing á sjálfstæði ríkisins og móðgun við dómstóla þess, þá hefði hún ekki gefið fulltrúum sínum á þeim vettvangi, sem samningurinn var gerður, umboð til þess að undirrita hann. Slíkt væri hræsni og yfirdrepsskapur, sem engri ríkisstj. væri sæmandi. Á það má og benda í þessu sambandi, að hvað sem öðru líður virðist gagnrýni hv. 3. þm. Norðurl. v. á því, að þingið sætti sig við gerðardómsúrskurð í deilu við erlendan einkaaðila, snerta í rauninni meira form en efni. Hann hefur ekkert við það að athuga, þótt deilumáli milli ríkja sé skotið til alþjóðlegs gerðardóms, og ég býst ekki við, að hann hafi heldur neitt við það að athuga, þótt einkaaðilar notfæri sér þjónustu alþjóðaverzlunardómstólsins. Aðeins deilumálum milli ríkja og þegna annarra ríkja má ekki skjóta til alþjóðadómstóls. Skv. þessu mundi, að mér skilst, ekki vera neitt við það að athuga frá hans sjónarmiði, að ef t. d. svissneska ríkið væri aðili að svissneska álhringnum, þá væri við hann samið um alþjóðlegan gerðardóm, þar eð þá mætti líta á ágreining, er upp kynni að koma í viðskiptum við hann, sem ágreining milli ríkja.

Við, sem að þessu nál. stöndum, teljum, að Ísland hafi mikilla hagsmuna að gæta í sambandi við alþjóðlega einkafjárfestingu og því beri að taka þátt í því að efla réttaröryggi hennar með fullgildingu þessa samnings. Eins og ég sagði í upphafi mun ég ekki ræða þann mikla fjárfestingarsamning, sem nú liggur fyrir hv. Alþingi til staðfestingar, enda fær framtíðin ein úr því skorið, hvort þær vonir, sem við stuðningsmenn hans gerum okkur um það, að hann muni efla okkar þjóðarhag, rætast. En erlend einkafjárfesting er ekki nein nýjung hér á landi, og einmitt í tilefni af því, að í gær gerði annað aðalmálgagn hv. stjórnarandstöðu það að umtalsefni, að á þessu ári væri 60 ára afmæli Íslandsbanka eða réttara sagt húss Íslandsbanka, og ræddi um það í því sambandi, að eins og örlög Íslandsbanka, sem öllum eru kunn, bentu til, þannig hefði farið um þá fyrstu erlendu fjárfestingu, sem ráðizt hefði verið í hér. En ég hygg nú, að skírskotun til sögunnar í þessum efnum sé málflutningi hv. stjórnarandstæðinga ekki hagstæð. Hitt er rétt, að um s. l. aldamót átti sér hér á landi stað mikilvæg fjárfesting á vegum erlendra einkaaðila, þar sem var stofnun Íslandsbanka með erlendu hlutafé og samningurinn við Mikla norræna ritsímafélagið um lagningu síma til landsins. Hvort tveggja þetta var íslenzku atvinnulífi hin mesta lyftistöng og olli raunar gerbyltingu. Hið erlenda fjármagn, sem kom inn í landið með stofnun Íslandsbanka, gerði okkur kleift að koma okkur upp myndarlegum togaraflota á þeirra tíma mælikvarða á síðasta áratugnum fyrir heimsstyrjöldina fyrri, og má í rauninni segja, að með því haldi nútímatækni og nútíma atvinnuhættir innreið sína hér á landi. Sæsímasambandið við Evrópu svo og símalagningin um landið var hvort tveggja einnig meginskilyrði fyrir því, að nútíma atvinnuhættir gætu blómgazt. En mikið var deilt um þessa erlendu fjárfestingu á sínum tíma, ekki síður en þær fjárfestingarfyrirætlanir, er nú standa fyrir dyrum, og á það sér í lagi við samninginn við Mikla norræna ritsímafélagið. Og ég býst við, að ef stjórnmálaskörungar þeirra tíma, svo sem Hannes Hafstein og Jón Ólafsson, mættu líta upp úr gröf sinni og hlusta á það, sem sagt hefur verið um þessi mál síðustu vikur, mundi þeim verða að orði eitthvað á þá leið: Mér finnst ég hafa heyrt þetta áður. — Og til þess að finna þessum orðum stað ætla ég að lokum, með leyfi hæstv. forseta, að lesa hér upp örfáar tilvitnanir úr ævisögu Hannesar Hafsteins eftir Kristján Albertsson, þar sem rakin er saga ritsímamálsins.

Í blaðinu Fjallkonunni segir svo 28. apríl 1905: „Þá er nú Danaríki farið að verða nokkuð megnt hér á landi, þegar stjórn vor er ekki aðeins í höndunum á dönskum ráðherrum, heldur jafnframt í höndunum á dönskum stórgróðafélögum, eins og þessi samningur ber svo átakanlega vitni um. Vér erum fjötraðir á höndum og fótum og jafnframt þessum ókjörum öllum eigum við að skuldbinda okkur til landssímalagningar, sem enginn veit enn, hvort ekki verði oss með öllu ókleift, getur jafnvel orðið til þess, að Danir verði að taka fjárhag vorn náðarsamlegast upp á sína arma og þá að sjálfsögðu þjóðarsjálfstæði vort um leið."

Blaðið Ingólfur segir svo 30. apríl: „að hagsmunir og réttindi Íslands eru fyrir borð borin í hverri einustu grein, þar sem þau snertir, en hvarvetna svo um hnútana búið, að félagið og Danastjórn hefur tögl og hagldir." Greinin endar: „Ísland er gert ómyndugt í mesta stórmáli þess og steypt í óbotnandi útgjöld og kostnað, sem enginn veit, hvar staðar nemur, og hæglega getur orðið þjóðinni um megn, svo að hún verði með öllu gjaldþrota. Samningurinn í heild sinni er hið hættulegasta vopn, sem reitt hefur verið að sjálfstæði Íslendinga á síðari tímum. Hann ristir þjóðinni blóðörn á bak. Þjóðin þarf að rísa upp til að gæta réttar síns og hagsmuna. Það er nú orðið fullreynt, að ráðherrann," — þ. e. Hannes Hafstein, — „er því ekki vaxinn."

Og hinn 19. apríl s. á. segir svo í Ísafold um þennan samning: „Danskur ráðherra er gerður að hæstarétti um skilning á leyfisskjalinu." — Afsal úrskurðarvalds til erlendra aðila, kannast menn við það? — „Hannes Hafstein hefur með einum pennadrætti snarað 100 þús. kr. í Dani." Samningurinn er fjárhagslega séð skammarlega óhagstæður. Kannast menn líka við það? En hættulegast af öllu sé þó það samningsákvæði, að næstu 20 ár megi ekki veita neinu öðru félagi leyfi til skeytasambands milli Íslands og annarra landa. „Vér erum heftir á höndum og fótum, bundnir á klafa við danskt stórgróðafélag." Samningstíminn allt of langur! Kannast menn ekki líka við það? Er eiginlega hægt öllu betur að þræða fornar götuslóðir?

Og 1. júlí 1905 segir svo í Ísafold aftur, með leyfi hæstv. forseta: „að okursamningurinn hneppi ekki einasta þjóðina í 20 ára ánauð, held-

ur leggi hann það fáheyrða haft á frelsi hennar að öðru leyti, að hún má ekki hagnýta loftið, sem um hana leikur, nema þá rétt aðeins til þess að anda því að sér, og ef þeirri náð verður þá ekki af henni kippt með tímanum og ef hún hirðir þá um það og vill ekki heldur reyna loftið í annarri heimsálfu."

Svo virðulegt blað sem Ísafold gerir jafnvel gælur við þá hugmynd, að ekki dugi annað en láta handaflið ráða, því að svo segir í tilefni aðstreymis fólks að bænum, sem var undanfari mótmælafundarins fræga fyrir framan stjórnarráðshúsið: „Ístöðulitlar sálir í karlmannshreysum ekki síður en kvenna, prúðbúnum og borðalögðum, eigi síður en lélega klæddum, tóku til að sjá iskyggilegar ofsjónir, m. a. gilda bændur og vasklega vinda sér inn í þingsalina og snara löggjöfunum út þaðan, meira að segja taka suma þeirra og binda þá upp á mótruntur og hafa með sér í nokkurs konar gæzluvarðhald, að þeir gerðu ekki skaða af sér framar í lögréttu, — með öðrum orðum, þjóðræðið í algleymingi." Já, orðið þjóðræði hefur líka borið á góma undanfarna daga, eins og hv. þingdeildarmenn kannast við.

Og eftir að samningurinn hafði verið gerður, eða í októbermánuði sama ár, kemst einn af höfuðklerkum þjóðarinnar á þeim tíma þannig að orði í tilefni af athöfn, sem fram hafði farið, meðan sumarþingið stóð, við leiði Jóns Sigurðssonar: „Við vorum látnir beygja bökin í auðmýkt undir splunkunýjan einokunarklafa, sem merktur er brennimarki hinnar fornu útlendu áþjánar. Betra sé hverjum andlegum Íslendingi að liggja dauður undir merki Jóns Sigurðssonar heldur en sitja fullur og feitur við kjötkatla Hins sameinaða gufuskipafélags eða Hins stóra norræna". Já! betra er að vanta brauð o. s. frv.

En þrátt fyrir þennan gauragang allan hygg ég nú, að allir geti tekið undir það með Kristjáni Albertssyni, sem hann segir um þetta mál að lokum á bls. 105 í öðru bindi ævisögunnar: „Allar hrakspárnar um símann áttu eftir að reynast, eins og vænta mátti, tómt glórulaust blaður, spárnar um, að þjóðin mundi ekki framar mega nota loftið nema rétt aðeins til að anda því að sér, að síminn mundi koma henni á vonarvöl, fólkið þyrpast af landi burt til þess að forðast drápsklyfjar og eitur einokunar og áþjánar læsast um þjóðarlíkamann."

Hin mikla erlenda fjárfesting, sem átti sér stað í byrjun aldarinnar, var sjálfstæði þjóðarinnar síður en svo fjötur um fót, eins og allir gera sér ljóst nú. Þvert á móti var sú atvinnulega uppbygging, sem átti sér stað í skjóli hennar, ein meginforsendan fyrir því, að Íslendingar gætu síðar öðlazt fullt sjálfstæði. En eins og ég hef sagt, ætla ég hvorki að ræða né spá um þá erlendu fjárfestingu, sem nú stendur fyrir dyrum, en ég aðvara hv. stjórnarandstæðinga um það, að þeir hagi ekki málflutningi sínum þannig, að þeir reisi sér minnisvarða sem nátttröllum á sama hátt og þeir að öðru leyti mætu menn gerðu, sem höfðu forustu í andspyrnunni gegn símamálinu.

Frsm. minni hl. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. frsm. meiri hl. fyrir óvenjulega skemmtilegan upplestur hér áðan úr ritum Kristjáns Albertssonar. Það er alltaf ánægjulegt að heyra stílbragð þeirra Valdimars Ásmundssonar, Bjarna frá Vogi, Benedikts Sveinssonar og Einars Benediktssonar. Þeir kunnu að gefa hlutunum rétt nöfn. Og ég hygg, að þeir muni standa fyrir dómi sögunnar og fyrir dómi hv. frsm., ég hygg, að þeir muni þola sinn dóm. Og ég verð að segja það, að mér finnst hv. frsm. meiri hl. helzt til örlátur á nafngiftir, þegar hann kallar þessa menn nátttröll. Ég held, að það væri betur látið ógert.

En úr því að farið er að rifja upp, hvað þessir menn sögðu á sínum tíma, væri ekki úr vegi að leiða getum að því, hvernig landvarnarmennirnir gömlu, ef þeir væru staddir hér meðal okkar nú og mættu mæla, mundu haga máli sínu og hvað þeir mundu segja um þann samning, sem nú er fyrirhugað að gera. Það mundi áreiðanlega ekki vera nein tæpitunga, sem þeir töluðu.

Hitt var svo annað mál, að útlagning hv. ræðumanns og úrval á þeim textum, sem hann las upp úr ritum Kristjáns Albertssonar hér áðan, var mjög í samræmi við sagnfræði Kristjáns Albertssonar um það tímabil, sem hér er um að tefla. Hálfsögð sagan hér og þar og hálfsannleikur. Það eru hin réttu nöfn um þá sagnfræði.

Ég hafði ætlað mér að tala stutt í þetta sinn, vegna þess að ég hafði gert allrækilega grein fyrir þessu máli við 1. umr., og svo er það nú kannske eðlilegt, að maður sé dálítið miður sín eftir þá útreið, sem maður fékk við 1. umr. um þetta mál, skv. frásögn Alþýðublaðsins af því, þegar hæstv. viðskmrh. skarst í leikinn á síðustu stundu og stöðvaði flóttann í liði álmanna, og sneri honum upp í sókn, já, og með því einu að veifa bara olíusamningnum við Rússa. Það er nú ekki öllum gefin sú rökhyggja né heldur sú orðsins vígfimi, sem þeirri rökhyggju hæfir. En það var ekki furða, þó að hæstv. viðskmrh., sem var þó þá við þetta á hlaupum, skyldi á eftir geta sagt: Þetta var laglega af sér vikið. — Samt er það nú einhvern veginn svo, að hv. frsm. meiri hl. rann eitthvað blóðið til skyldunnar og fannst, að ekki mundi uppgjörið af hálfu hæstv. viðskmrh. hafa verið alveg fullnægjandi, og þess vegna fann hann hvöt hjá sér til þess að hlaupa undir bagga og rétta hlut hans, ef það mætti ske. Því bar hin langa ræða hans glöggt vitni. Og það verð ég að segja, að mér fannst öll hans ræða og framganga athyglisverð. Mér fannst hann, aldrei þessu vant, minna mig einna mest á aðalsöguhetjuna í frægum róman eftir Cervantes, hinn fræga riddara Don Quiqote, sem barðist við vindmyllurnar og bar af þeim sigurorð, því að hv. frsm. meiri hl. var lengst af í sinni ræðu að fjalla um atriði, sem ekkert komu við þessu frv., sem hér liggur fyrir. Hann sagði það hvað eftir annað, hv. frsm., að hann ætlaði alls ekki í þessum umr. að tala neitt um álsamninginn, það kæmi síðar og hann vildi ekki verða til

þess að blanda því inn í þessar umr. En það má sannarlega um það segja, að það, sem helzt hann varast vann, varð þó að koma yfir hann, því að alltaf öðru hvoru varð hann þó að koma að álsamningnum. Og ég verð að segja það, að þetta minnti einna helzt á það, þegar maður verður fyrir aðsókn af hálfu drauga og verður alltaf öðru hvoru að stugga þeim frá sér. Hann var alltaf öðru hvoru að glíma við og hrekja skoðanir, sem ekkert hefur borið á góma í þessu máli og ekkert hafa komið fram í þessu máli. Hann var að berjast við sjónarmið og gera mönnum upp sjónarmið, sem ég hef a. m. k. ekki sett fram í sambandi við þetta mál. Og allt var eftir þessu í ræðu hv. frsm. Já, meira að segja hann, þessi grandvari maður, brenndi sig á því, eins og hæstv. viðskmrh., að fara að tala um olíusamningana við Rússa, viðskiptasamninga, og fara að setja þá á bekk með fyrirhuguðum álsamningum. Jú, hann fór víðar, hann fór að tala um Efnahagsbandalag, fór að spekúlera í því, hvort Noregur mundi hafa þurft að breyta sinni stjórnarskrá, ef það land hefði gerzt aðili að Efnahagsbandalaginu, og vitnaði í því sambandi í kenningar Frede Castbergs um það. Satt að segja hefur það nú ekki borið á góma í sambandi við þessar umr. hér, og ég fæ ekki skilið, hvaða erindi það á inn í þessar umr. hér, því að ég hélt satt að segja, að Efnahagsbandalagið væri mál út af fyrir sig og að það mál, sem við erum að fjalla um bæði í þessari hv. deild og eins í hv. Nd., væri ekki sett í samband við Efnahagsbandalagið. Ég hef ekki heyrt þess getið, að það væri nokkur undanfari þess, að til þess væri hugsað á næstunni, að við gerðumst aðilar að því, og þess vegna óþarft mjög að vera að bollaleggja nokkuð um spurningar í því sambandi.

Þegar hv. frsm. meiri hl. hafði barizt við allar sínar vindmyllur, var hann, eins og eðlilegt var, allánægður og þótti sitt dagsverk harla gott. En það er nú svo, að þrátt fyrir ógnvekjandi vopnaburð viðskmrh. og þrátt fyrir hinar riddaralegu kúnstir hv. frsm. meiri hl. höfum við nú þremenningarnir, sem stöndum að þessu áliti minni hl., í fyrsta lagi lagt það til, að þetta frv., sem hér liggur fyrir, verði fellt. Og ástæðurnar, sem við færum fram fyrir þeirri till. okkar, eru ákaflega einfaldar og auðskildar og eru í raun og veru alveg nægilega ljóst sagðar í nál., sem fyrir liggur, svo að ef hv. frsm. meiri hl. hefði sparað sér sína ræðu, hefði ég getað verið mjög stuttorður um þetta og látið að mestu nægja að vísa til nál. En nú með því að hann hefur haldið sína löngu ræðu um þetta, þá sé ég mér ekki annað fært en að segja nokkur orð um málið í heild og tala nokkuð vítt og breitt um þetta, eins og hann gerði.

Við leggjum fyrst og fremst til, að þetta frv. sé fellt, af því að við teljum, að það sé með öllu óþarft fyrir Ísland að svo stöddu að fullgilda þennan samning.

Við erum ekkert að segja um það hér, hvort það sé þörf á því eða ekki fyrir aðrar þjóðir að fullgilda þennan samning. Við ætlum þeim að ráða fram úr því og leysa úr því, eftir því sem ástæður eru til og aðstæður eru í hverju landi, en vitaskuld eru þær mismunandi. Það, sem við segjum um þetta efni, snertir aðeins Ísland, og fyrir það teljum við ekki að svo stöddu þörf á því að gerast aðili að þessum samningi. Það er af því, að útlendir menn njóta hér á landi fulls réttaröryggis um eignir sínar og þeir njóta engu minni réttarverndar með eignir sínar en innlendir menn, og þessi réttur þeirra er hér, jafnt sem innlendra manna, varinn af ákvæðum stjórnarskrárinnar. Þessu er hins vegar ekki svo farið í mörgum öðrum löndum, jafnvel mörgum lýðræðislöndum, löndum í Evrópu. Þar er það svo, að ákvæði um vernd eignarréttar eru skilin eða hafa verið skilin á þá lund, að þau næðu ekki til útlendinga jafnt sem innlendra manna. Þar með er ekki sagt, að útlendingar njóti ekki þar í reyndinni sömu réttarverndar að því er eignarréttindi varðar, en það fer þá aðeins eftir löggjöfinni þar á hverjum tíma. En það eru sem sagt ýmis lönd, þar sem ekki er um jafnstjórnarskrárvarinn rétt að ræða og hér er. Það liggur alveg ljóst fyrir, og hefur enginn mér vitanlega dregið það í efa, að 67. gr. ætti við útlendinga jafnt sem innlenda menn, og ég hef aldrei heyrt því haldið fram, að útlendir menn, sem þyrftu að sækja mál sín fyrir íslenzkum dómstóli, ættu í vök að verjast um þetta. Ég hef aldrei heyrt yfir því kvartað, að útlendingar fengju ekki mál sín leyst fyrir íslenzkum dómstóli með sama hætti og innlendir menn. Það hefur iðulega komið fyrir og kemur iðulega fyrir, á hverju einasta ári, að útlend fyrirtæki verða að sækja mál fyrir íslenzkum dómstóli. Ég hef aldrei heyrt þess getið, að þau hafi kvartað yfir því, að á þau væri hallað með þeim dómum eða að valdinu gagnvart þeim væri misbeitt á nokkurn hátt.

Þegar um það er að tefla, sem auðvitað getur hugsazt að útlendingar eignist hér og eigi eignarréttindi, þá njóta þeir alveg fullrar lögverndar hjá íslenzkum dómstólum og njóta hennar ekki betri annars staðar. Þeim er þess vegna engin þörf á því að leggja sín mál undir neinn annan dómstól, og mér er ekki kunnugt um, að það hafi nokkurn tíma komið ósk frá slíkum aðila að gera það. Almennar hugleiðingar hv. frsm. meiri hl. um erlenda fjárfestingu skipta því hér mjög litlu máli. Þær voru út af fyrir sig fróðlegar á marga lund, og auðvitað var það alveg rétt, sem hann sagði, að í því efni er um mismunandi leiðir að velja, — og það er öllum ljóst, — það er hægt að fara þá leið að taka lán erlendis til þess að byggja upp framkvæmdir og mannvirki hér í landinu, og það er líka hægt að fara þá leið að veita erlendum fyrirtækjum leyfi og aðstöðu til þess að byggja upp fyrirtæki eða atvinnurekstur í einu landi. Um þessar leiðir báðar getur vitaskuld verið að tefla.

Ég held, að það leiki ekki á tveim tungum, að á undanförnum árum hefur hér á landi fyrri leiðin verið valin, og a. m. k. er það svo, að við framsóknarmenn höfum alltaf hallazt að því, að þá leið bæri fyrst og fremst að fara. Hitt er aftur annað mál, að ýmis önnur lönd hafa farið aðrar leiðir í þessu efni, og erlend fyrirtæki

hafa sett upp atvinnurekstur og byggt upp mannvirki í ýmsum löndum, það er alkunna. En það er þá ekki hvað sízt í löndum, sem að ýmsu leyti eru lítt á veg komin. Það er einmitt ekki hvað sízt í ýmsum þeim löndum, sem kölluð eru vanþróuð lönd. Ég verð að segja það, að ég held, að sú leið verði farsælli fyrir okkur að reyna yfirleitt að fá erlent lánsfé til þeirra framkvæmda, sem við ráðum ekki við með okkar eigin fé, heldur en að veita erlendum fyrirtækjum aðstöðu til atvinnurekstrar hér í landinu, þó að vitaskuld verði að taka til athugunar og meta hverju sinni, hvernig á stendur. Sannleikurinn er sá, að þó að við höfum nú um langt skeið farið þá leið að byggja atvinnuvegina og fyrirtækin frekar upp á þann veg, að þau séu í höndum innlendra aðila, opinberra aðila eða einstaklinga, — þó að við höfum orðið að fá lán til þess, þá er sú leið, að útlendingar reki atvinnurekstur hér á landi, engan veginn óþekkt. Og í því sambandi þarf ekki aðeins að nefna það dæmi, sem hv. frsm. meiri hl. allshn. nefndi, stofnun Íslandsbanka og starfrækslu. Ég veit þó ekki, hversu vel það dæmi hefur að öllu leyti verið valið hjá honum. Vafalaust átti sá banki og starfsemi hans mikinn þátt í margvíslegri uppbyggingu á þeim árum, sem hann starfaði. En hitt er líka öllum kunnugt, hvernig fór að lokum fyrir þeim banka. En í sambandi við það bankamál og þá þökk, sem hv. frsm. meiri hl. vildi gjalda þeim, sem börðust fyrir því, að Íslandsbanki yrði settur á fót, má ekki gleyma því, að hjá sömu mönnum stóð það til um sama leyti að leggja Landsbanka Íslands niður, og það munaði mjóu, að honum yrði bjargað, og þessa ætti hv. frsm. meiri hl. að minnast. Og hvernig hefði farið hér, ef þeir menn, sem börðust fyrir stofnun Íslandsbanka, hefðu fengið þeim vilja sínum framgengt að leggja Landsbankann niður? Það ætti hv. frsm. meiri hl. að hugleiða. Og ég veit, að þá þræði getur hann rakið af miklu meiri þekkingu en mér er unnt.

En það er annað dæmi um erlent fé og erlendan atvinnurekstur, sem mér finnst, að við ættum líka að hafa í huga, þegar um þessi mál er rætt á jafnbreiðum grundvelli og hv. frsm. meiri hl. gerði, þó að þau dæmi séu lengra aftur í tíðinni, og það eru dönsku selstöðuverzlanirnar. Hvað voru dönsku selstöðuverzlanirnar hér á landi annað en útlent fyrirtæki? Sjálfsagt hafa dönsku kaupmennirnir í byrjun komið með eitthvert erlent fé hingað til þess að reisa fyrir hús, vörugeymslur og mannvirki, og sjálfsagt hafa þeir lagt út eitthvert fé fyrir vörum. En þeir þurftu að fá sitt í staðinn. Hvað ætli það hafi verið mikið fé, sem þeir fluttu úr landi á öllum þeim tíma, sem selstöðuverzlanirnar störfuðu hér á landi? Og hverjir ætli vildu skipta og setja verzlunina aftur í hendur útlendra aðila, setja verzlunina aftur í hendur útlendra selstöðuverzlana? Ég hugsa, að þeir yrðu fáir hér á landi, þó að þeir erlendu aðilar, sem verzlunina ætluðu að reka, byðust til þess að koma inn í landið með fé og reisa hér glæsileg verzlunarhús.

Nei, sannleikurinn er sá og verður alltaf sá um erlendan atvinnurekstur, að auðvitað vill hann fá afrakstur af því fé, sem hann leggur í fyrirtækin, og hann flytur þann afrakstur úr landinu, og það er höfuðmismunurinn, það er mismunur nr. eitt á innlendum atvinnurekstri og erlendum atvinnurekstri í landinu. Og það er þetta, sem hv. frsm. meiri hl. ætti að gera sér ljóst, og ég veit, að honum er fyllilega ljóst, að það er ástæðulaust að vera með sérstakar gyllingar í sambandi við fjárfestingu erlendra fyrirtækja. Þær geta reynzt vel, þær hafa sums staðar reynzt vel, en þær hafa sums staðar reynzt illa. Þær hafa leitt til árekstra víða, eins og hv. frsm. minntist á, og þess eru víða dæmi, eins og hann réttilega nefndi, að hin erlendu fyrirtæki, sem fjárfest hafa í löndum, hafa t. d. ekki viljað una við úrskurði innanlandsdómstóla.

Hv. frsm. meiri hl. sagði eitthvað á þá lund, að það, sem einkum hefði staðið í vegi fyrir erlendri fjárfestingu í þessari mynd, sem mér virtist hann vera sérstaklega að mæla með, stofnsetningu erlendra fyrirtækja, hefði verið ófullkomið réttaröryggi í viðkomandi landi, held ég, að hann hafi sagt. Já, það er rétt. Það er staðreynd, að það er því miður víða hjá nýfrjálsum þjóðum, að réttaröryggi er ekki orðið alveg tryggt. Það þekkjum við allir. Og það er líka sums staðar svo í ýmsum löndum, að það hafa orðið þar nokkuð tíðar stjórnarbyltingar og breytingar í sambandi við það, og ástandið hefur þess vegna ekki þótt alveg öruggt í þeim löndum og nýir valdhafar hafa kannske ekki alltaf viljað standa við þær skuldbindingar, sem hinir fyrri valdhafar hafa gert og gengizt undir, svo að það er út af fyrir sig ekki svo óeðlilegt, þó að sum fyrirtæki, sem áhuga hafa á því að leggja fé í arðvænleg fyrirtæki og stofna arðvænleg fyrirtæki í öðrum löndum, hafi hugsað sig um tvisvar, áður en þau stofnuðu slík fyrirtæki í þessum löndum, þar sem réttaröryggi er ekki fullkomið. Og þar sem svo er, er það út af fyrir sig ekkert óeðlilegt, þó að þau fari að leita eftir því að fá úrskurð um málefni þessa fyrirtækis eða þessara fyrirtækja tekinn undan lögsögu hinna innlendu dómstóla og það vald sé þess í stað fengið í hendur alþjóðlegum gerðardómum.

En ég bara spyr: Vill hv. frsm. meiri hl. virkilega halda því fram, að þessi forsenda, að þessi ástæða, sem hann taldi vera fyrir því, að ríki og einkafyrirtæki hefðu gert samninga um sérstakan gerðardóm í málum fjárfestingarfyrirtækja, — vill hann virkilega halda því fram, að hún sé fyrir hendi hér á landi? Vill hann halda því fram, að við hér á landi búum við ófullkomið réttaröryggi? Vill hann halda því fram, að það sé hætta fyrir útlend fyrirtæki eða útlenda aðila að eiga fjármuni hér á landi? Það væri hryggilegt, ef svo væri. Og ég verð að segja, að ef hann vill halda því fram, er rétt fyrir hann að snúa sér til síns flokks, því að hans flokkur hefur um allmörg undanfarin ár farið með yfirstjórn dómsmálanna hér á landi. Og ef það er svo, að við búum ekki hér við fullkomið réttaröryggi hvað það snertir, á sá flokkur og sú

stjórn vissulega sinn ríka þátt í því. En ég held því ekki fram. Ég held því fram, að hér sé algerlega fullkomið réttaröryggi og að það sé öllum óhætt að eiga sín mál undir íslenzkum dómstóli, hvort sem það eru útlendir menn eða innlendir. Og hv. frsm. meiri hl. sagði meira en þetta. Hann sagði, að alþjóðlegir gerðardómar í þessum málefnum mundu jafnvel eiga rætur að rekja til þess, að fyrirtæki hefðu gert sér það að gróðalind að vanefna samninga og skyldur, sjálfsagt gagnvart útlendingum þá. Hafa fyrirtæki hér á landi gert það? Vill hv. frsm. meiri hl. halda því fram? Við erum hér aðeins að tala um aðstæðurnar hér á landi, en ekki annars staðar. Það frv., sem hér liggur fyrir, er um það eitt, að Ísland gerist aðili að þessum samningi, og það er það, sem um er að ræða. Ég mótmæli því eindregið, að slíkt hafi átt sér stað hér á landi, og það er engin ástæða til þeirra sagna, sem hv. frsm. meiri hl. var með í því sambandi, þar sem hann var að rekja það, að einhver hefði sagt sér, að í svo og svo mörgum ríkjum væri ekki hægt að treysta dómstólum, þegar útlendingar ættu í hlut. Ég er sannfærður um, að Ísland hefur ekki verið í hópi þeirra ríkja, sem það var sagt um. Og hvað þýðir í þessu sambandi að vera að tala um alþýðudómstóla og það réttarfar, sem þeim er tengt, eins og hv. frsm. meiri hl. var að gera? Við höfum enga alþýðudómstóla hér á landi, og hvað þýðir þá skraf um þá í þessu sambandi? Það getur verið, að þau lönd, þar sem þeir eru, það sé ástæða fyrir þau að gerast aðili að slíkum samningi eins og þessum, en það er ekki okkar mál.

Ef maður lítur á hina hliðina í þessu máli, hvort Ísland ætti að gerast aðili að þessum samningi vegna þess, að líkur séu á því, að Íslendingar eða íslenzk fyrirtæki muni á næstu árum fara að leggja í framkvæmdir eða fjárfesta fé í öðrum löndum, þá held ég, að því sé fljótsvarað. Það liggur ljóst fyrir, að við erum sjálfsagt ekki aflögufærir í þeim efnum, og það eru engar líkur, sem benda til þess, að Íslendingar fari að gera það, og allra síst í þeim löndum, sem búa við slíkt réttarkerfi, að ekki væri að öllu leyti unandi við það að sækja sín mál fyrir dómstólum í því landi. Ég sé þess vegna ekki, þegar á þetta er litið, að það sé nein þörf á því, að svo stöddu a. m. k., fyrir Ísland að gerast aðili að þessum samningi, sem hérna liggur fyrir og við erum að ræða um.

Hann var hneykslaður á því, hv. frsm. meiri hl., að ég skyldi hafa látið liggja að því, að það væri móðgun við dómstóla að taka mál undan þeirra lögsögu og fá þau í hendur útlendum dómstólum. Hann taldi það ekki vera neina móðgun við dómstóla. Hann virðist sem sagt ekki telja, að það sé nein móðgun við íslenzka dómstóla, þó að því sé haldið fram, að þeim sé ekki treystandi til þess að dæma hlutlaust um mál, þegar útlendir menn eiga í hlut. Það er hugsanagangurinn, sem á bak við býr. Hann vill halda því fram, að það sé ekki lítilsvirðandi gagnvart Íslandi að halda því fram, að hér sé ekki fullkomið réttaröryggi. Ég er á gagnstæðri skoðun. Ég tel það freklega móðgun við íslenzka dómstóla að halda því fram, að þeim sé ekki treystandi til þess að skera hlutlaust úr máli og ertir íslenzkum lögum, alveg án tillits til þess, hvort málsaðilinn er útlendur eða íslenzkur. Og ég held því fram, að það sé lítilsvirðandi fyrir íslenzka dómstóla, ef því er haldið fram, að útlendingar njóti ekki fulls réttaröryggis hér á landi.

Hann fór út í olíusamningana, hv. frsm. meiri hl., og vildi þar fara í slóð hæstv. viðskmrh. og halda því fram, að viðskiptasamningar væru sambærilegir við álsamninginn, og var þá einu sinni enn og allt í einu farinn að tala um álsamninginn, en ekki þennan samning, sem hér liggur fyrir til umr. Nú er það satt að segja afar erfitt að ræða við menn, sem vilja halda því fram í fullri alvöru, að það séu sambærilegir samningar, hinn fyrirhugaði álsamningur, sem nú er verið að ræða í Nd., og viðskiptasamningur. Það er í mínum augum hrein firra. Það er t. d. eins og það, ef í bókhaldi ætti að jafna saman samningi um fasteignakaup og venjulegum vörusamningi. Og þó, það er miklu meiri fjarstæða. Ég veit eiginlega ekki, hvaða fjarstæðu ég á að nefna, sem gæti skýrt það, hvað þetta er gersamlega út í hött. Við skulum taka t. d., ef einhvern mann henti þau ósköp, að hann færi að rugla saman dr. Bjarna og dr. Gylfa, af því að báðir bera doktorsheiti. Það er svona álíka og ef þeim væri ruglað saman. Í báðum tilfellunum er þarna um að ræða samning, en það er í raun og veru það eina, sem þarna er sambærilegt. Hvenær hefur það t. d. skeð, að viðskiptasamningur væri tekinn til umræðu hér á Alþ. og það væri verið að fjalla um hann hér á Alþ.? Ég minnist þess ekki. Hvenær skyldi það ske, að forseti sé að staðfesta venjulega viðskiptasamninga? Hvenær skyldi þurfa að veita viðskiptasamningum lagagildi? Nei, það er svo mikil fjarstæða að bera saman viðskiptasamning eins og olíusölusamning við Rússland og þennan álsamning, að það tekur náttúrlega ekki nokkru tali. En ég held, að það sé ekki ástæða til þess að fara lengra út í þá sálma á þessu stigi, vegna þess að það verður tækifæri til þess að ræða það mál miklu ýtarlegar, þegar sjálft umræðuefnið, álsamningurinn, sem mestöll ræða hv. frsm. meiri hl. snerist nú um, þrátt fyrir fyrirheit hans um það, að hann ætlaði ekki að ræða það, kemur til umræðu hér í deildinni.

Hv. frsm. meiri hl. var hálfgert hissa og jafnvel hneykslaður á mér, að ég skyldi sjá eitthvað athugavert við álsamning og þennan samning, sem hér liggur fyrir, en hins vegar ekkert við ákvæði gerðardóma í deilum á milli ríkja. Það er nú talsvert annað, hvort um er að ræða deilu á milli ríkja eða þetta álsamningamál. Þegar um er að ræða deilu á milli tveggja ríkja, hver ætli ætti þá að skera úr henni? Ef þetta væru ríkin A og B, ætli það væri eðlilegt, að dómstólar í ríkinu A skæru úr deilu á milli ríkisins A og B? Ég held ekki. Og af hverju? Af því að það væri það sama og að veita öðrum aðila í deilu sjálfdæmi. Það væri alveg það sama og þegar A og B, einstaklingar, eiga í deilu og svo ætti bara að fela öðrum þeirra, A, að kveða upp úrskurð í

þeirri deilu. Nei, þannig er ekki hægt að fara að með deilur á milli ríkja. Þar verður einhver hlutlaus aðili að koma til, því að það getur aldrei gengið að fela dómstólum í öðru ríkinu að kveða upp dóm í málum á milli ríkjanna, af því að það væri að fela öðrum aðilanum sjálfdæmi, og þekkist ekki í neinum dómsmálum. Þess vegna er það að því leyti til, sem dómgæzla kemur til greina sem úrræði til þess að leysa úr deilum á milli ríkja, að þá verður vitaskuld alþjóðlegur gerðardómur eða alþjóðlegur dómstóll að koma til. Það er þess vegna svo gersamlega allt annað, þegar um er að ræða deilur á milli ríkja eða deilur einhvers einstaklings við eitthvert ríki eða eitthvert fyrirtæki í öðru landi. Og eftir hverju skyldi verða dæmt, eftir hvaða reglum skyldi verða dæmt í deilum á milli ríkja, ef t. d. Ísland ætti í deilu við eitthvert ríki? Ætli við gætum krafizt þess, að sú deila væri leyst eftir íslenzkum lögum? Nei, úr þeim deilum er skorið eftir þjóðréttarreglum, og þjóðréttarreglur eru reglur, sem gilda um samskipti ríkja. En í málum á milli einstaklinga, í málum á milli fyrirtækja og í málum á milli einstaklings og opinberrar stofnunar og ríkis annars vegar, þá er dæmt eftir landslögum viðkomandi ríkis. Ef það mál er dæmt hér á landi, er það dæmt eftir íslenzkum lögum. En það er svo allt annað, og það ætti ekki að þurfa að fara að útskýra það, að landslög í hverju viðkomandi landi og þjóðréttarreglur eru sitthvað. Þetta getur fallið saman að meira eða minna leyti, og vitaskuld eru landslög að jafnaði skýrð þannig, eftir því sem unnt er, að þau séu í samræmi við þjóðréttarreglur.

Nú er það að vísu svo, svo að ég feti nú í slóð frsm. hv. meiri hl. og blandi álsamningnum inn í þetta öðru hverju, þá er það að vísu svo, að þar segir, að þessi útlendi dómur, sem þar er um að tefla, eigi að dæma eftir íslenzkum lögum, að vísu með viðbót, ef ég man rétt, eftir grundvallarreglum þjóðaréttar, sem siðaðar þjóðir viðurkenna, eða eitthvað þvílíkt. En hann á fyrst og fremst að dæma eftir íslenzkum lögum. Nú er það svo, því miður, með íslenzk lög, það er ekki eins einfalt og styðja á hnapp. það kemur ekki alveg ákveðið svar, þó að maður geri það. Og þess vegna er það, að þeir, sem fást við að skýra íslenzk lög, þurfa að leggja á sig allmikið nám til þess að öðlast þá þekkingu, sem þeim er talin nauðsynleg til þess að geta skýrt íslenzk lög. Það er ekki á allra færi, og það er ekki sama, hver skýrir lögin.

Hv. frsm. meiri hl. talaði af talsverðri lítilsvirðingu hér áðan um alþýðudómstóla. Hvað eru þessir alþýðudómstólar? Það eru leikmannadómstólar. Það eru dómar manna, sem hafa ekki lært lögin og hafa ekki þekkingu á lögunum. Nú getur vel verið, að í þessum væntanlega gerðardómi sitji sprenglærðir lögfræðingar, en það verða væntanlega ekki nema að litlu leyti menn, sem eru lærðir í íslenzkum lögum. Og það er nokkuð sitt hvað að vera vel lærður í enskum lögum t. d. eða í íslenzkum lögum, það er vitanlega ekki hið sama. Það mundi vera hæpið að telja, að íslenzkur lögfræðingur gæti farið til Bretlands og farið að dæma þar eftir brezkum lögum. Ég er hræddur um, að hann brysti kunnáttu til þess. Þess vegna verð ég að segja það, að þegar þessir menn eru að ræða um þetta og leggja óskaplega áherzlu á það, að þetta sé allt í lagi, því að útlendi gerðardómurinn eigi að dæma eftir íslenzkum lögum, þá verkar það dálítið hlægilega á mig, — ég get ekki neitað því. Til hvers eru þá íslenzkir lögfræðingar að burðast við að læra lög, ef það þarf svo enga kunnáttu í íslenzkum lögum til þess að rekja þau eða skýra þau? Og svo þetta, sem er betra að ræða um í sambandi við álmálið: Hvernig á þessi útlendi gerðardómur að fara að, ef eitthvað skyldi bera á milli íslenzkra laga og þessara þjóðréttarreglna, sem hann á að dæma eftir?

Það eru margar spurningar, sem vakna í þessu sambandi, og þeim er áreiðanlega ekki auðsvarað öllum, en ég skal ekki fara lengra út í þá sálma. Aðalatriðið í þessu máli er, — og hitt, sem ég hef sagt, eru náttúrlega aukaatriði, — aðalatriðið í sambandi við þennan samning er þetta, sem ég hef marglagt áherzlu á, að það er ekki þörf á því fyrir Ísland að gerast aðili að slíkum gerðardómi sem þessum. Íslenzkir dómstólar veita nægilegt réttaröryggi. Það getur gegnt allt öðru máli um önnur lönd og auðvitað sérstaklega vanþróuð lönd og svo lönd þeirra þegna eða fyrirtækja, sem ætla að leggja fé til í þessum vanþróuðu löndum og stofna þar fyrirtæki. Það getur verið eðlilegt út af fyrir sig, að þau geti staðið að samningi sem þessum. Sannast sagna virðist það líka vera svo, að það sé ekki ýkjamikill áhugi á þessum samningi. Það er nú margupplýst, að það hafa aðeins 4 Afríkuríki, — ríki, sem við verðum að kalla vanþróuð ríki, og það felur ekki í sér nokkra lítilsvirðingu á þeim ríkjum, — staðfest hann. Það er bara staðreynd, að þau ríki, sem þar eiga hlut að máli, eru vanþróuð lönd í þeirri merkingu, sem það heiti er notað. Og það eru aðeins þessi 4 Afríkuríki, sem hafa fullgilt samninginn. En samningurinn öðlast ekki gildi, fyrr en 20 ríki hafa fullgilt hann, og meðal þeirra 20 getur ekki Sviss verið. Það getur ekki komið til fyrr en síðar, og það er enginn kominn til að segja það, að Sviss muni staðfesta nokkru sinni, því að sannleikurinn er sá, að Sviss er heldur afturhaldssamt í afstöðu sinni til alþjóðastofnana. Það er að vísu aðili að ýmsum sérstofnunum Sameinuðu þjóðanna. Að Sameinuðu þjóðunum hefur hins vegar t. d. Sviss aldrei gerzt aðili, þannig að það hefur að ýmsu leyti sérstöðu. En þetta er staðreyndin, sem máli skiptir, að það eru aðeins 4 Afríkuríki, sem hafa fullgilt samninginn. Hitt skiptir engu máli, eins og ég rækilega sýndi fram á við 1. umr. málsins og hv. frsm. meiri hl. viðurkenndi, hvort ríki hefur undirritað samninginn eða ekki, vegna þess að það er án allrar skuldbindingar samkv. viðurkenndum reglum um milliríkjasamninga og samkv. því, sem er berum orðum tekið fram í þessum samningi, sem hér liggur fyrir, sbr. 67. og 68. gr. þessa samnings, þar sem greinilegur og rækilegur munur er gerður á undirskrift samningsins og fullgildingu. Undirskriftin hef-

ur svo sem enga lagalega þýðingu, þannig að hún er ekkert haldreipi, en 35 hafa undirritað, og í það haldreipi vilja þeir nú halda. Og eru þá 35 einhver óskapleg tala í þessu sambandi? Hvað eru mörg ríki aðilar að Alþjóðabankanum, og hvað eru 35 ríki mikill hluti af þeirri tölu? Síðast þegar ég vissi, voru aðildarríki Alþjóðabankans 102 að tölu, það var árið 1964. Ég geri ráð fyrir, að þeim hafi frekar fjölgað en fækkað síðan. Og það eru þó ekki nema 35 af þessum 102 ríkjum, sem hafa undirritað án allrar skuldbindingar samninginn til þessa.

Ég verð að segja það, að mér finnst stuðningsmenn hæstv. forsrh. hafa leikið hann heldur grátt í þessu máli, og verð ég að segja, að mér þykir það frekar sárt, af því að ég met hann mikils sem gamlan og góðan kennara og sem ágætan lagamann. En hann var látinn fara með það í útvarpið í umr. um vantraustið, að það hefðu 33 ríki undirritað, að öll Norðurlöndin hefðu undirritað, ekkert minnzt á það, hvað mörg ríki hefðu fullgilt. Nú er upplýst, að þetta er rangt. Það höfðu fyrst og fremst 35 ríki undirritað og ekki nema tvö af Norðurlöndunum undirritað, og það höfðu ekki nema 4 fullgilt samninginn. En sennilega hefur hæstv. forsrh. farið með þetta í útvarpið í þeirri trú, að barna væri um að tefla fullgildingu. Auðvitað hefur hæstv. forsrh. farið með þessar upplýsingar í útvarpið í fullkomlega góðri trú, farið með þær af því, að stuðningsmenn hans létu hann fá þessar röngu upplýsingar í hendur. Þetta eru ekki stór atriði, en þau gefa samt til kynna, hversu trevsta megi hinum stærri atriðum, þegar þert verður um ósamræmið í þessum upplýsingum, sem þó skipta minna máli.

Þessi samningur, sem hér liggur fyrir til umræðu, er náttúrlega ekki á neinn hátt samhæfilegur við álsamninginn, sem verið er að ræða í Nd. Þessi samningur, sem hér liggur fyrir, er millirikjasamningur, en álsamningurinn er samningur ríkis og fyrirtækis. Í þessum samningi er ekki um að tefla neina almenna skuldbindingu til þess að leggja nokkurt deilumál fyrir þann gerðardóm, sem upp er settur með þessu frv. eða þessum samningi. Eftir þessum samningi er um það að tefla, að deiluaðilar semja í hvert einstakt skipti um tiltekna deilu, um það að leggja tiltekna deilu í gerð. Og það er nokkuð annað en sú almenna skuldbinding, sem er í álsamningnum, þar sem svo er samið um, að öll tiltekin ágreiningsmál á milli tilgreindra aðila skuli lögð fyrir gerðardóm, ef ekki verður samkomulag um annað. En að þetta sé svo sem ég hef nú sagt um þennan samning, sem hér liggur fyrir, það er alveg glöggt og ljóst af 25. gr. í samningnum, þar sem stendur, með leyfi forseta: „Lögsaga stofnunarinnar tekur til sérhverrar lagalegrar deilu, sem upp kemur í beinu sambandi við fjárfestingu milli aðildarríkis eða einhvers stjórnlagalegs hluta," — hvað sem það nú er, — „eða stofnunar aðildarríkis, sem það kann að tilnefna af sinni hálfu gagnvart stofnuninni, og þegna annars aðildarríkis, sem deiluaðilar samþykkja skriflega, að vísað sé til stofnunarinnar." Það eru sem sagt deiluaðilar, sem í hvert einstakt skipti verða að samþykkja. Það er ekki ríkið, sem þar er að skipa einhverjum þegnum sínum, fyrirtæki eða einhverri stofnun að leggja málin í gerð, eins og t. d. farið er að nú við lögfestingu álsamningsins, að fyrirskipa Hafnarfjarðarkaupstað og Landsvirkjun að leggja sín deilumál í gerð. Nei, ef þessi samningur, sem hérna er, ætti að eiga við um það og ekkert væri um álsamninginn, þá yrði það hvert um sig, Hafnarfjarðarkaupstaður í hverju tilfelli og Landsvirkjunin í hverju einstöku tilfelli, að semja sig sjálft undir gerðina. Það er það, sem felst í þessum samningi, sem hér er til umræðu, þannig að það er svo bersýnileg rökvilla sem hugsazt getur að vera að reyna að bera þennan samning á nokkurn hátt saman við álsamninginn og saman við hin fáránlegu gerðardómsákvæði í þeim samningi. Og eins og ég þegar hef sagt, felst ekki í þessum samningi, sem hér liggur fyrir, nein almenn skuldbinding. Hann gerir ekki annað en að opna dyr, eða eins og segir greinilega í aths. með þessu frv., að „með aðild að samningnum felst ekki skuldbinding um að skjóta hangað deilumálum, heldur opnast einungis leið fyrir Ísland með aðild að samningnum að notfæra sér það fyrirkomulag, sem samningurinn gerir ráð fyrir."

Það er hér því aðeins um það að ræða að opna dyr, opna leið til þess að skjóta þessum ágreiningsmálum í hverju einstöku falli til þessa gerðardóms. Það mætti kannske segja, að það út af fyrir sig væri ekki svo ýkjahættulegt, ef þetta frv., sem hér liggur fyrir, væri eitt á ferð og ekki fylgifiskur annars máls. En jafnvel þó að svo væri, að þetta væri aðeins hér á ferðinni eitt saman og ekki fylgifiskur álfrv. stóra, þá verð ég að segja, að ég held, að það sé ekki heppilegt, heldur stórlega varhugavert að opna þvílíkar dyr sem þessar fyrir núv. hæstv. ríkisstj. Ég vil ekki gefa henni jafnvel þá heimild, sem felst í þessum samningi, því að vitaskuld getur það verið svo, að einhver erlend fyrirtæki leggi í einhverja fjárfestingu hér með samningum við ríkisstj., og þegar þessi samningur er þá orðinn að lögum, væri með honum opnuð leið til þess fyrir ríkisstj. í hverju einstöku falli, þegar deila væri risin við það erlenda fyrirtæki, að semja svo um í hvert einstakt skipti, að deilan skyldi fara fyrir þennan alþjóðlega gerðardóm, sem hér er upp settur. Ég held, að það sé ekki rétt að leggja þá freistingu fyrir núv. hæstv. ríkisstj. Ég er ekki viss um, að hún standist hana.

En það, sem gerir auðvitað samt sem áður þetta lagafrv., sem hér liggur fyrir, og þennan samning, sem hér er til umræðu, sérstaklega varhugaverðan, er það, að hann er settur í samband við álsamninginn. Ríkisstj. hefur viljað nota hann sem afsökun fyrir hinu fáránlega gerðardómsákvæði álsamningsins, og það er þess vegna, að það er að mínum dómi alveg sérstaklega varhugavert að samþykkja þennan samning, þ. e. a. s. að veita ríkisstj. heimild til þess að fullgilda hann.

Hv. frsm. meiri hl. var að tala í sinni framsöguræðu áðan um Efnahagsbandalagið og dóm-

stól þess. Nú er það út af fyrir sig, að ég verð að segja það eins og er, að ég er eiginlega hissa á því, að Efnahagsbandalagið skuli ekki hafa verið nefnt fyrr í sambandi við þessar umræður, vegna þess að þar mundi þó kannske einna helzt vera hægt að vísa til fordæmis. En þó er það auðvitað ekki hægt, vegna þess að Efnahagsbandalagið er náttúrlega allt annars konar stofnun. Það er samningur á milli ríkja, sexvelda. Og alveg sama gildir um stál- og kolasamsteypuna. Það er samningur á milli ríkja, þar sem þau koma sér saman um að setja á fót eins konar yfirríkisstofnun eða eins konar yfirríkjastofnanir, sem eru bæði þingið, framkvæmdastjórnin og dómstóllinn. Og aðalreglan er reyndar líka sú, að það sé gert ráð fyrir því, ef ég man rétt, að það séu ríkin sjálf, sem eru aðilar fyrir dómstólunum, þó að hitt geti líka átt sér stað eftir samþykktinni, að það geti verið fyrirtæki eða jafnvel einstaklingar. En Efnahagsbandalagið og kola- og stálsamsteypan eru náttúrlega algerlega ný fyrirbæri á sviði þjóðréttarins, algerlega ný, og spurningin er um það, hvort fullvalda ríki geti gerzt aðilar að slíkri samsteypu, og þeirri spurningu hafa þessi sexveldi út af fyrir sig svarað játandi, að þau hafa ekki talið sína stjórnarskrá eða sín stjórnlög standa í vegi fyrir því, að þau fengju þannig vissan hluta af ríkisvaldinu í hendur yfirríkjastofnun. Og það er rétt, sem hv. frsm. minntist á, að á sínum tíma var nokkuð bollalagt um það í einstökum löndum, hvort ríkin gætu gerzt aðilar að þessu bandalagi án þess að breyta sinni stjórnarskrá. Nú er það alveg rétt, eins og hann sagði, að t. d. sá fræðimaður, sem hann vitnaði til, Frede Castberg í Noregi, var þeirrar skoðunar, að Noregur gæti gerzt aðili að þessu efnahagsbandalagi án þess, að Noregur þyrfti að breyta sinni stjórnarskrá. Aftur á móti var það svo í Danmörku, að þegar dönsku grundvallarlögin voru endurskoðuð þar og ný sett 1953, þá var sett sérstakt ákvæði inn í grundvallarlögin með þessa stöðu fyrir augum, þannig að það er nú nokkuð sitt á hvað, hygg ég, um skoðun á því, hvort ríki geti gerzt aðili að stofnun eins og Efnahagsbandalaginu án þess að breyta sinni stjórnarskrá eða fá sérstaka heimild til þess í sinni stjórnarskrá. En það getur verið fróðlegt að athuga þær bollaleggingar, og það hefur, eins og ég sagði, verið bollalagt mikið um það. Það var t. d. eitt viðfangsefni á einu lögfræðingamóti, ef ég man rétt, 1956 eða 1955, þar sem einmitt Frede Castberg var annar aðalframmælandinn. Aðrir voru á annarri skoðun. Og nú hefur verið sett sérstakt ákvæði í norsku stjskr. En ég sé nú ekki, að þetta hafi neina þýðingu í þessu sambandi, vegna þess að það liggur ljóst fyrir, að ekki er um neitt efnahagsbandalag að ræða með álsamningnum. Það er ekki samningur á milli ríkja. Það er ekki einu sinni samningur á milli Íslands og Sviss, og því síður er um að tefla aðild Íslands að nokkru bandalagi, heldur er um að ræða samning Íslands við einkafyrirtæki. Ég get því ekki séð, að það sé á neinn hátt sambærilegt. En þar fyrir utan er það svo auðvitað allt önnur spurning, hvort þessi samningur fer í bága við stjórnarskrá, það hefur enginn verið að tala um það hér. Það getur svo sannarlega margt verið lítilsvirðandi og vansæmandi, þó að það fari ekki í bága við stjórnarskrá. Við erum ekki að ræða um það hér, ég hef ekki minnzt á það einu orði, þannig að það er alveg óþarfi fyrir hv. frsm. að fara út í nokkrar bollaleggingar um það, hvort þessi samningur við svissneska álfélagið brjóti í bága við stjórnarskrá. Ég hef ekki sagt neitt um það, og yfirleitt að vera að bera þann samning saman við einhvern bandalagssamning, eins og efnahagsbandalagssamninginn, það er, þegar það mál er athugað niður í kjölinn, alveg fjarstætt. En samt sem áður verð ég að segja það, að ég er eiginlega hissa á því, að enginn skuli hafa þó reynt að grípa í það haldreipi fyrr en hv. frsm. gerði það hér áðan.

Ég skal nú fara að láta þessu spjalli mínu lokið, herra forseti. Ég er nú orðinn nokkru langorðari en ég ætlaði, og það held ég að nokkru leyti verði að skrifast á reikning hv. frsm. meiri hl., því að ef hann hefði orðið stuttorður, þá hefði ég sennilega orðið það líka, svo að hans ræða er að nokkru leyti dýru verði keypt. En aðeins vildi ég þó bæta hér við, og það er þetta, sem ég benti á við 1. umr. málsins, að málið á þessum samningi er því miður langt frá því að vera gott. Það er satt að segja alveg afleitt í mörgum tilfellum. Þar er hver fjólan eftir aðra, eins og t. d. þetta í 25. gr., sem ég las áðan, að tala um stjórnlagalegan hluta aðildarríkis. Stjórnlagalegur hluti, hver skilur þetta á íslenzku? Það er ekki aðeins það, að málið sé mjög gallað, svo að vægt sé að orði komizt, heldur ber líka á atriðum í þýðingu, sem a. m. k. gætu orkað tvímælis. En þrátt fyrir það leggur hv. meiri hl. n. til, að þetta frv. sé nú samþ. alveg óbreytt og samningurinn sé fullgiltur algerlega óbreyttur eins og hann kemur af skepnunni. Það má sem sagt ekki breyta neinum stafkrók í þessu. Það má ekki taka það tillit til ábendinga stjórnarandstöðunnar í þessu, — ekki svo afskaplega þýðingarmiklu máli, — að það sé t. d. fengið álit kunnáttumanns á því, hvort málið í vissum atriðum sé rétt eða ekki. Nei, stjórnin hefur lagt þetta fram svona, þá skal það í gegn, óbreytt skal það standa, og verð ég að segja, að það verður ekkert sérlega skemmtilegur vitnisburður eða minnisvarði, svo að maður haldi sig við orð hv. frsm., um störf Alþ. á þessu herrans ári að láta þetta fara frá sér í þessari mynd, sem það er nú.

Þegar þetta er haft í huga, að það er ekki hægt að taka tillit til ekki þó veigameiri, má kannske segja, aths. en þetta, og þegar þess er gætt, að það getur ekki einu sinni gert sá grandvari og heiðarlegi frsm. hv. meiri hl. og reyndar líka aðrir þeir ágætu og ærukæru nm., sem meiri hl. skipa, — þegar þessi afstaða gagnvart stjórnarandstöðunni í stóru sem smáu er höfð í huga og virt, þá verð ég að segja það, að það er blátt áfram hlægilegt, þegar maður verður að hlusta á það, að heyra hæstv. dómsmrh. spyrja með grátstaf í kverkunum stjórnarandstöðumann: Hvers vegna hafðir þú ekki vit fyr-

ir mér? Hvers vegna aðvaraðir þú mig ekki eða jafnvel stöðvaðir, áður en ég skrifaði undir þessi hraksmánarlegu gerðardómsákvæði?

Ég verð að segja það, að slíka hræsni og slíka skinhelgi af hálfu stjórnarinnar er ekki hægt að taka alvarlega, þegar höfð eru í huga viðbrögð og afstaða stjórnarsinna gagnvart stjórnarandstöðunni jafnt í stóru eða smáu, þegar aldrei má taka tillit til jafnvel hinna smæstu atriða eða ábendinga, sem frá henni koma. En um þetta mun ég ræða nánar við hæstv. dómsmrh., þegar hann loks kemst upp í Ed. með sitt álmál.

Hv. frsm. meiri hl. hafði af því þungar áhyggjur, að við kynnum með okkar afstöðu til þessa máls og þá sérstaklega náttúrlega til álmálsins að reisa okkur vafasaman minnisvarða. Ég vil ráðleggja honum að hafa ekki þungar áhyggjur af því. Ég hygg, að hann ætti ekki síður að leiða hugann að þeim minnisvarða, sem hv. samflokksmenn hans reisa sér með gerðardómsákvæðunum í álsamningnum.

Gils Guðmundsson: Herra forseti. Ég hafði í rauninni ekki ætlað mér að taka til máls við þessa umr., þar sem ég hafði gert nokkra grein fyrir afstöðu minni til málsins við 1. umr. þess og hef í rauninni ekki miklu við það að bæta, sem ég þá sagði. Ég vil aðeins rifja það upp í örstuttu máli, að það er upplýst, að í dag hafa einungis 4 ríki fullgilt þann samning, sem hér liggur nú fyrir Alþ. Það eru 4 fjarlæg ríki, Afríkuríki, sem hafa gert það. Það var reynt að snúa þannig út úr orðum mínum við 1. umr. þessa máls, að ég hefði á einhvern hátt farið lítilsvirðingarorðum um þessi 4 fjarlægu ríki. Það byggist á algerum misskilningi, að ég hafi gert það. Hitt sagði ég, og það vil ég gjarnan endurtaka, af því að það er atriði í þessu máli, að þarna er um að ræða ung ríki, sem eiga í margvíslegum erfiðleikum, og meðal erfiðleika þeirra er það, að ýmsar stofnanir og þá m. a. fjársterkir aðilar á vesturlöndum treysta ekki stjórnarfarslegu og réttarfarslegu öryggi í þessum ungu ríkjum meira en svo, að þeirra hluta vegna eiga þau í sérstökum erfiðleikum með það m. a. að afla fjár til nauðsynlegra framkvæmda sinna. Nú er það jafnframt upplýst í sambandi við þann álsamning, sem liggur fyrir hv. Nd. og þetta mál er að vissu leyti tengt, að viðsemjendur Íslendinga, hið svissneska fyrirtæki eða stjórnendur þess, þeir hafa ekki aðeins látið í það skína, heldur sagt það berum orðum, að meginástæðan til þess, að farið er fram á það eða ákveðið er í samningnum, að gerðardómur skuli fjalla um meiri háttar deilumál, — ástæðan sé sú, að slíkir hlutir sem hér er um samið séu svo nýir á Íslandi, að það sé ekki komin reynsla á slík mál að því er snertir afskipti íslenzkra dómstóla af þeim. Það er m. ö. o. verið að vefengja það, að íslenzkir dómstólar séu um það bærir að fjalla af öryggi um slík mál sem þessi, og síðan er þannig undir þetta tekið af hæstv. ríkisstj., að hún vill, að Ísland verði fimmta ríkið, sem fullgildir þennan samning, sem hér er um að ræða, og að mínu viti tekur hún í rauninni algerlega undir það, sem felst í orðum og frásögnum, útskýringum hins svissneska aðila um það, hvers vegna samið er í alúmínsamningnum um gerðardómsákvæði í deilumálum. Enn sem komið er hefur ekkert ríki á vesturlöndum fullgilt þennan samning, og ekkert liggur fyrir um það, hver komi til með að gera það á næstunni eða hvenær það verður. Okkur liggur því ekki nokkurn skapaðan hlut á að fullgilda slíkan samning sem þennan. Við eigum að sjá, hverju fram vindur í þeim efnum. Það eru í rauninni engir eðlilegir hlutir, sem á það knýja, að þetta sé gert nú, við þær aðstæður, sem eru í sambandi við slíkan samning.

Það, sem kom mér til að kveðja mér hljóðs nú við þessa umr., var í rauninni eitt sérstakt atriði í ræðu frsm. meiri hl. n., hv. 8. þm. Reykv. Hv. frsm. meiri hl. fór að ræða hér um sögulegan atburð, rúmlega 60 ára gamlan atburð, deiluna um símamálið og bændafundinn 1905. Hann taldi, að í sambandi við þetta gamla deilumál hefðu andstæðingar símasamningsins á þeim tímum farið með öfgar miklar og staðlausa stafi í sínum málflutningi og svipuð saga væri að gerast nú að því er varðar málflutning okkar, sem erum andvígir alúmínsamningnum og fylgimálum hans. Hv. frsm. meiri hl., 8. þm. Reykv., kallaði þá menn, sem stóðu gegn símasamningi Hannesar Hafsteins á sínum tíma, samningnum við Stóra norræna ritsímafélagið, kallaði þá nátttröll og hafði um þá fleiri heldur leiðinleg ummæli, og hv. þm. kom hér með sína sagnfræðilegu biblíu og las upp úr henni dálitla pistla. En hver var nú sú sagnfræðilega biblía? Það var ævisaga Hannesar Hafsteins eftir Kristján Albertsson, bók, sem kom út í þrem bindum fyrir fáum árum. Ég verð að segja, að þetta er heldur vond biblía. Þetta ævisagnarrit hefur á sér yfirskin sagnfræði, en er að mínu viti miklu nær því að teljast áróðursrit. Einkenni þess eru þau, að aðdáunin á aðalsöguhetjunni má heita takmarkalaus, en andúðin á öllum mótstöðumönnum hetjunnar er á hinn bóginn algerlega skefjalaus. Og þetta hvort tveggja leiðir höfundinn oft í ærnar ógöngur. Hitt skal ég svo viðurkenna, að þetta er hið læsilegasta rit, víða hressilega og vel skrifað út frá sínu sjónarmiði, en það er afskaplega vafasöm sagnfræði, svo að ekki sé meira sagt. En þar sem það er nú síður en svo í fyrsta sinn, sem túlkun þessa rithöfundar á símamálinu og bændafundinum 1905 er notuð m. a. til samanburðar við þá andstöðu, sem nú er uppi gegn alúmínsamningnum, þá langar mig til að fara um þetta gamla deilumál nokkrum orðum, en skal leitast við að stytta mál mitt.

Það var einhver, sem sjálfsagt þótti sögufróður, — ég held jafnvel, að það hafi verið höfundur Reykjavíkurbréfs Morgunblaðsins, kannske var það einhver annar, — sem tók fyrstur upp á því að bera andstæðinga alúmínsamninganna saman við þá menn, sem börðust gegn símamálinu, eins og hann orðaði það, fyrir röskum 60 árum, börðust gegn símasamningi Hannesar Hafsteins fyrir röskum 60 árum. Og síðan má segja, að hver skriffinnurinn, einkum í Morgunblaðinu og Vísi, og svo hver ræðugarpurinn á

fætur öðrum hafi haldið þessu eða svipuðu fram sem algerlega sögulegum sannindum, haldið því fram, að fjöldi sunnlenzkra bænda hafi riðið til Reykjavíkur um hásláttinn sumarið 1905 til þess að mótmæla öðru eins þjóðþrifafyrirtæki og símanum, og þetta hefur verið talið jafnvel hámark þeirrar fáfræði og þeirrar afturhaldssemi, sem hægt var að vitna til í sambandi við sögu síðari tíma á Íslandi. Og nú síðast hefur hv. frsm. meiri hl., 8. þm. Reykv., haldið þessu sama fram og vitnað í Kristján Albertsson, eins og ég sagði, þessu til sönnunar. Ég er nú satt að segja hissa á svo skynsömum og sanngjörnum manni yfirleitt eins og hv. frsm. meiri hl. að vera að taka undir þetta á eins einstrengingslegan og ég vil segja afar ósagnfræðilegan hátt og hann gerði hér síðdegis í dag. Hann hafði, eins og þeir hafa gert fleiri, sem í þennan gamla atburð hafa vitnað, stór orð um þá mætu og mikilhæfu stjórnmálamenn, sem voru andvígir, — sannarlega voru þeir andvígir þeirri lausn símamálsins, sem Hannes Hafstein barðist fyrir, og þessum mönnum eru valin alls konar hrakyrði, vil ég segja, og jafnvel enn þá verri orð en hv. 8. þm. Reykv. notaði, þó talaði hann, eins og ég sagði áðan, um nátttröll og fleira nefndi hann í heldur leiðinlegum tón. Þetta er í sjálfu sér sami tónninn og er í hinu afar varasama riti Kristjáns Albertssonar. Ég vil nú byrja á því að spyrja: Hverjir voru þessir menn, sem eru nú kallaðir nátttröll og fleiri heldur leiðinlegum nöfnum? Ég skal aðeins nefna fáa: Björn Jónsson, Valtýr Guðmundsson, Skúli Thoroddsen, Benedikt Sveinsson yngri, Biarni Jónsson frá Vogi. Þetta eru nokkur helztu nöfnin. Voru þetta einhverjir sérstakir afturhaldsseggir? Eiga þeir skilið að vera kallaðir nátttröll? Ég mótmæli því. Hér er að mínu viti um alveg ranga túlkun á afstöðu þeirra og málflutningi að ræða, og ég segi þetta ekki aðeins vegna ummæla hv. 8. þm. Reykv., heldur vegna þess, að ég hef tekið eftir því, að það er hver farinn að tyggja þetta upp eftir annan sem alveg fullkomna staðreynd og ágæta sagnfræði, og því mótmæli ég.

Hv. 8. þm. Reykv. las nokkra kafla úr bók Kristjáns Albertssonar, þar sem vitnað er í blaðagreinar, vitnað er í blaðið Ingólf, sem Benedikt Sveinsson ritstýrði, í blaðið Ísafold, sem Björn Jónsson ritstýrði, og fleiri blöð þess tíma. Og það er sú söguaðferð, sem Kristján Albertsson notar í sinni bók, sem þarna kemur fram. Annars vegar velur hann kjarnann, fallega kafla til að mynda úr ræðum Hannesar Hafsteins, hins vegar velur hann smákafla eða setningar úr stóryrtustu blaðagreinum andstæðinganna, oft slitnar úr rökréttu samhengi. Ef slíkri aðferð er beitt, má í rauninni varpa alröngu ljósi á svo að segja hvaða mál sem er. Hvernig yrði til að mynda sagan um ýmis deilumál, ef þannig væri farið að? Hvernig yrði sagan um deiluna um Sundhöll Reykjavíkur, um stofnun menntaskóla á Akureyri, um afurðasölulögin frá 1934, ef tekin væru svona ýmis ummæli úr Morgunblaðinu og Vísi, jafnvel slitin úr samhengi, og sagt, að svona hefði verið málstaður Jóns Þorlákssonar og Ólafs Thors, svo að maður nefni einhver dæmi? — Nei, með slíkum málflutningi er ekki verið að rekja sögu mála á sagnfræðilegum grundvelli.

Mér hefur satt að segja sárnað nú að undanförnu, hvernig ýmsir menn hafa verið að tyggja þetta hver á fætur öðrum, að mótmælin gegn símasamningi Hannesar Hafsteins séu eitthvert sígilt dæmi um alveg sérstaklega heimskulega andúð á nýjungum og talandi vottur um pólitíska starblindu þeirra manna, sem beittu sér gegn þessum samningi. Og satt að segja er ég sérstaklega hissa á því, þegar sessunautur minn, hv. 8. þm. Reykv., svo grandvar maður, lét það henda sig að bera þetta á borð. Ég veit, að hann hefur gert það að heldur lítið athuguðu máli, tekið það trúanlegt, sem það varhugaverða ævisögurit, sem hann vitnaði til, segir um þetta.

En þessu máli var engan veginn þannig varið eins og staðhæft er í umræddri bók og ýmsir gegnir menn hafa haft eftir nú upp á síðkastið og talið söguleg sannindi. Andstæðingar símasamningsins við Stóra norræna ritsímafélagið og forgöngumenn bændafundarins, sem margir hafa vitnað til, menn eins og Björn Jónsson, Benedikt Sveinsson og félagar þeirra, þeir voru ekki að berjast gegn fjarskiptasamningi við útlönd eða gegn símalagningu um landið, það var síður en svo. Afstaða þeirra mótaðist af því, að þeir vildu ekki veita dönsku félagi einokunaraðstöðu, sem þeir töldu vera, til ritsímarekstrar í marga áratugi. Þeir vildu taka öðru tilboði, sem þeir töldu Íslendingum hagstæðara, tilboði frá Marconi-félaginu enska, þar sem Íslendingum var gefinn kostur á að eignast fjarskiptakerfið eftir tiltölulega fá ár. Og við verðum að minnast þess, að á þessum tímum voru Íslendingar enn tengdir Dönum margvíslegum böndum. Þeir voru þá að berjast fyrir auknu sjálfstæði á öllum sviðum, og andstæðingarnir voru Danir. Þeir voru að berjast fyrir sínu stjórnarfarslega sjálfstæði, en þeir voru líka að berjast fyrir menningarlegu og efnahagslegu sjálfstæði. Það var þess vegna sérstaklega nauðsynlegt að fara varlega að því er snerti dönsk áhrif og dönsk yfirráð í sambandi við íslenzk mál. Varfærni í þeim efnum var þá eðlileg og sjálfsögð, og hún er það vitanlega alltaf, en var þá alveg sérstaklega sjálfsögð gagnvart Dönum. Og ég er ekki í neinum efa um það, að slík varfærni hefur auðveldað það, að við gátum losað um þau bönd, sem þurftu og urðu að rakna. Ég skal ekki þvertaka fyrir, að slík varfærni hafi í einstökum tilfellum gengið eitthvað lengra en nauðsyn bar til, en ég er viss um, að í höfuðatriðum var hún eðlileg og nauðsynleg á þessum tímum og þá einkum gagnvart Dönum. Og þeir menn eiga vissulega þakkir skilið, sem þá voru sérstaklega á verði gegn því, að við ánetjuðumst dönsku auðmagni um of.

Þess er náttúrlega enginn kostur hér, enda alveg þarflaust, að fara að rekja sögu símamálsins í smáatriðum. En ég greip hér með á fundinn tvö heimildarrit um þetta mál, sem varpa á það að mínum dómi nokkuð öðru og réttara ljósi heldur en það rit, sem hv. 8. þm. Reykv. vitnaði til hér á síðdegisfundinum. Ég tel, að heimildarmenn mínir séu báðir traustir og góðir. Þeir eru

sinn úr hvorum herbúðum frá þeim tíma. Annar þeirra, Einar H. Kvaran, var að vísu andstæðingur Hannesar Hafsteins í þessum málum, en Einar var þó mikill vinur Hannesar og aðdáandi, og hann var það alla tíð, þótt þeir ættu ekki alltaf samleið í stjórnmálum. Það er einnig viðurkennt, ég held af öllum, að Einar Kvaran var, ekki síst eftir að hann hætti að mestu eða öllu afskiptum af stjórnmálum, afar hófsamur maður í dómum um menn og málefni, málefnalegur maður í rökræðum og sanngjarn. Hinn heimildarmaðurinn, sem ég aðeins ætla að vitna til, er Þorsteinn Gíslason ritstjóri og skáld. Hann var einn eindregnasti fylgismaður Hannesar Hafsteins og einna skeleggastur stuðningsmaður hans í símamálinu og löngum síðar. Ég held, að báðir þessir heimildarmenn verði að teljast góðir og þá ekki síst þegar þess er gætt, að ritgerðir þær, sem ég ætla að vitna til, eru skrifaðar löngu eftir að allar deilur um símann voru þagnaðar.

Einar Kvaran birti í Andvara 1913 prýðilega ævisögu Björns Jónssonar. Hann skrifar þar nokkurn kafla um símamálið, glöggan kafla og málefnalegan. Ég les dálítinn hluta hans, með leyfi hæstv. forseta. Þessi kafli bregður að mínu viti góðu ljósi á þetta gamla deilumál og leiðréttir ýmsar staðhæfingar, sem hafa verið hafðar uppi nú í seinni tíð og m. a. hér í þessum umr. um það mál. Í Andvaragrein sinni frá 1913 kemst Einar Kvaran m. a. þannig að orði:

„Ekki ætla ég hér að fara að gera grein alls þess, sem varð að ágreiningi með Birni Jónssyni og andstöðuflokknum á aðra hliðina og stjórninni á hina. Ég læt mér nægja að minnast lauslega á þrjú merkismál. . . . Annað var ritsímamálið 1905 Björn Jónsson veitti stjórninni afar snarpa mótspyrnu í því máli, kom m. a. á bændafundinum um þingtímann, sem lét undirskriftarmálið og ritsímamálið til sín taka. Björn Jónsson var framar öllu öðru óánægður með bandalagið við Dani um sæsímann og yfirráð þeirra yfir honum og öllu hugsanlegu hraðskeytasambandi Íslands við önnur lönd. Fyrir því vildi hann þiggja tilboð Marconi-félagsins um loftskeytasamband, sem oss var gerður kostur á að eignast að fullu eftir 20 ár."

Og Einar Kvaran heldur áfram.

„Þegar menn líta á ritsímadeiluna rólega og hlutdrægnislaust nú, 8 árum eftir að hún var háð, finnst mér, að niðurstaðan muni hljóta að verða sú, að báðum málsaðilum hafi að nokkru skjátlazt og báðir hafi þeir að nokkru haft rétt að mæla. . . . En hitt virðist mér, að reynslan hafi sannað, að það hafi verið illa farið, að skoðanir stjórnarandstæðinga um sambandið við önnur lönd voru fyrir borð bornar."

Síðan heldur Einar Kvaran áfram að rekja það, að hann telji, að þetta tilboð hafi verið hagstæðara okkur Íslendingum heldur en hitt tilboðið, sem Hannes Hafstein hafði fengið frá Stóra norræna ritsímafélaginu, og hann lýkur þessum kafla á þessum orðum:

„Auðvitað vissi enginn 1905 jafnmikið um þetta mál eins og menn vita 1913. Hvorki stjórnarmenn né stjórnarandstæðingar vissu að fullu, hve álitlegt það var, sem þingið hafnaði. En það virðist mér ekki verða út skafið, að í málinu um hraðskeytasamband við önnur lönd voru Björn Jónsson og samherjar hans á réttri leið 1905."

Hitt vitnið, Þorsteinn Gíslason ritstjóri og skáld, flutti árið 1936 tólf ágæt útvarpserindi, sem síðar komu út í bók undir nafninu: Þættir úr stjórnmálasögu Íslands 1896—1918. Eitt erindið fjallaði aðallega um símamálið. Þar segir Þorsteinn Gíslason á þessa leið:

„Hannes Hafstein hefur að makleikum fengið mikið lof fyrir dugnað sinn í símamálinu. En til þess að sýna einnig, hvernig andstæðingar hans litu á málið, tek ég hér kafla úr bréfi, sem dr. Valtýr skrifaði mér um það löngu síðar. Það var eftir dauða Hannesar, þegar hann hafði lesið grein um hann eftir mig í Andvara. Bréfið er að því leyti merkilegt, að í því kemur fram dómur Valtýs um Hannes, sem verið hafði aðalmótstöðumaður hans, þegar mestu skipti. Valtýr segir:

Ég finn ástæðu til að þakka yður fyrir ritgerð yðar í Andvara um Hannes Hafstein. Hún var svo vel og ágætlega rituð, að mér fannst til um, og ég á þar við, hve hlutdrægnislaust og af hve mikilli réttsýni hún er skrifuð.

Hannes Hafstein . . . átti skilið mikið lof fyrir margt, en var vanþakkað einmitt það, sem hann gerði bezt. . . . En aftur var honum þakkað ofsalega fyrir sumt, sem hann átti minna lof skilið fyrir. Mér finnst þér hafið ratað furðuvel hinn gullna meðalveg, sem annars er svo vandrataður, og hér er í fyrsta sinn skýrt rétt og hlutdrægnislaust frá stjórnarskrárbreytingunni 1904 og aðdragandanum að henni. Það eina, sem ég hef að athuga, er, að mér finnst þér lofa hann um of fyrir afskipti hans af símamálinu. . . . Málið lá fullbúið, þegar hann tók við, og það var ég og minn flokkur, sem mest barðist fyrir því. Og það var persónulega mér að þakka, að við fengum síma yfir landið. Magnús Stephensen, Tryggvi Gunnarsson og Hannes Hafstein börðust af alefli fyrir, að síminn yrði lagður upp til Reykjavíkur eða í Þorlákshöfn, en við á móti og að hann yrði lagður til Seyðisfjarðar og línur yfir landið, sem ella mundu seint koma, ef hann kæmi fyrst til Reykjavíkur. Og okkur tókst að bjarga málinu með því að fá ríkisþingið til að setja það skilyrði fyrir styrk til Stóra norræna félagsins, að síminn yrði lagður til Austfjarða og það legði 300 þús. kr. fram til landssíma. Svo tók Hannes Hafstein við lögunum fullbúnum, en gerði afar dýra og óhentuga samninga. Þá vildum við hafa Marconi-þráðleysu milli landa, en þræði yfir landið. Móti því barðist Hannes Hafstein og sigraði. Mundi ekki mikið hafa sparazt við það á mörgum sviðum? Og reynslan hefur sýnt, að engin hætta var að byggja á þráðlausu sambandi."

Þetta eru orð úr bréfi dr. Valtýs. Síðan fer Þorsteinn Gíslason ýmsum orðum um þetta bréf og telur, að Valtýr hafi þarna að allmiklu leyti rétt að mæla, þó að hann geri athugasemdir við einstök atriði. En það mál er svo langt, að ég sé ekki ástæðu til að fara að lesa lengra upp úr þessu.

Ég ætla að láta þetta nægja um símamálið.

Ég hef orðið dálítið langorður um þetta gamla deilumál, af því að mér hefur fundizt, að nú upp á síðkastið hafi svo oft og freklega að mínum dómi verið sögð saga þess á algerlega villandi og rangan hátt. En eins og ég sagði í upphafi, þá ætla ég ekki á þessu stigi máls að fara mörgum orðum um það frv., sem hér liggur fyrir. Það var fyrst og fremst að hinu gefna tilefni frá hv. 8. þm. Reykv., sem ég kvaddi mér hljóðs. En ég vil að lokum aðeins árétta, að það er ekkert að mínu viti, sem knýr okkur til þess að fullgilda þann samning, sem hér um ræðir, að svo komnu máli. Og þegar tillit er tekið til þess, sem fram er komið í sambandi við alúmínsamninginn, og þess vantrausts, sem er bæði í þeim samningi og ýmsum orðum, sem honum hafa fylgt frá viðsemjendum okkar, — með tilliti til þess hvors tveggja tel ég það rangt, að við fullgildum nú slíkan samning sem þennan og tökum þá að vissu leyti undir þau ummæli, sem helzt er hægt að túlka á þá leið, að hinn erlendi viðsemjandi Íslendinga í álmálinu vantreysti algerlega íslenzkum dómstólum til þess að fjalla um slík mál á réttarfarslegan hátt.

Ég ítreka að lokum, að okkur liggur ekkert á að fullgilda slíkan samning sem þennan. Það er ekkert, sem knýr okkur til þess.

Frsm. meiri hl. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Mér fannst hv. 3. þm. Norðurl. v. kvarta hálfvegis undan því, hvað ég hafi verið langorður í framsögu minni, en ég tel, að hann hafi nú talað töluvert lengur en ég gerði. Mín ræða stóð, held ég, ekki nema 40—45 mín., en hann var rúman klukkutíma. En hvað sem því líður, þá er þetta mál að mínu áliti ekki svo ómerkilegt, að ekki geti verið verjandi að ráðstafa til þess nokkrum tíma, þó að vissulega sé tími okkar þm. dýrmætur þessa daga, þannig að ég skal reyna að verða ekki of langorður í svari mínu, sem verður þó að þýða það, að það verður ekki nema sumt af því, sem þeir tveir hv. ræðumenn sögðu, sem talað hafa á undan mér, sem ég get tekið hér til meðferðar.

Ég skal þá fyrst víkja ofurlítið að því, sem sagt hefur verið út af upplestri mínum úr ævisögu Hannesar Hafsteins. Ég vil nú fyrst taka það fram varðandi það, sem hv. 5. þm. Reykn. sagði um sagnfræði Kristjáns Albertssonar, sem ég skal ekki deila um hér, að það var aðeins ein mjög stutt klausa, sem ég las upp eftir honum. Allt hitt var tekið upp úr blöðum andstæðinga símamálsins á þessum tíma, þannig að það voru þeirra orð, sem ég fór með, og ég hygg, að hvað sem segja má um sagnfræði Kristjáns Albertssonar, — um hana skal ég ekki dæma hér, — þá hygg ég þó ekki ástæðu til að væna hann um það, að hann hafi farið þar með rangar tilvitnanir. — Þetta hefur verið sagt. Hins vegar er það rétt, að það eru teknar klausur úr þessum greinum, þannig að eitthvað annað kann að hafa verið í þeim, sem mildar þetta. Það skal ég ekki segja um, en hitt tel ég ekki ástæðu til að vefengja, að þessi orð, sem ég las upp, hafi þeir haft um þetta mál.

Ég vil enn fremur taka það fram, að það er ákaflega fjarri mér að vilja á nokkurn hátt rýra minningu þeirra manna, sem hér var um að ræða. Hér voru merkir menn að verki, sem á öðrum sviðum hafa afrekað miklu í þágu föðurlands síns og e. t. v. ekki minna en formælendur símamálsins á sínum tíma, ef það mál er gert upp í heild. En hitt er skoðun mín, að í þessu máli missýndist þeim.

Hv. 5. þm. Reykv. las hér upp tvær tilvitnanir, aðra eftir Einari Kvaran og hina úr bók Þorsteins Gíslasonar, þáttinn úr stjórnmálasögu Íslands. Seinni tilvitnunina, sem hv. 5. þm. Reykn. las upp, tekur Kristján Albertsson með í ævisögu sinni. Nú er erfitt fyrir okkur að deila um það hér, að hve miklu leyti Marconitilboðið hafi verið hagstætt fyrir Íslendinga. Hitt finnst mér gefa auga leið, að loftskeytasambandið hefði aldrei getað komið í stað símans. En svo að annað sjónarmið komi fram í þessu máli, þá vil ég nú, með leyfi hæstv. forseta, lesa það, sem Kristján Albertsson segir frá eigin brjósti, í framhaldi af því, sem hv. 5. þm. Reykn. las hér upp fyrir okkur, en hann segir svo:

„Ekki skal rengja, að Valtýr eigi það lof, sem hann telur sér, fyrir afskipti sín af símamálinu í Danmörku 1898. En við hvaða lögum Valtýr Guðmundsson telur Hannes Hafstein hafa tekið fullbúnum, verður aldrei að eilífu vitað. Hann getur ekki átt við heimildir til símasamnings í fjárlögum frá 1899 og 1901, því að þær taldi hann og flokkur hans úr gildi fallnar 1904 og óheimilt að semja eftir þeim. Hann getur ekki heldur átt við ákvæði fjárlaga frá 1903, sem hann og flokkur hans sögðu 1905, að ekki veitti heimild til að semja um annað en loftskeyti. Það verð, sem Valtýr nefnir á skeytum, er líka villandi. Verð skeyta var í upphafi 70 aurar til landa, sem mest var símað til, Danmerkur og Stóra-Bretlands, en fór hækkandi til fjarlægari landa. Þó var aðalatriðið, að gert var ráð fyrir lækkandi taxta, strax og farið væri að nota ritsímann að ráði. Taxtinn átti að endurskoðast fimmta hvert ár, og frá 1. jan. 1912 lækkaði hann niður í 45 aura fyrir orð til Danmerkur og Stóra-Bretlands, en frá 1. jan. 1917 niður í 35 aura.“ En Valtýr nefnir þarna 85 aura, sbr. það, sem hv. 5. þm. Reykn. las upp. Enn fremur segir Kristján Albertsson:

„Það er í fyrsta lagi rangt hjá Valtý Guðmundssyni, að hann og flokkur hans hafi 1905 viljað „þræði yfir landið“. Það var Hannes Hafstein, sem það vildi, en Valtýr og flokkur hans vildu taka tilboði Marconi-félagsins um selflutning loftskeyta annes af annesi. Og í ræðum sínum á Alþingi 1905 reiknar Valtýr ævinlega með 50 aura meðalverði fyrir orðið í loftskeytum milli landa. Hitt skiptir þó í þessu sambandi mestu, að enginn vissi né mun nokkurn tíma vita, hvað verðið hefði orðið. Marconi-félagið bauð aldrei upp á neitt verð á skeytum.“

Ég læt þetta nægja varðandi þetta atriði.

Hv. 3. þm. Norðurl. v. taldi mig ekki hafa efnt loforð, sem ég gaf í upphafi framsöguræðu minnar um það, að ég skyldi sneiða hjá álmálinu í framsöguræðu minni. Ég taldi mig í öllum

aðalatriðum hafa haldið mig einvörðungu að því, sem þetta frv. gefur tilefni til, en það er frv. til laga um heimild fyrir ríkisstj. til þess að gerast aðili að alþjóðasamningi um stofnun gerðardóms til þess að leysa fjárfestingardeilur milli ríkja og þegna annarra ríkja. Mér fannst einmitt eðlilegt í því sambandi að ræða almennt um alþjóðlega fjárfestingu, hvaða hagsmuna við Íslendingar hefðum haft að gæta í því sambandi og hvaða hagsmuna væri líklegt, að við hefðum að gæta í því sambandi framvegis. Ég taldi mig hafa haldið mig að hinni almennu hlið þessara mála. Hins vegar fannst mér nærtækt að nefna sem dæmi í einum eða tveimur tilvikum álsamninginn, og gagnrýndi ég í því sambandi málflutning hv. stjórnarandstæðinga, bæði eins og hann kom fram við 1. umr. málsins og almennt í þessu sambandi.

Það má vera, að barátta mín við þennan málflutning hafi verið barátta við vindmyllur. Um það skal ég ekki deila við hv. 3. þm. Norðurl. v., hvort málflutningnum beri að líkja við vindmyllur. En það er eitt atriði í ræðu hv. 3. þm. Norðurl. v., sem ég vil leiðrétta, því að það er á misskilningi byggt af hans hálfu. Hann túlkaði þá skoðun mína, að ekki væri um að ræða fullt réttaröryggi í millilandaviðskiptum, þannig að þegar dómstólar einhvers lands, — og mundi það þá eiga við Ísland eins og önnur lönd, — dæmdu í málum milli innlendra aðila og erlendra aðila, þá hlytu þeir alltaf að vera hlutdrægir í garð landa sinna. Það var mjög fjarri mér að vilja halda þessu fram. Þvert á móti tók ég skýrt fram, að það væri engin ástæða til þess í löndum, þar sem vestrænar réttarfarshugmyndir væru ríkjandi, að væna dómstóla um slíka hlutdrægni, og þá átti ég auðvitað ekki síður við Ísland en önnur lönd. En hins vegar sagði ég, og við það stend ég, að þrátt fyrir þetta geti aldrei verið um jafnréttisaðstöðu að ræða, þegar sækja á mál fyrir erlendum dómstóli, og stendur það auðvitað bæði í sambandi við þann kostnað, sem af því leiðir auðvitað alltaf að sækja mál í öðru landi, sem að jafnaði verður miklu meiri en ef málið er rekið fyrir dómstól heimalands, og í öðru lagi, að öll aðstaða hlýtur að vera erfiðari, þegar mál er rekið fyrir dómstólum annars lands, val málflutningsmanns o. s. frv. Það var þetta, sem ég átti við og ég hygg raunar að séu meginrökin fyrir því, að Alþjóðabankinn hefur talið rétt að beita sér fyrir samningsgerð sem þessari. Þetta vildi ég gjarnan undirstrika.

Annars, ef ég tók rétt eftir, þá sagði hv. 3. þm. Norðurl. v. eitthvað á þá leið, — það má vera, að mér hafi misheyrzt, og það er fjarri mér að vilja rangtúlka hans málflutning, — en hann hefur tekið það skýrt fram, að hann telji eðlilegt, að þegar um er að ræða deilur milli ríkja, þá séu þær útkljáðar af alþjóðadómstólum, — að þegar tvö ríki deila og dómstólar annars ríkisins ættu að dæma málið, væri það sama og að annar málsaðilinn fengi sjálfdæmi. Ég á erfitt með að skilja þetta öðruvísi en sem vissa viðurkenningu á því, að sá aðili, sem sækir mál fyrir dómstólum eigin lands, hafi sterkari aðstöðu en hinn erlendi aðili. En vera má, að þetta sé á misskilningi byggt. Það er alveg rétt hjá hv. 3. þm. Norðurl. v., að það eru margar leiðir, sem þau lönd hafa farið, sem hafa talið sig hafa þörf fyrir notkun erlends einkafjármagns, og í því sambandi má t. d. nefna, að Norðmenn hafa í allríkum mæli farið aðra leið en við, nefnilega þá, að hið erlenda einkafjármagn, sem þeir hafa fengið til afnota, hefur verið lagt fram í þeirri mynd, að hinir erlendu aðilar hafa lagt hlutafé í fyrirtæki, sem hafa svo fengið leyfi til atvinnurekstrar í Noregi, og þá gert ráð fyrir því, að norskir aðilar legðu fram meira eða minna hlutafé á móti þessum aðilum. Þá þarf ekki að semja í einstökum tilvikum, eins og tilfellið er með okkur varðandi t. d. bæði álsamninginn og kísilgúrsamninginn. En það, að við förum ekki þessa leið í sama mæli og þeir, stafar m. a. af því, að okkar löggjöf um atvinnuréttindi erlendra manna er miklu strangari í þessum efnum heldur en löggjöf Norðmanna, og alveg nýverið var hér á hv. Alþ. verið að afgreiða lög um eignarréttindi útlendinga, sem ganga í þá átt að takmarka þetta meira en áður. Það kemur bæði til þetta og svo í öðru lagi það, að við höfum ekki talið okkur fært, t. d. í sambandi við álsamninginn, að leggja fram fjármagn af okkar hálfu að sama skapi og þeir gera í fyrirtæki, sem starfa með erlendu fjármagni, sem fest hefur verið þar í landi. Það er þetta, sem er ástæðan til þess, að okkar leiðir til þess að fá erlent fjármagn m. a. verða aðrar en þeirra.

Hv. 3. þm. Norðurl. v. gerði að umræðuefni Íslandsbanka og örlög hans Það er alveg rétt, að yfir síðustu árunum, sem Íslandsbanki starfaði, hvílir lítill ljómi. En það breytir engu um það, sem ég sagði í framsöguræðu minni, að það erlenda fjármagn, sem kom inn við stofnun Íslandsbanka, var undirstaða þess, að við gátum komið okkur upp togaraflota í byrjun aldarinnar, en með því tel ég, að nútíma atvinnuhættir hafi haldið innreið sína hér á landi.

Hv. 3. þm. Norðurl. v. ræddi allmikið um það í framhaldi af þeim orðaskiptum, sem áttu sér stað milli hans og hæstv. viðskmrh. við 1. umr. þessa máls út af olíusamningnum, að þessir samningar væru ekki sambærilegir. Að vísu mundi ég vilja líta þannig á, að álsamningurinn sé líka viðskiptasamningur, en það er nú e. t. v. meira deila um form. Að öðru leyti gerði ég ekki neinn samanburð á álsamningnum og olíusamningnum. Það má auðvitað finna margt, sem frábrugðið er í þessum samningum. Í tæknilegum skilningi er olía annað en rafmagn og fram eftir þeim götum. En það snertir að mínu áliti ekki það, sem ég tel aðalatriði þess máls, nefnilega að með olíusamningnum var gefið fordæmi fyrir því, að íslenzk stjórnarvöld sættu sig við gerðardóm í hugsanlegri deilu við erlendan aðila, sem í þessu sambandi ber að skoða sem einkaaðila.

Hv. 3. þm. Norðurl. v. talaði talsvert um það, að álsamningurinn og sá samningur, sem hér er um að ræða, væru ekki sambærilegir, vegna þess að í þeim samningi, sem hér liggur fyrir, sé það frjálst í hverju tilviki, hvort málinu er vísað til gerðardóms eða ekki. Og það er alveg rétt, að

samningurinn skuldbindur auðvitað ekki aðildarríkin til þess að vísa ákveðnum málum til gerðardóms. Ég skildi það þannig, að hann hugsaði sér, að það eina viðunandi í þessu máli væri, að það væri fyrst ákveðið, þegar deila kæmi upp, til hvaða dómstóls skyldi skjóta ágreiningnum. En það tel ég, að hljóti alltaf að vera mjög óraunhæf vinnubrögð, þegar samningar eru gerðir. Hvort sem þeir eru gerðir yfir skemmri eða lengri tíma, er auðvitað eðlilegt, að um það sé samið í eitt skipti fyrir öll, hvernig skuli skera úr þeim ágreiningi, sem rísa kann í sambandi við þessa samninga, og þannig hefur íslenzka ríkið samið um í olíusamningnum, að svo lengi sem hann gildir, þá er samkomulag um það, að þessi sovézki dómstóll, sem hér hefur borið á góma, skeri úr ágreiningi, sem upp kann að koma. Og ég tel víst, að það, sem fyrir Alþjóðabankanum hefur vakað með því að beita sér fyrir þeim alþjóðasamningi, sem hér liggur fyrir, sé, að þegar einkafjárfesting ætti sér stað í einhverjum löndum, þá yrði um það samið varðandi þann samning, að hann yrði úrskurðaður af þeim gerðardómstól, sem gert er hér ráð fyrir. Annað finnst mér, að hlyti að verða algerlega óraunhæf vinnubrögð. Ég man nú satt að segja ekki eftir því að hafa haft það eftir hv. 3. þm. Norðurl. v., að álsamningurinn fari í bága við stjórnarskrána. Hafi ég sagt það, þá er það á einhverjum misskilningi eða mismælum byggt. Ég kannast ekki við, að ég hafi heyrt hv. þm. fara með það, svo að hér held ég, að sé um einhvern misskilning að ræða.

Að lokum vildi ég aðeins minnast á það, sem hv. þm. ræddi um Efnahagsbandalagið að gefnu tilefni í framsöguræðu minni. Auðvitað er margt mjög ólíkt með álsamningnum, þeim samningi, sem hér liggur fyrir, og Efnahagsbandalaginu. En það, sem fyrir mér vakti með því að nefna Efnahagsbandalagið í þessu sambandi, var það, — og það skildist mér nú, að hv. 3. þm. Norðurl. v. í rauninni féllist á, — að sú skerðing í fyrsta lagi á löggjafarvaldi og á dómsvaldi, sem þau ríki gangast undir, sem aðilar voru að Efnahagsbandalaginu, getur ekki á nokkurn hátt verið sambærileg við þá skerðingu, ef þannig á að orða það, sem gengizt er undir með álsamningnum. Það var ástæðan til þess, að ég nefndi þetta, því að það getur ekki verið neitt álitamál, að þessi skerðing var auðvitað miklu viðtækari, þar sem um Efnahagsbandalagið var að ræða, fyrir utan það, að Rómarsáttmálinn var óuppsegjanlegur. Það var þetta, sem fyrir mér vakti. Hitt er auðvitað rétt, að það var samningur á milli ríkja, en ekki ríkis og einkaaðila. En eins og ég minntist á í framsöguræðu minni, þá finnst mér það að leggja ákaflega mikið upp úr því vera að hengja sig meira í formsatriði en hagkvæmt er. Annað mál er það, að það er einmitt ástæðan fyrir því, að til þessa samnings hefur verið stofnað, að það hefur verið vöntun á því, að sú þjónusta á alþjóðagrundvelli væri fyrir hendi, sem samningurinn gerir ráð fyrir að veitt sé.

Síðast vildi ég aðeins minnast á það, að hv. 3. þm. Norðurl. v. gagnrýndi fráganginn á þessum samningi. Ég verð að játa það fyrir hönd allshn., að við höfum ekki farið gaumgæfilega yfir þýðinguna. Það gefur auga leið, að Alþingi getur auðvitað ekki breytt hinum enska texta samningsins, og það má vel vera, að íslenzka þýðingin sé í einstökum atriðum ónákvæm. En eins og oft vill verða, þegar mál eru lögð fyrir þing á síðustu dögum þess, þá vinnst blátt áfram ekki tími til tæknilegra atriða eins og þeirra að endurskoða þýðingar og þess háttar. Í því efni verður að treysta á sérfræðingana. En þó að um ónákvæmni í þýðingu kunni að vera að ræða, þá held ég, að hægt sé að bæta úr því, þó að það sé ekki gert hér á hv. Alþ., en það finnst mér meira aukaatriði.

Frsm. minni hl. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Ég skal nú verða mjög stuttorður, enda færist nú mjög í samkomulagsátt með okkur hv. 8. þm. Reykv. og mér. Hv. 8. þm. Reykv. sagði, að hann teldi, að engin ástæða væri til þess að væna dómstóla á vesturlöndum um hlutdrægni gagnvart útlendingum. Þá erum við sammála um það. Og þá vona ég, að hann verði mér sammála um, að það sé engin þörf á því að taka þau mál, sem hér er um að tefla, undan íslenzkum dómstólum, þeir útlendingar, sem þar eiga hlut að máli, fái alveg nægilegt öryggi með því að sækja sín mál fyrir íslenzkum dómstólum, ef til kæmi. Að vísu tók hann þetta svolítið aftur í öðru orðinu, að mér skildist, eða hafði nokkurn fyrirvara á, því að hann kom að því, að í raun og veru yrði það alltaf dýrara og óhagstæðara að sækja mál fyrir útlendum dómstóli. Þar er ég honum aftur líka hjartanlega sammála. Það er einmitt ein af ástæðunum fyrir því, að ég er andvígur þessum gerðardómsákvæðum í fyrirhuguðum álsamningi, því að vitaskuld verður það miklu dýrara og að ég ætla á allan hátt erfiðara fyrir Ísland að ná rétti sínum með því móti, sem gert er ráð fyrir, að ætla útlendum dómstóli, sem enga þekkingu hefur á íslenzkum lögum, samt að dæma eftir íslenzkum lögum. Það er svo sem annað að leggja það undir alþjóðadóm, hvort farið væri eftir þjóðréttarreglum. Þjóðréttarreglurnar eiga alþjóðadómstólar að þekkja, en þeir eiga ekki að þekkja lög í einstöku landi og hafa enga sérstaka þekkingu á því.

Og svo fannst mér það færast líka nokkuð í samkomulagsáttina með okkur um olíusamninginn, ekki þó alveg. En við skulum nú segja, að það væri ekki um olíu að tefla, ekki viðskipti við Rússland að ræða. Við skulum segja, að það hafi verið keypt timbur í Finnlandi. Hvaða dómstóll mundi hafa dæmt um þau viðskipti eða í deilum, sem af þeim hefðu risið? Og ef það stæði nú svoleiðis á í Rússlandi, að það væri ekki ríkið, sem í raun og veru er aðili að þessum samningum, heldur einhver einkaaðili þar í landi, sem hefði selt olíuna, við hefðum keypt olíu frá Rússlandi af einkaaðila, hvaða dómstólar skyldu hafa átt að fjalla um það mál, sem út af þeirri sölu hefði risið, ef ekkert hefði verið um það samið? Vill ekki hv. þm. hugleiða það? Það skyldu þó aldrei hafa verið rússneskir dómstólar? Við getum snúið blaðinu við. Ef við seldum síld héðan til Svía og ekkert

væri samið um það og Svíar teldu síldarsaltandann hér vanefna sínar skyldur, hvaða dómstóll ætti dæmdi í því máli? Ætli það yrði ekki íslenzkur dómstóll? Margt getur komið til greina í þessu sambandi og mörg frávik, en ég hugsa, að þetta mundu vera aðalreglurnar. Það er því kannske ekki alveg eins mikil goðgá og menn eru að halda fram, að það hafi verið samið um gerðardómsákvæði í þessum rússnesku olíuviðskiptasamningum.

Við erum sammála um það, að Efnahagsbandalagið sé ekki sambærilegt á neinn hátt við þennan álsamning, sem hér liggur fyrir. Það er auðvitað alveg rétt, eins og hv. 8. þm. Reykv. benti á, að efnahagsbandalagssamningurinn er miklu viðtækari að því leyti til, að hann gerir ráð fyrir, að löggjafarvaldi í vissum málum sé einnig afsalað í hendur þeirra yfirríkjastofnana, sem þar er um að tefla. En nú er það svo, að dómsvald og löggjafarvald er hvort tveggja þættir ríkisvaldsins. Með álsamningnum er fallizt á að afsala dómsvaldinu í vissum greinum í hendur alþjóðadómstóla. Hvað mundu menn segja um það, ef samningur yrði gerður við einkafyrirtæki um það að afsala löggjafarvaldinu í tilteknum greinum í samningum við einkafyrirtæki? Nú held ég því fram, að dómsvaldið sé síður en svo veigaminni eða lítilvægari þáttur í ríkisvaldinu en löggjafarvaldið, þó að löggjafarvaldið sé að vísu fyrirferðarmeira. En sá einstaklingur, sem þarf að sækja sinn rétt, veit það og skilur, hve dómsvaldið er þýðingarmikið.

Það, sem ég vildi segja, er þetta, að þegar og úr því að dómsvaldinu er að einhverju leyti afsalað, er fordæmið skapað. Þá má alveg eins fara að með einhvern þátt löggjafarvaldsins — löggjafarvaldið í einstökum málum. Ég geri ráð fyrir því, að ef hv. 8. þm. Reykv. vildi velta því fyrir sér, mundi honum finnast það nokkuð fjarstætt. En í raun og veru er enginn eðlismunur á þessu. Honum mundi finnast það fjarstætt, jafnvel þó að löggjafarvaldið ætti í þessu tilfelli að færast í hendur einhverrar alþjóðlegrar stofnunar.

Ég skal svo ekki orðlengja um þetta frekar á þessu stigi.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 66. fundi í Ed., 19. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10:7 atkv.
2. gr. samþ. með 10:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10:6 atkv.

Á 67. fundi í Ed., 22. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11:9 atkv. og afgr. til Nd.

Á 75. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 76. fundi í Nd., 23. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 77. fundi í Nd., 25. apríl, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Þetta frv. er komið frá hv. Ed. Efni þess er það, að í því er ríkisstj. heimilað að gerast aðili fyrir Íslands hönd að alþjóðasamningi um lausn fjárfestingardeilna milli ríkja og þegna annarra ríkja, og er samningurinn prentaður með frv. sem fylgiskjal.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að Alþjóðadómstóllinn í Haag dæmir eingöngu í deilum milli ríkja, milli ríkisstjórna. Víðs vegar um heim eru starfandi ýmsir gerðardómar, sem einkaaðilar, einstaklingar eða fyrirtæki, hafa komið sér saman um, að fella skuli úrskurði í deilum milli þeirra, þ. e. milli einkaaðila í sitt hvoru ríkinu. Hins vegar hefur fram til þessa enginn alþjóðlegur gerðardómur verið til, sem hafi það verkefni að fjalla um deilur milli ríkja annars vegar og þegna annarra ríkja hins vegar. En á síðari árum hefur milliríkjafjárfesting, ef svo mætti segja, mjög farið í vöxt. Það hefur orðið æ algengara á undanförnum áratugum og árum, að þegnar eins ríkis festi fé í öðru ríki í ýmsu formi, og þá hefur komið í ljós, að mjög bagalegt er, að ekki skuli vera til nein alþjóðastofnun, sem fjallar um deilumál, sem upp kunna að koma í framhaldi af slíku. Alþjóðabankinn, sem hefur sumpart sjálfur veitt lán til framkvæmda í ýmsum löndum veraldar eða þá haft milligöngu um útvegun fjár til framkvæmda, hefur mjög fundið til þess, að bagalegt væri, að ekki væru til almennar reglur — ekki væri til almenn stofnun, sem fjallað gæti um deilumál, sem upp kunna að koma í slíku sambandi. Þess vegna var það fyrir nokkrum árum, að Alþjóðabankinn beitti sér fyrir því, að aðildarríki hans gerðu með sér samkomulag um, að slíkri stofnun yrði komið á fót. Og samningur sá, sem hér er prentaður sem fskj. með frv. og hér er lagt til að ríkisstj. sé heimilað að gerast aðili að, er einmitt sá samningur, sem Alþjóðabankinn hefur beitt sér fyrir, að gerður yrði milli aðildarríkja Alþjóðabankans og fleiri ríkja, ef svo vill verkast. Óhætt mun að fullyrða, að flest, ef ekki öll ríki Alþjóðabankans muni gerast aðilar að þessum alþjóðasamningi og þar með aðilar að þeim alþjóðagerðardómi, sem gert er ráð fyrir að koma á fót. Þegar þetta frv. var samið og lagt fram, höfðu 35 ríki þegar undirskrifað samninginn og 4 ríki höfðu þegar fullgilt hann. Á þeim vikum, sem liðnar eru, síðan frv. var lagt fram, hafa nokkur fleiri ríki bætzt við sem undirskrifendur og sem hafandi fullgilt samninginn. Það er rétt að leggja á það áherzlu, að samningurinn gerir ráð fyrir, að komið verði á fót alþjóðastofnun, sem veiti aðildarríkjunum rétt til að nota þá þjónustu, sem hún er stofnuð til að veita. Hins vegar skyldar aðild að samningnum ekki nokkurt ríki til þess að nota sér þá þjónustu, sem gert er ráð fyrir, að hér verði komið á fót.

Það er skoðun ríkisstj., að það sé æskilegt, að slík alþjóðastofnun sem hér er um að ræða sé til, og þess vegna telur hún skynsamlegt, að ríkisstj. gerist aðili að henni. Með því móti væri hægt að leggja fyrir stofnunina deilumál, sem upp kynnu að koma milli íslenzka ríkisins og einstaklinga í öðrum ríkjum út af fjárfestingarmálum. Hefur þetta sérstaka þýðingu í sambandi við það ákvæði, sem er í samningnum milli íslenzka ríkisins og svissneska álfélagsins, sem gert er ráð fyrir að reisi hér álverksmiðju og verði kaupandi að raforku frá íslenzka ríkinu eða íslenzku ríkisfyrirtæki. Í álsamningnum er gert ráð fyrir því, að ef bæði Ísland og Sviss verða aðilar að þeirri stofnun, sem hér er um að ræða, þá skuli hún fjalla um hugsanleg deilumál, sem upp kynnu að koma, en ef hvorugt landið eða annað gerist ekki aðili að þessari alþjóðastofnun, þá er engu að síður gert ráð fyrir því, að með hliðstæðum hætti skuli fara með deilumál milli íslenzka ríkisins og svissneska álfélagsins og gert er ráð fyrir í þessum alþjóðasamningi að gildi milli þeirra ríkja og þeirra einkaaðila, sem ákvæði samningsins taka til.

Það er skoðun ríkisstj., að það sé tvímælalaust heppilegt, að hugsanleg deilumál út af fjárfestingu milli íslenzka ríkisins og álfélagsins fari samkvæmt reglum alþjóðastofnunar, samkvæmt reglum alþjóðasamnings, til viðbótar því, sem þegar er ákveðið í álsamningnum, að hugsanleg deilumál milli íslenzka ríkisins og álfélagsins á að dæma eftir íslenzkum lögum og eftir þeim reglum, sem viðurkenndar eru í samskiptum siðaðra þjóða, eða venjulegum alþjóðareglum.

Með hliðsjón af þessu vill ríkisstj. óska þess, að þetta hv. Alþ. afgreiði þetta frv. Ég læt þetta duga sem skýringar á málinu og leyfi mér að leggja til, herra forseti, að að lokinni þessari 1. umr. verði því vísað til 2. umr. og hv. allshn. — [Fundarhlé.]

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Ég sakna þess, að viðskmrh. er ekki staddur hér, en ég hefði gjarnan viljað beina nokkrum orðum til hans í tilefni af þeirri framsöguræðu, sem hann flutti hér áðan. **(Forseti:** Því miður er hæstv. viðskmrh. ekki viðstaddur.) Liggur þessari umr. svo mikið á, að það megi ekki fresta málinu, þangað til hæstv. ráðh. sé viðstaddur. Mér finnst heldur leiðinlegra við 1. umr., að ráðh., sem mælir fyrir máli sem þessu, sé ekki viðstaddur til að svara þeim spurningum, sem maður vildi gjarnan beina til hans. Ég sé ekki, að það þurfi að hafa nein áhrif fyrir afdrif málsins, þó að því verði frestað einhverja stund. **(Forseti:** Eftir því sem hæstv. viðskmrh. tjáði mér, getur hann ekki verið viðstaddur í kvöld, a. m. k. ekki nema mjög stutt.) En er þá útilokað, að málinu verði frestað til morguns? Ekki skal ég tefja fyrir með löngum umr., en ég hefði hins vegar viljað nú við 1. umr. fá nokkrar upplýsingar hjá hæstv. ráðh. Ég vænti, að hæstv. forseti sjái, að sú meðferð á þessu, að málinu sé frestað t. d. í einn dag, á ekki að þurfa að tefja neitt afgreiðslu þess hér, og það er svo langur tími enn þá eftir af fundinum. Ég vildi heyra svör hæstv. forseta. **(Forseti:** Ég vil vekja athygli hv. þm. á því, að þetta er 1. umr. og gert er ráð fyrir, að þingi muni — eða a. m. k. stefnt að því, að þingi ljúki í lok þessarar viku eða fyrstu dagana í næstu viku, þannig að forseti á mjög erfitt með að taka mál út af dagskrá, sem er til 1. umr. hér í deild, þótt í síðari d. sé. Ég vænti, að hv. þm. haldi áfram sinni ræðu, og forseti er reiðubúinn til þess að greiða fyrir því, að ráðh. fái hans fyrirspurnir, þannig að hann geti svarað fyrir 2. umr. málsins. Ég held, að ég taki heldur þann kost að fresta máli mínu núna og tala þá rækilega við 2. umr. eða 3. umr. um þetta mál.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 28 shlj. atkv. og til allshn. með 27 shlj. atkv.

Á 81. fundi í Nd., 29. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 435, n. 595 og 642).

Frsm. meiri hl. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Þessu frv. um heimild fyrir ríkisstj. til að gerast aðili að alþjóðasamningi um lausn fjárfestingardeilna milli ríkja og þegna annarra ríkja var vísað til allshn. og er komið frá Ed., en þó verður að segja það, að þrátt fyrir að þetta mál hafi aðeins verið rætt við eina umr. hér í hv. d., má segja, að það sé allmikið búið að ræða um þennan samning í sambandi við þær umr., sem fóru hér fram um álbræðslufrv. fyrir nokkru.

Með þessu frv. er ríkisstj. heimilað að gerast aðili fyrir Íslands hönd að alþjóðasamningi um lausn fjárfestingardeilna milli ríkja og þegna annarra ríkja, og er, eins og þm. hafa séð, þessi samningur prentaður bæði á íslenzku og ensku sem fskj. með þessu frv. Eins og fram kemur í aths. um frv., hefur Alþjóðabankinn í Washington beitt sér fyrir milliríkjasamningi um lausn á fjárfestingardeilum milli ríkis og þegna annars ríkis, og undirbúningur að þessum samningi hefur tekið nokkur ár eða frá því árið 1962, að mig minnir, þangað til snemma árs 1965, að hann var tilbúinn til undirskriftar, og höfðu fyrir nokkru 35 ríki undirritað þennan samning og þar á meðal tvær Norðurlandaþjóðir, Danmörk og Svíþjóð.

N. varð ekki á eitt sátt um afstöðuna til þessa máls. Stjórnarsinnarnir í n., fulltrúar Sjálfstfl. og Alþfl., leggja til, að frv. verði samþ., en minni hl. n. er andvígur samþykkt frv. og hefur skilað séráliti. Við í meiri hl. n. teljum, að eftir því sem samskipti fara vaxandi á milli þjóða á efnahagslega sviðinu, þá sé eðlilegt, að við gerumst aðilar að slíkum alþjóðasamningi, því að við getum ávallt hugsað okkur það og haft það hugfast, að í sambandi við aukna samvinnu á sviði efnahagsmála geta alltaf risið deilur um slíka fjárfestingu á milli samningsríkja og þegna annarra samningsríkja og því mjög eðlilegt, að slíkur samningur sé í gildi. Við teljum því eðlilegt og sjálfsagt, að Ísland gerist aðili að þessum samn-

ingi, eins og fjölmargar aðrar þjóðir hafa þegar gert og koma til með að verða fleiri, og leggjum því til, að frv. verði samþ.

Frsm. minni hl. (Björn Fr. Björnsson): Herra forseti. Nál. okkar minni hl. í allshn. varðandi þetta mál varð heldur síðborið, og þess er ekki getið á dagskránni í dag, en það er á þskj. 642.

Um þetta mál hafa í fyrri d. orðið allmiklar umr., og þar hafa komið við sögu gerðardómsákvæði í svokölluðum álsamningi. Ákvæðin í álsamningnum um hina umsömdu gerðardómsleið, sem ræðir um í 46. og 47. gr. samningsins, eru ákveðin og fylgja fullkomlega eftir samningstímabilinu og eru að því leyti ekki sambærileg við þau ákvæði, sem felast í samningi þeim, sem hér er á dagskrá. Það frv., sem hér ræðir um, fjallar um að veita ríkisstj. heimild til að gerast aðili að alþjóðasamningi um lausn fjárfestingardeilna milli ríkja og þegna annarra ríkja. Í nál. okkar minnihlutamanna er skýrt fram tekið, hver sé afstaða okkar. Fyrst og fremst ber þó að geta þess, að við teljum óþarft að svo stöddu a. m. k. fyrir okkur Íslendinga að fullgilda þennan samning. Hér á landi njóta erlendir menn fyllsta réttaröryggis um eignarréttindi sín, svo sem um önnur réttindi. Slíkur réttur er varinn af ákvæðum stjórnarskrár og engu síður varinn til hags fyrir erlenda menn, sem hér kunna að dveljast og hér kunna að eiga eignir. Þetta á okkur öllum að vera ljóst, og þetta er í raun og veru öðrum þjóðum ljóst, sem vilja athuga um þetta efni og hvernig réttarfari og dómstólamálefnum er farið hér hjá okkur. Þess vegna teljum við í minni hl., að það sé lítil sem engin ástæða til þess að láta eins og í það skína, að okkur megi setja á bekk með þjóðum þeim, sem búa við annað og óöruggara réttarfar. En því miður munu þær þjóðir vera til og þá helzt þær, sem nýfengið hafa frelsi sitt og búa við réttarfar, sem er í myndun og í fyrstu deiglu og fremur óstöðugt, og þar sem enn fremur má eiga von á því, að byltingar, stjórnarbyltingar, geti átt sér stað svo að segja hvenær sem er, þannig að allt sé á huldu um öryggi í réttarfarsmálum. Með ýmsum slíkum þjóðum, sem þannig eru enn á vegi staddar, er að sjálfsögðu réttarvernd fyrir erlenda menn og fjárfestingar þeirra reikul og óvís og eðlilegt að líta á svo sem hún þurfi að vera tryggð með gerðardómsákvæðum, og vafalítið er það slíkur ótti fyrst og fremst, sem hvetur fjárfestingaraðila til samningsgerðar líkrar þessari. En að erlendir aðilar geti ekki nokkurn veginn ótta- og áhyggjulaust rætt sín mál, sem þeir kunna að eiga við íslenzka aðila, geti ekki óttalaust lagt þau mál undir dómstólameðferð hér, finnst okkur vera út í hött. Og víst er um það, að mörg eru þau mál, sem hefur borið að íslenzkum dómstólum, þar sem erlendir aðilar hafa verið annars vegar gegn íslenzkum, og hef ég aldrei heyrt yfir því kvartað, að úrslit í dómsmálum, sem eru þessa eðlis og þannig á sig komin, hafi eigi verið eðlileg, heldur talið, að hér væri nægileg réttarvernd og réttaröryggi. Og ég þykist vera viss um það, að ég hafi í því fullkomlega rétt fyrir mér, að erlendir menn hafi hér á landi um sínar eignir og sín réttindi yfirleitt ekki lakari rétt eða réttarvernd en annars staðar.

Þá hefur verið um það rætt í sambandi við þessa samninga, hverjar leiðir okkur Íslendingum beri að fara í sambandi við fjárfestingarmál, að því er varðar erlent fjármagn. Ýmist má fara þá leið að sjálfsögðu, að við byggjum hér upp okkar mannvirki og fyrirtæki með lántökum, ef með þarf, erlendis frá, og það höfum við sannarlega oft gert og ekki óttazt. Öll stærri fyrirtæki okkar höfum við einmitt byggt upp með þeim hætti, svo sem raforkuver, áburðarverksmiðju, sementsverksmiðju o. fl. Hitt er líka leið, að veita erlendum fyrirtækjum leyfi og aðstöðu til að reisa hér fyrirtæki og byggja upp atvinnurekstur á sínum vegum fyrst og fremst, þar sem arður, ef um hann ræðir, ílendist ekki hér hjá okkur, heldur hverfi til annarra landa. Og þessa leið hafa ýmsar þjóðir farið og þá ekki sízt og þó öllu fremst þróunarþjóðir nú í seinni tíð. Við framsóknarmenn teljum lántökuleiðina farsælli heldur en þá, að erlendir einkaaðilar fái hér tækifæri til þess að reisa stór fyrirtæki og hafa hér atvinnurekstur á sinni hendi. En þó er það nú svo, að þessar leiðir ber að vega og meta hverju sinni, og getur verið eðlilegt eftir atvikum, þegar þannig stendur á, að einkafjármagni sé hleypt hingað inn í landið, en haft í böndum og þannig, að við höfum fyllstu tök á því, hvernig um það fer og hvernig það vinnur í landi okkar. Það má vel vera, að það þurfi að grípa til þess, og eins og ég segi, við eigum að athuga okkar gang, því að vissulega ber á það að líta og um það eru flestir sammála, að við verðum að auka á fjölbreytni sem mest má verða í atvinnuvegum okkar og beita allri hugsanlegri aukinni hagkvæmni og hagræðingu og notfæra okkur þá tækni, sem aðrar þjóðir búa yfir, og beita yfirleitt nútímaaðferðum við hvers konar störf okkur til framfara og eflingar á alla lund. En öll eru þessi mál mjög vandmeðfarin og þess vegna rétt að fara sem gætilegast í þau og hafa það fyrst og fremst fyrir augum, að við landsmenn sjálfir höfum full tök á.

Eins og ég vék að hér áður, er helzt að líta svo á, að þessi samningur, sem hér um ræðir, sé byggður fyrst og fremst á ótta þeim, sem fjárfestingaraðilar erlendir hafa um hag sinn og réttindi í því landi, þar sem þeir fjárfesta. Að því er okkur varðar sem fjárfestingaraðila með öðrum þjóðum, hygg ég, að ekki sé svo mjög um að ræða, við eigum sjálfsagt nóg með okkur í þeim efnum, a. m. k. fram eftir. En færi svo, að til þess kæmi, að íslenzkt fjármagn væri lagt í atvinnurekstur í stærri stíl annars staðar, yrði það vafalaust í þeim löndum, sem búa við líkt réttarfar og dómstólaskipan og við, stöðugt og eðlilegt og byggt á grunni vestræns réttar og réttarverndin því okkur hin sama þar og hér, þannig að við þyrftum ekki að búa við samninginn að því leyti til.

Við í minni hl. teljum, að samningur þessi sé líka of opin leið fyrir hæstv. ríkisstj., hún gæti samkv. samningnum, ef lagagildi fengi, í hvert skipti og henni sýndist og um það væri að ræða lagt deilumál af þessu tagi, sem hér gegnir, undir þann alþjóðlega gerðardóm, sem samningur-

inn greinir. Því miður getum við ekki í stjórnarandstöðunni veitt hæstv. ríkisstj. það traust, og mér skilst eða hefur fundizt, að þessi samningur, sem hér er fram lagður um líkt leyti og álsamningurinn, sé nokkurs konar afsökun fyrir hinum lítt þolanlegu eða réttara óbærilegu gerðardómsákvæðum álsamningsins, hann eigi að vera nokkurs konar skjól fyrir 46. og 47. gr. álsamningsins. Þess vegna m. a. álítum við í minni hl. allshn. ekki rétt að veita þær heimildir, sem um getur í 1. gr. þeirra laga, sem hér eru til athugunar, og viljum alls ekki, að hæstv. ríkisstj. fái heimild til að fullgilda þennan samning.

Það sýnist upplýst, að einungis 4 ríki innan Afríku hafi til þessa fullgilt samninginn, en mér skilst, og það eru víst ákvæði um það, að 20 ríki þurfi minnst til að fullgilda hann. Okkur í minni hl. finnst það ekki skipta neinu máli, þó að 35 ríki hafi til þessa undirritað samninginn, því að undirskrift af því tagi hefur út af fyrir sig sáralítið gildi og er alls ekki nein skuldbinding af hálfu þjóðanna, sem undirrituðu, um að fullgilda hann. Það er því allsendis óvíst, hvenær þessi 35 ríki munu fullgilda samninginn. Þau geta látið það eins vel vera, án þess yfirleitt að tilfæra fyrir þeirri ráðabreytni sinni nokkra ástæðu. Það er því með öllu óvíst, hvenær samningur þessi öðlast gildi, ef það verður þá nokkurn tíma. Og þegar þannig stendur á, eins og ég hef rakið hér, þykir okkur ekki rétt að eiga nokkuð við þessa samningsgerð. Við Íslendingar getum ósköp vel beðið átekta og séð, hverju fram vindur. Og við sjáum ekki, að Ísland hafi neinn ávinning af því að fullgilda samninginn, en gæti ef til vill bakað sér skyldu til útgjalda, ef samningurinn öðlaðist gildi.

Ég hef leyft mér hér í fáum orðum að draga fram það helzta, sem við í minni hl. teljum, að liggi til þess, að við höfum tekið þessa afstöðu okkar, og við leggjum til, að frv. verði fellt.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég álít, að þetta frv. og heimildir ríkisstj. til að undirskrifa þennan samning og gerast aðili að honum séu spor inn á nýlendubrautina aftur. Ég álít, að þetta sé einn þáttur í því, sem nú er að gerast um allan heim, að það er verið að reyna að læða þeim fjötrum nýlendnanna, sem þjóðirnar hafa verið að höggva af sér, á þær aftur undir öðruvísi gervi. Meðan nýlendukerfið var í fullum blóma um allan heim, þegar svo var ástatt eins og um síðustu aldamót, að stórveldin í Evrópu höfðu skipt öllum heiminum upp á milli sín, þá höfðu þau líka raunverulega dómsvaldið í öllum þessum löndum. Þau drottnuðu yfir auðlindum Afríku, Suður-Ameríku, Asíu og þessara landa á einn eða annan máta, og þau höfðu líka raunverulega valdið yfir því, hvernig þar skyldi vera dæmt, ýmist beint eða óbeint. Það, sem gerist nú á þessum síðasta áratug, er, að eftir að Suður-Ameríka fyrir nokkuð meira en öld hafði losað sig hvað snertir það pólitíska sjálfstæði, þá losar nú Afríka og meginhluti Asíu sig hvað snertir það pólitíska sjálfstæði, og þessi bylting nýlenduþjóðanna, hin pólitíska frelsisbylting þeirra, skapar þá aðstöðu, að þær gömlu yfirstéttir í Evrópu hafa ekki lengur dómsvald í þessum löndum. Það, sem er að gerast með frv. eins og þessu og með þeim tilraunum, sem Alþjóðabankinn er að gera í þessu sambandi, er, að það er verið að reyna að endurreisa á vissan máta dómsvald gömlu nýlenduveldanna í þeim stjórnarfarslega frjálsu löndum, sem þessar yfirstéttir hafa efnahagsleg tök á enn þá. Og sá aðili, sem hefur gengið fram fyrir skjöldu til þess að reyna að skipuleggja þetta, að læða nýlendustefnunni þannig aftur inn, er Alþjóðabankinn. Alþjóðabankinn er þegar þekktur fyrir það í heiminum, líka hér á Íslandi, að hafa mjög svívirðileg afskipti af innanlandsmálum þjóða, að reyna að skipta sér af því, hvers konar hagkerfi þessar þjóðir hafa hjá sér, hvernig þær skipa eignarréttinum á sínum fyrirtækjum og annað slíkt. Og Alþjóðabankinn hefur út um allan heim, ekki síst hjá þeim bláfátæku þjóðum Afríku, sem nýlega eru orðnar stjórnarfarslega frjálsar, þá hefur hann verið að beita sér fyrir því að reyna að tryggja það fjármagn, sem auðvaldið í Evrópu og Norður-Ameríku setur fast í þessum löndum, með því að útvega gömlu yfirstéttunum í Evrópu eða Norður-Ameríku á einn eða annan máta aftur dómsvald yfir þessum þjóðum.

Þetta er aðeins eitt af mörgu, sem Alþjóðabankinn nú er að gera í sambandi við að reyna að ryðja erlendu auðmagni braut inn í þessi lönd eða að tryggja það auðmagn, sem þar er fyrir, vegna þess að það er vitanlegt, að eitt af því, sem þessar þjóðir sérstaklega hljóta að berjast fyrir, er að taka þetta auðmagn eignarnámi, ná í sínar hendur valdinu yfir þessum auðlindum og yfir þessum framleiðslutækjum, sem þetta útlenda auðvald á, alveg eins og við mundum berjast fyrir því hér á Íslandi nú af fullum krafti, ef það væru útlendingar, sem ættu allar jarðirnar hér á Íslandi, að taka þær af þeim og jafnvel ekki borga þeim neitt fyrir. En þá er það einmitt hlutverk Alþjóðabankans að reyna að sjá um það, að þessar þjóðir fái ekki sjálfar að dæma í þessum málum og þar sem erlent auðvald hefur læst inn klónum, skuli það líka ná sér dómsvaldinu í hendur. Og af því að flestar þessar þjóðir svelta, á að nota sér neyð þeirra og þörf þeirra fyrir útlent fjármagn til þess að láta þær ganga að afarkostum, m. a. þeim afarkostum að farga hluta af sínu eigin sjálfstæði, hluta af sínu dómsvaldi út úr landinu og í hendurnar á öðrum aðilum. Það er ætlun Alþjóðabankans að knýja með þessum samningi þau lönd, sem eru nógu háð erlendu auðmagni enn þá, til þess að afsala sér þannig að einhverju leyti dómsvaldi. Með þessu móti er verið að koma nýlendustefnunni aftur inn um bakdyrnar, eftir að þessar þjóðir hafa rekið hana út um fordyrnar með því að taka sér pólitískt sjálfstæði.

Við Íslendingar áttum við tiltölulega góða nýlendudrottna, þegar við skildum við þá, þó að þeir væru okkur oft þungir í skauti, á meðan við heyrðum undir þá, og við gátum þess vegna skilið tiltölulega vel við þá. Við fengum eignarréttinn á öllum jörðum hér í landinu án þess að berjast til þess og án þess að þurfa kannske, eins

og viðbúið er að sumar þjóðir þurfi nú, með blóðbaði að afla sér aftur réttar til síns eigin lands, til sinna eigin jarða. Hins vegar, eftir að við erum orðnir það vel stæðir Íslendingar, að við hvorki sveltum né erum upp á aðrar þjóðir komnir efnahagslega, er verið að byrja á því núna að reyna að hleypa erlendu auðvaldi inn í landið til þess að láta það klófesta þær auðlindir, sem við eigum enn þá beztar, og þetta erlenda auðvald gerir kröfu til þess, að við afsölum okkur að einhverju leyti okkar eigin dómsvaldi um leið, að við stígum að einhverju leyti um leið það spor, að gerast ekki aðeins efnahagsleg nýlenda, — það þýðir að láta útlenda aðila í staðinn fyrir innlenda græða á okkar auðlindum, — heldur að við förum líka að verða að einhverju leyti pólitísk nýlenda með því að afsala okkur að einhverju leyti dómsvaldi, sem við börðumst fyrir að fá inn í okkar eigið land.

Við Íslendingar höfum enga afsökun í þeim efnum að fallast á slíkt sem þetta. Það má vera, að Kamerún og þrjár aðrar af þeim gömlu, kúguðu nýlendum Frakka í Afríku hafi nokkra afsökun, í fyrsta lagi vegna þess, að þessi lönd eru mjög háð sínum gömlu drottnum, efnahagslega mjög háð þeim, og stjórnarfarsleg frelsisbaráttа var raunar ekki allt of sterk í sumum þessum gömlu nýlendum, þegar t. d. Frakkar gáfu þeim frelsi. En ég er hræddur um, að það séu fáir aðrir en þær gömlu nýlendur, sem standa á lægsta stigi, erfiðast eiga, sem hafa neyðzt til þess að ganga að afarkostum Alþjóðabankans, sem í þessum samningi felast. Þær þjóðir eru ekki nema fjórar, eins og hér hefur verið upplýst, enn sem komið er. Það er látið að því liggja í athugasemdunum við þetta frv., að þeir, sem hafi undirritað það, séu m. a. Danmörk, Svíþjóð, Ítalía, Þýzkaland, Bretland og Bandaríkin. Það eru tvenns konar aðilar, sem koma til með, ef þetta kemst einhvern tíma í gildi, að undirrita þetta. Það eru annars vegar þeir gömlu drottnar, þau ríki, sem flytja út fjármagn og vilja tryggja sitt fjármagn og vilja reyna að tryggja sér og sínum, þeim sem eru svipaðir þeim, dómsvald yfir þessum fyrri nýlendum. Og það eru svo hins vegar þau ríki, sem eru nógu háð, sem eru nógu fátæk, sem eiga nógu bágt, þannig að hægt sé að misnota bágindi þeirra. Það eru þau hins vegar, sem koma til með að undirrita það. Ísland á ekki að vera í slíkri röð. Það er engin neyð, sem knýr okkur til þessa, ekki nokkur. Jafnvel þótt menn geri vitlausan alúmínsamning, þá er búið að setja inn í þann samning það, sem þarf í þessum efnum fyrir viðkomandi aðila. Það er engin þörf á að fara að gera almenna samþykkt, sem afsalar þessu almennt og skipar okkur á bekk með þeim gömlu nýlendum, sem erfiðast eiga. Það er engin þörf á því. Við erum ekki að fara í röð þeirra þjóða, sem sumir tala um, Danmörk, Svíþjóð, Bandaríkin eða slík. Þau eru að undirskrifa þetta sem lánardrottnar, og flest þessi ríki hafa slíkt samkomulag sín á milli um erlenda fjárfestingu, að þau óttast hana ekki sérstaklega og þurfa þess varla. Þó hafa þau viss takmörk á þessu. Danmörk hefur viss takmörk þarna á, vegna þess að hún er alltaf hrædd við uppkaupin á sínum jörðum. Þjóðverjar mundu kaupa upp alla Danmörku, ef þeir fengju aðstöðu til þess, nota hana fyrir sumarhús og annað slíkt. En við höfum enga ástæðu til þess að undirskrifa þennan samning. Með þessu móti værum við að niðurlægja okkur. Við værum að byrja á því að hleypa einum anga af nýlendustefnunni, sem við rákum burt á undanförinni öld, inn um bakdyrnar, og við værum almennt að byrja að ryðja braut ekki aðeins því erlenda auðmagni, sem því miður er byrjað á, heldur líka þess beina valdi og þess beinu ítökum í okkar dómsvaldi.

Ég vildi aðeins segja þetta vegna þess, að þessi nýlendustefna í því nýja gervi, sem hún er að taka á sig, er að verða allumsvifamikil í heiminum og Alþjóðabankinn er aðalerindreki og frumkvöðull hennar og skipuleggjandi að öllu leyti. Hann er sá aðili, sem skipuleggur vald auðmagnsins í Norður-Ameríku og Evrópu yfir þessum gömlu nýlendum, sem áður voru og þeir eru að reyna að ná tökunum á, og ég álít ekki, að við eigum að setja Ísland í þann flokk. Þess vegna eigum við að fella þetta mál.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18:16 atkv.
2. gr. samþ. með 18:16 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18:16 atkv.

Á 82. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

Umr. (atkvgr.) frestað.
Á 83. fundi í Nd., 30. apríl, var fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 22:17 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: SvJ, AJ, BGr, BF, BBen, BP, DÓ, EmJ, SJJ, GunnG, GÞG, IngJ, JóhH, JP, JR, MB, MÁM, ÓL, PS, SÁ, US, SB.
nei: ÞÞ, ÁÞ, BFB, EðS, KTh, EOl, EystJ, GeirG, HEÞ, VH, GGuðbj, HV, IG, LJós, RA, SE, SkG.
Einn þm. (JSk) fjarstaddur.
Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (A. 671).

---

45. Umferðarlög (stjfrv.).

Á 40. fundi í Ed., 22. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á umferðarlögum, nr. 26 2. maí 1958 [127. mál] (stjfrv., A. 253).

Á 44. fundi í Ed., 1. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Till. þær til breyt. á umferðarlögum, sem felast

í þessu frv., eru gerðar annars vegar af rannsóknarnefnd umferðarslysa og umferðarlaganefnd, sem hefur tjáð sig um álitsgerð rannsóknarnefndarinnar í sambandi við þessar brtt. Efni málsins er í aðalatriðum það að setja nokkur ný ákvæði og strangari um ökuskírteini, bifreiðaskírteini og þá þannig, að annars vegar sé um að ræða bráðabirgðaskírteini og hins vegar fullnaðarskírteini, og þá gert ráð fyrir því, að bráðabirgðaskírteinið sé gefið út til byrjenda og gildi í eitt ár frá útgáfudegi og fullnaðarskírteini gildi í 5 ár frá útgáfudegi. Hugsunin á bak við þetta er sú að fylgjast nokkuð með, hvernig þeir, sem fá bráðabirgðaskírteini, hafa staðið sig í umferðinni, ef svo má segja, og þetta aukna aðhald er að áliti þessara tveggja n. líklegt til þess að koma nokkuð betri skipan á þessi mál heldur en nú er. Sannast bezt að segja eru miklar breytingar í umferðinni og á umferðarreglum og þess vegna ekki ástæðulaust að fylgjast nokkurn veginn með því, að þeir, sem einu sinni hafa fengið ökuskírteini, geri sér fulla grein fyrir þeim breytingum, sem þarna eru á ferðinni, og þeim nýju reglum, sem á hverjum tíma eru settar í sambandi við umferðina.

Efni 2. gr. frv. er það, að í stað þess að nú er í þessari gr. umferðarlaga ákveðið, að bráðabirgðaökuleyfissvipting lögreglustjóra skuli alltaf borin undir dómara og hann skuli ákveða, hvort hún eigi að standa eða niður falla, er nú lagt til, að dómara sé ekki skylt að taka þessa ákvörðun lögreglustjóra til úrskurðar nema eftir kröfu sakbornings. Þetta er talið geta haft töluverð áhrif til þess að flýta meðferð þessara mála, og eins og ég vék hér að í sambandi við skylt mál, sem ég lagði fram varðandi breyt. á l. um meðferð opinberra mála, stefnir þetta að því að flýta og koma betri skipan á meðferð þessara mála, sem snerta umferðina. Því miður hefur það oft verið svo, að það tekur langan tíma, kannske ár eða meira, að þeir, sem hafa gert sig augljóslega brotlega við umferðarl., halda áfram sínum skírteinum og missa þau ekki, fyrr en þeir eru sviptir þeim með dómi, en líklegt er, að þetta muni stuðla að því, að annar og betri háttur komist á meðferð málanna að þessu leyti.

Ég hef látið fylgja þessu frv. sem tvö fskj. bráðabirgðaálit rannsóknarnefndar umferðarslysa og svo umsögn umferðarlaganefndar um þetta bráðabirgðaálit. Ég vænti þess, að það verði til þess að greiða fyrir meðferð málsins hjá þeirri n., sem fær málið til meðferðar. Eins og fram kemur, hefur rannsóknarnefnd umferðarslysa ekki verið reiðubúin til þess að skila endanlegu nál. En að ósk minni frá því í haust lagði hún fram þetta bráðabirgðaálit, sem hér er birt sem fskj. nr. 1, og til þess að flýta framkvæmd vissra atriða, sem telja mætti, að gætu orðið til bóta í sambandi við umferðina. Hún gerir hins vegar ráð fyrir því að þurfa nokkuð lengri tíma til þess að skila endanlegu áliti, og á ég ekki von á endanlegum niðurstöðum þessarar n. fyrr en síðar á árinu.

Ég vil leyfa mér að leggja til, að þessu frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til allshn. með 14 shlj. atkv.

Á 53. fundi í Ed., 21. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 253, n. 323, 324).

Frsm. (Friðjón Skarphéðinsson): Herra forseti. Frv. þetta fjallar aðallega um breyt. á tveim atriðum í gildandi umferðarlögum. Hið fyrra í 1. gr. frv. er um útgáfu ökuskírteina. Aðalreglan í gildandi umferðarlögum er sú, að ökuskírteini gildir í 5 ár frá útgáfudegi. Frv. gerir ráð fyrir, að þessu verði breytt á þá lund, að ökuskírteini verði tvenns konar, bráðabirgðaskírteini og fullnaðarskírteini, sem gildi í 5 ár. Bráðabirgðaskírteini sé gefið út til byrjenda og gildi í eitt ár frá útgáfudegi. Að liðnu því ári getur skírteinishafi fengið fullnaðarskírteini. Áður en það er gefið út, skal þó rannsaka ökumannsferil hlutaðeiganda, og þyki ástæða til, má láta hann taka próf í akstri og umferðarreglum á nýjan leik og sæta rannsókn lækna um líkamlega og andlega heilbrigði.

Því er oft haldið fram og vafalaust með fullum rökum, að ungum mönnum, sem nýlega hafa fengið ökuréttindi, hættir við að aka óvarlega. Þá skortir reynslu í akstri, og þeir gera sér stundum ekki grein fyrir, hvenær varúðar er þörf. Er því algengt, að ökuóhöpp hendi unga menn, sem hafa nýlega fengið ökuréttindi. Ætla má, að fyrirkomulag það, sem gert er ráð fyrir í frv., geti í mörgum tilfellum orðið ungum mönnum hvöt til þess að aka varlegar en ella, ef þeir eiga það á hættu að þurfa að taka ökumannspróf að ári liðnu, ef eitthvað hefur út af borið með akstur þeirra, og vera jafnvel synjað þá um ökuskírteini.

Hið síðara meginatriði, sem frv. fjallar um, er í 2. mgr. 2. gr. um breytingu á reglum þeim, sem fjalla um heimild lögreglustjóra til þess að svipta menn ökuleyfi til bráðabirgða. Samkv. lögum þeim, er nú gilda, skal ákvörðun lögreglustjóra um að svipta mann ökuleyfi til bráðabirgða borin undir úrskurð dómara svo fljótt sem við verður komið og eigi síðar en viku eftir sviptingu. Frv. gerir ráð fyrir, að þessu verði breytt á þann veg, að lögreglustjóri skuli tilkynna dómara innan viku ákvörðun sína um ökuleyfissviptingu. Aðili geti sjálfur krafizt úrskurðar dómara um sviptinguna og dómari geti einnig af sjálfsdáðum, ef honum sýnast efni standa til, fellt niður ákvörðun lögreglustjórans.

Í fyrri mgr. 2. gr. frv. er nýtt ákvæði til samræmis við frv. til l. um breyt. á l. um meðferð opinberra mála, sem samþ. var í hv. d. fyrir nokkru og nú er til meðferðar í Nd. Ræði ég það atriði ekki frekar, enda mun hv. dm. það í fersku minni.

Allshn. hefur fjallað um frv. á nokkrum fundum og fellst á að mæla með samþykkt þess. Jafnframt leggur n. til, að breyting verði gerð um enn eitt atriði umferðarl., eins og fram kemur á þskj. 324. Þessar brtt. eru fluttar að tilmælum dómsmrn. og eru að efni til um reglur þær, sem nú gilda um reiðhjól með hjálparvél.

Í 1. gr. umferðarl. er reiðhjól með hjálparvél

skilgreint þannig: „Reiðhjól með hjálparvél: Sérhvert reiðhjól, sem í er aflvél minni en 1 hestafl, þó ekki yfir 50 rúmcm strokkrúmmál og ekki yfir 50 kg að þyngd.“ Lagt er til í till. n., að liðurinn orðist svo: „Létt bifhjól: Bifhjól, sem í er aflvél eigi stærri en 2.5 hestöfl og ekki yfir 50 rúmcm að slagrúmmáli, enda sé það eigi gert til hraðari aksturs en 50 km á klst. án verulegra breytinga á því.“

Ástæður fyrir brtt. hygg ég, að auðveldast sé að skýra með því að lesa upp meginhluta af grg. umferðarlagan. um málið, en frá þeirri n. eru till. þessar runnar, og eins og ég gat um áðan, hefur dómsmrn. komið þeim á framfæri við allshn. Grg. umferðarlagan. eða sá hluti hennar, sem hér skiptir máli, hljóðar á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Á undanförnum árum hefur þróunin orðið sú, að naumast munu fáanleg reiðhjól með hjálparvél, sem falla undir skilgreiningu umferðarl. Breytingin er sú, að hestorkutala tækjanna hefur vaxið og þyngd þeirra aukizt. Hins vegar er yfirleitt miðað við óbreytt slagrúmmál aflvélar ökutækjanna. Þrátt fyrir það, að þessi ökutæki falli eigi undir skilgreiningu umferðarl., voru fjölmörg þeirra þó skráð sem reiðhjól með hjálparvél allt fram á árið 1963. Þótti þá eigi lengur fært að halda slíkri skráningu áfram, enda höfðu þá verið skráð sem reiðhjól með hjálparvél nokkur ökutæki, sem ekki þótti rétt að leyfa unglingum innan 17 ára aldurs að nota. Í upphafi árs 1964 voru þó skráð þau ökutæki, sem flutt höfðu verið til landsins eða pöntuð, þegar fyrirmæli um stöðvun á skráningu voru gefin. Síðan má heita, að ekki hafi verið flutt til landsins ökutæki, sem falla undir skilgreiningu umferðarlaganna um reiðhjól með hjálparvél. Fullyrða má, að reynsla af notkun þeirra tækja, sem skráð voru á árinu 1964, hafi gefið góða raun. Eru þau að jafnaði traustari en hin eldri tæki, endingarbetri og hagkvæmari í viðhaldi. Þá veldur aukinn þungi þeirra því, að meira öryggi fæst í akstri. Ökutæki þessi eru mikið notuð af unglingum, sem eigi hafa öðlazt aldur til að aka bifhjólum eða bifreiðum. Þau eru ódýr í rekstri og notuð jöfnum höndum í tómstundum eða við ýmiss konar störf. Þeir, sem fást við uppeldismál unglinga, fullyrða, að við akstur slíkra hjóla fáist góður undirbúningur að akstri stærri og þyngri ökutækja. Hafa þessir aðilar lagt til, að breytt verði ákvæðum umferðarlaga þannig, að heimild verði veitt til þess að skrá stærri ökutæki en nú sem reiðhjól með hjálparvél. Að athuguðu máli telur umferðarlaganefnd rétt að leggja til, að reiðhjól með hjálparvél verði talið sérhvert reiðhjól, sem í er aflvél eigi stærri en 2½ hestafl og ekki yfir 50 rúmcm að slagrúmmáli, enda sé hjólið eigi gert til hraðari aksturs en 50 km á klst. án verulegra breytinga á því. Till. þessar eru í samræmi við norskar reglur, enda er landslag og vegir í Noregi ekki ósvipað og hér á landi.

Eins og getið er hér að framan, er hér í raun og veru um sérstaka gerð bifhjóla að ræða. Heiti það, sem notað hefur verið um ökutæki þessi, reiðhjól með hjálparvél, er hins vegar eigi réttnefni lengur, þar sem þau verða eigi knúin áfram eins og venjuleg reiðhjól, heldur eru þau að öllu háð aflvél, sem í þeim er. Er því lagt til, að tekið verði upp heitið „létt bifhjól“ um ökutæki þessi.

Nái þessi breyting fram að ganga, telur n. rétt, að hert verði á þeim kröfum, sem gerðar eru til kunnáttu og hæfni þeirra, sem heimild hljóta til að aka léttum bifhjólum. Eiga ákvæðin um það efni heima í reglugerð um ökukennslu, próf ökumanna o. fl., nr. 57 1960.“

Þetta var úr grg. umferðarlaganefndar. Allshn. hefur á þetta fallizt, eins og fram kemur á þskj. 323 og 324. Þess ber þó að geta, að tveir nm., þeir hv. 3. þm. Norðurl. v. og hv. 1. þm. Vestf., voru ekki viðstaddir, þegar n. afgreiddi málið.

ATKVGR.

Brtt. 324,1 (ný gr., verður 1. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.

— 324,2—3 (nýjar gr., verða 2.—3. gr.) samþ. með 14 shlj. atkv.

1. gr. (verður 4. gr.) samþ. með 14 shlj. atkv.

Brtt. 324,4—7 (nýjar gr., verða 5.—8. gr.) samþ. án atkvgr.

2. gr. (verður 9. gr.) samþ. með 14 shlj. atkv.

3. gr. (verður 10. gr.) samþ. með 14 shlj. atkv.

Brtt. 324,8 (ný fyrirsögn) samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv., með fyrirsögninni:

Frv. til l. um breyt. á umferðarlögum, nr. 26 2. maí 1958, og l. nr. 40 12. maí 1965, um breyt. á þeim lögum.

Á 55. og 56. fundi í Ed., 24. og 28. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 57. fundi í Ed., 29. marz, var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 359, 391).

Frsm. (Friðjón Skarphéðinsson): Herra forseti. Allshn. flytur nú við 3. umr. þessa máls brtt. á þskj. 391. Tillögurnar flytur n. eftir tilmælum dómsmrn., en að baki þeim stendur umferðarlaganefnd, sem komið hefur þeim á framfæri við ráðuneytið. Brtt. eru í því fólgnar í fyrsta lagi, að í stað þess að skv. núgildandi l. skulu ökuskírteini gilda í 5 ár frá útgáfudegi, er gert ráð fyrir í brtt. n., að fullnaðarskírteini skuli gilda í 10 ár frá útgáfudegi, aftur á móti með þeirri undantekningu, að fullnaðarskírteini þeirra, sem náð hafa 60 ára aldri, og ökuskírteini þeirra, sem hafa svokallað meira próf bifreiðarstjóra, skuli þó framvegis gilda í 5 ár eins og nú er í lögum. Þetta mundi verða skilið þannig, að maður, sem orðinn er 60 ára að aldri og þarf að fá nýtt ökuskírteini, mundi ekki fá það nema til 5 ára í senn. Aftur á móti yngri maður, þó að orðinn væri 59 ára, mundi fá 10 ára skírteini. Þannig skilur n. þetta, og þannig mun þetta vera hugsað af hálfu umferðarlaganefndar.

Þá er í öðru lagi gerð till. um það, að ákvæði 4. gr. frv. skuli ekki öðlast gildi fyrr en 1. júní 1966.

Rök fyrir þessum brtt. koma fram í grg. umferðarlaganefndar, og ég tel rétt að lesa meginkafla grg., sem um þetta fjallar, til þess að hv.

dm. geti gert sér grein fyrir, hvernig þessi mál eru vaxin. Þar segir svo:

„Í 6. mgr. 27. gr. umferðarlaga, nr. 26 2. maí 1958, er gert ráð fyrir því sem aðalreglu, að ökuskírteini gildi í 5 ár frá útgáfudegi. Í frv. til l. um breyt. á umferðarlögum, sem nú liggur fyrir Alþingi, er og miðað við 5 ár sem almennan gildistíma ökuskírteina. Það frv. felur hins vegar í sér, að aukið er eftirlit með ökumönnum fyrsta árið eftir að þeir fá ökuskírteini útgefið. Einnig er í frv. heimild til að taka upp sérstök skrifleg próf við endurnýjun ökuskírteina. Umferðarlaganefnd hefur að gefnu tilefni tekið til athugunar, hvort ástæða sé til að lengja gildistíma ökuskírteina. Upplýst er, að reglur um gildistíma ökuskírteina eru mjög mismunandi eftir löndum. Í Sviþjóð, Þýzkalandi og Frakklandi gilda engin tímamörk um ökuskírteini. Í Englandi er gildistíminn 3 ár, en í Finnlandi, Hollandi og Ítalíu 5 ár. Í Danmörku og Noregi hefur gildistíminn verið 5 ár. Á síðasta ári var hins vegar samþ. í Noregi að lengja gildistímann í 10 ár, og í Danmörku hefur verið lagt fram stjfrv., þar sem gert er ráð fyrir því, að almenn ökuskírteini gildi til 70 ára aldurs hlutaðeigandi. Rök fyrir því að lengja gildistímann eru einkum þau, að endurnýjun hefur í för með sér bæði fjárútlát og umstang fyrir þann, sem þarf að endurnýja skírteini sitt. En áður en viðkomandi snýr sér til lögreglustjóra, þarf hann að fara til læknis og ljósmyndara, auk þess sem hann þarf að afla sér vottorðs úr sakaskrá. Endurnýjun hefur og í för með sér töluverða vinnu fyrir lögregluyfirvöld. Telja verður, að próf það, sem gert er ráð fyrir, að tekið verði upp skv. frv. því, sem liggur fyrir Alþingi, muni leiða til verulega aukins umferðaröryggis, enda verður með því gengið úr skugga um, að skírteinishafi kunni skil á meginreglum þeim, sem gilda í umferðinni. Þá er vitað, að mjög sjaldan er synjað um endurnýjun vegna þess, að læknisvottorð beri með sér, að heilsufari manns hafi hnignað. Með þetta í huga telur umferðarlaganefnd hægt að lengja gildistíma almennt."

Þetta var úr grg. umferðarlaganefndar.

Ástæðan fyrir því, að lagt er til, að ákvæði 4. gr. öðlist ekki gildi fyrr en 1. júní 1966, er einfaldlega sú, að nokkurn undirbúning þarf að sjálfsögðu til þess, að út verði gefin bráðabirgðaskírteini, þannig að ætla má, að ekki verði hægt að hefja útgáfu slíkra skírteina fyrr en eftir þann tíma, sem brtt. allshn. kveður á um.

N. hefur fallizt á þessi rök og þess vegna flutt brtt. á þskj. 391.

ATKVGR.

Brtt. 391,1 samþ. með 15 shlj. atkv.

— 391,2 samþ. með 15 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 34. fundi í Sþ., 30. marz, var frv. útbýtt frá Nd. eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 410).

Á 62. og 64. fundi í Nd., 31. marz og 1. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 68. fundi í Nd., 12. apríl, var frv. enn tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Frv. þetta, sem er 127. mál, er komið frá Ed. og hlaut einnig nokkrar breytingar undir meðferð málsins þar frá því, sem það var upphaflega lagt fram. Eins og fram kemur í aths. frv., hafði þáv. dómsmrh. skipað hina svokölluðu umferðarslysanefnd í nóvembermánuði 1963 til að gera till. um ráðstafanir til úrbóta vegna hins sívaxandi fjölda umferðarslysa, og á s. l. hausti átti ég fund með þessari n. og hún gerði þá grein fyrir því, að hún mundi tæplega ljúka störfum sínum endanlega fyrr en einhvern tíma síðar á þessu ári, 1966, hún þyrfti að láta fara fram svo umfangsmikla skýrslusöfnun. Og þá varð það að ráði að óska eftir, að n. skilaði bráðabirgðaáliti, sem gæti falið í sér till., sem hægt væri að láta koma þegar til framkvæmda, ef verða mætti til bóta í sambandi við öryggi í umferðinni.

Og um það fjallaði þetta frv. upphaflega að setja nánari og strangari reglur um ökuskírteini, þannig að þau væru tvenns konar: í fyrsta lagi bráðabirgðaskírteini og svo fullnaðarskírteini, en bráðabirgðaskírteinið væri gefið út til eins árs og fullnaðarskírteini síðar til 5 ára frá útgáfudegi. Nú var það undir meðferð málsins í Ed., að dómsmrn. þótti ástæða til þess að beina því til allshn., sem málið hafði þar til meðferðar, að gera jafnframt breytingar á fullnaðarskírteinunum þannig, að þau giltu til 10 ára, en ekki 5 ára, og var þar m. a. stuðzt við upplýsingar, sem rn. höfðu borizt um hliðstæðar reglur og jafnvel lengri tíma fullnaðarskírteina í nágrannalöndum okkar, en hugmyndin með bráðabirgðaskírteini fyrsta árið er að fylgjast með fyrsta ári ökumannsins og geta þá haft áhrif á það að láta hann ganga aftur undir próf, sérstaklega með hliðsjón af því, að menn fylgist vel með þeim sífelldu breytingum, sem segja má að séu á umferðarreglunum í okkar miklu og öru umferð.

N. féllst svo á að gera þá brtt., sem nú er komin inn í 4. gr., að bráðabirgðaskírteinið sé til byrjenda og gildi í eitt ár frá útgáfudegi, en fullnaðarskírteini gildi í 10 ár frá útgáfudegi og fullnaðarskírteini þeirra, sem náð hafa 60 ára aldri, skuli gilda í 5 ár.

Það var einnig undir meðferð málsins, að dómsmrn. skrifaði allshn. Ed. í sambandi við endurskoðun á ákvæðum umferðarl. um svokölluð reiðhjól með hjálparvél, sem svo höfðu verið kölluð, en það hafa alloft verið til meðferðar í rn. beiðnir um að breyta ákvæðum umferðarl. um þetta, og leitaði rn. umsagnar umferðarlagan., sem gerði til allshn. Ed. þær brtt., sem nú eru komnar inn í þetta mál, eins og það er eftir 3. umr. í Ed. á þskj. 410. Þá er einnig þess að geta, að í frv. til l. um breyt. á l. um meðferð opinberra mála, nr. 82 21. ágúst 1961, sem liggur nú fyrir þinginu, er gert ráð fyrir því, að dómara verði heimilað að ljúka með dómssátt málum, þar sem viðurlög geta numið allt að eins árs ökuleyfissviptingu, og er m. a. 2. gr. frv., eins og það var upphaflega flutt, en

er nú í 9. gr., miðuð við, að þetta frv. verði samþ.

Báðum bréfum dómsmrn., 10. marz og 28. marz, til allshn. Ed. fylgja allýtarlegar grg. með þeim till., sem þar eru gerðar, og vildi ég mega mælast til þess, að hv. allshn. Nd., sem fengi þetta mál til meðferðar, kynnti sér þær, og sé ekki ástæðu til að fjölyrða um þær að svo stöddu fremur, en leyfi mér að leggja til, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til allshn. með 26 shlj. atkv.

Á 76. fundi í Nd., 23. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 410, n. 536, 557).

Frsm. (Pétur Sigurðsson): Herra forseti. Allshn. hefur haft mál þetta til meðferðar, kynnt sér það og mælir einróma með samþykkt þess.

Matthías Á. Mathiesen: Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja brtt. við það frv., sem hér er til umr., þannig að 50. gr. umferðarl. breytist, og sú breyting, sem hér er farið fram á að gerð verði, er, að dómsmrh. verði heimilað að hafa ökuhraða utan þéttbýlis allt að 90 km á klst. á einstökum vegum, þ. e. a. s. hraðbrautum, og hann geti jafnframt bundið þessa heimild við ákveðna árstíma. Eftir að nýja Reykjanesbrautin hefur verið tekin til notkunar, sýnist ekki ástæða til þess að hafa sama hámarkshraða þar og á öðrum vegum utan þéttbýlis, og þess vegna er þessi till. fram komin um það, að þar mundi verða möguleiki á því að heimila hámarkshraðann 90 km á klst. í stað 70 km.

Þar sem sú n., sem hefur haft þetta mál til meðferðar, hefur ekki haft aðstöðu til þess að fjalla um þessa till., er ég að sjálfsögðu reiðubúinn, ef ástæða þykir til, að draga hana til baka til 3. umr.

ATKVGR.

Brtt. 557 tekin aftur til 3. umr.

1. gr. samþ. með 32 shlj. atkv.

2.—10. gr. samþ. með 32 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 31 shlj. atkv.

Á 77. og 78. fundi í Nd., 25. og 26. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 80. fundi í Nd., 28. apríl, var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 410, 557, 596).

Frsm. (Pétur Sigurðsson): Herra forseti. Eins og hv. þd. minnist, samþ. allshn. einróma að mæla með frv., eins og það kom frá Ed. Við 2. umr. málsins kom fram brtt. frá hv. 1. þm. Reykn. þess efnis, að leyfilegt væri fyrir dómsmrh. að heimila allt að 90 km ökuhraða á klst. á einstökum vegum, hraðbrautum, og binda þá heimild við ákveðna árstíma.

Allshn. d. tók þetta mál til meðferðar og sendi það þegar til umsagnar umferðarlaganefndar og svo hljóðandi umsögn barst frá umferðarlagan. til allshn. í gær, með leyfi forseta:

„Allshn. Nd. Alþ. hefur með bréfi, dags. 23. þ. m., sent umferðarlagan. til umsagnar brtt. frá Matthíasi Á. Mathiesen við frv. til l. um breyt. á umferðarl. á þskj. 557.

Á fundi sínum í gær tók umferðarlagan. erindi þetta til athugunar. Voru nm. sammála um að mæla með því, að umferðarl. verði breytt á þann veg, að 4. málsgr. 50. gr. laganna orðist þannig:

„Dómsmrh. getur sett nánari reglur um ökuhraða, þ. á m. ákveðið lægri hámarkshraða almennt en að framan greinir eða á einstökum vegum. Dómsmrh. getur ákveðið hærri hámarkshraða en að framan greinir, allt að 90 km á klst., á einstökum vegum (hraðbrautum) og bundið þá heimild við ákveðna árstíma. Í kaupstöðum og kauptúnum má setja slíkar reglur í lögreglusamþykktum."

Nm. eru sammála því, að rétt sé að heimila hækkun á hámarkshraða á hraðbrautum, sem fullgerðar hafa verið og byggðar eru fyrir meiri hraða en heimilaður er í umferðarl. N. getur fyrir sitt leyti fallizt á, að umrædd heimild verði miðuð við 90 km hámarkshraða á klst. N. tekur þó fram, að hún telur, að ekki beri að nota þessa heimild að fullu, fyrr en fengin hefur verið nokkur reynsla af hækkun hámarkshraðans. Mundi n. því leggja til, að til að byrja með ákveði ráðh. ekki hærri hámarkshraða en 80 km á klst. N. telur rétt, að umrædd heimild til hækkunar hámarkshraða verði sett í 4. málsgr. 50. gr. umferðarl., og er það gert með tilliti til þess, að jafnframt verði unnt að hækka hámarkshraða almenningsbifreiða fyrir 10 farþega og fleiri og vörubifreiða, sem eru 3.5 smál. eða meira að heildarþyngd, en skv. 3. málsgr. 50. gr. umferðarl. gildir lægri hámarkshraði fyrir þær bifreiðar. Telur n., að af öryggisástæðum sé ekki heppilegt að auka til muna bil milli leyfðs umferðarhraða þessara bifreiða og annarra bifreiða, enda mundi það leiða til mjög aukins framúraksturs, sem dregur úr umferðaröryggi. N. telur, að ráðh. væri heimilt að binda hækkun hámarkshraða við ákveðna árstíma, þótt eigi væri það beinlínis tekið fram í lögunum. N. mælir þó með því, að orðalag flm. haldist óbreytt hvað þetta snertir. Er með því gefin bending um, að heimildin verði ekki notuð nema á þeim árstíma, þegar umferðarskilyrði eru hagkvæm.

Eins og n. leggur til, að 4. málsgr. 50. gr. verði orðuð, er einnig veitt heimild til hækkunar á hámarkshraða á hraðbrautum í þéttbýli, en skv. 1. málsgr. 50. gr. er hámarkshraði þar 45 km á klst. Telur n. þessa heimild æskilega til samræmis við ráðagerðir í sambandi við aðalskipulag Reykjavíkur og nágrennis."

Undir þetta bréf skrifar formaður umferðarlagan., Sigurjón Sigurðsson lögreglustjóri, en í n. eiga sæti auk hans Sigurður Jóhannsson vegamálastjóri, Benedikt Sigurjónsson hæstaréttardómari og Theódór Líndal, og auk þeirra Ólafur Walter Stefánsson.

Þegar allshn. d. fékk þessa umsögn frá umferðarlagan., var málið enn tekið fyrir, og n.

varð sammála um það að gera till. um, að þessi till. umferðarlaganefndar yrði samþ., þó með þeirri breytingu, að ráðh. setti slíkar nánari reglur um ökuhraða að till. umferðarlagan. Því er sú brtt. frá allshn., sem hér liggur fyrir til umr. á þskj. 596, komin fram. Jafnframt vil ég geta þess, að hv. 1. þm. Reykn. hefur tjáð n., að hann sé fyrir sitt leyti ánægður með þessa lausn og dragi brtt. sína á þskj. 557 til baka, en allshn. er sammála um að mæla með brtt. á þskj. 596.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Það er ekki langt síðan hámarkshraði var aukinn upp í 70 km, og enn liggur fyrir till. um heimild handa dómsmrh. að auka hann meir. Að vísu á þetta að gilda á hraðbrautum eða þar sem vegir eru góðir. En ég vil vara við svona breytingum á ökuhraðanum. Mönnum finnst kannske, að það sé ekki mikil hætta á ferðum að auka hann úr 70 upp í 80 eða kannske 90 km á vegi eins og Reykjanesbraut. En ég held, að reynslan sé sú, að slysin verða jafnvel mest, þar sem vegirnir eru beztir, og að sá hraði, sem nú er í lögum ákveðinn, 70 km, sé ærið nógur og af auknum hraða geti jafnvel enn aukizt slysahættan. Það er ekki langt síðan slys varð á hinni nýju Reykjanesbraut og það mjög alvarlegt, og auðvitað er tiltölulega mestur hluti allra slysa fyrir of hraðan akstur. Ég held, að Alþ. ætti að fara varlega í það að vera að auka þennan hraða. Og hvað er unnið við þetta? Það kann að vera, að menn verði örfáum mínútum fljótari suður í Keflavík með þessu móti, og munar þó sáralitlu. En hættan eykst, og ég vil alvarlega vara við þessu, að það sé látið undan kröfum um að auka enn hraðann. Það er að vísu sagt, að þetta eigi að vera á vissum tímum árs, og þar mun vera átt við sumarið, þegar ekki eru frost a. m. k. venjulega og ekki hætt við klaka, þá verði þetta leyft, en ekki á öðrum tímum árs. En frost geta komið að sumrinu, ísing getur komið að sumrinu á þennan veg, og þá er hann stórhættulegur. Mér finnst ávinningurinn við þetta nauðaómerkilegur, en hættan ákaflega mikil, og ég mun því ekki greiða atkv. með þessari tillögu.

Frsm. (Pétur Sigurðsson): Herra forseti. Ég minnist þess, að það eru ekki ýkjamargir dagar liðnir síðan þessi hv. þm., sem hér var að ljúka máli sínu, og reyndar fleiri í hv. þd. töldu, að áfengi og þó sérstaklega ef áfengt öl kæmi á markað hér á Íslandi mundi valda öllum umferðarslysum hér á landi eða allflestum. Nú segir þessi hv. þm., að flest eða mest allra slysa, eins og ég held, að hann hafi orðað það, verði vegna of hraðs aksturs. Auðvitað má fara lengra út í þetta og segja sem svo, að of hraður akstur skapist vegna ölvunar við akstur. Við skulum samt sem áður hafa í huga, að það er alveg sama, hvort maður sé ekki ölvaður eða hann sé það, góður vegur verður alltaf til þess að auka hraða, og auðvitað eru góðir vegir lagðir til þess, að við náum meiri hraða á þessum vegum. Og við höfum kallað slíka vegi eins og um Reykjanesbraut hraðbrautir, og við erum m. a. að leggja þessa vegi til þess að vera fljótir á milli staða, til þess að auka hagkvæmni í umferð. Hann kom auðvitað með þá skýringu á því, sem reyndar var komin fram hjá flm. till., sem ég gat um áðan, hv. 1. þm. Reykn., þá, að dómsmrh., — og það liggur reyndar í brtt. allshn. líka, — að dómsmrh. hefur ekki heimild til þess að auka hraðann á þessari einu hraðbraut, sem við eigum að mínu mati, nema við töluðum um vissa kafla innanbæjarbrauta hér í Reykjavík, — hann hefur ekki heimild til þess að auka hraðann nema á þeim tíma árs, sem engin hætta er á ísingu. Og ég vil undirstrika þetta mjög, að það verður ekki aukinn hraði á þessum brautum, nema þegar allt öryggi er fyrir hendi, að hægt sé að keyra á þessum hraða, sem lagt er til.

Ég vil benda hv. síðasta ræðumanni á það, að slíkar hraðbrautir eins og við erum nú að ráðast í, að vísu af litlum mætti, eru þekktar um áratugaskeið, ekki aðeins í nágrannalöndum okkar, heldur um allan heim. Það hefur ekki verið talið til aukinnar slysahættu að auka hraðann um leið, heldur hið gagnstæða. Ég vil benda þessum ræðumanni á það, að fréttir birtust um það frá Englandi fyrir nokkru, ég vil segja fyrir nokkrum missirum, að þar var í tilraunaskyni aukinn hraði á góðum vegum, og staðreyndin varð sú, að það dró stórkostlega úr slysum. Við höfum alltaf þá menn fyrir okkur í umferð, sem vilja keyra eins og þeir telja, að hæfilegt sé. Það er kannske mat annarra, að annar hraði eigi að vera. Upp úr þessu skapast framúrakstur. Ef hægt er að finna einhvern meðalhraða, sem flestir geti unað við, er kannske hægt að sjá fyrir því, að það, sem hættulegast er í umferðinni, framúraksturinn, verði ekki fyrir hendi. Þessi reynsla Englendinga á hraðbrautum þeirra leiddi í ljós, að slysum á þessum sömu vegum stórfækkaði. Hafandi það í huga, að dómsmrh. hefur þessa heimild, þó ekki nema að till. þeirra manna, sem gerst þekkja nú til okkar umferðarvandamála, held ég, að það sé mjög reynandi að fara þessa leið til þess að vita einmitt, hvort við komumst ekki fram úr þeim vanda, sem við höfum m. a. lent í vegna ísvandamálsins á vissum tímum árs á þessari einu hraðbraut, sem við eigum, hvort einmitt verður ekki með þessu hægt að undirstrika, að það er hættulegra að keyra á þessari braut á vissum tímum árs heldur en öðrum, en það er líka öruggara að keyra á þessari sömu braut með meiri hraða en annars staðar á öðrum árstímum.

Axel Jónsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Ég vil eindregið hvetja hv. þd. til þess að samþykkja þessa till., sem hér er borin fram. Ég vil fullyrða sem maður, sem hef stundað akstur, — það hefur verið atvinna mín fyrst og fremst, og ég skammast mín ekki fyrir það, — að það er alger nauðsyn að breyta þarna til. Ef það hraðahámark, sem gildir um okkar almennu vegi í dag, er hæfilegt, er það alger fjarstæða að ætla, að sömu reglur gildi um þennan veg. Það er alger fjarstæða. Og þá stöndum við andspænis því, að þar erum við með ákvæði, sem allir, sem þarna eiga hlut að

máli, finna með sjálfum sér, að ekki er réttlætanlegt, og löggjöf, sem almenningur finnur sig knúinn til þess að brjóta, vegna þess að það séu óeðlileg ákvæði. Þeirri löggjöf eigum við að breyta. Það liggur í hlutarins eðli, að um veg, sem er jafnöruggur og þarna er um að ræða, samanborið við aðra þjóðvegi landsins, hlýtur að mega láta gilda aðrar reglur. Þarna er leyfilegt í dag að aka á 70 km hraða. Það er einnig leyfilegt á okkar þjóðvegum annars staðar, sem eiga þó við að búa þá vankanta, sem við allir þekkjum. En þarna er öruggur vegur. Þetta er bundið við vissa árstíma.

Það er talað um ísingarhættuna. Jú, hún er fyrir hendi þarna og hlýtur ávallt að vera á öllum akbrautum, sem hafa varanlegt slitlag og sléttan flöt. En ég vil ekki viðurkenna, að það sé ísingarhætta að sumri til á Reykjanesbrautinni, ekki í venjulegu árferði, og það er áreiðanlegt og ég staðhæfi, að hraðatakmörkin kveða ekki á um í því efni, hvort þar verða umferðarslys eða ekki, því að umferðarslys í ísingu verða hér mjög tíð innan Reykjavíkur á götum, sem hafa allt niður í 25 eða 35 km hámarkshraða. Á Hafnarfjarðarveginum, sem hefur 45 km hámarkshraða, eru hvað tíðust umferðarslys af ísingarhættu, þannig að umferðarhraðahámarkið segir ekkert til um þetta. Þetta er óviðráðanlegt, ef svo má segja, og velflestir ökumenn gera sér grein fyrir ísingarhættunni.

En þar kemur til annað, sem ekki er hægt að ráða við. Of hæg umferð er hins vegar atriði, sem allt of lítið hefur verið gefinn gaumur að í okkar umferðarmálum, og á brautum eins og Reykjanesbrautinni væri miklu fremur ástæða til þess að setja ákvæði um lágmarkshraða heldur en hámarkshraða, — miklu fremur að mínu áliti. Það er eins og síðasti ræðumaður tók fram, einmitt eitt ökutæki, sem ekur kannske á Reykjanesbraut með 20—30—40 km hraða, það er miklu, miklu hættulegra þar heldur en það ökutæki, sem fer eitthvað yfir núverandi hámarkshraðamark á þeirri braut, — miklu hættulegra. Það skapar það, að verið er að aka fram úr, og það er einmitt framúraksturinn, sem veldur velflestum slysunum, þannig að við skulum hiklaust gera það upp við okkur, að þarna eru breyttar aðstæður frá okkar malarvegum. Við eigum að viðurkenna það. Annars væri gagnslítið að vera að keppa að því að setja upp vegakerfi eins og Reykjanesbrautina, ef við um leið viljum ekki viðurkenna, að það sé eðlilegt að leyfa þarna meiri hraða en á malarvegunum.

Ég vil eindregið skora á hv. þd. að samþykkja þessa brtt., því að annað er algerlega óraunhæft að dómi allra þeirra, sem vit hafa á þessum málum, fullyrði ég.

ATKVGR.

Brtt. 557 tekin aftur.

— 596 samþ. með 23:2 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 42. fundi í Sþ., 29. apríl, var frv. útbýtt frá Ed. eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 639).

Á 76. fundi í Nd., 30. apríl, var frv. tekið til einnar umr.

Pétur Pétursson: Herra forseti. Þetta frv. hefur verið sent aftur frá hv. Nd. vegna einnar breyt., sem þar var gerð á því, en það er 7. gr., þar sem ræðir um, að dómsmrh. geti ákveðið breytilegan hámarkshraða. Allshn. þessarar hv. d. hélt fund um málið í gær og leggur einróma til, að það verði samþ. með þessari áorðnu breytingu.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 673).

46. Vernd barna og ungmenna.

Á 60. fundi í Nd., 28. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um vernd barna og ungmenna [171. mál] (stjfrv., A. 393).

Á 61. fundi í Nd., 29. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Gildandi barnaverndarlög eru orðin næstum 20 ára gömul. Þess vegna skipaði menntmrn. fyrir nokkrum árum nefnd sérfróðra manna til þess að endurskoða þessi lög og semja nýtt lagafrv. um þessi efni. Þetta lagafrv. sérfræðinganefndarinnar lá fyrir hv. síðasta Alþ. og hafði verið lagt fyrir þessa hv. d. Menntmn. d. fjallaði mjög ýtarlega um málið og gerði ýmsar brtt. við frv., og síðan var frv. samþ. í þessari d. með öllum atkv. nema 1.

Hins vegar kom í ljós, þegar málið var rætt í hv. Ed. og þó einkum og sér í lagi menntmn. hennar, að menntmn.-mönnum Ed. sýndist nokkuð sitthvað um veigamikil atriði í frv., eins og Nd. hafði afgreitt það. Var það sérstaklega sú gr., sem er 41. gr., sem menntmn. Ed. hafði mjög ólíka skoðun á þeirri skoðun, sem menntmn. Nd. hafði haft og Nd. hafði staðfest með næstum shlj. atkv. En í 42. gr. er fjallað um vinnu barna og unglinga. Ákvæði frv., eins og það upphaflega hafði verið lagt fyrir, voru nokkru ýtarlegri en ákvæði gildandi laga. Síðan hafði menntmn. Nd. enn hert mjög á ákvæðum frv. um takmörkun á vinnu barna og unglinga. N. í Ed. sýndist hins vegar, að hér væri of langt gengið og mundu ákvæðin, eins og Nd. samþykkti þau, tæpast vera framkvæmanleg.

Þessi ágreiningur varð til þess, að frv. var ekki afgreitt á síðasta Alþ.

Þess vegna tók ég þann kost á s. l. vori að rita nokkrum menntmn.-mönnum í Ed. og Nd. og skipa þá í n. til þess að fjalla um þann ágreining, sem orðið hafði milli d., og freista þess að ná samkomulagi um málið. Skipaði ég í n. þá frú Auði Auðuns, Benedikt Gröndal, Einar Olgeirsson, Ólaf Björnsson og Sigurvin Einars-

son, og var Benedikt Gröndal skipaður formaður nefndarinnar. N. vann gott starf og gerði ýmsar breytingar á frv., sem hún varð sammála um, og hafa þær allar verið teknar til greina í því frv., sem hér er nú lagt fyrir.

Að því er snertir ágreininginn um 41. gr., þ. e. a. s. ákvæðin um vinnu barna og unglinga, gerðist það, meðan n. var að störfum, að forseti A. S. Í. sneri sér fyrir sambandsins hönd til forsrh. og lét í ljós þá skoðun, að æskilegt væri, að lagasetning um vinnu barna og ungmenna yrði látin vera í vinnuverndarfrv., sem væri verið að undirbúa í samræmi við júnísamkomulagið 1964. Ríkisstj. varð við þeirri ósk, og fól félmrh. vinnutímanefnd með bréfi að taka við þessu verkefni. En ágreiningurinn, sem orðið hafði á milli n. um innihald þessarar gr., hélzt í n., sem ég hafði skipað 24. maí. Ríkisstj. tók þess vegna þann kost að leiða þessa deilu hjá sér við flutning þessa frv. og hafa 41. gr. í þessu frv., sem nú er lagt fyrir, samhljóða gr., sem var í stjfrv. upphaflega, þ. e. a. s. hafa efni gr. eins og sérfræðinganefndin hafði gert till. um á sínum tíma, og þannig er gr. í þessu frv. Þess er hins vegar að vænta, að áfram verði haldið að vinna að ýtarlegri ákvæðum um vinnu barna og ungmenna en felast í þessu frv. á vegum þeirrar n., sem undirbýr vinnuverndarfrv., og Alþ. fái þetta sérstaka vandamál til meðferðar í till. þeirrar n., þ. e. a. s. þegar vinnuverndarfrv. verður lagt fyrir hið háa Alþ.

En í þessu frv. felast ýmsar breytingar, sem eru til ótvíræðra bóta á gildandi l. um vernd barna og ungmenna. Teldi ég mjög mikilsvert, ef hv. Alþ. treysti sér til að afgreiða þetta frv. nú á þessu þingi. Málið er þaulathugað og í raun og veru þrautrætt og óhætt að segja, að ekki sé ágreiningur um annað en lagaákvæðin um vinnu barna og ungmenna. En ég teldi mjög miður farið, ef áframhaldandi ágreiningur um þetta atriði þyrfti að verða til þess, að allt málið stöðvaðist enn og þær endurbætur, sem að öðru leyti felast í frv., kæmu þannig ekki til framkvæmda. Það eru þess vegna mjög eindregin tilmæli mín til hv. Nd., og sams konar tilmæli mun ég flytja til hv. Ed., ef málið kemst þangað, að sá ágreiningur, sem í fyrra kom fram um 41. gr., verði látinn niður falla að þessu sinni og úrslit í þeim ágreiningsefnum látin bíða, þangað til vinnuverndarfrv. kemur til meðferðar hins háa Alþ.

Að svo mæltu leyfi ég mér að leggja til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til menntmn. með 25 shlj. atkv.

Á 70. fundi í Nd., 15. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A 393, n. 475).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Frsm. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Þessi endurskoðun l. um vernd barna og ungmenna á sér þegar nokkra sögu, bæði hér á þingi og utan þings. Endurskoðunin var upphaflega gerð af allfjölmennri n., sem menntmrn. skipaði til þess verks. Frv., sem sú n. skilaði, var flutt á þingi haustið 1964. Það hlaut mjög ýtarlega meðferð í menntmn. Nd. og var afgr. út úr d. snemma árs 1965. Nokkrir kaflar l. voru þar teknir sérstaklega til meðferðar, og var kaflinn um vinnu barna og unglinga líklega þar veigamestur. Málið var afgr. út úr þessari hv. d., en stöðvaðist í Ed. og náði ekki fram að ganga.

Ég hygg, að allir hafi verið sammála um, að í þessu endurskoðaða frv. hafi verið og sé enn mjög mikið af nauðsynlegum og merkum breytingum varðandi barnavernd á Íslandi, en aðalágreiningur um frv. hafi verið um kaflann um vinnu barna og unglinga og hans vegna hafi málið stöðvazt. Menntmrn. skipaði því 5 þm. úr menntmn. beggja d. til þess að fara yfir frv. s. l. sumar á milli þinga og freista þess að ná samkomulagi um þau mál, sem helzt var deilt um. Þessi n. gerði enn allmiklar breytingar á frv., sérstaklega á 39. gr., en þar náðist ekki samkomulag um gr. um vinnu barna og unglinga. Þá gerðust þau tíðindi, að samkv. viðræðum milli forseta A. S. Í. og ríkisstj. var ákveðið að taka þetta atriði, um vinnuvernd barna og unglinga, og fá annarri n. það til meðferðar. Þess vegna var frv. nú á þessu þingi flutt eins og þm.-nefndin síðast gekk frá því s. l. haust og með 41. gr., sem er um vinnu barna og unglinga, eins og hún stendur í núgildandi l., miðað við, að sú gr. verði tekin til endurskoðunar á öðrum vettvangi.

Menntmn. hefur fjallað um málið. Henni bárust nokkrar ábendingar frá menntmrn. varðandi 39. gr., sem n. þó taldi ekki gefa ástæðu til beinna lagabreytinga. Það stendur í gr., að kostnaður við tilteknar uppeldisstofnanir skuli vera samkv. fræðslulögum. Þó að ákvæði um greiðslu skólakostnaðar kunni að einhverju eða öllu leyti að vera í öðrum l., hygg ég, að það valdi engum misskilningi. Og annað ákvæði er sambærilegt, þannig að okkar skoðun á því var, að ekki væri ástæða til breytinga.

Menntmn. varð sammála um að mæla með samþykkt frv., eins og það nú liggur fyrir eftir þessa meðferð s. l. vetur og á milli þinga, þó þannig, að í n. er enn ekkert samkomulag um 41. gr. Hún afgreiðir málið frá sér á þann hátt, að nm. hafa algerlega frjálsar hendur um afstöðu til þeirrar gr. eða till., sem kunna að koma fram um breytingar á henni. Þar að auki hafa 2 nm. gert almennan fyrirvara. Það eru þeir hv. 3. þm. Reykv. og hv. 3. þm. Sunnl., en ég vil taka fram, að hvorugur þeirra var í þessari n. í fyrravetur og þeir hafa því ekki haft sömu aðstöðu og aðrir nm. til þess að kynnast frv. og efni þess jafnvel og aðrir. Ég hygg, að þetta mál liggi nú þannig fyrir, að samkomulag sé svo að segja um öll atriði þess nema þetta eina, um vinnu barna og unglinga, og þingið geti raunverulega ráðið því, hver framgangurinn verður, hvort það tekst nú að ná samkomulagi um 41. gr. á einhvern hátt eða hvort þingið vill fá fram aðrar breytingar, sem í frv. eru, og afgreiða það með 41. gr. nánast til málamynda í trausti þess, að hún sé í endurskoðun annars

staðar. Þetta er það, sem við blasir. Um þessa gr. tekur menntmn. sem sagt enga afstöðu, en ég get getið þess fyrir sjálfan mig, að afstaða mín til þeirrar gr. er óbreytt frá því, sem var í fyrravetur, sú afstaða, sem varð ofan á og afgr. nálega andstöðulaust hér í þessari hv. deild.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Það mál, sem hér liggur fyrir, er mjög gott mál, og ég held, að það sé óhætt að segja, að allir í menntmn. hafi verið sammála um það, að þetta mál ætti að ná fram að ganga.

Hér í þessari hv. d. var gerð breyt. á 41. gr. í fyrra, og við þm. þessarar hv. d., sem áttum sæti í þessari mþn., sem starfaði í sumar, höfum leyft okkur að leggja til, að 41. gr. yrði sett aftur í það horf, sem hún var þá, og leyfi ég mér fyrir okkar hönd að flytja hér brtt. þess efnis.

Það eru hv. 3. þm. Vestf. og hv. 5. þm. Vesturl. ásamt mér, sem standa að þeirri brtt., að 41. gr. orðist eins og hún var, þegar hún fór frá d. í fyrra. Ég mun ekki þurfa að lesa það upp, hv. þm. þekkja það, en ég skal aðeins rifja upp, hvaða munur er á því eða gr. eins og hún er nú.

Í fyrsta lagi er munurinn sá, að eins og gr. er nú orðuð í stjfrv., stendur, að eigi megi ráða barn yngra en 15 ára til vinnu í verksmiðju, enda hafi það lokið fullnaðarprófi barnafræðslu eða burtfararprófi. Það, sem við leggjum til, og það, sem samþ. var næstum einróma í d. í fyrra, var að bæta þarna inn í, að það megi ekki heldur ráða barn yngra en 15 ára til upp- og útskipunarvinnu eða byggingarvinnu. Þetta er fyrsta og í raun og veru eitt höfuðatriðið, sem þarna er breytt.

Í öðru lagi var í fyrra bætt inn nokkrum ákvæðum viðvíkjandi hámarksvinnutíma barna undir 14 ára, þannig að hann skuli vera jafnmargir tímar og samsvarar helmingi af áratölu þeirra og hámarksvinnutími 14—16 ára barna skuli vera 8 stundir á dag. Enn fremur er það sett inn, að ráðh. skuli hafa heimild til þess að setja reglugerð, sem nái yfir landið í heild, en meginið af því er líka í l., eins og þau eru núna.

Ég held, að það, sem hefur gefið tilefni til viss misskilnings, — og þegar ég mæli fyrir þessu, geri ég það náttúrlega á eigin ábyrgð, — það, sem hefur gefið tilefni til viss misskilnings af hálfu nokkurra hv. þm., einkum Sjálfstfl., er einn hlutur í þessu sambandi. Það stendur í stjfrv., eins og það er nú: „Eigi má ráða barn yngra en 15 ára til vinnu í verksmiðju", og það hefur komið greinilega fram, að þegar talað er um verksmiðju, heyra hraðfrystihús þar undir, og mér er nær að halda, að það liggi þegar fyrir dómur um slíkt. Í lögum, sem nú eru í gildi, stendur, með leyfi hæstv. forseta, 39. gr. þeirra, sem búin er að vera í gildi síðan 1947:

„Ekki má ráða barn yngra en 15 ára til vinnu í verksmiðju, enda hafi það lokið fullnaðarprófi barnafræðslu eða burtfararprófi."

Lögin eins og þau eru núna hljóða upp á þetta. Það má ekki ráða barn yngra en 15 ára til vinnu í verksmiðju. Og mér er nær að halda, að það liggi þegar fyrir skaðabótadómar, þar sem sé gengið út frá því, að hraðfrystihús sé verksmiðja, eins og eðlilegt er, þannig að ég held, að þeir hv. þm., sem hafa verið með aths. út af þessu, byggi það algerlega á misskilningi. Hins vegar hef ég ekki orðið var við, að nokkrir þm. væru að gera aths. við hitt, sem hér var breytt í d. í fyrra og við leggjum til, að sé breytt nú, að börn innan 15 ára skuli ekki vinna við upp- og útskipunarvinnu eða byggingarvinnu. Menn vita alveg um þau banaslys, sem orðið hafa, því miður tíð, í sambandi við slíkt, þannig að það er ekki nema eðlilegt, að menn vilji koma í veg fyrir slíkt.

Þessi brtt., sem við leggjum fram, er skrifleg og of seint fram komin. Hins vegar erum við á því allir, að þessu máli beri að flýta eins og hægt sé, og ég þykist hafa skilið á hæstv. forseta, að hann mundi mjög gjarnan vilja ljúka þessari umr. nú í kvöld, og mundum við síður en svo hafa nokkuð á móti því. Ef t. d. það yrði erfitt að fá afbrigði fyrir svona till., mundi ég fyrir hönd okkar flm. taka hana aftur til 3. umr., þannig að við gætum greitt fyrir því, — það er alveg jafngott, að hún sé flutt þá. En það, sem er höfuðatriði í sambandi við þetta, er, að þetta frv. fái greiðan gang í gegnum þessa hv. d. og í gegnum þingið, og um það held ég, að sé samkomulag, nema kannske eitthvað ofurlítið hvað snertir þessa gr. En hvernig sem með þessa brtt. fer, hvort það yrði nú við 2. eða 3. umr., stöndum við jafneindregið með því, hvað sem þarna yrði gert, að þetta frv. næði fram að ganga.

Ég leyfi mér svo með þessu fororði að afhenda hæstv. forseta þessa till.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 71. fundi í Nd., 18. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
4.—11. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
12. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
13.—49. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
50.—57. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
58. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
59.—61. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.

Fyrirsögn frv. og kaflafyrirsagnir samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv.

Á 72. fundi í Nd., 19. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 73. fundi í Nd., s. d., var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 393, 497).

Enginn tók til máls.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 74. fundi í Nd., 20. apríl, var fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 497 felld með 17:12 atkv.

Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 67. fundi í Ed., 22. apríl, skýrði forseti frá,

að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Frv. þetta er komið frá hv. Nd. og var samþ. þar fyrir fáum dögum við 3. umr. með shlj. atkv., eftir að felld hafði verið brtt., sem ég skal nefna síðar.

Þetta mál var til meðferðar á síðasta Alþ. og var þá samþykkt næstum shlj. í hv. Nd., er hv. menntmn. þeirrar deildar hafði einróma mælt með samþykkt þess, eftir að hafa gert á frv. nokkrar breytingar.

Í menntmn. þessarar hv. deildar varð hins vegar ágreiningur um málið, og vildi menntmn. þessarar deildar ekki mæla með samþykkt frv. eins og hv. Nd. hafði gengið frá því. Dagaði málið þess vegna uppi á síðasta þingi. Þetta varð svo til þess, að eftir þinglok ritaði ég þm. úr menntmn. beggja deilda bréf, hinn 24. maí s. l., og óskaði þess, að þessir tilteknu menntmn.-menn fjölluðu um frv. milli þinga og freistuðu þess að ná samkomulagi um málið. Þessir menntmn.-menn voru: frú Auður Auðuns, Benedikt Gröndal, Einar Olgeirsson, Ólafur Björnsson og Sigurvin Einarsson.

Skilaði þessi nefnd áliti til menntmrn., og er þetta frv. byggt á till. þeirrar nefndar. Hefur verið tekið tillit til allra brtt., sem þessir fimmmenningar urðu sammála um að gera á frv. Hins vegar varð enn ágreiningur um sama atriðið og valdið hafði ágreiningi milli menntmn. þessarar hv. deildar og Nd., þ. e. a. s. um 41. gr., en í henni eru ákvæði um vinnu barna og unglinga. Tveir nm. vildu halda fast við þá niðurstöðu, sem orðið hafði í menntmn. Nd., að því er þetta mál snertir. En meðan á nefndarstörfum stóð, gerðist það, að forseti Alþýðusambands Íslands fór þess á leit við forsrh., eða lét í ljós þá skoðun við forsrh., að eðlilegt væri, að lagasetning um vinnu barna og ungmenna yrði látin vera í vinnuverndarfrv., sem væri verið að undirbúa í samræmi við júnísamkomulagið milli ríkisstj., launþegasamtaka og vinnuveitendasamtaka í júní 1964. Ákvað ríkisstj. að verða við þessari ósk og fela þeirri n., sem er að undirbúa vinnuverndarfrv., að hafa í því frv. ákvæði um vinnu barna og unglinga.

Með hliðsjón af þessu ákvað ríkisstj. að flytja frv. um vernd barna og ungmenna aftur á þessu þingi og hafa 41. gr., þ. e. a. s. gr. um vinnu barna og ungmenna, eins og hún var í upphaflegu frv. ríkisstj., þ. e. a. s. eins og hún var áður en Nd. skv. till. menntmn. samþ. breyt. á þessari grein. Og þannig er frv. nú lagt fyrir þessa hv. d. Nokkrir þm. báru í hv. Nd. fram brtt. um 41. gr. í samræmi við samþykkt Nd. í fyrra, en sú brtt. var nú felld. Ég geri ráð fyrir því, þótt það hafi ekki komið skýrt fram í hv. Nd., að ástæðan til þess, að Nd. hefur þannig breytt um skoðun á 41. gr. og fellir nú brtt., sem d. samþ. í fyrra, sé sú, að augljóst sé, að málið mundi ekki ná fram að ganga, ef hv. Nd. héldi fast við skoðanir sínar á efni 41. gr., enda má segja, að ástæða sé til þess að breyta um afstöðu í þessu efni, þar eð vitað er, að verið er að fjalla um lagaákvæði um vinnu barna og unglinga á öðrum vettvangi, sem segja má að sé eðlilegri fyrir þessi efni en barnaverndarlöggjöfin, þ. e. a. s. vinnuverndarlöggjöfin.

Ég vil því mjög mega mælast til þess, að þetta frv. nái fram að ganga nú að þessu sinni þrátt fyrir þann ágreining, sem auðvitað er enn uppi og ég geri mér alveg ljóst að er enn uppi um barnavinnu- og unglingavinnuákvæðið. Ég teldi það mjög miður, ef þau viðtæku ákvæði til bóta frá barnaverndarlöggjöfinni, sem að öðru leyti felast í þessu frv., næðu ekki fram að ganga vegna ágreinings um barna- og unglingavinnuákvæðin, þegar vitað er, að verið er að vinna að lausn þess ágreinings, sem uppi er um það efni, á öðrum vettvangi, þ. e. a. s. í n. um vinnuvernd.

Sú virðist hafa orðið skoðun meiri hl. hv. Nd., að ekki væri ástæða til að láta ágreining um barnavinnuna verða til þess að stöðva algerlega framgang málsins, og sama vona ég, að verði niðurstaðan hér í þessari hv. d. Að öðru leyti er málið eflaust svo kunnugt, síðan það var til meðferðar hér í fyrra, að ég sé ekki ástæðu til þess að tefja tíma hv. þd. með því að rekja efni þess í einstökum atriðum.

Að svo mæltu leyfi ég mér, herra forseti, að leggja til, að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

Alfreð Gíslason: Herra forseti. Ég skal ekki fjölyrða um þetta mál að sinni. Það var hér til umr. á síðasta þingi, og gerði ég þá grein fyrir skoðunum mínum á því í stórum dráttum.

Ég vil þó ekki láta hjá líða nú að fara örfáum orðum um það atriði í þessu frv., sem snertir vinnuvernd barna. Ég er gersamlega mótfallinn því, að nákvæm ákvæði um vinnuvernd verði ekki í lögum um vernd barna og ungmenna. Ég tel, að ákvæði um vinnuvernd barna eigi fyrst og fremst þar heima. Þau mega gjarnan vera í öðrum lögum, eins og l. um vinnuvernd almennt, en þau eiga fyrst og fremst heima í lögum sem þessum. Þaðan má ekki sleppa þeim, ekki undir neinum kringumstæðum, og það má ekki heldur gefast upp við að gera ákvæði um vinnuvernd barna sem bezt úr garði og í samræmi við kröfur tímanna. Auðvitað má ekki gefast upp við þá viðleitni að ná sem viðtækustu samkomulagi um það aðeins vegna þess, að það reynist erfitt. Við skulum hafa það í huga, að börn á Íslandi eru talin vinna mikið og miklu meira en gerist í nágrannalöndum okkar. Það hefur margsinnis komið fram, að útlendir gestir, sem hingað hafa komið, hafa undrazt það stórum, hve barnavinna í landinu er mikil, og fundizt það stinga í stúf við félagslegan þroska, sem þeir annars hafa orðið varir við hér á Íslandi. Við skulum líka hafa það í huga, að eins og ástandið er í atvinnumálum nú í landinu, þá sækjast atvinnufyrirtækin, sérstaklega af vissum tegundum, sérstaklega eftir börnum til vinnu, og freisting peninganna er mikil nú á tímum, eins og öllum er kunnugt.

Af þessum ástæðum er sérstök ástæða til þess, að hér á hinu háa Alþingi sé þetta mál tekið til alvarlegrar athugunar, og vinnuvernd barna á að mínum dómi ekki sérstaklega heima í lögum um vinnuvernd fullorðinna. Ákvæði um vinnuvernd barna eiga heima í barnaverndarlögum sérstak-

lega, og ég vil meina, að það sé eitt af mikilsverðustu atriðunum í barnaverndinni, að börnum sé ekki ofþjakað við vinnu. Við lesum um það með hryllingi, hvernig börnum var ofþjakað með vinnu á öldinni sem leið víðs vegar í heiminum, en við líðum það nú, að börnum er ofþjakað með vinnu, t. d. að börn hópum saman á sumum stöðum í landinu eru látin þræla í verksmiðjum, — ég tel frystihús verksmiðjur, — allt frá 8 ára aldri. Þetta getur ekki gengið, og hæstv. ráðh. ættu að íhuga það mál vandlega, áður en þeir sleppa þessu atriði, aðeins af því að það reynist eitthvað erfitt að ráða fram úr vandanum.

Ég tel það illa farið, ef togstreita á að verða hér innan veggja Alþingis, togstreita um vinnuvernd barna, bara vegna þess, að atvinnurekendur á vissum sviðum sækjast eftir börnum til vinnu, bara af því, að einstakir atvinnuvegir telja það ómissandi að láta 8, 9 og 10 ára börn þræla í verksmiðjum eða annars staðar. Þetta ætti ekki að koma til greina hér í þingsölunum, slík togstreita. Við eigum ekki að hugsa okkur að láta börn yfirleitt vinna, börn til 16 ára, vinnunnar vegna, afkomu þjóðarinnar vegna. Ef við látum börn vinna, þá er það þeirra sjálfra vegna, til þess að kenna þeim vinnubrögð, eins konar vinnuskólar. Það er það eina, sem við getum viðurkennt og eigum að viðurkenna, annað ekki.

Það er annað, sem mér finnst eiga heima líka í lögum eins og hér er um að ræða, og einmitt snertandi vinnuvernd. Það atriði verður aldrei sett inn í önnur lög um vinnuvernd, og það er, að börnum sé ekki ofþjakað í skólum, að börnum sé ekki ofþjakað við nám. Nám er þeirra vinna, og það er auðvelt að ofþjaka börnum við nám, og við höfum dæmi þess. Skólalæknar í Reykjavík hafa bent á það, að börnum á vissum aldri væri ofþjakað við nám. Ég tel, að ákvæði um eftirlit með slíku eigi einmitt heima í gr. eins og 41. gr. um vinnuvernd barna. Einhvers staðar verður slíkt ákvæði að koma í barnaverndarlög, og ég vil með þessum orðum, — ég skal ekki hafa þau miklu fleiri, — ég vil með þessum orðum sérstaklega benda á það óviðurkvæmilega, það skammarlega í því, að Alþingi ráði ekki fram úr þessu vandamáli, svo mikilsvert sem það er, og það er ekki erfitt nema að einu leyti. Það eru til óheillaöfl, sem toga í skækilinn og koma í veg fyrir það, að barnavinna sé bönnuð.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Í tilefni af ræðu hv. 9. þm. Reykv. (AG) vil ég aðeins undirstrika, að það er auðvitað ekki svo, að lagt sé til eða ætlazt sé til þess, að ágreiningur sá, sem varð á síðasta þingi um einstök atriði í lagaákvæðum um barna- og unglingavinnu, verði til þess, að engin ákvæði skuli vera í barnaverndarlögum um barna- og unglingavinnu. Það ber ekki svo að skilja, að það samkomulag, sem varð á milli forseta Alþýðusambands Íslands og forsrh. um það að fela vinnuverndarnefnd að fjalla m. a. um þann ágreining, sem komið hafði í ljós hér á hinu háa Alþingi um barna- og unglingavinnu, skyldi verða til þess að fella niður öll ákvæði um barna- og unglingavinnu úr barnaverndarlögum. Í frv., eins og það nú er flutt og komið til hv. Ed., eru ákvæði um þetta, eins og þau voru í upphaflega stjfrv., þ. e. a. s. eins og sérfræðinganefndin, sem upphaflega samdi frv., taldi þessi ákvæði eiga að vera og taldi algerlega fullnægjandi. Þau eru ýtarleg. Ég vitna til 41. gr. og vil leggja áherzlu á, að þeir sérfræðingar, sem frv. sömdu upphaflega á vegum menntmrn., töldu þau ákvæði vera algerlega fullnægjandi lagaákvæði til verndar börnum og unglingum gegn ofþjökun við vinnu.

Varðandi það, sem hv. þm. sagði um vernd gegn ofþjökun í skólum, tel ég raunar, að í skólalöggjöfinni séu alveg fullnægjandi ákvæði til þess að koma í veg fyrir slíkt, ef rökstudd ástæða virðist til þess að halda, að slíkt eigi sér stað. Ég er honum alveg sammála um, að rík ástæða er til þess að stemma stigu við slíku.

En erindi mitt hingað var aðeins að undirstrika, til þess að sá misskilningur gæti ekki komizt neins staðar að, að ríkisstj. hafi talið þann ágreining, sem upp kom, mega verða til þess að fella alveg niður úr barnaverndarlögum öll ákvæði um barna- og unglingavinnu. Það hefur okkur að sjálfsögðu aldrei dottið í hug, heldur teljum við rétt að halda sér við skoðun sérfræðinganna á þessu efni og láta ágreiningsinn, sem upp hefur komið um einstök framkvæmdaatriði, um skilning á lagabókstaf, ekki verða til þess að koma algerlega í veg fyrir setningu almennrar barnaverndarlöggjafar. Ég tel mjög sómasamlega séð fyrir þessum ákvæðum með 41. gr., eins og hún er, og teldi mikla bót að því yfirleitt fyrir þessi mál, ef frv. fengi að ná fram að ganga í því formi, sem það nú hefur á sér. Vinnuverndarnefndin mun hins vegar halda áfram að athuga þau einstök atriði, sem ágreiningur varð um á milli menntmn. hv. Nd. og hv. Ed., og væntanlega gera sínar till. um það á sínum tíma.

Alfreð Gíslason: Herra forseti. Það er allt rétt, sem hæstv. menntmrh. segir í sinni síðari ræðu. En þar fyrir stendur það óhaggað, að það hefur verið gefizt upp við það hér á Alþingi að koma ákvæðum um vinnuvernd barna í viðunandi horf. Þetta er staðreynd, og sönnunin fyrir því, að hæstv. ríkisstj. hefur gefizt upp við þetta, er, að nú kastar hún öllum sínum áhyggjum í þessu efni upp á þá n., sem undirbýr almenna vinnuverndarlöggjöf í landinu. Það er eingöngu vegna þess, að það hefur verið gefizt upp við að ráða fram úr hlutunum í bili og hér.

Mig langar til að fræðast um það hjá hæstv. ráðh., úr því að um þetta er rætt nú, hvernig verður með eftirlitið, ef ákvæði eru í verðandi vinnuverndarlöggjöf, annarri en löggjöf um barnavernd, hver lítur eftir því, að ákvæðum þeirra laga um vinnuvernd barna sé framfylgt. Verður það barnaverndarnefnd eða ekki? Mér skilst, að eins og nú standa sakir, þá sé hlutverk barnaverndarnefndar að framkvæma ýmis störf í samræmi við gildandi lög um barnavernd. Verður hennar verksvið víðtækara, þannig að hún verði að vinna í samræmi við önnur lög, eða verða það aðrir aðilar, sem hafa eftirlit með framkvæmd þeirra laga? Þetta finnst mér skipta nokkru máli, því að ég tel óhæft, að

nokkrir aðilar aðrir en barnaverndarnefndir og barnaverndarráð sjái um, að ákvæðum laga um barnavernd, þ. á m. vinnuvernd barna, sé framfylgt. En mér skilst, að það geti komið til greina, að það verði aðrir aðilar, sem eigi að fjalla um málið, t. d. fulltrúar frá verkalýðsfélögunum eða svo. Og ég tel það satt að segja okkur til lítils sóma að fara að hafa ákvæði um vinnu barna í löggjöf um almenna verkamannavinnu. Börnin eiga ekki heima í verkalýðsfélögum og eiga ekkert þangað að gera.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til menntmn. með 14 shlj. atkv.

Á 73. fundi í Ed., 28. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 393, n. 615).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Frsm. (Auður Auðuns): Herra forseti. Hv. þdm. er vel kunnugt efni þessa frv. frá síðasta þingi, en þá var frv. að mestu leyti samhljóða þessu til meðferðar hér í þessari hv. þd., en það frv. var ekki útrætt. Hæstv. menntmrh. skipaði s. l. vor nefnd þm. úr menntmn. beggja þd. til þess að samræma skoðanir manna um einstök atriði frv., sem menn hafði greint á um hér á hv. Alþ. N. skilaði áliti til ráðh. og lagði til fáeinar brtt. við frv., sem hafa verið teknar inn í það frv., sem hér liggur fyrir, og í skýrslu þm.-nefndarinnar, sem birt er sem fskj. með frv., er gerð grein fyrir þessum breytingum. Ég skal víkja lítillega að fáeinum þeirra, en aðrar eru svo glöggt skýrðar í fskj. með frv., þ. e. a. s. skýrslu mþn., að frekari skýringa er tæpast þörf.

Ég skal þá koma fyrst að þeirri breytingu, sem hefur orðið á 12. gr. frv. Inn í hana hefur verið tekið ákvæði þess efnis, að barnaverndarráðsmaður skuli ekki veita forstöðu uppeldisstofnun, sem frv. tekur til. Þetta ákvæði er sett með hliðsjón af því, að barnaverndarráð hefur samkv. 55. gr. frv. yfirumsjón með þessum stofnunum og óeðlilegt, að æðsta eftirlit sé í höndum þeirra, sem sjálfir veita forstöðu stofnun, sem er undir því eftirliti. Í frv., eins og það var lagt fyrir þingið í fyrra, var ákvæði um það, að barnaverndarráðsmaður mætti hvorki veita forstöðu stofnun, sem l. taka til, né heldur eiga sæti í stjórn slíkrar stofnunar, og í núgildandi barnaverndarl. eru í 12. gr. ákvæði þess efnis, að barnaverndarráðsmaður megi ekki veita forstöðu barnahæli né sitja í stjórn þess. Að athuguðu máli taldi n. þó ekki rétt að ganga svo langt að meina þeim, sem eiga sæti í stjórn barnaheimila, setu í barnaverndarráði, með hliðsjón af því, að það kynni að verða til þess að útiloka frá barnaverndarráði æskilega aðila og áhugasama, því að einmitt slíkt fólk velst að jafnaði til starfa í slíkum stjórnum. Í þessu sambandi má t. d. geta þess, að hér í Reykjavík rekur Barnavinafélagið Sumargjöf svo til öll dagheimilin og leikskólana í borginni. Í stjórn þess félags veljast að jafnaði sérstakir áhugamenn um velferðarmál barna, konur og karlar, og ef ég man rétt, hefur það áður skeð, að meðlimir úr stjórn þess félags hafa átt sæti í barnaverndarráði og unnið þar gott starf. Það má e. t. v. segja, að það sé matsatriði, hvort menntmn. hefur gengið hér of skammt, en þessi var sem sé niðurstaðan.

Eins og kemur fram í 39. gr. frv., eins og það nú liggur fyrir, hefur orðið á henni allmikil breyting frá því, sem var í frv. eins og það lá fyrir hv. þd. á síðasta þingi. Inn í 39. gr. hafði þá við meðferð hv. Nd. á frv. verið bætt að tilmælum kennarasamtaka ákvæði, sem tæpast fékk staðizt við nánari athugun. Þm.-nefndin leitaðist við að flokka þau barnaheimili, sem þarna er um að ræða í 3. mgr., flokka þau eftir eðli þeirra orsaka, sem til vistunar barna á heimilinu leiða, og þá var einnig að till. mþn. sveitarfélögunum falið frumkvæði að því að koma þessum heimilum á fót, og geta þá eftir atvikum fleiri en eitt sveitarfélag sameinazt um slíka framkvæmd, en ríkissjóður greiði hluta af stofn- og rekstrarkostnaði þessara heimila, sem sveitarfélög koma á stofn og reka, greiði hann eftir sömu reglum og gilda um skóla skyldunámsstigsins, þ. e. a. s. barna- og gagnfræðaskóla, þ. á m. um það, hvenær hefja má byggingu slíkra stofnana, ef ríkið á að taka þátt í kostnaði þeirra.

Um 41. gr. frv., sem skoðanir hafa verið hvað mest skiptar um, var rætt allýtarlega við 1. umr. hér í hv. þd. og einnig í skýrslu þm.-nefndarinnar. Í hv. Nd. var flutt brtt. í þá átt að breyta 41. gr. í það horf, sem hún var í, þegar frv. lá fyrir þessari hv. þd. í fyrra, en sú brtt. hlaut ekki samþykki.

Það frv. til l. um vernd barna og unglinga, sem hér liggur fyrir, felur ekki í sér neina gerbyltingu á barnaverndarlöggjöfinni, en þó hefur það að geyma ýmis ákvæði, sem ég hygg, að allir hv. þdm. geti verið sammála um, að séu til mikilla bóta frá því, sem er. Það má þar til nefna þau ákvæði frv., sem miða að því að auðvelda barnaverndarnefndum að koma börnum í einkafóstur, svo að komizt verði hjá því í lengstu lög að vista börn á uppeldisstofnunum, sem geta, hversu góðar sem eru, aldrei komið í stað sómasamlegs heimilis fyrir börnin, enda mun sú vera stefnan hvarvetna nú í barnaverndarmálum að forðast eftir föngum, að börn þurfi að alast upp á stofnunum, þó að ekki verði reyndar hjá því komizt í sumum tilfellum.

Herra forseti. Ég vil taka undir það, sem kom fram við 1. umr. málsins hér í hv. þd., að vonandi geta hv. þm. séð sér fært að samþykkja frv., eins og það liggur nú fyrir. Í menntmn. kom það fram, að einstakir nm. töldu svo mikinn ávinning að samþykkt þessa frv., að ekki væri rétt að beita sér fyrir breytingum á því, þó að þeim kynni e. t. v. að sýnast, að sitthvað mætti þar betur fara, því að það kynni að stofna afgreiðslu málsins á þessu þingi í tvísýnu, ef breytingar yrðu nú gerðar á frv. Eins og fram kemur, í nál. á þskj. 615, leggur n. til, að frv. verði samþ.

Alfreð Gíslason: Herra forseti. Ég vil láta í ljós nokkur vonbrigði mín með niðurstöðuna af starfi hv. menntmn. í þessu máli. Ég hafði hálft í hvoru vænzt þess, að frá þessari hv. n.

kæmu einhverjar brtt. við frv., því að brtt. við þetta frv. er sannarlega þörf .

Ég hafði orð á því eitt sinn í fyrra, þegar þetta mál var rætt hér, að gildandi lög um barnavernd væru í sjálfu sér góð lög. Það, sem vantaði á, væri, að þeim væri ekki framfylgt eins og efni stæðu til. Þetta frv., sem hér liggur fyrir, er í ýmsum smáatriðum betra en gildandi lög, — það skal ég viðurkenna, — en í öllum veigamiklum atriðum tekur það gildandi lögum ekki fram. Þetta er sannleikurinn um frv., sem hér er til umr

Ég hafði hugsað mér að flytja nokkrar brtt. við frv. við þessa umr., en dró það of lengi að koma þeim brtt. á framfæri, einmitt vegna þess, að ég hafði gert mér nokkrar vonir um, að brtt. kæmu frá hv. menntmn. Nú sé ég, að svo er ekki, og því hef ég sent brtt. mínar í prentun nú í kvöld, en mun ekki flytja þær eða gera grein fyrir þeim nánar fyrr en við 3. umr. málsins.

Ég vil þó, úr því að ég er staðinn upp, minna á þrjú veigamikil atriði, sem ég tel að þurfi að breyta í þessu frv.

Í fyrsta lagi á menntmrn. ekki að hafa yfirstjórn barnaverndarmála, heldur félmrn. Á þetta var bent af þeirri sérfræðinganefnd, sem samdi frv., sem lagt var fram hér á Alþ. í fyrra. Sú n. færði sterk rök fyrir því, að réttara væri, að barnaverndarmálin heyrðu undir félmrn., heldur en undir menntmrn. Þessu er ég algerlega sammála og mun flytja brtt. í þá átt.

Annað atriði, sem ég vil benda á, er það, að sú tilhögun að skipa barnaverndarnefndir í hverju sveitarfélagi er í sjálfu sér ekki góð. Ég vil segja: hún er miklu frekar neyðarúrræði, og kemur þar fyrst og fremst til greina strjálbýli og fámenni í sveitarfélögum hér á landi. Ég veit, að barnaverndarnefndir starfa í nágrannalöndum okkar, t. d. Danmörku, en þar er vaxandi gagnrýni á þessu fyrirkomulagi. Mér hefði fundizt tímabært nú, þegar þessi lög eru til endurskoðunar, að athugað hefði verið, hvort ekki væri rétt fyrst og fremst í Reykjavík og jafnvel í nokkrum stærri kaupstöðunum að taka upp annað fyrirkomulag í barnaverndarmálunum en þetta. Ég tel mjög eðlilegt t. d., að sérstök deild í Heilsuverndarstöð Reykjavíkur hafi þessi mál með höndum, annist barna- og ungmennavernd, í stað þess að barnaeftirlitið sé undir umsjón eða undir stjórn ófaglærðs fólks, sem til þess er kosið til fjögurra ára í senn. Það er ekki gott fyrirkomulag. Hitt er eðlilegt og sjálfsagt, þar sem er hægt að koma því við, að með þessi mál fari, — bæði starfi að þessum málum og stjórni þessum málum, — sérfróðir menn. Þess vegna mun ég leggja það til, að hætt verði að skipa barnaverndarnefnd í Reykjavík og í þess stað verði sérstök deild í Heilsuverndarstöð Reykjavíkur látin annast barnaeftirlitið eftir sömu reglum og barnaverndarnefndir.

Í þriðja lagi vil ég svo aðeins minnast á 41. gr. um vinnuvernd barna. Ég gerði hana að umtalsefni við 1. umr. málsins nú og skal ekki fjölyrða um það, En ég tel ófært að ganga frá endurskoðun þessara laga nú án þess að gera því máli, vinnuvernd barna, betri skil. Eins og gr. er nú, tel ég hana í höfuðatriðum engu betri en samsvarandi gr. í gildandi lögum. Sérstaklega er allt of mikið af heimildum, sem sennilega verða ekki frekar notaðar eftirleiðis en þær hafa verið hingað til. Hver ríkisstj. af annarri hefur gersamlega vanrækt að setja reglugerðir um barnaeftirlit, um barnavernd, eins og þó er gert ráð fyrir í gildandi lögum. Þetta skal vera algerlega óbreytt samkv. því frv., sem hér liggur fyrir, og það tel ég með öllu ótækt. Hið háa Alþ. verður að ganga betur frá þessum málum, vinnuvernd barna, og það í þessu frv. Þörfin er brýn, eins og ég benti á og margir aðrir hafa bent á á undanförnum árum, — þörfin er sérstaklega brýn hér á landi.

Ég skal svo ekki hafa fleiri orð um þetta frv. að sinni, en endurtek, að ég mun leyfa mér að flytja nokkrar brtt. við þetta frv. við 3. umr. málsins.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

2.—61. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.

Fyrirsögn frv. og kaflafyrirsagnir samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 75. fundi í Ed., 29. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 393, 636).

Alfreð Gíslason: Herra forseti. Eins og ég tók fram við 2. umr. þessa máls, hafði ég hug á að leggja fram brtt. við frv. við 3. umr., og nú liggja þessar brtt. fyrir á þskj. 636. Þessar brtt. eru að tölunni til nokkuð margar, en efnislega er ekki um að ræða nema fáar breytingar, því að sumar till. leiðir hverja af annarri. Ég vil nú í örfáum orðum gera grein fyrir meginefni brtt. á þskj. 636.

1. brtt. mín er við 2. gr. Í 2. gr. frv. segir, að menntmrn. skuli hafa yfirstjórn barnaverndarmála. Ég legg hér til, að það verði ekki menntmrn., heldur félmrn., sem hafi með barnaverndarmálin að gera. Í grg., sem fylgdi frv. til l. um vernd barna og ungmenna á síðasta þingi, voru færð ýtarleg rök fyrir því af þeim sérfræðingum, sem það frv. sömdu, að réttilega heyrðu þessi mál undir félmrn., en ekki menntmrn. Hér er um að ræða félagsmál, ef nokkurt mál má kalla því nafni, og þess vegna legg ég til, að um leið og gerð er breyting á gildandi l., verði þessu breytt í sitt eðlilega horf.

Í 4. gr. frv. segir, að barnaverndarnefnd skuli vera í hverjum kaupstað og í hverjum hreppi o. s. frv. Hér vil ég gera breytingu á að því er Reykjavíkurborg snertir. Þess vegna legg ég það til, að í Reykjavík skuli sérstök barnaverndardeild í Heilsuverndarstöð Reykjavíkur annast vernd barna og ungmenna og fyrir þá deild skuli gilda ákvæði þessara l. um störf og starfsháttu barnaverndarnefnda. Ég gerði lítillega grein fyrir því hér í gær, að sú tilhögun að skipa barnaverndarnefndir, eins og nú tíðkast, hafi marga ókosti og þyki ekki góð, þótt á öðru sé óvíða völ. Ég tel, að barnaverndin verði bezt rækt af stofnun, sem hafi á að skipa sérfróðu starfsliði. Ég held, að hitt sé ekki heppilegt, að kjósa einhverja og einhverja góða borgara til þess að hafa með þessi mikilvægu

mál að gera 4 ár í senn. Það verða allt of losaraleg tök á stjórn þessara mála með því móti. Hinu er ekki að neita, að í okkar fámenni og strjálbýli er ekki hægt að koma við þeirri tilhögun, sem æskilegust er, en það er auðvelt í Reykjavík. Ég tel ekki óhugsandi, að sama mætti segja um stærri kaupstaði okkar, og þess vegna hef ég látið vera með í brtt. minni heimild til handa kaupstöðum að fela heilsuverndarstöð þar vernd barna og ungmenna, þannig að stærri kaupstaðir geti þá tekið upp þetta fyrirkomulag, ef þeim svo sýnist.

3. brtt. mín er við 36. gr. Í þeirri gr. er ákvæði, sem e. t. v. er ekki í sjálfu sér veigamikið, en mér þykir ekki fallegt. Þar segir í síðustu mgr. 36. gr. á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Barnaverndarnefnd er jafnan heimilt að úrskurða, að barn, sem er í fóstri, skuli vera kyrrt hjá fósturforeldrum, ef þar fer vel um það, þótt þeir, er foreldraráð hafa yfir barni, kalli eftir því.“

Hér finnst mér ekki fallega eða sanngjarnlega ákveðið. Við getum hugsað okkur foreldri eða foreldra, sem þannig stendur á fyrir, að þau geti ekki haft barn sitt eða börn hjá sér. Þessu barni eða börnum er komið fyrir hjá fósturforeldrum. Síðan breytist hagur foreldranna þannig, að þau geti og séu fær um að hafa barnið og kalli eftir því. Þá geta foreldrarnir undir þessum kringumstæðum ekki fengið barnið, ef vel fer um það hjá fósturforeldrum, — þ. e. a. s. í tilviki eins og þessu, þar sem jafnvel færi um barnið hjá fósturforeldrum sem hjá foreldrum, skal réttur fósturforeldranna meiri en foreldranna. Þetta tel ég óréttmætt og legg þess vegna til, að þessu sé breytt, og ég legg til, að orðalagið á þessari síðustu mgr. 36. gr. verði á þessa leið:

„Barnaverndarnefnd er heimilt að úrskurða, að barn, sem er í fóstri, skuli vera kyrrt hjá fósturforeldrum, þótt þeir, er foreldraráðin hafa, kalli eftir því, enda sé ástæða til að ætla, að betur fari um barnið hjá fósturforeldrum.“

Ég held, að engum sé gert rangt til með því, sem í þessari brtt. stendur. Hins vegar er hætta á því, að foreldrum í vissum tilvikum kunni að vera gert stórlega rangt til með ákvæðinu eins og það er nú í 36. gr.

Þá geri ég brtt. við 41. gr. frv., sem mikið hefur verið rædd hér, bæði á þinginu í fyrra og í ár, en þessi gr. fjallar um vinnuvernd barna. Ég skal ekki fara ýtarlega út í það, sem felst í brtt. minni frá því, sem er í frv. En meginefnið í brtt. minni er, að það sé gengið lengra í þá átt að takmarka barnavinnuna. Að sumu leyti er um svipuð ákvæði að ræða, en að öðru leyti er í brtt. minni gengið lengra í að ákveða, hve lengi börn megi vinna og hvað börn megi vinna. Ég vil sérstaklega leggja áherzlu á eða vekja athygli á, að ég segi í brtt. minni: „Eigi má ráða barn yngra en 15 ára til vinnu í frystihúsum eða öðrum verksmiðjum né til upp- og útskipunarvinnu eða byggingarvinnu, enda hafi það lokið fullnaðarprófi í barnafræðslu eða burtfararprófi.“

Ég legg hér með vilja að jöfnu frystihús og verksmiðjur. Ég tel raunar frystihúsin vera verksmiðjur, og því orða ég það á þá leið, að börn yngri en 15 ára megi ekki vinna í frystihúsum né öðrum verksmiðjum. Ég held, að enginn muni í sjálfu sér telja þetta ósanngjarnt, þegar um vernd barna er að ræða. Ég held, að enginn geti talið það ósanngjarnt, svo framarlega sem hann er hlutlægur eða óhlutdrægur í dómi sínum. Það kann að vera, að frystihúsaeigendur eða aðrir atvinnurekendur mótmæli ákvæði sem þessu, vegna þess að þá vantar vinnukraft, og þá þykir þeim betra að hafa vinnukraft barna en engan. En eins og ég tók fram, að ég hygg í gær við 2. umr. málsins, er það óverjandi að láta atvinnusjónarmið ráða miklu, þegar um vinnuvernd barna er að ræða. Þá er það og fram tekið í brtt. minni, hver skuli vera hámarksvinnutími barna. Alger hámarksvinnutími barna undir 14 ára aldri er 5 stundir á dag og 5 daga vinnuvika. Hámarksvinnutími barna 14—16 ára skal skv. till. vera 6 stundir og vinnuvikan 5 dagar. Hér held ég, að sé ekki tekið djúpt í árinni eða krafizt mikils, en ég tel nauðsynlegt, að löggjafinn ákveði atriði eins og þetta.

Í frv., eins og það er nú, er ráðh. heimilað að setja reglugerð. Honum er heimilað að setja reglugerðir, er taki yfir landið í heild eða einstök umdæmi, þar sem nánar verður kveðið á um aldur barna í vinnu í tiltekinni starfsgrein, hvíld, aðbúnað, orlof og önnur vinnuskilyrði barna og ungmenna í tilteknum starfsgreinum. Einnig er heimilt að setja ákvæði í reglugerð um bann við næturvinnu o. s. frv. Þetta hefur staðið í lögum í 30 ár og aldrei komizt til framkvæmda. Ráðh. hefur haft heimild til að setja reglugerð um þessi efni í 30 ár, en sú heimild hefur ekki verið notuð. Það hefur ekki verið hirt um að nota hana, ég vil segja með þeim afleiðingum, sem nú er komið í ljós, hreinni vinnuþrælkun barna á Íslandi. Þess vegna legg ég til, að ákvæði um þessar reglugerðir verði ekki heimildarákvæði, heldur skylduákvæði. Ég vil orða það þannig: „Ráðh. skal setja reglugerðir, er taka yfir landið í heild“ o. s. frv. og „þá skal einnig setja ákvæði í reglugerð um bann við næturvinnu og helgidagavinnu barna“ o. s. frv.

Ég held, að ég þurfi ekki að fjölyrða frekar um brtt. mína við þessa gr., 41. gr. Og þá kem ég að síðasta efnisatriðinu í brtt. mínum, en það snertir 56. gr. 56. gr. frv. hefst á þessum málsl., með leyfi hæstv. forseta: „Foreldrar eða aðrir forsjármenn barns, svo og aðrir þeir, sem hagsmuna eiga að gæta vegna ráðstafana barnaverndarnefndar, geta borið mál undir barnaverndarráð til fullnaðarúrskurðar.“ Hér er fram tekið, að ef foreldrar eða umráðamenn barna una ekki ráðstöfunum nefndanna, geti þeir skotið málinu til barnaverndarráðs og úrskurður þess skuli vera fullnaðarúrskurður. Þetta get ég ekki sætt mig við. Ég tel, að ef aðili leitar úrskurðar barnaverndarráðs um jafnviðkvæmt mál og hér er venjulega um að ræða, þurfi viðkomandi ekki að sætta sig við úrskurð barnaverndarráðs, ef honum líkar hann ekki, og eigi hann þess þá kost að skjóta úrskurðinum til æðra dómstóls. Þess vegna legg ég til, að gerðar séu smábreytingar tvær á þessari 56. gr., þannig, að í stað orðsins „fullnaðarúrskurðar“

komi „úrskurðar“ og við gr. þessa bætist ný mgr., svo hljóðandi: „Úrskurði barnaverndarráðs má áfrýja til dómstóla.“ Ég tel þetta vera rétt, ekki aðeins vegna þeirra aðila, sem þurfa að leita úrskurða barnaverndarráðs um viðkvæm efni, heldur einnig vegna barnaverndarráðs sjálfs. Það er of mikil ábyrgð á það lögð að mínum dómi með því ákvæði, sem felst í þessari 56. gr., að úrskurður þess í stórum og viðkvæmum málum skuli vera fullnaðarúrskurður. Mér finnst ótvírætt, að aðilar eigi undir þessum kringumstæðum að eiga þess kost að skjóta málinu til fullnaðarúrskurðar dómstólanna.

Þetta er, að ég hygg, í fáum orðum sagt meginefni brtt. minna á þskj. 636. Till. eru að vísu 13 talsins, en ef þær eru teknar samkv. efni, eru þær 5. Ég vænti þess, að hv. þdm. athugi þessar till. og greiði ekki um þær atkv. að óathuguðu máli.

Frsm. (Auður Auðuns): Herra forseti. Ég skal reyna að vera stuttorð. Það hefur farið svo gagnstætt því, sem ég hafði vonað, að hér hafa nú verið fluttar allmargar brtt. við frv. Ég skal aðeins víkja fáeinum orðum að brtt. hv. 9. þm. Reykv., sem hann nú hefur gert grein fyrir.

Um þá till. hans, að félmrn. skuli hafa yfirstjórn barnaverndarmála, vil ég vísa til þess, eins og hann reyndar gerði í ræðu sinni, sem n. sú, sem undirbjó frv., segir í þeirri grg., sem fylgdi frv., þegar það var lagt fram á þinginu í fyrra. N. telur þar fram ýmislegt það, sem með því mæli, að þessi mál heyri undir félmrn., en ekki menntmrn., og vitnar m. a. til þess, að barnaverndarmál í nágrannalöndum okkar falli undir félmrn., en n. taldi þó ekki rétt að leggja til, að sú breyting yrði gerð á skipulagi þessara mála hér, heldur að áfram héldist, að menntmrn. færi með yfirstjórn barnaverndarmálanna. Þetta hefur hv. þm. verið kunnugt allan tímann síðan frv. var lagt fram í fyrra, og ætla ég, að hv. 9. þm. Reykv. hafi líka þá flutt brtt., sem gengu í þessa átt, en komu reyndar aldrei til atkvæða. En ég verð að segja það, að þó að menn hljóti að fallast á öll þau rök, sem n., sem undirbjó frv., greinir frá í þeirri grg., sem fylgdi frv. frá henni, tel ég rétt að halda sig við það, sem í frv. er, því að n. hefur vissulega ekki tekið þá ákvörðun að leggja til, að núverandi skipulagi verði haldið áfram, nema að vel athuguðu máli.

Þá vil ég aðeins víkja að brtt. hv. þm., að í Reykjavík skuli vera sérstök barnaverndardeild í Heilsuverndarstöðinni og að kaupstöðum, sem þess óska, skuli vera heimilt að fela heilsuvernd á sínum stað vernd barna og ungmenna. Hv. þm. vék að því, sem út af fyrir sig er alveg rétt, að manni finnst það vera heldur óæskilegt, að fólk, sem kosið er, eða n., sem kosin er pólitískri kosningu, einstakir meðlimir slíkrar n. séu að vafstrast í einkamálum og það viðkvæmustu einkamálum fólks, inni á þess heimilum jafnvel. En við skulum athuga það, og hefur reyndar hv. þm. fallizt á það sjónarmið, að í dreifbýli er varla hægt að hugsa sér annað en að það verði góðir og gegnir íbúar eða borgarar, sem þessum störfum gegni, vegna þess að það er óvíða aðstaða til þess að hafa til slíkra starfa sérmenntað starfslið. En hér í Reykjavík, eins og hv. þm. sagði, kemur þetta auðvitað mjög til greina, og er reyndar í þjónustu barnaverndarnefndar hér sérmenntað starfsfólk, sem annast dagleg störf og framkvæmd í barnaverndarmálunum. Þegar hægt er að koma málum í þetta horf, þá er hlutverk barnaverndarnefndarinnar í rauninni það að hafa þarna yfirstjórn. Þetta starfslið leggur málin fyrir barnaverndarnefndina á hennar fundum og þar tekur svo barnaverndarnefndin endanlegar ákvarðanir og ef svo ber undir vísar meðferð vissra mála og vissra atriða til ákveðinna aðila, sem starfa í hennar þágu.

Þetta er auðvitað allt annað en meðan sú var tíðin, að meðlimir barnaverndarnefndarinnar voru meira og minna í eftirliti á heimilum og að segja mátti kannske inni á gafli á þeim heimilum, sem barnaverndarnefnd þurfti að hafa eftirlit með eða afskipti af í þann og þann svipinn, svo að það gegnir allt öðru máli nú. Og ég held, að það mundu kannske líka sumir telja, að það gæti verið varhugavert í málum, sem eru svona ákaflega viðkvæm eins og þessi mál eru, og það er alveg víst, að oft og einatt þykja fólki afskipti barnaverndarnefndar kannske þungbærari og koma sárar við það og þær ráðstafanir, sem n. gerir, heldur en flest annað, sem það getur hugsað sér, — það geti verið varhugavert, að endanlegan ákvörðunarrétt um slík mál eigi ákveðnir embættismenn. Ég veit til þess a. m. k., — ég hef rætt þetta oft við fólk, sem ég veit, að hefur áhuga á barnaverndarmálum, — að það mundi margur telja í rauninni meira öryggi í því að eiga víst, að þarna muni fjalla um málið hópur fólks, þar sem ýmis sjónarmið geta komizt að, og það mundu telja sér margir meira öryggi í slíkri meðferð heldur en ef allt væri lagt segjum til dæmis í hendur eins embættismanns. Ég get því ekki verið hv. þm. sammála í þessum efnum og mundi ekki geta fallizt á brtt., sem gengur í þessa átt.

Þá vil ég um brtt. hv. þm. við 36. gr. segja það, að ég sé ekki beint, að það sé ástæða til að taka slíkt ákvæði upp í lögin, því að annars staðar er beinlínis barnaverndarnefndunum það upp á lagt, að við úrlausnir barnaverndarmála skuli ávallt miða við það, hvað ætla megi barninu fyrir beztu, og það er auðvitað það, sem á að vera það fyrsta, sem til greina kemur við úrlausn þeirra mála.

Um 41. gr. skal ég ekki fjölyrða. Það kemur bæði fram í grg. með frv. og kom hér einnig greinilega fram við 1. umr. málsins, að það efni, sem hún fjallar um, — það er sem sé vinnuvernd barna — það er til athugunar í annarri n., og hefur frv. verið lagt fram nú á þessu þingi með 41. gr. þess í sama formi og var í frv. upphaflega, þegar það var lagt fyrir þingið í fyrra.

Ég sé ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um brtt., en vil segja það, að ég mun greiða atkvæði á móti þessum brtt. Ég get að vísu ekki fullyrt neitt um afstöðu meðnm. minna í menntmn., þó að ég hins vegar ætli, að þeir muni með vísun til þess, að þeir hafa í n. látið í ljós, að þeir mundu ekki vilja hreyfa brtt. við frv., til þess að því yrði ekki stefnt í tvísýnu á

þinginu, — með tilliti til þess mundi ég telja, að þeir væru kannske sama sinnis og ég um afstöðu til brtt., því að það má öllum ljóst vera, eins og nú er skammt til þingloka, að allar breytingar, sem á þessu frv. kynnu að verða gerðar, mundu stefna því algerlega í tvísýnu.

Ragnar Jónsson: Herra forseti. Ég vil aðeins segja nokkur orð vegna fram kominna brtt. hv. 9. þm. Reykv.

Eins og hv. nm. er kunnugt, dagaði frv. um vernd barna og unglinga uppi í fyrra. En að mínum dómi eru sumar till. hv. 9. þm. Reykv. mjög athyglisverðar, og ég vil lýsa yfir, að ég hefði gjarnan viljað styðja sumar þeirra. Sérstaklega vil ég benda á brtt. við 36. gr., þ. e. 7. brtt., og enn fremur 11. brtt. við 56. gr. En þar sem er mjög áliðið þings og allar breyt. gætu orðið til þess, að málið dagaði enn á ný uppi, mun ég ekki sjá mér fært annað en greiða atkv. móti þessum brtt., vegna þess að ég vil ekki stofna frv. í hættu.

Alfreð Gíslason: Herra forseti. Ég vil þakka hv. síðasta ræðumanni hans orð. Þau sýna það ljóslega, að hann er maður, sem vill líta sanngjarnlega á málin, hvaðan sem þau berast. Ég get einnig verið ánægður með ræðu hv. frsm. menntmn. Það kom fram í orðum þm., að það ber ekki mikið á milli um skoðanir okkar í raun og veru um þau atriði, sem mínar brtt. fjalla um. Hv. frsm. tók fram, að sérfræðingar þeir, sem undirbjuggu frv. í fyrra, hafi að vísu fært að því ýmis rök, að réttara væri, að þetta mál félli undir félmrn. en menntmrn., hins vegar hefði þessi n. ekki beinlínis lagt það til í sínu frv. Þetta er hárrétt. En þegar við leitum að skýringu á því, hvers vegna þeir leggja ekki til í frv. það, sem þeir telja málefnalega rétt, hlýtur skýringin eingöngu að vera sú, að þessir ágætu sérfræðingar eru skipaðir af hæstv. menntmrh. til þessara starfa. Þeim hefur fundizt það smekkleysi, jafnvel ódrengskapur gagnvart hæstv. ráðh. að vilja taka þessi mál út úr hans rn. og leggja undir annað. Þetta er mannlegt og skiljanlegt og að sumu leyti drengilegt. Öðru máli gegnir, þegar rætt er um þetta hér á Alþingi. Alþingi þarf ekki að taka slík sjónarmið með í reikninginn, því að það er Alþingi, sem er húsbóndi ráðherranna og rn. Þess vegna var það mjög eðlilegt, að hv. alþm. hefðu í þessu efni skilið hálfkveðna vísu, tekið röksemdirnar og breytt frv. í samræmi við þær.

Hv. frsm. menntmn. virtist mér mjög sammála um, að ýmsir gallar væru á þeirri tilhögun að skipa barnaverndarnefndir, eins og nú er gert, til þess að fara með þessi mál, og þar sem því yrði við komið, væri mjög til athugunar að dómi þm. að taka upp aðra tilhögun, eins og þá, að sérfróðir menn fjölluðu eingöngu um málin. Aðalgallinn í augum þessa hv. þm. virtist sá að telja ekki heppilegt, að embættismaður hefði yfirstjórn þess starfs. Í því sambandi vil ég minna á, að það yrði aldrei embættismaður í þeim skilningi, sem hefði yfirstjórn þessa máls, því að þessi deild í Heilsuverndarstöðinni lyti eftir sem áður yfirstjórn barnaverndarráðs, svo að hér á ekki að vera mikil hætta á ferðum. Auk þess hygg ég, að fólk almennt treysti miklu betur slíkri stofnun fyrir sínum einkamálum og úrlausn sinna vandamála en hinum og þessum borgurum, sem til eru tíndir á fjögurra ára fresti, til þess að vasast í þessum viðkvæmu málum.

Ég held ekki, að hv. frsm. hafi rakið efni eða talað um aðrar af mínum brtt. En ég segi enn, að ég get vel við unað ræðu hv. frsm. og þau sjónarmið, sem þar koma fram og falla að miklu leyti saman við mínar skoðanir. Það er rétt, að málið má ekki tefja til lengdar úr þessu, þar sem nú er mjög komið að þinglokum, en þó hygg ég, að vel mætti gera breyt. og koma frv. samt í gegn, ef um það væri ákveðinn vilji.

Frsm. (Auður Auðuns): Herra forseti. Það voru aðeins örfá orð. Hv. 9. þm. Reykv. taldi, að það væri eiginlega ekki neinn ágreiningur okkar á milli eða sáralítill varðandi brtt., sem gengur í þá átt, að í Reykjavík skuli ekki kjósa barnaverndarnefnd, heldur skuli vera sérstök deild í Heilsuverndarstöðinni, sem annist vernd barna og unglinga. En ég held, að ég hafi tekið það greinilega fram, að ég mundi ekki fallast á, að hér yrði ekki kosin barnaverndarnefnd. Ég reyndi að gera lítillega grein fyrir því, hvernig hún mundi starfa, og það verður nú þegar og í framtíðinni býsna ólíkt því, sem áður var, þegar nefndarfólkið var sjálft í daglegum störfum að barnaverndarmálum. Það var líka eitt atriði, sem mér láðist að minnast á áðan í ræðu minni, að hv. þm. leggur til, að þetta verði deild í Heilsuverndarstöðinni. Ég hefði talið, að það mál þyrfti að athuga betur, áður en slegið yrði föstu, því að ég held, að það gæti t. d. alveg eins komið til greina, að þetta væri deild í félagsmálaskrifstofu borgarinnar. Hv. þm. sagði einmitt áðan, að ef nokkuð væri félagsmál, þá væru það barnaverndarmálin, og hann vill láta þau heyra undir félmrn., og þá finnst mér, að það væri fullt samræmi í því, að þau væru einmitt deild í félagsmálaskrifstofu borgarinnar.

Fleiri orðum sé ég ekki ástæðu til að fara um ræðu hv. þm.

Alfreð Gíslason: Herra forseti. Ég vil aðeins mælast til þess við hæstv. forseta, að hann fresti þessari umr. nú, og ég vil fara þess á leit við hv. formann menntmn., að n. taki þessar till. til athugunar nú. Slíkt þarf ekki út af fyrir sig að tefja málið sem neinu nemur, um einn dag í þessari d. eða svo.

Frsm. (Auður Auðuns): Herra forseti. Hv. 9. þm. Reykv. hefur farið þess á leit, að menntmn. tæki brtt. hans til athugunar og umr. yrði frestað. Ég vil segja það, að ég hef þegar skýrt frá því, að einstakir meðlimir í menntmn. létu það einmitt í ljós, að þeir mundu ekki gera till. um breytingar á frv., þó að þeim kynni að þykja, að þar hefði eitthvað mátt betur fara, vegna þess að þeir teldu, að þar með væri málinu stefnt í tvísýnu. Ég sé því ekki ástæðu til þess að taka brtt. til athugunar í n., en ef einhver nm. óskar eftir því, mun ég að sjálfsögðu telja mér skylt að gera það.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Ég er ekki í menntmn., en samt sem áður vildi ég leyfa mér að bera fram þá ósk, að það yrði nú orðið við þeirri sjálfsögðu beiðni, að málinu yrði frestað svo sem einn sólarhring, svo að menntmn. gæfist tækifæri til að athuga þessar till. Ég álít t. d., að till., sem hljóðar um breytingu viðvíkjandi dvöl fósturbarna hjá fósturforeldrum, sé mun betur orðuð hjá hv. flm., 9. þm. Reykv., en er í frv., og ég get ekki séð, að málinu sé stefnt í nokkra tvísýnu, þó að það biði einn sólarhring eða svo. Við erum hér með fullt af málum enn, og það er ekkert ákveðið enn, svo að ég viti til, hvenær Alþingi lýkur, þannig að þó að þessi d. kæmist við enn frekari athugun að þeirri niðurstöðu, að rétt væri að gera einhverjar smávægilegar breytingar á þessu frv., er það síður en svo, að því sé teflt í nokkra tvísýnu. Það eru nægir möguleikar til þess, að það gangi til Nd., af því að ég geri ráð fyrir því, að hér sé ekki eða geti verið um stórfelldar breyt. að ræða. Mér sýnist þarna viss atriði, sem eru þess háttar, að þau biðu engan skaða af því, þó að þau væru athuguð svolítið betur.

Umr. frestað.

Á 76. fundi í Ed., 30 apríl, var frv. tekið til frh. 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 77. fundi í Ed., s. d., var fram haldið 3. umr. um frv.

Frsm. (Auður Auðuns): Herra forseti. Ástæðan til þess, að ég kveð mér hljóðs, er sú, að skotið hefur verið á fundi í menntmn. til þess að ræða brtt. þær, sem hv. 9. þm. Reykv. (AG) flytur við þetta frv.

Það er skemmst af að segja, að brtt. fengu ekki undirtektir í n. og n. mælir ekki með þeim, hvorki í heild né einstökum till., og það kom fram eins og áður í n. sú afstaða einstakra nm., að þeir teldu málinu teflt í tvísýnu, ef breytingar yrðu á frv. gerðar, og réði það m. a. því, að þeir vildu ekki mæla með þessum brtt.

Til viðbótar því að lýsa þessari afstöðu menntmn. vil ég leyfa mér, hæstv. forseti, að víkja lítillega að tveim af brtt. hv. 9. þm. Reykv., sem sérstaklega voru nefndar af öðrum hv. þdm. en mér og hv. flm. við þessa umr., enda kom fram í n. ósk um, að svo yrði gert.

Það er þá fyrst 7. brtt. hv. þm., sem er við 36. gr. frv. Um þessa brtt. vil ég vísa til þess, sem ég áður hef sagt, að brtt. er allsendis óþörf, því að í 3. mgr. 16. gr. frv. segir, að barnaverndarnefnd skuli ávallt við úrlausn barnaverndarmála velja þann kostinn, sem ætla má, að sé barninu fyrir beztu.

Við þetta vil ég bæta því, að það er með ráði gert að orða þetta ákvæði 36. gr. eins og það er. Þetta ákvæði er orðrétt samhljóða ákvæði, sem er í 16. gr. l. frá 1947 um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna, nema hvað í þessu frv. er sams konar ákvæði látið ná til barna almennt, skilgetinna sem óskilgetinna, og því fellt niður orðið „óskilgetið", en að öðru leyti er síðasta mgr. 36. gr. samhljóða þessu ákvæði í l. um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna.

Í sambandi við þetta ákvæði, sem nú er í l. um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna, hefur skapazt allvíðtæk dómvenja, og undirbúningsnefnd frv. eða sú n., sem undirbjó þetta frv., var þeirrar skoðunar, að það væri rétt að halda sér við það orðalag. Þetta kemur ljóst fram í grg. með frv. frá því í fyrra, í aths. þar um 34. gr. A, sem var shlj. 36. gr. þessa frv., en í aths. við gr. segir m. a. svo orðrétt: „Hefur verið hallazt að því að halda orðalagi 16. gr. laga nr. 87 1947 að efni til, með því að allvíðtæk dómvenja er fengin um það ákvæði. Ljóst er, að barnaverndarnefndum ber í þessu efni sem öðrum að hafa að leiðarljósi, hvað barni er fyrir beztu, sbr. almenna ákvæðið í 16. gr. 3. mgr. frv."

Við þetta skal ég aðeins bæta því, að mér er kunnugt um, að háskólarektor, sem var formaður þeirrar n., sem undirbjó frv., telur mjög vafasamt að breyta þessu ákvæði, þ. e. a. s. 3. mgr. 36. gr. frv. eins og hún nú er.

Þá skal ég aðeins víkja að 11. brtt. á þskj. 636. Hún er á þá leið, — ég skil það a. m. k. þannig, — að öllum úrskurðum barnaverndarráðs megi áfrýja til dómstóla. Þetta mundi leiða til skipulags í þessum málum, sem mun hvergi þekkjast í þeim löndum, sem við höfum eða ætla má að við höfum helzt eitthvað til að sækja um fordæmi eða fyrirmyndir í þessum efnum. Það má líka benda á það, hve seinvirk þessi leið yrði. Fyrst kæmi málið til kasta barnaverndarnefndar, síðan barnaverndarráðs, þá undirréttar og að lokum hæstaréttar. Það mætti jafnvel gera ráð fyrir því, að einhver börn væru komin á þann aldur, að lögin tækju ekki lengur til þeirra, þegar allt það skeið væri á enda runnið, en einmitt í slíkum málum, barnaverndarmálum, er oft skjótrar úrlausnar þörf.

Það mun vera svipuð uppbygging á kerfi barnaverndarmála á Norðurlöndum eins og hér er. Hins vegar er mér tjáð og hef nú reyndar um það vissu, að t. d. í Bretlandi og Bandaríkjunum heyra barnaverndarmál undir sérstaka dómstóla. En þeir dómstólar eru sérstaks eðlis, og þeir eru við það miðaðir að hafa úrlausn slíkra mála með höndum. En það er hvorki á Norðurlöndum né í þessum enskumælandi löndum, sem ég áður nefndi, þekkt, að barnaverndaryfirvöldum og dómstólum sé blandað saman með þeim hætti, sem hér er lagt til. Með þessu er auðvitað ekki sagt, að barnaverndarmál komi aldrei til kasta dómstóla. Svo hefur verið hér í vissum tilvikum um langt skeið, og ég vil t. d. benda á það, að í 53. gr. þessa frv., 3. mgr., segir svo orðrétt:

„Ef beita verður valdi við framkvæmd ákvörðunar barnaverndarnefndar eða barnaverndarráðs samkv. lögum þessum, heyrir slík valdbeiting undir fógeta eða lögreglu, ef brýna nauðsyn ber til. Fulltrúi barnaverndarnefndar eða barnaverndarráðs skal þó ávallt vera viðstaddur slíkar framkvæmdir."

Það hefur ekki orkað tvímælis, að barnaverndarmál koma oft til kasta dómstóla, og hér er í þessari gr., 53. gr., tekið beinlínis af skarið um það, að þegar framkvæmd á ákvörðun barnaverndarnefndar eða barnaverndarráðs eigi fram að fara og til slíks þurfi valdbeitingu, skuli fógeti eða lögregla koma til skjalanna. Þar að auki má benda á það, sem auðvitað sjálfsagt

er, að það er alltaf hægt að sækja barnaverndarráð til saka fyrir dómstólum á þeim grundvelli, að ráðið hafi ekki farið að lögum eða hafi brotið lög á einhvern hátt í þeim málum, sem til kasta þess hafa komið. Ég veit ekki, hvort hv. flm. hefur athugað þetta eða gert sér þetta ljóst. En ég vil aðeins segja það, að ég held, að samþykkt þessarar brtt. væri algerlega fráleit.

Að öðrum brtt. mun ég hafa áður vikið og sé því ekki ástæðu til að hafa fleiri orð um málið.

ATKVGR.
Brtt. 636,1.a felld með 13:1 atkv.
— 636,1.b felld með 12:1 atkv.
— 636,1.c kom ekki til atkv.
— 636,2 kom ekki til atkv.
— 636,3—6 teknar aftur.
— 636,7 felld með 11:5 atkv.
— 636,8 kom ekki til atkv.
— 636,9 felld með 12:2 atkv.
— 636,10 felld með 10:5 atkv.
— 636,11 felld með 13:1 atkv.
— 636,12—13 komu ekki til atkv.

Frv. samþ. með 15:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 674).

47. Álbræðsla við Straumsvík.

Á 64. fundi í Nd., 1. apríl, var útbýtt:

Frv. til l. um lagagildi samnings milli ríkisstj. Íslands og Swiss Aluminium Ltd., um álbræðslu við Straumsvík [177. mál] (stjfrv., A. 434).

Á 65. fundi í Nd., 2. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Ég mun fylgja úr hlaði frv. því til l., sem hér liggur fyrir um lagagildi samnings milli ríkisstj. Íslands og Swiss Aluminium, um álbræðslu við Straumsvík, en þessi samningur var, eins og kunnugt er, undirritaður 28. marz s. l. af minni hálfu fyrir hönd ríkisstj. og af forstjórum hins svissneska fyrirtækis og með fyrirvara um staðfestingu Alþ. á samningnum. Þessi samningur fylgir frv. á íslenzku og ensku, en honum fylgja auk þess margir fylgisamningar, sem eru í beinum tengslum við hann. Er þar fyrst að nefna raforkusamning, sem ætlað er, að gerður verði milli Landsvirkjunar annars vegar og ÍSALs, þ. e. Íslenzka álfélagsins h. f., hafnar- og lóðarsamningur, sem gert er ráð fyrir, að gerður verði á milli Hafnarfjarðarkaupstaðar og ÍSALs, aðstoðarsamningar á milli ÍSALs og Alusuisse og samningur um framkvæmdatryggingu milli ríkisstj. og Alusuisse, og auk þess fylgir í skjöllunum stofnskrá og samþykktir Íslenzka álfélagsins h. f., sem kallað er í fskj. ÍSAL. Það er ekki ætlazt til, að þessir samningar, sem ég nú hef nefnt, öðlist lagagildi, og eru þeir aðeins í fskj. á íslenzku. Þm. hafa hins vegar fengið, að ég hygg, afhenta samninga á ensku máli, ef þeir vildu bera saman textana.

Menn hafa eflaust veitt því athygli, að ég og fleiri höfum notað í seinni tíð orðið ál fyrir alúmínium, og er nánar gerð grein fyrir því í aths. lagafrv. En 6. apríl 1965 barst stóriðjunefnd bréf frá íslenzkri málnefnd, Háskóla Íslands, þar sem segir m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Íslenzk málnefnd hefur á fundi sínum í dag ákveðið að leggja til við stóriðjunefnd, að í stað orðsins alúmínium eða alúmín, sem hvorugt fer vel í íslenzku máli, verði tekið upp orðið ál. Helztu rök n. fyrir till. eru þessi: 1) Ál minnir á orðið stál, sem einnig er efnisheiti, mikið notað í iðnaði. 2) Orðið fer vel í samsetningum, sbr. t. d. álgerð, áliðja, álverk, álverksmiðja. Engin hætta er á samblöndun við orð, samsett af áll, því að þau eru mynduð með eignarfalli, t. d. álshöfuð, álaveiðar. 3) Orðið er íslenzkulegt. 4) Sums staðar er orðin venja að stytta orð, sem mikið þarf að nota í samsetningum, t. d. í sænsku el fyrir elektricität.

Ef þessi till. þykir of róttæk", segir n., „má benda á, að alúm færi betur í íslenzku en alúmíníum og alúmín."

Ríkisstj. féllst svo á fyrir sitt leyti að fara að till. n., og því er orðið „ál" notað í öllum málsskjölunum fyrir „alúmíníum".

Ég skal nú víkja að aðalsamningi þessa máls. Hann er í sjö köflum. Ég tel ekki ástæðu til þess að rekja einstakar greinar hans, en læt nægja að víkja að ýmsum meiri háttar atriðum.

Aðalsamningurinn, sem ráðgert er eða farið er fram á að löggiltur verði, felur í sér meginatriðin varðandi réttindi og skyldur aðila, sem eru ríkisstj. og Alusuisse, en tekur jafnframt til aðila fylgisamninganna, svo sem Landsvirkjunar, Hafnarfjarðar og ÍSALs.

Í II. kafla þessa samnings eru almenn fyrirheit og ábyrgðir af hálfu ríkisstj. og hins svissneska fyrirtækis. Ríkisstj. ábyrgist skuldbindingar Landsvirkjunar og Hafnarfjarðarkaupstaðar samkv. aðalsamningi, rafmagnssamningi og hafnar- og lóðarsamningi. Á hinn bóginn ábyrgist Alusuisse skuldbindingar ÍSALs um byggingu á álbræðslu og annað í því sambandi. Þessi gagnkvæmu fyrirheit í II. kafla hafa sína þýðingu í deilum, sem upp kunna að rísa, eins og fram kemur í 46. gr. En þar er að því vikið, að ef rísa upp deilur milli þessara aðila og þeir fá ekki jafnað þessar deilur, geta ríkisstj. annars vegar og Alusuisse hins vegar samið um að vísa deilunni til íslenzkra dómstóla eða íslenzks gerðardóms til endanlegrar ákvörðunar, og náist ekki samkomulag, getur ríkisstj. eða Alusuisse, eftir því sem við á, vísað slíkri deilu til alþjóðlegs gerðardóms samkv. ákvörðun 46. gr. Í þessu felst, að ríkisstj. annars vegar og Alusuisse hins vegar koma fram í deilum milli þessara aðila, sem ég hef nefnt, enda hafa þessir tveir aðilar tekið á sig ábyrgðir og skuldbindingar fyrir þá, eins og II. kafli samningsins gerir ráð fyrir. Að gerðardómnum sjálfum skal ég koma síðar.

III. kafli aðalsamningsins fjallar um byggingu mannvirkja og skyld efni, þ. e. byggingu Búrfellsvirkjunar og varavirkja, skuldbindingu um að láta í té rafmagn til álbræðslunnar og skuldbindingu um greiðslu fyrir rafmagn og um byggingu hafnarmannvirkja. Þar segir, að Lands-

virkjunin skuli byggja og setja upp Búrfellsvirkjun og byggja eða sjá á annan hátt fyrir varavirkjun, þannig að Landsvirkjun ásamt hinu samtengda kerfi sínu geti haft tiltækt samningsbundið rafmagn með því orkumagni og afli og á þeim tímum, sem krafizt er í samningi þessum og rafmagnssamningnum. Svo er gert ráð fyrir því, að Landsvirkjun skuli hafa samningsbundið rafmagn tiltækt fyrir bræðsluna á ákveðnum tímum, sem nánar er vikið að. Það er á þremur tímabilum, sem auðkennd eru AR I, AR II og AR III og skammstafast fyrir: afhendingardagur rafmagns fyrsti, afhendingardagur rafmagns annar og afhendingardagur rafmagns þriðji. Það er gert ráð fyrir því að svo stöddu, að I. afhendingardagur rafmagns muni verða 1. júní 1969, en þá er gert ráð fyrir því, að bræðslan sé reiðubúin til þess að taka til starfa og Búrfellsvirkjun reiðubúin til þess að afhenda henni rafmagn. Í þessu er þó nokkurt hlaup til eða frá, sem síðar kann að verða ákveðið, og kynni þá afhendingardagur rafmagns nr. I að frestast nokkuð, eins og nánar er vikið að í þessari sömu gr., en um það þarf að hafa gefið tilkynningar áður með tilsettum fyrirvara.

Skuldbinding ÍSALs er svo að kaupa og greiða fyrir rafmagn frá Landsvirkjun, og ÍSAL á að greiða fyrir hið tilskilda lágmarksmagn, sem er nánar ákveðið í raforkusamningnum, frá afhendingardögum I, II og III, hvort sem það er notað eða ekki, allt eftir því, sem nánar er ákveðið í og með skilmálum og skilyrðum samnings þessa og rafmagnssamningnum. Þessar greiðslur eiga að fara fram í dollurum. En það er verulega mikils virði sú skuldbinding, sem ÍSAL tekur þarna á sig um stöðuga greiðslu rafmagns allan samningstímann í erlendri mynt.

Það er gert ráð fyrir, að Hafnarfjörður byggi og reki höfnina í Straumsvík og láti ÍSAL í té lóðarréttindi, en ÍSAL greiði höfnina á 25 árum með 6½% ársvöxtum og jöfnum greiðslum vaxta og afborgana. Eftir þann tíma, 25 ára tímabilið, greiðir ÍSAL vörugjald af áli frá bræðslunni, sem gert er ráð fyrir að miðist við 0.1% af heimsmarkaðsverði áls á þeim tíma.

IV. kafli aðalsamningsins fjallar um rekstur bræðslunnar, framleiðsluafköst hennar, takmarkanir á rekstri, um ábyrgð ÍSALs af tjóni, sem af gastegundum og reyk frá bræðslunni kynni að hljótast, og reglur um öryggi, heilbrigði og hreinlæti. Það er gert ráð fyrir því, að bræðslan afkasti á fyrsta áfanga 30 þús. smál. af áli, á öðrum áfanga 45 þús. smál. og þegar hún hefur náð fullum afköstum 60 þús. smál. Rekstur álfélagsins ÍSALs er svo takmarkaður við álframleiðslu eingöngu, og nýtur það ekki neinna annarra atvinnuréttinda samkv. þessum samningi hér á landi.

Í 12. gr. IV. kafla er mikilvægt ákvæði um mengun, sem svo er kölluð. En þar eru samningsatriði um það, hvernig koma eigi fyrir ráðstöfunum til þess að forðast hættulegar gastegundir frá verksmiðjunni og hverjir bera ábyrgð á þeim. Um þetta hefur ríkt töluverður misskilningur hjá mönnum. Jafnvel hafa menn borið sér í munn, að vel gæti svo farið, að allur Reykjanesskaginn yrði eitraður af gastegundum frá verksmiðjunni. En um þetta segir, með leyfi hæstv. forseta, svo í 12. gr.:

„ÍSAL skal bera fulla ábyrgð á hverju því tjóni, sem hlýzt af gastegundum og reyk frá bræðslunni utan við svæði með ummáli reiknuðu frá miðju bræðslukerasalarins í fyrsta áfanga bræðslunnar, eins og sýnt er á uppdrætti II með bræðsluáætluninni (fskj. með hafnar- og lóðasamningnum). ÍSAL tekst á hendur fulla ábyrgð á hverju því tjóni, sem hlýzt af gastegundum og reyk frá bræðslunni innan slíks svæðis, á eignum eða öðrum hagsmunum manna, sem nú búa þar eða eiga þar eignir, svo og gagnvart þeim, sem síðar kunna að öðlast framsal frá þeim, að svo miklu leyti sem um er að ræða núverandi afnot þess eða afnot í framtíðinni, önnur en búskap og garðyrkju. Aðrir þeir, sem héðan í frá taka sér bólfestu innan ofannefnds svæðis eða eignast þar eignir, taka með því á sig áhættu á hvers konar tjóni, að því er varðar búskap og garðyrkju, er hlýzt af gastegundum eða reyk frá bræðslunni, og ÍSAL telst ekki bera ábyrgð á því."

Það eru þarna tvær tegundir ábyrgðar, full ábyrgð gagnvart þeim, sem búa innan þessa tiltekna svæðis, sem er 3 km á tvo vegu og 2 á þriðja veginn, en ef menn flytja inn á svæðið til þess að stunda garðyrkju eða búskap, eftir að verksmiðjan er byrjuð, taka þeir ábyrgð á þeim skaða, sem kann að verða á slíkum atvinnurekstri. Það hefur verið ekki alveg óalgengt í Evrópu, að menn hafa flutt í námunda við slíkar verksmiðjur eða fast að þeim, eftir að þær hafa verið byggðar, og komið svo fram með sínar skaðabótakröfur, þegar það hefur komið í ljós, að tiltekinn atvinnurekstur, eins og búskapur og garðyrkja, eru viðkvæm fyrir tilteknum gastegundum.

Í sömu gr. segir hins vegar, að ÍSAL muni gera allar eðlilegar ráðstafanir til þess að hafa hemil á og draga úr skaðlegum áhrifum af rekstri bræðslunnar í samræmi við góðar venjur í iðnaði í öðrum löndum við svipuð skilyrði. Ef það kæmi í ljós, að hér væri einhver hætta á ferðinni, er þessi skuldbinding ÍSALs alveg ótvíræð að sporna við henni í samræmi við góðar venjur í iðnaði í öðrum löndum við svipuð skilyrði. Það er nokkuð misjöfn aðstaða, þar sem slíkar verksmiðjur eru reistar. Í dölum eða dalverpi, þar sem skjólgott er, þykir óhjákvæmilegt að gera þegar í upphafi ráðstafanir til þess að hafa hreinsunartæki. En hins vegar gegnir nokkuð öðru máli við aðstæður eins og eru við Straumsvík og ekki af sérfræðingum talin veruleg hætta á því, að þar þurfi að grípa til hreinsunartækja.

Iðnmrn. hefur haft samband við Rannsóknastofnun iðnaðarins og hún beitt sér fyrir athugun á málinu, og niðurstöður hennar eru birtar í fskj. með frv. Þar segir í niðurstöðunum, að það sé ekki af þessu sérstök hætta og ályktun rannsóknastofnunarinnar að þessu leyti er miðuð við fyrsta þrep byggingarframkvæmdanna eða 30 þús. tonna bræðslu, vegna þess að þar er talið, að óvissan sé mest, en við rekstur þessa fyrsta þreps er aðstaða til þess að rannsaka nákvæmlega, hvar hin raunverulegu hættumörk liggja, og gera þær ráðstafanir, er reynslan sýn-

ir, að nauðsynlegt sé. En í 13. gr. segir í framhaldi af því, sem ég hef nú til vitnað:

„Að tilskildum ákvæðum 12. gr. skal ÍSAL byggja, útbúa og reka bræðsluna og halda henni við í samræmi við núgildandi og síðari lög og reglur á Íslandi varðandi öryggi í atvinnurekstri, heilbrigði og hreinlæti og skal í þessum efnum vera háð eftirliti opinberra stofnana, sem ábyrgð bera á framkvæmd á slíkum reglum."

Ég tel þess vegna, þegar menn kynna sér þessi atriði, að þau skeri alveg úr um það, að hér sé ekki tekin nein áhætta og öruggar ákvarðanir um það, hver beri ábyrgðina og hvernig skuli úr bæta.

Um tolla, aðflutnings- og útflutningsgjöld hefur jafnan verið ráðgert, að ÍSAL væri undanþegið slíkum gjöldum á efnivörum til byggingar bræðslunnar og einnig af útflutningi á áli. Er þetta í samræmi við sams konar rekstur, þar sem til þekkist. Um þetta fjallar 14. gr., sérstaklega að því er tekur til innflutnings á efnivörum til byggingarinnar og til rekstrar. Það hafa ýmsir haft á orði, að hér nyti fyrirtækið á Íslandi mikilla forréttinda, t. d. fram yfir hliðstæð fyrirtæki í Noregi, en eftir því sem ég hef fengið upplýst og liggur fyrir í samningagerð, þar sem Alusuisse er að meiri hluta eigandi að hlutabréfum í álbræðslu, þar eru og hafa ekki verið neinir tollar á þessum efnivörum til innflutnings við byggingu álbræðslnanna og munu yfirleitt ekki vera annars staðar, og það var þess vegna í öndverðu, að stóriðjunefnd gerði grein fyrir því í áliti sínu og till. til ríkisstj. og Alþ., að það mundi verða vonlítið að ætlast til, að slíkt fyrirtæki bæri slíka tolla hér á landi, ef á annað borð væri áhugi á að fá þau til rekstrar hingað til Íslands. Það er hins vegar misskilningur, að fyrirtækið sé undanþegið öllum tollum, og kemur það fram í þessari sömu gr. Í 14 02 segir, að benzín og nevzluvörur til persónulegra nota, matvörur, skrifstofuvörur, fólkshifreiðar og önnur ökutæki, sem eru ekki notuð beint í byggingu og rekstri bræðslunnar, skuli ekki undanþegin aðflutningsgjöldum og efni, vistir, vörur og búnaður af sérhverri tegund, sem flutt er inn tollfrjálst til notkunar á bræðslulóðinni, en síðan er ráðstafað annars staðar á Íslandi, sé háð aðflutningsgjöldum eins og þau eru á þeim tíma, þegar þeim er ráðstafað, miðað við sanngjarnt markaðsverð þeirra þá. Það er gert ráð fyrir fullkominni tollskoðun, að tollfrjáls inn- og útflutningur samkv. þessari gr. sé skoðaður og tollafgreiddur á inn- eða útflutningsstað samkv. viðeigandi reglum, er almennt gilda á Íslandi, og á ÍSAL að greiða hæfileg tollafgreiðslu- og skoðunargjöld miðað við tilkostnað. Ég tel þess vegna, að það hafi verið gert miklu meira úr þessu tollfrelsi heldur en efni standa til, alveg sérstaklega ef hafður er í huga samanburður við hliðstæð fyrirtæki í nágrannalöndum, sem við þekkjum til. Ég vitnaði alveg sérstaklega til Noregs, og síðan sú vitneskja lá fyrir um tolla á þessum vörum þar, hafa einnig á margs konar öðrum iðnaðarvarningi verið afnumdir tollar í sívaxandi mæli eftir þátttöku Noregs í Fríverzlunarbandalaginu og ráðgert í samningunum á sínum tíma, sem gerðir voru við byggingu verksmiðjunnar í Húsnesi, að ef Norðmenn gengju í Efnahagsbandalagið, þá leiddi slíkt tollfrelsi af sjálfu sér, ef það væri ekki þegar fyrir hendi.

Ég skal þá víkja að ákvæðinu um starfslið fyrirtækisins. Um það hefur mönnum orðið nokkuð tíðrætt, bæði frá því sjónarmiði, að tekinn væri mannafli frá öðrum atvinnugreinum, og að öðru leyti, en um þetta eru mjög skýr ákvæði í 17. gr. Þau eru í aðalatriðum, að við byggingu bræðslunnar skuli ÍSAL og verktakar þess nota íslenzkt verkafólk og annað starfslið, að svo miklu leyti sem það er fyrir hendi. Þegar íslenzkt verkafólk og annað starfslið er ekki fyrir hendi til þeirra starfa, er ÍSAL og verktökum þess heimilt að nota erlent verkafólk og starfslið eftir þörfum í þessu skyni í samræmi við lög nr. 39 frá 1951, eins og þeim er nú beitt í framkvæmd, eins og þar stendur.

Í öðru lagi er gert ráð fyrir því, að Alusuisse skuli þjálfa og ÍSAL ráða til sín íslenzkt verkafólk, faglært og ófaglært, svo og verkfræðinga, tæknifræðinga og aðra sérfræðinga af íslenzku þjóðerni við rekstur bræðslunnar. Með hliðsjón af því, að álframleiðsla er í eðli sínu tæknileg, sérhæfð og óslitin, er ÍSAL heimilt að ráða til sín sérþjálfað og reynt erlent starfslið, allt að 50 menn, til rekstrar bræðslunnar, eins lengi og að svo miklu leyti sem þess gerist þörf að dómi ÍSALs. Meðan verið er að setja bræðsluna í gang og á þeim tímabilum, er nægilega margir reyndir íslenzkir starfsmenn eru ekki fyrir hendi, er ÍSAL enn fremur heimilt að ráða til sín það sérþjálfaða og reynda starfslið, sem þörf er á við rekstur bræðslunnar, í samræmi við lög nr. 39 1951, eins og þeim er nú beitt í framkvæmd.

Hér er í raun og veru algerlega samið á grundvelli núgildandi íslenzkra laga, en í lögum nr. 39 frá 1951, um rétt erlendra manna til að starfa hér á landi, segir m. a. í 3. gr., að félmrh. veitir atvinnuleyfi skv. lögum þessum, að fengnum tillögum verkalýðsfélaga á staðnum í hlutaðeigandi starfsgrein, og skulu þau veitt vinnuveitanda, ef sérstakar ástæður þykja mæla með því, svo sem ef um erlenda sérfræðinga er að ræða eða aðra kunnáttumenn, sem ekki verða fengnir innanlands, eða ef atvinnuvegi landsins skortir vinnuafl, sem ekki er fáanlegt innanlands.

Það er í alveg ákveðnum tilgangi, sem sett er þarna í samninginn af okkar hálfu, „eins og þessum lögum er nú beitt í framkvæmd", vegna þess að þeim hefur verið beitt þannig í framkvæmdinni, að farið hefur verið að tillögum verkalýðsfélaganna. Viðsemjendum hefur verið gerð grein fyrir því, og ríkir ekki um það neinn misskilningur. Hitt geta menn svo deilt um, hvort ástæða sé til á hverjum tíma að veita erlendu verkafólki aðstöðu til þess að vinna hér á landi. En ég hygg, að það komi einmitt fyrst og fremst til greina í svipuðum tilfellum og þessum, þegar um tímabundnar framkvæmdir er að ræða, en af skýrslum um vinnumarkaðinn frá Efnahagsstofnuninni, sem fylgja þessu þskj., má sjá það, að vinnuaflsþörfin er fyrst og fremst á tveimur árum, 1967—68, þegar mest mannaflaþörf fer saman við mesta mannaflaþörf Búrfellsvirkjunar. Það kemur auðvitað alveg eins

til álita, ef menn kjósa heldur á þeim tíma að fá erlent vinnuafl til Búrfellsvirkjunar. Á þeim stað þarf að setja upp mannvirki eða húsnæði til þess að búa í, og að ýmsu leyti væri það að mínum dómi hentugra að leggja meiri áherzlu á það að fá þangað erlent vinnuafl til þess að forðast, umfram ýmsar aðrar ráðstafanir, sem gera þarf, að aðra atvinnuvegi skorti vinnuafl vegna þessara framkvæmda.

Um aðstoðarsamninga Alusuisse við ÍSAL eru ákvæði í aðalsamningi og í fylgisamningum C1—C3. Meginákvæðin eru um þóknun fyrir aðstoð Alusuisse við hönnun og verkfræðistörf við byggingu álbræðslunnar, 10% af raunverulegum byggingarkostnaði. Slíkur verkfræðikostnaður við byggingu áburðarverksmiðjunnar í Gufunesi reyndist 11%, og læt ég þess getið í þessu sambandi. Alusuisse lætur ÍSAL í té tæknilega þjónustu og þekkingu við rekstur álbræðslunnar fyrir 2.2% af brúttótekjum og fær 1½% umboðslaun fyrir sölu framleiðslunnar.

Við höfum reynt að gera okkur grein fyrir, hversu sanngjörn þessi ákvæði væru, eftir því sem venja gerist erlendis, og það má segja, að það sé nokkuð í samræmi við þær upplýsingar, sem við höfum fengið þar að lútandi. Í sambandi við þóknun þá, sem ÍSAL ber að greiða Alusuisse fyrir þá þjónustu, sem um er samið í aðstoðarsamningunum, leiðir þó af samanburði við greiðslu þá, sem gert var ráð fyrir að Alusuisse fengi frá norska dótturfyrirtækinu fyrir sams konar störf, að kjör þau, sem ÍSAL semur um, eru heldur hagstæðari. En þetta hefur auðvitað þýðingu í sambandi við skattgreiðslur og afkomu fyrirtækisins. Þó munar það ekki miklu. Öllu mikilvægara er, að í samningum ÍSALs eru strangari ákvæði um skyldur Alusuisse til þess að útvega hráefni til bræðslunnar og selja framleiðslu hennar með hagstæðum kjörum og heimildir fyrir ríkisstj. til þess að láta endurskoða reikningsuppgjör fyrir slík viðskipti. Auk þess er rétt að leggja áherzlu á mikilvægi þeirra ákvæða í samningunum á milli Alusuisse og dótturfyrirtækisins, að það er ekki heimilt að breyta þeim samningum án samþykkis ríkisstj.

V. kafli aðalsamningsins fjallar um dótturfyrirtæki Alusuisse hér, en stofnskrá þess og lög eru birt sem fskj. E með málsskjölunum, og læt ég nægja að vísa til þess.

Ég skal þá víkja að VI. kafla aðalsamningsins, sem fjallar um skattamál álbræðslunnar, sem töluvert hefur verið um rætt og að mínum dómi stundum af misskilningi, þegar vitnað er í, að hún eigi aðeins að greiða eitt framleiðslugjald og njóti skattfríðinda af þeim sökum. Hér kemur ýmislegt til álita, sem menn verða að gera sér grein fyrir. Þetta eina framleiðslugjald hefur verið við það miðað, að skattlagning álbræðslunnar verði ekki lægri en hún mundi vera skv. hæstu skattaálagningarreglum, er í gildi eru hér á landi í dag. Skv. þeim mundi skattlagning slíks fyrirtækis nema nálægt ⅓ af ágóða, áður en frá er dreginn útgreiddur arður og varasjóðstillög. Við þetta er skattgjaldið miðað, og má segja, að það hafi verið við þetta ákvarðað frá 20 dollurum og upp í 35 dollara, eftir að 15 ára afskriftatími er liðinn. Gerð var hins vegar tilslökun á framleiðslugjaldinu niður í 12½ dollar fyrstu 6 árin, meðan bræðslan hefur ekki náð fullum afköstum, en þá verður raforkugjaldið til Búrfellsvirkjunar, sem þá er á byrjunarstigi, 3 mill í staðinn fyrir 2½ mill, sem það gjald ákvarðast síðar af.

Það eru veigamikil atriði um endurskoðun á þessu framleiðslugjaldi. Það er augljóst mál, að ef heimsmarkaðsverð á áli hækkar, þá hækkar þetta gjald mjög mikið. Það getur einnig lækkað, það er alveg rétt, ef heimsmarkaðsverð á áli lækkaði eitthvað verulega frá því, sem það nú er. En það má þá segja að vísu, að enda þótt farið hefði verið að okkar venjulegu skattareglum, þá mundu skattgreiðslur að sjálfsögðu ekki hafa orðið miklar, ef verðið á framleiðslunni lækkaði verulega frá því, sem gert hefur verið ráð fyrir, og hagur verksmiðjunnar væri þar af leiðandi slæmur. En ef heimsmarkaðsverð á áli hækkar aðeins um 25%, þá mun framleiðslugjaldið hækka úr 20 dollurum í 45 dollara eða um 125%, og þetta er mjög mikil stighækkandi hækkun, og þess vegna var fallizt á að setja þann varnagla inn í, að ef slík hækkun ætti sér stað, þá gæti fyrirtækið fengið lækkun, ef gjaldið færi yfir 50% af nettótekjum fyrirtækisins, en það er auðvitað miklu hærra en okkar skattalöggjöf gerir ráð fyrir í dag, eins og ég sagði áðan.

Það eru mörg rök, sem að því hníga að hafa eitt framleiðslugjald eða slíkt skattafyrirkomulag. Með því hefur verið hægt að búa nokkuð örugglega um skattgreiðslur fyrirtækisins, og á það var lögð mikil áherzla í samningagerðinni, að um það ríkti sem minnst óvissa. Miðað við, að verðið verði óbreytt á áli, munu skatttekjur af bræðslunni fyrstu 25 árin nema rúmum 1400 millj. kr. í erlendum gjaldeyri, og miðað við þann atvinnurekstur, sem við nú höfum hér á landi, verður skattgjald miklu hærra á hvern einstakling, sem þar vinnur, heldur en annars staðar þekkist í okkar atvinnurekstri.

Því er svo ekki að leyna, að önnur ástæða fyrir þessu formi á skattgreiðslu er sú, að það var talið af sérfræðingum, bæði erlendum og íslenzkum, sem við höfðum samráð við, að það væri mjög erfitt að fylgjast með skattframtölum slíkra fyrirtækja, sem væru raunverulega hlekkur í langri framleiðslukeðju, sem öll er í höndum sama aðilans. Og ég get upplýst það, að bæði Norðmenn, sem við höfðum samband við, og eins ensk fyrirtæki töldu, að það væri mikið hagræði og meira öryggi fyrir okkur að hafa skattgjaldið í því formi, sem hér er um að ræða. Sjálfur hef ég heyrt gagnrýnda mjög samningana í sambandi við álbræðsluna í Húsnesi vegna þess, hve Alusuisse hefði þar óbundnar hendur um verð á hráefni til verksmiðjunnar og um söluverð á framleiðslu verksmiðjunnar.

Loks er svo það sjónarmið, að það var talið æskilegt af ríkisstj. hálfu að verja skatttekjum álbræðslunnar með öðrum hætti en skatttekjum fyrirtækja yfirleitt, og kemur það fram í frv. um atvinnujöfnunarsjóð, sem nú hefur verið lagt fyrir þingið, þar sem gert er ráð fyrir, að meginhluti af skattgjaldinu renni í jöfnunarsjóð til þess að stuðla að meira jafnvægi en ella væri um að ræða í byggð landsins, eins og nán-

ar er tiltekið þar, og gerist ekki þörf að ræða það frekar nú.

Það er hins vegar misskilningur, að þetta sé eina skattgjaldið eða skatturinn, sem þessi álbræðsla greiðir, því að hún mun greiða margvísleg önnur gjöld, svo sem hvers konar félagsgjöld, launaskatt, söluskatt af vörum og þjónustu, er hún kaupir hér á landi, margvísleg leyfisgjöld o. fl. Þetta kemur greinilega fram í þar að lútandi ákvæðum kaflans um skatta og gjaldskyldu. Framleiðslugjaldið er talið taka til eða inn í það er talið falla tekjuskattur skv. lögum nr. 90 1965, tekjuútsvar skv. lögum nr. 51 1964 og 67 1965, eignarskattur skv. lögum nr. 90 1965, eignaútsvar skv. lögum nr. 51 1964 og 67 1965, fasteignaskattur skv. lögum nr. 51 1964, aðstöðugjald skv. lögum nr. 51 1964, iðnlánasjóðsgjald skv. lögum nr. 45 1963, kirkjugarðsgjald, sem lagt er á sem álag á skatta þá, sem taldir eru hér á undan, byggingarsjóðsgjald, sem lagt er á sem álag á skatta þá, sem taldir eru einnig á undan í stafliðum þessarar greinar. En skv. 31. gr. greiðir svo, eins og ég sagði áðan, ÍSAL ýmsa skatta auk framleiðslugjaldsins, þ. e. stimpilgjöld, þungaskatt, þinglýsingargjöld, ýmis skrásetningar- og leyfisgjöld, skoðunargjöld bifreiða skv. lögum, öryggiseftirlitsgjald skv. lögum, leyfisgjöld skv. lögum af innfluttum vörum, skipulagsgjald skv. lögum af öllum byggingum, byggingarleyfisgjald til kaupstaðarins vegna bræðslunnar, tiltekið gjald, og gatnagerðargjald til kaupstaðarins, einnig tiltekið gjald.

Svo er ÍSAL skylt að greiða eftirtalin félagsleg gjöld, sem heyra til hagsbóta á sviði félagslegs öryggis og íslenzkum vinnuveitendum ber nú að greiða: lífeyrisiðgjald atvinnurekenda skv. lögum nr. 40 1963 með áorðnum breytingum, slysatryggingagjald skv. lögum nr. 40 1963, atvinnuleysistryggingasjóðsgjald skv. lögum nr. 4 1959, og ÍSAL skal skylt að greiða öll þau félagsleg gjöld, sem framvegis kunna að verða lögleidd til hagsbóta eða velferðar fyrir starfsfólk og íslenzkum atvinnuveitendum ber almennt að greiða. Það skal hlíta lögum og reglum um lögskyldar ábyrgðartryggingar, þ. á m. greiðsluskyldu iðgjalda af þeim, á bifreiðum og öðrum ökutækjum. ÍSAL skal skylt að greiða iðnaðarrannsóknargjald skv. lögum nr. 64 1965 á laun verkamanna og fagmanna, miðað við þann taxta, sem nú er tiltekinn í lögum.

Með hliðsjón af þessum ákvæðum vil ég segja það, að ég tel, að það sé vel séð fyrir greiðslu skattgjaldsins í hinu eina framleiðslugjaldi, en þar fyrir utan greiðir ÍSAL margvísleg önnur gjöld, sem þá eru greidd í íslenzkum gjaldeyri, en framleiðslugjaldið er greitt, eins og ég hef áður sagt, í dollurum.

Er ég þá kominn að lokakafla samningsins, VII. kafla, sem inniheldur ýmis almenn ákvæði, sem ég tel ekki ástæðu til að reifa sérstaklega. Hins vegar eru ýmis lögfræðileg atriði varðandi óviðráðanleg öfl, „force majeure", og áhrif þeirra á gildi samninganna, vanefndir, rétt til riftunar o. s. frv., skaðabætur og aðrar bætur. Um það læt ég nægja að vitna til grg. aðalsamningsins, þar sem nánar er gerð grein fyrir slíkum atriðum.

Ég vil hins vegar víkja að ákvæðum þessa kafla um deilur, alþjóðlega gerð og lög þau, sem fara skal eftir. Ég tel það fjarri sanni, að það sé lítilsvirðandi fyrir okkur að hafa í samningum ákvæði um alþjóðlega gerð, ef meiri háttar deilur rísa, sérstaklega þegar höfð eru í huga ákvæði 45. gr. um lög þau, sem fara skal eftir í sambandi við slíka gerð, en þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Samning þennan ber að skýra, túlka og framkvæma skv. ákvæðum hans, aðalsamningsins og hinna fylgiskjalanna, eftir því sem unnt er, og að öðru leyti fer um skýringu, túlkun og framkvæmd, gildi og áhrif samnings þessa að íslenzkum lögum og þeim reglum þjóðaréttar, sem við kunna að eiga, þ. á m. þeim grundvallarreglum laga, sem almennt eru viðurkenndar af siðmenntuðum þjóðum."

Fari málið m. ö. o. í hina alþjóðlegu gerð, þá á sá gerðardómur að úrskurða að íslenzkum lögum og þeim reglum þjóðaréttar, sem við kunna að eiga, þ. á m. þeim grundvallarreglum laga, sem almennt eru viðurkenndar af siðmenntuðum þjóðum. Ég tel ekki, að við Íslendingar fyrirgerum neinum sóma okkar, þó að við segjum, að við skulum jafnhliða íslenzkum lögum fara að grundvallarreglum laga, sem almennt eru viðurkenndar af siðmenntuðum þjóðum. Ég tek það alveg skýrt fram, að mér er ekki kunnugt um neinar grundvallarreglur íslenzkra laga, sem brjóta í bága við almennar grundvallarreglur, sem viðurkenndar eru af siðmenntuðum þjóðum.

Í þessu sambandi ber einnig að hafa í huga alþjóðasamning um lausn fjárfestingardeilna milli ríkja og þegna annarra ríkja, sem nú hefur verið lagt fyrir þingið frv. til laga um heimild fyrir ríkisstj. til þess að gerast aðili að. En það er Alþjóðabankinn, eins og kunnugt er af því þskj., sem hefur beitt sér fyrir gerð þessa alþjóðasamnings um lausn á fjárfestingardeilum milli ríkja og þegna annars ríkis. Á því ári, sem liðið er nú síðan Alþjóðabankinn lagði samninginn til undirskriftar fyrir aðildarríkin að bankanum, hafa 35 ríki undirritað hann. þ. á m. bæði Danmörk og Svíþjóð (mér er ekki alveg fullkunnugt um, hvort Noregur hefur undirritað hann) og England og Bandaríkin. Þetta tel ég bera vott um það, sem að stefnir í hinum siðmenntaða heimi með stöðugt vaxandi alþjóðlegum samskiptum. Er vissulega ekki hægt að álíta annað en hin 35 ríki stefni að því að fullgilda slíkan samning með tilheyrandi gerðardómi og telji sér ekki vansæmd í slíku. Meðan þess samþykkt, sem ég hef nú vitnað til, svokölluð SID-samþykkt, er ekki komin til framkvæmda eða fullgilt af Íslandi og Sviss, eru ákvæði um sérstakan gerðardóm, sem í grundvallaratriðum byggjast hins vegar á sömu forsendu og sömu reglum um íslenzk lög, sem fara skal eftir, og legg ég megináherzlu á það.

Í 48. gr. er ákvæði um lagagildi og gildistöku samningsins. Eins og kunnugt er, þá var hann undirritaður með fyrirvara um, að Alþingi staðfesti hann sem lög, og í þessari grein koma einnig fram önnur skilyrði fyrir því, að samningurinn geti öðlazt lagagildi, jafnvel eftir að Alþingi hefur samþykkt hann, en það leiðir af eðli máls-

ins. Þau eru, að það fari fram fullgild stofnun ÍSALs sem íslenzks félags skv. ákvæðum samningsins, undirritun rafmagnssamningsins af hálfu Landsvirkjunar og ÍSALs, undirritun hafnar- og lóðarsamningsins af hálfu kaupstaðarins og ÍSALs, undirritun aðstoðarsamninganna af hálfu ÍSALs og Alusuisse og gildistaka lánssamnings milli Alþjóðabankans og Landsvirkjunar um lánsfé til Búrfellsvirkjunar, en gert hefur verið ráð fyrir því og talin er nokkur vissa á því, að hægt sé að fá lánsfé hjá Alþjóðabankanum til Búrfellsvirkjunar, en þó er eðlilega eftir að ganga frá því máli, en fulltrúar Alþjóðabankans hafa alltaf fylgzt með samningaviðræðum á hverju stigi málsins.

Samningstímabilið er ákveðið í 49 gr., og þar er gert ráð fyrir, að samningurinn skuli gilda til 25 ára, en þá geti hvor aðili sem er óskað eftir framlengingu, fyrst til 10 ára og síðar aftur til 10 ára, þannig að samningurinn gæti gilt frá fyrsta afhendingardegi rafmagns eða þegar verksmiðjan er farin að framleiða 30 þús. tonn eða hefur byrjað sína framleiðslu í 45 ár, en 39 ár væntanlega frá því að hún hefur náð fullum afköstum.

Í 51. gr. eru ákvæði um það, að þessum samningi verði ekki breytt nema með viðbótarsamningi, sem ríkisstj. og Alusuisse gera skriflega sín á milli og Alþingi staðfestir.

Ég hef nú þrætt nokkuð efni aðalsamnings þessa, sem lagt er til með þessu frv. til l. að lögfesta. Fylgisamningunum öllum fylgja ýtarlegar skýringar, sem ég get látið nægja að vitna til, meðan ekki gefast sérstök tilefni til frekari skilgreiningar. Ekki kemst ég þó hjá því við þessa umr. að hafa nokkra hliðsjón af þeim umr., sem fram fóru um vantrauststillöguna í síðustu viku hér í þingi, og því, sem fram hefur komið um málið í gagnrýni blaða. Koma þar einkum almenn sjónarmið til álita. Mönnum hefur orðið tíðrætt um rafmagnsverðið og skattana o. s. frv. Um rafmagnsverðið er deilt og sagt, að það sé hvergi lægra í öðrum löndum. Margt kemur þar til athugunar að sjálfsögðu um aðra aðstöðu í öðrum löndum, t. d. hvort hráefni eru til staðar í viðkomandi landi eða flytja þarf þau um hálfan hnöttinn, eins og hér er gert ráð fyrir, en á s. l. ári gerðist Alusuisse aðili að stofnun félags til þess að vinna hráefni til álbræðslu úr báxítnámum í Ástralíu og gerir ráð fyrir að þurfa að flytja þau hráefni hingað til lands til álbræðslunnar.

Það kemur einnig til álita, hvaða reglur gilda um skatta og tolla í öðrum löndum, þegar samanburð á að gera. En er ekki aðalatriðið hér, að okkur hafa ekki boðizt betri kjör og að þau kjör, sem okkur standa til boða, eru okkur mjög hagstæð? Það hefur ekki verið mikil ásókn á Íslendinga frá erlendum fyrirtækjum að setja hér upp álbræðslur, og hafa þó farið fram viðræður bæði við frönsk og amerísk og reyndar fleiri álbræðslufyrirtæki.

Ég vitna í þessu sambandi alveg sérstaklega til kaflans í grg. þessa máls: Þjóðhagsleg áhrif af byggingu álbræðslu. Þar er gerð ýtarleg og rökstudd grein fyrir áhrifum álbræðslu á þróun raforkumála með því tiltekna raforkugjaldi, sem um er samið, fyrir áhrifum á gjaldeyris- og þjóðartekjur, fyrir hagstæðri skattlagningu álbræðslunnar, fyrir áhrifum til aukinnar iðnvæðingar, fyrir áhrifum álbræðslu á öflun fjármagns, og allt er þetta hagstætt. Þær tölur, sem fram eru settar, hafa ekki verið hraktar og ekki verið vefengdar. Það er gerð ýtarleg grein fyrir vinnuaflsþörfinni og birt nákvæmt yfirlit Efnahagsstofnunarinnar um áhrif Búrfellsvirkjunar og álbræðslu á jafnvægi vinnumarkaðarins. Kemur fram, að ekki er talið um alvarlegt vandamál að ræða að leysa úr því. Nokkur atriði úr þessum skýrslum mætti nefna. Miðað við óbreytt verð munu skatttekjur af bræðslunni fyrstu 25 árin nema rúmum 1400 millj. kr. í erlendum gjaldeyri. Samtals eru tekjur af raforkusölu og skattar fyrstu 25 árin í erlendum gjaldeyri 4100 millj. kr.

Það er sagt stundum, að norskar álbræðslur greiði hærri skatta, en eins og ég sagði áðan, þá hef ég haft upplýsingar, sem staðfesta það, að svo muni ekki vera. Skattstiginn er að vísu töluvert miklu hærri. Þegar við tölum um 33⅓%, þá mun láta nærri, að hann sé 54% í Noregi, en afskriftareglur eru þar með þeim hætti, að álbræðslurnar eru að verulegu leyti skattfrjálsar fyrstu árin, og þær álbræðslur ríkisins, sem borga hæsta skatta og hafa borgað á undanförnum árum í Noregi, hafa ekki borgað 20 dollara á framleitt tonn, heldur aðeins 18½ dollar, og aðrar verksmiðjur þaðan af minna. Og ég hef það fyrir satt, að það muni vera litlir skattar, sem Húsnesverksmiðjan greiði fyrstu árin, miðað við þær reglur, sem Norðmenn hafa um afskriftir. Tekur það alveg sérstaklega til þeirra bræðslna, sem staðsettar eru í strjálbýlinu, að þær eru í raun og veru skattfrjálsar með þeim reglum, sem þar um gilda, ef þær vilja staðsetja sig þar.

Það er sagt, að Norðmenn eignist slíkar álbræðslur að liðnum samningstíma. Þetta er að mínum dómi algerlega úr lausu lofti gripið, og veit ég ekki, hvar menn hafa fundið slíkan vísdóm. Í Noregi eru ekki nokkur ákvæði neins staðar um það, að þeir skuli eignast álbræðslur, sem útlendingar hafa lagt fé í, að þeim samningstíma liðnum, sem þeir mega nota rafmagn til þess að vinna ál. Eins og ég sagði, þá veit ég ekki, hvaðan þessi vísdómur er kominn, en það kynni að vera af misskilningi, vegna þess að áður fyrr a. m. k. var það, meðan erlend fyrirtæki virkjuðu fossa og náttúruauðlindir Norðmanna, að þá voru ákvæði í slíkum samningum, að að samningstímanum liðnum skyldu slík fyrirtæki falla til ríkisins. En þetta á auðvitað ekkert skylt við álbræðslur, þar sem útlendingar eru annaðhvort að meiri eða minni hluta hluthafar í venjulegum norskum hlutafélögum, en þannig háttar þessu til í Noregi.

Það er sagt, að raforkuverðið sé hærra í Noregi. Það er rétt, að því er tekur til nýjustu samninga. En það er mjög mikið af eldri samningum í Noregi, þar sem raforkuverð er töluvert miklu lægra en hér er um samið. Það standa einnig yfir töluverðar deilur um það í Noregi, hvort rétt stefna sé hjá þeim að halda uppi því raforkuverði, sem þeir nú halda uppi, og það er vegna þess, að flestir eða allir þar eru sammála um að kappkosta að virkja vatnsaflið og það á eins

skömmum tíma og hægt er, áður en kjarnorka kemur til, sem ætlað er, að á tilteknum tíma muni verða miklu ódýrari en vatnsaflið til rafmagnsframleiðslu. Menn hafa tekið það eins og einhverja furðufrétt, að rafmagnið sé lægra hér en í Noregi, eins og forstjóri Alusuisse gerði grein fyrir í blaðaviðtali. En það er þess vegna, sem verksmiðjan er reist hér, en ekki í Noregi. Og Norðmenn hafa e. t. v. misst af þessari verksmiðju vegna þessa ákvæðis. En Norðmenn gera sér ljóst, og einnig okkar sérfræðingar, að það er engin orka, ekki einu sinni kjarnorka, sem getur keppt við afskrifaðar vatnsaflsvirkjanir. Þess vegna hafa Norðmenn lagt svo mikið kapp á að reyna að ljúka virkjun fallvatna sinna á mjög skömmum tíma. Og margir þar í landi telja, að það sé rétt að fórna til þess nokkru af raforkuverðinu, sem síðar muni borga sig að hafa gert.

Annars er aðstaðan í Noregi mjög ólík því, sem hér er um að ræða. Menn hafa talað um það mál af mikilli fákunnáttu. Það hefur um langan tíma verið yfirlýst pólitík Norðmanna að laða til sín erlent fjármagn. Og það mundi mörgum hér finnast nóg um og telja hættulegt þjóðfrelsi, afsal landsréttinda o. s. frv., ef þeir þekktu minnstu vitund til þeirra aðgerða og þeirrar stefnu, sem Norðmenn hafa fylgt í þessu sambandi. Alusuisse tekur ekki á sig neinar ábyrgðir í Noregi umfram þær, sem felast í hlutafé þeirra í norskum fyrirtækjum eða hálfnorskum fyrirtækjum eða minna en hálfnorskum fyrirtækjum. Hér er allt öðru máli að gegna, eins og samningarnir vitna um. Norsku fyrirtækin með meiri hluta erlends fjármagns geta hætt að kaupa rafmagnið eftir 10 ár, ef illa gengur rekstur á álbræðslunni. Hér er ábyrgð Alusuisse á kaupum rafmagns allan samningstímann, enda þótt loka yrði verksmiðjunni af einhverjum skakkaföllum, sem fram kæmu í sambandi við álframleiðslu, og það borgaði sig ekki að framleiða ál hér. Norsku fyrirtækin með erlendu hlutafé njóta beztu kjara. Þau njóta beztu kjararéttinda á við alnorsk fyrirtæki. Skattar og gjöld yrðu því ekki á þau erlendu fyrirtæki lögð nema á sama hátt og sambærileg við norsk fyrirtæki. Þetta er auðvitað allt annað hér, eins og þeir hafa vakið athygli á, Svisslendingarnir, í samningunum. Þeir benda á, að ef þeir hafi ekki samning hér, sem hefur sérstakt lagagildi, þá geti Íslendingar á hvaða tíma sem er lögfest hvaða skattalög sem eru og þeir hafi ekki þá vörn eins og í Noregi, að þetta sé ekki hægt nema setja sams konar lög um önnur fyrirtæki, því að ekkert sambærilegt fyrirtæki er hér á landinu.

Í fskj. þessa máls eru birtar töflur um fjárhagsafkomu mismunandi virkjana við Búrfell eftir því, hvort þær eru með álbræðslu eða án álbræðslu, og þessar töflur sýna, að mjög mikill munur er á framleiðslukostnaði raforku til almennra nota milli þessara tveggja leiða, sérstaklega fyrstu árin, og er kostnaðurinn mun lægri, ef raforka er seld til álbræðslu. Er samansafnaður mismunur á framleiðslukostnaðinum með 6% vöxtum orðinn 862 millj. í árslok 1985. Tafla sýnir það, að ef litið er á, hver áhrifin eru á framleiðslukostnað hverrar raforkueiningar með eða án álbræðslu, þá kemur í ljós, að á árunum 1969—1975 mundi viðbótarorkan kosta 62% meira, ef álbræðsla væri ekki byggð, 22% meira á árunum 1976—1980, en 12% á árunum 1981—1985, og yfir allt tímabilið frá 1969—1985 mundi raforkukostnaður verða 28% hærri, ef Búrfell væri eingöngu byggt fyrir almenningsnotkun og enginn sölusamningur gerður við álbræðslu. Þó að menn hafi gagnrýnt raforkuverðið, hef ég ekki enn þá heyrt neina gagnrýni á þessum tölum eða vefengingu á þeim.

Það hafa verið gerðar nákvæmar rekstraráætlanir fyrir Landsvirkjun í heild allt fram til ársins 1985, þar sem borin hefur verið saman rekstrarafkoma kerfisins með og án álbræðslu, og þær niðurstöður sýna, að nettóhagnaðurinn án vaxta væri 702 millj. kr. hærri fram til ársins 1985, ef um sölu til álbræðslu væri að ræða. Taflan sýnir einnig, að heildarraforkuverðið frá Landsvirkjun þyrfti að vera miklu hærra, ef Búrfell væri byggt án álbræðslu, og nemur sá mismunur allt að 39% sum árin. Menn verða að gera sér grein fyrir því, að hagnaður Landsvirkjunar af sölusamningi við álbræðslu liggur fyrst og fremst í því, eins og komið hefur fram af þessum tölum, að hægt verður að ráðast í miklu stærri og hagkvæmari virkjun og tryggja sölu á orku frá henni frá upphafi. Þetta raforkuverð er í raun og veru mjög hagstætt fyrir Landsvirkjun og neytendur hennar, enda þótt það sé ekki nema lítið fyrir ofan meðalframleiðslukostnað, og munu umframtekjur Landsvirkjunar á tímabilinu fram til 1985 nema 700 millj. kr. Eftir 25 ár verður virkjunin að fullu niðurgreidd, svo að langmestur hluti tekna af sölu til álbræðslu, en þær eru yfir 110 millj. á ári, verður þá hreinn hagnaður.

Nú get ég spurt enn á ný: Er einhver hv. þm., sem vefengir þessar tölur, og það væri gott að heyra það í þeim umr., sem hér eiga eftir að fara fram? Og ég spyr enn: Þótti ekki rétt að selja afgangsrafmagn til áburðarverksmiðju, þó að það væri langt undir meðalkostnaðarverði, og hafði rafmagnskerfið nokkurt tjón af því? Þvert á móti, og það stuðlaði m. a. að því, að við eigum mjög góða og vel stæða áburðarverksmiðju. Áburðarverksmiðjan fær samtals um 18 MW afl, og af því eru 3 MW forgangsorka á 18 aura kwst., en 15 MW afl á 3 aura kwst. Það er m. ö. o. um 5—6 aurar að meðaltali fyrir kwst., sem hún greiðir fyrir rafmagn undir venjulegum kringumstæðum. En það er helmingi minna verð en hér er verið að tala um og langt undir kostnaðarverðinu. En samt er það svo vegna eðlis afgangsorkunnar, að það hefur ekki skaðað rafmagnskerfið, en gert fyrirtækinu, sem þarna nýtur góðs af, mögulegt að vera sterkt og uppbyggt fyrirtæki.

Hv. 1. þm. Austf. hefur verið talsmaður þess hér í þingsölunum, að það væri hægt að leysa vel raforkumálin án þess að fá útlendinga til að reisa stóriðju í sambandi við þau. Telur hann þá einskis virði umframtekjur Landsvirkjunar með álbræðslu um 700 millj. kr. án vaxta á 25 árum, eða telur hann, að þetta hafi engin hagstæð áhrif á þróun raforkumála í landinu? Telur hann það engu máli skipta um þróun raf-

orkumála, að 22 árum eftir að Búrfellsvirkjun tæki til starfa með raforkusölu til álbræðslu verða öll lán hennar fullgreidd, svo að mestallar tekjur af álbræðslunni vegna raforkusölu mundu þá verða hreinn greiðsluafgangur fyrir raforkukerfið, en það væru um 100 millj. kr. á ári? Telur hann það engu skipta fyrir þróun raforkumála, að fyrstu 25 árin yrðu tekjur af raforkusölu til álbræðslu um 400 millj. kr. hærri en samanlagðar greiðslur vaxta og afborgana af Búrfellsvirkjuninni allri ásamt varastöðvunum? Telur hann, að lausn ísvandamálsins verði auðveldari með minni virkjun í Þjórsá, þ. e. án álbræðslu? Eða vill hann ef til vill láta ráðast í minni virkjanir, sem enginn vefengir að eru miklu óhagstæðari okkur Íslendingum? Svona má lengi spyrja hv. 1. þm. Austf. og aðra, sem honum hafa fylgt í hliðstæðum staðhæfingum um raforkuverðið og áhrif álbræðslu á afkomu okkar Íslendinga.

En þessum tölum, sem ég hef nú vikið að og hv. þm. hafa fyrir sér í skjölum málsins, er ekki hægt að svara bara með sleggjudómum og kokhreysti, að við getum gert alla þessa hluti betur án stóriðju. Það verður að koma eitthvað meira til.

Ég kemst svo ekki hjá því að víkja enn einu sinni að þeim furðulegu og algerlega órökstuddu staðhæfingum, að rökstutt mat á því hagræði að byggja hér álbræðslu í sambandi við stórvirkjun feli í sér vanmat á öðrum atvinnugreinum. Sjálfur formaður Framsfl. spurði hér í vantraustsumr. eftirfarandi, með leyfi hæstv. forseta: „Á að láta íslenzkan atvinnurekstur og framkvæmdir víkja fyrir atvinnurekstri útlendinga hér, sem tæki við af sjávarútvegi? Á að snúa sér frá sjávarútvegi og treysta í vaxandi mæli á stóriðju erlendra manna?“ Finnst mönnum ekki gáfulega spurt — og það af sjálfum formanni Framsfl. — eða hitt þó heldur?

Segja má, að slíkur málflutningur sé í raun og veru ekki svara verður, enda í sjálfu sér þegar hrakinn, þegar litið er til hinnar gífurlegu uppbyggingar í sjávarútvegi og öðrum atvinnugreinum, sem núverandi stjórnarflokkar hafa staðið að, eru á döfinni og mun verða staðið að í vaxandi mæli.

Sannleikurinn er sá, að bygging Búrfellsvirkjunarinnar fyrir íslenzkan markað einan mundi reynast mjög stórt og erfitt átak, sem hlyti að draga stórlega úr möguleikum til að afla lánsfjár erlendis til annarra nauðsynlegra framkvæmda og uppbyggingar í íslenzku atvinnulífi. Með samningi við álbræðsluna má segja, að hið erlenda fyrirtæki taki á sig allar byrðar vegna afborgana og vaxta af lánum til Búrfellsvirkjunarinnar í erlendum gjaldeyri, svo að þau mundu ekki þrengja að getu Íslendinga til þess að leggja fjármagn í aðrar framkvæmdir.

Að sjálfsögðu verður því ekki haldið fram og hefur aldrei verið haldið fram, að Íslendingar gætu ekki ráðið við það að byggja Búrfellsvirkjun án samninga við erlent fyrirtæki um nýjan iðnrekstur hér á landi. En sú framkvæmd mundi hins vegar verða þjóðinni geysilega dýr og neyða hana bæði til að taka á sig hærra raforkuverð og beina miklu fjármagni til virkjunarinnar frá öðrum framkvæmdum, frá öðrum atvinnuvegum. Frá fjárhagssjónarmiði er því samningur um álbræðslu Íslendingum hagkvæmur og mun síst valda öðrum atvinnuvegum erfiðleikum, heldur létta fjáröflun til þeirra. Þetta ætti í raun og veru sérhverjum meðalgreindum manni að vera ljóst. Það hefur hins vegar verið svo, að íslenzkir atvinnuvegir hafa undanfarið verið í erfiðleikum vegna vinnuaflsskorts, og hefur þá þótt henta að slá því fram, að ef kæmi nú eitt nýtt fyrirtæki, þá mundi það taka allt vinnuaflið frá þessum atvinnugreinum og það væri bara skilningsskortur af mönnum og illvilji í garð þessara atvinnugreina að sjá þetta ekki. Ég skal ekki fara frekar út í þau mál. En meðan álbræðslan er í byggingu, þá er talið, að vinnandi fólki fjölgi um 17 þús. manns á vinnumarkaðnum, og aðrar aðstæður benda til þess, að þetta vandamál vinnuaflsins þurfi ekki að vera af þessum sökum, vegna álbræðslunnar, sérstakt vandamál. Þetta er vandamál í dag og hefur verið vandamál undanfarin ár, það er alveg rétt. Mér er vel kunnugt um, að atvinnurekendum, bæði í sjávarútvegi og öðrum greinum, er fyllilega ljóst, að hvort það vinna 450 manns í álbræðslu eftir 10 ár og hvort tveggja ára byggingartími tekur eitthvað af vinnuaflinu er ekki það, sem sker úr fyrir okkur. Hins vegar höfum við almennt miklar áhyggjur af vinnuaflsskortinum, meðan framkvæmdir eru svo gífurlegar sem raun ber vitni um í landinu.

Ég vil að lokum leyfa mér, með leyfi hæstv. forseta, að vitna til þeirrar niðurstöðu, sem fram kemur í grg. með samningnum á bls. 107 og er í stórum dráttum þetta:

„Ef draga á saman niðurstöður þess mats, sem hér hefur farið fram á þjóðhagslegum áhrifum álbræðslu, eru þær í aðalatriðum sem hér segir:

Fjárhagslegur ávinningur Íslendinga af álbræðslu verður mjög verulegur og mun gera Íslendingum kleift að ráðast í Búrfellsvirkjun á fjárhagslega hagkvæmum grundvelli, og mun það geta komið fram bæði í lægra raforkuverði en ella og örari uppbyggingu raforkukerfisins. Auk þess munu Íslendingar hafa miklar beinar gjaldeyristekjur af rekstri álbræðslunnar, sem mun skapa svigrúm til enn aukinna þjóðartekna.

Það er mikilvægt, að á móti þessum ávinningi þurfa Íslendingar ekki að taka á sig fjárhagslegar skuldbindingar, heldur mun rafmagssamningurinn við álbræðsluna og gjaldeyristekjur af henni létta stórlega það átak, sem fyrsta stórvirkjunin verður fyrir þjóðarbúið. Einnig hefur verið reynt með öðrum ákvæðum samninganna að búa svo um hnútana, að tekjur og atvinna af álbræðslunni verði sem jafnastar og öruggastar.

Það, sem Íslendingar fyrst og fremst leggja álbræðslunni til, er vinnuafl, en á móti fá þeir meiri og öruggari gjaldeyristekjur á mann en dæmi eru til í öðrum atvinnugreinum landsmanna. Vinnuaflsþörfin hefur verið könnuð sérstaklega, og er ekki útlit fyrir, að hún muni valda þeim atvinnugreinum sérstökum erfiðleikum, sem fyrir eru í landinu.

Þegar þetta mál er skoðað í heild, er nauð-

synlegt að sjá það í samhengi þróunar þjóðarbúskaparins almennt. Af álbræðslunni mun verða mikill þjóðhagslegur ávinningur í auknum þjóðartekjum og fjölbreyttari iðnaði. Engum mundi hins vegar detta í hug að halda því fram, að framlag álbræðslu til íslenzkra efnahagsmála sé svo stórt, að ekki sé eftir sem áður jafnmikil þörf á því að efla aðra atvinnuvegi landsmanna og þá ekki síst útflutningsatvinnuvegina. Þess vegna er það sérstaklega mikilvægt, að álbræðslan mun ekki draga fjármagn frá uppbyggingu annarra atvinnuvega, heldur styrkja almennt gjaldeyrisöflun þjóðarinnar og þar með vaxtarmöguleika allra annarra atvinnuvega.

Öllum ætti að geta verið ljóst, að í eflingu raforkuframleiðslunnar í landinu og nýjum arðbærum framleiðslugreinum felst á engan hátt vantraust eða vantrú á þeim atvinnuvegum, sem hingað til hafa borið uppi þjóðarbúskap Íslendinga og munu halda áfram að gera það um ókomna tíma. Aukin fjölbreytni í atvinnuháttum hefur reynzt þjóðarbúinu í heild og einstökum greinum þess til styrktar og örvunar. Svo mun og verða í þessu dæmi. Nýting þeirra stórkostlegu auðæfa, sem felast í fallvötnum Íslands, til nýrrar iðnvæðingar mun skapa þjóðinni betri og traustari efnahagsgrundvöll, sem öllum hlýtur að verða til góðs. Íslendingar eru vaxandi þjóð, þar sem nýjar hendur geta leyst ný verkefni, án þess að því sé fórnað, sem fyrir er."

Ég skal svo láta máli mínu lokið að sinni. Herra forseti, ég leyfi mér að leggja til, að málinu verði að lokinni 1. umr. vísað til 2. umr. og sérstakrar sjö manna nefndar, sem kosin væri skv. þingsköpum og samráð hefur verið haft um milli þingflokkanna.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Með þessu frv., sem hér liggur fyrir til umr., leggur hæstv. ríkisstj. fyrir Alþingi samning, sem hún er búin að gera við erlendan hring, erlent auðfélag, og búin að undirskrifa, að vísu með fyrirvara, eins og hæstv. ráðh. sagði.

Ég álít, að þetta sé óeðlileg málsmeðferð og Alþ. sé misboðið með þessu og að hæstv. ríkisstj. hefði átt að leggja þennan samning fyrir, áður en hún var búin að binda sig fyrir sitt leyti með undirskrift sinni, því að þá hefðu hv. alþm., einnig alþm. stjórnarflokkanna, getað fjallað um málið minna háðir en þeir eru, eftir að hæstv. ríkisstj. hefur undirskrifað samninginn og þannig ótvírætt gert hann óbreyttan að sínu máli.

Ég get ekki varizt þeirri hugsun, að þetta hljóti að vera gert til þess að þvinga stuðningsmenn ríkisstj. á Alþ. og setja þá upp við vegg í þessu efni, geirnegla þá, ef svo mætti segja, með því að festa sjálfa ríkisstj. við samninginn. Það er í raun og veru það, sem gert hefur verið. Ríkisstj. hefur hnýtt sig við samninginn. Þar er allt orðið í einni kippu, í einu lagi, og það er ekki hægt að verjast þeirri hugsun, að hæstv. ríkisstj. geri þetta af þessum ástæðum. En þetta, eins og gefur auga leið, verður til þess, að hv. stuðningsmenn ríkisstj. eru mjög þvingaðir.

Ég mun fyrst varðandi þessi málefni fara fáeinum orðum um stefnur varðandi öflun erlends fjármagns í landið. Þar er um tvær stefnur að ræða að sjálfsögðu: Annars vegar þá stefnu, sem Íslendingar hafa yfirleitt fylgt, að taka lán erlendis, hafa atvinnureksturinn sjálfir með höndum og nota lánin til að byggja upp á vegum Íslendinga sjálfra í landinu. Þetta er sú stefna, sem yfirleitt hefur verið fylgt hér um langa hríð og gefizt Íslendingum vel, og það er með þessum aðferðum, sem þjóðin hefur brotizt úr fátækt í bjargálnir. Það hefur yfirleitt verið forðazt að ljá máls á því, að erlendir aðilar færu með atvinnurekstur, en þegar það hefur verið reynt, þá hefur sú reynsla ekki verið góð.

Á hinn bóginn er hægt að fylgja þeirri stefnu að afla erlends fjármagns í landið með því að leyfa erlendum aðilum að setja upp atvinnufyrirtæki í landinu sjálfu og reka þau. Ég tel, að sú stefna sé hættuleg fyrir smáþjóðir og því hættulegri sem þjóðin er smærri, af mörgum ástæðum, sem ég skal minnast á sumar, en aðrar ekki. Mun ég ekki tefja tímann við að rekja þær allar nú.

Af og til hefur risið hér upp barátta fyrir því að breyta algerlega um stefnu í þessum málum og fara inn á að leyfa atvinnurekstur útlendinga. En sjaldan hefur mikið orðið úr og ekki staðið til langframa það, sem upp hefur verið sett. En þeir, sem hafa staðið að því að berjast fyrir stefnubreytingu, hafa venjulega annaðhvort verið hreinir úrtölumenn í íslenzkum þjóðarbúskap, fullir af vantrausti á þjóðina og möguleika hinna hefðbundnu atvinnuvega landsins, eða örgeðja draumóramenn, sem hafa verið óþolinmóðir í skapgerðinni, fundizt ganga of seint og talið sér trú um, að hægt væri að taka framfarir og framkvæmdir allar í stórum stökkum með því að láta útlendinga koma inn í landið með stóran rekstur. Má í hópi þeirra manna, sem þannig hafa litið á, telja þá, sem á sínum tíma börðust mjög fyrir því, að erlendir aðilar eignuðust vatnsréttindi, og var komið svo um skeið, að erlend auðfélög áttu ýmis þýðingarmestu vatnsréttindi landsins. En sem betur fór varð ekkert úr því, að þeir draumar rættust, að útlendingar kæmu hér og reistu iðjuver á sínum vegum, enda liti hér vafalaust öðruvísi út í dag, ef það hefði orðið, áreiðanlega orðið þröngt fyrir dyrum á margan hátt í okkar sjálfstæðisbaráttu, ef þannig hefði æxlazt. Sem betur fór varð það ekki. En samt sem áður hefur íslenzka þjóðin risið vel á legg og á þann hátt, sem við getum verið ánægðir með og stoltir af. En það hefur ekki verið vegna þess, að hér hafi komið stórfyrirtæki erlend og tekið af okkur ómakið, eins og sumir héldu, að væri eina leiðin.

Það er ýmislegs að minnast, ef ætti að fara aftur í fortíðina. Ég skal ekki gera mikið að því. En einu sinni átti að gera hér stóra hluti með því að láta útlendinga setja hér upp banka, sem Íslandsbanki hét, og þá gengu þeir svo ötullega fram, sem höfðu ekki trú á framkvæmdum Íslendinga sjálfra, að þeir lögðu til, að Landsbankinn yrði lagður niður og þessi banki útlendinganna gerður að aðalbanka landsins. Það er yfirleitt talið, að það hafi verið sérstaklega fyrir atbeina eins manns á Alþingi Íslendinga, að ekki varð úr þessum bollaleggingum, að leggja niður sjálfan Landsbankann og láta hluthafabanka útlendinga taka við. En þetta átti að gera

vegna þess, að banki, sem Íslendingar stæðu að sjálfir, hlyti alltaf að verða mjög veikur og fátækur og lítils megnugur. En hinir erlendu aðilar, sem stæðu að hinum bankanum, hefðu svo mikla möguleika og það væri sjálfsagt að fela þeim forustuna í peningamálum þjóðarinnar.

Það hefur ýmislegt skeð í þessum málum áður, og er margs að minnast, ef út í það væri farið. Það er skynsamlegt að rifja upp þessa hluti, þegar málefni af þessu tagi ber á góma, því að þótt hér sé að vísu um einstakt stórt málefni að ræða, þá snertir það meginstefnuna í þessum efnum og nauðsynlegt að gera sér grein fyrir því, hver hún á að vera framvegis. En reynslan hefur yfirleitt sýnt, að Íslendingar hafa þurft að treysta á sjálfa sig og það hefur gefizt þeim bezt.

Þá er spurningin, hvort það er nokkur ástæða til þess að vera að tala um stefnubreytingu í sambandi við þetta mál, sem hér er til umr. Það er full ástæða til þess, vegna þess að upp á síðkastið, bæði í umr. um þetta mál og önnur mál, hafa komið fram mjög háværir og að ýmsu leyti kröftugir talsmenn þess að breyta um stefnu frá því, sem fylgt hefur verið á Íslandi í þessu tilliti, og taka hér erlenda aðila inn í atvinnureksturinn í stórum stíl. Í sambandi við þetta mál verður mjög vart við, að atvinnurekstur sá, sem hér stendur til að innleiða í landið, er lagður alveg til jafns við atvinnurekstur Íslendinga að gæðum fyrir þjóðarbúið og jafnvel talinn það bezta, sem hægt er að hugsa sér, og betri en það, sem íslenzkir menn gætu tekið sér fyrir hendur. Er fullum fetum stundum talað um þetta sem íslenzkan atvinnurekstur. Það er því auðheyrt, hvað á spýtunni hangir. Á hinn bóginn hafa komið fram bollaleggingar um að ganga lengra á þessari braut. T. d. hefur verið talað mikið um að setja upp olíuhreinsunarstöð erlendra aðila hér í landinu og jafnvel fullum fetum rætt um það af og til af sumum, að skynsamlegt gæti verið, að erlendir aðilar eignuðust hlutabréf í fiskiðnaði og öðrum fyrirtækjum. Það úir sem sé og grúir af bollaleggingum um að breyta í mjög verulegum atriðum um stefnu og hætta að treysta þeirri leið að taka erlend lán og að Íslendingar leggi þau í fyrirtæki og reki þau sjálfir og láta í þess stað útlendinga koma inn í atvinnureksturinn. En það mundi ég telja stórhættulega stefnu, bæði vegna þess, að með því móti mundum við, áður en langt um líður, missa forræði í atvinnumálum okkar og síðan okkar málefnum yfirleitt, ef langt væri gengið á þeirri braut, en einnig vegna þess, að með því móti mundi mikill hluti af arðinum af atvinnurekstri í landinu hreinlega verða fluttur út úr landinu, eins og gert var, þegar verzlun og annar atvinnurekstur var í höndum útlendinga, en Íslendingar sátu eftir með sárt enni og nálega allur arðurinn af stritinu var fluttur á brott úr landinu. Þess vegna álít ég, að það eigi að fara mjög varlega í þessum efnum og alls ekki breyta um þá meginstefnu, sem uppi hefur verið höfð. Enda sjáum við, að það er auðvitað miklu skynsamlegra og verður miklu praktískara og ódýrara á allan hátt fyrir þjóðarbúið að taka lán og borga af þeim fasta vexti og endurgreiða þau en að útlendingar komi inn í atvinnureksturinn, reikni sér stórfelldan gróða, sem fer út úr landinu. Það verður auðvitað margfalt dýrari aðferð til þess að afla fjármagns erlendis frá en sú aðferð, sem við höfum haft, þ. e. a. s. lántökuleiðin.

Ég vil enn einu sinni í sambandi við þessi efni vara við þeirri tilhneigingu, sem maður verður nokkuð mikið var við, að leggja fyrirtæki erlendra aðila, sem þeir reka hér, til jafns við innlend fyrirtæki í gagnsemi fyrir þjóðarbúið. Ég vil í því sambandi nefna eitt dæmi, sem mér kemur í hug. Það er ekkert á móti því að nefna það, því að það er nokkuð glöggt um þessi atriði. Hér var lengi á vegum varnarliðsins verktakafélag erlent, sem hét Hamilton og var ekkert vel þokkað af Íslendingum á sinni tíð og olli miklum óróa í sambandi við sínar framkvæmdir og sambúð við landsmenn. Þetta var fyrirtæki erlendra manna, og hjá því höfðu margir Íslendingar vinnu, það borgaði íslenzkum vinnulaun, en gróði félagsins kom aldrei til Íslands og rann út úr landinu. Þannig stóð þetta og olli miklum vandkvæðum, þangað til Framsfl. beitti sér fyrir því af talsverðri hörku, sem þurfti til, að koma þessu erlenda félagi burt úr landinu og setja upp í staðinn íslenzkt verktakafélag, sem hefði þau verkefni með höndum, sem útlenda félagið hafði áður. Það skipti algerlega um, því að með þessu fór sá gróði, verktakagróði, sem þarna kom til greina, að renna inn í landið. Íslenzkur atvinnurekstur kom í staðinn fyrir erlendan. Það má gjarnan vera mönnum í minni, að einmitt þetta íslenzka verktakafélag, sem kom í staðinn fyrir útlenda félagið og sýnir muninn á íslenzku félagi og erlendu félagi, hefur eignazt mikla fjármuni og þ. á m. stórkostleg vinnutæki, sem hafa verið notuð til þess að leggja myndarlegasta veg á Íslandi, frá höfuðborginni og á Suðurnes. Og það er alveg óhætt að fullyrða, að það hefði aldrei getað komið til greina, að menn hefðu lagt í slíka vegagerð, ef ekki hefði verið þetta innlenda félag, stofnað í staðinn fyrir erlenda félagið. Yfirburðir þess komu á þennan hátt greinilega í ljós að hafa íslenzkan atvinnurekstur í staðinn fyrir atvinnurekstur útlendra í landinu. Það vantaði ekki, að Hamilton-félagið borgaði Íslendingum kaup svipað og álbræðslan á að gera, en gróðinn rann út úr landinu eins og gróðinn af álbræðslunni á að gera. En þegar þarna kom íslenzkt fyrirtæki í staðinn, Íslenzkir aðalverktakar, fór að byggjast upp fjármagn í landinu á vegum þessa fyrirtækis, sem hefur komið landsmönnum sjálfum til góða. Nú ættu þessar stórkostlegu vélar t. d., sem þarna hafa komið inn í landið, að geta orðið mikil lyftistöng við framkvæmdir á Íslandi, ef haldið verður áfram að nota þær á skynsamlegan hátt í þágu þjóðarbúsins.

Ég nefni þetta sem dæmi, en þannig mætti nefna fjöldamörg önnur dæmi um þann stórkostlega mismun, sem á því er að hafa erlendan atvinnurekstur eða hafa innlendan atvinnurekstur. Það er á engan hátt sambærilegt, sem glöggt kemur fram af þessu og reyndar líka getur glöggt komið fram, ef við skoðum þetta

dæmi, sem nú er verið að ræða, þ. e. a. s. ál- eða alúmínverksmiðjuna. Þá blasir við, að ef alúmínverksmiðja verður sett upp á þann hátt, sem gert er ráð fyrir, mun gróði hennar aldrei koma til Íslands. Hagnaður íslenzkra atvinnurekenda rennur hins vegar inn í landið. Og þeir fjármunir, sem ætlaðir eru til afskrifta í verksmiðjunni, koma aldrei til Íslands. Þetta jafngildir því, að verksmiðjan flyzt út úr landinu aftur, jafnóðum og hún slitnar, en einmitt gróðinn og afskriftafé í íslenzkum fyrirtækjum er aðalgrundvöllur að uppbyggingu atvinnulífs í landinu sjálfu. Hvernig færi í þjóðarbúskapnum, ef þessir liðir féllu niður og mikill hluti af atvinnurekstrinum væri þannig, að hann borgaði bara laun og þjónustu og ekkert annað?

Sannleikurinn er sá, að þær þjóðir, sem hafa gengið mjög langt í því að láta útlendinga reka atvinnurekstur í sínu landi, hafa lent í stórkostlegum vandræðum einmitt út af þessu, eins og Kanadamenn og fleiri. Þarna hefur vantað inn í sjálfan grundvöllinn. Það verður aldrei hægt að komast langt, ef ekkert fæst út úr atvinnurekstrinum annað en kaupgjaldið, sem á að borga, og endurgjaldið fyrir þjónustuna. Þetta vita þeir bezt, sem eitthvað hafa komið nærri atvinnurekstri, og það er því augljóst, að þetta mál, sem við erum að ræða, er dæmi, sem er mjög gott fyrir þjóðina að kryfja til mergjar og gera sér alveg ljóst, því að þetta sýnir mjög vel muninn á þessu tvennu: atvinnurekstri landsmanna sjálfra annars vegar og atvinnurekstri erlendra í landinu hins vegar. Þess vegna er alls ekki hægt að sætta sig við þessar sífelldu tilraunir frá sumra hendi til þess að villa um fyrir mönnum í þessu tilliti og telja atvinnurekstur af þeirri tegund, sem hér er gert ráð fyrir, íslenzkan atvinnurekstur. Því verður að mótmæla, að þannig sé villt um í þessum málum.

Það er margt fleira en það efnahagslega, fjárhagslega, sem kemur til greina í þessu sambandi. Það er líka það mikla áhrifavald, sem hætt er við, að sterk útlend fyrirtæki hafi í löndunum, og eftir því meiri hætta á þessu sem fyrirtækin eru stærri og löndin smærri. Sérstaklega megum við auðvitað vara okkur á þessu. Mér hefur verið sagt, að það væru 42 fyrirtæki í Vestur-Þýzkalandi einu, sem hefðu meiri umsetningu hvert um sig en næmi öllum þjóðarbúskap Íslendinga. Við höfum það smávaxinn þjóðarbúskap, að við verðum auðvitað að gæta alveg sérstaklega að okkur í þessu tilliti. Og það er vitað mál, að stórfyrirtæki, sem hefur hér verulegan atvinnurekstur, er orðið áhrifavald í þjóðfélaginu, hvernig sem menn fara að. Það er óhugsandi að komast hjá því. Menn verða að horfast í augu við, að það er áhrifavald. Þetta er stórkostlegur galli á þessari leið, sem sumir vilja nú fikra sig inn á, að hafa hér erlend fyrirtæki. Það er stórkostlegur galli, að þessum atvinnurekstri fylgir mikið áhrifavald. Það þýðir ekkert að neita því. Það verður að horfast í augu við það. Það er staðreynd, að slíku peningaflóði sem á vegum þessara fyrirtækja er fylgir áhrifavald.

Ég nefni eitt dæmi, eitt atriði, sem verið er að ræða í sambandi við þetta sérstaka mál. Það er um þátttöku þessa alúmínfyrirtækis í atvinnurekendasambandinu. Atvinnurekendasambandið er vitanlega mikið áhrifavald í íslenzku þjóðlífi og hefur stórkostleg áhrif á þjóðarbúskapinn. Og eitt, sem kemur upp í þessu sambandi, er þetta: Á þetta fyrirtæki að vera í Vinnuveitendasambandinu og beita áhrifum sínum þar í íslenzkum þjóðarbúskap? Menn geta náttúrlega alla vega leikið sér með orðið „pólitískt“, en auðvitað er okkur ljóst, að það er auðvitað pólitískt atriði, hverjir hafa áhrif í atvinnurekendasambandinu eða Vinnuveitendasambandinu. Það er meira og minna pólitískt, hvernig fjallað er um slíka þætti eins og kjaramálin í þjóðarbúskapnum. Það sýnir nokkuð, hvernig þetta horfir og hvað hér er um vandasamt mál að ræða, að það eru fleiri en stjórnarandstæðingar, sem hafa komið auga á þetta. Talsmaður Alþfl. í vantraustsumr., Benedikt Gröndal, kom einmitt inn á þetta mál, og það var auðheyrt, að hann hafði gert sér grein fyrir því, að hér var um stórkostlegt vandamál að ræða og það ekki minna en svo, að hann lýsti því yfir, að það væri stefna Alþfl., að álfélagið eða hringurinn gangi ekki í atvinnurekendasamtökin, — það væri stefna Alþfl. Nú vil ég spyrja Alþýðuflokksmenn: Hvernig ætla þeir að framkvæma þessa stefnu sína? Þeir sjá, að þarna er um stórfellt vandamál að ræða, og segjast hafa í þessu ákveðna stefnu. En hvernig ætla þeir að framkvæma þessa stefnu? Hvernig ætla þeir að tryggja, að þessi hringur fari ekki í atvinnurekendasamtökin næstu 45 árin? Ég spyr, og það munu fleiri spyrja. Og ég vænti, að það verði gerð grein fyrir þessu.

Ég tók eftir því í sambandi við viðtalið, sem íslenzkir blaðamenn áttu við forstöðumenn þessara mála af hálfu alúmínhringsins, þ. á m. mann að nafni herra Meyer, að hann var spurður um þetta efni. Og Morgunblaðið segir þannig frá því atriði: „Aðspurður um það, hvort Swiss Aluminium Ltd. mundi gerast aðili að vinnuveitendasamtökum hérlendis, kvað herra Meyer það mál ekki á dagskrá.“ En Alþfl. álítur á hinn bóginn, að því er mér skilst, að það sé á dagskrá. En herra Meyer sagði, að það mál væri ekki á dagskrá, þar eð enn væri langur tími þar til rekstur bræðslunnar gæti hafizt. En hvenær kemur þetta á dagskrá hjá herra Meyer og hans mönnum? Það vitum við ekki. En þetta flettir alveg ofan af þessum vandasama þætti í málinu. Þess vegna þýðir ekki að láta eins og hér sé ekki um neitt að ræða og þetta vandamál t. d. sé ekki til. Það kunna meira að segja að vera til einhver hliðstæð vandamál þessu. En fyrsta spurningin er náttúrlega þessi: Hvernig ætlar Alþfl., sem sér þennan stórfellda vanda og hefur gefið stefnuyfirlýsingu, hvernig ætlar hann að framkvæma stefnu sína í þessu máli, sem er sú, að alúmínhringurinn gangi ekki í atvinnurekendasamtökin? En að því er Morgunblaðið hefur eftir herra Meyer, er svo að sjá, að frá þessu hafi alls ekki verið gengið, hringurinn telji þetta ekki á dagskrá, þetta sé atriði, sem hann hugsi sér að taka ákvörðun um síðar.

Ég hef nú bent á meginstefnur í þessum efnum og varað við því að breyta um meginstefnuna. En þá kemur spurningin, hvort ég og

Framsfl. teljum, að það eigi aldrei að ljá máls á atvinnurekstri erlendra aðila í landinu. Er þá rétt að víkja að því, að Framsfl. hefur ekki tekið þá afstöðu, að slíkt gæti aldrei komið til greina, þó að hann hafi lagt feikilega sterka áherzlu á, að meginstefnan ætti að vera þessi, sem ég hef lýst, í því að ná erlendu fjármagni inn í landið. Flokkurinn hefur viljað leggja áherzlu á, að það yrði aðeins gert, ef til þess þyrfti að grípa til þess að leysa sérstök vandamál, sem á annan hátt væru ekki leysanleg. Og það leiðir af því, sem ég hef sagt, og af því, sem Framsfl. hefur haldið fram í þessu efni um það, hver eigi að vera meginstefnan, að það beri að fara alveg sérstaklega varlega í þessum efnum og það komi ekki til mála að ljá máls á atvinnurekstri erlendra aðila, nema brýna þjóðarnauðsyn beri til og þá að sjálfsögðu tryggilega frá öllu gengið.

Ég vil í sambandi við þetta sérstaka mál, sem er hér verið að fjalla um, leyfa mér að minna á ályktun, sem gerð var af hálfu Framsfl., þ. e. a. s. miðstjórnar flokksins, í marzmánuði 1965 að gefnu tilefni vegna þessara samninga, sem þá voru komnir talsvert áleiðis og menn höfðu nokkrar upplýsingar um, en ályktunin er á þessa lund, með leyfi hæstv. forseta:

„Í tilefni af þeim samningaumleitunum, sem nú standa yfir um alúmínvinnslu hér á landi, lýsir miðstjórnin því yfir, að slíkt stórmál má ekki afgreiða nema sem lið í heildaráætlun í framkvæmda- og efnahagsmálum og ekki tiltök að hefja þær framkvæmdir við þá verðbólguþróun og vinnuaflsskort, sem íslenzkir atvinnuvegir búa nú við. Eins og sakir standa er því ný stefna í efnahags- og atvinnumálum landsins forsenda þess, að unnt sé að ráðast í stóriðju. Hið erlenda fyrirtæki njóti engra hlunninda umfram íslenzka atvinnuvegi og lúti í einu og öllu íslenzkum lögum og raforkusala til þess standi a. m. k. undir stofnkostnaði virkjunar að sínu leyti. Enn fremur hafi íslenzk stjórnarvöld á hverjum tíma íhlutun um skipun stjórnar verksmiðjunnar og meiri hluti stjórnenda sé íslenzkir ríkisborgarar. Miðstjórnin minnir sérstaklega á, að staðsetning alúmínverksmiðju á mesta þéttbýlissvæði landsins mundi, eins og nú háttar, auka mjög á ójafnvægi í byggð landsins. Að óbreyttum þeim aðstæðum felur miðstjórn framkvæmdastjórn og þingflokki að beita áhrifum sínum þannig, að verksmiðjan verði staðsett annars staðar."

Í ljósi þessarar stefnuyfirlýsingar eða ályktunar vil ég fara nokkrum orðum um málið.

Fyrsta spurningin er auðvitað frá sjónarmiði þeirra, sem svipað líta á þessi efni: Hvernig er ástandið í íslenzkum þjóðarbúskap? Ástandið er þannig hjá okkur, að við búum við stórkostlegan vinnuaflsskort, sem háir okkar eigin atvinnuvegum og framförum stórlega, og við búum þar að auki við dunandi verðbólgu, sem er afleiðing af ofþenslu, sem ég mun ekki fara út í að ræða að öðru leyti, því að það er svo kunnugt, að það þarf ekki að færa um það dæmi. Okkur vantar því sannarlega ekki verkefni. En þá segja sumir, að við megum ekki fara eftir þessu, og það segja þeir, sem standa fyrir þessu máli, því að þetta muni breytast og sé líklegt til að breytast á næstunni, — þó að verkefnin séu stórkostleg núna og vinnuaflsskorturinn sé mikill núna, þá sé líklegt, að þetta breytist. Í því sambandi benda þeir á ýmis atriði, t. d. að ofveiði geri vart við sig í fiskistofnunum og því megi gera ráð fyrir samdrætti í sjávarútvegi, a. m. k. engri aukningu, að iðnaður Íslendinga sjálfra muni eiga fram undan erfiðleika og jafnvel hljóti að dragast saman eða a. m. k. hætta að vaxa ört og að landbúnaður framleiði of mikið og eigi að dragast saman Ég lít allt öðruvísi á þessi mál en þannig, að það sé fram undan samdráttur í þessum efnum. Skal ég benda á, hvað ég tel líklegra og nauðsynlegra að verði í þessu sambandi. Auðvitað er hægt að halda þannig á málum, að það verði samdráttur, og gæti farið svo. Ef haldið verður áfram að þjarma að íslenzkum atvinnurekstri, eins og er gert með núverandi stjórnarstefnu og þeirri verðbólgu, sem látin er grafa undan atvinnurekstrinum og fyrirtækjunum, þá gæti svo farið, að þessar hrakspár úrtölumannanna rættust. En ef skynsamlega er að farið, þá er auðvitað síður en svo nokkur ástæða til þess að halda, að það verði verkefnaskortur á Íslandi á næstu árum. Þvert á móti er það nokkurn veginn augljóst, að ef skynsamlega er á málum haldið, eru verkefnin svo stórfelld, að líklegt er, að okkar aðalvandamál um æði langa framtíð verði einmitt vinnuaflsskortur, einmitt það, hvað við erum fá til þess að takast á við þau verkefni, sem þarf að vinna og hægt er að vinna. Í því sambandi vil ég benda á tvo eða þrjá þætti.

Ég vil benda á, að ef ekki á algerlega að snarast í íslenzkum þjóðarbúskap, þá verður að beita sér fyrir stórfelldum framkvæmdum víðs vegar um landið til þess að auka á jafnvægi í byggð landsins. Þetta er alveg óhjákvæmileg nauðsyn, ef okkur á að búnast farsællega í landinu. Þá verðum við að stórauka framkvæmdir í þessu sambandi, og þessar framkvæmdir munu þurfa, ef rétt er á haldið, aukið vinnuafl úti um landið og verða að gera það.

Ég vil benda á, að það eru fram undan stórkostleg verkefni við að auka framleiðni og véltækni og vélvæðingu í okkar atvinnuvegum, t. d. í sjávarútvegi, sérstaklega að því er varðar að vinna úr okkar þýðingarmikla hráefni. Það þarf að lyfta grettistökum í því efni og verða að eiga sér stað stórfelldar framkvæmdir í því einmitt á næstu árum. Og því sama er til að dreifa í mjög mörgum greinum iðnaðarins, ekki sízt þeim, sem vinna úr íslenzkum hráefnum, og einnig vafalaust þeim iðnaði, sem byggður er á smíðum margs konar. Ég nefni í því sambandi skipasmíði og vélsmíði. Og þannig mætti endalaust telja, og alls staðar eru menn með áætlanir um nýjar framkvæmdir einmitt í þessum efnum, sem komast ekki í framkvæmd vegna skorts á vinnuafli, og það er tæpast hægt að reka þau fyrirtæki, sem fyrir eru í landinu, vegna skorts á vinnuafli.

Loks ef við lítum á þann þátt þjóðarbúskaparins, sem ríkisvaldið hefur með höndum, þ. e. a. s. opinberar framkvæmdir, þá er sömu sögu að segja. Okkur vantar skóla. Það þarf að vísa frá ungmennum, sem vilja skólavist, vegna þess að skólahúsnæði er ekki til og það vantar kenn-

ara. Heilbrigðisstofnanir, þýðingarmestu heilbrigðisstofnanir, eru í smíðum áratugum saman vegna skorts á vinnuafli og öðru því, sem þarf til þess að hrinda þeim áleiðis, — áratugum saman í byggingu, og ástandið hefur farið versnandi í þeim efnum. Í samgöngumálum er sömu sögu að segja, ástandið sízt betra, því að það hefur verið sagt, og ég býst við, að það sé sagt með miklum rétti, að vegakerfi landsins fari versnandi að sama skapi og umferðarþörfin vex. E. t. v. væri ekki hægt að gera neitt, sem væri jafnarðgefandi fyrir íslenzkan þjóðarbúskap og einmitt það að ráðast í stórfellda vegagerð, leggja t. d. varanlega vegi á þeim leiðum, þar sem umferðin er mikil. E. t. v. eru engar framkvæmdir til, sem mundu bera sig jafnvel og einmitt þessar framkvæmdir.

Það er þess vegna alveg sama, hvar við lítum, að fram undan eru verkefnin ótæmandi og aðalvandamálið er þetta, að það vantar vinnuafl til þess að hrinda þeim áleiðis. Og mörg af þessum verkefnum, sem ég hef verið að minnast á, og náttúrlega fjöldinn allur annarra verkefna er svo aðkallandi, að núverandi framkvæmdahraði er með öllu gersamlega óviðunandi og hlýtur að verða að auka hann, t. d. í sambandi við opinberu framkvæmdirnar, ef skortur þeirra á ekki að verða stórfelldur fjötur um fót eðlilegum hagvexti þjóðarinnar á næstu árum eða áratugum. Það er alveg óhugsandi að búa t. d. við það ástand, þann framkvæmdahraða, sem er í vegamálum, í hafnamálum, í skólamálum, í heilbrigðismálum, svo að aðeins nokkur atriði séu nefnd. Það er alveg óhugsandi að búa við þann hraða, sem nú er í þessum greinum. Það verður að auka hraðann, ef þetta á ekki að verða stórfelldur fjötur um fót í atvinnurekstri landsmanna og almennum framförum. Þess vegna þýðir ekkert að vera að koma hér með vinnuaflsútreikninga eins og þá, sem settir eru fram í grg. þessa frv., þar sem verið er að reikna fram í tímann, að menn hafi svo og svo mikið vinnuafl miðað við óbreyttan framkvæmdahraða í þessum greinum, að því er manni skilst helzt, eða nokkurn veginn óbreyttan eða jafnvel minni. Það kemur ekki glöggt fram, við hvað miðað er, en a. m. k. kemur það glöggt fram, að það er ekki miðað við aukinn framkvæmdahraða. Það hefur enga praktíska þýðingu að draga upp slíkar myndir af vinnuaflsþörf þjóðarinnar og framkvæmdaþörf á næstu árum, ef menn ætla í alvöru að reyna að gera sér grein fyrir þeim vandamálum, sem í þessu sambandi verður að skoða og reyna að leysa, og enga þýðingu til rökstuðnings því, að óhætt sé að láta verða hér á næstu árum mörg þúsund milljóna fjárfestingu á vegum erlendra aðila, án þess að nokkur finni fyrir því í íslenzkum þjóðarbúskap eða nokkuð þurfi yfirleitt að víkja fyrir því, eins og var helzt að heyra á hæstv. ráðh. hér áðan. Það er ekki hyggilegt að leggja málin þannig fyrir, því að það er allt of gegnsætt.

Ef menn horfast í augu við þessi málefni af raunsæi, verða menn að gera sér grein fyrir því, að til þess að koma þessum stórframkvæmdum, sem hér eru ráðgerðar á vegum erlendra aðila, inn í íslenzkan þjóðarbúskap, þá verður eitthvað að víkja, meira að segja af því, sem nú á sér stað, hvað þá heldur af því, sem þyrfti að gera og ég hef aðeins drepið á.

Ofan á ofþensluna bætist sú ofþensla og ofsahræðsla, sem ríkir í landinu við stjórnarstefnuna í efnahagsmálum, og sú ofsahræðsla, sem ríkir í landinu við hæstv. ríkisstj. og hennar aðferðir í stjórnarmálefnum og veldur því, að ýmiss konar óhagkvæm fjárfesting á sér stað, og hún fylgir alltaf slíkri ofsahræðslu við efnahagsmálastefnuna, og með heilbrigðri efnahagsmálapólitík mundi slíkt vafalaust minnka og þannig koma eitthvert rúm í þjóðarbúskapnum fyrir betri framkvæmdir, ýmislegt af því, sem ég var að tala um hér áðan að vantaði. Það eru engar horfur á því, að hæstv. ríkisstj. ætli sér að breyta nokkuð til um efnahagsmálastefnu, og það er áreiðanlegt, að þessi ótti við hana og hennar stefnu fer sízt minnkandi, þannig að þessar framkvæmdir, sem eru byggðar á flótta undan hæstv. ríkisstj., minnka víst ekki á næstunni, þannig að það geri ástandið viðráðanlegra að þessu leyti.

Þess vegna er það alveg ljóst, að ef hæstv. ríkisstj. ætlar sér að hrinda því í framkvæmd, sem hún hefur samið um, og hv. Alþ. fellst á það, dæmir hæstv. ríkisstj. sig til þess að herða stríðið gegn framkvæmdum Íslendinga sjálfra í landinu, og þá er spurningin: Hvað á að verða fyrir barðinu á hæstv. ríkisstj. og hennar liði í því sambandi, og hvaða aðferðum ætlar hæstv. ríkisstj. að beita í þeirri styrjöld? Ætlar hún að beita áfram þeim aðferðum, sem hún hefur notað að þessu, eða ætlar hún að breyta eitthvað til? Aðferðin, sem hæstv. ríkisstj. hefur reynt að beita til þess að draga úr framkvæmdahraðanum og afleiðingum þess fjárfestingarkapphlaups, sem myndazt hefur og haldizt hefur við vegna ótta við hana sjálfa og hennar stefnu, hefur nær eingöngu verið fólgin í því að herða að viðskiptabönkunum, þ. e. að nota lánaskrúfu til að reyna að draga úr framkvæmdahraðanum.

Þessi lánaskrúfa, sem hæstv. ríkisstj. hefur sett á í gegnum viðskiptabankana með því að draga fjármagn þeirra í vaxandi mæli inn í Seðlabankann, hefur áreiðanlega verkað þannig, að mörg fyrirtæki íslenzk hafa fengið sig fullkeypt nú þegar, en þetta verkar eins og rekstrarfjárlánaskrúfa, og ef hæstv. ríkisstj. ætlar að vinna á móti áhrifum alúmínfjárfestingarinnar, þessarar gífurlegu fjárfestingar, með sömu aðferðum áfram eins og hún hefur reynt að vinna fram að þessu, til þess að hamla fjárfestingu, þ. e. a. s. með því að nota viðskiptabankana, þvinga þá á þennan hátt til þess að pressa sína viðskiptamenn, þá er ég hræddur um, að fari að verða þröngt fyrir dyrum á næstu missirum og næstu árum hjá ýmsum íslenzkum fyrirtækjum, og að það verði hreinlega gengið svo í þetta, að mörg af þeim verði að hætta rekstri, og hefur það þá kannske komið fram, sem sumir telja, sem fyrir þessu standa, að þurfi að koma fram, að eitthvað af þeim víki hreinlega fyrir því, sem á að koma. En aðra aðferð en þessa hefur hæstv. ríkisstj. ekki talið geta komið til mála, og því verður að gera ráð fyrir því, að hún haldi sér við þetta sama heygarðshorn og noti þessar aðferðir áfram með hinum alvarlegustu afleiðingum fyrir íslenzkt atvinnulíf.

Það er enginn vafi á því, að þessar aðferðir ríkisstj. hafa að einhverju leyti dregið úr fjárfestingu, — ég dreg það ekki í efa, — hjá þessum fyrirtækjum, en þá stundum þeirri fjárfestingu, sem sízt skyldi, einmitt þeirri fjárfestingu, sem mörg af þessum fyrirtækjum þyrftu að koma í framkvæmd til að auka framleiðni og vélvæðingu, eins og ýmsir atvinnurekendur hafa gert mjög skörulega grein fyrir á undanförnum missirum. Er þeir koma því ekki í framkvæmd vegna þessara aðfara, sem hæstv. ríkisstj. notar gagnvart viðskiptabönkunum, og svo neyðast þeir til að klemma þessi fyrirtæki og þau geta ekki aukið sína framleiðni og ekki sín afköst og geta varla borgað það kaup, sem fólkið þarf til þess að halda óbreyttri kaupgetu miðað við það, sem hún var fyrir 7 árum, vegna þess, hvernig að þeim er þrengt.

Það er þessi peningamálapólitík hæstv. ríkisstj., sem hún notar, og hún heldur, hæstv. ríkisstj., að það sé hægt að stjórna íslenzkum efnahagsmálum með peningapólitískum ráðstöfunum einum saman. En það er ekki hægt og hefur aldrei verið hægt og er að skýrast alltaf betur og betur, eftir því sem lengra líður, og aldrei mun það verða jafnömurlega ljóst eins og það verður á næstu missirum, ef hæstv. ríkisstj. heldur áfram með þessa áætlun, sem er verið að ræða í dag, og ætlar sér að mæta þessu með lánasamdrætti hjá íslenzkum atvinnuvegum, sem hefur, eins og ég segi, verið hennar eina leið til þess að hafa hemil á efnahagsmálunum. En þó að þjarmað hafi verið að fyrirtækjunum, hefur þetta ekki læknað verðbólguna, eins og kunnugt er, því að hún hefur haldið áfram. Það eru allt aðrir aðilar, sem dansa lausir og standa að verulegu leyti fyrir þeirri þenslu, sem við búum við. Þeir eiga sjálfsagt að halda áfram. En það eiga að verða íslenzk fyrirtæki, þ. e. a. s. þau, sem þurfa að sækja rekstrarfé til bankanna, og opinberar framkvæmdir, sem verða fyrir þessu og víkja. Það er þessi þáttur í þjóðarbúskapnum, sem á að taka þetta á sig. Það eru opinberar framkvæmdir og fyrirtæki, sem sérstaklega þurfa rekstrarfé hjá rekstrarlánabönkunum. Þetta er svokallað frelsi, og á þessari frelsisbraut á að halda áfram. Það þýðir ekkert fyrir hæstv. ríkisstj. að láta eins og þetta sé ekki til. Þetta er öllum ljóst, sem fást við bankaviðskipti og þurfa að sækja fjármagn inn í peningakerfið til þess að sjá sínum atvinnurekstri borgið.

Það einkennilegasta er, að það skuli vera Sjálfstfl., sem hefur talið sig fram að þessu vera flokk atvinnurekenda í landinu, sem stendur fyrir pólitík af þessu tagi. Þetta hefði einhvern tíma þótt skrýtið, að sá flokkur stæði fyrir þessu. Og það er að verulegu leyti vegna þessa, að það er skipt alveg um menn í forustu flokksins. Það eru ekki lengur atvinnurekendur, sem hafa ráðin í Sjálfstfl., eins og einu sinni var. En atvinnurekendur, – hvað sem hægt er að segja um þá að öðru leyti, – voru yfirleitt kjarkmiklir menn, ekki hræddir, þeir voru yfirleitt kjarkmiklir menn, sem höfðu lagt í miklar framkvæmdir, mjög miklar sumir á okkar mælikvarða, og oft staðið frammi fyrir miklum vanda. Þetta voru menn, sem létu sér ekki allt fyrir brjósti brenna, og ég geri ekki ráð fyrir því, hefðu þeir mátt ráða eða mættu ráða, að þeir stæðu fyrir pólitík af þessu tagi. Þeirra hugsun er allt öðruvísi, eins og kemur raunar fram í vaxandi mæli af ýmsum vitnisburðum, sem ganga nú úr herbúðum atvinnurekenda og koma illa heim við það, sem heyrist úr herbúðum ríkisstj.

Það er mikill munur á því mati, sem hæstv. ríkisstj. leggur á sína pólitík, og því mati, sem þeir, sem standa fremstir í íslenzku atvinnulífi, leggja á framkvæmdir og pólitík ríkisstj. Ganga vitnisburðir þétt, eins og kunnugt er og hefur oft verið til þeirra vitnað hér á Alþ. Ég skal ekki gera það núna. Það mætti þá síðar, ef eitthvað yrði vefengt í þessu. Það eru annars konar menn, sem hafa nú tekið forustuna í Sjálfstfl., eins og augljóst er, bæði af þeirri stefnu, sem upp hefur verið tekin almennt í sambandi við erlendan atvinnurekstur, og í sambandi við þá fjármálapólitík, sem rekin er.

Ég spurði áðan, hvað það væri, sem ætti að víkja. En hæstv. ráðh. talaði hér áðan eins og ekkert þyrfti að víkja, það væri hægt að halda öllum fyrirætlunum eins og áður og hægt að koma því öllu við, þó að þessi nýja stórfellda fjárfesting kæmi til greina. Ekki virðast allir vera jafnáhyggjulausir um þetta í stjórnarherbúðunum eins og hæstv. ráðh. og sumir vera nær því að viðurkenna staðreyndir en hann, a. m. k. að svo komnu, og í hópi þeirra má telja hv. þm. Benedikt Gröndal, sem um þessi efni ræddi í vantraustsumr. og gerði grein fyrir stefnu Alþfl. Hann sagði, að þegar til kæmi yrði annað að koma til á undan opinberum framkvæmdum, sem sé annað yrði að víkja fyrir þessu. Og þó að hæstv. ráðh. væri svona bjartsýnn í dag, hefur hann ekki alltaf verið svona bjartsýnn, því að í grein, sem hann ritaði um þessi málefni í Morgunblaðið, lýsir hann því yfir sem sinni stefnu og að því er manni skildist stefnu ríkisstj., að fyrir þessu verði að sjá, og segir hæstv. ráðh. orðrétt, með leyfi forseta:

„En fyrir því má sjá," — þ. e. a. s. vinnuaflsvandamálinu, — „með skipulögðum ráðstöfunum til þess í bili að draga úr öðrum framkvæmdum á vegum þess opinbera, ríkis og sveitarfélaga."

M. ö. o.: talsmaður Alþfl. hefur lýst yfir, að hér yrði eitthvað annað að víkja á undan opinberum framkvæmdum, en hæstv. ráðh. hefur aftur á móti lýst yfir því, að það séu einmitt opinberar framkvæmdir, sem eigi að víkja.

Ég veit ekki, hvað á að leggja upp úr þessu öllu saman satt að segja. Það má vel vera, að það eigi að skipta með sér verkum þannig, að Sjálfstfl. eigi að segja við atvinnurekendur, að opinberar framkvæmdir eigi að víkja: Það er engin hætta fyrir ykkur, það verður ekkert við ykkur blakað eða ykkar fyrirætlunum. – Alþfl. eigi svo aftur á móti að segja við þá, sem finna sárt fyrir því, hve seint gengur með opinberu framkvæmdirnar: Hafið þið engar áhyggjur, það verður annað að víkja á undan opinberum framkvæmdum. — En eitthvað skýtur hér meira en lítið skökku við, og virðast þessi mál óuppgerð hjá hæstv. ríkisstj., hvernig á þessu eigi að halda, hvað það er, sem á að víkja fyrir þessum

nýju framkvæmdum, hvað það er, sem á að draga í land af því, sem væri að öðrum kosti hægt að gera.

Það er full ástæða til í þessu sambandi — og ég geri það hér með — að spyrja hæstv. ríkisstj., hvort hún ætlar að breyta um starfsaðferðir í peningapólitík og efnahagspólitík eða hvort hún ætlar að halda starfsaðferðum sínum óbreyttum, þ. e. a. s. þeim að reyna að stjórna gegnum lánapólitíkina eina og sérstaklega gegnum rekstrarlánapólitík bankanna. Er ætlunin, að sú aðferð verði notuð áfram eins og verið hefur?

Ég hef nú rætt ofurlítið um það, hvort skynsamlegt væri að gera þennan samning og leggja út í að veita erlendum aðilum leyfi til að byggja alúmínbræðsluna, vegna þess að okkur vanti verkefni. Slíku er auðvitað alls ekki til að dreifa og við höfum fjölmargar heppilegri og vænlegri leiðir fyrir okkar þjóðarbúskap til þess að gera okkar atvinnulíf fjölbreyttara og þá á vegum Íslendinga sjálfra. Frá þessu sjónarmiði á því að mínum dómi ekki að koma til greina að leggja út á þessa braut.

En þá kemur spurningin, hvort það eru einhver sérstök vandamál af öðru tagi heldur en þau, að okkur vanti verkefni, sem gætu valdið því, að út í þetta ætti að leggja samt sem áður þrátt fyrir þá galla, sem á þessari leið óneitanlega eru.

Tvennt virðist mér þurfa að íhuga í því sambandi aðallega, eins og ástatt er í okkar þjóðarbúskap. Annað er það, hvort þetta gæti orðið til þess að auka á jafnvægi í byggð landsins, hjálpað til þess að leysa það stórkostlega vandamál, og hitt atriðið, sem ég kem að síðar, er það, hvort út í þetta ætti að leggja þrátt fyrir þá stórfelldu ágalla, sem á því eru, til þess að geta fengið viðunandi eða stórum betri lausn á raforkumálunum en ella. Ég mun ræða fyrra atriðið fyrst.

Það mun nú láta nærri, að það búi um 100 þús. manns á svæðinu frá Kollafirði og suður að Straumsvík og 93 þús. manna alls staðar annars staðar á landinu. Við búum því líklega við stórfelldara byggðavandamál en nokkur önnur þjóð. Ég geri ekki ráð fyrir, að það sé nokkur önnur þjóð, sem býr við annan eins vanda í þessu tilliti, og þessi vandi er stórum vaxandi vegna þess, að þegar svo margt fólk tiltölulega er komið saman á einn stað, dregst atvinnurekstur inn alveg vélrænt á þann stað. Þjónustufyrirtæki sækja vitanlega á að setja sig niður þar, sem mannfjöldinn er mestur fyrir, og það sama er að segja um allan heimaiðnað, allan iðnað, sem er byggður upp fyrir innanlandsmarkað. Hann sækir allur í það að vera á þessum sama stað, þar sem markaðurinn er orðinn svo stórfelldur og ósambærilegur við allt annað, sem í boði er markaðslega séð í landinu. Þess vegna verður alltaf verra og verra að rífa sig út úr þessum vanda, eftir því sem lengur líður og byggðin á þéttbýlissvæðinu hleður meira og meira utan á sig. Alltaf verður erfiðara og erfiðara að finna þau verkefni, sem hægt er að taka fyrir annars staðar og geta gefið þar góða raun, vegna þess, hvað aðstaða þeirra fyrirtækja, sem byggjast á innlendri þjónustu og iðnaði fyrir heimamarkað, verður sífellt misjafnari og misjafnari, eftir því sem þetta ósamræmi í byggðinni eykst. Því eykst alltaf hættan á því, að vandinn vaxi og að byggðin dragist meira og meira saman, enda sjáum við þetta glögglega. Ég veit satt að segja ekki, hvernig væri komið núna, ef ekki hefði komið síldarmokið við Austur- og Norðausturland síðustu missirin til þess að draga ofurlítið úr í þessu tilliti. Það, sem gæti munað mest um í þessu sambandi til lagfæringar, væri það, ef hægt væri að efla útflutningsframleiðsluna í strjálbýlinu og þá væri náttúrlega sérstaklega þýðingarmikið, ef væri hægt að koma þar upp útflutningsiðnaði. Þetta hafa menn mjög haft í huga á undanförnum árum, og hér var samþ. á sinni tíð í hv. Alþ. þáltill. sérstaklega um þessi efni, þar sem lagt var fyrir að athuga sér í lagi um möguleika á því að virkja Dettifoss með það fyrir augum, að stóriðja kæmi á Norðurlandi út frá þeirri virkjun. Þá var meginhugsunin, hvort þetta gæti ekki hjálpað til þess að stíga stórt skref í því að leysa byggðavandamálið. Með öðrum þjóðum er þessi vandi fyrir hendi, en miklu minni en hér. T. d. mun láta nærri, að í Osló búi um 17% af þjóðinni, en hér á Faxaflóasvæðinu yfir 50%. Telja Norðmenn sig þó búa við mikinn vanda, og eitt af því, sem þeir hafa gert að stefnumáli hjá sér, hreinlega stefnumáli, og er að finna í stefnuyfirlýsingum norsku ríkisstj., er að setja þau skilyrði fyrir stóriðju, að hún sé þannig sett í landi, að hún hjálpi til að leysa byggðavandamálið. Þetta hafa Norðmenn framkvæmt þannig, að þeir hafa gert það að skilyrði fyrir samningum sínum við erlenda aðila, t. d. um alúmínverksmiðjur, að þær yrðu staðsettar þar, sem sérstök þörf væri á vegna atvinnuástandsins, og hafa erlendir viðsemjendur Norðmanna orðið að sætta sig við að leggja fram hærri stofnkostnað til þess að uppfylla þetta skilyrði.

Nú er ekki því að heilsa, að þetta mál, sem hér er í uppsiglingu, verði til þess að hjálpa okkur til þess að leysa þennan vanda, heldur alveg þvert á móti, því að þessi þáltill. um rannsókn á Dettifossi í þessu sambandi og möguleikum á stóriðju á Norðurlandi hefur í raun og veru aldrei verið framkvæmd. Sú hugmynd að virkja Dettifoss hefur verið lögð til hliðar sýnilega mjög snemma í þessu máli og þá á þeim grundvelli, að það væri gert ráð fyrir aðeins 30 þús. tonna alúmínverksmiðju og ef ekki væri gert ráð fyrir stærri alúmínverksmiðju, væri Dettifossvirkjun ekki hentug fyrir alúmínvinnslu. En rétt eftir að þessu hafði verið lýst yfir í plöggum þeim, sem alþm. fengu um þessi málefni í fyrrahaust, var því svo aftur lýst yfir, að nú vildi hringurinn endilega hafa 60 þús. tonna alúmínverksmiðju, og átti þá vitanlega ekkert að vera til fyrirstöðu því, að þetta mál yrði endurskoðað, því að þá var komin sú stærð, sem hentaði Dettifossi. En þá fékkst ekkert á það hlustað á nokkurn hátt, og var auðséð, að það var búið að ákveða allt saman, búið að ákveða að staðsetja verksmiðjuna í Straumsvík og ekkert hlustað á till. um nýja athugun í sambandi við þessa breytingu, sem orðin var á málinu, og yfirleitt ekki á neinar uppástungur eða ábendingar um að finna aðra heppilegri staðsetningu fyrir verksmiðjuna en

þá að setja hana hér á mesta þéttbýlissvæðið. Það er nú augljóst, að þessi framkvæmd mun auka stórkostlega byggðavandamálið í stað þess að hjálpa til að leysa það.

Í þessu sambandi hefur verið lagt fram frv. um atvinnujöfnunarsjóð og sagt, að það væri tengt þessu máli og þá m. a. vegna þess, að gert væri ráð fyrir, að í þennan atvinnujöfnunarsjóð færi nokkur hluti af skatttekjum alúmínvinnslunnar. Það er um þetta frv. um atvinnujöfnunarsjóð að segja, að svo langt sem það nær er það augljóslega afkvæmi þessa frv. um ráðstafanir til jafnvægis í byggð landsins, sem framsóknarmenn hafa flutt á fjórum þingum. En það er til marks um þann skilning, sem hefur verið varðandi þessi efni í herbúðum hæstv. ríkisstj., að því frv. var t. d. vísað frá vorið 1963 með þessum orðum, með leyfi hæstv. forseta: „Telur deildin samþykkt frv. með öllu óþarfa."

Ég hygg, að það hafi svo verið á þinginu áður eða þar áður, sem mikil áherzla var lögð á, að frv. af þessu tagi og ráðstafanir væru algerlega óþarfar, því að það væri þegar í gildi löggjöf, sem gerði ráð fyrir 10 millj. kr. framlagi í atvinnubótasjóð, og það væru nægilegar ráðstafanir í þessu sambandi. En 1964, árið eftir, er aftur vísað frá þessu sama máli með þessum orðum, með leyfi hæstv. forseta: „Telur deildin ekki þörf nýrrar lagasetningar um þetta efni og samþykkt frv. því óþarfa."

Síðan kemur árið 1965. Þá er ofurlítið farið að breytast hljóðið, og þá er að vísu lagt til að vísa málinu frá enn, en tekið fram í dagskránni, að ríkisstj. hafi ákveðið að undirbúa og leggja fyrir næsta þing. frv. til l. um framkvæmdasjóð strjálbýlisins. Það er sem sagt ofurlítið farið að skíma, enda eru þá komnar á hraða ferð hugleiðingar hæstv. ríkisstj. um að setja upp stóriðju hér á aðalþéttbýlissvæðinu. Þá eru þeir aðeins byrjaðir að rumska.

Þetta frv., sem hér hefur verið lagt fram, er augljóslega afkvæmi þessa frv., sem flutt hefur verið á undanförnum árum. En okkar frv. gerði ráð fyrir, að 2% af ríkistekjunum yrðu sett í sérstakan sjóð til þess að vinna að auknum ráðstöfunum til jafnvægis í byggð landsins, og mundu það vera núna um 70—80 millj. og svo vaxandi, ef ríkistekjur fara vaxandi. Þetta frv., sem hér er gert ráð fyrir, er miklu smærra í sniðunum, enda þótt þessari nýju stórframkvæmd sé nú bætt við hér. Atvinnubótasjóðurinn, sem nú er, gengur inn í þessar tölur, sem nefndar hafa verið í sambandi við frv. og ríkisstj. greinir frá. Það er alveg óhætt að fullyrða, að það, sem þetta frv. gerir ráð fyrir, er aðeins brot af því, sem hefði þurft að gera, þótt engin alúmínbræðsla hefði komið til. Það er óhætt að fullyrða þetta. Við sjáum svona hér um bil, hvernig skammtað er eða hve stórt er skorið, á því, að það mundi ekki vekja mikla athygli hér á Alþ. t. d., þótt einhver þm. skyti fram brtt. um að auka uppbætur um 30—40 millj. t. d. í einhverri grein eða niðurgreiðslur, svo að dæmi séu nefnd til þess að sýna stærð málsins. En okkur er sagt að hér séu á ferðinni stórfelldar ráðstafanir í jafnvægismálum. Það, sem hér gerist, er því, að hér er farið af stað of seint og það, sem gert er, er of lítið. Samt sem áður er þetta þó örlítill ávöxtur af þeirri baráttu, sem haldið hefur verið uppi. En þeirri baráttu verður vitaskuld haldið áfram, því að þetta er eins og krækiber í ámu að sjálfsögðu miðað við þá fjármuni, sem renna fram og aftur í þjóðarbúinu. Við sjáum bezt, í hvaða hlutfalli þessar ráðstafanir eru, þegar við berum þetta saman við uppbótagreiðslur og niðurgreiðslur og aðrar slíkar ráðstafanir. En það er þó auðséð, að vond samvizka hefur gert vart við sig hjá hæstv. ríkisstj. í sambandi við staðsetningu stóriðjunnar, og það kemur fram í því, að farið er að tengja tekjuöflun í atvinnujöfnunarsjóð skattgjaldi alúmínverksmiðjunnar. En því miður hossa þeir fjármunir ekki hátt, sem fljóta af því, og það er alveg víst, að við þyrftum ekki að innleiða stóratvinnurekstur erlendra aðila til þess að geta varið sem svarar andvirði 1–2 vélskipa á ári til jafnvægis í byggð landsins. En eitthvað þvílíkt er það, sem á að fljóta inn í atvinnujöfnunarsjóð frá stóriðjunni, enda fær þá ríkissjóður ekkert, ekki eina krónu frá alúmínhringnum til þess að leggja í almennar þarfir ríkisins, og þá verða aðrir íslenzkir atvinnurekendur og íslenzkir borgarar að taka að sér að standa undir þeim hluta af ríkisútgjöldunum almennu, sem atvinnurekstur hringsins að réttu lagi hefði átt að bera. Ekki er hátt á þessu risið, þegar þetta er skoðað í eðlilegu ljósi, og tæpast viðeigandi, að því er mér sýnist, að vera að hafa stór orð eða fyrirsagnir í þessu sambandi. Annað er það svo, að það má fá nokkuð stórar tölur með því að reikna alla liði 20—30 ár fram í tímann og vexti ofan á, eins og ríkisstj. gerir. Það væri fróðlegt, þegar hæstv. ríkisstj. er að koma hér með skattalög og bæta við álögurnar, að reikna út, hvað þetta yrði mikið fram að aldamótum með vöxtum og vaxtavöxtum. Það yrðu þokkalegar summur. Með svona reikningsmáta er náttúrlega hægt að berast talsvert á, – það er ekki hægt að neita því, – en hitt er svo annað mál, hversu rétta mynd þetta gefur af því, sem er að ske. En þetta geta orðið laglegar glansmyndir, þangað til farið verður að reikna skattana á sama hátt. Þá dregur gamanið af, og það er ómögulegt að vita, nema einhverjir finni upp á því. Maður veit aldrei, upp á hverju menn geta fundið. Nú byrja menn kannske á því að reikna skattana svona. Ég hugsa, að ríkisstj. geri það ekki, en það gæti verið, að einhverjir aðrir yrðu til þess.

Annars er það sannast bezt að segja um málefni eins og þetta frv. um atvinnujöfnunarsjóð, í sambandi við þetta mál og heildarmyndina, að það segir ákaflega lítið. Það er t. d. ekki lengi verið að taka aftur með hægri hendinni það, sem látið er með þeirri vinstri. Ríkisstj. þarf t. d. ekki að draga mikið úr opinberum framkvæmdum úti um land til þess að hafa þar á móti þessum einu eða tveim vélskipum, sem látið er hilla undir í sambandi við þetta nýja frv. Það dugir nefnilega ekki að líta á eitt atriði, það verður að líta á heildina. Það er enginn vandi fyrir ríkisstj. að sýna svona veiði og láta hana aldrei verða gefna, ef hún vill. Það fer allt eftir því, hvað hún gerir að öðru leyti til viðbótar því, sem hér er gert ráð fyrir. Það

veltur t. d. á miklu, hvort stefna dómsmrh. verður ofan á, sem hefur lýst því yfir, að það eigi að draga úr opinberum framkvæmdum, eða hvort hv. þm. Benedikt Gröndal hefur betur, en þá kemur það raunar niður á einhverjum öðrum, — og hverjir verða það?

Hvort hér verður yfirleitt um nokkrar jafnvægisráðstafanir að ræða eða ekki, fer eftir heildarstefnunni, sem ofan á verður. Þetta er aðeins einn lítill liður, sem þetta frv. fjallar um. En það er óhætt að segja, að hvað sem þessu frv. líður um atvinnujafnvægissjóð, þá verður útlitið verra en nokkru sinni fyrr í byggðavandamálunum, ef verður úr þessum ráðagerðum, sem hér er stungið upp á.

Það er því síður en svo, að ástæða sé til að taka á sig þá áhættu, sem fylgir erlendum atvinnurekstri, til þess að fá með því stuðning í baráttunni við þetta mikla vandamál. Þar snýr allt öfugt, að þetta stóreykur þann vanda.

Þá eru það raforkumálin. Það er mikið gert úr þeim ávinningi, sem hljóti að verða í sambandi við raforkumálin, og þar notaði hæstv. ráðh. óspart þessa nýstárlegu reikningsaðferð, sem ég minntist á áðan, og reiknaði eða lét reikna fyrir sig og hefur látið reikna eftir sinni fyrirsögn með vöxtum og vaxtavöxtum langt fram í tímann, ég held til 1985. Við skulum íhuga raforkumálin og hvort þau knýja okkur til að leggja út á þessa braut. Ég vil halda því fram, að því fari alls fjarri, víðs fjarri. Búrfellsvirkjunin, virkjun Þjórsár við Búrfell er, að því er mér er sagt, hagstæðari virkjun en Íslendingar hafa nokkru sinni ráðizt í. Hún er hagstæðari fyrir Íslendinga, fyrir íslenzka rafmagnsnotendur en t. d. Sogsvirkjanir gætu verið í dag. En þó höfum við talið Sogsvirkjanir á undanförnum áratugum okkur mjög hagstæðar og verið stoltir af þeim. Þessi virkjun án alúmíns mundi gefa mun betri raun fyrir þjóðarbúið en þessar okkar uppáhaldsvirkjanir. Um það er svo ekkert að villast, að það er miklu léttara og miklu minna átak fyrir Íslendinga nú að virkja Þjórsá við Búrfell en að virkja Sogsvirkjanirnar á sinni tíð, einkum þó fyrstu virkjunina.

Hæstv. forsrh. var hér um daginn að leika sér að því að tala eitthvað um, að íslenzkum þjóðarbúskap hefði miðað aftur á bak á árunum fyrir styrjöldina, árunum fyrir 1940. Ég held, að þetta sé mikið ofugmæli hjá hæstv. forsrh., því að það er alveg ljóst mál, að á árunum næst fyrir styrjöldina, a. m. k. á árunum 1935—1939, miðaði mjög hratt áfram í íslenzkum þjóðarbúskap þrátt fyrir gífurleg vandkvæði, sem við var að fást. Og einmitt á þessum árum var fyrsta Sogsvirkjunin byggð. Það var mikið átak þá fyrir íslenzku þjóðina að byggja fyrstu Sogsvirkjunina. Hún kostaði sem samsvaraði nálega hálfum fjárlögunum þá. Það var ráðizt í þetta samt, það datt engum í hug, að það þyrfti að taka erlendan atvinnurekstur inn í landið til að koma þessu í framkvæmd. Þannig er núna miklu léttara fyrir Íslendinga að koma í framkvæmd Búrfellsvirkjuninni án alúmíns en var að koma upp Sogsvirkjuninni á sinni tíð.

Varðandi svo hitt, hvort það sé svo stórkostlegur ávinningur að hafa alúmínverið með, að það séu þess vegna takandi á sig öll þau vandkvæði, sem því fylgja, þá vil ég svara þeirri spurningu afdráttarlaust neitandi fyrir mitt leyti. Mér sýnist sá hagnaður mjög vafasamur og alveg borin von og líklegast, að hann verði enginn um það bil, er upp verður staðið. En þetta getur enginn okkar sýnt með tölum, hvorki ég né hæstv. ráðh. Þó að hæstv. ráðh. þykist vera að reyna, er það alveg út í bláinn, vegna þess að í þessu dæmi eru of margir óþekktir til þess, að hægt sé að komast að fastri niðurstöðu. En ég vil benda hér á nokkur atriði, sem sýna veilurnar í röksemdafærslu hæstv. ráðh. og sýna, að hann fer þannig með þetta mál, að það er ekki verjandi.

Í fyrsta lagi er þetta þannig vaxið, að hæstv. ráðh. telur með raforkuverðinu til þess að fá fallegra dæmið hluta af skattgjaldi hringsins og reiknar svo auðvitað með vexti og vaxtavexti langt fram í tímann, eins og aðra liði. Þetta munar eitthvað nálega 200 milljónum, aðeins þetta eina atriði. Hæstv. ráðh. sagði svo hér áðan, að það hefði enginn haft neitt við þessa útreikninga hans að athuga. Það fannst mér hraustlega talað eftir útvarpsumræðurnar, sem síðast voru haldnar. En þarna er strax 200 millj. skekkja. Í öðru lagi reiknar ráðh. með föstu verðlagi í landinu allan þennan tíma, og nær slíkt auðvitað engri átt, og þá óbreyttum rekstrarkostnaði. Enn fremur reiknar hann með óbreyttum kostnaði, a. m. k. að mestu leyti, meðan á byggingu stendur, sem er líka með öllu ólíklegt. Hæstv. ráðh. veit ekki, hvað það muni kosta að ráða við ísvandamálið, sem hefur áhrif á útkomuna úr þessu dæmi, og hæstv. ráðh. veit ekki, hve mikils muni þurfa að afla af varaorku með fokdýrum aðferðum, sem er stór liður í þessu dæmi og alger áætlunarliður. Og þar er ekkert við að styðjast, en ýmsir álíta, að það sé of lítið áætlað fyrir því. Það er því með öllu óverjandi að birta tölur og útreikninga og slá föstu, þegar botninn er á þessa lund.

Þá skilst mér dæmið vera sett upp þannig, að það er ekki reiknað með því, að afgangsorkan geti orðið notuð til eins eða neins, ef alúmínhringurinn kemur ekki til. En mætti manni ekki leyfast að álíta, að einhverjum gagnlegum fyrirtækjum yrði komið upp á Íslandi, ef það færist fyrir að koma inn þessum alúmínhring, sem yrðu þá orkunotendur? Og fleira kemur þar til greina, sem ýmsir aðrir hafa bent á.

Ég hygg, að ályktun hæstv. landbrh. um þetta efni sé miklu nær lagi en þetta skrumdæmi hæstv. iðnmrh., því að hann sagði hér í umr. um landsvirkjunarfrv. 4. maí 1965, að það mætti gera ráð fyrir lítið eitt dýrari raforku fyrstu árin, eftir að stórvirkjun yrði gerð, ef það yrði án alúmínverksmiðju, á meðan við værum að byggja markaðinn upp. Þetta sagði hæstv. landbrh. orðrétt. Ég geri ráð fyrir því, að þessi ályktun hans sé miklu nær því að vera skynsamleg en þær skrumtölur, sem hæstv. iðnmrh. er að birta og skora á menn að vefengja, en ekki eru byggðar á sterkari grunni en ég nú hef rakið.

Ég ætla síðan — með leyfi hæstv. forseta — af því að mér finnst, að það eigi vel við, að

það komi hér inn í þessar umr. einmitt í hv. Nd. við 1. umr. málsins, að leyfa mér að lesa hér upp kafla úr ræðu um þetta efni, sem hv. þm. Sunnl., Helgi Bergs, flutti við vantraustsumr., þar sem hann tók einmitt þessi málefni til rannsóknar, því að hæstv. iðnmrh. talaði hér áðan eins og hann hefði alls ekki heyrt þetta. En það var á þessa lund, með leyfi hæstv. forseta:

„Orka frá Búrfellsvirkjun mundi endast okkur einum til 1985, en með alúmínbræðslu aðeins til 1976, og ekkert liggur fyrir um, hvað þá taki við. Aðeins hlýtur að verða að gera ráð fyrir, að sú orka muni verða dýrari, þar sem Búrfellsvirkjun er talin ódýrasta virkjunin, sem völ er á. Birtar eru ýktar, villandi og beinlínis rangar frásagnir af því feiknafé, sem á að sparast við að selja útlendingum ódýrustu orku okkar. Í Morgunblaðinu 24. febr. birti Jóhann Hafstein grein, þar sem segir, – og það er efnislega það sama og hæstv. ráðh. hefur í grg. frv. og hann vísaði til áðan: „Sé munurinn á rekstrargjöldum frá ári til árs lagður á 6% vexti, safnast í sjóð, sem árið 1976 er orðinn rúmar 300 millj. og árið 1985 rúmar 600 millj., ef bræðsluleiðin er farin."" — En svo segir þm. Sunnl.: „Og nú í kvöld er ráðh. kominn upp í 860 milljónir," en það er sú tala, sem hæstv. ráðh. mun hafa nefnt áðan. „En hvort tveggja er rangt og villandi. Í fyrsta lagi vegna þess, að reiknað er með 2.2 aurum á kwst. hærra rafmagnsverði frá bræðslunni fyrstu 6 árin en raunverulegt er, en þessir aurar eru millifærsla til Landsvirkjunarinnar af skatttekjum af verksmiðjunni. En gert er ráð fyrir, að fyrstu 6 árin renni 3/8 hlutar skattanna til Landsvirkjunarinnar. Með 6% vöxtum til 1985 nemur þessi munur 194 millj. miðað við samningsbundið orkumagn, og um þessa upphæð eiga útreikningar ráðh. í fyrsta lagi að leiðréttast. Í öðru lagi eru útreikningarnir villandi vegna þess, að orka Búrfells verður fullnotuð 1976, ef bræðsla verður byggð, og enginn veit, hvað sú orka, sem við bætist eftir það, kostar, því að engar viðhlítandi áætlanir hafa verið um það gerðar og enginn veit, hvar næst verður virkjað. Í þriðja lagi eru áætlanir um rekstrarkostnað virkjunarinnar vægast sagt ónákvæmar, m. a. vegna óvissunnar um ísmyndunina og þær truflanir, sem af henni leiðir. Þessi óvissa er viðurkennd af öllum sérfræðingum, sem um málið hafa fjallað, og mat þeirra á því, hversu varlegir eða óvarlegir útreikningarnir séu, er mismunandi. En jafnvel þó að fallizt væri á þessa útreikninga, hvað kemur þá í ljós? Sparnaður ráðh. ávaxtaður með 6% til 1985 og leiðréttur vegna skattamillifærslunnar var í febr. talinn 400 millj. og nú 660 millj. Það er hægt að fá háar tölur með því að reikna vexti langt fram í tímann. En hvað þýðir þetta í tölum, sem auðvelt er að átta sig á? Hvað þarf að spara árlega héðan í frá til 1985, til þess að það verði 400 millj. kr. þá með 6% vöxtum? Svarið er 10.9 millj. á ári, eða ef nýja talan er tekin, 660 millj., verður svarið 18 millj. á ári. Samkv. bjartsýnustu útreikningum ráðh. er þá meðalsparnaður á ári 10–18 millj. frá 1966–1985.

Þótt um þennan sparnað væri að ræða, fer því víðs fjarri, að það réttlæti, að ráðizt verði í alúmínbræðsluna, eins og nú er ástatt, og öðrum atvinnuvegum þar með stefnt í tvísýnu. Það er smápeningur miðað við það, sem í húfi er," segir hv. þm. Sunnl. „En svo fer því raunar víðs fjarri," heldur hann áfram, „að þetta sé allt sparnaður. Það er nefnilega að verulegu leyti lán hjá framtíðinni. Ef við seljum ódýrustu orkuna útlendingum, förum við sjálfir fyrr að nota dýru orkuna. Af hverju skyldi ráðherrann reikna dæmið til 1985, en ekki t. d. til 1995 eða þá til enda samningstímans 2014? Það er af því, að upp úr 1985 fer að koma í ljós, hvernig þessi sparnaður hefnir sín, þegar við förum að nota dýrari orkuna sjálfir. Þá þarf að fara að borga lánið, sem nú á að taka, í rafmagnsreikningum okkar í framtíðinni. Það verða önnur sjónarmið en rafmagnsgróði að ráða um það, hvort hér verði útlend stóriðja eða ekki," segir hv. þm. Sunnl.

Ég held, að það þurfi ekki um þetta að bæta til þess að sýna fram á það, hvaða gagn er að þessum skreyttu reikningum hæstv. ráðh., sem hann hefur sjálfur gefið forsendurnar í. En auðvitað er rétt reiknað út frá þeim forsendum, sem hann setur sjálfur í dæmið.

Þá ber líka þess að gæta, að það hefur tekizt þannig til, að raforkuverðið á að vera hér 28% lægra en t. d. í Noregi, sem er sambærilegast og næst, og þá ekki heldur von á góðu, enda voru hringsins menn hróðugir mjög yfir því, að þeir hefðu fengið lægsta rafmagnsverð, sem þeim hefði nokkurs staðar verið gefinn kostur á. Mér er spurn: Hvernig getur staðið á því, að hæstv. ríkisstj. skuli fylgja þessu fram með slíku ofurkappi sem hún gerir? Og það er tæpast hægt að finna á þessu nokkra skýringu aðra en helzt þá, að hæstv. ríkisstj. hafi gengið til þessara samninga heltekin af þeirri minnimáttarkennd, að Íslendingum væri um megn að leysa raforkumál sín nema í tengslum við stóriðju útlendinga, og setið síðan föst í þessu allan tímann og ekki getað rifið sig út úr því. En það á sér enga stoð í veruleikanum, að þess hafi þurft eða verið skynsamlagt, eins og ég tel, að sýnt hafi verið fram á, sérstaklega í því, sem ég hafði eftir hv. þm. Sunnl., sem hefur kynnt sér þetta mál mætavel.

Ég tel mig hafa sýnt fram á, að það, sem hér stendur til, er ekki heppilegasta leiðin til þess að gera atvinnulífið hér í landinu, — ég segi ekki íslenzkt atvinnulíf, heldur segi ég: til að gera atvinnulífið hér í landinu fjölbreyttara. Þvert á móti eru allt aðrar leiðir miklu heppilegri til þess. Þetta stóreykur okkar byggðavandamál, sem er mjög stórfelldur þáttur í þessu efni, og þetta verður vægast sagt vafasamur hagnaður fyrir raforkumál landsmanna.

Ég ætla ekki að fara mikið út í það núna, að ræða þann samanburð, sem gerður hefur verið á tekjum af samningi þessum fyrir þjóðarbúið annars vegar og svo fiskveiðum eða íslenzkum atvinnurekstri hins vegar. En það verð ég að segja, að þeir reikningar þurfa sannarlega endurskoðunar við ekki síður en þessir rafmagnsreikningar. En ég hef ekki haft aðstöðu til að leggja vinnu í að fá mér aðstoð til að kryfja það dæmi til mergjar, en ég gæti

trúað því, að þar ætti eftir að koma eitthvað krumfengið fram ekki síður en í sambandi við rafmagnsútreikningana, því að okkur er boðið upp á þá fullyrðingu, að íslenzka þjóðarbúið eigi að hafa 600 þús. kr. upp úr hverjum manni, sem vinnur hjá alúmínhringnum, en við höfum ekki nema, — ég held, að ég muni það rétt, — 250 þús., segja þessir sömu menn, eða svo upp úr hverjum manni, sem vinnur við sjávarútveginn. Þessar röksemdir er okkur boðið upp á. Ég hygg, að það sé strax sú endaleysa í þessu dæmi, að það séu ekki dregnar frá í dæminu þær greiðslur, sem eiga að fara til útlanda vegna greiðslna af raforkuláninu. Ég hygg það, en mun strax leiðrétta þetta, ef svo er ekki. (Gripið fram í.) Er það dregið frá? Það má skoða það náttúrlega, gefa sér tóm til þess. En a. m. k. á einu stigi þessara mála var það nú ekki gert, og það vekur grun hjá mér, að þessi tala er óbreytt enn, 600 þús.

En við skulum athuga þetta, leggja á borðið fyrir okkur, hvernig þetta er vaxið. Þeir eiga að borga sama kaup og borgað er í sjávarútvegi. Ég geri ekki ráð fyrir, að þeir ætli sér að borga hærra kaup en gert er hér í sjávarútvegi upp og ofan. Íslenzkur sjávarútvegur þarf ekki síður þjónustu ýmsa í landinu en alúmínhringurinn, og ekki ætla þeir að borga hærra kaup en íslenzkur sjávarútvegur gerir og aðrir, sem í kringum hann eru, borga fyrir sína þjónustu. Það á allt að vera á sama grundvelli. Við vitum vel, að þó að gengið hafi skrykkjótt stundum í íslenzkum sjávarútvegi, hefur orðið stórkostleg eignamyndun í landinu á vegum íslenzks sjávarútvegs, ekki aðeins fiskiskip, heldur líka allur fiskiðnaðurinn, sem hefur byggzt upp. Það er engin smáræðis nettó-eign, sem í landinu hefur byggzt upp á vegum þessa atvinnurekstrar, og ef við deilum því niður á fólkið, sem vinnur að þessu, kemur það inn í þessa meðaltölu umfram kaup. Hvað ætlar hringurinn að borga? Hann ætlar að borga kaup eins og hinir, en engan gróða inn í landið. Íslenzkur sjávarútvegur borgar mikla skatta. Það eru engir smáræðis skattar, sem hann borgar, og ég leyfi mér að draga í efa, að þetta gjald, sem hringurinn á að borga, verði meira á mann en í sjávarútvegi, stundum a. m. k. Ég skal þó ekki segja, þegar illa gengur. En sem sagt, báðir aðilar borga skatta. En gróði sjávarútvegsins og afskriftafé er í landinu, í þessari stórkostlegu eignasöfnun, og hann kemur inn í þetta dæmi. En gróði hringsins fer allur út úr landinu. Hann kemur aldrei til Íslands og afskriftaféð ekki heldur, ekki króna. Verksmiðjan flyzt út úr landinu jafnótt og hún slitnar, ef svo mætti segja. Hún fer sína leið, og ekkert byggist hér upp á vegum fyrirtækisins, – ekki neitt. Samt er sagt, að fyrir íslenzka þjóðarbúið eigi að fást tvöfalt meira á mann út úr þessu fyrirtæki en út úr íslenzkum sjávarútvegi. Þetta þarf áreiðanlega endurskoðunar við. Það er gersamlega fyrir ofan minn skilning, hvernig svona dæmi eru gerð. Ég sagði um daginn einu sinni, að þetta væri svona álíka og að halda því fram við okkur, að það væri arðvænlegra, kæmi meira út úr því fyrir Íslendinga, að t. d. útlendingar rækju hér fiskiðjuver og báta. Verulegur hluti af bátaaflanum færi úr landi eða kæmi aldrei til Íslands. Og það ætti að vera einhver sérstakur búhnykkur að því. Ég skil ekki þetta. Og þetta þarf áreiðanlega gaumgæfilegrar endurskoðunar við. Mér þætti það ekki mikið, þó að í þessu dæmi yrðu ekki síður veilur en í öðru því talnamoði, sem hæstv. ráðh. hefur dreift út í sambandi við þetta mál.

Það er skýlaus réttur í samningnum til þess að flytja inn erlent vinnuafl og af og til gefið í skyn, að vinnuaflsvandamálið skuli leysa með því. Hæstv. ráðh. segir stundum að ekkert vinnuaflsvandamál sé um að ræða. En í þessari margumtöluðu grein, sem hann ritaði í Morgunblaðið nýlega, viðurkennir hann, að vinnuaflsvandamálið sé verulegt, og talar m. a. um að leysa það með því að flytja inn erlent vinnuafl. Ég skal ekki fara langt út í þetta, en ég vil bara segja, að mér sýnist réttur útlendinganna alveg skýlaus til þess að flytja inn vinnuafl, og mér sýnist, að þeir muni gera það. Svo framarlega sem ekki verður búið að þrengja svo að íslenzkum atvinnuvegum, að vinnuaflið verði laust handa hringnum, þá koma þeir með erlent vinnuafl. En það tel ég hið mesta óráð að fara að byggja hér upp atvinnurekstur á erlendu vinnuafli. Sannleikurinn er sá, að við höfum mikið vandamál hér í sambandi við veru útlendinga í landinu, þó að þeir séu ekki hér við framkvæmdir. Þar á ég við varnarliðið og allt í sambandi við það. Það mundi ekki vera hyggilegt fyrir okkur að bæta öðru hliðstæðu vandamáli við. Sannleikurinn er sá, að dvöl stórra erlendra vinnuflokka í ýmsum löndum er þegar orðin að stórkostlegu vandamáli og það meðal stórþjóða, og þeir fylgjast ekki mikið með í nálægum löndum, sem gera sér ekki grein fyrir því, að þar er vandi á ferðum.

Sérréttindi margs konar er gert ráð fyrir, að þessir aðilar hafi í samanburði við íslenzka atvinnurekendur. Það á að vera sérregla um þeirra skatta. Þeir eiga ekki að breytast í 25 ár, þó að skattar á Íslandi breytist yfirleitt. Það er sett nú regla um þetta, sem á að gilda í 25 ár fyrir þessa aðila, en þó að íslenzkir skattar hækki á þessum 25 árum, eiga þeir ekki að taka neinn þátt í því. Þetta eru því sérréttindi, sem þeir hafa í því tilliti. Tollfrelsi eiga þeir einnig að hafa, sem er mjög þýðingarmikil sérréttindi, og það mundi sannarlega birta hjá íslenzkum atvinnurekendum, ef þeir gætu fengið að búa við tollfrelsi, og mundi verða nokkuð ólík útkoma hjá ýmsum íslenzkum atvinnugreinum, ef búa mætti við algert tollfrelsi. Ég er hræddur um, að samanburður um þessi efni mundi ekki verða hagstæður fyrir þennan rekstur, ef dæmið um íslenzka atvinnuvegi væri gert upp, án þess að nokkrar tollgreiðslur kæmu þar til greina af vélum eða hráefnum eða nokkru því, sem til þarf. Það væri fróðlegt að setja upp slíkt dæmi. Þá mundi það koma bezt í ljós, hve stórkostleg sérréttindi það eru, sem hér eru ráðgerð.

Eigendur hlutabréfanna, þeir, sem eiga hlutabréfin í þessu fyrirtæki, sem eru Swiss Aluminium, eiga ekki að borga neinn eignarskatt af þeim og engan tekjuskatt af arðinum, sem úthlutað er á þessi hlutabréf. En íslenzkir at-

vinnurekendur verða að borga skatt af sínum hlutabréfum og þeir verða að borga líka skatt af þeim arði, sem þeir fá úthlutað úr fyrirtækjunum af hlutafénu. Hér er líka um mjög stórkostleg sérréttindi að ræða til handa þeim erlendu aðilum, sem eiga að leggja í þennan atvinnurekstur.

Þá er þýðingarmikið atriði, sem hefur verið talað um, og m. a. var rætt um í sambandi við ályktanir framsóknarmanna, miðstjórnarinnar, og það var, að fyrirtæki, ef til kæmi, yrði að lúta algerlega íslenzkum lögum. En því fer alls fjarri, að það sé gert ráð fyrir því í þessu sambandi, því miður, því að þetta á ekki að ganga undir íslenzka lögsögu eða íslenzka dómstóla, og hér er um mjög alvarlegt málefni að ræða. Ég held, að það sé einfaldast, að það komi hér inn í umr., 1. umr. máls í hv. d., álit hv. 3. þm. Norðurl. v., Ólafs Jóhannessonar prófessors, sem hann lét í ljós um þetta efni í vantraustsumr. á dögunum, og a. m. k. vil ég leyfa mér að vitna til þess, og ég mundi telja, að hann væri af flestum talinn vel dómbær ekki sízt um þennan þátt málsins. En hann segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Það er og vitað, að gert er ráð fyrir sérstöku og alveg óvenjulegu réttarfari í ágreiningsmálum, sem rísa kunna út af stóriðjusamningunum eða í sambandi við þá. Í þeim málum eiga íslenzkir dómstólar ekki að hafa lögsögu, nema um það verði samkomulag á milli aðila. Þau ágreiningsmál eiga að fara fyrir eins konar alþjóðlegan gerðardóm, sem sitja skal í útlöndum og skipaður skal fulltrúum frá aðilum, en oddamaður tilnefndur af þeim í sameiningu. En ef samkomulag næst ekki, þá af forseta Alþjóðadómstólsins.

Segja má, að þetta væri ekki athugavert, ef um væri að ræða venjulegan millirríkjasamning. En hér er ekki um millirríkjasamning að ræða. Hér er ekki um samning milli tveggja ríkisstj. að tefla. Hér er um að ræða samninga ríkisstj., Landsvirkjunar og Hafnarfjarðarkaupstaðar við einkafyrirtæki. Eftir öllum venjulegum reglum heyra ágreiningsmál út af slíkum samningum undir almenna dómstóla, þar sem málið er hafið, þ. e. hér á landi, undir venjulega dómstóla, alveg án tillits til þess, hvort samningsaðili er innlendur eða útlendur. Þetta er viðurkennd regla í öllum réttarríkjum. Ég efast um, að í nágrannalöndum okkar séu fordæmi fyrir því, að ríkisstj. semji hliðstæð mál undan eigin dómstólum. Krafa einkafyrirtækis, erlends hlutafélags, um að taka þessi ágreiningsmál undan lögsögu íslenzkra dómstóla hlýtur að byggjast á vantrausti á íslenzku réttarfari og tortryggni í garð íslenzkra dómstóla. Á bak við hlýtur í raun og veru að búa sú skoðun, að hér sé ekki fullkomið réttarríki.

Víst er þetta óvenjulegt og óviðunandi, þegar um er að ræða ágreining hins svissneska hlutafélags við stjórnarvöld hér á landi. En þó ofbýður manni þá fyrst, þegar gert er ráð fyrir, að sama regla gildi um ágreiningsmál út af samningum við hið Íslenzka álfélag, sem svo er kallað. En það félag er látið heita íslenzkt félag, á að skrásetjast hér sem slíkt, á samkv. orðanna hljóðan að fara að íslenzkum lögum og hafa stjórn, sem að meiri hl. er skipuð íslenzkum ríkisborgurum. Hérna á ríkið að semja svo um, að ágreiningsmál þess, Hafnarfjarðarkaupstaðar eða Landsvirkjunar við íslenzk hlutafélög séu tekin undan íslenzkum dómstólum og fengin alþjóðlegum gerðardómi til úrlausnar. Fyrr má nú rota en dauðrota. Og hvernig í ósköpunum er hægt að kalla það íslenzkt félag, sem lýtur ekki lögsögu íslenzkra dómstóla? Ég efast ekki um, að ráðh. hafi lagt sig allan fram við þessa samningsgerð, og ég efast ekki um, að ráðh. hafi ýmsu fengið breytt til batnaðar í þessum samningum. Ég tel víst, að hann hafi reynt að fá breytingu á þessum ákvæðum. En það hefur ekki tekizt. Þá hefði hann að mínum dómi átt að setja hnefann í borðið og segja: Hingað og ekki lengra. — Undir svona nokkuð er ekki hægt að skrifa fyrir fullvalda ríki, sem vill telja sig í hópi réttarríkja. Það er niðurlægjandi og í því felst frekleg móðgun, bæði gagnvart þjóðinni og íslenzkum dómstólum. Og ég verð að segja það eins og það er, að ég vorkenni dómsmrh. að verða að ganga undir það jarðarmen að undirrita slíkt. Finnst mönnum nú vanþörf á, að svona samningar séu bornir undir kjósendur, áður en þeir eru undirskrifaðir?“

Þetta sagði hv. þm. um þessi efni, og undir þetta vil ég leyfa mér að taka og til þess að vísa, og við þetta hef ég ekki neinu að bæta. En þegar viðtal var birt við forráðamenn alúmínfélagsins um þessa samninga, var sagt frá því í ríkisútvarpinu, hvernig orð hefðu fallið um þennan þátt málsins, og þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Um það ákvæði samningsins, að skipaður yrði alþjóðlegur gerðardómur til að skera úr ágreiningsmálum, sem hugsanlega gætu risið milli Swiss Aluminium og íslenzka ríkisins varðandi verksmiðjuna, sagði hann, að þessi samningur væri einstæður að því leyti.“

Ég held, að það komi nokkuð vel heim við það, sem hv. 3. þm. Norðurl. v. sagði um það, sem hér á að gerast, og um það, hvernig hann fann til í sambandi við þetta og hvaða dóm hann lagði á þessar fyrirætlanir.

Ég hef rakið þetta efni nokkuð almennt og einstaka þætti málsins og fer nú að ljúka máli mínu. Ég geri ekki ráð fyrir því, að neinn sé hissa á því, miðað við þá stefnu, sem Framsfl. hefur haft í þessum málum, og þær samþykktir, sem af flokknum hafa verið gerðar, þó að Framsfl. ákvæði það eftir jólin, þegar tilkynnt var opinberlega um þessa samningagerð, og því væri þá lýst yfir af Framsfl. hendi, að hann mundi beita sér á móti samningunum, enda vissu menn þá um flest þau atriði, sem nú eru komin fram, þó að ekki væri hægt að greina frá þeim þá, því að þm. hefðu fengið málið afhent sem trúnaðarmál.

Ég vil svo aðeins segja að lokum, að mér sýnist augljóst, að mörg þúsund milljóna fjárfesting erlendra aðila verki eins og olía á verðbólgueldinn. Margar leiðir eru opnar til þess að gera atvinnulífið fjölbreyttara á vegum Íslendinga sjálfra, og fæstu af því er hægt að koma í framkvæmd vegna manneklu. Skortir því sízt verkefnin. Þegar fyrirhuguð er stórframkvæmd

erlendra aðila, verður að ryðja til hliðar íslenzkum atvinnurekstri og lífsnauðsynlegum, opinberum framkvæmdum landsmanna sjálfra. Með samningi þessum yrði hleypt inn í landið sterku, erlendu auðfélagi, sem nyti fjölmargra sérréttinda umfram landsmenn sjálfa. Engar líkur eru til þess, að samningurinn mundi leiða til lægra raforkuverðs í landinu, þegar fram í tímann er litið, og Búrfellsvirkjun án alúmínvers er hagstæðasta virkjun, sem Íslendingar hafa nokkru sinni átt kost á. Stórfelld erlend fjárfesting, þar sem þenslan er mest, magnar byggðavandamálið og gerir það hættulegra en nokkru sinni. Breytir það ekki þessari staðreynd, þótt verja eigi nokkrum milljónatugum árlega framvegis til framkvæmda úti um land, en þær ráðstafanir eru þó aðeins brot af því, sem gera hefði þurft, þótt engin stóriðja á þéttbýlissvæðinu kæmi til greina, og þessar ráðstafanir er auðvelt að gera að engu með því að draga úr öðrum framkvæmdum í þessum byggðarlögum. Full ástæða er til að ætla eftir yfirlýsingum úr ráðherrastólunum sjálfum, að það sé það, sem eigi að gera.

Samningur þessi hefur inni að halda ákvæði, sem jafngilda niðurlægjandi vantrausti á íslenzkum dómstólum og íslenzkri réttargæzlu og eru því vansæmandi fyrir íslenzku þjóðina. Það ber því að mínu viti að hafna þessum samningi, sem mætti kalla óhagstæðan forréttindasamning. Framsfl. mun því beita sér gegn löggildingu samningsins. Á hinn bóginn tel ég eðlilegt, að nál. komi fram, og mun því ekki ganga gegn því, að frv. fari til 2. umr. og nefndar.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Með samningi þeim, sem hér er lagður fyrir Alþ. til staðfestingar, er lagt inn á nýja braut í atvinnumálum þjóðarinnar. Með þessum samningi er ráðgert að heimila erlendu einkafyrirtæki atvinnurekstur í landinu í allstórum stíl. Gert er ráð fyrir, að hinn erlendi aðili fái samning í þessum efnum til langs tíma og hann fái tryggingu fyrir margvíslegum og miklum sérréttindum sér til handa umfram það, sem nokkrir Íslendingar fá að njóta. Eins og hér hefur komið fram fyrr í þessum umr., er hér greinilega um mikla stefnubreytingu að ræða í málefnum okkar. Það hefur verið viðurkennd meginstefna Íslendinga í atvinnumálum, að landsmenn sjálfir ættu atvinnutækin og hefðu með höndum rekstur þeirra. Það má segja, að þetta hafi verið grundvallaratriði í uppbyggingu atvinnulífsins nú um alllangt skeið. Þessi stefna hefur auðvitað ekki verið mörkuð við Ísland eitt. Það má segja, að svo að segja allar efnahagslega sjálfstæðar þjóðir hafi lagt áherzlu á þessa stefnu í öllum meginatriðum. Þær hafa lagt áherzlu á það að byggja upp atvinnulíf á þann hátt, að landsmenn sjálfir réðu þar yfir atvinnulífinu og stjórnarvöld viðkomandi lands hefðu alveg óumdeilanlega vald yfir þróun atvinnulífsins eða uppbyggingu atvinnulífsins. Þó vita menn vel um það, að nokkur lönd hafa hrakizt frá slíkri stefnu, og þar hafa málin skipazt þannig, að erlendir aðilar hafa náð úrslitatökum á atvinnulífi viðkomandi landa. Þetta fyrirbæri er t. d. þekkt frá löndum Suður-Ameríku, og satt að segja hefur það ekki þótt eftirbreytnivert, ekki a. m. k. í Evrópulöndum, að taka upp eitthvað svipað skipulag á þróun atvinnumálanna og þar hefur verið. Það hefur einnig greinilega orðið þannig í ýmsum fátækum löndum, sem fyrr voru nýlendur. Þar hefur þetta skipulag verið ríkjandi, að erlendir aðilar hafa þar ráðið yfir mjög þýðingarmiklum þáttum atvinnulífsins. — Stundum hefur verið að því vikið, að í ýmsum vel stæðum ríkjum, eins og t. d. Noregi, hafi mjög verið keppzt við það að fá erlenda atvinnurekendur til þátttöku í atvinnurekstri í landinu. En það fer þó ekkert á milli mála, að þátttaka útlendinga í atvinnulífinu, t. d. í Noregi, er tiltölulega lítil í samanburði við atvinnulíf Norðmanna sem heild, og um það verður ekki heldur deilt, að norsk stjórnarvöld hafa fullkomlega ráðin í sínum höndum í sambandi við þann erlenda atvinnurekstur, sem þar er, og norsk stjórnarvöld geta í rauninni markað þá stefnu, sem marka þarf í atvinnuuppbyggingu landsins á hverjum tíma. Það er því mjög villandi, þegar er verið að nefna einstök dæmi, eins og t. d. frá Noregi, um þátttöku útlendinga í atvinnulífi þar í landi og vilja heimfæra það sem fordæmi fyrir okkur Íslendinga, sem búa auðvitað við slíkar kringumstæður vegna okkar fámennis, að það, sem getur vel verið þolanlegt fyrir þá í Noregi, getur orðið óbærilegt fyrir okkur í þessum efnum.

Við Íslendingar höfum á undanförnum árum verið tiltölulega mjög strangir með þessa meginstefnu okkar að binda okkur við það, að landsmenn einir ættu atvinnutækin í landinu og landsmenn einir hefðu yfirráð yfir atvinnulífinu. Við höfum haft allmiklu strangari reglur í þessum efnum en flestar aðrar þjóðir. Það má t. d. nefna dæmi eins og það, að hér á landi hefur það um langan tíma verið bannað, að útlendingar rækju héðan fiskiskip, og bannað að taka til vinnslu hér í landinu afla af erlendum fiskiskipum og í mörgum öðrum greinum hafa réttindi útlendinga í landinu verið meir takmörkuð hér en víðast annars staðar. Þetta er auðvitað vegna okkar sérstöðu í þessum efnum. Við vitum, að við þolum ekki mikil eða sterk áhrif erlendis frá í þessum efnum, án þess að það gæti í rauninni haft hinar alvarlegustu afleiðingar fyrir okkur. En með þeim samningi, sem nú er hér lagður fyrir Alþ. til staðfestingar, er greinilega verið að marka nýja stefnu í þessum efnum. Og það fer ekkert á milli mála, eins og hér hefur verið bent á, að það einstaka tilfelli eða einstaka atriði, sem þessi samningur fjallar um, þ. e. a. s. um byggingu og rekstur alúmínbræðslu, er út af fyrir sig ekkert einstakt, heldur er það í rauninni aðeins eitt af eflaust mörgum tilfellum, sem þeir aðilar, sem að þessu máli standa, hafa haft á prjónunum. Það er því eðlilegt, að þegar boðuð er ný stefna á þennan hátt í jafnþýðingarmiklu máli sem þessu, komi fram spurningar um það, hvað það sé í raun og veru, sem á það knýr að taka upp þessa nýju stefnu nú. Hefur reynsla okkar af þeirri stefnu, sem við höfum bundið okkur við á undanförnum árum, verið slík? Höfum við dregizt verulega aftur úr öðrum þjóð-

um í efnahagslegum efnum þann tíma, sem við höfum haldið okkur við þessa stefnu? Eða hvað er það annað, sem hér knýr á? Ég býst við því, að það komi líka upp spurningar hjá ýmsum í þá átt, hvað menn hafi hugsað sér í þessum efnum í ýmsum öðrum greinum, fyrst á að taka upp þessa nýju stefnu um atvinnurekstrarréttindi útlendinga? Menn gætu t. d. spurt: Er ætlun þeirra, sem standa að flutningi þessa máls, sú að heimila t. d. erlendum stórverzlunarfyrirtækjum leyfi til þess að byggja upp mikil verzlunarfyrirtæki á Íslandi? Ætti t. d. að leyfa einhverjum, sem kynni að hafa hug á því, að byggja slík verzlunarhús hérna í miðborginni í Reykjavík og taka upp almenna verzlunarstarfsemi, bæði innanlands og eins í sambandi við okkar utanlandsverzlun? Ætti að heimila slíkum aðilum að flytja inn allt byggingarefni til slíkra framkvæmda, án þess að þeir þyrftu að greiða tolla af? Það mætti a. m. k. segja um slík tilfelli, svipað og nú hefur verið sagt: Hvað er á móti því, þó að þeir fái að nota sitt fjármagn? Þeir eru ekki að ráðstafa okkar fjármagni til þess að byggja hús sín hér á landi og standa undir ákveðinni þjónustu hér. — Vissulega gætu útlendingar í þessum efnum óskað eftir slíkum fríðindum hér. En það mætti segja mér, að þeir, sem að þessu máli standa, hikuðu frekar við að heimila slíkan atvinnurekstur á sviði verzlunar á Íslandi heldur en á sviði ýmissa annarra þátta atvinnulífsins? Ég býst líka við því, eins og ég hef vikið að nokkrum sinnum áður, að það hljóti að koma upp í sambandi við þessa nýju stefnu spurning um það, hvort eigi að heimila útlendingum, sem vilja leggja fram nægilegt fjármagn í því skyni, að hefja útgerð frá Íslandi og reisa hér fiskiðnaðarverksmiðjur, sumar af þeim tegundum, sem við höfum ekki enn treyst okkur til að koma upp í landinu.

Ég held, að þeir, sem nú gerast talsmenn þessarar nýju stefnu, hljóti að verða að svara því, hvað þeir hugsa sér um framhald þessarar stefnu, hvort þeir geti hugsað sér það að veita t. d. í þessum tilfellum, sem ég hef minnzt á, sérréttindi útlendingum, eitthvað af svipuðu tagi þeim sérréttindum, sem hér er nú gert ráð fyrir að veita hinu svissneska alúmínfyrirtæki.

Ég spurði um, hvaða ástæður það væru einkum, sem hefðu knúið á með það að taka upp þessa nýju stefnu. — Á það hefur stundum verið bent, að það, sem hér hafi valdið allmiklu um, hafi verið vantrú og vantraust núverandi stjórnarvalda og efnahagssérfræðinga ríkisstj. á aðalatvinnuvegum landsmanna. Ríkisstj. hefur nú reynt að afneita þessu hér í þessum umr. og segist hafa fulla trú t. d. á íslenzkum sjávarútvegi, framtíð hans. En ég held, að það liggi fyrir svo ótvíræðar sannanir í þessum efnum, að ríkisstj. geti ekki, úr því sem nú er komið, skotið sér á bak við einhverjar nýjar yfirlýsingar í þessum efnum.

Eins og kunnugt er, var sú stóriðjunefnd, sem einkum hefur staðið að samningunum við svissneska alúmínhringinn, sett á fót árið 1961. Strax snemma á árinu 1962 ferðaðist formaður stóriðjunefndar, Jóhannes Nordal bankastjóri Seðlabankans, nokkuð á milli landa til þess að athuga alveg sérstaklega um möguleika á því að gera samninga af því tagi, sem er verið að gera hér nú um alúmínbræðslu á Íslandi. Hann hafði þá viðtal við erlent blað og skýrði frá því, hvers vegna hann væri kominn þangað út í þeim tilgangi að eiga samninga við erlenda aðila um atvinnurekstur á Íslandi og sérstaklega um byggingu alúmínverksmiðju. Orðrétt hefur dagblaðið Börsen þetta eftir Jóhannesi, og útdráttur úr þessu viðtali birtist hér 24. febr. 1962 í fleiri en einu af Reykjavíkurblöðunum, en Jóhannes sagði þá, þegar hann var spurður um þennan leiðangur, þá sagði hann á þessa leið: „Ein aðalástæðan fyrir þessum ráðagerðum er sú, að íslenzkur sjávarútvegur er ekki talinn geta aukið útflutningstekjur sínar nema um 5% í hæsta lagi á ári næstu ár, og slík tekjuaukning hjá aðalatvinnuvegi landsmanna nægir ekki til að tryggja með góðu móti bætt lífskjör og velmegun í landinu. Íslendingar verða því að leita annarra möguleika til að auka útflutningstekjur sínar."

Um sama leyti hélt aðalefnahagsmálaráðunautur ríkisstj., Jónas Haralz, erindi, þá flutti hann erindi á svonefndri verkfræðingaráðstefnu hér í borginni, og þar gerði hann í ýtarlegu máli grein fyrir athugunum sínum á þessum efnum, og Jónas, eftir að hafa haft þar uppi allmikla útreikninga, komst að þeirri niðurstöðu, að það væri útilokað að búast við því, að íslenzkur sjávarútvegur, þar með talið fiskveiðar og fiskiðnaður, gæti á næstu árum aukið útflutningsverðmæti sín um meira en 4.5% að meðaltali á ári, landbúnaðurinn gæti ekki aukið framleiðslu sína um meira en 3% og íslenzkur iðnaður í hæsta lagi um 5% á ári. Og hann lýsti yfir í þessu sambandi, að hann teldi skv. þessum athugunum með öllu útilokað, að Íslendingar gætu haldið í við aðrar þjóðir Vestur-Evrópu um hagþróun og efnahagslegar framfarir, með því að treysta á þessa atvinnuvegi, og því yrðu að koma til önnur ráð. Hefur því í rauninni ekkert farið á milli mála, hvað þessir tveir þýðingarmiklu menn, sem ég hef hér nefnt og hafa alveg óumdeilanlega verið aðalefnahagsmálaráðunautar ríkisstj. og annar þeirra alger framámaður í sambandi við undirbúning þessa máls, sem hér liggur nú fyrir í samningsformi, — hvaða álit þeir hafa haft á atvinnuvegum landsmanna og möguleikum þeirra í sambandi við eðlilega efnahagsþróun í landinu. Þeir hafa hreinlega slegið því föstu, að á þessum atvinnuvegum er ekki hægt að byggja til þess, að hægt sé að bæta afkomu þjóðarinnar til samræmis við það, sem er í nærliggjandi löndum. Ef þjóðin vill tryggja sér hliðstæð lífskjör og nágrannaþjóðirnar geta tryggt sér, verður hún að fara út í stóriðjuna. Og þessir menn drógu heldur ekkert úr því, að þeir teldu, að það væri ekki á færi Íslendinga að ráðast í slíka stóriðju, til þess þyrfti að koma einkafjármagn útlendinga.

Ég hef nokkrum sinnum áður einnig bent á það, að það fór heldur ekkert á milli mála, að hæstv. forsrh. var líka á þessari sömu skoðun og efnahagsráðunautar hans, og það kannske ekki nema af eðlilegum ástæðum. Í ýmsum ummælum hans kom það alveg skýrt fram á öllum þessum undirbúningstíma í sambandi við stóriðjumálið, að hann taldi allt of veikt fyrir Íslendinga að byggja á sjávarútvegi lengur og á

hann væri ekki að treysta, það væri ekki að búast við því, að það kæmi stöðugleiki í efnahagslíf þjóðarinnar, nema t. d. stóriðja gæti komið til.

Ég minni á það, að hæstv. forsrh. sagði m. a. á sambandsþingi ungra sjálfstæðismanna í upphafi árs 1964, að með stóriðju skapaðist traust og festa í efnahagslífinu. Og í sömu ræðu sagði hæstv. forsrh. það, sem ég hef vitnað til áður, að hann efaðist um það, að nokkurt annað sjálfstætt ríki byggði velgengni sína á jafnótraustum grundvelli og fiski, sem syndir um hafdjúpin. Þetta var orðrétt haft eftir hæstv. ráðh. og birt í blöðum Sjálfstfl.

Ég hygg, að þessar tilvitnanir og margar fleiri, sem auðvelt væri að tína hér fram, sýni alveg ljóslega, að það var orðin skoðun efnahagssérfræðinga ríkisstj. og ríkisstj. sjálfrar, að það væri ekki lengur byggjandi á aðalatvinnuvegum landsmanna og í höndum landsmanna sjálfra, ef við ættum að fylgjast með öðrum þjóðum í eðlilegum efnahagsframförum. Þetta var skoðun þeirra. En svo kom aðeins reynslan og afsannaði alla útreikninga hjá þessum efnahagsráðunautum ríkisstj., – reynslan, sem sýndi, að framleiðsluaukningin í sjávarútveginum var ekki 4.5% eða 5%, heldur miklum mun meiri, og hefur núna á nokkrum árum tvöfaldazt. Og þær miklu efnahagslegu framfarir, sem orðið hafa á Íslandi einmitt núna hin síðari ár, stafa af þeim miklu möguleikum, sem Íslendingar eiga í sambandi við sinn sjávarútveg, en ekki vegna skilnings ríkisstj. eða efnahagsráðunauta hennar á þeim möguleikum, sem sjávarútvegurinn býr yfir. Þetta kom líka alveg greinilega fram, eins og ég hef bent hér áður á í umr., þegar það gerðist einmitt á miðju þessu tímabili, að hvorki meira né minna en 7 af þm. Sjálfstfl. hér í þessari hv. þd. fluttu till. um að skora á ríkisstj. að gera ráðstafanir til þess, að þeir fiskibátar Íslendinga, sem væru yfir 150 tonna stærð, yrðu sendir til fiskveiða við Afríkustrendur, vegna þess að sannað mál væri, að það væri ekki hægt að gera út slík skip við Ísland. Þetta þskj. liggur hér greinilega fyrir í skjölum Alþ. og þingtíðindum, og það verður ekki flúið frá því, að þetta var skoðun þessara 7 þm. Sjálfstfl. um það leyti einmitt sem aðrir voru að berjast fyrir því, að það ætti að stækka fiskiskipaflota landsmanna og gera hann hæfari en hann var áður til þess að notfæra sér þá auðlegð, sem væri á okkar síldarmiðum.

En svo kom reynslan til sögunnar. Fiskiskipin okkar, sem voru 150 rúmlestir að stærð og stærri, sýndu, hvaða möguleikar voru fyrir hendi, og hagnaðurinn á þeim skipum, sem fyrir voru, í sambandi við nýtingu þeirra vinnslustöðva, sem byggðar höfðu verið upp, varð til þess, að ný skip voru keypt og það kom verulegur framfarakippur í þessi mál, og auðvitað jókst stórkostlega gjaldeyriseign landsmanna og afkoma þjóðarbúsins í heild batnaði. En þegar þetta hafði allt saman gerzt, kemur hæstv. núv. ríkisstj. fram fyrir þjóðina og segir: Þarna sjáið þið, hvort við höfum ekki kunnað tökin á málunum í efnahagsmálunum og gert hér það ástand, sem var ekki gott, að góðu ástandi. – Og þeir koma varla svo upp í ræðustólinn, hæstv. ráðh., að þeir hæli sér ekki fyrir það, að gjaldeyriseign þjóðarinnar skuli nú vera orðin 2000 millj. kr., eins og einhverjar ráðstafanir ríkisstj. hafi leitt til þess, að þessi gjaldeyrissjóður myndaðist.

Vitanlega er það svo, að það eru einmitt þeir miklu möguleikar, sem eru tengdir við okkar aðalatvinnuveg, okkar sjávarútveg, sem eru undirstaðan að því, að svona hefur farið, þrátt fyrir skilningsleysi stjórnarvaldanna í landinu. Og það er í rauninni kátbroslegt, að einmitt á þeim tíma, sem ríkisstj. er að reyna að baksa í gegn með alúmínsamningana við hinn svissneska auðhring og hælir sér af, að það megi búast við því, að gjaldeyristekjur þjóðarinnar geti vaxið um í kringum 300 millj. kr. á ári af þessum rekstri, sem ég mun koma nánar að síðar að er hrein fjarstæða, fær ekki staðizt með nokkru móti, þá er það svo, að aðeins tiltölulega lítill hluti af þessum stærri fiskibátaflota okkar fer á nýjar veiðar, sem hafa ekki verið þekktar hér áður, lítill hluti af þessum flota stundar hér loðnuveiðar í 2½ mánuð og leggur í þjóðarbúið meira en alúmínverksmiðjan mundi gera á heilu ári skv. útreikningum ríkisstj. Aðeins ný grein þar skilar fljótlega öðru eins og því, sem ríkisstj. ætlar að kaupa því dýra verði, sem hún hugsar sér að kaupa þessa alúmínvinnslu.

Ég tel, að það sé enginn vafi á því, að eitt verulegt atriði í því, að ríkisstj. fór út á þá braut að gera þessa alúmínsamninga og yfirgefa hina gömlu atvinnuuppbyggingarstefnu og atvinnurekstrarstefnu okkar Íslendinga og hleypa hér erlendum einkaaðila inn í atvinnulífið, — að eitt þýðingarmikið atriði í því, að þetta hefur verið gert, hefur einmitt verið vantrú stjórnarvaldanna á atvinnulífi landsmanna sjálfra, vantrúin á íslenzka sjávarútveginn, skilningsleysið á því, hvað íslenzkur sjávarútvegur gæti fært í okkar þjóðarbú, ef réttilega væri á haldið. En það hefur auðvitað fleira komið til en þessi vantrú. Jafnframt þessari vantrú á íslenzkum atvinnuvegum hefur svo það komið til, að það má segja, að ríkisstj. og hennar sérfræðingar hafi gersamlega misst áttirnar í sambandi við stöðu hins litla íslenzka þjóðfélags í samanburði aftur við meira og minna ímyndað stórríki Vestur-Evrópu, sem mikið hefur verið talað um á undanförnum árum. Það fór auðvitað ekkert á milli mála. að forustumenn núv. ríkisstj. höfðu í huga að reyna að drífa Ísland inn í Efnahagsbandalag Evrópu. Þeir voru bæði farnir að halda þannig ræður og senda frá sér þannig skrif, að það kom mjög greinilega fram, að þeir töldu heldur vonlítið, eins og þeir litu þá á framtíðina, fyrir hina íslenzku smáskútu að vera þar eina á ferð og miklu væri vænlegra að hengja hana aftan í stórskip stórþjóðanna eða samtök stórþjóða.

Það atvikaðist svo sem allir vita, að það varð ekki jafnknýjandi að taka afstöðu til þess, hvort Ísland ætti að tengjast Efnahagsbandalagi Evrópu á beinan eða óbeinan hátt, eins og út leit á tímabili. Þakkað sé De Gaulle þar fyrir. Hann kippti þar ýmsu úr lagi, og varð því ekki eins aðkallandi að skera úr um það hér, hvort meiri hluti væri fyrir því að koma Íslandi inn í Efnahagsbandalag Evrópu.

Nú vitum við, að það málið, sem einmitt lá að baki myndunar Efnahagsbandalags Evrópu og liggur enn, er fyrst og fremst það sjónarmið auðhringanna í Evrópu, að þeir vildu fá aukið svigrúm fyrir sig til atvinnurekstrar í löndum utan sinna heimalanda. Þeir vildu fá svigrúm til þess að geta flutt á milli fjármagn eftir vild, flutt á milli vinnuafl. Þeir vildu í stuttu máli sagt fá sem almenna viðurkenningarreglu það, sem nú er verið að gera fyrir hinn svissneska *alúminhring hér*. Þeir vildu aðeins fá þetta viðurkennt sem almenna reglu á milli allra þeirra landa, sem væru í Efnahagsbandalaginu, að þeir gætu unnið á þessum grundvelli.

Þegar núv. ríkisstj. stendur því að því að gera þann samning við svissneska alúmínauðhringinn, sem hún hefur gert, er hún einmitt á þessari sömu braut. Hún hefur ekki enn þá vikið frá þessari hugsun, og það fer auðvitað heldur ekkert á milli mála, að sú hugsun er fyllilega vakandi enn hjá ýmsum forustumönnum ríkisstj., að spurningin um beina eða óbeina þátttöku í Efnahagsbandalagi Evrópu geti komið upp fyrr en varir, og þá álíta þeir, sem þannig trúa, að það sé gott að gefa mönnum þetta inn í skömmtum, t. d. að meðtaka þennan samning sem fyrsta skammt og síðan að lögleiða regluna almennt á eftir.

Ég held, að það hafi verið þessi afstaða hjá ýmsum af forustumönnum ríkisstj. og efnahagssérfræðingum hennar, þessi afstaða til Efnahagsbandalags Evrópu eða myndunar slíkra samtaka, sem hafi verið þess að verulegu leyti valdandi, að þeir héldu áfram á þessari braut á þann hátt, að það endaði með þessari samningsgerð, sem hér liggur nú fyrir.

Og þriðja atriðið, sem ég er ekki í neinum vafa um, að hér hefur ráðið allmiklu um, að þessi samningur var gerður, var svo það, að það voru ýmsir af sterkum stuðningsmönnum ríkisstj., áhrifamönnum innan ríkisstj., sem sáu miklar gróðavonir í sambandi við komu hins svissneska auðhrings hingað til lands. Þessir einstaklingar hafa gert sér vonir um það að geta orðið umboðsmenn á beinan eða óbeinan hátt hins erlenda auðhrings, þjónustumenn hans í ýmsum efnum, og hafa hugsað gott til glóðarinnar, að þeir gætu haft hér drjúgan gróða af.

Það er skoðun mín, að það séu þessi þrjú atriði, sem hér ráða mestu um: Í fyrsta lagi vanmatið og vantrúin á íslenzkum atvinnuvegum og íslenzkum atvinnurekendum, í öðru lagi hugmyndirnar og afstaðan til efnahagsbandalagsmálsins og svo gróðahyggja tiltekinna manna, sem áttu mjög innangengt hjá ríkisstj. og vildu gjarnan fá þetta mál fram.

Það er kannske ekki mikil þörf á því að ræða hér í ýtarlegu máli um reynslu þá, sem við höfum raunverulega haft, Íslendingar, af þeirri stefnu, sem við höfum haldið okkur við í okkar atvinnuuppbyggingu á undanförnum árum. Ég hygg, að sú reynsla liggi svo ljóslega fyrir öllum og að hún sé viðurkennd á þá lund, að það þurfi þar ekki mörgum orðum um að fara. Nú mun það vera svo, að heildarútflutningsverðmæti íslenzkra sjávarafurða er í kringum 6000 millj. kr. á ári, og það er skoðun mín, að allar líkur séu til þess, að þessi upphæð muni fara verulega vaxandi á þessu nýbyrjaða ári. Það er því greinilegt, að þó að útreikningar ríkisstj. um gjaldeyristekjur af alúmínbræðslunni væru réttir, í kringum 300 millj. kr. á ári, þá segir slík upphæð ekki mikið í samanburði við það, sem íslenzkur sjávarútvegur leggur með sér á ári, og ekki heldur mikið í sambandi við þá aukningu, sem verður á vegum sjávarútvegsins á hverju ári. Reynslan hefur verið sú, að íslenzkur sjávarútvegur hefur staðizt hin ótrúlegustu átök, vil ég segja, á undanförnum árum og sýnt þar með einmitt, hversu öflugur sjávarútvegurinn er í sjálfu sér eða hversu miklir möguleikar eru í sambandi við hann. Við vitum, að síðan á miðju ári 1961 hefur allt verðlag í landinu hækkað nærri því að vera um helming. Það hefur nærri því tvöfaldazt síðan. En á þessum tíma hefur þó íslenzkur sjávarútvegur orðið að taka á sig allar þessar miklu verðhækkanir sem aukin útgjöld í sambandi við reksturinn, án þess að til kæmu breytingar á gengi íslenzkrar krónu. Sjávarútvegurinn hefur því þurft að standa undir þessum miklu álögum með aukinni framleiðslu og með hækkuðu verði á útflutningsvörum.

Þeir styrkir, sem komið hafa til sjávarútvegsins á þessu tímabili frá ríkissjóði, eru tiltölulega litlir, þegar litið er á sjávarútveginn í heild. Ég hygg, að það mætti leita víða og lengi eftir því að finna atvinnugrein, sem byggist aðallega á útflutningi, sem hefði þolað slíka aflraun eins og þetta hefur verið fyrir íslenzkan sjávarútveg. En hann hefur staðið þetta af sér. Og ástæðurnar eru þessar, að með því að við notfærðum okkur í auknum mæli vaxandi þekkingu og nýja tækni, þá höfum við getað aukið aflamagnið verulega, og með því að breyta þar nokkuð til um gerð okkar atvinnutækja, og svo hefur hitt komið til, að það hafa verið og eru allar líkur til þess, að það verði um langan tíma enn mjög vaxandi eftirspurn einmitt eftir þeim vörum, sem sjávarútvegurinn framleiðir.

Ég held því, að við Íslendingar ættum einmitt að vera mjög bjartsýnir á möguleika okkar sjávarútvegs og að það sé mjög óréttmætt, að stjórnarvöld landsins sýni slíkri atvinnugrein það vantraust, sem núv. ríkisstj. hefur alveg óumdeilanlega sýnt þessari atvinnugrein, miðað við þá reynslu, sem fyrir liggur. Jú, það hefur verið vikið að því, að e. t. v. séu fiskstofnarnir við Ísland að ganga saman, og það hefur nokkuð verið gert úr því, að einn af fiskifræðingum okkar sendi frá sér skýrslu nú fyrir skömmu, sem fól í sér nokkra aðvörun í sambandi við ástand þorskstofnsins við Ísland. Ég vil ekki að þessu sinni fara langt út í þessa skýrslu, en vil þó benda á það, að sú skýrsla, sem fiskifræðingurinn vitnaði til, sýnir, að á undanförnum nokkuð mörgum árum hefur heildaraflamagnið á Íslandsmiðum nokkuð farið minnkandi. Hlutur okkar Íslendinga hefur ekki minnkað í þessu fiskmagni eða þorskveiðinni, en hlutur útlendinga hefur farið verulega minnkandi. Þær ráðstafanir, sem við Íslendingar gerðum í landhelgismálunum árið 1958, leiddu til þess, að það magn, sem Bretar veiddu hér við land, minnkaði mjög verulega. En svo gerðist það, að núv. ríkisstj. hvarf frá þessari stefnu, sem þá var upp tekin, snemma á árinu 1961 og veitti Bretum

undanþágu til þess að veiða innan fiskveiðilandhelginnar um þriggja ára skeið. Þessar sömu skýrslur fiskifræðingsins, sem hann lagði til grundvallar, sýna, að veiði Breta á Íslandsmiðum af þorski fór þá aftur upp mjög verulega. En eigi að síður standa málin þannig, þrátt fyrir þetta frávik, sem þarna var, að heildarveiði útlendinga á Íslandsmiðum af þorski og ýsu hefur farið minnkandi. Ég held því, að ef við Íslendingar héldum okkur við þá stefnu, sem við mörkuðum í okkar fiskveiðimálum árið 1958 með útfærslu landhelginnar, og með því að ná meira og meira undir okkar yfirráð af fiskimiðunum við Ísland, einnig utan 12 mílna svæðisins, þá held ég, að það ætti engin hætta að vera á ferðinni í sambandi við þorskstofninn við Ísland, vegna þess að reynslan sýnir, að það er tiltölulega minna tekið úr sjónum af þessum fiski en áður var um margra ára skeið. En leiðin er sem sagt ekki sú í þessum efnum að greiða götu brezkra togara eða annarra erlendra fiskiskipa inn á fiskimiðin við Ísland. Leiðin er vitanlega sú, að við höldum okkur við það, að við Íslendingar getum á eðlilegastan hátt og beztan hátt nýtt þær auðlindir, sem fiskimiðin við landið eru. Og á meðan það er svo, að aðrar þjóðir veiða hartnær jafnmikið af þorski og ýsu á Íslandsmiðum og við Íslendingar gerum, þá eigum við ekki að draga að okkur höndina, heldur eigum við að halda áfram okkar fyrr mörkuðu stefnu að ná yfirráðum yfir fiskimiðunum og setja þær reglur, sem þurfa að vera í gildi um nýtingu miðanna, jafnvel þó að þær reglur bitni á útlendingunum.

Ég held, að sú reynsla, sem við stöndum nú frammi fyrir í sambandi við stöðu okkar atvinnuvega, sé þannig, að hún ætti að sanna okkur það, að við Íslendingar höfum á undanförnum árum getað aukið heildarframleiðslu okkar meir en nágrannaþjóðir okkar hafa gert. Við höfum getað aukið okkar þjóðartekjur meira en þær hafa gert á undanförnum árum með því að nýta sjálfir okkar auðlindir, og ég held, að við ættum að koma auga á það, að við eigum enn eftir gífurlega mikla möguleika í sambandi við nýtingu þessara auðlinda. Við erum mjög skammt á veg komnir í sambandi við okkar fiskiðnað, og ég efast ekkert um, að það er rétt, sem fiskimálastjóri landsins setti fram í grein fyrir ekki löngu, að það væri auðvelt fyrir Íslendinga að tvöfalda útflutningsverðmæti íslenzkra sjávarafurða með því að snúa sér af fullum krafti að því að fullvinna þann afla, sem á land berst, í stað þess að selja hann að langmestu leyti úr landi sem hráefni. Og eins og hér hefur verið vikið að í þessum umr., eru mörg önnur verkefni, sem standa okkur Íslendingum nær en það að gerast vinnumenn hjá erlendum auðhring í alúmínframleiðslu. Auðvitað er það verkefni miklu nær okkur Íslendingum að setja hér upp myndarlega stálskipasmíði og smíða svo að segja allan þann fiskiskipaflota, sem við þurfum á að halda. Það er enginn vafi á því, að slíkur iðnaður, auk þess að hann hefur mikið efnahagslegt gildi, mundi einnig hafa mikið gildi einmitt fyrir það hjá okkur að ráða nokkuð sjálfir um það, hvernig bezt er að gera fiskiskipin úr garði á hverjum tíma. Nú verðum við að sækja þetta meira og minna til annarra, sem þekkja ekki að öllu leyti okkar aðstæður, og það er því enginn vafi á því, að það að tileinka okkur þennan iðnað hefði einnig mikla þýðingu frá því sjónarmiði.

Margar aðrar greinar má benda á, eins og t. d. iðnað í sambandi við okkar landbúnaðarafurðir. Það er enginn vafi á því, að þar eigum við Íslendingar mikla möguleika og þau verkefni eru miklu eðlilegri fyrir okkur og mundu skila miklum mun meiri arði í okkar þjóðarbú heldur en að hníga að því ráði að selja okkar vinnuafl á leigu til erlendra aðila.

Mig langar þá að víkja hér nokkrum orðum að þeirri röksemdafærslu, sem hér hefur komið fram af hálfu ríkisstj. fyrir þessari samningsgerð. Því hefur verið haldið hér fram, að raforkusölusamningurinn við alúmínhringinn sé Íslendingum hagstæður og hann muni skapa grundvöll að því, að hægt verði á komandi árum að lækka rafmagnsverð til landsmanna sjálfra, eða þá að því, að hægt verði með meiri hraða en áður að vinna að rafvæðingu landsins. Hæstv. iðnmrh. hefur haldið því fram hér, að fyrir lægju útreikningar, sem ekki væri hægt að hnekkja, sem sýndu það, að landsmenn mundu græða nokkur hundruð millj. kr. á næstu 20 árum á því að gera þennan raforkusölusamning, fram yfir það, sem yrði, ef Þjórsá yrði virkjuð við Búrfell fyrir landsmenn sjálfa.

Á það hefur verið bent fyrr í þessum umr., að þessir útreikningar, sem hæstv. ráðh. vitnar til, fái illa staðizt. Í fyrsta lagi er það rétt, sem hér hefur verið bent á, að við þessa útreikninga hefur nokkur hluti af þeim skatti, sem gert er ráð fyrir að alúmínverksmiðjan greiði, verið færður yfir í raforkuverðið, og samkv. upplýsingum, sem fulltrúar ríkisstj. gefa, nemur skekkjan í þessum útreikningi af þessari ástæðu um 200 millj. kr. Nú efast ég ekkert um, að hæstv. iðnmrh. viðurkennir það, eins og margsinnis hefur komið fram frá hans hálfu áður, að það verð, sem samið var um á raforku til hringsins, var 2.5 millj. eða sem nemur 10.75 aurum á kwst. Það var það rafmagnsverð, sem um var samið. En hins vegar var horfið að því ráði að flytja nokkurn hluta af þeim skatti, sem alúmínbræðslan átti að greiða, yfir í rafmagnsverðið fyrstu árin, væntanlega fyrstu 6 árin, sem verksmiðjan starfaði. Það er því algerlega óréttmætt að telja það rafmagnsverð, sem til verður með þeim hætti, sem eitthvert raunverulegt rafmagnsverð, sem rétt sé að miða við.

En það eru fleiri skekkjur í þessu dæmi, sem hæstv. iðnmrh. vitnar til. Það er auðvitað fjarri öllu lagi að gera þann samanburð að ætla, að í öðru tilfellinu sé öll raforka, sem framleidd er í virkjuninni, seld, en það er í sambandi við sölu til alúmínverksmiðjunnar, en í hinu tilfellinu sé mjög verulegur hluti raforkunnar ekki seldur, fyrir hann fáist ekki neitt. Það er að vísu rétt varðandi hina almennu notkun í landinu, sem byggist á því verðlagi, sem nú hefur verið lagt til grundvallar í okkar rafmagnsmálum, að það er ekki líklegt, að þessi umframorka seljist öll við því verði. En það gefur alveg auga leið, að það væri hægt að selja

verulegan hluta af þessari orku, ef verðið yrði lækkað, t. d. niður undir það, sem verðið er til alúmínbræðslunnar.

Hæstv. iðnmrh. minntist á, að það hefði þótt út af fyrir sig rétt og hagkvæmt að selja áburðarverksmiðjunni nú um alllangan tíma raforku á verði, sem er talsvert undir beinu framleiðslukostnaðarverði, af því að þar var að nokkru leyti um að ræða raforku, sem hefði ekki nýtzt með öðru móti. Nú veit hæstv. iðnmrh. það, að áburðarverksmiðjan er löngu orðin of lítil. Hún hefur ekki einu sinni getað gengið með fullum afköstum, vegna þess að hana hefur skort raforku, og það hefur mjög komið til greina að stækka þá verksmiðju verulega. Auðvitað hefðu Íslendingar getað gert sér nokkur verðmæti úr umframorkunni með því að selja hana til áburðarverksmiðju eða stækkaðrar áburðarverksmiðju, ef þeir hefðu kosið það. Og það er auðvitað enginn vafi á því heldur, að við gætum auðveldlega selt allmikið af þessari umframorku, sem yrði í þessu raforkuveri, ef Íslendingar væru einir um það, til aukinnar upphitunar húsa. Ef við byðum þá raforku t. d. á 20 aura kwst., mundi slík notkun stóraukast, að ég tali nú ekki um, ef farið yrði niður í 10.75 aura. Þetta hafa auðvitað þeir aðilar, sem gerðu þennan samanburðarútreikning, vitað. En þeir kusu að sleppa þessu í sínum samanburði, af því að þeir voru að réttlæta þessa samningsgerð, sem þeir þó vita mætavel sjálfir eða eru orðnir uggandi um núna, að fái ekki staðizt jafnvel og þeir hafa haldið fram. Og svo er þetta sjónarmið, að það gæti jafnvel verið betra, eins og hæstv. iðnmrh. sagði, að selja umframorku á lægra verði en sem nemur beinum framleiðslukostnaði. Jú, auðvitað er það hugsanlegt. Það er hugsanlegt að gera það og lítur auðvitað talsvert mikið öðruvísi út, ef landsmenn hefðu þar farið að verzla við sitt eigið fyrirtæki. En er það sú stefna, sem við eigum að marka okkur í þessum málum, að eiga slík viðskipti við útlendinga, að við seljum þeim verulegan hluta af okkar raforku undir framleiðslukostnaðarverði? Það er upplýst, að frændur okkar, Norðmenn, halda sig við þá stefnu, að þeir vilja ekki selja raforkuna undir framleiðslukostnaðarverði.

Ég skal svo ekki fara miklu lengra út í raforkusölusamninginn. Þó vil ég aðeins bæta því við, að í þessum samanburði, sem ég gerði hér að umtalsefni, er gert ráð fyrir því, að það verði að koma til ný virkjun í Háafossi, og vegna þess að það er vitað mál, að Búrfellsvirkjun dugir landsmönnum ekki nema í nokkur ár, 7–8 ár, með því að ⅔ hlutar af virkjuninni gangi til alúmínbræðslunnar, þá þyrfti í þessu samanburðardæmi að ganga út frá því, að ráðizt yrði í nýja virkjun, og þá er valin virkjun í Háafossi og því slegið fram, að sú virkjun muni kosta 975 millj. kr. og hún muni þó verða að stærð 126 megavött. Nú er upplýst af hinum kunnugustu mönnum í þessum efnum, að engin nákvæm áætlun hafi verið gerð um þessa virkjun og margvíslegar undirbúningsathuganir verði að fara fram, áður en hægt sé að segja til um það með nokkurri vissu, hvað þessi virkjun muni kosta. En ekki nóg með það. Þegar betur er að gætt, kemur í ljós, að þetta verð, sem sagt er, að hægt sé að virkja þarna fyrir, 975 millj. kr., er svo lágt, að það slær sjálfa Búrfellsvirkjunina út. Til þess að fá samanburðinn á þann hátt, sem áróðursmenn raforkusölusamningsins við alúmínbræðsluna helzt vilja, er ekki lengur haldið sig við það, að Búrfellsvirkjun sé hagstæðasta virkjunin, sem Íslendingar ráði yfir. Nei, þá er gert ráð fyrir því, þegar búið er að nota hana upp, að þá sé hægt að fara í Háafossvirkjun, sem sé ódýrari en virkjunin við Búrfell fullvirkjuð. Það er enginn vafi á því, að þessar tölur eru með þeim hætti, að það verður að taka þær með mikilli gætni. Ég hygg, að hitt muni miklu réttara, að því sé svo varið, að þegar Íslendingar verða að velja sér virkjunarstað eftir fullnýtingu Búrfellsvirkjunar, verði þeir að virkja á eitthvað dýrari grundvelli en þeim, sem virkjað er við Búrfell. En ef það hefði verið gert, hefði auðvitað komið allt annað út úr þessu samanburðardæmi, sem hæstv. iðnmrh. var hér með.

Ég vil þá koma hér nokkuð að rekstri alúmínbræðslunnar og þeim röksemdum, sem fram hafa komið frá hálfu ríkisstj. um gildi hennar fyrir okkar þjóðarbúskap. Því er haldið fram í grg. þeirri, sem fylgir með þessu frv., að það hafi verið gerð nokkur athugun á því, hvað 60 þús. tonna alúmínbræðsla gæti gefið af sér í auknum gjaldeyri fyrir Íslendinga, og því er haldið fram, að þessi athugun hafi leitt til þess, að búast megi við, að auknar gjaldeyristekjur geti orðið 300—320 millj. kr. Þá hefur sem sagt verið ráð fyrir því gert, að heildarframleiðsla alúmínbræðslunnar, 60 þús. tonn, muni nema í útflutningsverðmæti í kringum 1300 millj. kr., og síðan er búið að draga þar frá allan kostnað af hráefni til vinnslunnar og allan kostnað vegna vaxta og vegna fyrninga á verksmiðjunni, miðað við, að hún sé fullfyrnd á 15 árum, og allan annan gjaldeyrislegan rekstrarkostnað, og sagt er síðan, að gjaldeyrishagnaður muni verða í kringum 300—320 millj. kr. Og síðan er áfram í þessari röksemdafærslu miðað við það, að gjaldeyrissjóðir Íslendinga muni aukast um þessar 300 eða 320 millj. kr., því að það gefur auga leið, að þó að þetta dæmi væri rétt upp sett og rétt útreiknað, ef hér væri aðeins um gjaldeyriseign eiganda verksmiðjunnar að ræða, bætir það ekki á neinn hátt úr fyrir okkur. Við eigum ekki þeirra gjaldeyrissjóði, þeir eiga þá sjálfir. Við Íslendingar kaupum okkur hvorki eitt né neitt fyrir þeirra gjaldeyri, því að samkv. samningunum eiga þeir þann hagnað, sem út úr verksmiðjunni kemur, og mega ráðstafa gjaldeyri sínum að sinni vild.

Það er alveg augljóst, að við Íslendingar getum aðeins fengið gjaldeyri frá þessu fyrirtæki með þrennum hætti: í fyrsta lagi fyrir það vinnuafl, sem við seljum til starfa í þessari verksmiðju, í öðru lagi með þeim skatti, sem verksmiðjan á að greiða Íslendingum, og í þriðja lagi með þeim greiðslum, sem koma fyrir raforku, sem seld er bræðslunni. Til viðbótar við þetta geta komið einhverjar örlitlar gjaldeyrisgreiðslur fyrir smávægilega aðra þjónustu. Aðrar leiðir eru ekki til fyrir okkur Íslendinga til þess að afla gjaldeyris í sambandi við rekstur þessarar verksmiðju, það gefur auga leið. Og ef

við miðum við þær forsendur, sem gefnar eru upp, að í verksmiðjunni sé áætlað, að vinni um 450 menn, eftir að hún er komin í fullan rekstur, og ef við gengjum út frá því, að allir þessir menn væru Íslendingar og vinnulaun þeirra kæmu í okkar sjóð og við reiknuðum t. d. hverjum manni í meðaltalskaup yfir árið 250 þús. kr., — og ég hugsa þó, að þetta þætti nokkuð hátt reiknað, ef verksmiðjan á að halda sig við það að borga hliðstæð launakjör og atvinnurekstur landsmanna gerir, — þá mundi þessi upphæð nema 112.5 millj. kr. á ári. Nú vitum við, að það eru allar líkur til þess, að talsverður hluti af þessum mönnum, sem eiga að vinna í verksmiðjunni, verði útlendingar, beinlínis gert ráð fyrir því í samningunum og allar líkur benda til þess. Mér þykir því mjög ólíklegt, að gjaldeyristekjur Íslendinga af vinnuaflssölu til fyrirtækisins verði yfirleitt 100 millj. kr. á ári, mjög ólíklegt. Það er gert ráð fyrir því, að skattar af fyrirtækinu geti orðið í kringum 50 millj. kr. á ári, og eru þó ýmis atriði, sem koma inn í skattgreiðsluna, þess eðlis, að það getur verið hæpið, að þessi upphæð skili sér. En látum nú svo vera, að þarna sé reiknað með því, að fáist inn 50 millj. kr. í skatt á ári, þá gætu þessar tekjur af skattinum og vinnuaflssölu til fyrirtækisins numið í kringum 150—160 millj. kr. á ári. Síðan kemur raforkusalan, sem er rétt rúml. 100 millj. á ári, en það er beinlínis gengið út frá því, að þar sé ekki um gjaldeyristekjur, ekki a. m. k. fyrstu 25 árin, að ræða fyrir Íslendinga, vegna þess að við þurfum að borga af hinum erlendu lánum jafnháa fjárhæð. Fyrstu árin getur þar ekki verið um neinar gjaldeyristekjur að ræða.

Það er því enginn vafi á því, að útreikningar þeir, sem ríkisstj. hefur verið að birta um hugsanlegar gjaldeyristekjur fyrir þjóðarbúið af rekstri alúmínverksmiðjunnar, fá ekki staðizt, og það væri gaman að heyra frá hálfu ríkisstj., hvernig þessi upphæð sundurliðast þá nánar, ef líkur eru til þess, að rekstur þessarar verksmiðju geti skilað í gjaldeyrissjóð Íslendinga 300 millj. kr. á ári, þannig að það auki okkar svigrúm í gjaldeyrismálum, sem þessari upphæð nemur. Það væri fróðlegt að fá það sundurliðað. (Gripið fram í.) Já, en það, sem þeir eiga að borga í hafnargjald eða kirkjugarðsgjald, er allt innifalið í þessum skatti. En hafnargjöldin, sem þeir eiga að borga, eru ekki heldur nema rétt á móti þeim lánum, sem eiga að standa undir höfninni, svo að þar verður ekki um neinar gjaldeyristekjur heldur að ræða, ekki fyrstu árin. Ég held því, að það sé gert miklu meira úr þeim gjaldeyristekjum, sem líklegt er, að landsmenn hafi út úr þessum rekstri, heldur en rétt sé.

Í þessum efnum hafa komið hér fram ýmsar fullyrðingar. Ég tók t. d. eftir því, að hæstv. iðnmrh. sagði, að þessi skattgreiðsla, 50 millj. kr., væri tvímælalaust hærri miðað við hvern vinnandi mann heldur en nokkurt íslenzkt fyrirtæki greiddi. Þetta er megnasta fjarstæða. Mér datt strax í hug eitt fyrirtæki, sem ég veit mætavel um, og ég gæti sýnt það hvenær sem er, að það hefur greitt miklum mun meira á hvern einstakling, sem þar vann, heldur en þarna er um að ræða, miklum mun meira. Þar á ég við síldarverksmiðju, sem greiddi í hliðstæðan skatt eins og hér er um að ræða 14 millj. kr. á einu ári, og í verksmiðjunni unnu, þegar mest var í henni, 40 menn og í allra mesta lagi 30 menn í verksmiðjunni, ef maður miðar við rekstur allt árið, svo að þetta fyrirtæki með 450 menn mætti borga talsvert mikið á 3. hundrað millj. í skatta til þess að borga jafnmikið á hvern starfandi mann og gerðist í þessu fyrirtæki.

Nei, hið rétta er það, að það er miðað við það eflaust og skakkar sennilega ekki miklu, að af rekstri þessarar verksmiðju eigi að greiða í skatta mjög svipað og er hjá stórum hópi fyrirtækja á Íslandi, en þá er bara það ekki tekið með í reikninginn, að það er búið að veita þessu fyrirtæki gífurleg skattfríðindi eftir öðrum leiðum, áður en þessum skattstiga er beitt. Íslenzku fyrirtækin verða vitanlega að borga tolla og aðflutningsgjöld af öllum sínum rekstrarvörum, og þau verða að borga tolla og aðflutningsgjöld af öllum vélum og tækjum, sem ganga til rekstrarins. En þetta fyrirtæki á ekki að borga neitt af slíkum gjöldum og hefði því raunverulega átt að vera undir hærri skattstiga heldur en íslenzku fyrirtækin eru, ef jöfnuður hefði átt að vera á. Ég hef bent á það hér áður, að aðeins sú undanþága frá greiðslu á tollum af stofnkostnaði verksmiðjunnar, sem veitt er, er áætlað að nemi um 500 millj. kr. af stofnkostnaði verksmiðjunnar, sem þá er áætlaður 2500 millj. Þetta kemur fram í skýrslu hæstv. ríkisstj. En 500 millj. kr. eftirgjöf á tollum og aðflutningsgjöldum nemur þá því, miðað við skattgreiðslu fyrirtækisins 50 millj. kr. á ári, að fyrirtækið sé skattlaust með öllu í 10 ár. Á sama hátt er það vitanlega, að það er engin smáræðis eftirgjöf sem á sér stað með því, að fyrirtækið er undanþegið þeirri skyldu að eiga að borga tolla og önnur aðflutningsgjöld af öllum sínum rekstrarvörum.

Í þeirri grg., sem fylgir þessu frv., er, eins og áður er að vikið, gengið út frá því, að í þessari alúmínverksmiðju muni starfa, þegar hún er komin í fullan rekstur, um 450 menn. Ég held nú, að þessi tala sé talsvert miklu lægri en allar líkur bendi til. Samkv. skýrslu, sem Steingrímur Hermannsson verkfræðingur hefur sent frá sér í sambandi við athugun á þessu máli, segist hann hafa fengið þær upplýsingar í Noregi, að slík verksmiðja sem þessi verði ekki rekin með minna en 550–600 mönnum. Og þegar við, sem vorum í þingmannanefndinni, sem hafði þetta mál til athugunar, vorum á ferðalagi í Noregi, fengum við þau svör, að búast mætti við, að verksmiðja af þessari stærð þyrfti ekki minna en 650 menn. En reynslan á eftir að skera úr um það, hvað marga menn þarf þarna við vinnsluna. Það sama er að segja um vinnuaflsþörf í sambandi við byggingu verksmiðjunnar. Í skýrslu Steingríms Hermannssonar segir, að hann hafi fengið þær upplýsingar í Noregi, að það megi reikna með því, að það þurfi í kringum 1200 manns þann tíma, sem mest þurfi á vinnuafli að halda við byggingu verksmiðjunnar. En hér er látið að því liggja, að ekki muni þurfa miklu meira en 600–700 menn.

Það væri auðvitað nokkur ástæða til þess að

víkja hér að ýmsum ákvæðum, sem felast í þessum samningi og veita hinum erlenda aðila allt önnur og meiri réttindi en landsmenn sjálfir eiga við að búa. En tími er nú ekki til þess að fara neitt ýtarlega í þessi atriði, en þó vil ég vekja athygli á þeim nokkrum.

Áður hef ég minnzt á undanþáguna frá tollum, sem er ekki aðeins í sambandi við byggingu fyrirtækisins, heldur einnig í sambandi við rekstur þess. Það er sýnilegt, að þessi tollundanþága í sambandi við rekstur fyrirtækisins leiðir af sér, að það verður að setja upp allmikla tollvörzlu á svæði þessa fyrirtækis. Þegar gert er ráð fyrir því, að til verksmiðjunnar séu fluttir jöfnum höndum bílar, sem notaðir eru við vinnu eða framleiðslustörf, og alls konar vélar og tæki og annar varningur, sem notaður kann að vera í sambandi við reksturinn, án þess að tollar séu greiddir af þessum varningi, þá gefur það auga leið, að það verður að hafa öfluga tollvörzlu við svæði verksmiðjunnar, og tollvarzlan verður auðvitað einnig að ná til hafnarsvæðisins, þó að þarna sé gert ráð fyrir opinni höfn. Mér sýnist því, að það stefni til þess, að þarna verði að taka upp alveg sams konar þjónustu og verið hefur á Keflavíkurflugvelli og hún hljóti að kosta allmikið fé.

Þá hef ég vikið að því hér áður, að skattgreiðslur þessa fyrirtækis eru ekki í samræmi við skattgreiðslur íslenzkra fyrirtækja. Raunverulega verða skattarnir léttari, þegar á allt er litið. Þá er gert ráð fyrir því í samningnum, að fyrirtækið þurfi ekki að hlíta eftirliti íslenzkra skattyfirvalda, heldur er gert ráð fyrir því, að þegar ríkisstj. vill láta athuga bókhald fyrirtækisins, verði ríkisstj. að leita til erlendrar endurskoðunarskrifstofu. Þetta tel ég mjög óeðlilegt ákvæði og í rauninni lítillækkandi fyrir íslenzk stjórnarvöld að fallast á það. Það mátti ekki minna vera en sá erlendi aðili, sem átti að fá aðstöðu til atvinnurekstrar á Íslandi, gengist undir það, að hann greiddi hér skatta og yrði að hlíta hér þeim reglum, sem gilda í sambandi við innheimtu skatta og aðrir í landinu verða að búa við.

Þá hef ég einnig bent á það, að þetta fyrirtæki verður undanþegið ákvæðum gjaldeyrislaganna og getur ráðstafað gjaldeyri sínum svo að segja að vild.

Þetta fyrirtæki, dótturfyrirtæki hins svissneska auðhrings, sem gert er ráð fyrir, að stofnað verði hér, ÍSAL, fær undanþágu frá gildandi hlutafélagalögum. Og síðast, en ekki síst fá þessir aðilar undanþágu í sambandi við íslenzka lögsögu. Þeir þurfa ekki að hlíta hér málsmeðferð á sama hátt og innlendir aðilar. Ef upp rís ágreiningur, geta þessir erlendu aðilar knúið það fram, að erlendur gerðardómur skeri úr um ágreiningsefnin. Hæstv. ríkisstj. reynir nú á síðustu stundu að fegra þetta ákvæði með því að segja, að hinn erlendi gerðardómur eigi þó að dæma eftir íslenzkum lögum. Alveg er það nú furðulegt, ef menn finna þá leið hagkvæma til þess að dæma eftir íslenzkum lögum að fela það verk þeim mönnum, sem ekkert kunna í íslenzku máli og ekkert þekkja til íslenzkra laga, fremur en æðsta dómstól landsins. Nei, auðvitað er málið líka þannig, að það er ekki gengið út frá því, að íslenzk lög verði hér lögð til grundvallar. Það er að vísu sagt með mjög almennu orðalagi, að það eigi að leggja til grundvallar íslenzk lög, reglur þjóðaréttar og grundvallarreglur laga siðmenntaðra þjóða. Hér er ýmsum ákvæðum hrært saman. Það á að dæma samkv. íslenzkum lögum og alþjóðalögum og lögum siðmenntaðra þjóða. Vitanlega segir þetta ekkert um það, að hægt sé að halda sér gagngert að íslenzkum lagaskýringum og íslenzkum réttarvenjum, og getur auðvitað enginn efazt um það, að hinn erlendi gerðardómur, sem kveðinn verður upp erlendis, mun úrskurða deilumálin eftir þeim reglum, sem algengastar eru hjá slíkum erlendum gerðardómi. Það kann vel að vera, að úrskurður hins erlenda gerðardóms geti út af fyrir sig verið réttlátur, það skal ég ekkert um segja. En hitt er þó alveg augljóst mál, að hér er um mjög niðurlægjandi ákvæði að ræða fyrir íslenzku ríkisstj. að fallast á þetta. Hér er greinilega um vantraust á íslenzku réttarfari að ræða og auðvitað sérstakt vantraust, sem í þessu kemur fram, á hæstarétti Íslands. Það er líka mjög eftirtektarvert, að yfirmenn hins svissneska fyrirtækis skuli hafa viðurkennt það hér á blaðamannafundi, að ákvæði hliðstæð þessu sé ekki að finna í neinum samningi, sem þeir hafa gert, og hafa þeir þó víða samið samkv. frásögn forstöðumanns fyrirtækisins. En af hverju þurfti þá alveg sérstaklega að hafa þetta ákvæði í íslenzka samningnum? Jú, skýringin hefur verið gefin, sú, að Íslendingar og íslenzkir dómstólar þekki svo lítið til þessara mála, hafi svo lítið haft með hliðstæð mál að gera, hér hafi því ekki skapazt neinar réttarvenjur og þá að sjálfsögðu ekki hægt að trúa íslenzkum dómstólum fyrir því að skapa slíkar réttarvenjur, og af þessum ástæðum, sem auðvitað eru vantraust á íslenzku aðilunum, hefur verið ákveðið að fara með þessa dómsmeðferð til annarra landa.

Ég tel, að afstaða okkar Alþb.-manna hafi komið skýrt og greinilega fram áður í umr. hér á Alþ. til þessa máls, eins í sambandi við bókun þá, sem við tveir þm. Alþb. í þmn. gerðum þar um afstöðu okkar. Ástæðurnar til þess, að við Alþb.-menn erum á móti þessari samningsgerð, eru m. a. þessar:

Í fyrsta lagi teljum við, að raforkusölusamningurinn sé mjög óhagstæður og það sé mjög hæpið, að það raforkuverð, sem lagt er til grundvallar í samningnum, standist beinan framleiðslukostnað, og við teljum, að samningurinn komi í veg fyrir það, að Íslendingar geti sjálfir á komandi árum notfært sér hagstæðustu virkjunarskilyrðin, sem þeir nú eiga. Í öðru lagi teljum við, að samningurinn sé í mörgum öðrum greinum mjög óhagstæður og varhugaverður. Við teljum óeðlilegt að heimila erlendu einkafyrirtæki atvinnurekstraraðstöðu í landinu. Við teljum mjög óeðlilegt að veita erlendum aðila hér kjör, sem eru miklum mun hagstæðari en þau kjör eru, sem íslenzkur atvinnurekstur verður við að búa. Við teljum mjög óeðlilegt, að þessi erlendi aðili, sem hér á nú að fá atvinnurekstraraðstöðu, sé fyrir utan

íslenzk gjaldeyrislög. Og við teljum mjög óeðlilegt, að samið sé um jafnviðtækar undanþágur frá lögum og gert er í þessum samningi langt fram í tíma. Við teljum, að ýmis ákvæði í samningnum séu í rauninni lítilsvirðandi fyrir Íslendinga og alveg sérstaklega fyrir íslenzka dómstóla og íslenzkt réttarfar. Við teljum, að áhrifin af þeim framkvæmdum, sem ráðgerðar eru samkv. þessum samningi, muni verða mjög hættuleg fyrir þróun efnahagsmála í landinu á næstu árum og mjög hættuleg fyrir byggðaþróunina í landinu. En þó teljum við, að það fordæmi, sem felst í þessum samningum og raunverulega boðar hér nýja stefnu, fráhvarf frá þeirri stefnu, sem gildandi hefur verið í okkar atvinnumálum, sé það versta við samningsgerðina. Við álítum, að með þessari nýju stefnu sé verið að opna dyrnar fyrir erlendum gróðafélögum til þátttöku í atvinnurekstri í landinu, og við óttumst framhaldið. Og við óttumst það, að efnahagslegt sjálfstæði þjóðarinnar geti orðið æðivalt, ef langt verður haldið áfram á þessari braut. Við teljum, að það sé enginn vafi á því, að meiri hl. Íslendinga sé andvígur þessari samningsgerð. Við teljum, að það hafi komið svo greinilega fram, að bæði mjög fjölmenn félagssamtök og margir þekktir framámenn, m. a. úr röðum stjórnarflokkanna, hafa lýst yfir andstöðu sinni við málið, að við teljum, að það sé nokkurn veginn víst, að nokkuð mikill meiri hl. þjóðarinnar sé andvígur samningunum. Af þeim ástæðum leggjum við áherzlu á það, að þessi samningsgerð verði borin undir þjóðina, það verði leitað þjóðaratkv. um þessa samningsgerð og samningurinn verði ekki staðfestur af Íslendingum án þess.

Við leggjum svo til, að það frv., sem hér er flutt, verði fellt.

Umr. frestað.

Á 66. fundi í Nd., 4. apríl, var fram haldið 1. umr. um frv.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Eftir að hæstv. iðnmrh. hafði fylgt frv. um álbræðslu í Straumsvík úr hlaði, tóku til máls formenn beggja stjórnarandstöðuflokkanna og lýstu andstöðu sinni við málið í löngum ræðum. Ekki verður sagt, að ræður þessar hafi verið eins sannfærandi og þær voru langar og ýtarlegar. Geta þeir, sem á þær hlýddu, varla komizt að annarri niðurstöðu en að tregða þessara flokksforingja og flokka þeirra til að fylgja málinu hljóti að vera fyrst og fremst pólitísk hentistefna, enda er vitað, að þessi mótþrói er andstæður vilja fjölda manna í flokkum þeirra, og á það ekki síður við Framsfl.

Ræður beggja þessara flokksformanna voru í rauninni fullar af andstæðum, sem gera niðurstöður þeirra lítt skiljanlegar á öðrum grundvelli en að þeim þyki það henta frá pólitísku sjónarmiði að halda uppi andófi í þessu mikla máli.

Formaður þingflokks Alþb. lýsti því t. d. mjög réttilega, hvernig nálega öll ríki veraldar noti þessa aðferð, að fá erlent fjármagn til þess að byggja upp á skjótan hátt atvinnulíf sitt. Þrátt fyrir þessa viðurkenningu lagði formaður Alþb. til, að Ísland skyldi vera nálega eina landið, sem ekki notaði þessa aðferð og neitaði sér um þá viðbótarmöguleika við aðrar og þýðingarmeiri leiðir til uppbyggingar á atvinnulífi, sem við notum einnig. Svo var að skilja á ræðunni, að höfuðástæðan fyrir því, að Íslendingar megi ekki nota þessa leið, væri sú fyrir utan slæma reynslu í nokkrum Suður-Ameríkuríkjum, að núverandi yfirvöld landsins hefðu ekki réttan skilning á sjávarútvegi. Um það má að sjálfsögðu deila, en það er þröng og lítilfjörleg ástæða til að vera á móti öðrum atvinnugreinum.

Formaður þingflokks Framsfl. réðst mjög gegn þeirri aðferð, sem ætlunin er að taka upp í þessu máli, kallaði hana stórhættulega, óráð og fleira slíkt. En að því kom í ræðu hans, að hann tilkynnti þingheimi, að samt sem áður vildu framsóknarmenn ekki útiloka, að Íslendingar gætu hleypt hér inn útlendu fjármagni til að leysa einstök vandamál. Síðast, en ekki síst, kom það fram af máli hans, eins og áður var vitað, að hversu stórhættulegt sem málið er, hversu mikið óráð sem það er, væri samt allt í lagi, ef verksmiðjan væri í öðrum landshluta. Með því falla flestallar mótbárur formannsins og framsóknarmanna um sjálfar sig. Hugmyndin um að hafa þessa verksmiðju í öðrum landshluta er mjög lofsverð, og ég efast ekki um, að því ráði hefði verið fylgt, ef þess hefði verið nokkur kostur. En það er ekki nægileg röksemd til þess að vera á móti málinu.

Andstaðan, sem fram kom hjá stjórnarandstöðunni, var í heild á veikum rökum reist. Hún var ekki sannfærandi, og er freistandi fyrir þá, sem vel hafa fylgzt með íslenzkum stjórnmálum, að draga þá ályktun, að ef stjórnarandstöðuflokkarnir og þá sérstaklega Framsfl. sætu í ríkisstj. og gætu meira ráðið en þeir gera í dag um þessi mál, mundu þeir samþykkja þá aðgerð, sem nú er ætlunin að staðfesta með því frv., sem hér er til umr. Af þessu verður ljóst, að andstaðan er slík, að ekki væri skynsamlegt fyrir þingið eða þjóðina að fylgja till. stjórnarandstöðuflokkanna.

Hv. 1. þm. Austf., formaður Framsfl., byrjaði á að gagnrýna meðferð þessa máls. Hann taldi rangt, að samningurinn skyldi lagður fyrir þingið fullbúinn, væri Alþ. með því misboðið. Ég verð að láta í ljós undrun mína yfir því, að slík gagnrýni skuli koma fram. Að sjálfsögðu verðum við að líta á samninga við útlenda aðila á sama hátt og samninga við önnur ríki í stjórnarskránni, en þar er eins og í stjórnarskrám flestra þeirra ríkja, sem næst okkur búa og eru okkur skyldust, gert ráð fyrir því, að framkvæmdavald geri samninga og suma samninga beri að staðfesta á þingi. Í samræmi við þetta er gerður fjöldi af samningum við útlenda aðila, og þeir eru aldrei fyrir Alþ. lagðir, en engum hefur dottið í hug að gagnrýna það. Ef hins vegar tiltekin ákvæði eru í samningum, ber að leggja þá til staðfestingar fyrir Alþ.

Hvort sem þessi samningur fellur undir það ákvæði eða ekki, er það vilji ríkisstj., að hann hljóti staðfestingu Alþ., og meðferð hans er í fullkomnu samræmi við viðteknar venjur, sem ekki hafa verið gagnrýndar hér á landi um

langt árabil, og í samræmi við meðferð slíkra mála hjá öðrum þjóðum, sem við höfum haft til fyrirmyndar um margt í okkar löggjöf og stjórnarháttum. Í þetta skipti hefur hæstv. iðnmrh. um langt skeið lagt sig sérstaklega fram til þess að hafa samráð við Alþ. Það er meira en ár liðið síðan lögð var fram ýtarleg skýrsla á þingi um það, hvað gerzt hefði í málinu og hvernig það stæði.

Skömmu síðar var mynduð þmn., sem átti að hafa það hlutverk að verða tengiliður á milli ríkisstj. og starfsmanna hennar annars vegar og þingflokkanna hins vegar. Þessi þmn. hefur haldið fjölmarga fundi, og hún hefur fengið að sjá drög að samningum á hverju stigi á fætur öðru. Það var öllum ljóst, að fulltrúar stjórnarandstöðuflokkanna í þessari nefnd bundu sig engan veginn til fylgis við málið. Þrátt fyrir það fengu þeir allar upplýsingar, tóku þátt í umr., létu í ljós skoðanir og ég vil leyfa mér að fullyrða, að þær skoðanir hafi í ýmsum atriðum haft áhrif á meðferð málsins af Íslands hálfu. Ég gæti nefnt einstök dæmi um efnisatriði, sem tóku breytingum, sem ég hygg, að megi rekja til þmn. Að lokum fengu þm. endanleg málsskjöl óvenjulega tímanlega og allgott svigrúm til að kynna sér þau, og einnig það er öðruvísi en oft hefur verið áður um mál, sem segja mætti, að væru sambærileg.

Af öllu þessu tel ég, að aðeins sé hægt að draga þá ályktun, að ríkisstj. hafi lagt sig sérstaklega fram um það að gefa Alþ. kost á að taka þátt í undirbúningi þessa máls og fylgjast með því og í þeim efnum hafi nú verið gengið lengra en venja hefur verið hér á landi áður. Er því ekki ástæða til þess að gagnrýna meðferð málsins, heldur ástæða til hins gagnstæða og væri frekar ástæða til að benda á þetta mál til fyrirmyndar að því leyti, að ríkisstj. framtíðarinnar ættu að reyna, eins og nú hefur verið gert, að gefa Alþ. tækifæri til þess að fylgjast með og taka þátt í málum, sem eru þess eðlis, að útilokað er að hafa annan hátt á heldur en stjórnarskráin gerir ráð fyrir um meiri háttar milliríkjasamninga, — framkvæmdavaldið geri þá og Alþ. fái þá til staðfestingar eða synjunar.

Grundvallaratriðið í þessu máli er að gera upp við sig, hvort Íslendingar eigi að notfæra sér erlent fjármagn eða ekki. Hér er ekki deilt um það, að Íslendingar hafa fyrst og fremst notað þá leið að afla lána frá öðrum þjóðum og byggja þannig upp atvinnuvegi. Engum manni kemur til hugar að hverfa frá þeirri leið. Engum manni kemur til hugar annað en hún verði ríkjandi aðferð í þessum efnum í framtíðinni. En eigum við til viðbótar og að auki að notfæra okkur erlent fjármagn á þann hátt, sem nú er lagt til í einstökum tilvikum, þar sem það þykir henta? Um þetta hefur verið rætt í þessum umr. og er eðlilegt, því að það er grundvallaratriði.

Talsmenn stjórnarandstöðunnar hafa lagt á það mikla áherzlu, að með þessu máli sé farið inn á algerlega nýja braut og megi við því búast, að á eftir umræddri álbræðslu muni koma hvert fyrirtækið á fætur öðru og erlend ítök mundu fara stórvaxandi. Alþfl. hefur í afstöðu sinni til þessa máls hafnað þessum skilningi algerlega og lýst yfir tvívegis í samþykktum, að hann telji, að þjóðin eigi að nota leið hins erlenda fjármagns í einstökum tilvikum, þar sem það þykir henta, en ekki gera það að almennri reglu. Alþfl. hefur hafnað þeirri hugmynd að setja eins konar rammalöggjöf, þannig að erlend fyrirtæki geti komið hingað til lands, án þess að gera þurfi sérstaka samninga hverju sinni, en slík löggjöf er til í mörgum löndum. Það er varla hægt að fletta útbreiddustu erlendum tímaritum án þess að sjá stórar auglýsingar frá löndum, sem falast eftir því, að alþjóðleg fyrirtæki stofni til atvinnurekstrar hjá þeim, og eru gerð þar hin girnilegustu boð um skattafríðindi og annað slíkt. Þessari leið eiga Íslendingar tvímælalaust að hafna, og það þýðir, að hvert atvik verður að vega og meta, þegar það býðst, og taka um það ákvarðanir. Að vissu leyti hefur þetta nú þegar verið gert. Álverksmiðjan er ekki eini innflutningur á fjármagni, sem til umr. hefur komið á síðustu árum. Öðrum atvikum hefur ýmist verið hafnað eða frestað. Framsóknarmenn segjast ekki útiloka það, að nota megi erlent fjármagn hér á landi. Hins vegar verður að skilja málflutning Alþb. svo, að það sé mótfallið þessari aðferð til þess að fá erlent fjármagn og erlenda tækni hingað til lands.

Ef Íslendingar eru mótfallnir þessari leið, ættu þeir að sjá sóma sinn í því að hafa algert samræmi í skoðunum og leita ekki sjálfir eftir því að setja upp fyrirtæki í öðrum löndum. Við skulum ekki gleyma, að það höfum við gert. Við höfum t. d. reist tvær verksmiðjur vestur í Bandaríkjunum til þess að fá meiri peninga fyrir fisk okkar. Og ef sú starfsemi væri athuguð með jafnóvæginni gagnrýni og hér er beitt, hygg ég, að málstaður okkar væri að ýmsu leyti ekki eins góður og við mundum vilja. Það er augljóst, að við höfum valið þessum verksmiðjum stað, þar sem við getum fengið ódýrt vinnuafl. Við erum að notfæra okkur erfiðleika amerískra blökkumanna í lífsbaráttu þeirra til að láta þá vinna fyrir okkur. Af hverju er slík verksmiðja sett á útkjálka suður í Nanticoce í Maryland? Það er engin önnur ástæða en þessi. Hvar er verksmiðja Sambandsins? Hún er í gamalli stáliðjuborg í Pennsylvaníu, þar sem atvinnuástand hefur verið erfitt, af því að stálhringunum þóknaðist ekki að reka þar verksmiðjur áfram. Þetta er það vinnuafl, sem við notum okkur, þegar við reisum verksmiðjur annars staðar til þess að þjóna okkar fjárhagslegu hagsmunum. Mér skilst, að það sé ekkert annað en fjárhagslegir hagsmunir, sem valda því, að við höfum ekki sams konar verksmiðjur í Bretlandi og Hollandi.

Á þetta má gjarnan minnast, þegar um tilflutning á fjármagni og stofnun fyrirtækja er að ræða. Í þessum efnum eru að vísu greinilegar framfarir hjá okkur. Annað fyrirtækið, sem rekur slíka verksmiðju af okkar hálfu í Bandaríkjunum, er nú að byggja nýja verksmiðju og miklu betri en það afdankaða bjórhús, sem starfsemin er nú rekin í, og hygg ég, að rekstur þar muni allur verða með því móti, að okkur sé meiri sómi að heldur en verið hefur.

Þegar við ræðum um það, hvort við eigum að hleypa erlendu fjármagni hingað til lands til lausnar á tilteknum verkefnum, er einnig rétt að gera okkur grein fyrir, hvort það sé eftirsótt fyrir erlend fyrirtæki að komast hingað til sliks rekstrar og hvort þau standi í röðum við dyr okkar og knýja á um inngöngu. Ég geri ráð fyrir, að svarið við þeirri spurningu muni verða mismunandi eftir því, hvaða atvinnugreinar er um að ræða. Í þeim efnum vil ég undanskilja sjávarútveginn, því að ég geri fastlega ráð fyrir, að erlendir aðilar mundu hafa áhuga á að komast þar inn, ef þess væri kostur.

Hins vegar blasir sú staðreynd við eftir margra ára reynslu, að aðstæður á Íslandi, þar með talið fossaflið, þar með talið ástand í efnahagsmálum, stjórnmálum og allt annað, sem til greina getur komið, er ekki betra en svo, að hvert erlenda fyrirtækið á fætur öðru, sem hefur kannað aðstæður til þess að reisa álbræðslu hér, hefur horfið frá og ekki sýnt frekari áhuga á því að reisa slíkt fyrirtæki á Íslandi.

Ég veit ekki betur en vinstri stjórnin hafi á sínum tíma fengið unga menn til að gera tilraunir til að fá ameríska alúmíníumhringinn Reynolds International til að reisa verksmiðju hér á landi. Eftir miklar athuganir varð ekkert úr þeim ráðagerðum og Reynolds hringurinn sneri sér til annarra og grænni haga.

Mér er sagt, að stærsta álfyrirtæki veraldarinnar, kanadiski hringurinn Alcan, hafi athugað aðstæður hér vel, en hafi ekki talið þær svo girnilegar, að þeir kærðu sig um að fylgja málinu eftir.

Einhvers staðar las ég það í skjölum frá stóriðjunefnd, að ameríska fyrirtækið Kayser International hafi spurzt fyrir og athugað vel aðstæður hér á Íslandi, en þeir sneru frá, gerðu samning við hinn afdankaða Nkruma í Afríku og hafa reist stóra verksmiðju, sem þar mun vera tekin til starfa eða rétt að taka til starfa.

Mér er sagt, að brezki álhringurinn hafi athugað hér aðstæður, og einnig hann vék frá. Við vitum, að nú á allra síðustu árum hefur franska fyrirtækið Pechiney athugað hér aðstæður, og kom mjög til greina, að það yrði aðili að þeirri verksmiðjubyggingu, sem nú er um talað. En þeir sneru frá og töldu það ekki hagstætt eða hentugt. Þeir fóru til hins vatnslausa og þurra Grikklands, reistu þar verksmiðju með grískum aðilum og hafa átt þar í miklum erfiðleikum. Þeir vildu heldur borga yfir 3 mill í Grikklandi en reisa verksmiðju með þeim kjörum, sem um hefur verið rætt hér, og getur hver og einn íhugað fyrir sig, hvað kunni að valda því, að þeim þótti raforkuverðið ekki ráða úrslitum.

Að lokum kom annað amerískt fyrirtæki, American Metal Climax Inc., mjög til greina hér og var þátttakandi í umr. um álbræðslu lengi vel. En þeir hurfu frá og ákváðu að festa fé sitt í álbræðslu á Kyrrahafsströnd Bandaríkjanna, þar sem raforka er fáanleg fyrir mun lægra verð en hún á að kosta hér.

Af þessari reynslu verðum við að draga þá ályktun, að ef við óskum eftir að fá erlenda aðila til að reisa álbræðslu eða aðra svipaða stóriðju, sem byggist á mikilli raforku, hér á Íslandi, verðum við að sækjast eftir þeim, keppa við aðra staði og vinna þá samkeppni. Þetta er grundvallaratriði, sem að sjálfsögðu skýrir sumt það í þeim samningum, sem nú liggja fyrir Alþ., sem stjórnarandstaðan með nokkrum rétti gagnrýnir.

Það liggur fyrir og er augljóst, að Svisslendingar, Frakkar og ameríska fyrirtækið, sem ég nefndi síðast, vildu fá raforku hér fyrir 2 mill, en fulltrúar ríkisstj. sögðu: Það kemur ekki til greina. — Þeir höfðu þá þegar verkfræðilegar athuganir, sem leiddu í ljós, að við gætum ekki framleitt orkuna fyrir það verð. Á þeirri stundu, er hinn erlendi aðili gekk inn á 2½ mill, sem íslenzku samningamennirnir kröfðust, var fyrst farið að ræða í alvöru um málið. En munurinn á 2½ mill, sem okkar sérfræðingar telja örugglega fyrir ofan framleiðslukostnað, og t. d. 3 mill, sem er raforkuverð á meginlandi Evrópu, er það verð, sem við greiðum fyrir að fá þessa verksmiðju reista hér og koma í veg fyrir, að svissneska fyrirtækið reisi aðra verksmiðju við hliðina á þeirri, sem er að rísa í Vestur-Noregi.

Ef slíkum aðila er hleypt inn í land okkar til þess að reisa atvinnufyrirtæki, vaknar sú spurning, hvort það sé eðlilegt, rétt og hagstætt fyrir okkur, að slíkur aðili eigi að öllu leyti að lúta sömu lögum og sitja við sama borð og íslenzk fyrirtæki. Á þetta hefur verið minnzt í umr., og þetta atriði vegur þungt í þeim samþykktum, sem Framsfl. hefur um málið gert.

Ég vil leyfa mér að draga mjög í efa, að skynsamlegt sé og hagstætt fyrir okkur að láta slíkan aðila lúta sömu reglum og venjuleg íslenzk fyrirtæki. Það gæti verið að sumu leyti stórhættulegt að hafa ekki fastari reglur um mörg atriði fyrir slíkt fyrirtæki heldur en við höfum fyrir okkar eigin fyrirtæki. Við skulum byrja á einu augljósu dæmi. Ef við ættum að fylgja bókstaflega þeirri kenningu, að útlent fyrirtæki, sem kæmi hingað til lands, ætti að lúta í öllu sömu lögum, aðstæðum og kjörum og íslenzkt fyrirtæki, þá mætti spyrja framsóknarmenn: Viljið þið skrifa undir það, að erlent fyrirtæki fái raforkuna fyrir sama verð og við höfum selt eina fyrirtækinu, sem við eigum á þessu sviði, sem er Áburðarverksmiðjan, jafnvel þótt aðeins væri það rafmagn, sem þeir nota að næturlagi? Hvert mannsbarn hlýtur að sjá, að þetta gæti ekki gengið. Þetta er aðeins augljósasta og grófasta dæmið um, að það sé skynsamlegt og sjálfsagt, þegar um slík atvik er að ræða, að gerðir séu sérstakir samningar og settar sérstakar reglur varðandi erlend fyrirtæki.

Nú hefur verið bent á, að ÍSAL, fyrirtækið, sem á að eiga og reka álbræðsluna, fái ýmiss konar hlunnindi, og það er rétt. Dettur engum manni í hug að neita því. En það má einnig benda á, að ÍSAL tekur á sig margvíslegar skuldbindingar, sem hvíla ekki á venjulegum íslenzkum fyrirtækjum. Sem dæmi má nefna, að þessu samkomulagi fylgir alger fjárhagsleg ábyrgð utanlands frá. Þessi ábyrgð er svo mikil, að það er samið um bankaábyrgð fyrir byggingartíma verksmiðjunnar, sem nemur hvorki meira né minna en 200 millj. ísl. kr., þegar hún

er mest. Og nú skulum við taka eftir nokkrum atriðum varðandi þetta fyrirtæki, ÍSAL. Mega þeir auka framleiðslu sína án þess að fá leyfi frá ríkisstj.? Nei. Mega þeir gera framleiðslu sína fjölbreyttari, eins og er vel hugsanlegt? Nei, þeir mega það ekki án sérstakra leyfa. Mega þeir minnka framleiðsluna? Nei, þeir mega það ekki nema við sérstakar aðstæður, þ. e. að framleiðsla hafi dregizt jafnmikið saman hjá verksmiðjum, sem þeir eiga í 7—8 öðrum löndum. Mega þeir hækka eða lækka þá upphæð, sem þeir borga fyrir tæknilega þjónustu? Nei, þeir geta ekki breytt þeirri upphæð nema með leyfi Íslendinga. Mega þeir hækka eða lækka sölulaun þeirra, sem eiga að selja fyrir þá málminn? Nei, þeir mega það ekki. Mega þeir biðja um rekstrarlán í íslenzkum bönkum? Nei, þeir eru skyldir til þess að flytja með sér tiltekið magn af rekstrarfé og hafa það tiltækt. Þannig mætti nefna fjöldamörg atriði, sem í rekstri venjulegra fyrirtækja mundi verða talið sjálfsagt frelsi þeirra og ráðamanna þeirra, en er bundið bak og fyrir í samningunum um ÍSAL. Ég vil ekki meta, hvort hlunnindin annars vegar eða það, sem bundið er með samningunum, er meira virði. Er sjálfsagt ómögulegt að leggja það hvort á móti öðru. En ég tel þess virði, að á það sé bent, að þessi aðferð — að gera sérstaka samninga — er án efa skynsamleg frá íslenzku sjónarmiði, úr því að slíku fyrirtæki er hleypt inn í landið. Það kann að hljóma vel í íslenzkum eyrum og kitla þjóðernistilfinningu okkar að segja: Slíkt fyrirtæki á auðvitað að lúta sömu reglum og íslenzk fyrirtæki um stórt og smátt. Þegar málið er athugað, kemur í ljós, að það er langt frá því, að skynsamlegt sé fyrir okkur að hafa þau vinnubrögð.

Mikið er um það talað, hvort hið svissneska fyrirtæki muni seilast til einhvers konar áhrifa í landi okkar. Það er rétt athugað hjá hv. 1. þm. Austf., að miklum atvinnurekstri, eins og hér er um að ræða, fylgja að sjálfsögðu ýmiss konar áhrif, ef um það er talað í víðustu merkingu. Það hefur verið minnzt á slæma reynslu af erlendu fjármagni, t. d. í Mið-Ameríku, og er það raunar frægt í sögunni, að þar eru smáríki, sem almennt eru kölluð „bananalýðveldi", af því að einn amerískur ávaxtahringur hefur verið þar svo valdamikill. Reynsla af fjármagni hefur í öðrum löndum verið betri. Ég hygg, að t. d. í Noregi séu aðstæður líkari því, sem hér eru, og andstaða gegn því, að við verðum gerðir að einhvers konar „bananalýðveldi", ef einhver vildi reyna það, sé hér miklu meiri en í Ameríku.

Þegar þm.-nefndin var á ferð til að skoða verksmiðju í Vestur-Noregi, fékk hún tækifæri til þess að ræða við ýmsa Norðmenn, sem eru kunnugir þessum málum. Þm. spurðu þá m. a., hvort útlend fyrirtæki, sem hafa fjöldamörg starfað í Noregi síðan fyrir aldamót, hafi gert tilraunir til að seilast til pólitískra áhrifa. Þeir svöruðu yfirleitt með því að hrista höfuðið og könnuðust ekki við, að slíkt hefði komið til. Möguleikarnir eru að sjálfsögðu fyrir hendi. Við verðum að sýna þá árvekni að hindra erlend áhrif, ef einhverjum dytti í hug að beita þeim. Mín skoðun er sú, að þetta fyrirtæki frá hinu hlutlausa Sviss sé líklegt til að hafa hægt um sig og ólíklegt til þess að seilast til áhrifa af þessu tagi.

Hins vegar er það augljóst, að ef svona stór aðili gerðist félagi í t. d. atvinnurekenda- og iðnrekendasamtökum, mundi fljótlega um hann muna. Gjöld, sem fyrirtækið mundi greiða, mundu nema stórum upphæðum og verða til þess að styrkja þann aðila. Alþfl. hefur í afstöðu sinni til þessa máls tekið fram, að hann geri það að skilyrði, að ÍSAL verði ekki í atvinnurekenda- eða iðnrekendasamtökunum. Út af fsp. um framkvæmd á þessu get ég á þessu stigi aðeins svarað því, að í umr. innan Alþfl. var um það talað, að fengin yrði yfirlýsing frá hinu svissneska félagi um, að það mundi ekki í þessi samtök ganga. Slík yfirlýsing ætti að vera nægileg trygging fyrir því, að sú afstaða héldist, þegar ríkisstj. óskar eftir henni. Ef reynt yrði að brjóta í bága við þá yfirlýsingu síðar, höfum við ótal leiðir til þess á Alþ. að gera ráðstafanir í því sambandi, ef okkur sýnist svo.

Í sambandi við áhrif og eftirleik samninga er rétt að taka eftir, að í þetta skipti hefur verið samið um fleiri atriði málsins fyrir fram heldur en venja mun vera í slíkum tilvikum. Mér er tjáð, að þetta stafi af því, að Svisslendingar hafi sérstaklega óskað eftir að ræða um allar hliðar málsins fyrir fram og að allir samningarnir yrðu birtir í upphafi, þannig að ekkert færi á milli mála. Þetta er sýnilega afleiðing af því, að þeir lentu í vandræðum í Noregi, því að þar voru hinir svokölluðu aðstoðarsamningar ekki birtir opinberlega. Menn töldu, að þeir væru viðskiptaatriði, sem sjálfsagt mundi leysast á venjulegan hátt. En það komu fram gallar á þeim, sem urðu til þess, að allmikið pólitískt óveður var af þessu gert í Noregi, og virðist svo sem slíkt ætti ekki að geta komið fyrir hér, því að samningar eru allir gerðir fyrir fram og birtir opinberlega strax í upphafi.

Mikið hefur verið um það rætt, hvort framkvæmdir þessar muni ekki auka þenslu í landinu svo mjög, að efnahagslífið bíði við það alvarlegt tjón. Sjálfsagt er að gera sér grein fyrir, að telja verður líklegt, að slíkar framkvæmdir muni heldur auka á þensluna, nema verulegur samdráttur verði í einhverjum öðrum greinum íslenzkra atvinnuvega á næstu árum, sem við vonum sjálfsagt allir, að ekki verði. Hins vegar er ekki rétt að meta þessa hættu svo alvarlega, að hún geti verið ástæða til þess að hverfa frá þessu máli. Vert er að hafa í huga, að aðdragandi og undirbúningur að svo miklum framkvæmdum sem hér er um að ræða tekur mörg ár. Er afar erfitt að taka á síðustu stundu ákvarðanir um það, að nú frestum við öllu saman eða nú hættum við við þetta allt saman, vegna þess að afli hafi þau árin verið mikill og atvinna mikil. Er ekki hægt um vik að nota svo stóra hluti eins og virkjunina og álbræðsluna til þess að fylla í skörðin, þegar atvinna minnkar, eins og e. t .v. væri frá öðrum sjónarhól æskilegt að gera.

Í sambandi við vinnuafl er vert að íhuga, hvað verður af hinni miklu fjölgun íslenzku þjóðarinnar á þeim árum, sem eru að líða. Fjölgunin hefur aldrei verið meiri. Það er sjálfsagt á

fjórða þús. manns, sem bætast við á hverju ári, og er því ástæða til að gera sér betri grein fyrir því en við höfum hingað til gert, hvað verður af þessu fólki, inn í hvaða atvinnugreinar það fer og í hvaða atvinnugreinar væri æskilegt, að hinir nýju Íslendingar fari þúsundum saman. Undanfarin ár hefur ekki fjölgað í landbúnaði. Það hefur sáralítið fjölgað mönnum, sem stunda fiskveiðar. Skipin eru stærri, tækin eru betri, aflköstin eru meiri, en mannfjöldinn er ekki miklu meiri en áður. Það hefur fjölgað nokkuð fólki í fiskvinnslu og þó sérstaklega í sambandi við síldina nú á allra síðustu árum. Og hvert hefur þá mannfjöldinn farið?

Hann hefur, að því er virðist, farið fyrst og fremst í byggingarstarfsgreinar og í þjónustustarfsgreinar. Við þurfum ekki annað en benda á nokkur gistihús og veitingahús, sem hafa verið reist í Reykjavík á síðustu 3—4 árum. Hygg ég fljótt á litið, að mannfjöldinn, sem starfar þar, sé ekki miklu minni en sá mannfjöldi, sem á að starfa við álbræðsluna.

Nú er það viðurkennd staðreynd, að þegar lífskjör þjóða batna og tækni fer vaxandi, eins og hefur verið undanfarin ár, má búast við því, að mannfjöldi í undirstöðuframleiðslu aukist ekki og jafnvel minnki, þó að framleiðslan aukist, en hins vegar fjölgi verulega í ýmsum þjónustugreinum, því að hin bættu lífskjör, sem þjóðirnar óska eftir og fá margar hverjar, eru að verulegu leyti fólgin í aukinni og nýrri þjónustu. En við þurfum að gera okkur grein fyrir, hvort við getum látið tugi þús., sem bætast við þjóðina nú með nokkurra ára millibili, fara algerlega í þjónustuatvinnuvegi og hvort það sé ekki skynsamlegt af okkur að reyna að tryggja meiri fjölbreytni í undirstöðuframleiðslu. Engar hagfræðiformúlur eru til um það, hvaða hlutföll eigi að vera þarna á milli, og ég geri ráð fyrir því, að enginn mundi taka það alvarlega, þó að slíkar formúlur væru til. En við getum ekki gengið fram hjá því, að undirstöðuatvinnuvegir okkar eru háðir árferði, aflabrögðum að verulegu leyti og eru ekki eins ártryggir og t. d. iðnaðurinn getur verið. Ég tel því, að það sé tvímælalaust skynsamlegt af þjóðinni að koma sér upp nýjum framleiðslugreinum, þegar þess er kostur. Ég tel, að sá mannfjöldi, sem muni starfa við álbræðsluna, muni ekki skipta verulegu máli og hún muni falla inn í efnahagslífið alveg eins og áburðarverksmiðjan og sementsverksmiðjan hafa gert. Hins vegar er augljóst, að það geta orðið á vegi okkar allmiklir erfiðleikar, meðan á byggingartíma stendur. Þeir erfiðleikar eru aðallega bundnir við tvö ár. Við getum gert margt til þess að draga úr þessum erfiðleikum, en í heild tel ég fráleitt að halda fram, að þessir erfiðleikar á vinnumarkaði séu svo miklir, að þeir réttlæti andstöðu við málið eða frá því sé horfið.

Við höfum fjallað mikið um verðbólgu og þenslu undanfarin missiri, og í tilraunum manna til þess að komast að raun um, hvort Framsfl. hafi nokkra stefnu í þeim málum og hver hún kunni að vera, hefur aftur og aftur verið spurt: Hvað vill Framsfl. í þessum efnum? Stundum er eins og svörin leiði að nýjum höftum, að því, að nefndir og ráð eigi að segja okkur, hvort við megum byggja íbúðarhús, girða lóð eða ráðast í slíkar framkvæmdir. En svo er höftunum afneitað og birtar langar greinar um, að það séu eingöngu aðrir flokkar, sem hafi staðið að höftum. Þá kemur ný skýring á stefnunni. Hún er sú, að það þurfi að raða framkvæmdum. Ég hef verið þeirrar skoðunar, að eitt megininntak í öllum stjórnmálum, eitt megininntak í flestu því, sem þing og ríkisstj. er að gera, sé einmitt að raða þeim verkefnum, sem þjóðin getur ráðizt í. Ef framsóknarmönnum þykir ástæða til þess nú þegar, áður en álbræðsla eða Búrfellsvirkjun er komin til sögunnar, að raða framkvæmdum og verkefnum, er ástæða til að spyrja: Þýðir þetta, að þeir telji, að ekki hafi verið rétt raðað undanfarin ár? Ef svo er, er bezt að koma beint að kjarnanum og óska eftir því við framsóknarmenn, að þeir segi, hvaða framkvæmdir, sem ráðizt hefur verið í, hefðu átt að bíða. Það er ekki hægt að komast fram hjá að svara því og fá það greinilega í ljós.

Á þessu stigi liggur ekki fyrir, að það muni þurfa að gera sérstakar ráðstafanir til þess að fresta framkvæmdum vegna álbræðslunnar og Búrfellsvirkjunar. Alþfl. viðurkennir, að sú hætta sé fyrir hendi, og leggur áherzlu á, að ríkisstj. búi sig undir að mæta henni. Ef það verður óhjákvæmilegt að gera slíkar ráðstafanir, ná þær að sjálfsögðu aðeins til Reykjavíkur, Hafnarfjarðar og Kópavogs. Það er engin ástæða til þess, að þær nái til annarra landshluta, og verður það mál að athugast, þegar að því kemur. Það fer m. a. eftir því, hvaða framkvæmdir verða á döfinni og hvernig útlit vinnumarkaðsins verður. Ég tel, að það sé eðlilegt, að tvenns konar hugmyndir komi á þessu stigi upp hjá tveimur stjórnarflokkum. Málið hefur ekki verið rætt, af því að það er ekki að því komið, en það verður að sjálfsögðu afgreitt, þegar að því kemur.

Staðsetning álbræðslunnar hefur verið mikið rædd. Sagt er með miklum rétti, að þetta mál mundi hafa stóraukna þýðingu, ef hægt væri að nota það til þess að auka jafnvægi í byggð landsins og styrkja þau héruð, sem helzt þurfa á aukinni atvinnu að halda. Ég er persónulega þeirrar skoðunar, að ef þess hefði verið nokkur kostur að koma álbræðslunni fyrir t. d. á Norðurlandi, þá hefði það verið gert. Ég hefði verið reiðubúinn að styðja það. En menn þekkja gang þessa máls og vita, að annars vegar færðu Svisslendingar fram sannanir fyrir því, að fyrirtækið yrði mun dýrara á Norðurlandi og þeir yrðu þar af leiðandi annaðhvort að fá hagstæðari skatta eða lægra rafmagnsverð; hins vegar sögðu ráðunautar okkar í Alþjóðabankanum í Washington, sem væntanlega mun lána fé til virkjunarinnar, að það mundi verða mun dýrara fyrir Landsvirkjun að leiða rafmagn frá Búrfelli norður og þar af leiðandi þyrfti virkjunin að fá hærra rafmagnsverð. Þetta er afar einfalt dæmi, en það er ekki nokkur leið að láta það ganga upp. Þess vegna var það óhjákvæmilegt, að verksmiðjan yrði á sunnanverðu landinu.

Ríkisstj. hefur valið þá leið til þess að sýna hug sinn varðandi þetta atriði að láta ¾ eða ríflega það af skatttekjum frá verksmiðjunni renna í atvinnuaukningarsjóð, sem á einmitt

að styðja þessa landshluta. Ég verð að segja, að það var aumt að þurfa að hlusta á formann Framsfl. tala um þetta mál á þann hátt, sem hann gerði á laugardaginn, því að ekki var hægt að kalla orð hans um þetta atriði málsins annað en furðulegt óánægjupex. Framsóknarmenn hafa sýnt mikinn áhuga einmitt á þessum málum undanfarin ár og flutt frv. eftir frv. Og þegar loksins stórir hlutir gerast og miklar fjárhæðir á að færa yfir í slíka atvinnuaukningu, er ekkert að hafa annað en ónot úr formanni Framsfl. Og mótbárur hans eru satt að segja ekki svaraverðar. Það liggur fyrir, hvaða upphæðir er um að ræða. Menn geta kallað þetta stórar upphæðir eða litlar upphæðir, eins og þeir vilja. Menn geta reiknað þær út á hvaða hátt sem þeir vilja. En þeir, sem hugsa raunhæft um málið, sjá, að hér hefur óvenjulegt tækifæri verið notað til þess að gera óvenjulega stórt átak fyrir þau landssvæði, sem skortir atvinnu, stærra átak en unnt hefur verið að gera áður. Ég á ekki von á því, að formaður Framsfl. flytji neinar lofræður um ríkisstj., en hann gekk allt of langt í hina áttina. Varð ekki betur séð en hann væri fullur öfundar yfir því, að ríkisstj. skyldi auðnast að gera þetta fyrir dreifbýlið, þar sem við viljum auka atvinnu og bæta afkomu.

Það hefur mikið verið rætt um skattamál verksmiðjunnar. Ég tel ástæðu til að benda á, að sú formúla, sem hér verður notuð, mun vera ný af nálinni. En allir þeir, sem fulltrúar ríkisstj. hafa spurt ráða, bæði sérfræðingar í Noregi, sem hafa fengizt við fjármál erlendra fyrirtækja þar í landi um áratugi, og sérfræðingar í Englandi, sem hafa það að atvinnu að veita ráð í slíkum málum, hafa talið, að þessi formúla væri okkur mjög hagstæð. Með henni væri sneitt fram hjá vissum hættulegustu göllunum við fjárhags- og skattahlið þess, þegar hringar, sem ráða framleiðslu frá krýolitgrjóti til álpotta, hafa aðeins einn lið framleiðslunnar í tilteknu landi. Ég er sannfærður um, að við mundum með því að beita venjulegum skattreglum ekki fá nema brot af þeim skatttekjum frá verksmiðjunni, sem við fáum með þessari aðferð. Ég vil forðast að nota stór orð, en ég er hræddur um, að þegar þessir útlendingar átta sig og fara að ráða íslenzka endurskoðendur til að hjálpa sér við skattana, hefði þeim tekizt að hafa þá töluvert lægri en þeir verða samkv. þessari föstu formúlu. Það er mikill kostur við þessa skattaformúlu frá okkar sjónarmiði, að við fáum tiltölulega miklar skattgreiðslur svo að segja strax. Á pappírunum er sú formúla, sem gildir í Noregi, e. t. v. strangari en þetta virðist vera. Þeir eru með yfir 50% skatta. En þegar nánar er athugað, kemur í ljós, að afskriftarreglur eru með þeim hætti, að Norðmenn eiga ekki von á því, að sambærileg verksmiðja hjá þeim borgi teljandi skatta um langt árabil. Við erum að byggja upp okkar þjóðfélag. Okkur liggur á, og þess vegna er verulegt hagsmunaatriði fyrir okkur að fá tekjur fljótt og jafnt. Þetta kemur einnig til skjalanna í sambandi við þá ákvörðun að fá álbræðslu til að styrkja raforkuframkvæmdir, af því að álbræðslan tryggir, að við fáum miklar tekjur og fáum þær fljótt, reglulega og öruggt og getum þar af leiðandi fyrr ráðizt í enn nýjar framkvæmdir en ella mundi vera.

Í samanburði milli Noregs og Íslands er svipaða sögu að segja af tollfrelsi. Um það mun ekki vera neitt í norska samkomulaginu. Þegar spurt er í Noregi, hvernig þessu máli sé háttað, kemur í ljós, að vélar og annað slíkt, sem ekki er hægt að fá keypt í Noregi, er hægt að flytja tollfrjálst inn til nýbygginga, sem þarna er um að ræða. Í raun og veru borgar þetta fyrirtæki enga tolla heldur í Noregi, og aðstaðan er svo að segja eins og hér.

Formenn beggja stjórnarandstöðuflokkanna voru að fárast yfir því, sem þeir kölluðu tollfrelsi á hráefnum. Mig minnir, að það sé nú þegar í íslenzkum lögum, að sé vara flutt út úr landinu, þá er hægt að fá endurgreiddan toll af hráefni, sem flutt var inn í þá vöru. Þetta hefur mér skilizt, að sé ekki ný regla, og er því ástæðulaust fyrir svo þrautreynda menn sem hér er um að ræða að bera slíkt fyrir sig.

Það er rétt, að íslenzkum fyrirtækjum væri mikill greiði gerður, ef þau gætu fengið að flytja inn vélar tollfrjálsar, eins og þetta fyrirtæki á að fá. Í því sambandi vil ég aðeins benda á, að ekki verður betur séð en stefnan sé einmitt í þá átt. Nú nýlega hefur verið ákveðið, að raforkuverin skuli ekki borga tolla af vélum sínum, og við höfum hér á Alþingi gefið eftir tolla af vélum í nýjar niðursuðuverksmiðjur. Ég vona, að á þessu verði beint áframhald, þannig að íslenzka ríkið sjái sér fært að lækka verulega og í sumum tilfellum afnema tolla af vélum, a. m. k. til ákveðinna atvinnugreina, sem hafa hér meiri þýðingu en aðrar, og það tollfrelsi á innfluttum vélum, sem veitt er fyrir þessa verksmiðju, eins og veitt var fyrir niðursuðuverksmiðjurnar og fyrir raforkuverin, verði fordæmi, en ekki einsdæmi.

Í samningunum eru ákvæði um vinnuafl. Ef bera má saman við norsku samningana, þá eru þau miklu strangari hér en í þeim norsku. Þar stendur aðeins, ef ég man rétt, að Svisslendingar skuli leitast við að nota norskt vinnuafl. Þótt ekki standi strangari ákvæði í samningum þar, held ég, að það hafi ekki verið nema tveir eða þrír útlendingar við framkvæmdirnar í Husnes, þýzkir og svissneskir verkfræðingar.

Það er að sjálfsögðu ástæða fyrir Íslendinga að fara með fullri gát í innflutning vinnuafls. Er í þessum samningum þannig um það mál búið, að stjórnarvöld verða að hafa samráð við verkalýðsfélögin. Þetta er eitt af mörgum ákvæðum, þar sem ég tel, að skoðanir, sem fram komu í þingmannanefndinni, hafi orðið til þess, að hert voru þessi ákvæði. Ég tel, að þau séu eins viðunandi og verið getur.

Það má segja almennt, að óráð sé að flytja inn erlent verkafólk. Ég mundi ekki mæla með, að það yrði gert að almennri stefnu eða gert í stórum stíl. En á hinn bóginn skulum við ekki gleyma því, að við höfum gert þetta á undanförnum árum, sjálfum okkur til mikils hags. Við fluttum inn mörg hundruð þýzkar stúlkur til að vinna í sveitunum, og ég hef ekki heyrt, að okkur hafi stafað stórkostlegur háski af því. Kann að vera, að lífshamingja hafi aukizt örlít-

ið á bæ og bæ. Við höfum, þegar okkur hefur riðið á, flutt inn á vertíðum á annað þúsund færeyska sjómenn. Við erum með mörg hundruð manns frá ýmsum löndum á hverri vertíð í frystihúsum og í síld. Þetta er ekki allt fyrirmyndar vinnuafl, ekki kemur mér til hugar að halda því fram, en það hefur hins vegar enginn maður haldið því fram, að þetta hafi verið óráð eða þjóðarháski.

Við erum að byggja eitt stærsta hótel landsins hér á flugvellinum. Mér skilst, að það hefði varla verið hugsanlegt með þeim hraða, sem þar hefur verið, án þess að fá til erlenda verkamenn. Reynslan af þessu öllu er að sjálfsögðu misjöfn. Hún er í mörgum atvikum góð, hún er í öðrum atvikum ekki eins góð. Við eigum ekki að halda uppi hrópum um, að þetta megi alls ekki gera, þó að við gerum það ár eftir ár. Við eigum að fara með fullkominni gát, og ég tel, að við séum menn til þess að stýra þessum málefnum þannig, að okkur stafi enginn háski af því, en að við getum á hinn bóginn haft af því nokkurn hag, þegar nauðsyn krefst.

Ræða hv. 5. þm. Austf., formanns þingflokks Alþb., gekk að mestu leyti út á að sanna, að ástæðan til þess, að ríkisstj. hefur snúið sér að þessu máli, sé, að stjórnin vantreysti sjávarútveginum og hafi ekki skilning á honum og möguleikum hans. Ég vil í heild mótmæla þessum skoðunum algjörlega. Hv. þm. talaði um það, að við hefðum dregið að okkur höndina varðandi sjávarútveginn. Nýlega hafa verið birtar heildarupplýsingar um það, hvað gerzt hefur í framkvæmdum fyrir sjávarútveg og fiskiðnað, síðan núv. ríkisstj. tók við völdum eða síðan núv. stjórnarflokkar tóku við völdum. Á 6—7 ára tímabili hefur fjárfesting í sjávarútvegi, þ. e. fiskveiðum og fiskvinnslu, numið 3158 millj. kr. Ég held, að það sé varla hægt að segja, að þetta sé að draga að sér höndina.

Á þessum fáu árum hefur fiskiflotinn aukizt um 20 þús. tonn. Ég held, að það sé milli 30 og 40%. Það hefði einhvern tíma ekki verið kallað að draga að sér höndina. Þessi aukning er fyrst og fremst á sviði stórra báta, en á árunum 1959—1965 bættust okkur 123 bátar, sem eru 100 tonn eða stærri. Og þeir hafa komið margir síðan. Þetta er varla að draga að sér höndina. Afkastageta frystihúsanna hefur á þessu tímabili aukizt úr rúmlega 1900 í 2500 tonn á hverjum 18 tímum. Bræðslugeta síldarverksmiðjanna hefur aukizt úr 70 þús. upp í 120 þús. mál á sólarhring. Kalla þeir þetta að draga að sér höndina fyrir austan? Þróarrýmið hefur aukizt úr 400 þús. málum í 700 þús. mál. Og afleiðingarnar hafa komið í ljós. Það hafa verið góð aflabrögð, sérstaklega á síld, eins og margoft hefur komið fram. En hefðum við getað hagnýtt þá möguleika, ef þessi gífurlega fjárfesting hefði ekki komið til skjalanna? Hefðum við getað aukið aflann úr 400 þús. tonnum í meira en milljón tonn á ári, ef þessi gífurlega fjárfesting og alveg sérstaklega þessi miklu bátakaup hefðu ekki á undan gengið?

Ef til vill kann einhver að segja: Það er ekki stjórninni að þakka, þó að útgerðarmenn kaupi sér báta. Það er nokkuð til í því. Allt fer þetta þó eftir því, hvernig landinu er stjórnað, og víst er, að einhvern tíma hef ég heyrt sjútvmrh. vinstri stjórnarinnar þakka sér og sinni stjórn, að töluvert var keypt af fiskibátum þá. Ef sú stjórn getur þakkað sér framfarir í sjávarútvegi, þá er ekki erfiðara að þakka núv. stjórnarflokkum þær gífurlegu breytingar, sem orðið hafa. Það er því hreinn og beinn þvættingur að tala um, að íslenzk stjórnarvöld hafi dregið að sér höndina varðandi sjávarútveginn. Það hefur aldrei verið eins mikil uppbygging í honum og á undanförnum árum, og það eru engin áform uppi um að draga úr þessari sókn, heldur er ástæða til að halda henni áfram. Það er rétt að taka eftir því, að álmálið er allt þannig upp sett, að við þurfum ekki að nota stórar upphæðir af því fjármagni, sem við ráðum sjálfir yfir eða getum ráðið yfir, til þeirra hluta, heldur er það óskert og getur gengið til áframhaldandi uppbyggingar í þeim atvinnuvegum, sem fyrir eru í landinu, eða til þess að byggja upp enn nýja atvinnuvegi, ef okkur sýnist svo.

Ég tel augljóst, að álbræðslan muni gera Íslendingum stórum hagkvæmara að virkja Þjórsá en ella mundi verða; að hún muni opna leiðir til nýrra virkjunarframkvæmda á komandi árum; að hún gengistryggi erlendu lánin, sem við tökum til næstu framkvæmda, og muni gera okkur kleift annaðhvort að ráðast í nýjar stórar framkvæmdir eða lækka raforkuverðið, þegar árin líða. Ég tel, að álbræðslan verði þýðingarmikil ný atvinnugrein, sem muni treysta stoðir íslenzkrar framleiðslu, veita atvinnu, örva viðskipti og auka gjaldeyristekjur. Ég tel, að álbræðslan muni færa nýja tækni inn í landið og hún muni hafa örvandi áhrif á allan iðnað og opna nýjar leiðir í þeim efnum, eins og fyrri skref okkar í áttina til stóriðju, t. d. sementsverksmiðja og áburðarverksmiðja, hafa gert. Ég tel, að það sé miður farið, að það var ekki hægt að reisa þessa verksmiðju í þeim landshlutum, sem þurfa sérstaklega á eflingu byggðar og atvinnulífs að halda, en að næstbezti kosturinn — kann að vera, að hann reynist engu síðri, þegar frá líður, — sé sá að beina fjármagninu, sem þessi verksmiðja greiðir, til atvinnuaukningar í þessum landshlutum.

Eins og ég gat um fyrr í máli mínu, eru möguleikar til þess að byggja upp stóriðju á ódýrari raforku ekki eins stórkostlegir og við höfum stundum haldið, eins og sjá má af því, hversu margir aðilar hafa kynnt sér aðstæður hér, en farið annað. Ég tel því, að í þessu máli felist tækifæri, sem við eigum ekki að láta fram hjá okkur fara. Ef við gerum þetta ekki nú, þá verður það sennilega aldrei gert. Eftir 10 ár eða svo verður kjarnorka komin til skjalanna í svo ríkum mæli, að hún getur veitt iðnaði raforku á því verði, sem hann þarf að fá, í öðrum löndum. Þá verða þessar verksmiðjur byggðar á markaðssvæðunum, en ekki langt frá þeim. Ég tel, að það hafi verið gengið frá þessum samningum á eins hagstæðan hátt og hægt er að búast við fyrir okkur Íslendinga, miðað við þær aðstæður, sem fyrir hendi eru. Við höfum leitað til innlendra og erlendra sérfræðinga, við höfum beitt sérfræðingum Alþjóðabankans á móti viðsemjendum okkar til

frekara öryggis, af því að bankinn hefur hagsmuni af því, að við semjum ekki af okkur. Ég tel, að þannig sé um þessa hnúta búið, sem bezt verður á kosið, eins og sakir standa. Við getum að sjálfsögðu búizt við því, að í framtíðinni komi í ljós, að eitthvað hefði mátt vera öðruvísi. En ég hef ekki heyrt röksemdir um það á þessu stigi, og við getum ekki dæmt eftir öðru en því, sem við augum blasir eins og ástandið er í dag.

Alþfl. hefur tvívegis gert samþykktir varðandi þetta mál. Þetta eru raunhæfar samþykktir, þar sem viðurkenndir eru kostir og gallar á málinu. En endanlegt mat Alþfl. er, að í þessar framkvæmdir eigi að ráðast. Þess vegna styður flokkurinn frv., sem hér er til umræðu.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Hv. 5. þm. Vesturl. talaði um það í sinni ræðu, að við þyrftum að keppast um að komast í þá aðstöðu, — það hefði verið keppt um það, sem við erum að komast, með því frv., sem hér liggur fyrir. Ég verð að segja, að því miður hefur verið nokkuð rétt í þessu. Það hefur verið keppzt um af einstökum aðilum, einmitt þeim, sem hæstv. ríkisstj. hefur haft sem ráðunauta, að koma okkur í þá aðstöðu aftur eins og við einu sinni vorum, að það væru fyrst og fremst erlendir aðilar, sem nytu góðs af okkar auðlindum. Það hefur verið unnið að þessu um nokkurn tíma. Og þeir menn, sem að því hafa unnið, virðast nú hafa borið sigur úr býtum. Þess vegna er brotið blað í sögu Íslands hvað efnahagslega sjálfstæðisbaráttu þess snertir með þeim samningi, sem nú á að knýja í gegn.

Það er bezt, að við gerum okkur fyrst og fremst ljóst, hver eru aðalatriði þessa máls, áður en ég fer ýtarlega í smærri atriði í sambandi við það, þau þeirra, sem ekki hafa verið rakin eins mikið af formönnum stjórnarandstöðuflokkanna og gert hefur verið.

Hver er munurinn efnahagslega séð, — ég meina ekki pólitískt, heldur efnahagslega, — á arðrændri nýlendu og sjálfstæðu ríki? Hver er munurinn? Munurinn er sá, að miðað við t. d. auðvaldsskipulagið hjá okkur þá rennur arðurinn af vinnu þeirra vinnandi stétta, þar með verkalýðsins fyrst og fremst, til borgarastéttar í landinu sjálfu, ef landið er efnahagslega sjálfstætt. En svo fremi sem landið er efnahagsleg nýlenda, þá rennur arðurinn af vinnu verkalýðsins og vinnandi stéttanna út úr landinu. Þennan höfuðmun skulum við gera okkur ljósan, því að út af þessu höfum við verið að berjast undanfarnar aldir, og lærdómurinn af þeirri baráttu má ekki gleymast hjá okkur. Það er almennt litið svo á, þegar átt er við sæmilega tæknilega háttstandandi þjóðfélag, að af því verðmæti, sem verkamaður skapar, sé a. m. k. álíka mikið það, sem fer til þess, sem á framleiðslutækin, eins og það, sem verkamaðurinn fær sjálfur í kaup, verkamaðurinn fái af þeim verðmætisauka, sem hann skapar, í laun aðeins helminginn af því. Sú virðist vera reynslan, t. d. þar sem skýrslur eru beztar til um þetta, í Bandaríkjunum.

Hér áður fyrr var það svo hjá okkur, fyrr á öldum, þegar danskir einokunarkaupmenn réðu hér, að arðurinn af vinnu Íslendinga fór út úr landinu og hallirnar, sem byggðar voru í Kaupmannahöfn og annars staðar, voru byggðar fyrir arð m. a. af því, sem Íslendingar skópu. Þegar Englendingar og Þjóðverjar drottnuðu yfir gullkistunni við Faxaflóa, þá gilti það sama lögmál. Og það er á móti þessu, sem við höfum verið að berjast öldum saman, og það er til þess að hrinda þessari kúgun, sem við börðumst fyrir að fá stjórnmálalegt sjálfstæði. Stjórnmálalegt eða pólitískt sjálfsforræði einnar þjóðar er ekki fyrst og fremst aðeins takmark í sjálfu sér, svo dýrmætt sem það er, heldur líka aðferð til þess að hafa valdið yfir sínum eigin auðlindum og láta arðinn af þeim renna til landsbúa sjálfra. Svo fremi sem þeirri stefnu hefði ekki verið haldið uppi að tryggja Íslendingum sjálfum ekki aðeins vinnuna við auðlindirnar hér, heldur líka arðinn af þeirri vinnu, þá hefði engin íslenzk borgarastétt verið til. Svo framarlega sem við hefðum frá upphafi stefnt að því, að þeir togarar og þeir bátar, sem væru gerðir hér út, væru eign útlendinga, eins og var um tíma, t. d. í Hafnarfirði, Hellyers, þá væri íslenzk útgerðarmannastétt ekki til. Sama gildir um íslenzka verzlunarstétt, ef það hefðu átt að vera Marks & Spencer og aðrir slíkir, sem hefðu komið upp stórum verzlunarhúsum hér í Reykjavík og Thomsensmagasín hefði fengið að þróast áfram sem danskt fyrirtæki. Svo framarlega sem Íslandsbanki hefði fengið að eflast hér áfram, þá hefðu það verið útlendir auðmenn, útlend borgarastétt, sem hlaut arðinn af vinnu íslenzks verkalýðs, en ekki íslenzk borgarastétt. Þetta þurfum við að gera okkur ljóst, því að líka frá sjónarmiði verkalýðsins er það höfuðatriði, að meðan kapitalistískt skipulag ríkir hér, þá sé það sjálf íslenzka auðmannastéttin, sem eigi fyrirtækin og arðurinn haldist hér innanlands, sá hluti, sem verkalýðurinn nær ekki til sín með kauphækkunum, en fari ekki út úr landinu í eigu erlendra auðmannastétta. Þess vegna hef ég sagt það áður hér í þessum stól, þegar rætt var um m. a. inngöngu í Efnahagsbandalagið, að þrátt fyrir slæman rekstur okkar hraðfrystihúsa, þrátt fyrir allt, sem má finna að okkar íslenzku kapítalistum í því sambandi, þá viljum við þó heldur hafa þá með öllum þeirra bágborna rekstri heldur en að fá Unilever eða Findus til þess að reisa þær verksmiðjur, sem þeir voru og eru reiðubúnir til að reisa í Sandgerði og annars staðar, þegar þeir fá sams konar lög og þau, sem verið er að gefa svissneska alúmíníumhringnum núna, sem vafalaust verður ekki langt að bíða.

Þarna er því spurningin um það, hvort við viljum halda íslenzku, efnahagslegu sjálfstæði og þar með, á meðan við höfum kapítalistískt skipulag, íslenzkri borgarastétt eða hvort við viljum láta það verða útlenda aðila, sem raka til sín arðinum af vinnu íslenzks verkalýðs og af íslenzkum auðlindum. Og það er hart, að það skuli vera svo nú, að sá maður, sem virðist vera sérstakur forgöngumaður í þessum efnum og virðist alveg sérstaklega hafa ráðlagt hæstv. ríkisstj. og ég er hræddur um, að hún hafi treyst nokkuð mikið á, skuli vera einn aðalforstjóri Seðlabankans, þess banka, sem maður hefði þó átt að

ganga út frá, að ætti frekast af öllum að vinna að því að halda atvinnulífinu á Íslandi íslenzku. Og það er hart, ef svo á að fara að verða nú, að nú skuli það vera eitt aðalhlutverk Seðlabankans og ríkisstj. að eiga að takmarka þær framkvæmdir, sem eigi að vinna í íslenzku atvinnulífi á næstunni, til þess að allt fari ekki úr skorðum við það, að útlenda auðmannastéttin fær þau sérréttindi, sem hún fær með þessum samningi.

Ég vil sérstaklega minna íslenzka atvinnurekendur á það, — þeim er máske stundum gott að hugsa dálítið fram í tímann og trúa ekki bara því, sem pólitískir erindrekar þeirra segja stundum, — ég vil minna íslenzka atvinnurekendur á það, að íslenzkir höfðingjar á Sturlungaöld, þegar þeir sömdu við Noregskonung og þóttust tryggja sér þar með aukið vald fyrir höfðingjastéttina á Íslandi gagnvart alþýðu manna, varð sú reynsla þeirra, að þeir höfðu keypt sér herra, sem síðar átti eftir að traðka þá sjálfa niður. Íslenzk alþýða lifði af, íslenzk höfðingjastétt dó út, og íslenzk atvinnurekendastétt er ekki búin að bíta úr nálinni með það, hvað það kostar að kaupa sér nú erlendan herra hér inn í landið, margfalt sterkari og voldugri ekki aðeins heldur en einn einstakur atvinnurekandi á Íslandi, heldur sterkari en þeir svo að segja allir til samans. Ef íslenzk atvinnurekendastétt hefði einhverja fyrirhyggju í þessum efnum, mundi hún fara að hugsa dálítið, hverjar afleiðingarnar verða af þessu. Við skulum athuga stærð þessa fyrirtækis, sem hér er um að ræða, og hver við getum gizkað á, að sé þess gróði, til þess að við gerum okkur nokkra hugmynd um, hvaða aðili það er, sem við erum nú að bjóða annars vegar til þess að arðræna íslenzkar auðlindir og hins vegar til þess að skáka, ef ekki að drottna yfir íslenzkum atvinnurekendum í framtíðinni.

Fjárfesting Swiss Aluminium mun eiga að vera í þeirri verksmiðju, sem hér er fyrirhuguð, um 2500 millj. kr. Ég veit ekki, hvort hæstv. ríkisstj. og hennar sérfræðingar hafa gert sér verulega far um að reyna að athuga, hver sé gróði slíkra fyrirtækja. Ég leyfi mér að vona, að einhverjar hugmyndir liggi fyrir um slíkt, til þess að menn geri sér nokkurn veginn ljóst, hvaða aðila þeir eru að eiga við. Mér skilst, að fjármagn Swiss Aluminium muni í fyrirtækjum þess vera í kringum 15 þús. millj. ísl. kr., þessum fyrirtækjum, sem það á, og þess hlutafé til samans eitthvað svipað. Ég geng út frá, að þegar búið væri að fullgera alúmíníumverksmiðju hér á Íslandi, mundi framleiðsla þess á alúmíníum í heiminum vera komin upp í kringum 360 þús. tonn. Við skulum taka samanburð af því fyrirtæki, sem hv. 5. þm. Vesturl. minntist hér á áðan, það er Reynolds, sem hann sagði réttilega frá, — að vísu var það ekki vinstri stjórnin, en hins vegar Steingrímur Hermannsson, sem verið hefur einn af aðalsérfræðingum ríkisstj. í þessu sambandi, ég held, að mér sé óhætt að segja, að bæði Steingrímur Hermannsson og Vilhjálmur Þór hafi gert ítrekaðar tilraunir til þess að komast í samband við þá, — Reynolds og Kaiser eru, eins og kunnugt er, þeir alúmíníumhringir, sem eftir stríðið koma upp í Bandaríkjunum, eftir að Rooseveltsstjórnin á stríðstímunum braut niður þá einokun alúmíníumhringsins Alcoa, sem var svo fjandsamleg stríðsundirbúningi Bandaríkjanna, að það var ekki þolað af hálfu bandarískrar stjórnar. Ég veit ekki, hvort hæstv. ríkisstj. hefur kynnt sér í amerískum skýrslum, en maður gæti búizt við því, að hennar sérfræðingar hefðu gert það, og ég vona, að það verði þá upplýst hér, hver gróði þessara hringa hefur verið nú á síðustu árum. En ég skal upplýsa frá árinu 1961, — þær tölur hef ég, — hvað gróði bæði Reynolds og Kaisers var á því ári. Þá var þeirra fjárfesting öll, þeirra fjármagn, Reynolds 814 millj. Bandaríkjadollara og hjá Kaiser 654 millj. Bandaríkjadollara, og þá var gróði Reynolds, eftir að skattar höfðu verið greiddir og eftir að vextir höfðu verið greiddir, 80 millj. Bandaríkjadollara. Ef við göngum út frá því, að á því ári var framleiðslan hjá Reynolds 446 þús. smál. af alúmíníum, og ef við göngum út frá því, að hér hefði verið með svipaðri aðstöðu starfandi sú alúmíníumverksmiðja, sem núna er rætt um, mundi það þýða, að þessi svissneski hringur hefði í gróða af 60 þús. tonna verksmiðju hér átt að hafa um 10.7 millj. dollara eða um 460 millj. ísl. kr. í gróða á einu ári. Ég ætlast til þess, að hæstv. ríkisstj. hafi athugað þessa hluti, hún hafi athugað, hvaða gróða sjálfir auðhringarnir í Bandaríkjunum í alúmíníum telja fram, bæði Alcoa, Kaiser og Reynolds, hvað þar sé gengið út frá, að þeir hafi grætt á hverju tonni af alúmíníum, sem þeir hafi framleitt, og hún hafi þess vegna nýrri upplýsingar en ég hef um þeirra gróða. En þessi gróði þeirra samsvarar því, að alúmíníumverksmiðja með samsvarandi aðstöðu og hefði verið 1961 að frádregnum sköttum og vöxtum hefði haft 460 millj. kr. gróða á þessari verksmiðju hér á Íslandi.

Ég býst við, að mörgum muni þykja þetta allháar upphæðir, mörgum muni ógna jafnvel, kannske ekki síst þeim, sem hafa haldið, að það þyrfti að lokka slíka auðhringa með sérstökum fríðindum til þess að gera annað eins fyrir okkur og hagnýta fyrir okkur rafmagnið. Nú er það vitanlegt, að höfuðframleiðsluatriðið í sambandi við alumíníumframleiðslu er rafmagnið. Það er ekki báxít, sem er aðalatriðið þarna, það er minnstur vandinn að fá það. En aftur á móti rafmagnið, sem er talið almennt um 30% af framleiðslukostnaðinum, það er það, sem barizt er um, og þessir voldugu auðhringar hafa notað sína aðstöðu í veröldinni til þess að reyna að láta lönd eins og Ísland og Noreg, Ghana og Guineu og önnur slík, sem hafa átt allmikið af fossum, láta þau keppa um þetta. Þau hafa reynt að etja þessum löndum hverju upp á móti öðru. Þau hafa reynt að hagnýta sér það að láta þau bjóða hvert niður fyrir annað, til þess að þeirra gróði og aðstaða öll gæti orðið sem allra örugg-ust. Og þessum svissneska hring hefur tekizt með aðstoð þessara sérfræðinga að etja íslenzkum stjórnarvöldum út í það að bjóða þannig, að þau byðu niður fyrir alla aðra og tryggðu betur gróða þessa auðhrings en nokkrir aðrir aðilar hafa verið reiðubúnir til að gera.

Ég leyfi mér ekki að ætla það, að þeir sérfræðingar, sem ríkisstj. hefur haft, hafi ekki gert neitt, ekki nokkurn skapaðan hlut til þess

að afla sér hugmynda um, hvaða gróði sé á framleiðslu á alúmíníum. Þeir vita allir, að þetta er einokaðasta vörutegund í allri veröldinni, og ég hef við ekkert nema gamlar amerískar skýrslur að styðjast. Ég sé af þessu frv., sem hér liggur fyrir, að það muni vera ein verksmiðja í Tennessee, sem þessi hringur á, líka 60 þús. tonna verksmiðja, ef ég man rétt, og ég býst við, að það liggi fyrir hjá ríkisstj., hvaða skatta þeir greiða þar og hvaða gróða þeir ganga út frá að hafa þar. Ég geng út frá, að sérfræðingarnir, sem hafa rannsakað þessi mál, hafi ekki aðeins verið að ganga með grasið í skónum, eins og gert hefur verið nú í 10 ár, eftir alúmíníumhringnum um að vera nú svo góður og blessaður að koma hingað til Íslands. Ég geng út frá, að þeir hljóti að hafa rannsakað um leið að einhverju leyti, hver sé afstaða Íslendinga, hvaða hagsmuni Íslendingar geti haft af þessu, og reynt þess vegna að skilja, hvaða hagsmuni auðhringurinn bjóst við að geta haft af því að koma hingað. Ég mun þess vegna, á meðan ekki er annað upplýst í þessu, ganga út frá því, að árlegur gróði af 60 þús. tonna alúmíníumverksmiðju suður í Straumsvík sé upp undir 460 millj. ísl. kr. á ári, þegar búið er að borga skatta og vexti, miðað við það verðlag á alúmíníum, sem er 1961, og miðað við, að rekstur þessa hrings sé álíka góður og t. d. hjá Reynolds Metal Company, sem ég efast ekki um, að hann sé, þannig að hér er um það að ræða, að það er stórkostlegt stórfyrirtæki á ferðinni, sem skapar á grundvelli hagnýtingar íslenzkra auðlinda og íslenzks vinnuafls stórkostleg auðæfi fyrir sig.

Ég vil minna á í því sambandi, hvaða gildi fossarnir hafa fyrir alúmíníumhringana. Það er vitað, að það gamla Aluminium Company of America, Alcoa, sem var áður allsráðandi í þessu, setur upp eitt aðalfyrirtæki sitt, sem síðan hefur sambönd úti um allan heim, í Kanada, m. a. vegna þess, að þau gera samkomulag við einn aðaleiganda fossanna í Kanada, sem er síðan tekinn inn í alúmíníumhringinn, Duke Prizepower Company heitir það, einmitt vegna þess að þetta fyrirtæki átti vald yfir svo miklum fossum í Kanada, að það gat tryggt sér að ganga inn í þennan volduga hring og er nú einn höfuðþátttakandi hans í krafti þessa fossafls. Þessir auðmenn í Kanada tryggja sér sem sé, vegna þess að þeir hafa aðstöðu til fossaflsins, það að vera stóraðilar í alúmíníumframleiðslunni, vegna þess að mönnum var ljóst, að alúmíníumhringurinn var upp á þá kominn, þurfti að fara til þeirra og biðja þá um að hjálpa sér til að fá aðgang að fossum, og það notaði þessi auðmannasamsteypa í Kanada til þess að komast inn í sjálfan þennan hring. Ég nefni þetta aðeins til þess að sýna fram á, að það er fyrst og fremst alúmíníumhringurinn, sem er háður fossaflinu, og hvernig það er hann, sem verður að leita eftir því að fá að komast að fossaflinu til þess að geta þannig skapað sér gróða. Ef sérfræðingarnir hér á Íslandi, sem hæstv. ríkisstj. hefur haft í sinni þjónustu, hafa ekki vitað þetta og hafa ekki gert sér þetta ljóst, eru þeir fákunnandi á þessu sviði og þá skilja þeir ekki það, sem hver einasti verzlunarmaður, hver einasti atvinnurekandi, hver einasti auðmaður mundi hafa skilið, þegar hann hefur yfir að ráða aðgangi að fossafli, eins og við höfum hér á Íslandi.

Svo er því slengt hér framan í okkur í þessum grg., sem hér liggja fyrir, að það séu gjaldeyristekjur, sem samsvara 5—7 þús. kr. á mann á ári. Hvert renna þær gjaldeyristekjur, sem þarna er verið að tala um? Ætli það væri ekki nær að reikna út, hvaða gjaldeyristekjur það eru, sem hringurinn hefur af þessari framleiðslu? Hvernig stendur á, að menn dirfast að leggja fyrir Alþ. frv. án þess að gera minnstu tilraun til þess að reikna þetta út? Hvernig stendur á, að sérfræðingar ríkisstj. leyfa sér það að leggja fyrir Alþ. frv., þar sem þeir aðeins skýra aðra hlið á málinu? Hvernig stendur á því, að við fáum ekki líka að vita, hvað þessir sérfræðingar álíta, að hringurinn græði á þessu? Er það meining þessara sérfræðinga að reyna að leyna Íslendinga því, hvaða gróði þetta sé fyrir erlenda aðila? Er það feimnismál? Ég álít, að svona eigi sérfræðingar ekki að starfa. Sérfræðingar, sem starfa, hvort sem það er fyrir Alþ. eða ríkisstj., eiga að athuga allar hliðar eins máls, og þeim ber skylda til að leggja allar hliðar fyrir okkur, til þess eru þeir sérfræðingar. Við eigum að geta gengið að þessum upplýsingum, og síðan eigum við að geta vegið og metið, og sérstaklega álít ég óforsvaranlegt af sérfræðingum að gera slíkt gagnvart einni ríkisstj. Það er ekki hægt fyrir ríkisstj., fyrir hæstv. ráðh. sjálfa að eiga að setja sig inn í hvert einasta atriði í svona málum. Það er ekki hægt að ætlast til þess, að menn, sem eru önnum kafnir, ekki sízt eins og þeir stjórnmálamenn eru, sem hér skipa ráðherrasess, í öllum mögulegum málum, þeir geti sett sig inn í hvert einasta smáatriði, stórt og smátt svo að segja, í svona sambandi. Það er sérfræðinganna að gera það, og ef sérfræðingar láta undir höfuð leggjast að skýra allar hliðar málsins fyrir ríkisstj., eru þeir að bregðast skyldu sinni. Þess vegna álít ég það óverjandi, ef álitsgerðir og grg., sem frá sérfræðingum koma, eru aðeins áróður, þar sem aðeins er tekið fram, hvað það sé, sem er kostur við þetta, en ekki fyrst og fremst tekið fram, hvað það er, sem eru gallarnir, og það sé reynt að lýsa þessu þannig eins og Ísland sé einvörðungu þiggjandi, sem þurfi að biðja um, sem þurfi að keppast um að koma sínu rafmagni út, en Swiss Aluminium sé góðgerðamaðurinn, sem geri það fyrir okkur að koma hingað. Það er illa farið, ef þannig hefur verið unnið að, og það vona ég, að verði upplýst hjá okkur.

Ég þykist ekki sízt vita, að sérfræðingarnir hefðu átt að gera sér góða grein fyrir þessum málum, þar sem þeir binda það meira að segja í íslenzka löggjöf, að það skuli vera ameríski alúmíníumhringurinn, sem ákveður á vissan máta skatta á Íslandi, þar sem það er ákveðið með þessu frv., að skattarnir skuli fara eftir því, hvernig verðskráningin er á alúmíníum hjá alúmíníumhringnum þar í Kanada. Mig minnir, að það sé tekið fram einmitt í lagagr. sjálfri, að það fari eftir tilkynningu frá Aluminium Company Ltd. í Montreal og því, sem þar sé tilkynnt um, hvernig alúmíníum sé skráð, hvaða breytingar

verða á þeim sköttum, sem þessi hringur á að greiða á Íslandi. Ég held, að það sé í 26. gr., það skuli vera eftir því, sem auglýst er vikulega í „Metal Bulletin" í London, á grundvelli tilkynninga á hverjum tíma frá Aluminium Ltd., Montreal, Kanada. sem útflutningsverð fyrir Evrópumarkað. Ég geng út frá, að það sé ekki verið að setja slík ákvæði inn í íslenzk lög, án þess að þeir sérfræðingar, sem að því standa, hafi um leið kynnt sér, hvaða aðilar þetta eru og hvernig þeirra aðstaða sé og hvernig þeirra skattgreiðsla sé og hvernig þeirra gróði sé.

M. ö. o.: það, sem við stöndum frammi fyrir, er, að erlent fyrirtæki á að fá sérréttindi fram yfir alla íslenzka borgara, á að heyra að vissu leyti undir annað dómsvald en allir íslenzkir borgarar, á að njóta réttinda, sem enginn Íslendingur annars fær að njóta, og þetta fyrirtæki eigi að vera langsamlega voldugasta fyrirtæki, sem upp hafi verið sett á Íslandi, með 2500 millj. kr. fjárfestingu og þá líklega svipuðum höfuðstól og að öllum líkindum með upp undir 400—500 millj. kr. gróða á ári. Það er almennt gizkað á, að gróði ameríska aluminíumhringa sé á milli 26 og 34% miðað við þeirra fjárfestingu, svo að það fer ekki fjarri því að vera svipað því, sem ég var að reikna út hérna áðan. M. ö. o.: við eigum að fá sérréttindastétt hér inn í landið, fámenna útsenda sérréttindastétt, eins konar alúminíumbaróna, sem eiga að njóta hér réttinda, sem engir Íslendingar hafa. Þetta fyrirtæki hét áður, ef ég man rétt, Aluminium Industri Aktiengesellschaft, og það breytti um þetta þýzka nafn sitt, ég held í fyrra eða svo, fyrra eða hittiðfyrra. Fyrst þegar það var að leita hófanna hjá okkur og eins þegar það samdi við Noreg, hafði það þetta þýzka nafn sitt. En hins vegar sé ég, að það heldur samt áfram að tryggja sér, að það skuli meira að segja í smáatriðum, eins og hvað hafnarbyggingarnar snertir, lagt til grundvallar það, sem þýzkir byggingarsérfræðingar álíta. Á bls. 130 í frv., 4. gr. um höfnina, er tekið fram, að það skuli átt þar við þau ákvæði, sem Deutsche Industri markar, eða þýzka iðnaðarstaðla þar. M. ö. o.: það er alls staðar verið að smeygja þarna inn í smáu sem stóru þeim ákvæðum, sem þessir menn hafa komið sér upp erlendis, og alls staðar eiga þessi erlendu ákvæði að vera rétthærri þeim íslenzku. M. ö. o.: við eigum aftur að fara að fá hér það ástand, að þarna suður í Straumsvík rísi nú upp erlendir fjármáladrottnar, sem eigi að fá að gera þar út sína verksmiðju og fá þar sérréttindi til þess að arðræna okkur Íslendinga.

Við þekktum þetta áður fyrr, meðan okkar land átti við hvað erfiðasta aðstöðu að búa. Það er máske engin tilviljun, að það skuli einmitt vera Straumsvík, sem verður fyrir því að verða fyrsta nýlendusvæðið fyrir þá auðhringa, sem nú munu ryðjast inn á Íslandi. Það er enn þá heiti þar í Straumsvíkinni, Þýzku búðir, frá því að Þjóðverjar gerðu hér út á 15. eða 16. öld, og auðurinn, sem þá var í Faxaflóa, var notaður fyrir útlendinga og Íslendingum þrælað þar út. Og það var líka þarna í Straumi, sem sá bóndi á Kirkjubóli, sem hafði stuðlað að því, að Íslendingar gátu hefnt Jóns Arasonar með drápi Kristjáns skrifara, — það var þar í Straumi, sem hann var hálshöggvinn vorið 1551, og það var þarna rétt hjá, árið 1699, á Kálfatjarnarþingi, sem var þingið fyrir Hraunin líka, sem Hólmfastur Guðmundsson var flengdur 1699, og á sama þingi var lýst yfir trausti á Knud Storm, Hafnarfjarðarkaupmanninn, sem stóð að hýðingunni á þessum fátæka bónda, þannig að þær eru nokkuð ríkar sögulegu minjarnar þarna í kringum Straum. Máske eigum við eftir að fá að lifa það, þegar verkamenn rísa upp þarna suður frá gegn þessu fyrirtæki, að einhver meiri hl. í bæjarstjórn Hafnarfjarðar eigi að samþykkja einhverja traustsyfirlýsingu og þakklætisyfirlýsingu til þessa alúminíumhrings, eftir að hann hefur notið allra þeirra sérréttinda og útsvarsfrelsis og margs annars, sem hann á að njóta þarna á komandi tímum.

Við skulum gá að okkur, þegar við ætlum að fara að koma upp nýlendu fyrir voldugan erlendan auðhring þarna suður frá. Það brennur enn þá í blóði Íslendinga minningin frá þeim tímum, þegar þeir voru nýlenda, og þær minningar munu rísa upp, þegar við eigum aftur að fara að kynnast því hér á Íslandi, að aðrir menn og útlendir og ríkari en við öðlast sérréttindi, sem engir Íslendingar eiga að fá að njóta, og eigum að vera bundnir undir slík sérréttindi í 45 ár, ef þeir menn, sem hjá þessum hring starfa og kunna að lenda í margs konar deilum við hann, eiga ekki einu sinni að geta náð rétti sínum hér innanlands, heldur eigi nú enn einu sinni að fara að skjóta málum Íslendinga til útlendinga og dæma þar. Jóni Hreggviðssyni þótti það illt, og til lítils hafa menn þá háð alla þá sjálfstæðisbaráttu, sem við höfum háð, ef það á enn einu sinni að skapa þá aðstöðu fyrir útlenda drottna, að þeir hafi slík sérréttindi hérna heima.

Ég verð að segja, að það er sérstaklega hart, að Sjálfstfl. skuli ganga fram fyrir skjöldu í því að berjast fyrir þessu. Sjálfstfl. hefur verið flokkur íslenzkrar borgarastéttar, og hann hefur beitt sér fyrir því, að íslenzk borgarastétt gæti sjálf orðið rík og efnahagslega sjálfstæð stétt. Við höfum átt í höggi við þann flokk, verkalýðshreyfingin á Íslandi, um það, hvernig auðurinn hér ætti að skiptast, en við höfum venjulega verið sammála um það, að í landinu skyldi hann haldast, og þegar sá maður, sem var fyrstur formaður Sjálfstfl., Jón Þorláksson, átti um það að velja 1923, hvort íslenzkir fossar, sem þá voru í eigu útlendinga, yrðu hagnýttir í þágu útlendinga og auðurinn og arðránið, sem með þeim skapaðist, rynni til útlendra manna, var Jón Þorláksson nógu framsýnn til þess að segja: Við skulum heldur láta vera að hagnýta þessa fossa en að láta útlendinga ráða yfir þeim. Ég vil minna á það, sem hann segir hér í Nd. 3. maí 1923, með leyfi hæstv. forseta:

„En nú vill hv. meiri hl. (þ. e. meiri hl. n., sem hann skipar) fara þessa leið og gefa útlendingunum allan þann framtíðargróða, sem vér gætum haft af notkun fallvatnanna. Ég er ekki fyrir að nota stór orð, en ég get þó ekki látið hjá líða að flytja þessari hv. d. þá orðsendingu frá fyrrv. forseta Ed., fyrrv. meðnm. minum, Guðmundi Björnssyni landlækni, eftir beinum

tilmælum hans, að hann geti ekki skoðað þetta öðruvísi *en föðurlandssvik.*"

Þetta voru orð Jóns Þorlákssonar 1923, þegar íslenzk borgarastétt var enn nægilega þjóðleg til þess að álíta, að betra væri að bíða með notkun fallvatna heldur en það væru útlendir auðhringar, sem næðu þessum fallvötnum á sitt vald. Sjálfstfl. hefur háð þá baráttu fram til þessa og átt þar samleið og þótzt með öðrum íslenzkum flokkum berjast fyrir því, að við Íslendingar reyndum sjálfir, oft af litlum efnum, að koma upp okkar eigin fyrirtækjum, hvort sem þau væru í eigu íslenzkra atvinnurekenda, ríkisins, bæjanna eða hverra svo sem væri, en fyrst og fremst, að Íslendingar ættu þau sjálfir. ⅔ hluta þessarar aldar hefur þessi barátta verið háð af öllum þeim flokkum, sem á þeim tíma hafa starfað hér á Íslandi. Við höfum barizt fyrir því um leið að fá hæstarétt inn í landið, hafa hann ekki lengur í Danmörku. Það var barizt fyrir því fyrr á öldum, að við þyrftum ekki að lúta dönskum eða norskum lögum, heldur íslenzkum lögum, og það er hart, ef við eigum núna að lifa það, að menn fari að berjast fyrir því, að nú skuli erlendir auðhringar fyrst og fremst fá að hagnýta okkar fossa og koma hér upp aðstöðu til þess að skapa hér stórkostlegan auð og verða voldugir og heimaríkir hér á Íslandi, og um leið skulum við ganga inn á það, að í afgerandi málum skuli það verða erlendir dómstólar, sem geta dæmt um þau mál, sem geta verið ákaflega mikilvæg fyrir Íslendinga. Ég veit, að það hefur verið rekinn mikill áróður innan Sjálfstfl. fyrir því, hver heill það væri fyrir þjóðina að fá útlent fjármagn, og ég þykist þekkja það vel til innan raða Sjálfstfl., að það muni vera mjög skiptar skoðanir, bæði hafa verið og séu mjög skiptar skoðanir um slíkt. Ég varð var við það, þegar baráttan var háð fyrir inngöngunni í Efnahagsbandalagið, að ýmsir af forustumönnum Sjálfstfl., sem jafnvel álitu þetta koma vel til mála frá efnahagslegu sjónarmiði, áttuðu sig á því, þegar þeir fóru að athuga málið nánar frá lagalegu sjónarmiði, að þetta var hættulegt. Við skulum gera okkur ljóst, að þegar við erum að taka upp samninga við slíkan erlendan auðhring eins og hér er um að ræða, erum við Íslendingar að fara inn á alveg nýtt svið, þar sem við erum kannske allir meira eða minna börn, þar sem við erum allir að prófa okkur áfram, þar sem við þurfum þess vegna allir að reyna að verða sammála um, hvað við þurfum að varast og hvaða reynslu við mundum að líkindum af þessu hafa. Við höfum verið sammála um það t. d., að það væru ekki Englendingar eða enskir dómstólar, sem ættu að dæma landhelgisbrjótana hérna, og höfum við samt borið fulla virðingu fyrir ensku réttarfari, en við höfum viljað dæma þá sjálfir. Og það er ekki ástæða til þess, þó að það sé stærri aðili heldur en enskur togarakapteinn, sem í hlut á, að við förum að gera undanþágu vegna þess, að maðurinn sé ríkari. Því frekar væri þó, að við ættum að reyna að halda dómsvaldinu á honum innanlands. Áður var um það að ræða að selja útlendingum fossana hér heima, og það var gert í svo ríkum mæli, að útlendingar voru búnir að eignast alla fossana á Íslandi, sem virkjanlegir voru, nema Sogið, 1919, þegar Alþ. lét koma til sinna kasta og eyðilagði þennan eignarrétt útlendinga á fossunum með sínum ákvæðum.

Ég þykist fyrir mitt leyti hafa haft jafnmikinn áhuga á stóriðju á Íslandi og hver annar og hafa reynt á síðustu 20 árum að hugsa um, á hvern máta við Íslendingar gætum helzt komið upp íslenzkri stóriðju hér, ekki aðeins í fiskiðnaði, heldur líka í öðru. En ég hef einskorðað þá stóriðju við það, að slík stóriðja yrði að vera íslenzk, fyrir Íslendinga eina. Hér hafa verið settar stóriðjunefndir á laggirnar. Mér lízt ekki á þær skýrslur, sem við fáum frá þeim stóriðjunefndum. Ég vil spyrja: Hvaða áliti hafa þær stóriðjunefndir skilað um, hvaða hráefni Íslendingum væru heppilegust til hagnýtingar hér, svo fremi sem okkur þætti, að fiskiðnaðurinn ætti ekki lengur neina möguleika? Við vitum, að fiskiðnaðurinn á nú gífurlega ótæmda möguleika. Við getum margfaldað verðmæti okkar þjóðarframleiðslu með því að auka hann. En við skulum bara segja, að við vildum hugsa það langt inn í framtíðina, að við vildum fara að flytja inn einhver erlend hráefni til að vinna úr. Stóriðjunefnd hefði þá átt að rannsaka, hvaða hráefni það eru, sem koma til greina, því að það eru áreiðanlega mörg hráefni. Og ég vil leyfa mér að spyrja, ætla ekki að fara nánar út í það núna: Hefur hæstv. iðnmrh. fengið skýrslu frá stóriðjunefnd um slíka möguleika, t. d. hvað snertir það hráefni, sem nú virðist vera að slá öll önnur út, svo að maður noti slæmt orð, olíuna? Við vitum, að úr olíunni er núna unnið með hinni svokölluðu petrolkemi, þ. e. efnagreiningarfræði, sem byggist á olíunni, hráefni eins og nælon, plast og öll slík, hráefni, sem í æ ríkari mæli koma í staðinn fyrir bæði stál, sement og allt annað slíkt. Ég vil spyrja, áður en farið er að henda sér í fangið á einum erlendum auðhring: Hefur það verið rannsakað af slíkri stóriðjunefnd, hvaða möguleikar væru til slíks innflutnings á hráefnum öðrum en t. d. alúmíníum? Ég er hræddur um, að svo hafi ekki verið. Mín reynsla, sem við höfðum einmitt í atvinnumálanefnd ríkisins, var sú, að það væri svo mikill áhugi hjá vissum mönnum, vissum voldugum aðilum að hlaupa út um allan heim til þess að biðja alúmíníumhringa um að koma hingað, að það hafi ekki annað frekar verið athugað. Enda kemur það nokkurn veginn heim við það, sem sá forstjóri hringsins segir, sem hér var, að honum hafi ekki boðizt betri kjör annars staðar, það hafi verið hlaupið þannig á eftir honum.

Ég er hræddur um þess vegna, að stóriðjunefnd hafi staðið illa í stöðunni hvað þetta snertir, og ef ég fer þar með rangt mál, vona ég, að hæstv. viðskmrh. upplýsi það.

Þá er rétt að athuga þann hluta í þessu, sem við Íslendingar erum að fjárfesta sjálfir fyrir Swiss Aluminium. Við erum að fjárfesta þann hluta af Búrfellsvirkjuninni, sem fer í að framleiða raforku handa Swiss Aluminium. Ég veit ekki nákvæmlega, hvað maður má gizka á, að það sé mikill hluti, en alltaf gizka ég á, að það séu 1200—1500 millj. kr., sem sá hluti af Búrfellsvirkjuninni hljóti að kosta, sem eingöngu

er gerður fyrir Swiss Aluminium. Er það nú sú skynsamlegasta fjárfesting, sem við gætum veitt 1200—1500 millj. ísl. kr. fyrir? Ég vil bara spyrja. Í fyrsta lagi, hvað snertir sjálfa fiskiðjuna og annað slíkt, þá þurfum við ekki nema örfáar millj. til þess að koma upp fyrirtækjum, sem margfalda verðmæti fiskframleiðslunnar, ég tala ekki um bátana okkar og fiskiskipin. Við vitum, að þær milljónir, sem við setjum í þau, gefa oft álíka mikinn gjaldeyri á hverju ári og slík fyrirtæki kostuðu. Ég minnist á flugvélarnar. Ég spyr, hvort það séu máske einhverjir erfiðleikar á fjármagni til flugvélakaupa á Íslandi núna. Við vitum, að flugfélögin, eins þýðingarmikil og þau eru fyrir okkur, gefa okkur líka mikinn gjaldeyri. Ég spyr: Ef við setjum 1200—1500 millj. kr. í fjárfestingu handa alúminíumhringnum svissneska, erum við þá ekki að taka peninga frá íslenzkum atvinnurekendum, sem þurfa nauðsynlega á þessu fé að halda? Og mér þætti vænt um, að það sýndi sig ekki, að stöðvun kæmi í einhver af slíkum atvinnurekstrarfyrirtækjum, vegna þess að fjármagn skorti.

Þá er enn fremur í sambandi við þetta frv. allt gengið út frá, að ríkissjóður skuli hér ábyrgjast. Hann á að ábyrgjast allt hvað snertir Landsvirkjunina, hann á að ábyrgjast allt hvað snertir Hafnarfjörð. Nú á ríkissjóður allt í einu að ganga í ábyrgð fyrir því, að Landsvirkjunin standi sig hvað rafmagnið snertir. Nú er það ekki lengur nóg, að Landsvirkjunin með sínum eignum, ef í skaðabótamál væri farið, stæði fyrir slíku, heldur sýnist mér í þessum lögum vera gert mjög mikið ráð fyrir, að alls konar truflanir og slíkt, sem þarna gætu orðið, gætu lent í fyrsta lagi á Landsvirkjun og í öðru lagi á ríkissjóði, á sama tíma sem það hefur sýnt sig, að íslenzkir atvinnurekendur hafa aldrei fengið neina slíka ábyrgð fyrir neinu tjóni, sem af neinum rafmagnsvandræðum kynni að stafa, og hafa þó vafalaust margar vélarnar eyðilagzt fyrir lága spennu og annað slíkt og íslenzkir atvinnurekendur aldrei fengið neina bót frá ríkinu fyrir það. Á hér allt í einu ríkissjóður að fara að ganga í ótakmarkaða ábyrgð, eftir að búið er að lesa yfir okkur þing eftir þing af hæstv. fjmrh. um það, hve ófært það sé, að íslenzkur ríkissjóður sé í ábyrgð fyrir allt mögulegt? Ég vil um leið leyfa mér að spyrja, af því að ég fékk það ekki alveg hreint út úr yfirlestrinum á þessu frv., um það fé, sem hafnargerðin, sem þarna á að reisa, kostar: Lánar hringurinn allt það fé fyrir fram? Ég sé, að hann á að borga þá hafnargerð eða það, sem hún kostar, smátt og smátt, en lánar hann allt þetta fé fyrir fram, eða hvernig á að útvega það fé, sem í þetta þarf, án þess að það komi nokkurs staðar annars staðar niður? Ég trúi ekki öðru en það sé fyrir því séð, því að náttúrlega er Hafnarfjarðarbæ ofvaxið að gera þessa hluti. En mér þætti vænt um að fá nánari skýringu á því.

Þá vil ég enn fremur leyfa mér að spyrja hæstv. iðnmrh. Ég skil svo, að í þessum samningi sé gert ráð fyrir, að það megi undir sérstökum kringumstæðum, sem kallað er „force majeure", fella niður greiðslu á raforkuverði, og þegar talið er upp allt það, sem þarna eru óviðráðanleg öfl eða „force majeure", er m. a. talað um verkföll, þá er talað um allsherjarverkföll, þá er talað um staðbundin verkföll og þá er talað um sérstakar — orðalagið: sérstakar vinnudeilur, og eftir því sem mér skilst, lagt mjög ríkt á, að ríkisstj. sé þarna í mikilli ábyrgð og henni beri að sjá til þess, að einskis sé látið ófreistað til þess að koma þarna á fullri vinnu aftur og annað slíkt. Ég vil spyrja: Er það svo, ef verkföll eru gerð þarna og við segjum, að þau verkföll gætu staðið mánuðum saman, hefur þá hringurinn á einhvern hátt leyfi til þess að fella niður greiðslur af raforkuverði á meðan eða er hann alveg bundinn við að greiða raforkuverð, þó að verksmiðjan gangi ekki mánuðum eða árum saman? Ég vil spyrja að þessu vegna þess, að því var lýst yfir hérna, að þótt verksmiðjan væri lokuð, yrði greitt áfram rafmagnið. Er þetta undir öllum kringumstæðum? Eða er þetta bara undir vissum kringumstæðum? Ég spyr að þessu vegna þess, að ég vil fá að vita, hvort óbeint getur falizt í þessum lögum, að íslenzkri ríkisstj. beri skylda eða hún sé af efnahagslegum ástæðum kannske neydd til þess, ef verkföll eru gerð í svona verksmiðjum, að banna þau verkföll, vegna þess að það álítist innan hennar valdsviðs að geta komið í veg fyrir verkföll með því að banna þau með lögum. Við þekkjum þess dæmi, að það hafi verið bönnuð verkföll á undanförnum árum við einstök fyrirtæki, og ég óska eftir því að fá skýringu á því ótvírætt, hvort slíkt er hugsanlegt samkv. þessum lögum. Það er í 42. gr., 2. og 3. mgr. þar, það sem nefnt er 4202 og 4203, eru að vísu ákaflega flókin ákvæði í þessum efnum. Ég hef ekki lesið það á enskunni, ég veit ekki, hvort það yrði kannske rétthærra mál, þegar ætti að fara að dæma um þetta af erlendum dómstólum, en hafa vil ég a. m. k. skýringu hæstv. ráðh. á þessum atriðum, áður en þau yrðu rædd nánar. Þessi ákvæði eru svo flókin og svo margbrotin og svo margar undanþágur þarna í, að það skal alveg sérstaklega skarpa lögfræðinga til þess að reikna það út, hvað þarna er. En hitt veit ég, að sá skilningur, sem hæstv. iðnmrh. leggur í þetta, hefur gildi fyrir Alþ. seinna meir, ef við eigum slíkt eftir eða þeir, sem hér koma til með að eiga sæti seinna meir, þegar við værum allir farnir, í þeim deilum, sem þeir kæmu til með að eiga í við þetta fyrirtæki, sem nú á að fá þessi sérréttindi hér til 45 ára.

Þá vildi ég aðeins út frá því, sem hæstv. iðnmrh. minntist á, þegar hann talaði um skattana, minna á það, að þau sérréttindi, sem hringurinn áskilur sér í sambandi við skattgreiðslurnar og hvernig þá skuli reikna út, það sem rætt er um m. a. sérstaklega á bls. 100, þau eru mjög viðtæk. Ég vil benda á, að þeir menn, sem kunnugastir eru alúmíníumframleiðslu í heiminum og hafa rætt sérstaklega og skrifað um, hve gífurleg fjárfesting það er, sem fram fer núna, bæði í Ghana og Guineu, eins og hv. 5. þm. Vesturl. kom inn á, hafa gengið út frá því, að nokkur hætta kynni að vera á því, að

verðfall yrði á alúmíníum út af þessari gífurlegu fjárfestingu á árinu 1967, ekki sízt vegna þess, að Bandaríkjastjórn liggur, eins og kunnugt er, með alúmíníumbirgðir, sem samsvara heimsframleiðslunni í tvö ár, þannig að hvenær sem eitthvað lítur friðsamlegar út í heiminum og Bandaríkjastjórn kynni að álíta rétt að setja að einhverju leyti þær birgðir á heimsmarkaðinn, væri búizt við verðfalli á þessu. Og ég vil aðeins leggja áherzlu á það, því að við verðum að skoða allar hliðar á þessu máli, að þessi hringur — svissneski hringur — virðist tryggja sig mjög skarplega gegn öllu slíku verðfalli og setja sína skatta svo að segja niður í ekki neitt eða niður í mjög lágt, svo framarlega sem þannig færi.

Ég vil enn fremur, vegna þess að þarna er líka rætt um það á bls. 100, að ríkisstj. muni draga úr framkvæmdum, svo framarlega sem það sýni sig að verða nauðsynlegt til þess að tryggja vinnuafl fyrir þennan hring og þær aðgerðir, sem í sambandi við hann standa, m. ö. o. að það á að svipta landsmenn þeirri þjónustu, sem skólabyggingar, sjúkrahúsbyggingar og aðrar slíkar eru, og hefur þó ekki annar ráðh. lýst því öllu betur en hæstv. iðnmrh., þegar hann sem heilbrmrh. talar yfir okkur um þörfina á aukningu spítalanna, en sem sagt úr allri þessari þjónustu ætti að draga, til þess að við gætum leyft þessum erlenda auðhring að komast hér að. Svo er okkur sagt, að þessi Búrfellsvirkjun væri í raun og veru ókleif fyrir okkur, nema við féllumst á að láta þennan útlenda hring fá þessi friðindi. Er þetta rétt? Gátum við ekki sjálfir virkjað Búrfell? Við skulum segja, að við hefðum viljað virkja það svona stórt og við hefðum kannske gert það þá í tveim áföngum. Við skulum segja, að það hefði kostað svona 1700—2000 millj. kr., eins og gengið er út frá. Er það ekki barnaleikur fyrir okkur að útvega fé til þess að virkja þetta núna? Í fyrsta lagi, við eigum sjálfir gjaldeyrissjóð upp á 2000 millj. kr., það, sem við eigum til, samsvarar þessum peningum, nú þegar í sjóði. Í öðru lagi, við fjárfestum árlega milli 5 og 6 þús. millj. kr., m. ö. o. á 10 árum t. d. fjárfestum við milli 50 og 60 þús. millj. kr. Er ekki virkjun upp á 1700 millj. alveg barnaleikur fyrir þjóð, sem fjárfestir slíkt, svo framarlega sem hún hefur einhverja stjórnsemi í fjárfestingu? Nokkrir heildsalar, sem vafalaust eru á hausnum, fjárfesta hér í 16 verzlunarhúsum inn við Suðurlandsbraut 500 millj. kr., þeir leika sér að þessu, nokkrir ríkir auðmenn hérna í Reykjavík, að koma upp hér nokkrum húsum, sem mundu samsvara þriðjungnum af því, sem við þyrftum til að koma upp á einu ári Búrfellsvirkjun. Við erum með þjóðartekjur, sem eru 17 þús. millj. kr. á ári, og þá ætti þetta að virkja Búrfell að vera einhver erfiðleiki fyrir okkur. Hv. 1. þm. Austf. minntist á það hérna í sinni ræðu, að þegar Sogsvirkjunin hefði verið framkvæmd, hefði það ekki verið nema það, sem samsvaraði hálfum fjárl. þá, ætli fjárl. hafi ekki þá verið í kringum 20 millj. kr. Nú eru fjárl. í kringum 4000 millj., held ég, eitthvað um það. Það eru ekki einu sinni hálf fjárlög, þó að við tækjum Búrfell, eins og það er núna. Þetta er barnaleikur miðað við það, sem við höfum verið að gera á undanförnum áratugum, að gera þetta sjálfir. Og þó efast ég ekkert um, að það er ekkert auðveldara en að fá lán til 10—20 ára til þess að virkja Búrfell og það með betri kjörum en Alþjóðabankinn lætur okkur fá. Ég vil þess vegna segja: Við vorum á engan hátt nauðbeygðir til þess að fara að biðja þennan hring um að koma hérna til okkar og njóta okkar auðlinda með okkur og fá þau sérréttindi, sem hann á að fá hér.

Ég ætla ekki hér að fara að ræða sérstaklega það, sem snertir Búrfellsvirkjunina. Það hafa aðrir gert það rækilega á undan mér, og ég ætla ekki að fara út í það. En ég ætla að segja það, að ég sakna þess hins vegar, að í plaggi, sem lagt er hér fyrir okkur, — en það kemur vonandi, þegar málið kemur aftur frá fjhn., — að það skuli ekki vera tekið með í álit frá landsvirkjunarstjórn líka álit þeirra aðila, sem mest hafa gagnrýnt þetta tæknilega séð, eins og Sigurðar Thoroddsens verkfræðings. Fyrir Alþ. eiga að liggja öll álit í þessum efnum.

Þá er komið að því, að það eigi nú ekki að vera erfitt fyrir okkur að undirskrifa þann samning, sem nú er lagður fyrir og felst líka í þessum lögum, en er lagður fyrir sérstaklega, um gerðardóma í þessum efnum, þessi CID-samningur eða hvað hann er kallaður. Alþjóðabankinn er að beita sér fyrir, að þessi samningur sé gerður. Hvert er inntak þessa samnings? Inntak þessa samnings er það annars vegar að tryggja, að ákveðin ríki, sem flytja út fjármagn, séu þarna aðilar og hins vegar ríki, sem fjármagn er flutt inn hjá. Þau ríki sem flytja út fjármagn, eru fyrst og fremst ýmis auðvaldsríki Evrópu, og tilgangurinn með þessum samningi er að tryggja aðstöðu þeirra og þess auðmagns, sem þau flytja út, hjá þeim löndum, sem þeim þykir að einhverju leyti varhugavert að treysta á réttarfarið hjá. Þegar farið er fram á við okkur Íslendinga að undirskrifa þennan samning eða fallast á þau rök, sem fela í sér skuldbindingu um að hlíta gerðum þessa samnings, hvort sem við staðfestum hann eða ekki, þá er farið fram á við okkur að vera í þeirri aðstöðu, sem gömlu nýlenduríkin eru í. Það er ekki farið fram á við okkur að vera í þeirri aðstöðu, sem Noregur, Danmörk, England eða Bandaríkin eru í, sem flytja út fjármagn. Það er verið að fara fram á við okkur að setja okkur í þá aðstöðu, sem þau ríki eru í, Ghana, Guinea eða önnur slík, sem flytja inn fjármagn og auðvaldsríkjunum í Evrópu þykir valt að treysta. Við erum settir á bekk með þessum nýlenduríkjum, og ég óska eftir því og vonast til þess, að í n., ef ekki fyrr, verði það upplýst, hver af slíkum ríkjum það eru, sem þegar hafa undirskrifað og samþykkt þennan gerðardómssamning.

Þá vil ég enn fremur benda á, að það er talað um að gera þennan samning til 45 ára, m. ö. o. er verið að svipta komandi kynslóð rétti til þess að ráða einhverju um þetta. Það er verið að binda komandi kynslóðum byrðar. Við, sem hér sitjum á þingi nú, a. m. k. þeir, sem nú hafa setið lengst af okkur, fara nú brátt að hverfa, höfum setið hér 25—30 ár ýmsir. Eftir 25—30 ár

munu vafalaust mjög fáir af þeim, sem nú sitja hér í dag, enn þá sitja á þingi. En þá verða enn þá eftir 20 ár, sem landsbúar eiga að búa við þau lög, sem skammta skal í dag. Þess vegna, þegar menn ætla að binda komandi kynslóðum þá bagga, sem með þessu eru bundnir, ber mönnum skylda til þess að athuga vel sinn gang, ef menn ætlast ekki til þess, að komandi kynslóðir grípi til annarra aðferða til þess að hrinda þeim viðjum, sem þær eru bundnar í.

Þá skulum við koma að því, sem hér hefur verið sérstaklega mikið gert úr, bæði af hv. 5. þm. Vesturl. og hæstv. iðnmrh., og það er, hve dýrmætt það sé fyrir okkur að laða til okkar erlent fjármagn, og hæstv. iðnmrh. hafði þau orð um, að Norðmenn hefðu misst af þessari virkjun, sem sé þegar auðhringurinn var að láta öll þessi fossalönd keppa, hefðum við orðið svo duglegir í að undirbjóða, að Norðmenn hefðu misst af þessari virkjun. Og hv. 5. þm. Vesturl. komst einmitt að orði um það, að við hefðum orðið að keppast um að komast í þessa aðstöðu. Nú skulum við athuga, hvað þetta erlenda fjármagn, sem við nú ætlum að fá hér inn, þýðir fyrir okkur.

Við erum allir sammála um það, og við höfum allir staðið að því, allir flokkar á Íslandi, að veita inn erlendu fjármagni hér sem lánsfé, og við höfum ekki verið neitt sérstaklega hræddir við það. Við höfum haft alla gát, en við höfum ekki verið sérstaklega hræddir. En hér er sem sé um alveg nýtt að ræða, að veita erlendu fjármagni beint inn í efnahagslíf á Íslandi. Hver verða nú áhrif þessa erlenda auðhrings, þegar hann er kominn hér inn? Þessi erlendi auðhringur á hér auðmagn, eftir að hann er búinn að koma þessu fyrirtæki upp, upp á 2500 millj. kr. Hann hefur gróða árlega af þessu auðmagni, sem við skulum segja, að sé í kringum 400 millj. kr. á hverju ári. Það þýðir m. ö. o., að þessi auðhringur hefur alveg sérstaklega mikilla hagsmuna að gæta á Íslandi, í fyrsta lagi til að tryggja sína eign og hennar afnot og í öðru lagi til að tryggja sinn gróða og það, að hann haldist við. Hvað er nú fjármagn allra íslenzkra atvinnurekenda, allrar þeirrar íslenzku borgarastéttar, sem Sjálfstfl. alveg sérstaklega hefur beitt sér fyrir og barizt fyrir, að ekki yrði sett á hausinn með óhóflegum kröfum af hálfu verkalýðshreyfingarinnar? Ég þori ekki að segja nákvæmlega, hvað það er í dag. Ég veit, að fyrir nokkrum árum var fjármagnið í öllum iðnaði og sjávarútvegi Íslands um 6000 millj. kr., og ég þykist vita, að af því fjármagni þá hafi mjög stór hluti verið lán frá hálfu ríkisbankanna. Ég skal ekki neitt fullyrða um, hvað öll íslenzk atvinnurekendastétt í iðnaði og sjávarútvegi á í því efni. Ég býst við, að það þýddi ekkert að líta í skattaskýrslurnar. Ég býst við, að við fengjum lítið að vita úr þeim. Máske á hún um 2500 millj. kr. í skuldlausum eignum, máske á hún 3000 millj. kr. í skuldlausum eignum, máske á hún meira. Ég vona, að við fáum upplýst í þessum umr., hvað hún á. En ef eitt fyrirtæki kemur inn í landið, sem á sjálft 2500 millj. kr. í einni verksmiðju hér eða álíka mikið máske og öll íslenzk borgarastétt til samans, er þá ekki orðin nein breyting á efnahagslífinu á Íslandi? Er ekki orðin gerbreyting á því? Við Íslendingar höfum haft þá sérstöðu, og þar kom okkar bitra reynsla sem raunveruleg nýlenduþjóð í gegnum aldirnar til skjalanna, að við höfum verið allra Vestur-Evrópuþjóða andvígastir því að veita erlendu fjármagni inn í okkar atvinnulíf. Við höfum viljað eiga okkar atvinnulíf sjálfir. Og þess vegna er það svo, að eftir 1945, eftir síðasta stríð, hefur svo að segja ekkert erlent fjármagn verið í fyrirtækjum á Íslandi. Það var ofurlítið á milli stríðanna. Og þetta er einn höfuðgrundvöllurinn undir því, hve Íslendingar hafa staðið vel á verði um sitt sjálfstæði, að okkar efnahagslega sjálfstæði í okkar atvinnulífi hefur verið tryggt. Nú kemur þarna aðili, sem er jafnríkur og jafnvel flestallir íslenzkir atvinnurekendur til saman. Og það fyrsta, sem auðvitað gerist, er það, að atvinnurekendastéttin á Íslandi er þannig gerbreytt, íslenzk atvinnurekendastétt hefur á ýmsan hátt verið — við skulum segja frekar veik, t. d. í sinni afstöðu gagnvart verkalýðnum. Hún hefur ekki verið sérstaklega sterk. Verkalýðurinn hefur verið mjög sameinaður og í þeirri stéttabaráttu, sem hér hefur verið háð, hafa verkalýðssamtökin verið sterk. Eftir að þessi erlendi atvinnurekandi er kominn hér inn, er ástandið gerbreytt. Íslenzkir atvinnurekendur hafa allir verið meira eða minna háðir íslenzkum ríkisbönkum og íslenzkri ríkisstj. Þessi erlendi aðili, sem kemur hér inn, er í engu háður íslenzkum ríkisbönkum og raunverulega þaðan af síður íslenzkri ríkisstj. M. ö. o.: aðstaða atvinnurekendastéttarinnar á Íslandi er gerbreytt með þessum samningi. Atvinnurekendastéttin á Íslandi, — ég segi ekki íslenzk atvinnurekendastétt, heldur atvinnurekendastéttin á Íslandi er orðin margfalt sterkari í sinni afstöðu, fyrst og fremst vegna þess að hún er orðin margfalt ríkari heldur en hún var. Við þá atvinnurekendastétt, sem með þessu yrði upp risin á Íslandi, er miklu erfiðara að ráða fyrir íslenzka ríkisstj. og fyrir íslenzka banka, vegna þess að íslenzkt ríkisvald hefur ekki sömu áhrif á þessa nýju atvinnurekendastétt, sem hér rís upp, eins og hún hefur á þá gömlu. Við höfum orðið varir við það, að hjá Alþfl. hefur komið upp nokkur ótti í sambandi við þetta. Formælandi Alþfl. hér áðan, hv. 5. þm. Vesturl., lét þau orð falla, að Alþfl. vildi tryggja það, að þetta yrði ekki til þess að gera íslenzka atvinnurekendur eða atvinnurekendurna á Íslandi miklu sterkari og voldugri og harðvítugri gagnvart verkalýð heldur en áður hefði verið. Og hann þóttist geta komið í veg fyrir slíkt. Hann lýsti því yfir, að Alþfl. mundi krefjast yfirlýsingar frá þessum hring, frá þessum volduga auðhring um, að hann yrði ekki í íslenzkum atvinnurekendasamtökum. Ég veit, að það var búið að ræða um það við svissneska auðhringinn, þegar þm.-nefndin kom til fundar við hann í Sviss, að hann yrði í þessum atvinnurekendasamtökum, og þeir fóru ekkert dult með það, forstjórar Swiss Aluminium, að fram á það hefði verið farið við þá. Það vantaði ekki áhugann náttúrlega hjá ýmsum íslenzkum atvinnu-

rekendum og þeirra pólitísku erindrekum að reyna að fá þennan hring inn í þeirra samtök. Hins vegar býst ég við, að það sé tiltölulega útlátalaust fyrir þennan hring að gefa yfirlýsingu um, að hann muni ekki fara í þessi samtök. Þessi hringur hefur næga möguleika samt að skipta sér af íslenzku atvinnulífi og íslenzku stjórnmálalífi, þótt hann gefi eitthvert slíkt bréf. Hins vegar mun á þetta reyna. Vafalaust verður flutt brtt. við það lagafrv., sem hér liggur fyrir, um, að þessum hring sé algerlega bannað á nokkurn máta að hafa nokkur afskipti af nokkrum íslenzkum innanlandsmálum og öll þau réttindi, sem ætti að veita honum í þessu, væru niður fallin, hvenær sem slíkt sannast á hann, og það mun þá sýna sig, hvort þeir menn, sem vilja banna hringnum slík afskipti, eru reiðubúnir til þess að samþykkja slíkt. En upp úr einni lítilli yfirlýsingu frá forstjórunum legg ég lítið.

Það, sem er höfuðatriðið í sambandi við tilkomu þessa erlenda hrings, eru áhrif hans á íslenzk stjórnmál. Þessi auðhringur verður á næstu áratugum sterkasti aðilinn í íslenzkum stjórnmálum. Hvort sem þeir forstjórar, sem fyrir honum eru, hafa eða hafa ekki hugsað sér það, kemur hann til með að verða það, m. a. vegna þess, að það verða ákveðnir íslenzkir aðilar, — og þar með á ég við einstaklinga, ég á ekki við Sjálfstfl. í heild, síður en svo, — en það verða ákveðnir íslenzkir aðilar, sem koma til með að vinna að því öllum árum að fá þennan hring beint og óbeint til að skipta sér af íslenzkum stjórnmálum, og við munum strax sjá það, þegar stjórn ÍSALs verður skipuð og þau sambönd, sem nú þegar eru farin að koma fram í þessu sambandi, hverjir það séu, sem hugsa til sérstaklega að reka hans erindi hér. Við hindrum ekki náttúrulögmálin í því að hafa sína rás. Og það er eins og náttúrulögmál, að þegar auðmagn einu sinni er komið upp, leitar það til áhrifa á stjórnmál. Það voru ekki fyrr komnir upp hér nokkrir stórkaupmenn, íslenzkir og danskir, heldur en þeir ákváðu að skapa sér hér í Reykjavík dagblað og ákváðu að koma sér hér upp flokki. Og þeir kúguðu, eins og kunnugt er orðið, eigendur Morgunblaðsins til þess að selja sér Morgunblaðið árið 1919 með því að hóta þeim að koma annars upp hér dagblaði, þar sem þeir settu allar sínar auglýsingar, og dræpu þannig Morgunblaðið. Það er gefið, að um leið og auðmagn er til komið og lætur til sín taka, fer það að beita sínum áhrifum í stjórnmálum. Það eru engir hlutir eðlilegri heldur en auðfélag, sem á 2500 millj. kr. undir því, hvernig stjórnmálin þróast á Íslandi, að slíkt auðfélag vilji hafa áhrif á, hvernig stjórnmál þróast á Íslandi. Og það er ekkert eðlilegra en auðhringur, sem græðir 400 millj. kr. á ári á Íslandi, vilji geta haft hönd í bagga um það, hvort farið sé að skera af honum hans gróða eða ekki. Það er jafneðlilegt og stéttabaráttan skapast, að voldugt auðfélag reyni að skapa sér áhrif á stjórnmál. Og ég vil bara spyrja menn: Haldið þið, að það séu einhver vandræði fyrir Swiss Aluminium eða ÍSAL að ná hér áhrifum yfir blöðum? Haldið þið, að það sé nokkur vandi fyrir hring, sem græðir 400 millj. kr. á ári, að stjórna hér og eignast blöð, sem tapa svona 2—3 millj. kr. á ári? Haldið þið, að það sé nokkur vandi fyrir svona hring að verða voldugasta stjórnmálaaflið á bak við tjöldin með þeim mönnum, sem hann teflir fram fyrir sig? Nei. (**Forseti:** Ég bið hv. 3. þm. Reykv. afsökunar, en áformað hafði verið að fresta fundinum til kl. 17.30. Ég vil spyrja hann, hvort hann treysti sér til að ljúka ræðu sinni á örfáum mínútum eða hvort hann kjósi að fresta henni.) Ég vil heldur fresta. — [Fundarhlé.]

Herra forseti. Ég held, að það væri nú rétt að láta hæstv. iðnmrh. vita af því, að við værum að halda áfram fundi. (**Gripið fram í:** Hann er á leiðinni.) Jæja, þá er allt í lagi.

Ég var þar kominn í minni ræðu, þar sem ég ræddi um þau hugsanlegu áhrif, sem þetta mikill auðhringur mundi hafa í sambandi við vinnudeilur hér á Íslandi og í sambandi við stjórnmál, og ég hafði beint þeirri spurningu til hæstv. iðmrh., hvernig það mundi vera, svo framarlega sem verkföll yrðu gerð hjá hringnum, hvort það mundi þýða fyrir ríkisstj., að hringurinn hætti að greiða raforkuverðið og ríkisstj. stæði þá þannig uppi, að hún yrði að halda áfram greiðslum til Alþjóðabankans á raforkuverðinu fyrir hringinn. Þetta er alveg nauðsynlegt, að sé alveg ótvírætt upplýst. Svo fremi sem það væri svo, að hringurinn gæti hætt greiðslum fyrir raforkuna, ef verkföll væru í verksmiðjunni, þýðir það í fyrsta lagi, að auðhringur þessi hefur mjög mikil efnahagsleg tök á ríkisstj., sem hann getur notað til þess að knýja hana til þess að reyna að leysa slíkar vinnudeilur með lagaboði. Þetta mundi þýða, að ríkisstj. væri komin í þá klemmu, að hún yrði að standa skil á mjög miklum greiðslum vestur til Alþjóðabankans án þess að fá nokkuð í staðinn frá hringnum. Með þessu móti skapar hringurinn sér mjög sterk tök fjárhagslega á ríkisstj. og gæti knúið hana sem sé út í leiðinlegar aðgerðir gagnvart verkalýðnum. Enn fremur skilst mér, að með þessu móti geti hringurinn alltaf skapað sér átyllu til að stöðva verksmiðjuna, ef honum lízt illa á markaðshorfur eða slíkt, án þess að þurfa að ganga inn á nokkrar þær skuldbindingar, sem hæstv. ríkisstj. var að hæla sér af að hafa tryggt. Við skulum segja, að það sé verkfall hjá verksmiðjunni og hringurinn neitar að semja við verkamenn og hann gerir það til þess að láta verksmiðjuna stöðvast án þess að þurfa sjálfur að borga raforkuverðið. Þá getur hann haldið verksmiðjunni stöðvaðri eins lengi og hann vill með verkfall að yfirvarpi án þess að standa við sínar skuldbindingar gagnvart ríkisstj. Mér sýnist, að bæði á því sviði og ótal öðrum geti hringurinn þannig skapað sér alls konar útgöngudyr í sambandi við þessa samninga, sem hér liggja fyrir. Enn fremur vil ég benda á, af því að það er mál, sem við höfum svo lítið haft að segja af á Íslandi: Hringurinn gerir kröfur til þess að fá að flytja inn erlent verkafólk, svo fremi sem verkfall er nú hjá hringnum og íslenzkir verkamenn hafa ekki viljað semja. Hvernig er þá, ef þessi erlendi hringur flytur inn erlent

verkafólk, sem hann ræður fyrir lægri kjör, íslenzkt atvinnurekendasamband, segjum við, og hann semur á ýmsan hátt við þetta verkafólk? Er honum sköpuð með þessu móti aðstaða til þess að geta notað erlent verkafólk sem verkfallsbrjóta? Það er fyrirbrigði, sem við höfum ekkert haft af að segja vegna okkar vinnulöggjafarlaga í þrjá áratugi. En ég er ákaflega hræddur um, að það væri hægt að opna þann möguleika fyrir þennan hring með þessu móti. Þannig er það, að þegar við förum að athuga þessa hluti raunhæft, komum við til með að sjá, að það sé margt í því, sem hefði þurft að athuga miklu betur og eru mjög hættulegar útgöngudyr fyrir þennan hring með öllu því valdi, sem hann hefur.

Hv. 5. þm. Vesturl. talaði hér um það, að Íslendingar ættu að fara að eins og aðrar þjóðir að hleypa fjármagni beint inn í landið, en ekki bara sem lánsfé. Þar kemur fram hjá honum það, sem er orðið því miður ákaflega títt hjá okkur, að það er talað um þessi mál án þess að gera sér að nokkru leyti ljósa sérstöðu okkar Íslendinga. Okkar smæð sem þjóðar er þannig, að það, sem getur verið hættulaust fyrir ríki eins og Noreg, sem ekki er neitt stórt ríki, getur verið stórhættulegt fyrir okkur. Norðmenn hafa hleypt inn þó nokkru erlendu auðmagni og meira að segja gert sérstakar ráðstafanir til þess að reyna að fá það inn í landið, og á vissum sviðum hjá þeim er þetta erlenda auðmagn þó nokkuð mikill hluti af vissum atvinnugreinum. En hvað er þetta auðmagn sem heild hjá Norðmönnum? Þetta auðmagn sem heild er ekki meira en milli 5 og 10% af því fjármagni, sem er í Noregi, og það þótt maður taki bara norskan iðnað, sjávarútveg og samgöngur. Hvað yrði aftur á móti þetta útlenda fjármagn hér á Íslandi? Það yrði strax með þessari verkmiðju, eins og hún er, 60 þús. tonna verksmiðju, um þriðjungurinn af því fjármagni, sem er í iðnaði og sjávarútvegi á Íslandi. Og ef þessi verksmiðja yrði stækkuð, — við munum eftir því, að hringurinn minntist á þann möguleika strax í upphafi, að hann hefði kannske áhuga á að stækka hann í 120 þús. tonn, — væri helmingurinn af öllu fjármagni á Íslandi, ég tala nú ekki um, ef maður reiknaði með fjármagni í einkaeign, orðinn í höndum útlendinga. M. ö. o.: það eru slíkar stökkbreytingar, sem verða á íslenzku efnahagslífi, þegar við hleypum inn erlendu auðmagni í svona stórum stíl, miðað við okkar fjármagn, sem fyrir er, að það umhverfir alveg íslenzku efnahagslífi. Það, sem hefur lítil eða engin pólitísk áhrif í Noregi, mundi þess vegna hafa alveg stórkostleg áhrif á Íslandi.

Þá sagði hv. 5. þm. Vesturl. líka, að að sjálfsögðu verður að líta á samninga við útlenda aðila sem samninga við erlent ríki. Ég skil ekki, hvernig nokkrum þm. dettur slíkt í hug, að leyfa sér að tala um það, að það sé sjálfsagt að líta á samninga við erlenda aðila eins og samninga við erlent ríki. Ættum við að líta á samninga t. d. við skulum segja við Samband brezkra togaraeigenda, ættum við að líta á samninga við þá eins og það væru samningar við erlent ríki? Hvað er eiginlega verið að fara með þessu? Eins og einhver og einhver auðmaður einhvers staðar úti í heimi eða auðfélag eigi að hafa sama rétt gagnvart Íslandi, lýðveldinu Íslandi, eins og þau ríki, sem við semjum við. Ég skil ekki, hvernig nokkrum þm. dettur þetta í hug. Náttúrlega eru samningar við einstaka aðila erlendis allt annar hlutur. Íslenzkir aðilar geta gert einhverja samninga við aðila erlendis, og það meira að segja er opið í okkar hlutafélagalögum, að útlent fjármagn getur komið hér inn. Það eru aðeins viss ákvæði, sem skuldbinda þá til þess, að það skuli vera í minni hluta í hlutafélögunum. Þetta er eins og hver önnur vitleysa, náttúrlega nær ekki nokkurri átt, að við eigum að gera útlendum auðmönnum það hátt undir höfði, að við skoðum þá eins og erlent ríki. Fyrr má nú vera dýrkun á auðvaldi heldur en það. Hér er um tvennt algerlega ólíkt að ræða. Þegar íslenzka ríkið gerir samning við erlent ríki, verða tveir a. m. k. lagalega séð jafnréttháir aðilar að eigast við. Hins vegar ef gerður er samningur við einhvern útlendan aðila, eins og einhvern auðmann eða auðfélag eða svoleiðis, er það allt annað. Svona hugtakarugling á maður ekki að heyra hér á Alþingi.

Þá segir hv. 5. þm. Vesturl.: Eigum við að nota erlent fjármagn? Jú, menn séu sammála um að nota það sem lán, en eigum við að nota erlent fjármagn beint? Hann segir, að Alþfl. sé á móti því að gera þetta að almennri reglu, og hann leggur áherzlu á, að það skuli vera farið þarna að með gát. Já, ég mundi hafa óskað eftir því, að Alþfl. hefði sýnt slíka gát nú undireins, og ég er hræddur um, að hann hafi gleymt þeirri gát, þegar hann fellst á þennan samning. Alþfl. segist vera á móti því að gera þetta að almennri reglu, en þegar asni klyfjaður gulli er einu sinni kominn inn um borgarhliðin, gildir annar mórall í borgríkinu eftir það. Þegar þessi svissneski auðhringur einu sinni er kominn hingað inn, þegar hann með sinn 400 millj. kr. gróða á ári er byrjaður að skipta sér af íslenzkum stjórnmálum, er aðstaðan orðin allt önnur. Það er komið hér vald, verulega mikið vald inn í íslenzk stjórnmál, og þótt Alþfl. hafi möguleika í dag til þess að stöðva þetta mál, er enginn kominn til þess að segja, að hann verði neitt spurður að því, ef það verður ekki búið að breyta hans skoðun, þegar næsti hringur vill koma hingað inn. Við erum að opna upp á gátt með þessu móti, að hleypa svona voldugum auðhring hérna inn, sem strax getur haft svo og svo mikil áhrif í okkar stjórnmálum. Þess vegna skortir Alþfl. í dag einmitt þá gát, sem hv. 5. þm. Vesturl. var að tala um. Menn hefðu ekki verið neitt hræddir um það, skulum við segja, þó að einhverjir útlendingar hefðu kannske byggt hérna hótel eða eitthvað þess háttar, menn hefðu ekki búizt við, að þeir hóteleigendur færu að stjórna landinu. Þeir væru jafnokar íslenzkra auðmanna, og ég get vel skilið, að Alþfl. segði: Við hefðum ekkert á móti slíku. — En þegar um svona stór atriði er að ræða, gleymir hann þeirri gát, sem hann átti að hafa.

Svo tekur hv. 5. þm. Vesturl. þann samanburð, að Ísland hafi sett upp fyrirtæki í Banda-

ríkjum. Heldur nú hv. 5. þm. Vesturl., að Bandaríkjunum stafi stór hætta af því fyrirtæki, sem við höfum sett upp í Bandaríkjunum? Hélt hann, að þó að Sambandið og SH hefðu sett upp tvær litlar verksmiðjur þarna á einhverjum stað, að Morgan og Rockefeller og allir þessir færu að skelfast okkur eitthvað þess vegna? Nei, við skulum ekki vera að jafna þessu neitt saman. Það má vel vera, að hann hafi haft rétt fyrir sér hins vegar með hina samlíkinguna, það, að við höfum verið að reyna að nota þarna fátæka negra á atvinnulausum svæðum Bandaríkjanna til þess að fá ódýrt vinnuafl, þ.e. Sambandið og SH, og ég býst við, að þar eigi einmitt við það, sem Swiss Aluminium er að gera hér á Íslandi. Hann er að nota sér lágt kaup, sem hér er, ódýrt rafmagn, sem hann fær undir framleiðslukostnaði, og fyrirhyggjulítil yfirvöld, sem vita ekki, hvað þau eru að gera, þegar þau hleypa þessum hring inn. Að því leyti á kannske við að einhverju leyti samlíking hv. 5. þm. Vesturl. um, að við höfum verið að nota okkur slæma aðstöðu annarra manna, þegar við reistum þessar verksmiðjur þar vestra.

Þá sagði hv. 5. þm. Vesturl., að erlendir auðhringir hefðu verið síður en svo nokkuð æstir í að komast hingað. Hann fór að reyna að bendla vinstri stjórnina við það, að hún hefði eitthvað verið að reyna að leitast eftir að fá alúmíníumhring hingað. Það er algerlega rangt, vinstri stjórnin hafði aldrei neitt með slíkt að gera. Það voru einstakir áhugamenn, alveg eins og nú, sem hins vegar voru mikið að leita eftir því að komast í samband við þessa hringi, og mér er fullkunnugt um það, því að það bar oft á góma í þeirri n., sem ég átti sæti í, atvinnumálanefnd ríkisins, þannig að það var vitanlegt, að alveg eins og nú í sambandi við svissneska alúmíníumhringinn, þá voru þá menn, sem voru að leita að því, bæði við Reynolds Company og ýmsa aðra, að reyna að fá þá til þess að koma hingað.

Svo notaði hv. 5. þm. Vesturl. það sem rök, að allir þessir hringir, sem hefðu eitthvað verið að athuga þetta hérna, hefðu horfið frá. Það er alveg rétt hjá honum. Það mun engum þessara hringa hafa dottið í hug, að það kæmi nokkurn tíma til mála, að Íslendingar gengju inn á skilmála eins og þá, sem hérna eru lagðir fyrir, til að koma hingað inn. Ég býst við, þegar einn ákveðinn hringur var að athuga þannig með Þjórsá, þegar Reynolds Company var e. t. v. að grennslast eftir þessu á tímum vinstri stjórnarinnar gegnum þann mann, sem ég hef nefnt áður, þá voru þau lög hér í landi viðvíkjandi sköttum og öðru slíku, að ég býst við, að þeim hafi þótt það mjög óárennilegt, og ég býst við, að þeir hafi gengið út frá, að þá væru slík stjórnvöld hér, að þeim dytti ekki í hug að fara að bjóða erlendum auðhringum kjör, sem aðeins nýlendur eða hálfnýlendur bjóða erlendum auðhringum.

Þess vegna er það eðlilegt, að það hafa allir, sem hafa farið að athuga þetta, horfið frá. Það hefur engum dottið í hug, að það væri hægt að ná svona samningum eins og þeim, sem hérna er boðið upp á. Ég býst við, að hann hafi getað fengið Reynolds og Alcoa og hvern sem var til að koma hingað, ef hann hefði farið að koma með svona samninga, eins og hérna er gengið út frá. Ég býst ekki við, að neinum slíkum auðhring hafi nokkurn tíma dottið í hug, að þetta kæmi til mála, að íslenzkir dómstólar ættu ekkert að fjalla um þessi mál, kæmi til mála, að Íslendingar seldu sitt dómsvald út úr landinu og létu einn auðhring ákveða það með sér, hvernig ætti að dæma í málum Íslendinga. Það hefur engum auðhring getað dottið þetta í hug fyrr, þótt einhverjir áhugamenn hafi verið að grennslast eftir, hvort hann vildi koma hingað. Þeim hefur áreiðanlega þótt það óaðgengilegt og svo óaðgengileg sú sjálfstæðiskennd, sem þeir urðu varir við á Íslandi, að þeim hefur ekki dottið slíkt í hug.

Svo minnist hv. 5. þm. Vesturl. á það, hvað þetta sé indæll hringur, hann ætli að taka ábyrgð á þessu svokallaða íslenzka félagi, ÍSAL, upp á 200 millj. kr., það eigi að vera óskaplega dýrmætt fyrir okkur. Hugsið þið ykkur það félag, sem heitir ÍSAL, og það félag á verksmiðju, sem kostar 2500 millj. kr., suður í Straumsvík, og þessi útlendi hringur er svo góður, að hann ætlar að taka ábyrgð á því, að þetta íslenzka hlutafélag, sem á verksmiðju upp á 2500 millj. kr., geri nú ekki neitt af sér! Ætli við þyrftum mikla ábyrgð? Ætli við hefðum ekki aðgang að verksmiðju þarna suður frá, sem þeir ættu? **(Dómsmrh.:** Þetta er misskilningur.) Hvað er misskilningur í því? **(Dómsmrh.:** Meðan á framkvæmdum stendur, tekur hann fulla ábyrgð á öllum skuldbindingum samkv. samningi.) Já, en hv. 5. þm. Vesturl. skýrði þetta sem eitt af þeim hlutum, sem væru það góðir við þennan samning, eftir að hann væri kominn á, að þessi ábyrgð væri tekin. Þá er það misskilningur hjá hv. 5. þm. Vesturl. líka, a. m. k. hefur hann ekki komið því rétt út úr sér, ef hann veit betur en ég. **(Forsrh.:** Hefur ÍSAL komizt rétt inn í hv. þm.?) Ja, jú, en hæstv. forsrh. reynir þá að koma því rétt inn í mig, ef ég hef ekki haft það rétt fram að þessu, og ég vona þá líka, að það komist rétt inn í hæstv. forsrh., það sem ég er að segja.

Þá segir hv. 5. þm. Vesturl., að Norðmenn hafi nú aldeilis ekki orðið varir við, að það hafi verið seilzt þar til pólitískra áhrifa. Nei, það er alveg rétt. Það hefur aldrei verið seilzt til slíkra áhrifa eins og að reyna að komast undan norsku dómsvaldi eða neitt slíkt af þessum hringum, það hefur engum dottið það í hug þar. En hitt aftur á móti, svo lítil áhrif sem erlent auðvald hefur í Noregi, hefur það nú samt komið fyrir, bara í einni lítilli verksmiðju, að það hefur valdið stjórnarskiptum í Noregi. Ég býst við, að þeir stjórnmálamenn, sem eitthvað þekkja til sögu Noregs, kannist við Lilleborgmálið, smjörlíkisherzluverksmiðjuna, sem Unilever-hringurinn átti í Noregi, sem olli stjórnarbreytingu 1931. Hann kemur nefnilega víðar við, Unilever, víðar en hæstv. ráðh. gera sér ljóst. En ef þeir sem sé fletta upp í norskri sögu, geta þeir séð, að meira að segja ríkisstj. hefur fallið á svona máli, og hæstv. ríkisstj. má þess vegna mjög alvarlega vara sig, þegar hún talar djarft í svona málum.

Þá talaði hv. 5. þm. Vesturl. líka um það, að þeir ætluðu að útvega þarna yfirlýsingu frá ÍSAL um, að þeir yrðu ekki í atvinnurekendasambandinu. Ég er

hræddur um, að Alþfl. þurfi nú að ganga eitthvað tryggilegar frá því heldur en fá eitt lítið bréf frá þeirri góðu stofnun. Ef Alþfl. ætlar að tryggja sig á einhvern hátt, er engin önnur trygging til en sú, — það eru þrjár greinar í þessu frv. til l., — að á eftir 2. gr. sé bætt inn í, að svo fremi sem þetta hlutafélag sýni sig í því að hafa afskipti af íslenzkum vinnudeilum, og ég mundi nú setja þarna inn í: íslenzkum stjórnmálum, skuli þessi samningur þess vera niður fallinn. Það er ekkert annað, sem dugir í þessu, og það mun vafalaust verða reynt á það, hvort Alþfl. stendur með því að ætla sér að koma í veg fyrir, að þessi auðhringur, sem hann nú stendur að því að bjóða að koma inn í landið, geti haft nokkur áhrif í vinnudeilum eða í stjórnmálum hér.

Þá verð ég að segja, að mér finnst nú skörin færast upp í bekkinn, þegar hv. 5. þm. Vesturl. fer að tala um, að það sé verið að gera stóra hluti fyrir dreifbýlið í sambandi við þetta. Ég vil taka fram, að það er verið að gera mikla bölvun fyrir þéttbýlið. Það er verið að undirbúa það að spúa hér eiturlofti yfir þau 100 þús. manna, sem búa hér á milli Kollafjarðar og Keflavíkur. Það er alveg vitað mál, að þetta óloft nær jafnt hér til Reykjavíkur eins og suður á bóginn. En hvað snertir svo aftur á móti dreifbýlið, skulum við bara hugsa okkur, að það eru nú þegar erfiðleikar miklir úti um allt land, en hvernig koma þeir til með að aukast á næstunni? Það er verið að lækka tollana og sleppa ýmiss konar vernd, sem menn hafa haft út um þær dreifðu byggðir landsins til þess að framleiða hina og þessa hluti. Ég skal bara taka sem dæmi eldhúsinnréttingarnar og annað slíkt, sem verið er að hleypa hérna inn núna, menn hafa jafnvel norður á landi verið að framleiða þetta og selja hingað suður, sömuleiðis húsgögn og allt mögulegt. Núna er verið að gera tvennt í senn: gera illmögulegt fyrir þessa menn, sem unnið hafa við slíkt, að halda því áfram, vegna þess að það á að flytja þetta inn frá útlöndum, og í öðru lagi svo að segja ýta á eftir þeim hingað suður með því að margfalda eftirspurnina eftir vinnuaflinu hér. Það er sem sé vitað mál, að það er ekki hægt að gera verri hlut fyrir dreifbýlið á Íslandi heldur en þetta. Þetta er jafnbölvað þannig fyrir þéttbýlið og dreifbýlið, enda eðlilegt, þar sem það er yfirleitt illt fyrir allt Ísland.

Þá kom hv. 5. þm. Vesturl. inn á það síðast, að við hefðum komið hér upp stórrekstri eins og sementsverksmiðjunni og öðru slíku. Jú, ég vildi minna hv. 5. þm. Vesturl. á það, hvernig var, þegar sementsverksmiðjan var sett á laggirnar. Það er e. t. v. nokkuð sláandi dæmi um þróunina og sjálfstæðiskenndina í íslenzkum efnahagsmálum. Þegar sementsverksmiðjan var undirbúin, gerði Marshallsjóðurinn þá kröfu, Alþjóðabankinn, að sementsverksmiðjan væri einkafyrirtæki. Þá sat stjórn Sjálfstfl. og Framsfl. að völdum á Íslandi, og þessi stjórn var á móti því, að sementsverksmiðjan yrði einkafyrirtæki. Hún stóð fast á því, að þetta yrði ríkisfyrirtæki, og var það samt ekki neitt „prinsip“ þessara tveggja flokka. En í þessu tilfelli stóð hún fast á því, að það væri íslenzka ríkið, sem ætti þetta, og Ameríkumenn urðu að láta sig, Alþjóðabankinn varð að láta sig, og sementsverksmiðjan varð ríkisfyrirtæki. Þetta var fyrir rúmum 10 árum, 10—12 líklega. Nú í dag er svo komið, að nú eru það Sjálfstfl. og Alþfl., sem leggja til að koma hér upp þessari stórverksmiðju algerlega með útlendu kapítali. Nú á að vera erlent auðfélag, sem á að eiga þessa verksmiðju. Áður fyrr stóðu meira að segja þessir tveir flokkar á móti því, að það yrði íslenzkt einkafyrirtæki, af því að þeir heimtuðu, að það yrði ríkisfyrirtæki. Þeim þótti það á ýmsan hátt öruggara. Núna er svona komið, að þessir tveir flokkar, sem nú sitja að völdum, gera kröfu til þess, að hér sé fallizt á að koma upp svona stórfelldu erlendu auðfyrirtæki.

Ég hef orðið var við það, þegar um þessi mál er rætt, að hv. þm., jafnt ráðh. sem öðrum, hættir við að hugsa ekki fram í tímann, þegar svona ákvarðanir eru teknar. Hv. 5. þm. Vesturl. sagði: Alþfl. mundi sjá um, að það yrði farið að með gát. — En Alþfl. verður máske ekki spurður, þegar næsta stóra skrefið verður stigið, ef hann verður með í að stíga þetta. Hæstv. iðnmrh. sagði líka í umr., sem fram fóru einu sinni um þetta, að ef við fengjum slæma reynslu af þessum hlut, af þessari gerð, mundum við bara stöðvast þar, og þar mælti hann af sínum góða huga. Ég skil hann alveg. Hann hugsar sem svo: Við erum að leggja út í hlut, sem vitum ekki til fulls um, hvaða afleiðingar hefur, og ef þetta á móti okkar vonum yrði verra en við höfum gert ráð fyrir, þá stöðvumst við þar, þá gerum við ekki slíkt aftur. En aðstaðan er bara sú, bæði hvað snertir Alþfl. og hvað snertir einstaka hæstv. ráðh., að þeir verða e. t. v. ekki spurðir, þegar að þessu kemur. Þeir sæju það kannske eftir á, að þetta hefði verið rangt, þeir væru búnir að fá ofjarl hér inn í landið, sem þeir réðu ekki við, en þá er það bara of seint. Þá eru risnir upp hér menn, sem við könnumst við hljóðin í nú þegar og áróðurinn í, að það sé bara um að gera að hleypa sem allra flestum inn, og þá getum við vel staðið frammi fyrir þeirri aðstöðu, að núv. hæstv. iðnmrh. standi þá við hlið þeirra, sem berjast á móti slíku nýju erlendu fjármagni, en fái ekki við það ráðið, af því að erlent fjármagn sé orðið svo sterkt í landinu fyrir, hafi svo sterkum blöðum yfir að ráða, geti skapað sér svo sterk ítök í íslenzkum stjórnmálaflokkum, að það verði þá ekki við það ráðið, að það verði haldið áfram. Þá er það máske orðið of seint. Sporið, sem stigið er núna, er svo stórt, og þetta er það, sem ég vildi biðja hv. þm. og ráðh., bæði Sjálfstfl. og Alþfl., að athuga alvarlega, áður en þeir gera þetta. Þeir vita það allir, að þeir eru að leggja inn á brautir, sem þeim eru ókunnar og við höfum ekki gengið á áður, og þegar við stígum svona stórt spor, getur okkur orðið svo hált á því, að við rennum áfram, getum ekki stöðvað okkur. „Hæg er leið“ o. s. frv., sagði Bólu-Hjálmar. Þess vegna er þessi spurning um áhrif erlends auðmagns í íslenzku þjóðlífi svo miklu, miklu stærra mál en þessir hv. þm. og ráðh. vilja vera láta.

Þá komum við að því spursmáli, hvort þetta spor, ef það verður stigið nú, þýðir það óhjákvæmilega að ryðja braut fyrir frekari erlendum stóriðnaði. Ég vil í því sambandi beina einni spurningu til hæstv. iðnmrh. Mér hefur skilizt á þessum samningum, að svo fremi sem Ísland seinna meir skyldi ganga í Efnahags-

bandalagið, mundu falla niður vissir tollar, sem Swiss Aluminium nú yrði að greiða af alúmíníum, sem færi til Efnahagsbandalagslandanna, og við það mundu skattarnir eða gjöldin, sem það greiddi hérna heima, hækka. Það hefur komizt þannig, hvort sem það er nú öfugt eða rétt, inn í höfuðið á mér, að þetta þýddi, að það væru vissir hagsmunir bundnir við það fyrir Ísland hvað snertir það, sem við fengjum fyrir frá þessum hring við það að ganga inn í Efnahagsbandalagið, m. ö. o.: ef það yrði nú á næstu áratugum aftur brýnt vandamál, hvort við ættum að ganga inn í Efnahagsbandalagið, yrði eitt af því, sem hægt væri að nota í áróðrinum fyrir því að ganga inn í Efnahagsbandalagið, að við hefðum þá meira upp úr alúmíníumbræðslunni við Straumsvík og m.a. að hringurinn hefði sérstakra hagsmuna að gæta í því, að Ísland gengi inn í Efnahagsbandalagið. Ef þetta er rétt hjá mér, mundi það þýða, að með því að hleypa hringnum hér inn, værum við að hleypa inn langsamlega sterkasta áróðursaðila, sem nokkurn tíma hefur til Íslands komið, sterkari jafnvel en Keflavíkursjónvarpið, til þess að geta haft áhrif á, hvort t.d. Ísland gengi inn í Efnahagsbandalagið eða ekki. Mér þætti vænt um að fá að vita, hverju þetta mundi muna. Þegar svona væri komið, geng ég út frá því, ef svona hringur væri kominn hér inn, að þáttur og áhrif þeirra manna, sem berjast fyrir erlendu auðmagni inn til Íslands, væru orðin miklum mun sterkari. Ég efast ekki um, að þeir hefðu aðstöðu þá til þess að tryggja sér heil blöð, jafnvel skapa sér heila flokka og annað slíkt, og maður hefur heyrt það á ýmsum slíkra manna, að það vantar ekki hugann til þess. Og við skulum þá bara taka, að við stæðum frammi fyrir því, sem sumir mega ekki heyra nefnt, að t.d. fyrirtæki eins og Findus hefði áhuga á því að setja upp hraðfrystihús á Íslandi, og við skulum gera okkur ljóst, undir hvaða kringumstæðum það yrði. Ef Findus setur hér upp hraðfrystihús, og Findus er að hálfu leyti til svissneskt fyrirtæki, eins og hæstv. ráðh. munu vita, mun hann tvímælalaust borga hærra verð fyrir fiskinn en Íslendingar gera nú, og ég efast ekki um, að hann væri líka til í að borga hærra fyrir íslenzkt vinnuafl. Og mér er spurn: Ef menn fá það á höndina, að hér sé félag, sem vilji gjarnan fá aðstöðu hér á Íslandi, sem vilji bæði borga hærra fiskverð og hærra kaup heldur en okkar litlu hraðfrystihúsaeigendur gera nú, hvað halda menn, að mótspyrnan yrði lengi á móti því að hleypa því inn, ef þessu verður hleypt inn nú? Ég er hræddur um, að hún yrði ekki lengi. Ætli það yrðu ekki einhverjir, sem segðu: Það eru allir farnir að finna hér fyrir erlendri samkeppni, húsgagnaframleiðendur, hvað þá aðrir, skyldu þá ekki hraðfrystihúsaeigendur vera fullgóðir til að þola erlenda samkeppni líka? Ég efast ekki um, að Findus eða slíkir færu fram á önnur eins sérréttindi og þau, sem Swiss Aluminium fer fram á núna, og ætli það yrði þá ekki notað líka af einhverjum? Nei, það er gefið mál, að ef farið er inn á þessa nýlendustefnu núna, verður henni haldið áfram. Suðurnes og Snæfellsnes koma til með að fá sína einokunarkaupmenn aftur, bæði í Sandgerði og Rifi. Þar var búið að áætla, á meðan mest var rætt um Efnahagsbandalagið, á báðum stöðunum um hraðfrystihús og hafnir, sem þar skyldi komið upp. Ég vil þess vegna taka það fram, að það er of seint að nema staðar, eftir að búið væri að gera þennan samning, þá verða fleiri, sem koma þarna á eftir.

Þá hefur verið minnzt á það, hv. 5. þm. Vesturl. kom inn á það og hæstv. iðnmrh., held ég, líka, hvort það hafi verið rétt að selja Áburðarverksmiðjunni raforkuna eins ódýrt og henni hafi verið seld hún, og hv. 5. þm. Vesturl. minntist á það í því sambandi, að þeir hefðu ekki sama rétt og íslenzkir atvinnurekendur, þeir fengju ekki rafmagnið eins ódýrt og Áburðarverksmiðjan. Íslenzkir atvinnurekendur hafa aldrei fengið rafmagn eins ódýrt og Áburðarverksmiðjan, þannig að þetta er röng samlíking hjá hv. 5. þm. Vesturl.

En svo er eitt spursmálið: Var rétt að selja Áburðarverksmiðjunni raforkuna svona ódýrt eins og gert var? Hæstv. iðnmrh. setti þessa spurningu fram. Ég svaraði þeirri spurningu, þegar samningurinn var gerður. Ég álít það ekki rétt. Ég greiddi atkv. á móti þeim samningi. En hæstv. ráðh. er kannske ekki kunnugt um, hvernig sá samningur var gerður. Ég var þá í stjórn Sogsvirkjunarinnar, þannig að ég gat þar greitt atkv. á móti honum. Þessi samningur var þannig gerður, að 1953, ef ég man rétt, gerði Alþjóðabankinn það skilyrði fyrir því láni, sem Sogsvirkjunin átti að taka til byggingar Írafossstöðvarinnar, að Sogsvirkjunin gengi inn á það að selja í 15 ár Áburðarverksmiðjunni rafmagnið á því verði, sem tilgreint er í þeim samningi. Þetta var nauðungarsamningur. Það var beinlínis fyrirskipun frá Bandaríkjunum, frá Alþjóðabankanum, að gera þennan samning svona. Hann notaði sér sitt vald sem lánardrottinn til þess að beygja meiri hl. Sogsvirkjunarstjórnarinnar til þess að gera þennan samning svona, og þessum samningi hefur nú verið sagt upp og hann rennur út 1968, og Áburðarverksmiðjan hefur engan samning sem stendur um áburðarverð eftir 1968, og ég veit ekki, hvað er fyrirhugað viðvíkjandi áburðarverði þá. Og samt höfðu þeir, sem þá gengu inn á að beygja sig fyrir Alþjóðabankanum og semja við Áburðarverksmiðjuna á þessu verði, þá afsökun, sem þeir hafa ekki, sem selja rafmagnið núna undir kostnaðarverði, að þetta var afgangsrafmagn. Þetta var rafmagn, sem þeir gátu lokað fyrir, á meðan topparnir voru hæstir, um miðdaginn og á öðrum tímum, og við gátum dregið úr þessu, eftir því sem Sogsvirkjunarstjórninni þóknaðist, þannig að það var hægt að færa fram ýmis rök fyrir því að gera þennan samning, sem ekki er hægt að færa fram fyrir að gera þennan samning, sem hér er um að ræða.

Ég vil þess vegna, áður en ég lýk máli mínu, taka það enn einu sinni fram, — það eru svo ólíkir aðilar, sem eigast við, þegar þessi svissneski auðhringur er annars vegar og Íslendingar hins vegar, — að það á ekkert skylt við neina samlíkingu á neinu útlendu auðmagni, hvorki í Bandaríkjunum, Bretlandi, Noregi né neins staðar annars staðar, Danmörku eða annars staðar, það á ekkert skylt við það. Allur okkar þjóðarauður er talinn 41 milljarður. Eign þessa svissneska hrings er ekki undir 14 milljörðum. Ég er áður

búinn að ræða um þá eign, sem hann kemur til með að eiga hér, og þann gróða, sem hann hefur hér að varðveita, þannig að allt, sem við höfum haft af útlendu auðvaldi hérna áður, bæði í sambandi við Íslandsbanka, fossana, meðan þeir voru flestir í útlendri eign, togaraítökin hér og slíkt, ekkert af þessu er neitt svipað því, sem núna vofir yfir.

Eitt er augljóst og það er, að það eina, sem Íslendingar geta haft upp úr þessum hring, einu hagsmunirnir, sem við höfum að gæta, er það kaup, sem hér er hægt að knýja fram. Og það er vafalaust áskorun til verkalýðshreyfingarinnar frá þjóðinni og hennar hagsmunum að knýja fram það kaup eins hátt og hægt er og slá þar ekki af, og það er vert fyrir íslenzka atvinnurekendur að gera sér ljóst, að það er eina ráðið til þess að láta þjóðina sem heild geta haft eitthvað upp úr þessum hring. Hitt skyldi mig ekki furða, þó að það liði ekki á löngu, eftir að þessi hringur væri kominn hér inn, að krafan um þjóðnýtingu á honum yrði allsterk og það mundi þykja eina ráðið til þess að tryggja efnahagslegt sjálfstæði okkar þjóðar, að þessi hringur yrði þjóðnýttur, hans eign hér, og það hefði þó íslenzka þjóðin alltaf á sínu valdi. En hart væri að fara að grípa til allrar þeirrar baráttu, sem í sambandi við það mundi verða.

Ég hef nú hér fyrst og fremst gert að umræðuefni þær pólitísku afleiðingar, sem ég álít, að þessi samningur mundi hafa. Ég hef ekki farið hér inn á rafmagnsverðið og það sé undir kostnaðarverði. Það er búið að færa slík rök að því, að ég þarf ekki að bæta þar við. Ég hef ekki farið inn á þau eituráhrif, sem starfræksla þessarar verksmiðju mun hafa. Við vitum, að alls staðar annars staðar en hér á Íslandi er þetta sett í einhverja afkima. Ég geri ekki að sérstöku umræðuefni frekar en ég hef gert það réttarfarslega hneyksli, sem í því felst að setja dómsvaldið meira eða minna út úr landinu í sambandi við þetta, það er líka búið að gera það að umtalsefni. Og ég ræði ekki heldur dreifbýlisvandamálið í sambandi við þetta, það hefur líka verið gert svo ýtarlega af þeim mönnum frá stjórnarandstöðunni, sem hér hafa þegar talað. Ég verð að segja að síðustu, að ég álít, að það að ætla að binda Alþ. fram yfir árið 2000 með löggjöf, sem gerð er í dag um þetta mál, er ekki hægt. Það er atriði, sem þeir menn, sem hér koma til með að taka við af okkur, sem nú lifum, koma ekki til með að sætta sig við. Sambandslagasamningurinn var gerður til 25 ára, þegar hann var gerður. Atlantshafsbandalagssamningurinn var gerður til 20 ára, þegar hann var gerður. Við höfum einu sinni orðið fyrir þeirri ósvífni, að það hefur verið farið fram á að gera við okkur lengri samning en þennan. Það var þegar Bandaríkin ætluðu að ná þrem svæðum á Íslandi undir sína stjórn algerlega, undir sín yfirráð í 99 ár. Nú á að binda okkur til 45 ára. Þetta er ekki hægt. Það er ekki hægt að binda þjóðina þannig. Það mun verða, eins og þegar hefur verið lýst yfir, krafizt þess, að þjóðaratkvæðagreiðsla fari fram í sambandi við þessi lög, og það er hart, ef því er neitað, svo mjög sem okkar stjórnarskrá gerir ráð fyrir, að slíkum aðferðum skuli beita, og það var eitt stærsta sporið í lýðræðisátt, sem við stigum, þegar við stofnuðum lýðveldið. En eitt mega þeir hv. þm. og hæstv. ráðh. muna, sem ætla sér að knýja þetta fram nú sem lög í gegnum Alþingi, að stjórnarskráin er lögum æðri, og fyrir utan það, hvernig þetta stangast á við stjórnarskrána, eins og hún er í dag, er hægt með stjórnarskrárbreytingu að gera þennan samning og þessi lög að engu. Það er ekki hægt að binda þjóðina með lögum frá Alþingi til 45 ára. Þjóðin getur hvenær sem er samþ. stjórnarskrá, sem þurrkar svona sérréttindi út, sem fyrirskipar jafnrétti á milli mannanna, sem byggja þetta land og reka atvinnurekstur í þessu landi, og fyrirskipar alveg ótvírætt, að dómsvald skuli tilheyra íslenzkum dómstólum og engum öðrum, þó að það eigi að vera hægt að skilja stjórnarskrána þannig núna, að hún eigi að fyrirbyggja slíkt. Hæstv. ráðh. geta máske bundið þingflokka á Alþingi í dag til þess að reyna að knýja fram með nokkurra atkvæða mun lög eins og þessi, en þeir geta ekki bundið þjóðina. Þjóðin getur hvenær sem er breytt því, sem verið er að gera hérna núna, og vona ég, að hæstv. ráðh. átti sig á því og athugi sinn gang, áður en lengra er haldið um þetta mál, því að enn þá er hægt að stöðva það.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Samningur sá um alúmínbræðslu á Íslandi, sem liggur fyrir til umr., hefur haft alllangan aðdraganda. Það var í maí 1961, sem hæstv. ríkisstj. setti á laggirnar hina svo kölluðu stóriðjunefnd. Málið er því búið að vera í höndum hæstv. ríkisstj. og trúnaðarmanna hennar í 5 ár. Og hæstv. ríkisstj. hefur verið tiltölulega lítið trufluð af andstæðingum í þessari samningsgerð. Í fyrsta lagi var stóriðjunefndin skipuð með þeim hætti, að í hana voru settir eingöngu nánustu og hollustu trúnaðarmenn hæstv. ríkisstj. og pólitískir samherjar. Þar með var það tryggt, að andstæðingarnir gátu ekki komið þar að málum. Og í annan stað var það líka vel tryggt, að Alþingi hefði ekkert með undirbúning málsins að gera. Framsóknarmenn fluttu till. um það á þingi, að þessi stóriðjunefnd yrði kosin af Alþingi. Þá till. flutti flokkurinn 1963. Að tilhlutan hæstv. ríkisstj. var sú till. svæfð. Flokkurinn flutti samhljóða till. aftur á þingi 1964. Hæstv. ríkisstj. kom þeirri till. líka fyrir kattarnef. Hún hefur því undirstrikað það mjög rækilega, að Alþingi skyldi ekki koma nærri undirbúningi málsins. Og þannig liðu hálft fjórða ár, að ekki var við Alþingi talað. Hitt er svo annað mál, að flokkar og dagblöð gátu aflað sér einstakra upplýsinga um það, hvað væri verið að undirbúa, og sögðu frá því.

Mér er tjáð, að þegar stóriðjunefnd hafi verið búin að starfa í rúmlega eitt ár, eða seint á árinu 1962, hafi hæstv. ríkisstj. verið komin að þeirri niðurstöðu, að til stóriðju útlendinga á Íslandi skyldi koma, og að hún skyldi beita sér fyrir því, að það mál næði fram að ganga, það hefur að vísu dregizt síðan, vegna ýmissa erfiðleika á undirbúningi málsins, en ákvörðunin hafi í raun og veru verið tekin á þessu ári. Ef þetta er rétt, hefði ég ekki sérstaklega harmað það, þó að þessi samningur hefði þá verið undirritaður og gerður, ef illt átti á annað borð að ske, því að þá var það ár í stíl við fyrri ár þjóðarinnar. Þá voru nefnilega 700 ár liðin frá því, að Gamli sáttmáli var gerður, og þá voru 300 ár

liðin frá því, að einveldisskuldbindingin var undirrituð í Kópavogi. Ártölin 1262 og 1662 sómdu sér ekki illa við þetta ár. Hitt er annað mál, að Árni Oddsson skrifaði ekki undir samninginn í Kópavogi með jafnmikilli ánægju og hæstv. iðnmrh. skrifaði nú undir þennan samning. (Gripið fram í.) Nú, hefur hann skrifað undir álsamninginn? Ég hef ekkert heyrt um það. Jón Skaftason, hv. þm., getur svarað því, hvort hann hafi skrifað undir skuldbindingu í desember. Ég skal koma þessu á framfæri fyrir hæstv. iðnmrh. (Gripið fram í.) Nei, alls ekki, hæstv. forsrh. Samningurinn má ekki við því. Hann er ekki svo góður. — Þegar svo ríkisstj. hafði falið málið fyrir Alþingi í 3½ ár, var loks útbýtt skýrslum til þm. um gang málsins, hvernig það hefði gengið fyrir sig. Skýrslum, sem okkur voru sendar í nóv. 1964, en það fylgdu skilaboð með. Við urðum að gera svo vel að þegja yfir því, hvað stóð í þessum skýrslum. Já, það varð erfitt fyrir suma stjórnarsinnana, það skal ég viðurkenna, því að þeir sögðu frá því, hvað í skýrslunum stóð. En loks í maí 1965, 4 árum eftir að stóriðjunefnd var sett á laggirnar, þá fyrst er málið flutt á Alþingi og skýrsla birt, allstór, sem hv. þm. hafa svo haft fyrir framan sig síðan og sjálfsagt gluggað í við tækifæri og mun verða gert í sambandi við umr. um þennan samning.

Mörgum finnst þessi álsamningur nýstárlegur, jafnvel einstæður, og auðvitað er hann það, hvað það snertir, að nú eru í fyrsta sinn opnaðar dyr íslenzkra atvinnuvega fyrir erlenda auðhringi, ekki aðeins með fjármagni, heldur líka með vinnuafli, og svo koma völdin á eftir. En hann er ekki að því leyti sérstæður, að stefna hæstv. ríkisstj. hefur birzt áður af þessu tagi. Hún hefur komið fram í mörgum öðrum málum á undanförnum árum, stefnan í utanríkismálum, stefnan í samskiptum yfirleitt við útlendinga, það þarf ekki að minna á margt af því tagi. Við munum eftir landhelgissamningnum. Við munum eftir sjónvarpssamningnum. Við munum eftir samningnum um herskipahöfn í Hvalfirði. Við könnumst við yfirlýsta stefnu hæstv. ríkisstj. um ævarandi hersetu í landinu. Við þekkjum fyrirætlun hæstv. stjórnar um að koma Íslandi inn í Efnahagsbandalag Evrópu. Og í sjötta lagi höfum við þennan álsamning. Sex stór mál á 6 árum. Öll eru þau sprottin af sömu rót. Öll eru þau byggð á þeirri órjúfandi sannfæringu hæstv. ríkisstj. og flokka hennar, þeirri sannfæringu, að þjóðinni vegni betur, ef útlendingar hafi meiri ráð en ef Íslendingar eiga að ráða sér sjálfir. Það er ekki af því, að hæstv. ríkisstj. vilji þjóðinni neitt illt, nei, en hún hefur þessa sannfæringu. Útlendingar eru betri, okkur vegnar betur, ef við leyfum þeim að hafa hér völd, atvinnurekstur, fjárráð og áhrif. Íslendingar eru ekki færir um þetta, segja þeir og hugsa, þess vegna eigum við að leyfa útlendingum áhrifavald í okkar atvinnulífi og í okkar menningarlífi, eins og t.d. með sjónvarpi.

Á þessu stigi málsins finnst mér einna mest um það vert að fá upplýsingar hjá hæstv. iðnmrh. um ýmsar greinar þessa samnings og ýmsar áætlanir, sem birtar hafa verið og ég verð að telja heldur óljósar. Ég skal taka það fram, að ég ætlast ekki til þess, að hæstv. ráðh. fari að svara neinu af því, sem ég spyr um, við þessa umr., því að það er ekki sanngjarnt að ætlast til þess, en ég fer fram á hitt, að hann leitist við að gefa þeirri hv. n., sem þetta mál fær til athugunar, þær upplýsingar, sem ég bið um, einhvern tíma fyrir 2. umr., og ég beini því þá um leið til þessarar væntanlegu hv. n., að hún láti ekki undan falla neitt verulegt atriði, sem máli skiptir og þarf að upplýsa þm. um, áður en ákvörðun er tekin í þessu mikla máli. Við eigum heimtingu á því, og ég veit, að hæstv. ríkisstj. mun reyna að verða við því, að við fáum að vita sem bezt um hvert atriði þessa máls, áður en kemur til ákvörðunar. Ég vil því bera fram nokkrar spurningar, helzt bera fram beinar spurningar, svo að auðveldara sé að svara þeim og málið liggi því ljóst fyrir, hvað það er, sem ég tel, að svara þurfi.

Eitt höfuðatriðið í öllu þessu máli sýnist mér vera fjárhagshliðin. Mér finnst, að það hafi verið meginröksemdafærsla talsmanna þessa máls, að Íslendingar græði á því að fá útlendinga inn í landið og geta selt þeim raforku með því verði, sem áformað er, með þessu móti getum við virkjað stórárnar í stórum stíl og fengið þannig ódýrari raforku handa okkur sjálfum með því að selja á föstu verði svo stórum kaupanda mikið af orkunni. Þetta held ég, að séu meginrökin fyrir málinu. Nú hafa legið fyrir okkur í heilt ár áætlanir ríkisstj. og trúnaðarmanna hennar um stofnkostnað Búrfellsvirkjunar, og í þeim skýrslum,þ.á m.í skýrslu hæstv. ríkisstj. frá því í fyrravor, er mjög greinilega skýrt frá því, á hvern hátt er reiknað kostnaðarverð raforkunnar út frá stofnkostnaði Búrfellsvirkjunar. Það veltur því ekki á litlu, hver stofnkostnaður Búrfellsvirkjunar verður, þegar við ákveðum raforkuverðið til útlendinganna. Formúlan fyrir því, hvernig kostnaðarverð raforkunnar finnst út frá stofnkostnaði virkjananna, er ákaflega einföld og sett ljóslega fram í skýrslu ríkisstj. frá því í fyrravor. Formúlan er annars vegar fjármagnskostnaðurinn, hins vegar kostnaður vegna árlegrar stjórnar, eftirlits, gæzlu og viðhalds fyrirtækisins. Þetta er kostnaðurinn af rekstri Búrfellsvirkjunar. Og út frá þessum kostnaði, sem allur er byggður á stofnkostnaðinum, er hægt að finna út hið raunverulega verð á hverri kwst., sem seld er. Í skýrslu hæstv. ríkisstj. frá því í maí í fyrra, á bls. 50, segir svo: „Árleg stjórn, eftirlit, gæzla og viðhald vatnsaflsvirkjana og veitna áætlast 1½% af stofnkostnaði.“ Þetta er sá liður. Á öðrum stað er skýrt frá því, að fjármagnskostnaðurinn sé reiknaður sem afskriftir og komi fram í vöxtum og afborgunum af lánum til virkjunarinnar í 25 ár. Þar er líka sagt frá því, að ráðgert sé að taka hjá Alþjóðabankanum lán til 25 ára með 6% vöxtum, þetta lán eigi að vera afborgunarlaust í 3 ár, á meðan verið er að byggja virkjunina, en síðan að borgast eftir annuitetsreglum, jöfnum ársgreiðslum, á 22 árum. Það verða ekki nema 22 ára greiðslur, þó að lánið sjálft sé til 25 ára. Á 22 árum verður ársgreiðslan, þegar vextirnir eru 6%, 8,3%. Allt er þetta sýnt í skýrslu ríkisstj. Við þetta bætist þetta 1½%, sem ég las upp áðan úr skýrslunni. Þá koma út 9,8%, og yfirleitt reiknar ríkisstj. og hennar menn þetta 10%, í staðinn fyrir að reikna með 9,8, enda handhægara. Ég fæ ekki betur séð en að

kostnaðarverð raforkunnar, sem frá Búrfelli á að koma, verði þá 10% af stofnkostnaðinum og að þáð sé engum blöðum um þetta að fletta, þetta sé rækilega fram tekið í skýrslu ríkisstj. frá því í maí í fyrra. 10% af stofnkostnaði Búrfellsvirkjunar, það er árlegt kostnaðarverð raforkunnar frá fyrirtækinu.

Og þá kem ég að fyrstu spurningunni, sem mig langar til að leggja fyrir hæstv. ráðh.: Er það ekki rétt, að lánin eigi að vera til 25 ára, afborgunarlaus fyrstu 3 árin og borgast síðan með jöfnum ársgreiðslum í 22 ár? Ef hann viðurkennir, að þetta sé rétt, þessu hafi ekki verið breytt síðan í fyrra, er frá þessu var skýrt, þá held ég, að ekki verði um það deilt, að reikna beri með 10% af stofnkostnaði til að finna út kostnaðarverð raforkunnar. Menn segja, að með afborgunum af lánunum séum við að leggja í eign. Það eru reyndar allir að gera, sem fá að afskrifa sínar eignir. En hvað eru afskriftirnar? Þær eru til að mæta rýrnun á verðmætunum á löngum tíma, þarna á 25 árum. Íslenzkir atvinnurekendur fá að afskrifa sínar eignir meira en þetta, eða í kringum 4%, í ýmsum tilfellum. Nú er þess að gæta, að gastúrbínustöðvar verður að afskrifa á miklu skemmri tíma, ég held, að það sé talað um á 17 árum í þessum skýrslum, þá eru það 6—7%, sem þyrfti að afskrifa þær. Það er endingartíminn, sem þarna er miðað við.

Nú er búið að gera nýja kostnaðaráætlun fyrir Búrfellsvirkjun og ekki aðeins fyrir fyrsta áfangann, 105 megawött, heldur fyrir alla virkjunina, og meira að segja meiri kostnaðaráætlun heldur en um Búrfellsvirkjun. Í grg. þessa frv. er greint frá því, hvað áætlaður stofnkostnaður 105 mw. virkjunarinnar verður samkv. þessari nýju kostnaðaráætlun. Gamla áætlunin var, eins og menn geta séð hver hjá sér, 1050 millj. kr. — eitt þúsund og fimmtíu millj. kr. — en í þessari áætlun er stofnkostnaður kominn í 1415 millj. kr., þessi áfangi. Áætlunin hefur þá hækkað síðan í fyrra um 365 millj. eða hér um bil 35%. Það er að vísu sagt í grg. þessa frv., að þessi hækkun stafi m.a. af því, að færðar hafi verið til framkvæmdir frá síðari áfanga virkjunarinnar fram til hins fyrri, sem valdi m.a. þessari hækkun, en ég skal koma að því síðar, hvernig ég held, að liggi í þessu.

Þá kem ég að annarri spurningunni, sem mig langar til að leggja fyrir hæstv. ráðh. Hvernig er hún sundurliðuð, þessi nýja kostnaðaráætlun yfir fyrri áfanga Búrfellsvirkjunar, 105 mw? Hvernig er hún sundurliðuð? Það er búið að skýra þarna frá því, að hún er 1415 milljónir, en hvernig sundurliðast hún? Hvað er t.d. erlendur kostnaður, hvað er innlendur kostnaður, hvað eru vinnulaun og hvað eru vélar og hvað eina, og hvað eru ráðstafanir vegna ísvandamálsins? Ég veit reyndar um einn lið, sem komið hefur inn í þessa áætlun, sem ekki var í hinni fyrri. Það er varastöð, gastúrbínustöð, 20 þús. kw. Þessar varastöðvar voru aldrei teknar með inn í fyrri áætlunina, en í þessari áætlun um fyrri áfanga Búrfellsvirkjunar er tekin ein slík stöð, 20 þús. kw., og hún er áætluð núna á 60 millj. kr. Hins vegar var gert ráð fyrir því í skýrslunum frá í fyrra, að það þyrfti 40 mw varastöð með fyrsta áfanga virkjunarinnar, en nú þarf ekki nema 20 mw. Ég veit ekki, hvernig liggur í því. Ég hélt, að ísvandamálið hefði heldur vaxið en minnkað, svo að það væri ekki gott að minnka þessar varastöðvar. En látum það liggja á milli hluta í bili. Allur þessi kostnaður af Búrfellsvirkjun, stofnkostnaður Búrfellsvirkjunar, er þannig reiknaður, að sleppt er öllum innflutningsgjöldum af efni, vélum og tækjum til virkjunarinnar, það er óbreytt frá því, sem áður var í hinni fyrri áætlun. Ég vil víkja nokkrum orðum að þessum lið í áætluninni, af því að mér finnst hann sannarlega umtalsverður.

Í skýrslu hæstv. ríkisstj. frá því í maí í fyrra segir m.a. um þetta atriði, með leyfi hæstv. forseta: „Hér skal að lokum bent á, að allar kostnaðartölur í þessari skýrslu og fskj. hennar eru reiknaðar án innflutningsgjalda. Athuganir leiddu snemma í ljós, að til þess að ná samkeppnisfæru verði á raforkunni yrði að fella þessi gjöld niður að mestu, a.m.k. á fyrsta virkjunarstiginu, enda eiga keppinautar okkar ekki við þau að búa nema þá að mjög litlu leyti. Þótti því heppilegt að reikna dæmið á þennan hátt og bæta heldur aðflutningsgjöldum við, að svo miklu leyti sem þeim yrði beitt, auk þess sem Alþjóðabankinn taldi sér betur henta þessa reikningsaðferð. Núverandi aðflutningsgjöld hækka kostnað vatnsvirkjana um sem næst 20% og gastúrbínustöðvanna um 30%. Að aðflutningsgjöldum alúmíníumverksmiðjunnar er vikið á öðrum stað, en þau mundu hækka stofnkostnað hennar um 20%."

Hvað þýðir nú þetta: „að reikna dæmið á þennan hátt," eins og það er orðað í þessari skýrslu, reikna dæmið á þennan hátt, að sleppa öllum aðflutningsgjöldum? (Gripið fram í.) Í hvað? **(Dómsmrh.:** Þetta er alveg ákveðinn taxti í landsvirkjunarlögunum.) Það er náttúrlega ekkert betra fyrir það, þó að það sé. En í hvaða tilgangi er þetta gert? Um það segir beint í skýrslunni: „Til að ná samkeppnisfæru verði." M.ö.o.: til þess að geta selt Svisslendingum raforkuna ódýrari. En verður raforkan nokkurn skapaðan hlut ódýrari við þetta? Ég get ekki séð, að það að sleppa þessum aðflutningsgjöldum sé neitt annað en það, að ríkið leggur fram þessa upphæð í virkjunina, leggur til aðflutningsgjöldin sem framlag. Það þýðir ekkert annað. Þetta er alveg eins og þegar verið er að lækka verð hérna í búðunum á neyzluvarningi, varan er borguð niður. Varan er í raun og veru ekkert ódýrari fyrir þetta. Bændurnir fá sitt verð eða eiga að fá alveg jafnt fyrir það, sjómennirnir sitt verð fyrir fiskinn, sem er borgaður niður, og smjörlíkisgerðirnar sitt verð fyrir smjörlíkið alveg eins fyrir þetta. Hvað er verið að gera með þessu, að borga niður? Það er verið að dreifa niður á alla þjóðina nokkrum hlutanum af verðinu. Það er ekkert annað. Og með því að sleppa innflutningsgjöldunum við Búrfellsvirkjun er verið að borga niður rafmagn. Þjóðin tekur á sig í þessu formi nokkurn hluta af raforkuverðinu. Þetta er aðeins niðurgreiðsla. En er þetta nokkuð rangt eða ranglátt? Nei, ekki gagnvart Íslendingum. Það er það alls ekki. Við Íslendingar fáum þarna raforkuna ofurlítið ódýrari vegna þessarar niðurgreiðslu, en hún kemur óbeint á okkur alla í einhverju formi í gegnum ríkiskassann. En Svisslendingar fá hana ódýrari. Það er borgað líka

niður fyrir þá. Með þessu móti er verið að sýna lægra raforkuverð en annars væri. Fyrir Íslendinga sjálfa er aðeins verið að taka úr öðrum vasanum og láta í hinn og skiptir því engu máli, ekkert við það að athuga, en gagnvart Svisslendingunum fá þeir orkuna þarna talsvert ódýrari með því að reikna dæmið á þennan hátt, eins og ríkisstj. sagði í fyrra. En hvað nemur þetta miklu, þessi 20%, af stofnkostnaði á fyrri áfanga Búrfellsvirkjunar, þessi 105 mw? Það er ósköp auðreiknað. Af 1415 milljónum nemur þetta 283 millj. — tvö hundruð áttatíu og þremur millj. — sem stofnkostnaðurinn er sýndur minni en hann er í raun og veru. Þarna er stór liður, sem ég tel vanreiknaðan inn í dæmið, þegar um verðlagningu á raforku er að ræða fyrir útlendinga. Fyrir Íslendinga gerir það ekkert til, það hefur ekkert að segja. Þessi liður er vanreiknaður.

Þá er annar liður, sem ég held, að ekki muni vera í neinum áætlunum enn, eða mér hefur verið tjáð, að hafi ekki verið tekinn inn, hvorki í þessa ársgömlu áætlun né þessa nýju. Það er sá kostnaður, sem búið er að leggja í rannsóknir og undirbúning á virkjunarstöðum á Íslandi. Ég hef aflað mér upplýsinga um þetta, hvað þetta muni vera mikið, sem tilheyrir Búrfellsvirkjun einni, ekki öðrum virkjunum annars staðar, heldur aðeins Búrfellsvirkjun. Og ég hef fengið þau svör, að það muni nema 39½ millj.

En svo kemur liður, sem ég hef aldrei heyrt nefndan í sambandi við kostnaðaráætlun Búrfellsvirkjunar nema í skýrslum ríkisstj. í fyrra. Það eru vatnsréttindin í Þjórsá. Þau eru hvergi nokkurs staðar reiknuð, og það er tekið fram í skýrslunni, að þau séu ekki reiknuð. Eru vatnsréttindin í Þjórsá virkilega einskis virði og landsréttindin til að hagnýta sér vatnsaflið þar? Ef menn vilja gera dæmið upp alveg hlutlaust, er þá hægt að sleppa öllum vatnsréttindum, — vatnsréttindum, sem eiga að skapa milljóna króna gróða fyrir þjóðina í 25 ár a.m.k. og ef til vill enn þá meira á eftir? Eru þessi vatnsréttindi ekki einhvers virði? Á ekki að reikna þau, þegar við erum að verðleggja raforku til útlendinga? Ég ætla ekki að fara að gera neina áætlun um, hvað eigi að reikna þau, fjarri því. Ég er aðeins að benda á það, að þarna finnst mér vera einn liður í stofnkostnaði, sem er alveg sleppt, þegar á að fara að reikna út raunverulegt kostnaðarverð á raforku til útlendinga. En gagnvart Íslendingum skiptir það ekki frekar máli heldur en innflutningsgjöldin. Ríkið á vatnsréttindin og þjóðin á ríkiskassann, svo að það breytir engu.

Og enn er einn liður í þessari kostnaðaráætlun, sem talið er að muni ekki vera nægilega áætlaður. Það eru ráðstafanir gegn ísvandamálinu í Þjórsá. Um þetta hefur verið mikið skrifað og margar tölur birtar, og skal ég ekki ræða það neitt sérstaklega, hvað þær ráðstafanir verða dýrar, en ég spurðist fyrir um það hjá einum úr landsvirkjunarstjórn, þegar ég hitti hann af tilviljun. Hvað ætli sé í þessari nýju kostnaðaráætlun mikil upphæð til ráðstöfunar gegn ísvandamálinu? Og hann svaraði mér, að það mundu vera um 17 millj. kr. — seytján millj. — Hins vegar hefur manni skilizt, að þessar ráðstafanir muni verða eitthvað dýrari, þegar til kemur, og það liggja fyrir upplýsingar um það frá raforkumálastjóra og ég held verkfræðingi Landsvirkjunar og fleirum, að það eigi að fresta þeim ráðstöfunum í bili, það sé ekki hægt af fjárhagsástæðum að leggja í þær í fyrsta áfanga. Mig minnir, að ég hafi ummæli um það eftir raforkumálastjóra, að þessu verði frestað af þessum ástæðum, en hins vegar sé ákveðið að gera þessar ráðstafanir vegna ísvandamálsins og það sé fjarri því, að það eigi að sleppa því fram af sér, enda sjá það allir og eru sammála um, að það verði að gera.

Að þessu athuguðu vil ég benda á, að eigi maður að fá út raunverulegt kostnaðarverð raforkunnar, verði að taka með innflutningsgjöldin, sem eru rúmar 280 millj., og rannsóknirnar og undirbúningskostnaðinn, sem eru eitthvað í kringum 39 millj., en um vatnsréttindin og ísvandamálið þori ég ekki að segja neitt, nefna neinar upphæðir, þó að auðvitað hefði átt að taka það með í þennan reikning. En þá fer nú kostnaðurinn að hækka talsvert við Búrfellsvirkjun. Ég hef hérna ummæli eftir raforkumálastjóra, Jakobi Gíslasyni, sem eru birt í blöðum um áramótin, — ég held, að það hafi verið í Morgunblaðinu, þó er ég ekki alveg viss um það, — þar segir hann, með leyfi hæstv. forseta:

„Allir eru sammála um, að bezta ráðið gegn ísmyndun á umræddu vatnasvæði sé að minnka kæliflöt ánna og byggja stór uppistöðulón. Þetta er það, sem stefnt verður að af forráðamönnum Búrfellsvirkjunar. En af fjárhagslegum ástæðum er ekki hægt að ráðast í heppilegustu lausn frá fræðilegu sjónarmiði við fyrstu virkjun í Þjórsá. Eins og oft hefur verið skýrt frá áður, er því ætlunin að byggja fyrst rennslisvirkjun við Búrfell, sem styðjist við varastöðvar, samfara nokkrum aðgerðum til minnkunar á kælikerfi árinnar ofan virkjunar og nokkurri miðlun í Þórisvatni. Eftir því sem virkjunum miðar áfram á vatnasvæðinu, er svo ætlunin að ráðast smám saman í svipaðar aðgerðir og dr. Devik ræðir um á fræðilegum grundvelli í skýrslu sinni.“ Og síðar segir hann einnig: „Hins vegar verða síðar stíflur ofar í ánni sem eðlilegur liður í virkjun.“

Það er því ótvírætt, að þetta er ætlunin, en það á að fresta því til 2. áfanga að framkvæma það vegna kostnaðar við það.

Þriðja spurningin, sem mig langar til þess að leggja fyrir hæstv. ráðh., er þá þessi: Hvað mundi hver kwst. mæld við Straumsvík kosta, ef innflutningsgjöld og kostnaður af undirbúningsrannsóknum eru reiknuð með? Hvað mundi kostnaðarverð hverrar kwst. hækka við það að taka innflutningsgjöldin með í reikninginn? Eins og ég sagði áðan, hefur hæstv. ríkisstj. og sérfræðingar hennar sýnt fram á það í skýrslunni frá í fyrra, að reikna beri 10% af stofnkostnaði sem kostnaðarverð raforkunnar á ári. Og nú höfum við í grg. þessa upphæð á fyrri áfanga, 105 mw, 1415 millj. kr. Kostnaðarverð raforkunnar, sem frá þessari virkjun á að koma, verður þá á ári í kringum 141½ millj.

Þessi 105 mw virkjun mun eiga að skila samkv. upplýsingum í þessu frv. og grg. um 900 millj. kwst. á ári. Hvað verður þá meðalverðið á kwst.? 15.72 aurar. Af þessari raforku á álbræðslan í Straumsvík að fá um 530 millj. kwst., sé ég í þessum skýrslum. Hún á að

borga fyrir hverja kwst. 10.75 aura. Það er að vísu svo, að fyrstu 3 árin eiga þeir að borga 12.9 aura, en það er tilfærsla á skatti, svo að ég reikna það ekki með. Skatturinn er þá bara lækkaður þau þrjú árin sem því nemur. En það mundi rugla dæmið að fara að reikna þetta hærra verð, 12.9 aura, þetta tímabil, því að þá vantar á skattinn í staðinn, svo að það er einfaldara að reikna með þessum raunverulegu 10.75 aurum allt tímabilið og reikna þá líka skattinn sem svarar 20 dollurum á hvert tonn, þótt það eigi að forminu til að vera 12½ dollar fyrstu 3 árin. Já, þá á álbræðslan að borga fyrir þessar 530 millj. kwst. á ári 10.75 aura, en þá eru eftir handa Íslendingum 370 millj. kwst., og ég get ekki betur séð en verðið á þeirri orku verði 22.84 aurar til þess að fá út alla upphæðina. Ég get ekki reiknað þetta betur. Ég mun taka því vel, ef hæstv. ráðh. leiðréttir mig seinna meir um, að ég hafi farið með einhverja vitleysu, því að það vildi ég sízt gera. Ég fæ það út, að meðalverð verði 15.72 aurar kwst. eftir þessum gögnum, sem liggja núna fyrir, en þegar ÍSAL, eða álbræðslan, borgar 10.75 fyrir sitt rafmagn, verður verðið 22.84 aurar á kwst. handa Íslendingum, allt byggt á 10% af stofnkostnaði þessa áfanga virkjunarinnar.

Ég get því ekki betur séð en það verði allverulegt tap á þessari raforkusölu á þessu tímabili, eða sem svarar mismuninum á meðalverðinu og því verði, sem álbræðslan borgar, mismunurinn verði 4.97 aurar á hverri kwst., og miðað við þetta magn raforku á ári, sem fram er tekið í þessu frv. og þessum samningi, yrði tapið eitthvað liðugar 26 millj. á ári, eða 26.341 millj. á ári, mjög nálægt 79 millj. á þessum þremur árum. Og nú skal ég taka það fram, að ég tók ekki innflutningsgjöldin með í þennan reikning, ég sleppti þeim, alveg eins og ríkisstj. Og ég tók ekki rannsóknarkostnaðinn með heldur. Ég tók bara töluna, sem stendur í frv., 1415 millj. stofnkostnaður við 1. áfanga.

Ég get ekki annað sagt en ég dáist að Svisslendingum sem samningamönnum, og vitna ég þá í leiðara í Alþýðublaðinu 30. marz s.l., og ég hygg, að leiðarinn sé skrifaður af hv. 5. þm. Vesturl., sem er ritstjóri Alþýðublaðsins. Ég get ekki betur séð, en ég þori ekkert að ábyrgjast um það. Í þessum leiðara stendur, með leyfi hæstv. forseta:

„Samningar þessir eiga sér langan aðdraganda. Mörg erlend félög hafa á undanförnum árum athugað möguleika á byggingu álverksmiðju hér á landi, en öll horfið frá, flest vegna ótryggra efnahagsmála frekar en lélegra náttúruskilyrða. Lengi vel gekk hvorki né rak í viðræðum við Svisslendinga, þar eð samningsmenn Íslands settu þeim alger skilyrði, að raforkuverð væri 2½ mill. Það er skilyrði, sem Íslendingar hafa sett, ekki Svisslendingar."

Íslendingar hafa sett, stendur þarna, að raforkuverðið verði þetta. Nú er það vitað og áður frá því skýrt, að Svisslendingar fóru fram á að fá raforkuna fyrir 2 mill, eða 8.6 aura kwst. Þeir sögðust alls ekki geta borgað meira, alls ekki, hér væri ómögulegt að borga meira, þeir hefðu ekki efni á því. Þeir voru reyndar alveg á sama tíma að semja við Norðmenn um 13.76 aura fyrir kwst., en það er önnur saga. Þeir gátu ekki borgað nema 2 mill, 8.6 aura. En þá hefur auðsjáanlega hæstv. ríkisstj. sett hnefann í borðið og sagt: „Nei, takk. 10.75 aura." Svo kom að því, að Svisslendingar gengu að skilyrðinu, sem hinir settu, þeir gengu að því alveg óhræddir.

Ég hef áður minnzt á varastöðvarnar, þessar gastúrbínustöðvar, sem eiga að hlaupa í skarðið, þegar Þjórsá bilar eða bregzt. Þá á álbræðslan að fá raforku frá þessum olíukyntu varastöðvum, og í 1. áfanga Búrfellsvirkjunar á að reisa 20 þús. kw. gastúrbínustöð til þess að tryggja álverksmiðjunni raforku, þegar illa vill til fyrir austan. Og í samningi þessum, sem við höfum fyrir okkur, eru ákvæði um það, að þegar svona vill til, láti Íslendingar álverksmiðjunni í té þessa raforku frá varastöðvunum. En nú þurfa þeir meiri orku en ein varastöð, 20 mw, getur skilað, því að þeir eiga að fá 60—65 þús. kw. af 105, og 20 mw stöð getur því ekki fullnægt þeim, eins og allir sjá. En fyrir hvaða verð eiga þeir að fá þá raforku frá gastúrbínustöðvunum? Fyrir sama verð, 10.75 aura. Nú segir hæstv. ríkisstj. í skýrslu sinni frá í fyrra, að raforkan frá gastúrbínustöðvum muni verða um 5 sinnum dýrari en frá vatnsaflsstöð. Mér sýnist því, að hver kwst. frá þessum gastúrbínustöðvum geti orðið nokkuð dýr, eða einhvers staðar á milli 55 og 75 aura, sýnist mér a.m.k. Þetta verðum við að selja þeim á 10.75 aura. Við vitum auðvitað ekki, hvað lengi, en eftir því sem ég hef frétt frá Þjórsá þessa dagana, hefði líklega þurft að „keyra" þessa stöð á fullu og ekki dugað til. Átti þá að taka raforku frá Sogskerfinu, frá öllum almenningi, Íslendingum, og bæta upp það, sem á vantaði handa álverksmiðjunni, því að hún verður alltaf að fá sitt, alveg afdráttarlaust og allt á 10.75 aura? Það held ég, að verði aumi ‚bisnessinn' að selja þessa raforku frá gastúrbínustöð. Ég hef ekkert farið út í að reikna þetta, hvað „undirballansinn" yrði mikill, en mér sýnist, að hann geti orðið mjög mikill, ef það þyrfti að „keyra" svona stöð í viku eða kannske lengur í einu, svo aðra og svo þá þriðju, 20 þús. kw. stöðina og tapið er kannske á hverja kwst. um 50—60 aurar. Svo að ég reikni þetta í huganum, er þetta ekki 10 þús. kr. tap á klukkutíma eða meira? Ég er ákaflega hræddur um það. Hv. þm. geta athugað það heima hjá sér í matartímanum, hvað þetta yrði, en mér finnst það vera eitthvað um þetta. (Gripið fram í.) Nei, það má maður ekki. Maður verður að reikna þetta dæmi, áður en málið fer til 2. umr. Mér sýnist, að þetta séu ákaflega slæm viðskipti. Jú, fyrirgefið, ég hef gert uppkast að reikningi á þessu. Mér reiknast, að þetta tap gæti orðið á einum sólarhring um 260 þús. kr. Það er ekki fjarri því, sem ég var að segja áðan, eitthvað í kringum 260 þús. kr., ef varastöð er fullkeyrð, þessi stöð, með þessu verði á kwst., sem selt er svo á 10.75 aura. Það eru náttúrlega ekki hagstæð viðskipti þetta.

Þá kem ég að einni spurningunni enn til hæstv. ráðh.: Hvað tapa Íslendingar miklu á því að selja ÍSAL raforku frá gastúrbínustöð fyrir samningsverðið, miðað við fullnotaða 20 mw stöð, á einhverjum tilteknum tíma? Hvað tapa Íslendingar miklu á því? Ég er að reyna að fá staðfestingu á þessum reikningi, sem getur verið rangur hjá mér, reyna að fá staðfestingu á honum frá hæstv. ríkisstj.

Þá kem ég að lántökunum til virkjunarinnar. Um það segir í skýrslu hæstv. ríkisstj. frá því í maí í fyrra, — þar er verið að segja frá samningi við Alþjóðabankann, — með leyfi hæstv. forseta:

„Á það er bent í bréfi bankans, að bankinn láni því aðeins til slíkra framkvæmda, að aðrir lánsmöguleikar séu ekki fyrir hendi. Það er því til þess ætlazt, að Íslendingar afli fjár annars staðar, eins og frekast er unnt, en það, sem þar hefur komið til greina í því efni, er öflun markaðsláns í Sviss með aðstoð Swiss Aluminium. Jafnframt telur Alþjóðabankinn augljóst, að hann verði meginlánveitandi þeirra 20 millj. dollara, sem áætlað er að afla erlendis. Hann leggur því áherzlu á, að lánsfjáröflun annars staðar sé með kjörum, sem verði ekki fyrirtækinu byrði, og jafnframt, að öðrum verði ekki boðnar betri tryggingar en honum."

Þetta er upp úr skýrslu hæstv. ríkisstj. frá í fyrravor. Þarna stendur, að það sé gert ráð fyrir, að Alþjóðabankinn verði meginlánveitandi, ekki eini lánveitandinn, meginlánveitandi 20 millj. dollara, sem afla á erlendis. M.ö.o.: ég get ekki skilið þessa mgr. öðruvísi en svo, og það er varla hægt að deila um, að það er rétt skilið, að Íslendingar eigi ekki að taka meiri erlend lán til virkjunarinnar en þessar 20 millj. dollara og Alþjóðabankinn hafi lofað að lána meginið af þeirri upphæð. En 20 millj. dollara eru, eins og allir vita, um 860 millj. kr. En ekki dugir þetta fyrir 1. áfanga Búrfellsvirkjunar, 1415 millj. Þó að 20 millj. dollara séu teknar að láni erlendis, eða 860 millj. kr., vantar samt 555 millj. kr. til að fá út upphæðina til þess að koma upp þessum 1. áfanga, 105 mw virkjun. Og því langar mig til að spyrja: Hversu mikil lán fást hjá Alþjóðabankanum og með hvaða kjörum, og hvar fást önnur lán, hversu mikil og með hvaða kjörum verða þau? Það er að vísu búið að skýra frá því í skýrslunni frá í fyrra, sem ég er að lesa úr, að lánskjörin frá Alþjóðabankanum eiga að vera þessi, 6% vextir, 25 ára lán, afborgunarlaus 3 fyrstu árin og síðan afborguð með annuitetsreglunni eða jöfnum ársgreiðslum. Ég býst við, að það hafi ekki breytzt, en þó kann það að vera. Maður veit aldrei, hvað breytist. En um hinn hluta byggingarkostnaðarins hef ég engar upplýsingar, og því spyr ég um þetta, en það er mjög þýðingarmikið að fá þessar upplýsingar, því að það er ómögulegt að vita, hver fjármagnskostnaðurinn verður, nema vita þessi lánskjör. Við skulum segja, að hann sé þetta í kringum 8.3% af stofnkostnaði hvað snertir þessar 860 millj., það sem þær ná. En hver verður fjármagnskostnaðurinn af hinum 555 millj.? Verður hann minni eða verður hann meiri? Og þá breytist kostnaðarverð raforkunnar, ef þarna eru einhver önnur kjör heldur en hjá Alþjóðabankanum. Það er þess vegna, sem ég spyr um þetta.

Ég hef í þessum hugleiðingum haldið mig eingöngu við 1. áfanga Búrfellsvirkjunar, þessa 105 mw. virkjun, en ég hef ekkert minnzt á nein fjárhagsmál hvað snertir síðari áfanga þessarar virkjunar. Ástæðan til þess, að ég geri það, að ég hef, kannske meira að gamni mínu, gert mér þessa útreikninga um raunverulegt raforkuverð frá 1. áfanga, er sú, að það liggja fyrir nokkrar — alls ekki fullnægjandi — upplýsingar um það, hvað 1. áfangi virkjunarinnar muni kosta. Það er upplýst núna, eins og ég hef áður tekið fram, að nýjasta áætlunin er 1415 millj., þegar ekki eru reiknuð með aðflutningsgjöld, og hygg ég, að það sé ekki neinum vafa undirorpið, að sú upphæð er fengin nú vegna þeirra tilboða, sem bárust í virkjunina og opnuð voru, ef ég man rétt, 4. febr., og birt í öllum blöðum daginn eftir. En samkv. frásögn formanns landsvirkjunarstjórnar, Jóhannesar Nordals, við blaðamenn þann dag, náðu tilboðin, að hann sagði, til 3/5 hluta virkjunar 1. áfanga, þessarar 105 mw. virkjunar. Tilboðin náðu til um það bil 3/5 hluta af stofnkostnaði 1. áfangans. (Gripið fram í.) Allar upphæðirnar. Svona er það, þegar maður fær stóra bók í hendurnar, manni yfirsést alltaf. (Gripið fram í.) Jú, ég er nú kominn lengra. Ég hélt mig vera búinn að lesa hér um bil allt plaggið. (Gripið fram í.) Bls. 226, já. Þetta kalla ég ekki viðhlítandi áætlun, svo að maður gæti áttað sig á því, hvað síðari áfangar kosta, því að þarna er verið að reikna út á mw., kostnaðinn í mw., það er ekki heildarkostnaðurinn, ég hef ekki getað séð það. **(Gripið fram í:** Stofnkostnaðurinn er þarna.) Stofnkostnaðurinn allur af seinni áfanganum? (Gripið fram í.) Þá er það ekki bls. 226. En það er ágætt, að þetta liggur nú fyrir, ég skal athuga það rækilega síðar, ef við höfum þarna allan stofnkostnaðinn. En hvaðan eru tölurnar komnar? Hvernig vita menn um þennan stofnkostnað af virkjunum, sem á að byggja frá 1969—1975? Hvernig er hægt að vera kominn með allar þær tölur hér inn á bls. 226? Ég segi alveg eins og er, mér er ómögulegt að skilja það. (Gripið fram í.) Er þetta ekki spádómur, er þetta ekki áætlun? Eru nokkur tilboð? Ég skal koma að því nánar á eftir. Ég hélt, að það væru engin tilboð komin í Búrfellsvirkjun nema þau, sem sagt hefur verið opinberlega frá. Ég hef ekki heyrt það, eða af hverju var þá ekki sagt frá þessum tilboðum opinberlega eins og hinum, sem opnuð voru í febrúar? Ég skal fúslega viðurkenna, að það hefur þá farið fram hjá mér, ef það hefur verið gert, að opinberlega hafi verið sagt frá því, að það hafi verið boðinn út síðari áfangi Búrfellsvirkjunar og tilboð hafi komið og liggi nú fyrir opinberlega. Ég skal viðurkenna, að þetta hefur þá farið fram hjá mér, ef það hefur gerzt.

En hitt, að það séu til einhverjar áætlanir um þetta, án þess að nokkur tilboð hafi verið gerð, það getur vel verið. Ég er ekkert að neita því og skal ekkert vera að rengja það. En um tilboðin í 1. áfangann, sem opnuð voru í febrúar, þau vita allir, og það var svo að skilja á hæstv. ríkisstj. og talsmönnum hennar, að þarna hefðu komið mjög góð tilboð. Þau hefðu verið ákaflega hagstæð, ákaflega lág, eiginlega nærri því lægri en var reiknað með. Það var nefnilega reiknað með 1050 millj. kr. stofnkostnaði af virkjuninni, og svo koma tilboðin. Tilboðin eru, eins og formaður landsvirkjunarstjórnar sagði, í 3/5 hluta virkjunarinnar, og 3/5 hlutar af áætluðum kostnaði, af þessum 1050 millj., voru þá 630 millj. Ef tilboðin færu eitthvað yfir 630 millj., voru þau hærri en áætlunin frá í fyrra, ef þau fóru yfir það í 3/5 hluta virkjunar-

innar. Ef þau fara niður fyrir 630 millj. í þennan hluta, eru þau lægri en áætlunin var. Önnur áætlun lá ekki fyrir í febrúar, a. m. k. ekki opinber, þegar þessi tilboð voru kynnt. Lægsta tilboðið af 7 í þessa 3/5 hluta virkjunarinnar var 822.4 millj. eða 192.4 millj. hærra en áætlað var. Annað í röðinni var 825.9 millj. eða um 196 millj. hærra. Þriðja tilboðið var á 865.3 millj. eða um 235 millj. hærra en áætlað var. Og þessi þrjú lægstu tilboð eru þá hærri en áætlunin, sem lá fyrir í fyrra. Það lægsta er 30½% hærra, annað í röðinni 31% hærra og það þriðja 37% hærra en áætlað hafði verið. Tilboðin eru ekki hagstæðari en þetta. Ég tala nú ekki um hæsta tilboðið, því að það er 784 millj. hærra en áætlað var eða 124%, en það lítur náttúrlega enginn við slíku tilboði. En auk þess veit ég ekkert um, hvort búið er að taka nokkru þessara tilboða, hvort búið er að meta þau, bera þau saman og meta þau eða hvort farið er að taka nokkru þeirra, því að sjálfsagt eru ýmis skilyrði, ýmsir varnaglar, ýmsir fyrirvarar í þessum tilboðum, eins og algengt mun vera, að mér er tjáð, og það þarf því að meta þau til þess að vita í raun og veru, hvað er lægst og hvað er hagkvæmast. Ég hef ekkert um það frétt, að neinu þessara tilboða hafi verið tekið, en tölurnar sjálfar, sem birtar voru í Morgunblaðinu daginn eftir að þau voru opnuð, eru þessar. Yfirleitt eru lægstu tilboðin um 30—33% hærri en áætlunin, sem fyrir lá og fyrir okkur hefur legið fram að þessu. Og þegar maður fer svo að bera þetta saman við kostnaðinn, sem nú er gefinn upp í þessu frv., 1415 millj., er hægt að fá út 30% eða í kringum það, 30% hækkun á þessum 1050 millj. og 60 millj. kr. varastöð, sem ekki var höfð með áður, hún var höfð útundan. Eftir því sem mér sýnist er þetta 1422 millj. eða 10 millj. hærra en sagt er í þessu frv.

Þarna sýnist mér vera komin alveg ótvíræð skýring á því, vegna hvers 1. áfangi Búrfellsvirkjunar er nú áætlaður 1415 millj. Það eru hreinlega tilboðin sjálf, sem hækka tölurnar hjá landsvirkjunarstjórn, og svo gastúrbínustöðin, sem aldrei var tekin með áður, en þeir urðu nú að taka inn. Þannig er þessi tala fengin.

Aftur á móti segir í grg. þessa frv., að þessi hækkun stafi af tilfærslu á framkvæmdum frá síðari áfanga fram til hins fyrra. Ég vona, að hæstv. ráðh. leiðrétti þetta, ef eitthvað er rangt, en ég hef skilið þetta þannig, að svona liggi í hækkuninni, ekki í neinum tilfærslum á framkvæmdum, heldur sé þetta raunverulega hækkun frá hinni fyrri áætlun. **(Forseti:** Ég bið hv. þm. afsökunar. Ég leyfi mér að spyrja, hvort hann treysti sér til að ljúka máli sínu á 2—3 mínútum, þar sem áformað hefur verið að gera hlé á fundinum um kl. 7.30.) Nei, ég get það ekki. **(Forseti:** Hv. þm. gerir þá hlé á máli sínu.) — (Fundarhlé.)

Herra forseti. Þegar ég lauk máli mínu fyrir fundarhléið, sagði ég frá því, að ég hefði rætt eingöngu um 1. áfanga Búrfellsvirkjunar og kostnaðarverð raforkunnar frá þeim áfanga byggt á stofnkostnaði hennar. Ég var kominn að því að ræða um 2. áfanga Búrfellsvirkjunar og talaði um það, að nauðsyn væri fyrir þm. að fá að sjá sundurliðaða kostnaðaráætlun fyrir þann áfanga, því að um þann áfanga væru ekki til nein tilboð til þess að byggja skoðanir sínar á, útboð mundu ekki hafa verið gerð og þar af leiðandi engin tilboð í neitt hvað snertir þann áfanga og væri hann því byggður á áætlunum. Hæstv. ráðh. benti mér þá á, að ég skyldi lesa bls. 226 í frv. Ég hef nú litið lauslega yfir þetta síðan og er hæstv. ráðh. þakklátur fyrir að benda mér á skekkjur, ef einhverjar eru í mínu máli, og þegar ég hef nú litið yfir þá skýrslu um stofnkostnað Búrfellsvirkjunar, sem er á bls. 226, kemur í ljós, að þetta er stofnkostnaður fyrri áfanga, ekki þess síðari. Þetta er stofnkostnaður 105 mw. virkjunar, sem ætlunin er að reisa á árunum 1966—1969, — áfanginn, sem ég hef verið að ræða um nú að undanförnu. Ég hef því haft alveg rétt fyrir mér í því, að ég er ekki enn farinn að sjá neina áætlun af neinu tagi um síðari áfanga virkjunarinnar. **(Dómsmrh.:** Það er á bls. 227.) Það er nú aðeins mynd þar, teikning. Ég sé enga áætlun á bls. 227, það er aðeins mynd af húsinu og fjallinu þar fyrir ofan. En í þessari sundurliðun á bls. 226 yfir fyrri áfanga Búrfellsvirkjunar kemur það út, sem ég nefndi áðan, áætlun um, hvað virkjunin muni kosta. Ég sagði 1415 millj., þarna stendur 1354½ millj., en það, sem vantar inn í töluna, er gastúrbínustöðin, 20 mw gastúrbínustöð, sem er áætlað, að kosti 60 millj., og þá kemur talan út, svo að ég held, að þetta sé ótvírætt alveg rétt hjá mér, að þetta er 1. áfangi virkjunarinnar og ekkert um næsta áfanga talað, hvorki á þessari síðu né annarri. En af þessum kostnaði, 1415 millj., er byggt á tilboðum 859 millj., en um 495½ millj. er byggt á áætlunum, engum tilboðum. Það eru áætlanir um þann hlutann, 495½ millj., en byggt á tilboðum um 859 millj. Þar sem þessi hluti er byggður á áætlunum, er ekki heldur hægt að fullyrða, hvort þessi tala sé rétt, þessar 1415 millj. Eina leiðréttingu vil ég þó gera. Mér hefur yfirsézt það, að undirbúningskostnaður, 39½ millj., sem ég nefndi í ræðu minni áðan, að mundi ekki vera í áætluninni, er hér með, og leiðrétti ég það. Sú tala er hér með, en gastúrbínustöðin aftur á móti er ekki með.

Þá vil ég leiðrétta hér aðra smáskekkju. Á bls. 225 er rætt um afl og orku. Ég sagði í ræðu minni hér áðan, að frá 1. áfanga væri reiknað með 900 millj. kwst. á ári, og það er rétt, það stendur þar líka, um 1. áfanga. En þegar fullvirkjuð er Þjórsá, er talið, að kwst. verði 1720 millj. á ári, en ég sagði 1800 millj. Þarna er dálítil skekkja hjá mér, sem gerir það að verkum, að meðalverðið á raforkunni verður hærra en ég sagði, því að kwst. eru færri, en ég hef ekki reiknað út, hvað það nemur miklu. Ég endurtek því óskir mínar um það við hæstv. ráðh., að hann gefi n. upplýsingar um það fyrir 2. umr. þessa máls, hvernig reiknaður er út byggingarkostnaður síðari áfanga Búrfellsvirkjunar.

En nú er samt óhjákvæmilegt að reyna að gera sér einhverja hugmynd um það, áður en menn fara að samþykkja slíkt frv. sem þetta, hvað þessi 2. áfangi muni kosta. Þó að engin tilboð séu til, þó að við höfum ekki fyrir okkur neina nýja áætlun um það, er óhjákvæmilegt að gera sér grein fyrir þessu til þess að

geta séð nokkurn veginn, hvað raunverulegt kostnaðarverð raforkunnar verður, þegar Þjórsá er fullvirkjuð með 210 mw. Í þessu efni er ekki hægt að byggja á öðru en þeim áætlunum, sem birtust í skýrslu hæstv. ríkisstj. frá því í maí í fyrra, en þar er gerð grein fyrir þessu. Þar er gerð grein fyrir því, hvað síðari áfangar hafa verið áætlaðir. Þessi kostnaðaráætlun yfir Búrfellsvirkjun í heild er í skýrslu ríkisstj. frá í maí í fyrra, á bls. 50. Eins og áður segir, er þar fyrri áfanginn áætlaður á 1050 millj., en síðari áfangi 567 millj. án varastöðva, án gastúrbínustöðva. Samtals ætti Búrfellsvirkjun að kosta samkv. áætluninni frá því í fyrra 1617 millj., en við það bætast gastúrbínustöðvar, a. m. k. tvær 20 mw., ef ekki fleiri. Ég ætla þó, að þær eigi að verða fleiri. Ég þori ekki að fullyrða um það, hvort í grg. frv. er sagt beinum orðum, að þær eigi að verða fleiri en tvær, en tvær eiga þær að verða a. m. k., en þær eru áætlaðar á 120 millj. báðar, 60 millj. hvor, og ef því er bætt við, er gamla áætlunin yfir fullvirkjaða Þjórsá 1737 millj.

Ég geri ráð fyrir því, að það sé ekki varlegt að áætla verðhækkanirnar á 6 ára tímabili, frá 1969—1975, minni en þær hafa reynzt í þessari nýju áætlun, sem gerð er um fyrri áfanga, eða 30%, m.ö.o., að sú hækkun, sem fram hefur komið, 30%, haldi sér á síðari áfanganum, þó að engin verðbólguaukning verði á þeim 6 árum og hin gamla áætlun, 1617 millj. án varastöðva, haldi sér að öðru leyti en því að bæta við þessum 30%. En ef þetta er gert, ef reiknað er með því, að síðari áfangi virkjunarinnar, 627 millj. með einni varastöð, hækki um 30%, eins og komið hefur í ljós, að hinn fyrri gerir, hvað er þá Búrfellsvirkjun orðin dýr? Ég get ekki betur séð en hún verði um 2230 millj., eða síðari áfanginn um 815 millj., en um fyrri áfangann vitum við áætlunina, 1415 millj.

Ég skal að vísu viðurkenna, að ég skil ekki fyllilega eina mgr. í grg. með þessu frv., hvað snertir einmitt þetta atriði, endanlegt kostnaðarverð Búrfellsvirkjunar. Á bls. 110 í grg. segir, með leyfi hæstv. forseta: „Loks hefur það mikilvæg áhrif í þá átt að draga úr áhættu Íslendinga, að þegar hafa verið fengin föst tilboð í öll byggingarmannvirki Búrfellsvirkjunar, svo að stofnkostnaður hennar er þegar að langmestu leyti fastbundinn, þó að verðhækkanir eigi sér stað á byggingartímanum."

Ég skil ekki þessa mgr., segi ég, vegna þess að ég leit svo á, að það þyrfti að gera meiri byggingar en áætlað er í 1. áfanga og engin tilboð lægju fyrir frekar en þau, sem skýrt hefur verið frá opinberlega. En þarna segir skýrum stöfum, að öll tilboð liggi fyrir um byggingarframkvæmdir við Búrfell. Og nú vil ég spyrja: Liggja þá fyrir tilboð um öll byggingarmannvirki, sem þarf að reisa vegna ísvandamálsins í Þjórsá? Geta þá væntanlegir hv. nm. fengið að sjá þessi tilboð, sem hafa borizt í öll byggingarmannvirkin við Þjórsá, og auðvitað hvað snertir ísvandamálið líka? Hér stendur það í grg. frv.

Eins og ég sagði, finnst mér harla litlar líkur til þess, að endanlegur stofnkostnaður Búrfellsvirkjunar, 210 mw., geti orðið lægri en þetta, 2230 millj. kr. Auðvitað getur mér yfirsézt eins og öðrum um það, hvernig eigi að áætla og hvernig eigi að reikna eitt og annað. En til þess eru umr. m. a., að maður fái sem allra bezt úr þessu skorið. Ég held, að ég muni það rétt, að ég hafi séð þau ummæli í blaðagrein eftir Sigurð Thoroddsen, sem á sæti í landsvirkjunarstjórn, að nú þegar sé búið að áætla fullnaðarkostnaðarverð Búrfellsvirkjunar 1910 millj. Ég held, að það standi einhvers staðar í þessari grg., en ég þori ekkert að fullyrða um, hvaðan hann hefur það, en þó ætti hann að vita þetta, þar sem hann á einmitt sæti í stjórn Landsvirkjunar. Mér finnst hins vegar líklegra, að þetta verði meira vegna þeirra hækkana, sem þegar eru komnar í ljós, og geti varla orðið minna á öllu því tímabili, sem á eftir að líða til 1975. En ef þetta reyndist nú rétt, að Búrfellsvirkjun kostaði endanlega 2230 millj. og skilaði 1800 millj. kwst. á ári, verður árlegur kostnaður raforkunnar eftir 10%-reglunni, sem ég hef áður rætt um, 223 millj. Af því á álbræðslan að fá, þegar öll virkjunin er komin í gagnið, 1060 millj. kwst. á ári á 10.75 aura, sem verða þá 114 millj., en Íslendingar eiga að hafa fyrir sig um 740 millj. kwst. á ári, og reiknast mér þá svo til, að verðið til þeirra, þegar öll virkjunin er komin í gagnið, verði 14.73 aurar á kwst. eða 109 millj. Auðvitað lækkar meðalverð raforkunnar við það, þegar öll virkjunin er tekin til starfa, því að síðari áfangar eru að sjálfsögðu mun ódýrari en sá fyrsti. En sé þetta rétt hjá mér, að reikna megi með 223 millj. kr. kostnaði á ári, verður meðalverð á raforkunni, hverri kwst., um 12—39 aurar í fullvirkjaðri Þjórsá, þannig reiknað eins og ég hef nú gert grein fyrir.

Á bls. 225 í frv. er gerð grein fyrir, hver heildarorkan verður. Í fyrsta áfanga er reiknað með 900 millj. kwst., eins og ég sagði áður í ræðu minni, en endanleg orka verði 1720 millj., en ekki 1800, eins og ég nefndi. Þannig er þetta á bls. 225 í frv., en við það, að þarna er lægri tala en ég nefndi, verður meðalverðið hærra en þetta, eins og ég hef áður sagt, ekki mikið, ég hef ekki reiknað það út, en eitthvað hærra. Undir þessari töflu stendur, með leyfi hæstv. forseta: „Afgangsorka verður fyrir hendi langtímum saman. Þessi orka hefur enn ekki verið metin til verðs."

Ef þetta reyndist nálægt sanni, sem ég hef hér haldið fram, að allar líkur bendi til þess, að meðalverð á kwst. frá fullvirkjaðri Þjórsá verði 12.39 aurar, er það 1.64 aurum hærra en álverksmiðjunni er seld orkan. Og þessi mismunur mundi nema um 17½ millj. kr. á ári, sem Íslendingar töpuðu á því, sem þeir seldu álverksmiðjunni. En allt er það bundið því skilyrði, að verðbólguaukningin verði nánast engin á tímabilinu 1969—1975. Verði aftur á móti verðbólguaukning svipuð og að undanförnu, verður þetta tap meira, og verði lausn ísvandamálsins erfið og kostnaðarsöm umfram það, sem þegar hefur verið gert ráð fyrir, en hún virðist mjög lágt áætluð, eins og ég nefndi, verður auðvitað hallinn enn meiri. En auk þess vantar inn í þetta dæmi um tapið, sem ég nefndi hér áður í kvöld, það tap, sem stafar af því að selja raforku frá gastúrbínustöðvum á 10.75 aura, sem kostar kannske 55—75 aura, og getur munað þó nokkrum upphæðum.

Niðurstaða mín úr þessum hugleiðingum er því sú, að það séu ákaflega sterkar líkur til þess, að Íslend-

ingar séu að selja orkuna með tapi til álbræðslunnar, með miklu tapi, sennilega 80 millj. kr. tapi á fyrstu þremur árunum, en yfir allt tímabilið líklega eitthvað í kringum 17—18 millj. a. m. k. á ári, en getur orðið miklu meira. Ég veit, að um svona hluti má sjálfsagt alltaf deila, þegar verið er að gera áætlanir um hluti, sem engin vissa er fengin um. En þó að ég geri hinar allra varfærnustu áætlanir, sem ég tel mig hafa gert, fæ ég út þetta tap. Þetta þykir kannske ekki neitt alvarlegt tap, þó að það yrðu 18 millj. á ári. En samt stingur það í stúf við skýrslurnar, sem birtar hafa verið í Morgunblaðinu og í grg. þessa frv. um gróðann, sem Íslendingar eiga að hafa af sölunni og samningnum, gróða af raforkusölunni fyrir þetta verð, er nemur um 860 millj. með vöxtum á 25 árum. Það geta náttúrlega ekki orðið neinar slíkar millj. í gróða, ef mínir reikningar reynast réttir, heldur þvert á móti tap. En 18 millj. kr. tap á ári, ef það reyndist nú það, yrði 1047 millj. á 25 árum með 6% vöxtum, reiknað með sama hætti og hæstv. ráðh. hefur látið gera yfir gróðann. Ég skal endurtaka það, að ef Íslendingar tapa 18 millj., aðeins 18 millj. á ári á því að selja raforkuna með þessu verði, þá er það tap orðið 1047 millj. kr. á 25 árum með 6% vöxtum. Og þó vil ég segja, að það er alvarlegt við þetta, að öll þessi raforka til álbræðslunnar er niðurborguð með eftirgefnum innflutningsgjöldum. En við höfum annan vafasaman hagnað líka af þessum samningi, eins og hér hefur komið fram hjá öðrum ræðumönnum, að það á líka að gefa eftir innflutningsgjöld af vörum og vélum og tækjum öllum til álbræðslunnar sjálfrar og þessi eftirgjöf muni nema um 500 millj. kr. Auðvitað er sú eftirgjöf í eitt skipti, en ekki árlega. En aðeins þessi eftirgjöf, svo að ég noti reikningsaðferðir ríkisstj., þessi eftirgjöf, 500 millj. í innflutningsgjöldum til álverksmiðjunnar, mundi nema með gamla 6% vaxtareikningnum 2146 millj. á 20 árum.

Ég vona, að menn afsaki það, þó að ég geri það að gamni mínu að sýna reikninga á þennan veginn. Af því að það er lögð svo mikil áherzla á að sýna gróðareikningana, þá má varla minna vera en að maður geri ráð fyrir tapi líka og reikni það út.

Þannig lítur þetta út, hvað kostnað við Búrfellsvirkjun snertir, frá mínu sjónarmiði eftir þeim gögnum, sem ég hef bezt getað skoðað um það mál. En sagan er bara ekki búin. Það þarf að virkja meira. Þjórsá dugir ekki. En af hverju dugir hún ekki? Af því að við seljum mikinn hluta af orkunni útlendingum. Við verðum því að fara að virkja fyrir okkur sjálfa og vera búnir að virkja þó nokkuð mikið árið 1976, eftir 10 ár. Þá verður ný virkjun að vera komin í gagnið til viðbótar Búrfellsvirkjun. Ég sé í Morgunblaðsgrein eftir hæstv. iðnmrh., að hann talar um þetta. Þá þurfi að fara að virkja. Þá verði raforkan búin. Þessi frá Búrfellsvirkjun. Þá fer Íslendinga að vanta raforku. Það er víst alveg rétt. Og hann orðar það þannig, ef ég man rétt, að þá verði virkjaður Háifoss eða einhver önnur framkvæmd, sem lagt verður í. Ég man ekki, hvort ég hef þetta orðrétt hérna hjá mér. Það er nú alltaf vissara að hafa það. (Gripið fram í.) Já, ég held, að það hljóti að vera rétt. Já, hæstv. ráðh. segir í Morgunblaðsgreininni 24. febr., þar er verið að tala um Búrfellsvirkjun: „Með bræðslu nægir sú virkjun hins vegar ekki nema til 1976. Hér er reiknað með, að þá taki við Háafossvirkjun eða sambærileg framkvæmd.“ Já, þetta er rétt haft eftir hjá mér: Háafossvirkjun eða sambærileg framkvæmd. Mér sýnist á þessu, að þarna sé allt í lausu lofti, hvað verði virkjað næst, annaðhvort Háifoss, — ég skal nú viðurkenna, að ég veit ekki, hvar Háifoss er, en það skiptir ekki máli, hann er einhvers staðar þarna fyrir austan, — en svo segir „eða sambærileg framkvæmd“. Það er ekkert víst, að það verði Háifoss, það getur orðið einhver annar foss einhvers staðar annars staðar. Við vitum þetta ekki, og hæstv. ríkisstj. veit það ekki heldur. En það verður ný virkjun, og hún á að vera komin upp 1976. En hvað kostar hún? Veit hæstv. ríkisstj., hvað hún kostar, eða á hún til einhverja áætlun um það, hvað hún kostar? Og ef hún veit þetta ekki frekar en ég, hvernig er þá hægt að birta töflur í Morgunblaðinu og í nál. um gróðann öll árin fram til 1985 og vita svo ekkert, hvað þessi virkjun kostar? Er ekki von, að manni blöskri ónákvæmnin í þessu öllu saman? En þetta er nú samt svona. Hæstv. ríkisstj. hefur talið sér fært að reikna út gróða af rekstri vatnsaflsstöðva, einhverra, einhvers staðar, sem ekki er farið að gera neina áætlun um, — áætlun um gróða allt fram til 1985. En þó að við vitum ekkert meira en þetta um þennan þriðja kafla virkjananna, sem ég vil kalla svo, þá vitum við þó eitt, og um það verður víst ekki deilt, að allar virkjanir, sem lagt verður í eftir Búrfellsvirkjun, verða dýrari og miklu dýrari en Búrfellsvirkjun. Ekki bætir það úr skák, þegar á að fara að gera upp gróðann eða réttara sagt tapið af því að selja raforkuna á 10.75 aura kwst.

Á bls. 99 í grg. frv. er rætt um áhrif álbræðslu á gjaldeyris- og þjóðartekjur. Þar er m.a. sagt, að gjaldeyristekjur Íslendinga af þessum samningi og álverksmiðjunni og því öllu saman verði um 300—320 millj. kr. á ári, þegar álbræðslan er fullbyggð og tekin til starfa. Og þessu er skipt niður á mannskapinn, sem muni vinna í Straumsvík, 450 manns. Og útkoman er sú, að gjaldeyristekjur á mann á ári verði allt upp í 700 þús. kr. Aftur á móti í skýrslunni í fyrra voru það ekki nema 650 þús., en það er allt upp í 700 þús. núna. En látum það vera, það skiptir ekki miklu máli, hvor talan stendur á pappírnum. Sagt er, að þetta sé meiri gjaldeyrisöflun á hvern mann heldur en þekkist í íslenzkum atvinnuvegum, sem fyrir eru. En útreikningurinn á þessu er kannske nokkuð flókinn fyrir mig, hvernig þeir fá þessar 320 millj. Hins vegar er hægt að sjá það, hvernig þetta var reiknað í fyrra, í skýrslu hæstv. ríkisstj. þá, því að þar var þetta alveg sundurliðað. Það er á bls. 11 í skýrslunni frá því í maí í fyrra. Þar er það sagt, hvernig þetta er reiknað. Það eru 103 millj. fyrir raforku, um 50 millj. í skatta og 150—200 millj. laun og þjónusta. Þessar tölur koma ekki alveg nákvæmlega heim við frv. núna, en það breytir ekki miklu. Þannig var þetta sundurliðað þá, og má segja, að það megi miða við þetta enn.

Það, sem ég rek strax augun í við þessa skýrslu, er: hvernig stendur á því, að þeir fara að deila þessu niður á starfsfólkið þarna í Straumsvík, þessum upphæðum? Er fólkið í Straumsvík að framleiða rafork-

una, sem verið er að selja Svisslendingum? Er það að framleiða þessa vöru, þessa gjaldeyrisvöru, raforkuna? Ég hélt, að það fólk kæmi ekkert að því. Ég hélt, að það fólk ætti að vinna við álið. Hvað er verið að blanda raforkusölunni inn í þetta? **(Dómsmrh.:** Það er af því, að raforkan er borguð í dollurum.) Fara ekki þeir dollarar aftur upp í afborgun og vexti af lánum? **(Dómsmrh.:** Að parti.) Að parti, fara þeir ekki allir og meira fyrstu árin? Hvernig getur það verið? Ef tekin eru útlend lán til þess að borga alla Búrfellsvirkjun, duga þá peningarnir frá álverksmiðjunni? Ég get ekki reiknað þetta í huganum náttúrlega, en ég skal athuga það. En ég hélt, að þessi greiðsla fyrir rafmagn frá verksmiðjunni færi öll, sem á að vera eitthvað í kringum 103 millj. á ári, og þó að hún sé allt að 114 millj. kr., — ég hélt, að hún færi til þess að borga vexti og afborganir af lánunum, ef öll lánin eru erlend, að segja, og þurfi talsvert meira en greiðslan verður frá álverksmiðjunni fyrir raforkuna. En jafnvel þó að það væri einhver afgangur af gjaldeyrinum, til hvers er þá verið að reikna þetta svona? Hann fer allur út aftur. Íslendingar nota ekki þennan gjaldeyri til að kaupa fyrir vörur eða neitt þess háttar. Ég held, að þessi upphæð, sem kemur fyrir raforkusöluna, komi ekkert við gjaldeyrisöflun fólksins, sem vinnur í Straumsvík. Það kemur ekkert málinu við.

Hvað má segja um skattana, sem kallaðir eru framleiðslugjald? Er það gjaldeyrisöflun fólksins, sem vinnur þarna? Það er gjaldeyrir, það er alveg rétt. En ég held, að það sé vafasamt að blanda því inn í tölu *Íslendinganna þarna. Hvernig er það, ef það verður* mikið af þessu útlendingar? Breytir það engu? Það er bezt að fara ekki mikið út í þetta, nema einn liðinn, það eru laun fyrir störf og þjónustu þarna í Straumsvík, 450 manns, 150—200 millj. Það hlýtur þá að vera ákaflega vel launað. Ég held, að þetta fólk hljóti að vera á miklu meira en Dagsbrúnarkaupi, ef 450 *manns geta fengið 150—200 millj. yfir árið fyrir vinnu* sína. Mér sýnist, að þá þyrfti hver maður að hafa um 330—440 þús. kr. árslaun, og mér þykir það vel borgað eða það mundi þykja hérna í Reykjavík. Nei, það er auðvitað miklu fleira fólk, sem vinnur við þetta, en þessi 450. Enda segir í skýrslunni frá í fyrra: „laun og þjónusta og hvers konar starfsemi" þessu tengt. Ég *geri ekki ráð fyrir, að þeir borgi hverjum manni, sem* hjá þeim vinnur, meira að meðaltali en 150—200 þús. kr. á ári. Þeir kannske borga eitthvað hærra en íslenzkir atvinnurekendur, því að þeir hafa meiri möguleika til þess, og þeir mega gera það, þó að þeir borgi 150—200 þús. yfir árið. Og það eru hinar raunverulegu gjaldeyristekjur á mann og annað er *það ekki. Mér sýnist reikningurinn um, að þetta verði* 650—700 þús. á mann á ári, vera hreinlega út í loftið.

Það hefur verið nokkuð deilt á hæstv. ríkisstj. fyrir að undirskrifa þessa samninga, áður en þeir voru lagðir fyrir Alþ., og er ekki að furða, þó að mönnum þyki slíkt heldur lítilsvirðing fyrir þinginu. Ég hef brotið um það heilann, hvers vegna hæstv. ríkisstj. tók þetta til bragðs. Í hvaða tilgangi er hún að skrifa undir slíkan samning, áður en hann er lagður fyrir þingið? Kom ekki undirskriftin að alveg jafnmiklu gagni, þó að það væri gert eftir að Alþ. hafði samþykkt frv.? Ég á erfitt með að skilja þetta. En ef samningurinn hefði fyrst verið lagður fyrir Alþ. og undirskrifaður á eftir, hefði ekki verið hægt að deila á einn eða neinn fyrir það, að Alþ. hefði verið sýnd lítilsvirðing. Ég skil ekki, að þessa hafi þurft vegna hv. stuðningsmanna ríkisstj., að beita slíkum öryggisráðstöfunum. Ég held, að þeir eigi ekki skilið neinar slíkar aðdróttanir. Þeir hafa ekki reynzt ríkisstj. þannig, að þess hafi átt að þurfa. Þessum aðfinnslum og ádeilum út af undirskriftinni svaraði hv. 5. þm. Vesturl. nokkuð í dag, og það, sem hann sagði þá, var í raun og veru það sama og hann var búinn að segja í Alþýðublaðinu í leiðara 30. marz s. l., sem ég ætla, að hann hafi skrifað, þó að ég hafi ekki sannanir fyrir því, en hann notaði eiginlega sömu orðin í dag og eru í þessum leiðara. Ég býst við, að ég geri honum ekki rangt til, þótt ég gizki á, að hann hafi skrifað hann sjálfur. Í þessum leiðara segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Þjóðviljinn hefur gert harða árás á ríkisstj. fyrir það, að samningarnir við Swiss Aluminium Ltd. skyldu vera undirritaðir af iðnmrh., áður en þeir voru lagðir fyrir Alþ. Kallar blaðið þetta fyrirlitningu á Alþ. Þessi málflutningur er furðulegur. Samkv. 21. gr. stjórnarskrárinnar á forseti lýðveldisins að gera samninga við erlend ríki, en það þýðir í reynd, að ríkisstj. á að gera slíka samninga. Ef þeir hafa í sér fólgið afsal, kvaðir á landi eða landhelgi eða breytingu á stjórnarhögum ríkisins, skal samþykki Alþ. koma til."

Ég held, að ég muni það rétt, að hv. þm. endurtæki þetta hér í dag. Hann var að halda því fram í dag og heldur því fram í þessum leiðara: Ríkisstj. þarf ekki að leggja saminga fyrir Alþ. nema undir vissum skilyrðum. Og hver eru svo þessi skilyrði? Jú, hann tekur þau fram. Ef í þeim felst afsal, kvaðir eða breyting á stjórnarhögum. Er þetta þá skýring á því, vegna hvers þessi samningur er nú lagður fyrir Alþ.? Er hv. þm. með þessu að segja: *Í þessum samningi er afsal, kvaðir, breyting á stjórnarhögum, af því er hann* lagður fyrir þingið? **(Dómsmrh.:** Þetta er frv., sem á að fá lagagildi.) Já, en mér skildist, að hv. þm. héldi fram, að hæstv. ríkisstj. hefði ekkert þurft að vera að leggja þetta frv. fyrir þingið nema vegna þessa ákvæðis í stjórnarskránni, ef samningar séu þess eðlis, að þetta felist í þeim, verði að gera það. Þetta kemur þannig út, hvort sem hv. þm. *meinar* það eða *meinar* það ekki, að það sé í þessum samningi afsal, kvaðir eða breytingar á stjórnarskránni. Ég veit ekki, hvort hann meinar þetta, en þannig kemur þetta út í leiðaranum.

En er þá nokkurt afsal í þessum samningi? Það er ekki örgrannt um það, að það sé afsal á dómsvaldi. Eru nokkrar kvaðir í þessum samningi? Mér finnst, að sú kvöð sé í samningnum, að Íslendingar selji raforku með tapi. Er nokkur breyting á stjórnarhögum í þessum samningi? Mér dettur helzt í hug þetta með Vinnuveitendasambandið, að menn hafa, sumir, nokkrar áhyggjur af því, t.d. að það geti haft einhverjar afleiðingar, ef útlendingar gerðust hér umsvifamiklir *í vinnuveitendasamtökunum í landinu*, og það kynni kannske að breyta eitthvað stjórnarhögum. En það er víst margt fleira en það, sem gæti komið til greina undir þessum lið. En það lítur þó út fyrir, að

við þurfum ekki að hafa áhyggjur af því, að Alusuisse fari að taka völdin í Vinnuveitendasambandinu, því að Alþfl. hefur tekið að sér að tryggja, að það komi ekki fyrir.

Þá er rætt í þessu frv. um áhrifin af eiturlofttegundum frá álverksmiðjunni, og skýrt er frá því, að það sé ástæðulaus ótti að vera að gera ráð fyrir neinum skaðlegum áhrifum af lofttegundum eða eiturefnum frá þessari verksmiðju, enda er samningurinn þannig úr garði gerður, að fyrirtækið á engar öryggisráðstafanir að gera til að eyða flúorgasi eða öðrum slíkum eiturtegundum í Straumsvík, þó að þeir verði að gera það í öðrum löndum. Á bls. 217 í grg. frv. er skýrsla frá Rannsóknastofnun iðnaðarins um mengun. Ég ætla ekki að fara að lesa þessa skýrslu, en þar er greint frá því, hvaða skaðleg efni, úrgangsefni, komi frá álbræðslunni. Þar er nefnt tjöruefni, brennisteinssambönd, áloxýðryk, krýólít, flúorvetni, kolsýra og kolsýringur. Þá segir þar, með leyfi hæstv. forseta:

„Swiss Aluminium Ltd., Zürich, sem er samningsaðili að byggingu fyrirhugaðrar álbræðslu í Straumsvík, hefur gefið eftirfarandi upplýsingar í bréfum, dags. 3. febr. 1966 og 1. marz 1966." Ég nenni ekki að lesa allar þessar tölur, þar er skýrt frá í tölum heildarmagni hverrar eiturtegundar fyrir sig eða lofttegundar á hvern rúmmetra o. s. frv., en svo segir, með leyfi hæstv. forseta: „Þessar tölur verða lagðar til grundvallar við þessa athugun, þar sem í fyrsta lagi mjög miklar rannsóknir eru gerðar til þess að spara krýólít (flúor) vegna hins háa kostnaðar" o. s. frv.

M. ö. o.: hættan af þessum eiturlofttegundum frá álbræðslunni er útskýrð af sjálfu Swiss Aluminium-félaginu. Og rannsóknastofnunin íslenzka, Rannsóknastofnun iðnaðarins, segir, að þessi athugun, sem hún svo geri, sé byggð á þessum tölum frá Swiss Aluminium. Var nú ekki hægt að fá neinar upplýsingar frá hlutlausari aðila um þessa hættu en frá Swiss Aluminium? Þurfti íslenzk rannsóknastofnun að byggja á tölum og upplýsingum frá því fyrirtæki? Þarna er ég ekki að segja, að neitt sé rangt, sem þetta fyrirtæki hefur sagt þarna. En þessi vinnubrögð finnst mér einkennileg. Síðan er talað um tjónahættu af þessum lofttegundum á sláturdýr, fiska, sagt, að sláturdýrin, sem eru alin upp í næsta nágrenni við álbræðslu, verði ekki fyrir sjáanlegum áhrifum, fyrr en þau verða tveggja ára, — þá kemur það í ljós. Þetta er nú um sláturdýrin. Þar er talað um jórturdýr, — mér virðist nú, að sum sláturdýr séu jórturdýr, en þau eru nú sér í flokki. Þar er talað um, hve mikið magn þurfi að vera, til að þau verði fyrir tjóni, og það endar með því, að þau liggja dauð, þegar komið er í ákveðið magn. Niðurstöður rannsóknastofnunarinnar um þessa hættu eru m.a. á þá leið, orðrétt: „Hættusvæðið ætti því að liggja innan 3—4 km fjarlægðar frá áætlaðri álbræðslu við Straumsvík." Hún viðurkennir, að það verður hættusvæði þarna, og hættusvæðið er teiknað upp á kort, sem fylgir þessu frv. Það ætti því að liggja innan 3—4 km frá álbræðslunni, m. ö. o. 3—4 km í allar áttir frá álbræðslunni er hættusvæði, segir rannsóknastofnunin. Og auk þess segir: „Ályktun þessi er miðuð við fyrsta þrep byggingarframkvæmdanna eða 30 þús. tonna bræðslu, vegna þess að þar er óvissan mest. En við rekstur þessa fyrsta þreps er aðstaða til þess að rannsaka nákvæmlega, hvar hin raunverulegu hættumörk liggja, og gera þær ráðstafanir, er reynslan sýnir, að nauðsynlegt sé."

Menn vita sem sé ekkert með vissu um þessa hættu, hvað hún er mikil eða hvað hættusvæðið verður stórt, en telja þó, að það sé ekki nema 3—4 km frá álbræðslunni, þó verði ekki sagt um þetta með vissu fyrstu 3 árin, en á því tímabili megi rannsaka þetta og komast að betri niðurstöðu. Hins vegar hefur álbræðsla í Noregi orðið að fyrirbyggja þessa hættu.

Ef menn virða fyrir sér kortið af hættusvæðinu, sjá þeir, að það er ekki alveg eftir þessari formúlu, þetta kort af hættusvæðinu. Það eru 3 km í vestur frá bræðslunni, — ekki 4, aðeins 3, — það eru 3 km í suður, en það eru ekki nema 2 km í austur. Og vita menn, af hverju eru ekki nema 2 km í austur? Það er af því, að þar er Hafnarfjörður. Hafnarfjörður lendir inni á hættusvæðinu, ef það væri markað eins og segir í þessari grg. Ef þetta hættusvæði væri dregið 4 km, eins og þarna er fyllilega gefið í skyn, að megi gera ráð fyrir, yrði Hafnarfjörður sennilega hér um bil allur á hættusvæðinu. Það er vel af sér vikið að búa til kort yfir svona hættusvæði.

Ég vildi nú gjarnan beina því til þeirra manna, sem eru í forustuhlutverkum fyrir vinnandi fólk í landinu, að svona mál sé athugað dálítið betur. Það eru í gildi lög um öryggisráðstafanir á vinnustöðum. Segir m. a. í 5. gr. þessara laga, þ.e. laga nr. 23 frá 1. febr. 1952, með leyfi hæstv. forseta:

„Vinnuveitanda ber að sjá svo um, að á vinnustað sé öllu svo fyrir komið, að verkamenn séu verndaðir gegn slysum og sjúkdómum, eftir því sem föng eru frekast til. Vinnuveitanda ber að sjá svo um, að verkamenn fái vitneskju um, ef hætta fylgir störfum þeirra, og á hvern hátt bezt sé að forðast hana. Sérstaklega skal leiðbeina óvönum verkamönnum, nemum og ungum verkamönnum í þessu efni."

Í 8. gr. þessara laga segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Þegar um vinnu er að ræða, sem hefur í för með sér óvenjulega mikla hættu fyrir líf, limi eða heilbrigði verkamanna eða er óvenjulega erfið, getur ráðh. sett reglur í samráði við öryggismálastjóra um öryggisútbúnað umfram það, sem mælt er fyrir í lögum þessum. Í þeim reglum geta verið ákvæði um takmörkun vinnutíma, að verkamenn innan 18 ára aldurs séu eigi látnir framkvæma verkið og eigi heldur verkamenn, sem hafi annaðhvort ekki nægilegt líkamlegt eða andlegt atgervi til vinnunnar."

Í 11. gr. þessara laga segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Sérhver, sem ætlar að reisa eða reka meiri háttar verksmiðju eða verkstæði eða breyta eldra fyrirtæki, skal leita umsagnar öryggismálastjóra um, hvort hið fyrirhugaða skipulag sé í samræmi við lög þessi og reglugerðir settar samkv. þeim. Í því skyni skal hann láta í té sundurliðaða grg. með nægilegum uppdráttum yfir fyrirkomulag véla og húsakynna og öðrum upplýsingum, sem máli kunna að skipta, allt eftir því, sem öryggismálastjóri kann að krefjast" o. s. frv.

Nú vil ég spyrja: Verður ekki álbræðslan undir

lögum um öryggisráðstafanir á vinnustað? **(Dómsmrh.:** Það stendur í samningnum.) Að hún sé undir þeim? **(Dómsmrh.:** Já.) Hlýtur þá ekki að leiða af því, að það verði að gera öryggisráðstafanir þegar í byrjun til að sporna við þeirri hættu, sem bent er á í skjali rannsóknastofnunarinnar? Ég vænti þess, að þessi lög verði framkvæmd og það dugi ekki að semja um það, að ÍSAL skuli engum eiturlofttegundum eyða, eins og gert mun hafa verið. (Gripið fram í.) Ja, það eru sama sem engar ráðstafanir á móts við það, sem gert er í öðrum löndum. Ég ætla, að þær séu harla litlar á móts við það, sem þeir verða t.d. að gera í Noregi.

Ég skal fara að ljúka máli mínu, en ég vil aðeins að lokum segja það, að ein höfuðrökin fyrir þessari samningsgerð hafa verið þau, að Íslendingar gætu selt afgangsorku með góðum kjörum og virkjað þannig stór fallvötn, sem yrðu ódýrari í virkjun en þau smærri. Og hæstv. ríkisstj. hefur komizt að þeirri niðurstöðu, að eina leiðin til þess að afla markaðar fyrir þessa afgangsorku hafi verið álbræðsla, hafi verið fyrirtæki auðhrings úti í heimi til þess að reka hér álbræðslu. Og nú vil ég spyrja: Voru engir möguleikar aðrir til þess að afla markaðs fyrir þessa orku? Hefur aldrei verið athugað, hvort ekki var hægt að selja orku frá Búrfellsvirkjun, til þess að hita upp hús hér sunnan- og suðvestanlands, — hús, sem ekki hafa jarðhita til upphitunar? Menn vita, að þessi hús eru hituð upp með olíu og olían kostar gjaldeyri. Hefur þetta nokkurn tíma verið rannsakað? Var ekki þess vert á öllum þessum 5 árum, sem liðin eru síðan stóriðjunefnd var sett á laggirnar, að gera athugun um það, hvort þessir möguleikar væru ekki fyrir hendi? Nú vitum við, að ríkið selur raforku til upphitunar og hefur gert alllengi, þó að í mjög takmörkuðum stíl hafi verið. Og eftir þeim upplýsingum, sem ég hef fengið, er verð á raforku til upphitunar allt frá 29 aurum, hef ég frétt um, og upp í 40 aura kwst., þegar þau skilyrði fylgja, að það megi loka fyrir raforkuna á vissum klukkutímum sólarhringsins eftir því, hvernig álagið er. En þegar menn geta nú keypt raforku frá ríkinu fyrir kannske 30—40 aura, eins og sakir standa nú, voru þá engir möguleikar til þess að selja almenningi raforku til upphitunar í staðinn fyrir að selja hana á 10.75 aura til álbræðslu? Ég skal viðurkenna, að ég hef enga faglega þekkingu í þessum efnum. En mér finnst, að svona hluti hefði átt að rannsaka, áður en farið var að gera samninga af þessu tagi. Ég hef aldrei heyrt, að nokkur athugun hafi farið fram á þessu. Og það er alveg jafnmikils virði og gjaldeyrisöflun að spara þann gjaldeyri, sem við eyðum núna í innflutning á olíu.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Með þessu frv., sem nú liggur fyrir á þskj. 434, hefur hæstv. ríkisstj. lagt óvenjulegt mál og raunar mjög umrætt fyrir Alþingi. Samþykkt þessa frv., ef gerð yrði, mundi hafa í för með sér stórfelldar framkvæmdir í landinu á næstu árum og fjárfestingu, sem á sér engin fordæmi hjá þessari þjóð á svo skömmum tíma. Ef stofnað væri til svo mikilla framkvæmda og svo mikillar fjárfestingar með eðlilegum hætti og í samræmi við þjóðarþörf, með þeirri fyrirhyggju, sem í hag kemur, væri ástæða til að fagna þessu frv. Það hefur lengi verið margra draumur í þessu landi að beizla orku hinna stóru fallvatna á þann hátt, að betur yrði tryggð framtíð þjóðarinnar, velmegun og sjálfstæði, að létt yrði með því erfiði af þeim, sem beitt hafa kröftum sínum til að byggja þetta land og varðveita á þann hátt sjálfstæði þjóðarinnar. En þetta mál, eins og það er fram borið, sýnist mér heldur ógæfusamlegt, því miður, og vil ég þegar við þessa umr. leitast við að finna þeim orðum stað, um leið og ég rek nokkur söguleg atriði, sem mér eru minnistæð og ég tel, að hljóti að varða ýmsa hv. þm. a. m. k. í sambandi við afstöðu til þessa máls. Ekki dreg ég í efa, að unnið hafi verið að þessu máli í góðri trú, en illt er, þegar þeim, sem með völdin fara, missýnist svo eða eru svo mislagðar hendur sem hér er raun á orðin að margra dómi og þ. á m. mínum.

Við Íslendingar eigum, eins og aðrar þjóðir, við mörg vandamál eða viðfangsefni að glíma. Sum eru dægurmál, önnur tímabundin, þó að þau geti, meðan við þau er fengizt, sett sinn svip á þjóðmálasviðið. Loks eru svo þau vandamál, sem varða framtíð þjóðarinnar og hljóta að verða viðfangsefni hennar um ókomin ár, svo langt sem séð verður eða lengur. Það eru þessi mál, sem mestu skipta og ættu fyrst og fremst að móta viðhorf manna á hverjum tíma. Það eru slík mál, sem ættu að skipa mönnum í sveitir í þjóðmálabaráttunni. En það er önnur saga.

Ég held, að þeim fari nú fjölgandi, sem viðurkenna, a. m. k. í orði, að það sé lífsnauðsyn íslenzku þjóðarinnar að byggja land sitt. Hvers vegna? Vegna þess fyrst og fremst, að þeir líta svo á, að ef þjóðin lætur landið verða óbyggt eða svo til, að miklu eða mestu leyti, geti hún ekki haldið sjálfstæði sínu, ekki haldið þjóðmenningu sinni. En það kemur ekki af sjálfu sér, að landið haldist í byggð. Blind þróun atvinnulífs, tækni og tízku tryggir það ekki, að svo verði, þvert á móti, hér er ár hvert letruð aðvörun á vegginn, ekki á ókennilegri, framandi tungu, eins og í Babýlon forðum, heldur í talandi tölum. Hér á spildunni milli Kollafjarðar og Straumsvíkur er í þann veginn að myndast stórborg, sem sogar með vaxandi krafti til sín fólkið úr öðrum landshlutum og ekki sízt þeim landshlutum, sem henni eru fjarlægastir. Það er henni ekki hollt, og það er þjóðinni ekki hollt. En þessi straumur verður ekki stöðvaður og þaðan af síður snúið við, nema þjóðfélagið geri það, ekki nema þjóðfélagið sé sjáandi, þar sem hin köldu lögmál eru blind, og rétti fram sína máttugu hönd til að afstýra slysi, — slysi, sem valda mundi ævilokum lítillar þjóðar, sem hafa þó verið mikil örlög sköpuð fram til þessa dags.

Það var nefnt hér í umr. á laugardaginn, að á höfuðborgarsvæðinu milli Kollafjarðar og Straumsvíkur ættu nú heima rúml. 100 þús. manna, en rúml. 90 þús. samtals í öllum öðrum byggðum um allt Ísland. Slíkt ójafnvægi milli höfuðborgarsvæðis og annarrar landsbyggðar er ekki bara einsdæmi á Norðurlöndum eða í Vestur-Evrópu, heldur einsdæmi í veröldinni, að ég ætla. Í Danmörku eru 4.7 millj. íbúa, en þessi tala og þær, sem ég nefni hér á eftir, eru

miðaðar við manntöl 1963 og 1964, — í Danmörku eru 4.7 millj. íbúa, í Stór-Kaupmannahöfn með öllum hennar útborgum, sem eru sérstök sveitarfélög, eru 1.4 millj. íbúa, og mun þetta dæmi vera einna næst því, sem hér á sér stað, en í Stór-Kaupmannahöfn búa samkv. þessu 28,5% af dönsku þjóðinni, og ég endurtek, að það er ekki aðeins sveitarfélagið Kaupmannahöfn sjálf, sem hér er talið, heldur allar útborgirnar, sem til hennar teljast, með sérstökum nöfnum og eru sérstök sveitarfélög. Það hefur oft verið talað um Austurríki, sem í núverandi mynd er eins og gengið var frá því eftir fyrri heimsstyrjöldina, og það hefur verið talað um stærð Vínarborgar í hlutfalli við landið sem sérstakt dæmi þess, að höfuðborg gæti verið allt of stór. Hvernig er nú þetta samanborið við ástandið hér? Í Austurríki eru 7.2 millj., íbúar í Vínarborg 2 milljónir. Íbúar Vínarborgar eru m. ö. o. 27.7% af íbúum Austurríkis. Samsvarandi tala hér á okkar höfuðborgarsvæði er nokkuð yfir 50% eða meira en helmingur af þjóðinni. Og það er hér eins og með Kaupmannahöfn. Hér er ekki aðeins talin Vín sjálf, heldur einnig útborgir hennar, sem eru sérstök sveitarfélög, til þess að það sé sambærilegt við þá tölu, sem hér hefur verið nefnd í umr. um höfuðborgarsvæði okkar. Íbúar í Noregi eru 3.7 millj., íbúar í Osló 550 þús. eða 15% af norsku þjóðinni. Íbúar í Svíþjóð eru 7.6 millj., íbúar Stokkhólms með útborgum 1.2 millj. eða 15.8% af sænsku þjóðinni. Íbúar í Finnlandi eru 4.6 millj., íbúar í Helsingsfors eða Helsinki ca. 560 þús. manns eða 12.2% af finnsku þjóðinni. Í öllum þessum tilfellum eru, eins og ég sagði áðan, útborgirnar meðtaldar, þó að þær séu sérstök sveitarfélög, og því borgarsvæðin sambærileg við það, sem kölluð hefur verið Stór-Reykjavík.

Ég er einn þeirra nokkuð mörgu a. m. k., sem eru þeirrar skoðunar, að hér sé um að ræða eitt þeirra viðfangsefna þjóðfélagsins, sem mestu skipta, svo að ekki sé meira sagt, landsbyggðarvandamálið eða byggðajafnvægismálið, að þarna sé mikil hætta á ferðum fyrir þjóðarsjálfstæðið, að þarna sé viðfangsefni, sem þjóðin hljóti að fást við um langan tíma. Þess vegna höfum við, sem þessa skoðun höfum, m. a. viljað koma á fót sérstakri byggðajafnvægisstofnun og byggðajafnvægissjóði að hætti Norðmanna og höfum beitt okkur fyrir því hér á Alþingi. Þess vegna varð líka sú hugmynd til, að nota hina óbeizluðu orku hinna stærri fallvatna til að jafna áhallann milli landshlutanna, að svo miklu leyti sem það væri hægt á þann hátt. Ég veit, að það er ekki hægt að hefja sum héruð eða landshluta, t. d. Vestfirði, á þann hátt, en þar hygg ég þó vera um aðra möguleika að ræða, sem ekki eru á dagskrá að sinni. En Norður- og Austurland eru auðug að fallvötnum, og í óbyggðinni milli þessara landsfjórðunga er sjálfur Dettifoss, sem ég hef heyrt kallaðan mesta foss Evrópu. Það var hugsjón Dettifoss-hreyfingarinnar, sem ég leyfi mér að nefna svo, þó að fleiri fallvötn norðan fjalla, t. d. Laxá í Þingeyjarsýslu, komi einnig til greina, — það var hugsjón þeirrar hreyfingar að beizla orkuna í Dettifossi til þess að skapa gnægð orku, gnægð raforku um Norður- og Austurland eða sem mestan hluta þessara víðlendu landsfjórðunga og ef til vill víðar og koma upp í því sambandi nýjum atvinnulífsmiðstöðvum, tæknivirkjum, iðjuverum, sem gætu í þessum landshlutum hamlað á móti hinni miklu kraftblökk, sem nú erfiðar ár og síð við að keyra alla Íslendinga saman í eina stórborg. Með virkjun norðan fjalla töldu menn sig hafa í huga a. m. k. nokkurn hluta af lausn hins mikla byggðajafnvægismáls, skref í átt til þess að bjarga sjálfstæði framtíðarinnar úr yfirvofandi hættu og jafnframt þjóðhagslega hagkvæmt verk, því að um áratugi hefur það þótt liggja í augum uppi, þótt sumir þykist hafa reiknað út annað nú, að Dettifoss væri hagkvæmasta virkjunarfallvatn hér á landi. Vitanlega voru fyrirætlanirnar um virkjun Dettifoss frá öndverðu að verulegu leyti tengdar þeim hugmyndum, sem uppi voru fyrir löngu hér í landi um að stofna til þess, sem kölluð hefur verið stóriðja hér á landi, t. d. áburðarvinnslu, síðar alúminiumvinnslu o. fl., sem nefnt hefur verið í því sambandi og út af fyrir sig þarf ekki að blanda saman við hugmyndir um beina erlenda fjárfestingu og samninga við erlend fyrirtæki um þá hluti. Ég kem að því síðar.

Nú bið ég hv. alþm. að virða fyrir sér í svipsýn þá þróun, sem forgöngumenn Dettifosshreyfingarinnar hafa hugsað sér í þessum málum, og gefa því efni gaum, ef þeim sýnist svo, í sambandi við það frv., sem hér liggur fyrir. Suðvesturland á sín fallvötn og mest þeirra er Þjórsá. Orka hennar er talin mikil og hagkvæm til virkjunar fyrr eða síðar, en þó ekki óþrjótandi. Þarna er sjálf höfuðborgin sem notandi orkunnar og nokkrir stærstu kaupstaðirnir, nokkrar fjölmennustu sýslurnar, yfirgnæfandi meiri hluti af núverandi orkumarkaði landsins í stöðugum, nokkuð reglubundnum vexti, tvöfaldast eða því sem næst á hverjum áratug, þ.e. þessi orkumarkaður hér á Suðvesturlandi. Það er engum vandkvæðum bundið að virkja á Suðvesturlandi til almennra nota, smátt eða stórt, og fá hagkvæmt orkuverð til neytenda. Það er mál út af fyrir sig, leysanlegt fyrir 30 árum við Sog, auðleysanlegt nú, og samir ekki að mæla því í gegn. Til þess þarf ekki neinar sérstakar stóriðjuráðstafanir nú, enda líklegt og líkur að því færðar af ýmsum fyrr og síðar, að Suðvesturlandi veiti ekki af sínu vatnsafli, þegar stundir líða, og hlálegt yrði þá óneitanlega, ef flytja þyrfti þangað aflið frá hnignandi byggðum norðan fjalla. En norðanlands og austan er öðru máli að gegna. Orkumarkaðurinn þar er nú ekki nema brot af því, sem hann er hér syðra, og hinar reglulegu vaxtarlíkur að sama skapi lágar. Hér gat iðjuver komið að liði, verið nauðsynlegt til að gera að veruleika stóræskilega, lífsnauðsynlega framkvæmd. Þetta sýndist bara heilbrigð skynsemi, að vísu ekki nákvæmlega útreiknað, en byggt á yfirgnæfandi náttúrlegum líkum. Þetta sjónarmið virtist okkur byggt á réttsýni. Menn eygðu þá von, að óheillaöflum yrði ekki látið haldast uppi að spilla þessu máli og eyða því.

Nú vilja menn kannske spyrja mig og aðra talsmenn norðlenzkrar stórvirkjunar, hvernig við höfum ætlað okkur að koma upp iðjuveri eða iðjuverum með raforku úr okkar virkjun og henni til stuðnings og hvenær? Við höfum ekki borið fram kröfur um, að

slíkri virkjun yrði hraðað, að í því máli yrði farið á eins konar handahlaupum. Við vildum fá rannsókn og fullnaðaráætlun og að því yrði slegið föstu, að fyrsta stórvirkjun með iðjuver fyrir augum yrði norðan fjalla. Við vissum, að slík ákvörðun út af fyrir sig mundi hafa áhrif á framtíðarvonir manna og framtíðaráætlanir. Við höfðum mörg trú á því, að það mundi sýna sig, að hægt væri að byggja hér upp með útvegun erlends fjármagns á svipuðum grundvelli og hér hefur tíðkazt eða á svipuðum grundvelli og ráðgert er nú að byggja kísilgúrverksmiðju. Ég vil ekki gera allt að mínum orðum, sem sagt hefur verið um hættuna af beinni erlendri fjárfestingu, og ég hef ekki lokað augunum fyrir því, sem aðrar þjóðir, að vísu allar stærri en við Íslendingar, hafa gert í þessum efnum. Ég hef aldrei talið mér trú um, að hér yrði nein ös af útlendum fyrirtækjum, sem vildu byggja iðjuver, og við gætum svo valið einn úr af náð og sagt honum að ganga að öllu, sem okkur kynni að detta í hug að óska eftir. En þá varð mér ekki um sel, þegar ég heyrði, að við værum komnir í kapp við Norðmenn um að bjóða niður orkuverðið o.fl., eins og hér var minnzt á sérstaklega í umr. af hv. 5. þm. Vesturl., að gert hefði verið, og þar með staðfest. Ég held, að samningstíminn hafi ekki verið hagkvæmur. En sleppum því. Mín skoðun er sú, að komu útlends fyrirtækis inn í landið fylgi áhætta og hún ekki lítil, ef um stórfyrirtæki er að ræða. Ég þarf ekki að útlista það nánar, það hefur verið gert. Hin almenna regla á að mínum dómi að vera sú — og hún sjálfsögð — að taka ekki þessa áhættu. Íslenzkt spakmæli segir þó, að engin regla sé án undantekningar. Góður læknir hefur þá reglu að gefa manni ekki inn lyf, sem vitað er, að getur teflt heilsu hans í hættu. En þegar lífið er í veði, eru einstaka sinnum gefin slík lyf, og algengt er, að þau bjargi því lífi, sem ella hefði slokknað. Það er gert með allri þeirri varúð, sem mannleg vizka, skulum við segja, ræður yfir. Ef framtíð landsbyggðarinnar og þar með tilvera þjóðarinnar er í veði, getur, ef ekki er annars kostur, komið til greina að taka áhættu, sem undir öllum öðrum kringumstæðum er ástæðulaust og óforsvaranlegt að taka. Og ég vil þá í þessu sambandi nota tækifærið til að segja það strax, að í sambandi við þetta frv., sem hér liggur fyrir, er að mínum dómi engin frambærileg ástæða til að taka þessa áhættu. Þvert á móti, því að ef alúmíníumverksmiðja verður byggð í Straumsvík, eykur það þann vanda, sem íslenzkt þjóðfélag á við að glíma í byggðajafnvægismálinu, en minnkar hann ekki. Hér er áhættan tekin, þó að hún auki þá hættu, sem yfir vofir. Sú læknislist er slæm, og betra væri þá þessu þjóðfélagi að vera læknislaust.

Ég talaði áðan um Dettifosshreyfinguna, sem ég nefndi svo. Vera má, að einhverjir hv. þm. átti sig ekki fullkomlega á því, hvað ég á hér við, að þeir séu búnir að gleyma ýmsu í því sambandi. Því mun ég nú fara nokkrum orðum um það mál og hverf þá nokkur ár aftur í tímann, áður en ég kem aftur að síðustu tíma þróun þess máls og samningunum við Swiss Aluminium um alúmín- eða álverksmiðju í Straumsvík.

Ég hef áður úr þessum ræðustól fyrir nokkrum árum rætt nokkuð um hið fræga fallvatn Jökulsá á Fjöllum. Ég skal ekki endurtaka neitt af því, sem ég sagði þá. En Þorvaldur Thoroddsen, sem manna bezt kunni á sínum tíma að lýsa landi sínu, ræðir í Íslandslýsingu sinni á þessa leið um Jökulsá:

„Því nær allt það vatn, sem fellur út í Axarfjörð, safnast saman í eina mikla móðu, Jökulsá á Fjöllum eða í Axarfirði. Hún er ein af helztu stórám landsins, sprettur upp í Vatnajökli, er 25 mílur á lengd" (þ.e.a.s. danskar mílur, þetta er skrifað fyrir mörgum áratugum) „og rennur um jafnhallandi öræfaflatneskju og óbyggðir, unz hún fellur niður í gljúfrin fyrir neðan Dettifoss.

Jökulsá kemur upp í krikanum milli Kverkfjalla og Dyngjujökuls 2500 fet yfir sæ og er þar þegar vatnsmikil. Nokkru neðar á söndunum falla í hana smákvíslar undan Dyngjujökli. Fellur hún á einum stað hjá Kverkhnjúkarana í kvíslum. Síðan fellur Jökulsá norður og lítið eitt vestur á við, en rekur sig á fjallbungu þá, sem heitir Vaðalda, og beygir þá austur á bóginn. Þar fellur í hana Svartá, stutt, en vatnsmikil bergvatnslind. Á vorin í leysingum falla að öllum líkindum kvíslar úr Dyngjuvatni í Jökulsá fyrir norðan Vaðöldu. Á móts við Herðubreið, þó heldur norðar, fellur Kreppa í ána. Er það mikið vatnsfall, hér um bil eins stórt og Jökulsá sjálf. Hún er 10 mílur á lengd, kemur undan vestanverðum Brúarjökli austan við Kverkfjöll, og rennur Kverká undan sama jökli í hana þar efra. Hjá Hvannalindum rennur Kreppa í mörgum kvíslum. Norður af Herðubreið renna vestan við Jökulsá Lindá og Grafarlandaá. Þær myndast af uppsprettum undan hraunum og renna sín hvorum megin við Ferjufjall og Jökulsá. Að austanverðu rennur í hana Skarðsá af Möðrudalsfjöllum og Hólselskíll af Hólsfjöllum. Annars er ekki sýnilegt aðrennsli Jökulsár niður til ósa, en sjálfsagt rennur í hana mikið lindarvatn undir blágrýtis- og grágrýtishraunum þeim, sem að henni liggja.

Jökulsá rennur um jafnt hallandi hásléttu alla leið niður að Dettifossi. Þar er hæðin 970 fet yfir sjó. Áin steypist niður í 400 feta djúpt gljúfur, sem er um 3 mílur að lengd, og streymir hvítfyssandi á gljúfurbotninum með miklum hávaða og smáfossum, unz hún kemur fram úr hálendisröndinni hjá Ási í Keldu-hverfi, og þar er hæðin rúm 100 fet yfir sjó."

Í þessari náttúrulýsingu Þorvalds Thoroddsens kemur fram glögg mynd af hinu mikla fallvatni. Nú vil ég rifja það upp, að veturinn 1959—1960 var flutt hér á hinu háa Alþ. till. til þál. um fullnaðaráætlun um virkjun Jökulsár á Fjöllum og um athugun framleiðslumöguleika í sambandi við virkjunina. Að flutningi þessarar till. stóðum við í öndverðu, sem verið höfðum þm. þeirra héraða, sem eiga land að Jökulsá, og meðflm. okkar var þáv. hv. 4. þm. Norðurl. e., Garðar heitinn Halldórsson, sá mæti maður. Till. þessi var þá ekki flutt á vegum þess flokks, sem við teljumst til. En hún hljóðaði svo:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að hlutast til um, að gerð verði fullnaðaráætlun um virkjun Jökulsár á Fjöllum og í öðru lagi að láta athuga möguleika til þess að koma upp framleiðslu á útflutningsvörum í sambandi við virkjunina."

Þessari till. var þá vísað til n. Skilað var nál., og mælti minni hl. n. með samþykkt till., en nokkurt andóf kom fram frá meiri hl., sem vildi láta vísa málinu til stjórnarinnar, eins og títt er, en málið varð ekki útrætt á því þingi. Á næsta þingi, 1960—1961, gerðist svo það, að flutt var önnur till. til þál. um þessi efni. Flm. hennar voru 7 talsins úr Norðurl. e., kjörnir þm. og landsk. þm., sem þaðan voru upprunnir. Auk mín voru þessir flm.: Jónas G. Rafnar, Karl Kristjánsson, Garðar Halldórsson, Björn Jónsson, Magnús Jónsson og Bjartmar Guðmundsson. Þessi till. var samþ. á Alþ. sem ályktun Alþ. hinn 22. marz 1961, um að „undirbúa virkjun Jökulsár á Fjöllum til stóriðju" og hljóðaði svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþ. ályktar að skora á ríkisstj. að láta hraða gerð fullnaðaráætlunar um virkjun Jökulsár á Fjöllum og athugun á hagnýtingu orkunnar til framleiðslu á útflutningsvöru og úrræðum til fjáröflunar í því sambandi."

Þetta voru þær till., sem fram komu á Alþ. varðandi Dettifossvirkjun á árunum 1959—1961, og þannig var ályktun Alþ. um það mál hinn 22. marz 1961. En ég talaði áðan um hreyfingu í sambandi við þetta mál, sem ég leyfði mér að kalla Dettifosshreyfingu. Sú hreyfing var nokkuð víðtæk um Norður- og Austurland og kom fram í fundarhöldum um þessi mál og ályktunum, sem ýmiss konar fundir, er kvaddir voru saman af öðrum tilefnum, gerðu einnig um málið.

Hin fyrsta ályktun, sem ég hef í höndum frá þessum tíma um þessi mál, var gerð á fjórðungsþingi Norðlendinga, sem haldið var á Húsavík dagana 11.—12. júní 1960, og hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Fjórðungsþing Norðlendinga, haldið í Húsavík 11. og 12. júní 1960, leyfir sér að skora á yfirstjórn raforkumála ríkisins að láta svo fljótt sem verða má ljúka fullnaðaráætlun um virkjun Jökulsár á Fjöllum og jafnframt athuga möguleika á að koma upp stóriðju til framleiðslu á útflutningsvörum í sambandi við virkjunina. Telur fjórðungsþingið, að virkjun Jökulsár, ef fullnaðaráætlun leiðir í ljós, að hún sé hagfelld, svo sem líkur virðast benda til, eigi að ganga á undan virkjun sunnlenzkra vatna til stóriðju vegna nauðsynjar þeirrar, sem á því er að efla jafnvægi í byggð landsins."

Sýslunefnd Norður-Þingeyjarsýslu gerði 20. júlí 1960 svo ályktun, með leyfi forseta: „Sýslunefnd Norður-Þingeyjarsýslu ályktar að lýsa yfir því, að hún telur mjög mikilsvert, að lokið verði sem fyrst áætlun um virkjun Jökulsár í Axarfirði og athugun á möguleikum til iðnaðar í því sambandi. Jafnframt fer hún þess á leit við alla fulltrúa Norðurlands á Alþ. að vinna að því af alefli, að virkjun Jökulsár verði næsta stórvirkjunin, sem ráðizt verður í hér á landi."

Sýslunefnd Suður-Þingeyjarsýslu ályktaði á fundi sínum 25.—28. apríl 1961, með leyfi hæstv. forseta:

„Sýslufundur Suður-Þingeyjarsýslu, haldinn í Húsavík dagana 25.—28. apríl 1961, lætur í ljós ánægju sína yfir viðurkenningu Alþ. á nauðsyn skjótrar og fullkominnar áætlunar um virkjun Jökulsár á Fjöllum. Jafnframt lýsir fundurinn því yfir, að hann telur stórvirkjun Jökulsár og iðnaðarstöðvar í sambandi við hana þýðingarmesta umbótamál Norðausturlands og aðliggjandi héraða."

Þá kom að því, að sameiginlegur fundur sveitarstjórna Norður- og Suður-Þingeyinga, sem haldinn var í Húsavík 24. sept. 1961 um þetta mál, gerði um það ályktun. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Sameiginlegur fundur Norður- og Suður-Þingeyjarsýslna og bæjarstjórnar Húsavíkurkaupstaðar, boðaður af sýslumanni þessara héraða og bæjarstjóranum á Húsavík, haldinn í samkomuhúsi Húsavíkur sunnudaginn 24. sept. 1961, lýsir yfir því, að hann telur eitt allra þýðingarmesta viðfangsefni og skyldu þjóðfélagsins að leitast við að koma í veg fyrir ósamræmi milli landshluta í afkomuskilyrðum þegnanna. Lítur fundurinn svo á, að miklir áframhaldandi flutningar fólks til búsetu í þéttbýlinu, sem myndazt hefur við Faxaflóa eða í grennd, stofni til þjóðhagslegra erfiðleika í stórum stíl og hlutfallslega því meiri erfiðleika, sem sú þróun á sér lengur stað. Þetta telur fundurinn, að hafa beri í huga við allar nýjar, stórar þjóðfélagslegar atvinnulífsframkvæmdir nú eftirleiðis og yfirleitt um hvers konar stuðning hins opinbera við atvinnulífið í landinu. Komi þá ekki sízt til greina, að framkvæmdir séu gerðar í þeirri röð, sem heppilegust er til jafnvægis, að því er búsetuna snertir. Fundurinn bendir á, að atvinnulíf á Norður- og Norðausturlandi vantar mótvægiskraft gegn aðdráttarafli atvinnustöðvanna syðra. Hefur þess vegna hugmyndinni um virkjun Jökulsár á Fjöllum fyrst íslenzkra fallvatna til stóriðju verið fagnað hér um slóðir sem heppilegri jafnvægisframkvæmd, er nauðsyn líðandi stundar kallar eftir. Út af því sjónarmiði, sem til mun vera, að virkjun Þjórsár eigi að ganga á undan virkjun Jökulsár á Fjöllum vegna fólksfjölda, sem þegar er búsettur syðra, og þeirra mörgu, sem þangað flytjast árlega, jafnvel þótt Þjórsárvirkjun yrði fyrirsjáanlega óhagkvæmari til stóriðju, leggur fundurinn áherzlu á, að sú skoðun er byggð á öfugum forsendum. Fundurinn telur hiklaust, að þegar á allt er litið, muni þjóðhagslega réttara, að virkjun Jökulsár verði gerð á undan virkjun Þjórsár til stóriðju, jafnvel þó að orka Þjórsár reynist samkv. áætlun ekki dýrari en Jökulsár." — Þegar þessi ályktun er gerð, er það sennilega álit manna, að ekki komi til greina að virkja Þjórsá til almennra nota hér á Suðurlandi, heldur muni önnur fallvötn og minni verða valin til þess. — „Með skírskotun til þess, er að framan greinir, tekur fundurinn einhuga undir ályktun síðasta Alþ., sem skoraði á ríkisstj. að láta hraða gerð fullnaðaráætlunar um virkjun Jökulsár á Fjöllum og athugunum á hagnýtingu orkunnar til framleiðslu á útflutningsvörum og úrræðum til fjáröflunar í því sambandi. Fundurinn lýsir yfir þakklæti til Alþ. fyrir þá ályktun og treystir, að þeir þm., sem fluttu þá till., fylgi málinu fast eftir."

Hinn 19. febr. 1962 var fundur haldinn í Bændafélagi Fljótsdalshéraðs, og var sá fundur haldinn í Egilsstaðakauptúni. Þar er samþ. ályktun, svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta; og þar með eru Austfirðingar komnir til sögunnar:

„Fundurinn telur það afgerandi nauðsyn fyrir fólk í öllum byggðum Norður- og Austurlands, að Jökulsá á Fjöllum verði valin til næstu stórvirkjunar í landinu,

þegar til þess kemur. Telur fundurinn, að atvinna og stóriðnaður, sem fylgir slíkum framkvæmdum, mundi öðru fremur jafna aðstöðuna í byggðum landsins og flestu öðru fremur vinna á móti þeirri þróun, sem alþjóð hefur viðurkennt, að sé óheppileg, að meiri hluti þjóðarinnar safnist á eitt horn landsins, þar sem ein stórvirkjun á Suðurlandi mundi örva þá þróun.

Fyrir því skorar fundurinn á alla þm. kjördæmanna á Norður- og Austurlandi að vinna að því að skapa órjúfandi samstöðu fólksins um þessi svæði til að standa vörð um þetta réttlætis- og hagsmunamál. Í þessu sambandi vill fundurinn benda á sem heppilega leið til að ná samstöðu í málinu, að komið verði á fulltrúafundi sveitarfélaganna á þessu svæði til að samræma sjónarmiðin, og beinir því til þm., að þeir gangist fyrir því, að slíkur fundur verði haldinn."

Þetta gerðist á Egilsstöðum á Fljótsdalshéraði hinn 19. febr. 1962.

Þegar hér kom, fór að draga til nýrra tíðinda hér á hinu háa Alþ. af völdum þessarar hreyfingar, sem menn þá þóttust greinilega verða varir við. Það var boðað til fundar hér í alþingishúsinu hinn 17. apríl 1962 um virkjun Jökulsár á Fjöllum. Að þessum fundi stóð allur sá hluti þingheims, sem í þann tíð rakti þingsetu sína til atkv. í kjördæmunum þrem í þessum tveim landsfjórðungum. Fundinn hafa setið samkv. fundargerðinni, sem ég hef hér í höndum, þessir alþm.: Björn Jónsson, Eysteinn Jónsson, Friðjón Skarphéðinsson, Gísli Guðmundsson, Guðjón Jósefsson, Gunnar Jóhannsson, Halldór Ásgrímsson, Ingvar Gíslason, Jón Pálmason, Jónas G. Rafnar, Karl Kristjánsson, Magnús Jónsson, Ólafur Jóhannesson, Páll Þorsteinsson og Skúli Guðmundsson, en bókað er, að 5 þm. hafi verið fjarverandi vegna forfalla af 20, sem að þessum fundi stóðu. Þá var sú hreyfing, sem ég leyfi mér að kalla Dettifosshreyfingu, þó að það mætti kannske orða öðruvísi, komin á þetta stig.

Á þessum fundi var ákveðið á vegum þessara 20 þm. á Norður- og Austurlandi að boða til fundar allra þessara þm. og fulltrúa frá öllum bæjarstjórnum og sýslunefndum á Norður- og Austurlandi. Sá fundur var haldinn á Akureyri, fundur 16 bæjarstjórna og sýslunefnda í Norðlendinga- og Austfirðingafjórðungi, hinn 8. júlí 1962. Til þessa fundar bárust orðsendingar enn til viðbótar við þær, sem ég hef áður lesið. Ein frá sýslunefnd Skagafjarðarsýslu hafði verið samþ. á sýslufundi þar 4.—12. maí um vorið og hljóðaði svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Sýslunefnd Skagafjarðarsýslu telur háska búinn samfelldri byggð í landinu, ef fjárfrekar stofnframkvæmdir, sem ríkið stendur nú að, svo sem stórvirkjanir fallvatna til orkuvinnslu, eru staðsettar hlið við hlið í einum og sama landsfjórðungi, þar sem þéttbýlið er mest, enda bersýnilegt, að slíkar ráðstafanir muni enn auka stórum á það misræmi í byggð lands og notkun landsgæða, sem þegar er ærið orðið og kann að stefna til ófarnaðar, áður en varir. Fyrir því ályktar sýslunefndin að beina þeirri eindregnu áskorun til yfirstjórnar raforkumála, að hún taki þegar ákvörðun um, að virkjun Jökulsár á Fjöllum skuli ganga fyrir öðrum stórvirkjunum, jafnvel þótt nokkru meira þyrfti til að kosta, enda verði undirbúningur allur og áætlanir miðaðar við það."

Aðalfundur Sambands austfirzkra kvenna, haldinn á Seyðisfirði 1.—2. júlí eða rétt fyrir Akureyrarfundinn, sendi þessa ályktun, með leyfi hæstv. forseta:

„Í tilefni fundar um væntanlega stórvirkjun á Íslandi, sem haldinn verður á Akureyri 8. júlí n.k., vill aðalfundur Sambands austfirzkra kvenna lýsa yfir, að hann styður þá skoðun og er samþykkur þeim rökum, sem færð hafa verið fyrir því, að slíka virkjun beri frekar að staðsetja við Jökulsá á Fjöllum en við Þjórsá. Fundurinn álítur þetta svo mikilsvert atriði fyrir framtíð byggðanna á Norður- og Austurlandi, að hann telur sér skylt að vinna að því, að konur á Austurlandi ljái þessu máli lið eftir beztu getu."

Svo kom að því, að Akureyrarfundurinn, fundur hinna 20 þm. og 16 bæjarstjórna og sýslunefna, gerði sína ályktun, og rétt er, að hún fylgi hinum. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Fundur fulltrúa frá sýslunefndum og bæjarstjórnum á Norður- og Austurlandi, þar sem einnig eru mættir alþm. þessara landsfjórðunga, haldinn á Akureyri 8. júlí 1962, lýsir yfir því, að hann treystir því og leggur á það áherzlu, að framkvæmdur verði á þessu ári yfirlýstur vilji Alþ. samkv. þál. 22. marz 1961, þar sem skorað var á ríkisstj. að láta hraða gerð fullnaðaráætlunar um virkjun Jökulsár á Fjöllum og athugun á hagnýtingu orkunnar til framleiðslu á útflutningsvörum og úrræðum til fjáröflunar í því sambandi. Krefst fundurinn þess, að framkvæmd þingviljans, sem kemur fram í þáltill., verði látin sitja fyrir undirbúningsathöfnum annars staðar af sama tagi, enda verði ekki tekin ákvörðun um staðsetningu stórvirkjunar í landinu, fyrr en þessar áætlanir eru fullgerðar. Fundurinn leggur ríka áherzlu á eftirfarandi: Að það er þjóðarnauðsyn að beizla sem fyrst fallvötn landsins til eflingar útflutningsframleiðslu þjóðarinnar. Það er hagsmunamál allrar þjóðarinnar, að hugsanleg stóriðjuver leiði ekki til enn meira ósamræmis í atvinnu- og framleiðsluaðstöðu einstakra landshluta, heldur verði til þess að jafna aðstöðu þeirra. Jafnframt telur fundurinn nauðsynlegt, að fram fari ýtarleg, sérfræðileg athugun á því, hver áhrif slík stórvirkjun og stóriðja tengd henni mundi hafa á þróun þeirra atvinnugreina, sem fyrir eru í landinu. Að virkjun Jökulsár á Fjöllum og bygging iðjuvera til hagnýtingar þeirri orku er í senn hin mikilvægasta ráðstöfun til atvinnu- og framleiðsluaukningar í landinu og áhrifamikið úrræði til að stuðla að jafnvægi í byggð landsins. Að virkjun Jökulsár mundi jafnframt fullnægja raforkuþörf Norðurlands og Austurlands og verða ómetanleg lyftistöng fyrir ýmiss konar iðnað og framleiðslu, sem þarfnast raforku. Að bráðabirgðarannsóknir hafa ótvírætt bent til þess, að umrædd virkjun geti veitt raforku til stóriðju á samkeppnisfæru verði. Fundurinn skorar á Alþ. og ríkisstj. að taka til greina í þessu stórmáli rök þau, sem fram koma í ályktun þessari. Samhliða heitir fundurinn á fólk allt á Norður- og Austurlandi að mynda órjúfandi samstöðu í þessu máli og fylgja því fram til sigurs með fullri einurð og atorku".

Þetta var sú ályktun, sem fundur sýslunefnda og

bæjarstjórna og alþm. á Norður- og Austurlandi gerði á Akureyri hinn 8. júlí 1962. Vera má, að ég komi aftur að þessu fundarhaldi og því, sem gerðist á þessum fundi, í öðru sambandi, en ályktun fundarins hef ég látið fylgja öðrum röddum um þetta mál, sem fram komu á sínum tíma.

Enn líður nokkur tími, og mikið vatn rennur til sjávar, eins og tízka er að orða það um þessar mundir. Þá kom bæjarstjórn Akureyrar saman á fund, og þar var flutt till. um þessi mál, stórvirkjun og stóriðjumál. Flm. þessarar till., eins og hún kom fram í öndverðu í bæjarstjórninni, voru tveir bæjarfulltrúar, kunnir menn þar um slóðir og víðar, Árni Jónsson og Bragi Sigurjónsson. Þessari till. þeirra vísaði bæjarstjórnin á Akureyri til bæjarráðsins, og var gerð nokkur breyting á till. þeirra, að ég ætla, en þegar hún kom þaðan aftur, var hún tekin fyrir á fundi bæjarstjórnar 10. nóv. 1964 og samþ. svo hljóðandi með, að mig minnir, 10 atkv. af 11 í bæjarstjórninni:

„Bæjarstjórn Akureyrar lætur í ljós eindreginn áhuga sinn á því, að næsta stórvirkjun fallvatns hér á landi verði staðsett á Norðurlandi, og bendir í því sambandi á áætlanir þær, sem nú nýlega eru fram komnar um virkjun Laxár."— Það hafði sem sé gerzt á þessum tíma, sem liðinn var, að allýtarlegar viðbótaráætlanir höfðu verið gerðar um virkjun Laxár, svo að hún var einnig komin í þessa mynd um virkjun norðan fjalla. — „Einnig verði stóriðja, sem stofnað verður til í sambandi við orku frá vatnsvirkjun, staðsett við Eyjafjörð. Telur bæjarstjórnin, að með slíkri staðsetningu stórvirkjunar og stóriðju væri unnið að nauðsynlegu jafnvægi í byggð landsins."

Þetta var samþykkt bæjarstjórnar Akureyrar um þessi mál hinn 10. nóv. 1964.

Nú mun ég ekki lesa fleiri af þessum till., ekki láta hér heyrast fleiri raddir frá þeirri hreyfingu, sem hér var um að ræða. En ég var síðast staddur við árið 1964, í nóvember, þegar bæjarstjórn Akureyrar gerði ályktun sína. Nú vil ég enn hverfa nokkuð aftur í tímann, til þess tíma, er ég nefndi áðan, þegar fundur alþm., sýslunefnda og bæjarstjórna var haldinn á Akureyri hinn 8. júlí 1962. Þessi fundur var, eins og ég gat um áðan, til þess boðaður að ræða um virkjun Jökulsár á Fjöllum. Sérstök undirbúningsnefnd vann að því að undirbúa fundinn, og meðhennarvitund og í samráði við hana mættu á fundinum formaður stóriðjunefndar, sem ýmsir fréttu þá nú af í fyrsta sinn, þótt hún hefði reyndar verið skipuð árið áður, að ég ætla, og raforkumálastjóri. Þessir mætu menn fluttu mjög fróðleg erindi í upphafi þessa fundar, en efni þessara erinda kom þorra fundarmanna raunar nokkuð á óvart. Þess hafði verið vænzt, að raforkumálastjóri mundi útlista fyrir mönnum rannsóknir þær, er framkvæmdar höfðu verið samkv. þál. um virkjun Jökulsár á Fjöllum, og að stóriðjunefndarformaðurinn mundi gera mönnum grein fyrir þeim möguleikum, sennilega þó lauslega á þessu stigi, sem hugsanlegir kynnu að vera, a. m. k. fræðilega, til hagnýtingar á orkunni frá Jökulsá í sambandi við iðjuver. En þegar til kom, var efni þessara erinda raunar nokkuð annað. Það var ekki svo ákaflega mikið talað um Jökulsá út af fyrir sig, heldur var þar rætt allt annað og víðtækara mál. Það voru fluttar grg. og lesnar upp margar tölur um samanburð, sem hefði verið gerður af sérfræðingum á því, hvort hagkvæmara væri að virkja Þjórsá eða Jökulsá. Um þetta var raunar ekki verið að spyrja af þeim yfirleitt, sem þennan fund sóttu, þó að auðvitað væri mjög fróðlegt að fá þessar upplýsingar. En af ræðum og upplýsingum þessara fróðu manna kom fram í fyrsta sinn sú — ja, nú er vandi að velja orðin, — sú aðferð, sem höfð hefur verið í þessum málum, að draga úr áhuga manna á virkjun á Norðurlandi með því að sýna fram á það með tölum, að einhver önnur virkjun einhvers staðar annars staðar á landinu væri ódýrari. Þessi erindi raforkumálastjórans og stóriðjunefndarformannsins voru flutt á fræðilegum grundvelli, og skal ég ekki setja út á þær tölur og upplýsingar, sem þar lágu fyrir. En á grundvelli þessara erinda og á grundvelli þessara talna hefur alla tíð, síðan þessi erindi voru flutt, verið rekinn af máttarvöldum í þessu máli áróður gegn Dettifossvirkjun eða norðlenzkri virkjun með samanburðarkenningunni, með því að halda því að mönnum, að hvað sem þessum fyrirætlunum um Dettifossvirkjun líði, komi hún ekki til greina, því að önnur virkjun sé ódýrari. Þannig hefur mikill áróður verið rekinn. Ég kem að því nánar síðar.

En var það þá svo, að við, sem stóðum að flutningi till. á Alþ. 1959—1961, og þeir, sem komu saman til funda víða norðanlands og austan á þessum árum til þess að gera ályktanir um virkjun Dettifoss, — var það þá svo, að við og þeir hefðum ástæðu til þess að álíta Dettifossvirkjun hagkvæma, aðra en þá, að Einar Benediktsson hafði ort um hana á sínum tíma frægt kvæði og að hann var talinn mesti foss Evrópu? Höfðum við þá ekki aðrar ástæður? Þær ætla ég, að við höfum haft.

Ég vil byrja á að segja frá því hér, að árið 1957, áður en menn fóru að togast á um þessi mál, deila um þessi mál, reikna það út, hvort eitt virkjunarfallvatnið væri ódýrara en annað, hafði verið gerð lausleg verkfræðileg athugun um virkjun nokkurra fallvatna hér á landi, af verkfræðingi, sem kunnur er fyrir þekkingu sína og störf, íslenzkum verkfræðingi á vegum raforkumálastjórnarinnar. Þessi áætlun, sem að sjálfsögðu var mjög lausleg og ekki lá mikil vinna á bak við, hafði þann kost, að hún var gerð fyrir þann tíma, er deilur hófust um þessi mál, sem e.t.v. mátti gera ráð fyrir, að hefðu einhver áhrif á það hugarfar, sem til staðar er, þegar að slíkum málum er unnið, á andrúmsloftið, ef svo mætti segja. Þessi athugun fjallaði um, að ég ætla, þrjár virkjanir í Þjórsá og þrjár virkjanir á Norðurlandi, á ákveðnum stöðum. Ein virkjunin var samkv. þessari að vísu svo mjög lauslegu athugun langódýrust á kw. Það var virkjun Dettifoss. Þetta var okkur nokkuð kunnugt um, þegar við fluttum till. okkar hér á Alþ. a.m.k.

Árið 1960, eftir að flutt hafði verið fyrri till. um virkjun Dettifoss og hún hafði verið send fjvn. til meðferðar, sendi n. hana, eins og lög gera ráð fyrir, til umsagnar raforkumálastjóra. Umsögn raforkumálastjóra er dags. 6. maí 1960. Um Jökulsá segir þar m.a., að þar hafi nokkur undanfarin ár verið unnið að rannsókn og áætlanagerðum um virkjun Dettifoss og

Vígabergsfoss, og svo segir orðrétt, með leyfi hæstv. forseta: „1. áfanga þessarar áætlanagerðar er lokið og talið, að hann hafi leitt í ljós, að úr Jökulsá megi vinna raforku á svipuðu kostnaðarverði og stóriðjuver svo sem alúmíníumverksmiðjur greiða fyrir orkuna víða erlendis.“ Þetta var umsögn raforkumálastjóra í skjali, sem hér er í vörzlu þingsins, á árinu 1960, þegar rannsóknir voru að vísu ekki orðnar eins miklar og nú, en þegar ágreiningur manna um þessi mál í sambandi við stóriðju var heldur ekki til staðar á sama hátt og síðar. En þær rannsóknir, sem raforkumálastjóri talar um og ég gat um áðan í sambandi við Dettifoss, voru athuganir, sem fram fóru á virkjunarskilyrðum Jökulsár snemma á 6. áratug þessarar aldar, þ.e.a.s. nokkru eftir 1950, og voru því í rauninni á undan þeim rannsóknum, sem gerðar voru við Þjórsá.

Hefur það þá komið fram síðar, að Dettifoss sé óhagkvæmur til stóriðju? Hefur það komið fram, að við, sem vorum talsmenn þessa máls innan þings og utan, höfum síðar haft ástæðu til þess að endurskoða afstöðu okkar til þessara mála eða réttara sagt, að telja, að leitt hafi verið í ljós, að það sé ekki rétt, sem raforkumálastjóri taldi líklegt hinn 6. maí 1960, að úr Jökulsá megi vinna raforku á svipuðu kostnaðarverði og stóriðjuver svo sem alúmíníumverksmiðjur greiða fyrir orkuna víða erlendis? Hefur komið fram síðar, að þetta sé ekki rétt? Vel gæti það verið.

Ég segi og veit og segi það eitt, sem ég hygg, að rétt sé, að þetta hafi ekki komið fram. Ég tel ekki, að þetta hafi komið fram, þó að e.t.v. sé hægt að sýna fram á það með tölfræðilegum líkum, að eitthvert annað vatnsfall kunni að vera eitthvað ódýrara í virkjun. Um það hefur aldrei verið nauðsynlegt að spyrja í þessu sambandi, heldur hitt, hvort hið norðlenzka fallvatn væri hentugt til virkjunar. Það hefur lengi verið eitt og annað hugsanlegt, sem kynni að vera ódýrara. Það er ekki það, sem máli skiptir í þessu sambandi.

Nú vil ég þá í þessu sambandi nefna það, að í skýrslu stóriðjunefndar, sem birt er á prenti í þeirri skýrslu, sem hæstv. iðnmrh. gaf Alþ. á s.l. vori, er fjallað um þessi mál. Ég ætla að koma að því nánar síðar í öðru sambandi, en aðeins benda á það, að þarna í skýrslu stóriðjunefndarinnar eru reiknuð dæmi, þar sem útkoman er sú, að Dettifossvirkjun sé nokkru dýrari en Þjórsárvirkjun, — ég ætla, að það séu nefnd einhvers staðar 20%, — en jafnframt látið í ljós, að þau ráði ekki úrslitum um það eða þurfi ekki að ráða neinum úrslitum um það, hvar iðjuverið verði reist, — ég kem að því nánar síðar í öðru sambandi. En ég tel rétt og skylt að skýra frá því hér, af því að mér er ekki kunnugt um, að það hafi áður verið gert, að í skýrslu hins ameríska verkfræðifirma, sem raforkumálastjórnin hér hafði til ráðuneytis um þessi stórvirkjunarmál og venjulega er nefnt Harza, er mjög athyglisverð yfirlýsing um þessi mál. Ég hef hér fyrir framan mig — nokkuð stytta að vísu, en samt ekki neitt það stytt, sem hér verður sagt frá, — skýrslu um rannsóknir á virkjun Dettifoss, sem þessi erlendi ráðunautur hefur gert, dags. 1. febr. 1963. Hér hef ég það fyrir framan mig, sem nefnt er niðurstaða skýrslunnar, þar sem ekki eru tilgreindar tölur, — þær hafa verið *tilgreindar áður*, — *heldur efnisleg niðurstaða*. Þetta er nú hér á enskri tungu, en í íslenzkri þýðingu, sem mun vera nokkuð nærri lagi, er niðurstaðan sú endursögð í óbeinni ræðu, að hinir erlendu ráðunautar draga þá ályktun af rannsóknum sínum, að Dettifossvirkjun sé tæknilega framkvæmanleg og geti orðið eftirsóknarverð (attractive) frá fjárhagslegu sjónarmiði. Það er sagt, að þessi niðurstaða eigi við, hvort sem um sé að ræða virkjun með þrem eða fjórum vélasamstæðum, (þá er átt við 100 megawött eða 133 megawött) og sé þá gert ráð fyrir, að orkan gangi fyrst og fremst til fyrirhugaðrar stóriðju, og er kunnugt um það þá, við hvað er átt. Síðan segir, að hvorug rafstöðin, þriggja eða fjögurra samstæðna, noti vatnsaflið að fullu og auðvelt sé að auka stöðvaraflið upp úr 133 megawöttum, sem stærri áætlunin fjallar um. Síðan segir, að eftir að hafa kynnt sér vatnsvirkjunarmöguleika á Íslandi, álíti ráðunautarnir, að ein eða fleiri virkjanir kunni að vera eitthvað hagstæðari fjárhagslega en Dettifoss — þarna er notað orðið somewhat, — eitthvað hagstæðari fjárhagslega en Dettifossvirkjun, en á grundvelli þeirra upplýsinga, sem fyrir liggi, virðist Dettifossvirkjun vera eðlilegasta stórvirkjunarframkvæmd á Norðurlandi miðað við sölu á raforku til stóriðju á sanngjörnu verði — at reasonable rates.

Þetta er það, sem máli skiptir í sambandi við Dettifossmálið,og það er tími til kominn, að það komi fram og má þó fleiru við bæta. En ég kem að því síðar.

Við, sem stóðum að Dettifosstill. hér á Alþ. á sínum tíma, og þeir, er stóðu að fundarályktununum á Norður- og Austurl., voru ekki að spyrja um það, hvort hugsanleg kynni að vera einhver virkjun hér á Íslandi, sem gæti orðið ódýrari en Dettifossvirkjun. Við vorum að spyrja um það, hvort Dettifossvirkjun væri svo hagkvæm, að í hana ætti að ráðast, hvernig ætti að virkja og til hvers ætti að nota orkuna. Ég álít og kem þá beint að því máli, sem hér liggur fyrir, að af hálfu hæstv. ríkisstj. og stóriðjunefndar hafi frá öndverðu verið hér skakkt að farið, a.m.k. frá sjónarmiði þeirra, sem vildu nota orku fallvatnanna til að leysa að einhverju leyti hið mikla framtíðarvandamál okkar Íslendinga, byggða- og landshlutajafnvægismálið. Hér var snemma tekin upp af þessum aðilum sú stefna, — hvort sem hún var rétt eða röng, — að leitast við að fá erlend fyrirtæki til að ráðast í stóriðju hér, og var þá fyrst og fremst hugsað um alúmíníumverksmiðju, enda fordæmin frá nágrannaþjóðum, sérstaklega Norðmönnum, í því efni kunn. Hvað átti nú að gera? Hvað áttu nú íslenzk stjórnvöld eða Íslendingar að gera, ef slíkt var í ráði og ef þeir höfðu jafnframt áhuga á því að nota vatnsafl sitt í þeim tilgangi, sem ég hef rætt um? Gera sér grein fyrir því, hvort slíkt vatnsafl væri til, og að því stefndi vitanlega rannsóknin á Dettifossi. Síðan, er svo reyndist, að ákveða, hvaða virkjun yrði framkvæmd af hálfu Íslendinga í þessu skyni með iðjuver fyrir augum og í hvaða landshluta iðjuverið yrði reist. Þetta var sú eina aðferð, sem vit var í, ef þannig átti að standa að málum. Þá kæmi það í ljós, hvort skilyrðin væru þannig hér á þeim

grundvelli, sem við vildum framkvæma, að útlent fyrirtæki hefði áhuga á því að sinna þeim. Ef það var ekki, þá það. En það er engin aðferð til að koma slíku í kring að hafa sjálfa viðsemjendurna með í ráðum og spyrja þá: Hvar viljið þið helzt vera? Auðvitað segir hvaða alúmíníumfyrirtæki sem er: Við viljum helzt vera í grennd við stórborg, stærstu borgina, stærsta þéttbýlisstaðinn, til þess að hafa aðgang að vinnuafli og til þess að þurfa síður að byggja yfir fólkið, sem vinnur í verksmiðjunum. Þannig var farið að hér, en þannig var ekki farið að í Noregi. Í Noregi hefur frá öndverðu verið litið á stofnun þessara iðjuvera, eins og iðjuveranna í Mo í Rana og alúmíníumverksmiðjanna nú síðast á Húsnesi, sem aðferð — möguleika, sem sjálfsagt sé að nota til þess að vinna að skipulagningu byggðarinnar, til þess að vinna að því, sem við köllum jafnvægi í byggð landsins. Iðnmrh. Noregs, sem þá var Kjell Holler, að ég ætla, — nokkuð umdeildur maður síðar, — sagði í umr. um Húsnesmálið, með leyfi hæstv. forseta:

„Bygging alúmíníumverksmiðjunnar er raunverulegur þáttur í viðleitni stjórnarvaldanna til að stuðla að því, að vandamál afskekktra byggðarlaga verði leyst."

Þetta var, þegar hann lagði fyrir þingið till. um raforkusölusamninginn við Sör-Norge Aluminium. Í skýrslu um orkufrekan iðnað í Noregi, sem ríkisstj. norska lagði fyrir Stórþingið veturinn 1962—1963, segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Eins og nú hagar til í atvinnulífi landsins (þ.e.a.s. Noregs), verður að miða efnahagspólitíkina að mjög verulegu leyti við skipulagða uppbyggingu. Þetta er nauðsynlegt til þess að tryggja efnahagslegar framfarir í þeim landshlutum, sem nú standa höllum fæti efnahagslega."

Á öðrum stað í þessari skýrslu segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Við staðsetningu nýrra iðnaðarfyrirtækja verður að taka eðlilegt tillit til þeirra hugmynda, sem uppi eru um framtíðarskipulag landsbyggðarinnar. — Hvordan man tænker sig, at den fremtidige bosetningsstruktur skal være i landet." — Og á enn öðrum stað í þessari sömu skýrslu er svo sérstaklega að því vikið, að nýjar alúmíníumverksmiðjur og önnur stóriðjuver muni verða staðsett í fámennum og efnahagslega veikum héruðum.

Þetta hefur verið stefna Norðmanna í sambandi við þessi mál, og það er langt síðan þeir tóku þessa stefnu, það er langt síðan þeir tóku þá stefnu að vinna skipulega að því að auka jafnvægið milli landshlutanna. Norður-Noregs-áætlun þeirra er gerð skömmu eftir 1950, er orðin um 15 ára gömul, og í staðinn fyrir þau lög eru nú komin önnur lög, sem ná ekki aðeins til Norður-Noregs, heldur eru á breiðara grundvelli. Þannig fóru Norðmenn að og þó að í þeirra landi hafi ýmislegt verið fundið að því, hvernig Húsnesmálin voru rekin, var ekki hægt að segja, að norska stjórnin notaði sér ekki aðstöðu sína til þess að reyna að leysa sín byggðajafnvægismál. Þegar til greina kom að reisa verksmiðjuna í þessum landshluta, voru athugaðir sérstaklega þrír staðir, og Swiss Aluminium, sem þarna átti einnig hlut að máli ásamt frönsku fyrirtæki, sem að nokkru leyti fjármagnaði verksmiðjuna og virkjunina til hennar, þau reiknuðu ekki það út, að það væri ódýrast að byggja í Húsnesi. Nei! Það var miklu ódýrara að byggja annars staðar. En norska stjórnin setti þau skilyrði, að þarna yrði byggt, 100 km frá Bergen og 100 km frá Stavangri, en ekki í nágrenni við þessar borgir. Þau skilyrði settu þeir eða eins og það er orðað — eða því sem næst — í skýrslu um þessi mál í norskum þingtíðindum, að í viðræðum við norsk stjórnvöld féllust hinir erlendu aðilar á að taka tillit til norskra sjónarmiða við staðsetningu verksmiðjunnar. — Hérna er verið að tala um það, að verksmiðja í Straumsvík verði kannske 50 millj. kr. ódýrari heldur en verksmiðja norður á Gáseyri. Ég hygg, að það hafi munað meiru í Noregi.

Nú skal ég snúa mér að öðru efni, sem veit að því frv., sem hér liggur fyrir, sem sé því máli, hvernig að því var farið að komast að þeirri niðurstöðu að byggja ekki alúmíníumverksmiðju á Norðurlandi, heldur hér í nágrenni við Reykjavík, hvernig það bar að og þá kem ég aftur að því merkilega plaggi, sem ég nefndi hér áðan, sem er skýrsla stóriðjunefndar til ríkisstj., dags. 14. nóv. 1964, sem prentuð er í skýrslu iðnmrh. til Alþ. á s.l. vori. Þar er á bls. 16 fjallað um hugsanlega alúmíníumverksmiðju við Eyjafjörð, sem noti orku frá Dettifossi. Þar er gerð grein fyrir því, að gerður hafi verið samanburður á þessum virkjunum, sem birtur sé á fskj. 1 á tilteknum stað, og þar hafi komið í ljós, að orkan frá Dettifossvirkjun afhent við Eyjafjörð yrði dýrari en orkan frá Búrfellsvirkjun afhent við Faxaflóa. Síðan segir í þessari skýrslu stóriðjunefndar orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Þetta þurfti út af fyrir sig ekki að þýða, að Dettifossvirkjun hentaði ekki fyrir alúmíníumvinnslu, þó að Þjórsárvirkjun kynni að verða eitthvað ódýrari. Hitt var verra, að eina fyrirtækið, Swiss Aluminium, sem ræddi alúmíníumverksmiðju hér af fullri alvöru, taldi sig ekki vilja ráðast í stærri verksmiðju en sem svaraði tæpum 60 megawöttum, þ.e.a.s. 30 þús. tonnum, og vildi ekki skuldbinda sig til að stækka hana innan ákveðins tíma." — Swiss Aluminium vildi ekki skuldbinda sig til að stækka verksmiðjuna úr 30 þús. tonnum, a.m.k. ekki innan tiltekins tíma. Síðan segir svo: „Raforkuverðinu frá Dettifossvirkjun, sem til umr. getur komið í þessu sambandi, verður hins vegar ekki náð, nema að virkjunin sé að minnsta kosti 100 megawött, og vegna smæðar hins almenna raforkumarkaðar fyrir norðan var hér um að ræða meira vandamál en talið var leysanlegt." Hér endar tilvitnunin. Sem sé, það, að raforkan frá Dettifossi væri eitthvað lítils háttar dýrari en frá Þjórsá, segir stóriðjunefnd sjálf, þurfti ekki að þýða það, að ekki væri hægt að staðsetja alúmíníumverksmiðjuna við Eyjafjörð og nota orku frá Dettifossi. En „hitt var verra," og það var aðalatriðið, verksmiðjan mátti undir engum kringumstæðum vera stærri en 30 þús. tonn. Hún þurfti ekki nema 60 megawött. Þá voru afgangs 40—70 megawött frá Dettifossi eða rúm 70 megawött, ef framkvæmd var 133 megawatta virkjun. Það var enginn markaður fyrir þá orku norðanlands og austan, að dómi stóriðjunefndar, og má til sanns vegar færa, að það var ekki sjáanlegt á stundinni, að hann

væri til staðar. Kannske væri hægt að finna þann markað, ef vel væri leitað. Nú, með þessari upplýsingu og þessari rökfærslu var norðlenzka virkjunin dæmd úr leik, 14. nóv. 1964. Ekki vegna mismunarins á orkuverðinu, heldur vegna þess, að verksmiðjan væri ekki nema 30 þús. tonn og að orkan úr Dettifossi væri svo mikil, — afgangsorkan frá verksmiðjunni svo mikil, að ekki væri hægt að koma henni út í þeim landshlutum.

Nú gerist nýr þáttur þessa máls, mjög svo fróðlegur þáttur. Mér þykir freistandi að rekja þann þátt frá öndverðu og hvenær þess fyrst varð vart, að sú hugmynd væri að fæðast, sem þessi þáttur fjallar um. Ég mun þó ekki gera það hér af ýmsum ástæðum. En það er skemmst frá því að segja, að upp kemur áhugi fyrir því, að þó að stjórnarvöldin neyðist til þess að virkja við Búrfell, af því að verksmiðjan sé ekki stærri en þetta, þá verði þau samt að gera eitthvað fyrir þessa hreyfingu, þessa norðlenzku og austfirzku hreyfingu, sem ég hef verið að gefa þm. tækifæri til að kynnast hér í kvöld, þó að raddirnar þaðan séu þriggja, fjögurra ára. — Raddir fortíðarinnar eru líka fróðlegar, ekki síður en okkar raddir. — Það varð sem sé þrátt fyrir allt að gera eitthvað fyrir þá, sem þessar raddir komu frá, þá er farið að ræða um að virkja við Búrfell, af því að hér syðra sé markaðurinn nægur fyrir orkuna. Þá er farið að tengja saman lausnina á raforkuskortinum hér fyrir sunnan og þetta stóriðjumál. En jafnframt eru ýmsir málsmetandi menn farnir að skrifa í blöðin og láta hafa eftir sér um það eitt og annað í blöðum og útvarpi, að það verði að vísu að virkja við Búrfell, en því miður ekki hægt að láta það eftir Norðlendingum og Austfirðingum að virkja Dettifoss, en til sé ný leið í þessu máli. Hún sé sú, að leggja háspennulínu, um 200 km langa að vísu, frá Búrfelli norður á milli jökla og um háfjöllin niður í botn Eyjafjarðar og svo út á Gáseyri og byggja alúmíníumverksmiðjuna á Gáseyri eigi að síður, þó að virkjað sé við Búrfell. Tæknileg framför! Þetta hefði alls ekki verið mögulegt fyrir 5—10 árum, óhugsandi þá, sögðu menn, en nú var þetta sennilega hægt. Að þessu er vikið í skýrslu stóriðjunefndar á bls. 17. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta: „Ekki þarf þó þar með að slá því föstu, að verksmiðjan yrði að vera staðsett á Suðurlandi, og hefur n. látið rannsaka mjög rækilega, hver kostnaðurinn yrði af því að leggja háspennulínu með mikilli flutningsgetu til Eyjafjarðar og staðsetja verksmiðjuna þar. Því miður er niðurstaðan ekki hagstæð.“ Ekki var hún þó á þessum tíma talin þannig, að þetta mál væri lagt á hilluna. Ég hef ástæðu til þess að gera aths. við það orðalag, sem þarna kemur fram og ég reyndar las með athygli á sínum tíma, þar sem segir, að nefndin hafi látið rannsaka „mjög rækilega“, hver kostnaður yrði við þessa línu. Þegar ég tók sæti í svokallaðri þmn., spurðist ég fyrir um það hjá mönnum, sem það áttu að vita, hversu rækileg kostnaðaráætlunin mundi vera, spurðist sérstaklega fyrir um það, hvort gengið hefði verið á línustæðið og það athugað. Mér var þá tjáð, að þetta mundi hafa verið gert á korti, en þarna hefði nú kannske verið ofmælt og yrði að rannsaka línustæðið mjög rækilega. Svo var reiknað og reiknað af ýmsum aðilum. Það er búið að reikna gífurlega mikið á þessum árum og kemur sér sjálfsagt vel, að nú er farið að reikna í vélum hér á landi og með rafmagni. Það var reiknað og reiknað það sem eftir var af árinu 1964, þegar skýrsla stóriðjunefndar var gerð, og fram á árið 1965. Og svo kom niðurstaðan: Að þessi leið væri of dýr. — Hún var of dýr og kom raunar ekki mjög á óvart. Hins vegar held ég, að ekki hafi farið fram neinar viðbótarrannsóknir á línustæðinu, heldur hafi þetta verið nánar rannsakað á kortinu. Mér fannst nú alltaf, að þessi leið væri athyglisverð, en ýmsum þar nyrðra fannst fátt um. Þeim þótti Dettifosshugmyndirnar fá kaldar viðtökur og kölluðu þessa fyrirhuguðu línu „náðarspena“ að sunnan, sem lýsir nokkuð hugarfari vonsvikinna manna, sem högðu treyst því, að þeirra hagsmuna yrði gætt.

Þá var ekki eftir nema einn kostur. Verksmiðjan varð að vera sunnan fjalla. Einhverjir höfðu einhvern tíma stungið upp á því, að hún yrði í Þorlákshöfn. Það varð nú ekki, og henni var ákveðinn staður í Straumsvík, hér á höfuðborgarsvæðinu, þar sem 100 þús. búa af þessum 190 þús., sem í landinu lifa. Þetta var búið og gert, þegar hæstv. iðnmrh. gaf sína skýrslu. Svo gerðust allt í einu mjög undarleg tíðindi. Allt í einu kom frétt um það, að Swiss Aluminium hefði sett það skilyrði fyrir samningum, að verksmiðjan yrði 60 þús. tonn. Já, svona getur margt breytzt á skömmum tíma. Hin rökrétta ályktun af þessari breytingu hefði kannske átt að vera sú, að hæstv. iðnmrh. hefði tekið upp nýja samninga við Swiss Aluminium um verksmiðju fyrir norðan, því að stærðin var þá orðin mátuleg fyrir Norðurlandsvirkjun. Í stað þess höfum við nú hér fyrir framan okkur þetta frv. Ég vil geta þess, af því að hv. þm. er kunnugt um það, að ég starfaði um tíma í svonefndri þmn. um þessi mál, sem tilnefnd var af þingflokkum skv. ósk. hæstv. iðnmrh., án þess að vera skipuð til þess. Hún starfaði sem viðræðunefnd, eins og það hefur verið skýrt. Vegna þess að ég starfaði nokkra mánuði í þessari nefnd, vil ég geta um það hér, að á þeim tíma lét ég koma fram í nefndinni mín sjónarmið á því, hvernig vinna ætti að þessum málum, sem, eins og á stóð, máttu kannske frekar teljast sjónarmið um það, hvernig í öndverðu hefði átt að taka upp þessi mál.

Ég endurtek það, sem ég hef áður sagt, að í mínum augum hefur öll þessi reikningskúnst undanfarinna ára til þess að sýna samanburð á kostnaðinum við að virkja Þjórsá við Búrfell og Dettifoss verið að ófyrirsynju, en þessir reikningar hafa verið notaðir af stjórnmálamönnum sem áróður gegn norðlenzkri virkjun. En það, sem máli skipti, var það, í sambandi við okkar mál fyrir norðan, hvort það var hagkvæmt að virkja Dettifoss og hvaða möguleikar voru í sambandi við hann. Ég geri ráð fyrir því, að hér syðra, eins og ég vék að áðan, hafi menn út af fyrir sig nóg með orkuna úr Þjórsá að gera, og ég er ekki einn um þá skoðun. Ég hef heyrt hana hjá ýmsum hér í þessum umr. Ég tel þess vegna ekki ómaksins vert, enda ekki stund né staður til þess nú að vera að rökræða þennan tölulega samanburð frá undanförnum árum, en hann er ekki aðeins að ófyrirsynju gerður, heldur hefur hann mjög takmarkað gildi. Ef síðar hér í umr. verður

vikið að þessum samanburðartölum, vil ég leyfa mér að benda á það í því sambandi, að við Búrfell hefur, — og ég er ekki að setja neitt út á það, — allt fram á þennan dag verið unnið að því af kappi og fjármunum til þess varið að leita hinna ódýrustu virkjunarleiða. Dettifossáætlunin er gerð árið 1962 og dags., eins og ég sagði áðan, í byrjun ársins 1963. Síðan hafa þau viðfangsefni, sem þar eru til staðar, ekki verið skoðuð, svo að mér sé kunnugt, og engar nýjar áætlanir gerðar. Ég hef á sínum tíma blaðað dálítið í gegnum þau plögg, sem fyrir liggja um þá rannsókn og þá áætlunargerð, og hef þau nú í huga, þó að þau hafi ekki verið skoðuð sem skyldi. Ég endurtek það, sem ég sagði áðan og hef áður að vikið, og bið menn að minnast þess, sem áhuga hafa á þessari hlið málsins, hvernig áætluninni um Þjórsárvirkjun við Búrfell var beitt til að kveða niður áform manna og óskir í sambandi við norðlenzka virkjun til stuðnings jákvæðri stefnu í efnahagsmálum landshlutanna. Ég hef enga löngun til þess að gera lítið úr hinum miklu virkjunarmöguleikum í Þjórsá, enda væri það undarlegt að gera slíkt, og sannarlega óska ég þess, að þær virkjunarframkvæmdir megi blessast, sem þar eru á prjónunum. En það ætla ég, að muni koma í ljós, þó að síðar verði, að ekki hafa menn haft ráð á að gera samanburðinn svo nákvæman sem hann var gerður á sínum tíma, til að hnekkja áhugamáli Norðlendinga og Austfirðinga. Þó að ég viti það vel, að staða mín sé tæp sem leikmanns á þessu sviði og viðurkenni það að sjálfsögðu, þá hef ég leyft mér að hafa þá skoðun, að þar hafi verið reiknað og rannsakað meira af kappi en forsjá, en miklu skiptir í slíkum tilfellum, hvað tekið er til rannsóknar og hvaða reikningsdæmi til úrlausnar, þó að bæði rannsóknarefni og reikningsdæmi séu gerð rétt skil og samvizkusamlega, sem ég efast ekki um, að gert hafi verið. En ég kem að þessu aftur, hvers vegna ég tel samanburðinn á milli Búrfells og Dettifoss svo lítils virði. Það er af því, og ég vék að því áðan, að ég hefði blaðað nokkuð í gegnum gögn í þessu máli, að ég þykist geta fullyrt það, þó að ég hafi ekki sérþekkingu, að við Dettifoss hefði verið hægt að finna ódýrari virkjunarleið en þá, sem valin var, og það er ekkert undarlegt. Allar áætlanirnar við Dettifoss og rannsóknir í sambandi við þær eru gerðar skv. lauslegu plani, sem gert var af útlendum manni einhvern tíma fyrir 1960 og unnið í samræmi við það, að ég ætla, í aðalatriðum. Hér voru ekki kannaðir til hlítar allir möguleikar og það er ekkert óeðlilegt, t. d. er fallhæð Jökulsár á þessum stað ekki fullnýtt í Dettifossáætluninni af vissum ástæðum, sem ekki er tími til að skýra hér. Hv. þm. fara nærri um það, hvað slíkt getur þýtt. Það er tvennt, sem máli skiptir við virkjun vatnsfalls til að fá sem mest út úr aflinu, magn vatnsins og fallhæðin. Ég tel, að það hefði átt að halda áfram þessari rannsókn 1963 og síðar, og ég lét það koma fram á sínum tíma í þingmannanefndinni. Ég nefni þetta ekki vegna þess, að ég álíti, að þessi samanburður milli fallvatnanna skipti máli, heldur í sambandi við sjálft málið, sem ég hef varið nokkrum tíma til að ræða hér í kvöld, möguleikana á virkjun Dettifoss. En þess vegna hef ég rætt þennan þátt, að mér þykir hann eiga að koma inn í heildarmyndina, sem dregin er upp af því máli, sem fyrir liggur, áður en það fer í n. og afstaða verður tekin til þess hér á Alþ.

Mér þykir þarflaust að greina frá því hér í heild, hvað mér finnst athugavert við samninga við fyrirtækið Swiss Aluminium Ltd., sem undirritaðir hafa verið, eða að hve miklu leyti ég get tekið undir þá gagnrýni, sem fram hefur komið. En þó ekki hefði annað verið, þá nægir það mér til andstöðu við þetta frv., að með því, ef samþykkt yrði, væri verið að stórauka þann vanda í byggðajafnvægismálinu, sem fyrir var meiri en nógur. Jafnvel frá höfuðstað Norðurlands, Akureyri, er nú þau tíðindi að segja, sem ég ætla, að rétt séu, að árið sem leið er þessi næststærsti bær landsins fjarri því að halda sinni eðlilegu fólksfjölgun, þrátt fyrir innflutning úr hinum fámennu byggðum. Má vera, að hin yfirlýsta stefna ríkisstjórnarinnar í þessu máli hafi þegar á því ári verið farin að freista einhverra til suðurgöngu. Um það verður ekki dæmt hér. Menn verða við íhugun þessa máls að gera sér grein fyrir því, að aðdráttarafl hinnar fyrirhuguðu stóriðju, sem hér er um að ræða, og það, sem í kringum hana verður, mun reynast meira en fólksfjöldinn, sem þar vinnur, gefur tilefni til að álykta. Svo nýstárleg er þessi atvinnustofnun og hin sérstæða þörf hennar fyrir tæknimenntaða menn eða tæknifræðinga á ýmsum sviðum og svo mörg tækifæri munu skapast í sambandi við tilveru hennar og starf. Enga nauðsyn ber til stofnunar slíks fyrirtækis á þessum stað, en víða mun það gera þröngt fyrir dyrum. Sumir kunna að segja: Þessi verksmiðja eða önnur slík hefði einnig getað skapað erfiðleika, þó að staðsett hefði verið á Norðurlandi. Einnig þar hefði hún dregið til sín fólk, munu menn segja. Veit ég það, Sveinki, var einu sinni sagt, og það get ég nú sagt við þessu. En við Norðlendingar erum margir þeirrar skoðunar, að heppilegra sé, að fólk, sem ella flytur suður í verðandi stórborg, staðnæmist á Akureyri eða einhverjum öðrum stað á Norðurlandi. Hitt hef ég svo alltaf álitið, að æskilegt væri, ef til kæmi, að um fleiri og minni nýjar atvinnustöðvar væri að ræða norðanlands og austan, sem hagnýttu orkuna frá norðlenzku fallvatni, ef virkjað væri, og þannig hefði ég viljað haga undirbúningi málsins, að stefnt væri að slíku, sem og almennri rafvæðingu og hagnýtingu margs konar almennra möguleika til orkunotkunar í þessum landshlutum

Ég veit, að það er búið að verja mikilli vinnu og nokkrum fjármunum til að undirbúa þá samninga, sem hér liggja fyrir um alúmíníum- eða álverksmiðju í Straumsvík. Ég dreg ekki í efa, að hæstv. ráðh. og hans menn, sem hér hafa að unnið, telja sig hafa verið að vinna þarft verk, en sjá þar þó sennilega nokkur missmíði á. M. a. þau missmíði að hafa kvatt til samstarfs menn með önnur sjónarmið og varla sýnt lit á að virða þeirra vilja eða hafa þeirra ráð. Ég segi það enn, að þeir muni sennilega sjá þar einhver missmíði á, og á það bendir líka sú staðreynd, að hið nýja frv. um atvinnujöfnunarsjóð kemur fram hér á þingi samtímis þessu frv. Þetta frv. um atvinnujöfnunarsjóð, þó að gallað sé og skammt gangi, hefði verið til töluverðra bóta eitt út af fyrir sig. En séu þessi tvö frv., Straumsvíkurverksmiðjan og atvinnujöfnunar-

sjóðurinn, tekin saman, plús og mínus, var miklu betur heima setið en af stað farið í sambandi við hið mikilvæga byggðajafnvægismál þjóðarinnar. Marga heyri ég nú segja: Miklu, miklu heldur engan atvinnujöfnunarsjóð á borð við þann, sem hér er boðinn, ef þessi böggull þarf að fylgja skammrifinu, sem eyðileggur áhrif hans og miklu meira en það, ef að líkum lætur.

Eins og ég hef áður sagt, ætla ég ekki að telja upp eða ræða að ráði þá ágalla, sem mér finnst vera á samningsgerðinni við Swiss Aluminium, aðra en þann megingalla, sem ég hef þegar gert að umtalsefni. Ég hef reynt eftir föngum að kynna mér þá samninga, sem Norðmenn hafa gert við sama fyrirtæki eða gerðu fyrir fáum árum, og sýnist mér þar vera allverulegur munur á, þó að sumt, sem frétzt hafði, að í norsku samningunum stæði, kunni að vera á misskilningi byggt. Það er að bera í bakkafullan lækinn, að ég ræði þau samningsatriði, sem aðrir munu einkum ræða.

Þó að ég hafi nefnt nokkrar tölur í þessari ræðu, að vísu ekki margar og færri en aðrir, geri ég ekki kröfu til þess að vera talinn til reikningsglöggra manna, og varðandi hina æðri talnafræði er ég vanur að taka reiknimeistara trúanlega og reiknivélar þeirra. En út af þeim reikningum ýmsum, sem hér koma fram í þessari grg., vil ég aðeins segja það, að síðan ég komst í kynni við útreikninga frá 19. öld um hinn ævintýralega vöxt einseyringsins, sem menn þá sýndu fram á, mjög reikningsglöggir menn, þegar ekki var verðbólga, — síðan ég komst í kynni við þetta, hef ég alltaf haft ótrú á því, sem kalla má reiknispár langt fram í tímann, að því er fjármuni varðar. Nú hef ég í *þessum umræðum heyrt, að grundvöllur reiknispárinnar* við Búrfell sé, eins og hraunin þar eystra, lekur nokkuð og ótraustur, og um það hafði ég þegar nokkurt hugboð, þegar mér voru fengnir slíkir reikningar í nefndinni í fyrra. Mér þykir orkuverðið lágt, og mér þykja Þjórsárísar iskyggilegir eins og fleirum. Og þá verður mér ósjálfrátt hugsað til þess, að Jökulsá á Fjöllum er nú ísi lögð ofan fossa og streymir þar fram sem nokkurn veginn tær og jafnstreym lindá undir íshellunni. Samt var, að ég ætla, í áætluninni um Dettifoss gert ráð fyrir ísvandamálum þá, en þau voru þó órannsökuð. Nú er því mjög á lofti haldið og haft eftir hr. Meyer, forstjóra frá Sviss, sem hér var, að rafmagnsverð muni bráðum lækka vegna kjarnorkunnar. Þá minnist ég þess, að er ég var í þingmannanefndinni í fyrra, fengum við í hendur bók eina, mikla og vandaða, um starfsemi hins margnefnda alúmínfyrirtækis, sem hér er á dagskrá. Þetta var ný bók, samin á vegum fyrirtækisins sjálfs. Þar stóð það, að ég ætla, skýrum stöfum á tiltekinni blaðsíðu, sem ég man, að orkuverð muni verða hækkandi hjá þeim verksmiðjum, sem reistar verði. Og mun það ekki verða svo fyrst um sinn, að kjarnorkunni sé varlega treystandi til að þjóna atvinnulífi manna og örygginu verði þar að minnsta kosti nokkuð áfátt fyrst um sinn? Ég er svo raunar þeirrar skoðunar, að framkvæmdir af því tagi, sem hér er um að ræða í þessu frv., séu varla tímabærar hér á landi eins og nú stendur á um verðbólgu, stjórnarfar og fleira. Á þetta fyrst og fremst við hér á höfuðborgarsvæðinu, þar sem vinnuaflsskortur hefur þegar sagt til sín, en að líkindum einnig annars staðar í landinu.

Ég lýk nú máli mínu. En ég mun, þegar þar að kemur, stuðla að því með atkv. mínu, að frv. það, sem hér liggur fyrir, verði fellt, og í þeirri von, að þegar það er úr sögunni, verði hægt að taka upp nýja athugun á möguleikum til að hagnýta orku fallvatnanna í þágu þjóðarinnar með þeirri fyrirhyggju, sem í hag kemur um langa framtíð og á heilbrigðum grundvelli.

Umr. frestað.

Á 67. fundi í Nd., 5. apríl, var enn fram haldið 1. umr. um frv.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Ég skal aðeins að litlu leyti svara hinum almennu, pólitísku hugleiðingum, sem að miklu leyti voru meginpartar ræðna beggja hv. 1. og 5. þm. Austf., Eysteins Jónssonar og Lúðvíks Jósefssonar, við upphaf þessarar umr. s. l. laugardag og þó alveg sérstaklega langmestur hluti ræðu hv. 1. þm. Austf., þegar frá eru skildar ræður tveggja Ed.-þm. frá vantrauststumr., sem hv. þm. hafði þann óvenjulega hátt á að endurlesa nú við þessar umr., en ég vík að því síðar. — Þessir forustumenn stjórnarandstöðunnar voru í sínum almennu, pólitísku hugleiðingum að miklu leyti á sömu nótunum, sem hendir þá nú oft og í vaxandi mæli í seinni tíð á yfirborðinu, þó að vitað sé, að undir niðri býr nokkuð sitt hvað í huga þeirra. Ég skal ekki dæma um, hvor þeirra er á þeim slóðum sleipari eða skýtur hinum ref fyrir rass, en enginn frýr þeim vits, en e. t. v. eru báðir grunaðir nokkuð um græsku. Þó vil ég segja, að þegar betur er að gáð, kemur ljóslega fram í hinum almennu pólitísku hugleiðingum þeirra eðlismunur, sem ekki er ógaman að, að dreginn sé fram í dagsljósið. Hv. 5. þm. Austf. var nokkuð afdráttarlaust andstæður erlendu áhættufé í atvinnurekstri hérlendis eða lýsti a. m. k. afstöðu flokks síns eindregið þannig, en eitt sagði hann þó, sem ég hjó eftir: „fordæmið er verst.“ Hér er verið að opna dyrnar, orðaði hann svo. Nú liggur að vísu ekkert fyrir um það, en látum það vera. En leynist ekki þarna dálítil viðurkenning í sjálfu sér, svolítið smáblóm frá þessum hv. þm., sem við forsvarsmenn þessa máls getum stungið í hnappagatið, þ. e., að þetta mál sé út af fyrir sig og m. a. í hans augum gott mál og hagkvæmt fyrir okkur, hvað svo sem látið er í veðri vaka?

Fyrirvarar hv. 1. þm. Austf. voru miklu fleiri og margslungnari. Hann segir, að Framsfl. vilji aðallega erlent fjármagn í formi lána til íslenzkra framkvæmda. Í þessu felst engin speki, þarna erum við víst allir á sama báti, enda er þetta sú leið, sem allir flokkar hafa farið. Vinstri stjórnin tók meira að segja erlend lán með alveg sérstökum hætti um leið og hún lagði á hilluna kosningastefnuskrá sína um að láta varnarliðið hverfa úr landi. Framsókn hefur líka gert meira en að taka erlend lán, þegar svo bar undir, ekki klígjað við að þiggja erlent gjafafé og styrki og hælt sér svo af að hafa haft forustu um þær framkvæmdir,

sem slíkt fé var notað til, eins og áburðarverksmiðju, sementsverksmiðju og rafvirkjanir, og þetta fengum við m. a. að heyra í ræðu hv. 1. þm. Austf. í þessum umr.

En svo kemur það, sem loðnara er. Jú, Framsfl. hefur líka viljað athuga möguleikana á því að fá erlent áhrifafé inn í landið í atvinnurekstur hér. Fyrrv. formaður Framsfl. var þar fremstur í flokki og hafði sérstakan áhuga á því og lét kanna, hvort hægt væri að fá amerísk risafyrirtæki til að reisa hér álbræðslu. Og hvað sagði ekki þingflokkur framsóknarmanna í bréfi sínu til iðnmrh. í desember 1964, eftir að hafa kynnt sér ýtarlegar skýrslur frá ríkisstj., einmitt um samningsmöguleika við það erlenda fyrirtæki, sem nú er ráðgert, að reisi hér álbræðslu? Í þessu bréfi segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Á fundi í þingflokki framsóknarmanna í gær, 7. desember (1964) var gerð eftirfarandi samþykkt:

Í tilefni af bréfi iðnmrh., dags. 23. nóvember s.l., með skýrslum og grg. þeim, er því fylgdu, tekur þingflokkur framsóknarmanna fram, að flokkurinn telur rétt, að athugaðir séu í sambandi við stórvirkjun möguleikar á því að koma upp alúmíníumverksmiðju. Eysteinn Jónsson, Skúli Guðmundsson."

Í framhaldi af þessu tóku svo tveir þm. Framsfl. sæti í n. eftir áramótin til þess, ásamt þm. frá stjórnarflokkunum, að undirbúa fyrir þingið till. um, að þessi alúmíníumverksmiðja yrði byggð hér, eða undirbúa málið fyrir þingið. Seinna komu tveir þm. Alþb. í þessa n., eftir að ríkisstj. hafði lagt fram og rædd hafði verið skýrsla hennar um málið í maí 1965. En það fór ekkert dult, að Alþb. var samt í grundvallaratriðum gegn málinu. Þessu var alls ekki svona varið um Framsfl. eða einstaka þm. hans. Það var mjög á huldu og raunar miklu meiri ástæða til þess að ætla, að ýmsir þm. flokksins mundu fylgja málinu eða a. m. k. ekki vera því andsnúnir, og svo er haldið og jafnvel vitað um suma þm. flokksins enn. Það voru að vísu fyrirvarar, — ekki að flýta sér, fresta málinu, en þangað til hvenær? Staðsetning var gerð að fyrirvara og kannske eitthvað fleira. Svo leið að jólum, þá fór það einn daginn að kvisast hér í þinghúsinu, að nú væri Eysteinn Jónsson að leggja beizli við gæðinga sína, nú ætti liðið að standa eitt og óskipt gegn samningum um álbræðslu. Sá þm. Framsfl., sem flest orð hafði um aðfarirnar, — enda hafði hann lýst yfir með stærstum orðum fylgi sínu við málið, bæði fyrir sunnan í kjördæmi sínu og fyrir norðan á framsóknarfundum, — hældist af því stórvirki að hafa síðastur látið kúgast! Það hefur frétzt af þessum fundi, að formaðurinn hafi lagt á það megináherzlu, að enginn væri á móti, svo að hann gæti tilkynnt, að flokkurinn hefði einum rómi samþ. að vera gegn málinu, en sagt er, að 7 menn hafi setið hjá. Ræða hv. 1. þm. Austf. í þessum umr. var rétt spegilmynd af svona vinnubrögðum. Um leið og einni hurð er lokað, er önnur opnuð. Það eru taldir upp fyrirvarar og aftur fyrirvarar, haltu mér, slepptu mér, haltu mér bæði og slepptu mér í senn. Ég skal svo ekki hafa um þetta fleiri orð, en þetta er engin ný Framsóknarbóla, sérstaklega í seinni tíð undir formennsku Eysteins Jónssonar.

Ég kem þá að því að svara einstökum atriðum og aðfinnslum, sem fram hafa komið í sambandi við þetta mál í umr., og ég skal þar fyrst víkja að gerðardómnum eða þeim aðfinnslum, sem þar hefur borið á góma. Gerðardómsmeðferð er oft beinasta, sanngjarnasta og fljótvirkasta leiðin til þess að leysa úr þeim deilum, sem upp kunna að koma milli tveggja eða fleiri samningsaðila. Gildir þetta jafnt um þessa samninga sem aðra samninga. Í þessu landi eru starfandi hundruð gerðardóma. Sumir eru stofnaðir með samningum milli einkaaðila eða t. d. með samþykktum félaga. Aðrir eru beinlínis stofnaðir með l., og eru þeir varla færri en hinir. Í síðari flokknum er einmitt fjöldi gerðardóma, sem stofnaðir hafa verið til að fjalla um samskipti ríkisins og einkaaðila og þá stundum í hinum vandasömustu efnum. Enginn þessara gerðardóma hefur verið settur á stofn vegna þess, að dómstólunum hafði ekki verið treyst til að fjalla um þau mál, sem til gerðardómanna er skotið. Forsendur þeirra eru einfaldlega þær, að samningsaðilar eða löggjafarvaldið hafa talið það geta stuðlað að skjótari og réttlátari úrlausn mála, að þeim yrði skotið til gerðardóms. Óþarft er að rekja þá kosti, sem almennt eru taldir gerðardómnum til ágætis. Hins vegar virðist nokkur ástæða til þess að minna hv. alþm. á það, að að því leyti, sem þá kosti er að finna í gerðardómsákvæðum þeim, sem um er fjallað í 47. gr. aðalsamningsins, mundi ríkisstj. njóta þeirra ekki síður en Alusuisse. Það er fyllsta ástæða til þess að ætla, að þessi gerðardómsákvæði geti orðið Íslendingum til mikilla hagsbóta, að því er varðar skjóta og örugga málsmeðferð. Það er svo síður en svo nokkurt einsdæmi, að gerðardómsákvæði séu sett í samninga milli ríkja og einstaklinga, innlendra eða erlendra, eins og sumir hafa haldið fram. Og sumir tala ekki einu sinni um einsdæmi, heldur tvö einsdæmi, eins og við sjáum á forsíðu Tímans, og hvenær einsdæmin verða 3—4 veit ég ekki. — Dæmi þessi eru mörg, bæði fyrr og síðar. Að því er fjárfestingar varðar, hefur þeim fjölgað að mun á síðari árum, eftir því sem beinar fjárfestingar milli landa hafa færzt í aukana. Tilraun Alþjóðabankans til þess að koma á fót gerðardómsstofnun, er sérstaklega sé ætlað að fjalla um fjárfestingardeilur milli ríkja og erlendra aðila, sbr. mgr. 47.01 í aðalsamningnum, er að sjálfsögðu bezta dæmið um þá þróun, sem að undanförnu hefur átt sér stað í þessum efnum. Fleira hefur þó gerzt, sem vekja má athygli á. T.d. var á árinu 1962 gerð ýtarleg endurskoðun á gerðardómsreglum fasta gerðardómstólsins í Haag, the Permanent Court of Arbitration, og þeim m. a. breytt í það horf, að dómurinn gæti úrskurðað um deilur milli ríkja og einkaaðila, en áður hafði honum einungis verið ætlað að leysa úr milliríkjadeilum. Er fróðlegt að bera þetta saman við það, sem átt hefur sér stað um gerðardóm þann, sem starfað hefur undanfarin ár á vegum International Chamber of Commerce í París, en þessum gerðardómi var aðallega ætlað að leysa úr viðskiptadeilum milli einkaaðila í mismunandi löndum. Það hefur þó ekki orðið því til fyrirstöðu, að hann þætti hentugur til þess að leysa úr deilum milli ríkja og einkaaðila. T. d. hefur þessum gerðardómi verið falið að leysa úr deilum út af samningum þeim, sem

Nkruma, hinn stolti forseti og lausnari Ghana, gerði við bandarísk álfélög um byggingu álbræðslu í Ghana á árinu 1961. Gerðardómsákvæði aðalsamningsins er ekki einu sinni hið fyrsta, sem ríkisstj. Íslands hefur undirritað í samningum við erlend fyrirtæki, m. ö. o. ekkert einsdæmi. Þannig er svo ákveðið í samningum viðskmrn., þ. e. ríkisins, við hið rússneska fyrirtæki, sem er sjálfstæður réttaraðili, er sér Íslendingum fyrir olíum og benzíni, að deilur milli aðilanna út af þeim skuli lagður fyrir gerðardóm, þ. e. rússneskan gerðardóm, sem hefur aðsetur í Moskvu. Hefur því aldrei heyrzt fleygt, að íslenzka ríkið þætti vanhaldið af því að hlíta lögsögu þessa gerðardóms. Þó virðist svo sem stofnun þessi hafi beðið talsverðan álitshnekki, t. d. árið 1958 fyrir úrskurð, sem kveðinn var upp á hennar vegum í deilu út af olíukaupum milli Ísraelsmanna og Sojusnaftaexport og þótti mörgum sem dómurinn væri bersýnilega vilhallur Sovétmönnum. En í því sambandi er rétt að geta þess, að þetta er ekki eini gerðardómurinn, sem Sovétstjórnin og stofnanir hennar hafa talið sér fært að leita til um millilandaviðskipti sín. Þess eru dæmi, að bandarísk og vesturevrópsk einkafyrirtæki hafa samið svo við sovézka aðila, að deilumál þeirra út af viðskiptasamningum skyldu fara fyrir gerðardóm í heimalandi fyrirtækisins eða í óháðu ríki, t. d. í Svíþjóð. Sömuleiðis má geta þess, að Sovétstjórnin sjálf var á sínum tíma aðili að einu þekktasta gerðardómsmáli, sem upp hefur komið í skiptum ríkja og erlendra einkaaðila á síðari árum, Lena Goldfieldsmálinu 1930. Var þar um að ræða deilu út af samningi, sem enskt fyrirtæki hafði gert við Sovétstjórnina um gullgröft þar í landi, og var úrskurðað í henni af gerðardómi, sem sat í London.

Dæmi þess, að önnur ríki hafi samið svo við erlenda fjárfestingaraðila eða viðskiptamenn, að deilur þeirra skyldu fara fyrir gerðardóm fremur en þá dómstóla, sem lögsögu kunna að hafa eftir almennum reglum, eru fleiri en svo, að hönd verði á fest, jafnvel þótt einungis verði talin þau tilfelli, þar sem gerðardómurinn hefur verið erlendur eða alþjóðlegur, þ.e.a.s. alþjóðlegur í þeirri merkingu, að oddamaður hans sé frá hlutlausu ríki eða tilnefndur af hlutlausum aðila. Sem dæmi um úrskurð erlendra gerðardóma um málefni ríkja má nefna það, að ríki eins og Frakkland, Holland og Indland hafa háð gerðardóm við bandarísk fyrirtæki samkv. reglum bandarísku gerðardómssambandsins, American Arbitration Association. Franska stjórnin varð og ekki alls fyrir löngu að hlíta úrskurði ensks gerðardóms um skipti sín við grískt skipafélag gegn vilja sínum, að boði eigin dómstóls 1957. Dæmi þess, að oddamenn í gerðardómi séu tilnefndir utanlands frá eða af hlutlausum erlendum aðila, er t. d. að finna í fjárfestingarlögum Grikkja og samningum þeirra við erlend fyrirtæki. Eins mun það vera regla fremur en undantekning um fjárfestingarsamninga bandarískra og evrópskra olíufélaga í Austurlöndum og Norður-Afríku, að um þá fjalli gerðardómur, þar sem oddamaður sé tilnefndur með þessum hætti. Algengt er, að tilnefning oddamanns sé falin forseta Alþjóðadómstólsins, eins og gert er ráð fyrir í mgr. 47.02 í aðalsamningnum, en einnig tíðkast að leita um hana til dómstóla í hlutlausum löndum, t. d. forseta hæstaréttar í Sviss eða Svíþjóð. Yfirleitt má segja, að líkurnar fyrir því að hitta fyrir ákvæði um alþjóðlegan gerðardóm í sambandi við fjárfestingar vaxi í beinu hlutfalli við umfang þeirra samninga, sem gera þarf við hina erlendu fjárfestingaraðila hverju sinni. Í löndum eins og Grikklandi, þar sem hver fjárfesting vegur stórt í efnahagslífi landsins, eru yfirleitt gerðir yfirgripsmiklir samningar við hvern einstakan aðila á grundvelli fjárfestingarlaga landsins og þá með gerðardómsákvæðum. Í hinum auðugri löndum Vestur-Evrópu mun það hins vegar fátítt, að samið sé þannig um gerðardóm, enda sjaldgæft og óþekkt nú orðið, að yfirleitt séu gerðir nokkrir sérsamningar við erlenda fjárfestingaraðila í þessum löndum. Þetta gengur bara af sjálfu sér, menn verða óafvitandi aðilar. Áður en þeir vita af, eru þeir orðnir aðilar, erlendir aðilar í innlendum fyrirtækjum o. s. frv. Það má segja, að þar sé erlenda fjárfestingin daglegt brauð og ekki annað en venjulegur þáttur í rekstri þjóðarbúsins. Í þessum löndum getur það t. d. komið fyrir, að erlendir aðilar kaupi upp innlend fyrirtæki og haldi áfram rekstri þeirra, eins og ekkert hafi í skorizt, sbr. t. d. það, þegar ameríska álfélagið Reynolds náði undirtökum í brezka álfélaginu fyrir nokkrum árum. Um þessi lönd er það annars að segja, að auk þess, sem erlent fjármagn á þar yfirleitt greiðan aðgang, hafa þau gert fjölmargt til að styrkja rétt hinna erlendu fjárfestingaraðila, sem þykja mundi alvarleg fullveldisskerðing í hópi þeirra, sem gagnrýnt hafa samninginn, sem við ræðum nú hér um. T. d. hafa flest þessi ríki gert gagnkvæma vináttu- og viðskiptasamninga við Bandaríkin, þar sem fjárfestingu bandarískra aðila er heitið fyrirgreiðslu og vernd gegn eignarnámi og öðrum harðræðum og það lagt á vald Alþjóðadómstólsins í Haag að meta, hvort út af því hafi verið brugðið. Af Norðurlöndum hefur t. d. Danmörk gert slíkan samning. Sum þessara ríkja hafa og komið á víðtækri efnahagssamvinnu sín á milli, þar sem fjárfesting úr einu landi í annað skiptir miklu máli, svo sem aðildarríki Efnahagsbandalags Evrópu. Þau ríki hafa m. a. komið upp sérstökum dómstóli innan bandalagsins, þar sem einkafyrirtækin geta rekið mál sín í tilteknum tilfellum gegn aðildarríkjunum sjálfum.

Það getur vel verið, að viðsemjendur okkar, Alusuisse, hafi ekki áður samið um gerðardóm á borð við þann, sem hér eru ákvæði um í 47. gr., en ástæðan til þess er einfaldlega sú, að allur þorrinn af erlendum fjárfestingum þeirra er í löndum af því tagi, sem ég áðan var að lýsa, löndum eins og Þýzkalandi, Austurríki, Ítalíu, Bretlandi og Bandaríkjunum. Mun óhætt að fullyrða, að Alusuisse hafi aldrei áður þurft að undirrita svo margbrotna og ýtarlega fjárfestingarsamninga, sem hér er um að ræða. T. d. er samningur þeirra við Norðmenn um álbræðsluna í Húsnesi ólíkt einfaldari í sniðum en samningur þeirra við okkur og í raun og veru alls ekki sambærilegur við það, sem félagið þarf að ganga að hér. Þessu hef ég áður vikið að og m. a. rakið þetta vegna þess eðlismunar, að Alusuisse á að ábyrgjast hér allar skuldbindingar álfyrirtækis. Í raun og veru fær Alusuisse leyfi til þess

að reisa álbræðslu hér í Straumsvík. Það er gert í því formi, að samkv. þessum samningi er stofnað félagið ÍSAL, sem Alusuisse á. Í hinum tilfellunum kaupir Alusuisse hlutabréf í innlendum fyrirtækjum, annaðhvort er það minni hl.-aðili eða meiri hl.-aðili og málin algerlega ósambærileg og einnig að því er tekur til ákvæða eins og hér er um að ræða, varðandi gerðardóm. Eins og eðli þess samnings er, sem við ræðum hér um, er ekki nema eðlilegt, að aðilar málsins, — sem eru ríkisstj. og Alusuisse, ýmist fyrir hönd ÍSAL að forminu til og ríkisstj. fyrir hönd Landsvirkjunar og Hafnarfjarðarkaupstaðar, — að þeir hafi orðið ásáttir um sérstaka meðferð þeirra mála, sem deilur kunna að rísa út af og mikilvæg eru í sambandi við samninginn. Það er hverju fullvalda ríki í sjálfsvald sett að semja um meðferð á málum sínum fyrir gerðardómi eða með öðrum sérstökum hætti, og er slíkt á engan hátt ósamboðið sjálfstæði þess, eins og látið hefur verið í veðri vaka, heldur þvert á móti staðfesting á sjálfstæði þess. Hér er ekki um það að ræða, að einhverjum sé sagt fyrir verkum, heldur einungis hitt að tryggja skjóta og örugga lausn þeirra deilumála, sem upp kunna að koma á þessu afmarkaða sviði. Ég get því ekki látið hjá líða að segja, að mig hefur stórfurðað á þeim fullyrðingum, sem hver þm. á fætur öðrum hefur komið hér með um þá lítilsvirðingu og vansæmd, sem fælist í því að hafa þetta gerðardómsákvæði í aðalsamningnum, og alveg sérstaklega furðaði mig þó á þeim ummælum, sem prófessor Ólafur Jóhannesson hafði í vantraustsumr. í þessu sambandi. Ég hafði hugsað mér að ræða það nánar við hann, þegar mál þetta kæmi til meðferðar í Ed., en þar sem hv. 1. þm. Austf. tók það ráð að lesa ræðu hans hér að þessu leyti, er rétt að gera það nú þegar.

Hann furðar sig á því, að slíkur gerðardómur sé settur, en það væri þó ekkert við því að segja, ef það væri á milli tveggja ríkja. En hér er um að ræða samning á milli ríkisstjórnar og einkafyrirtækis og eftir öllum venjulegum reglum heyra ágreiningsmál út af slíkum samningum undir almenna dómstóla, segir prófessorinn. Þó að þetta sé að vísu sú almenna regla, eru mörg frávik frá því, þar sem samið er á milli ríkja og einkaaðila um gerðardóma. Þessi hv. þm. sagði: „Ég efast um, að í nágrannalöndum okkar séu fordæmi fyrir því, að ríkisstj. semji hliðstæð mál undan eigin dómstólum.“ Ég segi bara, prófessorinn á að lesa betur. Hann segir, að krafa einkafyrirtækis um að taka þessi ágreiningsmál undan lögsögu íslenzkra dómstóla hljóti að byggjast á vantrausti á íslenzku réttarfari og tortryggni í garð íslenzkra dómstóla. Það er ekkert hæft í þessu. En þar við bætist það, að þessi hv. þm. veit, að það var ekki krafa einkafyrirtækisins, að gerðardómsákvæðin voru sett inn í þennan samning. Upphaflega uppkastið, fyrsta samningsuppkastið eða frumdrögin frá Íslendingum gerðu ráð fyrir gerðardómi, og það er meira en ár liðið síðan þau voru sýnd Ólafi Jóhannessyni prófessor sem fræðimanni á þessu sviði og hann hafði ekkert við þessar hugmyndir að athuga á því stigi málsins og ekki síðar, sem ég skal koma betur að.

Hv. þm. segir, að hann efist ekkert um, að ráðh. hafi lagt sig allan fram við þessa samningagerð og hann efist ekkert um, að ráðherra hafi ýmsu fengið breytt til batnaðar í þessum samningum. Hann veit þetta, af því hann hefur alltaf fylgzt með breytingum, sem orðið hafa á þessum ákvæðum. Þingmenn í flokkum stjórnarandstöðunnar hafa á hverjum tíma fengið upplýsingar hjá fulltrúum stjórnarandstöðunnar um samningagerðina. Prófessor Ólafur Jóhannesson veit, þegar hann er að tala um, að hann efist ekkert um, að ýmsu góðu hafi verið komið til leiðar, að vissulega breyttust þessi ákvæði mikið undir meðferð málsins og alltaf stig af stigi okkur í hag. En svo segir þessi háttv. þm., að þegar hafi ekki tekizt fyrir ráðh. að koma málinu í betra horf en þetta, þá hefði hann að sínum dómi átt að setja hnefann í borðið og segja: Hingað og ekki lengra. Því setti ekki prófessorinn hnefann í borðið og sagði: Hingað og ekki lengra? Hann sá þessa samninga, meðan verið var að semja þá. Hans flokksbræður í þingmannanefndinni höfðu þá undir höndum og sýndu þá flokksbræðrum sínum. Þeir gerðu aldrei aths. við gerðardómsákvæðin, enga fyrirvara, engar aths., engar bókanir, og ekkert barst mér frá þessum hv. prófessor í þessu sambandi. En þegar verið er að líkja þessu við vanmat á íslenzkum dómstólum og þetta sé eiginlega svívirða við sjálfstæði þjóðarinnar, því í ósköpunum gera þá ekki þeir menn athugasemdir, sem hafa aðstöðu til þess, því gera þeir ekki fyrirvara um, að ekki sé verið að vanmeta íslenzkt sjálfstæði og íslenzka dómstóla? Til þess var þeim gefið tækifæri í þingmannanefndinni.

Þeir gerðu margar aths. í þingmannanefndinni, þingmenn stjórnarandstöðunnar, sem þar sátu, og margar bókanir, sumar, sem hægt var að taka til greina, athugasemdir, sem varða fjölda mála, sérstaklega staðsetningu álbræðslunnar, sem fyrirvarar voru sérstaklega gerðir um af hálfu fulltrúa Framsfl., um raforkuverðið, sem sérstakar bókanir voru gerðar um af hálfu fulltrúa Alþb., og mörg önnur atriði slík, en aldrei þótti ástæða til þess að gera neina aths. eða bókun við það, að við værum að semja af okkur sjálfstæðið, afsala okkur sjálfstæðinu með því að hafa ákvæði um gerðardóm við einkafyrirtæki, né heldur nokkur aths. um, að þau ákvæði þyrftu að vera öðruvísi heldur en þau endanlega urðu. Það kemur fram á 17. fundi í þmn., 27. ágúst, að þá kvaðst Helgi Bergs ekki hafa sérstakar aths. að gera við fyrirliggjandi uppkast, en taldi orðalag sums staðar fullveikt, t.d. þar sem rætt er um íslenzkt réttarfar neðst á bls. 4 og efst á bls. 5. En á þessum fundi lagði ég fyrir n. greinargerð, sem við ætluðum að senda Alusuisse um viðhorf okkar til samningsuppkasta, sem við höfðum farið yfir með þingmannanefndinni og til undirbúnings fundi, sem stóð fyrir dyrum hér á Íslandi á eftir. Í bókuninni stendur: „Iðnmrh. tók fram, að hann hefði sjálfur nokkrar aths. að gera við grg. uppkastsins og m.a. við það atriði varðandi íslenzkt réttarfar, sem Helgi Bergs hefði vikið að,“ og allt var það leiðrétt og sett í það form, sem menn fundu ekki að og sem síðar leiddi til miklu sterkari og betri niðurstöðu heldur en áður hafði verið í þeim greinum, sem fjalla um deilumál og gerðardóm í aðalsamningnum.

Á 10. fundi nefndarinnar, 28. október 1965, voru

rædd gerðardómsákvæði, sem talið var æskilegt, að hægt væri að takmarka, enda væru íslenzkir dómstólar nægileg trygging fyrir Alusuisse. Ég man vel á þessum fundi, að það var sérstaklega hv. 5. þm. Austf., sem fannst gerðardómsákvæðin óþarfi og vildi takmarka þau sem allra mest. Samt sem áður komu ekki fram neinar till. um að taka þau úr uppkastinu. Ég efast þó ekkert um, að honum hefði kannske verið kærara að taka ákvæðin um gerðardóm alveg úr, og það kann vel að vera, að hann hafi látið í ljós skoðun sína um, að það væri æskilegra. Það má segja, að við höfum kannske allir verið á þeirri skoðun. Samt sem áður var nú þessi hugmynd í upphafi sett fram af okkar hálfu. En þó að menn hefðu þá skoðun, að menn vildu breyta þessum ákvæðum, takmarka þau meira, eða annað slíkt, kom hins vegar engin aths. fram um það, að hér væri neitt óvanalegt á ferðinni eða nokkuð vansæmandi fyrir íslenzka dómstóla, eða sérstaklega fyrir Hæstarétt Íslands. Um þetta atriði er búið að segja svo miklar villur og ranghermi, að það tekur ekki tali. Það er eitt þeirra atriða í umr. hér, þar sem farið hefur langt út fyrir almennt velsæmi, hvað þm. hafa leyft sér að bera á borð, vitandi allan tímann, að þeir vissu um þessi ákvæði, allir, allir þm. stjórnarandstöðunnar, eða gátu a.m.k. vitað um þau. Ég geri ekki ráð fyrir, að fulltrúar þeirra í þingmannanefndinni hafi vanrækt að láta þá vita um þessi mál. Auk þess fengu þeir allir send samningsuppköstin, áður en undirskriftir fóru fram og höfðu þá a.m.k. tækifæri til þess að bera fram aths., ef þeim fannst, að verið væri að fyrirgera sjálfstæði landsins eða sóma þess.

Ég skal láta þetta nægja um þetta atriði að svo stöddu. Ég hef gerzt fjölorðari um það heldur en ég gerði ráð fyrir í upphafi, vegna þess að það hefur komið hér maður eftir mann fram og talað á sama hátt, að þetta væri eitt af því ómögulegasta og svívirðilegasta og fyrir neðan allar hellur í samningsuppkastinu.

Ég skal þá koma að einstökum atriðum málsins, og þá kem ég að annarri ræðu Edþm., sem flutt var hér í Nd. af hv. 1. þm. Austf. Það er ræða hv. 6. þm. Sunnl., Helga Bergs. Hv. 1. þm. Austf. sagði, að ég hefði bara látið eins og ég hefði ekki séð þessa merku ræðu. En það er alveg eins og með ræðu Ólafs Jóhannessonar, að ég hefði átt tækifæri síðar til þess að ræða við þennan hv. þm. um þessa ræðu hans, en ég skal gera það nú af sömu ástæðum og áður. Í ræðu sinni við vantraustsumr. sagði þessi hv. 6. þm. Sunnl., Helgi Bergs, og vitnaði þá í grein mína í Morgunblaðinu 24. febrúar, að ég hefði sagt þar: „Sé munurinn á rekstrargjöldum frá ári til árs lagður á 6% vöxtu, safnast í sjóð, sem árið 1976 er orðinn rúmar 300 millj. kr., og á árinu 1985 rúmar 600 millj. kr., ef bræðsluleiðin er farin.“ Svo bætir hv. þm. við: „og nú í kvöld er ráðh. kominn í 860 millj.“ — Það varð að segja útvarpshlustendum það, að nú væri ég að segja eitthvað allt annað heldur en ég sagði í Morgunblaðinu 24. febrúar. Þetta er því miður blekking, og því miður — mér leiðist að segja það — af jafn skýrum manni eins og þessum hv. þm. getur það ekki verið annað en vísvitandi blekking, og það er öllu verra. Því að grein mín, sem birtist í Morgunblaðinu 24. febrúar, er með töflu, sem vitnað er í, og beint fyrir neðan töfluna er aths. og hún er með breyttu letri, þar sem stendur, með leyfi hæstv. forseta:

„Tafla og tölur um kostnaðarverð raforku til almennra nota með eða án álbræðslu eru byggðar á áætlunum, eins og þær voru í skýrslu ríkisstj. til Alþ. um álbræðsluna frá 5. maí 1965. Eftir að tilboð í Búrfellsvirkjun hafa nú borizt og áætlanir gerðar, sem byggjast að verulegu leyti á föstum tilboðum, og miðað við nokkurn flutning virkjunarframkvæmda frá síðara stigi á fyrra stig, kemur í ljós, að virkjun með álbræðslu er enn þá hagkvæmari en fyrri áætlanir sýndu. Sé munurinn á rekstrargjöldunum frá ári til árs lagður á 6% vöxtu, safnast í sjóð, ef virkjað er með álbræðslu, sem væri orðinn árið 1976 392 millj. samkv. nýjustu niðurstöðum í stað 319 millj. samkv. eldri áætlunum og árið 1985 862 millj. kr. í stað 630 millj. samkv. eldri áætlunum.“

Þetta var þess vegna engin uppgötvun mín, þetta útvarpsumræðukvöld, að hagurinn væri það mikið betri, eftir að tilboð lágu fyrir, að í stað þess, að samansafnað fé væri 630 millj. kr., væri það nú eftir að tilboð lægi fyrir 862 millj. kr., en það mátti ekki minna vera heldur en gefa hlustendum það í skyn, að ég hefði verið að segja eitthvað allt annað í febrúar og nú væri ég kominn með einhverja nýja tölu og þannig væri ekkert að marka þær tölur, sem ráðh. væri að fara með. Þetta er nú það fyrsta, sem ég hef að athuga við þessa ræðu hv. þm., sem er nú orðin Nd.-ræða.

Annað er það, að hann sagði, að það þyrfti að leiðrétta töfluna, vegna þess að fyrstu 6 árin væri flutt frá skattgjaldinu 7½ dollar yfir á raforkugjaldið, sem færi þá upp í 3 mill í staðinn fyrir 2½ mill. Það er rétt, að þessa leiðréttingu má gera og hún skal gerð. Hitt er svo annað mál, að með skattgreiðslufyrirkomulaginu, eins og það er, mundi náttúrlega álbræðslan á fyrstu árum sínum með fullum afköstum undir venjulegum hætti verða miklu minni heldur en hún verður með 12½ dollara, þó að það sé búið að lækka það niður í það. En látum það vera, þessi leiðrétting er rétt og fær staðizt. Þetta segir hv. þm., að muni 200 millj. kr., það munar því nú ekki fyllilega, en látum það vera. Eftir því, sem ég hef látið reikna það út nákvæmlega, sýnist mér, að það séu 170 millj. Þá verður hið samansafnaða fé ekki 862 millj., heldur 690 eða tæpar 700 millj. kr., og við skulum þá standa saman á þeirri upphæð, sem er nú ekkert smáræði út af fyrir sig.

Þá segir í þessari ræðu:

„Í öðru lagi eru útreikningarnir villandi vegna þess, að orka Búrfells verður fullnotuð 1976, ef bræðsla verður byggð, og enginn veit, hvað sú orka, sem við bætist eftir það, kostar, því að engar viðhlítandi áætlanir hafa verið um það gerðar og enginn veit, hvar næst verður virkjað.“

Villandi og villandi, — það er rétt, að það eru ekki endanlegar áætlanir, sem um þetta hafa verið birtar. En í þmn. var raunar gerð grein fyrir og í málsskjölunum er gerð grein fyrir því, að til þess að fá samanburð einmitt fram til ársins 1985 með Búrfellsvirkjun án álbræðslu og með álbræðslu, þyrfti að

bæta við virkjunina og væri þannig í áætlunum Landsvirkjunarinnar gert ráð fyrir að virkja Háafoss með 126 megawatta orku, og þá mundu virkjanirnar báðar vera sambærilegar til 1985, og þá er tekinn inn í kostnaðarliðina með álbræðslu allur kostnaðurinn af Háafossvirkjuninni. Þessi virkjun er náttúrlega ekki endanlega ákveðin, kostnaður af henni getur eitthvað breytzt, en þetta er hins vegar ekki út í bláinn.

Lúðvík Jósefsson sagði í sinni ræðu hér eða vék að því dálítið, að það væri einkennilegt, að þessi virkjun, sem nú væri farið að tala um, Háafossvirkjun, væri bara hvorki meira né minna en ódýrari, hagkvæmari heldur en sjálf Búrfellsvirkjunin, og hvernig það mætti eiginlega vera. Út af því hef ég fengið þessar upplýsingar, sem ég vil láta fram koma, frá framkvæmdastjóra Landsvirkjunar um Háafossvirkjunina. Þegar á það er bent, að Fossaárstöðin sé áætluð hlutfallslega ódýrari en Búrfellsstöðin, er það væntanlega gert til þess að gera þá leið eða þá upphæð tortryggilega, sem reiknað er með fyrir Fossá, það eru þessar 975 millj. En um þetta segir framkvæmdastjórinn:

„Fallhæðin við Fossá er rúmlega tvöfalt meiri en við Búrfell. Það þýðir, að á hverja afleiningu í Fossárstöð þarf helmingi minna vatn en í Búrfellsstöð. Það leiðir svo aftur af sér, að vatnsvegir, þ.e.a.s. skurðir, jarðgöng og pípur, eru hlutfallslega miklu þrengri í Fossárstöð.

Í öðru lagi, vegna meiri fallhæðar er snúningshraði véla í Fossárstöð meiri en í Búrfellsstöð, sem hvort tveggja gerir vélarnar hlutfallslega mun ódýrari.

Í þriðja lagi, vegna færri véla er spennistöðin við Fossárstöð einfaldari en við Búrfellsstöð, og ekki þarf heldur að reikna með orkuveitu til Straumsvíkur frá spennistöð við Geitháls og ýmsum kostnaði þar og við Írafoss, sem fylgir fyrstu virkjunum, en ekki næstu.

Þetta eru skýringar framkvstj. á því, að virkjunin á hverja kwst. er ódýrari í þessari stöð, sem er þá virkjuð í raun og veru sem toppstöð, því að á þessu tímabili er orka, töluvert mikil orka, eftir í Búrfellsvirkjun, þó að aflið sé fullnotað. Og það er m.a. vegna þess, hver mismunur er á notkun aflsins á hverjum tíma, en þegar kemur toppstöð eins og þessi, Fossárstöð, notast ekki aðeins orka og afl hennar, heldur orka og afl hennar plús sú töluvert mikla orka, sem þá er enn eftir í Búrfellsvirkjun. Ég held þess vegna, að þetta sé ekki svo mikið út í bláinn, sem sagt hefur verið, þó að vissulega megi eitthvað deila um það, hvort þessi áætlun upp á 975 millj. standist fyllilega, þegar til kemur, eða ekki.

Þá sagði hv. 6. þm. Sunnl., að í þriðja lagi væru áætlanirnar um reksturskostnað virkjunarinnar vægast sagt ónákvæmar, m.a. vegna óvissunnar um ísmyndunina og þær truflanir, er af henni leiða. Jú, lærða menn getur greint á, og Helgi Bergs verkfræðingur getur auðvitað deilt við dr. Gunnar Sigurðsson verkfræðing um það, hvort þær ráðstafanir, sem hann, Gunnar Sigurðsson og aðrir, Eiríkur Briem og amerískir verkfræðingar, telja nægjanlegar í sambandi við ísmyndanirnar, séu það. Ég skal ekkert blanda mér inn í deilur um það. Þeir telja hins vegar, verkfræðingar Landsvirkjunarinnar, að þeir hafi reiknað með viðhlítandi ráðstöfunum. Dr. Gunnar Sigurðsson hefur reiknað út líkurnar fyrir ísmyndunum eftir nýjum formúlum, sem dr. Devik hafði gert við rannsóknir sínar hér í Þjórsá. Þetta er gamall maður, um áttrætt held ég, en hafði á yngri árum gert ákveðna formúlu, sem viðurkennd hafði verið, um ísmyndanir undir vissum kringumstæðum. Hann taldi, að þær mundu verða meiri, ísmyndanirnar hér, og breytti þess vegna formúlu sinni, svo að hún er töluvert strangari nú, og eftir þessari nýju formúlu Deviks eru líkurnar fyrir ísmyndunum reiknaðar. Og niðurstöður reikninganna, sem ástæða er til þess að ætla, að séu um of varkárir, segir dr. Gunnar Sigurðsson, eru þær, að orkuskorturinn verði frá 9—15 gígawattstundir á ári fyrstu 3 árin eða rúml. 1% af heildarframleiðslu Landsvirkjunar. En þá er reiknað með, að virkjunin verði stækkuð samfara miðlun í Þórisvatni. Hliðstæðir reikningar gerðir í nóvember 1964 og byggðir á upprunalegum líkingum dr. Deviks og rennsli Þjórsár við Urriðafoss samkv. mælingum raforkumálaskrifstofunnar staðfærðum til Búrfells í hlutfalli við stærð afrennslissvæðanna sýndu orkuskort frá 1—3 gígawattstundum á ári fyrstu 3 árin. Að öllum líkindum mun raunverulegur orkuskortur liggja einhvers staðar þarna á milli. Enn fremur, með leyfi hæstv. forseta:

„Eftir ýtarlega athugun á mörgum mismunandi leiðum til þess að mæta ísvandamálinu við Búrfell, er niðurstaðan sú hjá sérfræðingum Landsvirkjunar, innlendum og erlendum, að ekki sé rétt að ráðast í uppistöðulón fyrir ofan Búrfell, fyrr en slíkt lón verður eðlilegur þáttur í síðari virkjunum og hagkvæmara sé að reikna með varastöðvum í samvinnu við Búrfellsvirkjun, vissum ráðstöfunum til þess að minnka kæliflöt árinnar ofan Búrfells og miðlun í Þórisvatni. Sú miðlun er þá ætluð fyrir útskolun á ísi og til aukningar á rennsli á lágrennslistímum. Fyrst í stað er reiknað með einni 20 megawatta eldsneytisstöð til viðbótar þeim, sem fyrir eru, og áðurnefndum ráðstöfunum varðandi kæliflötinn. En þegar virkjunin fer yfir 105 megawött, er reiknað með miðlun í Þórisvatni og annarri 20 megawatta eldsneytisstöð til viðbótar, eins og áður segir. Samtals áætlast þessar ráðstafanir að kosta um 230 millj. kr., og eru þær ásamt áætluðum olíukostnaði taldar með í kostnaðar- og rekstraráætlunum. Varastöðvarnar eru fyrst og fremst til þess að mæta vatnsskorti af völdum íss, en gegna auk þess því hlutverki að vera til vara við bilanir eða truflanir á línum, vélum og virkjum. Sparast á þann hátt kostnaður, sem annars yrði að ráðast í til þess að mæta slíku. — Athuganir norsku ísafræðinganna gefa ekki tilefni til, að vikið sé frá framangreindri leið."

Þetta var um ísvandamálið. Svo reiknar þessi hv. þm. út, þegar búið er að breyta töflunni eins og ég áðan greindi, að þetta sé nú ekki mikið, þetta sé svona frá 10—18 millj. á ári, sem Búrfellsleiðin sé þarna hagkvæmari með álbræðslu heldur en án hennar. Það eru engar 10 millj. og ekkert þar á milli. Talan sú, sem draga á frá, er 862 millj. kr. og þegar ég leiðrétti 200 millj., sem þessi hv. þm. taldi, að þessu munaði með 6% vöxtum til 25 ára, niður í 170 millj., sem mun vera

réttari reikningur, er þetta yfir 19 millj. kr. á ári. Það segir að vísu þessi hv. þm., að sé bara smápeningur. Þá vantar ekki peninga í Framsfl.! En það er nú gaman samt sem áður að líta á það, að allur rekstrarkostnaður Búrfellsvirkjunar, eftir að hún er fullvirkjuð, er 18 millj. kr. á ári. Það er þá ekki dónalegt að hafa þann hag af því að hafa álbræðsluna í stað þess að vera án hennar, að allur rekstrarkostnaðurinn borgast af því hagræði einu árlega.

Svo kem ég að niðurstöðunni og hún var nú sú, að þetta væri nú enginn sparnaður, því að það væri verið að fá lánað hjá framtíðinni. Það finnst mér furðulegasta staðhæfingin hjá hv. þm., jafn greinargóðum og glöggum eins og hann er. Og hann spyr: Af hverju reiknar ekki ráðh. fram yfir 1985 og af hverju ekki fram til 1995 og til 2014? Það er vegna þess, að þá þurfum við að fara að byggja dýrari virkjanir og þá fer þetta að koma okkur í koll, segir þessi hv. þm. Þá þurfum við að fara að borga afborganirnar af lánunum hjá framtíðinni. Jæja, það er einmitt á þessum tíma eða árið 1991, þegar búið er að borga að öllu leyti eða afskrifa Búrfellsvirkjunina, að þá er raforkugjaldið, sem álbræðslan greiðir til virkjunarinnar, um 110—112 millj. kr. og þegar dreginn er frá sá hluti, sem vegna hennar er af rekstrarkostnaði, mun það vera um 100 millj. kr. Þá eigum við bara þessar 100 millj. kr. á hverju ári til þess að mæta þessum auknu kostnaði. Það er ekki alveg ónýtt til að mæta því, sem virkjanir kunna að verða dýrari þá. Ég segi, að þetta er ekki að fá lánað hjá framtíðinni, þetta er til að búa í haginn fyrir framtíðina. Og ef þessar 100 millj. kr. árlega eru lagðar á 6% vexti frá 1991 og þangað til 2014, til enda samningsins, eru það 5000 millj. kr., sem okkur skilast þannig. — Eins og ég sagði áðan, ég hefði ekki farið að rekja þessa ræðu hér á þessum vettvangi, ef hv. 1. þm. Austf. hefði ekki gefið sérstakt tilefni til þess.

Út af þeim ýmsu umr. og efasemdum, sem hafa komið fram um raforkuverðið, bæði fyrr og síðar í þessum umr. og dálítið hér í gær, finnst mér rétt að gera þinginu grein fyrir tveim ályktunum, sem Landsvirkjunarstjórn hefur látið frá sér fara 24. marz s.l., í sambandi við raforkumálin, áður en ég hverf frá þeim. Það er í fyrsta lagi:

„Stjórn Landsvirkjunar hefur fengið í hendur áætlanir um byggingu og rekstur 70 megawatta og 105 megawatta Búrfellsvirkjunar. Á grundvelli þeirra og áætlana um smávirkjanir er ljóst, að Búrfellsvirkjun sé hagkvæmasti næsti áfangi í þróun raforkuframleiðslu fyrir orkuveitusvæði Landsvirkjunar. Fram komin tilboð í byggingarmannvirki og vélar til orkuversins staðfesta, að kostnaðaráætlanir Landsvirkjunar og sérfræðinga hennar hafa verið raunhæfar og ekki sé ástæða til að ætla, að kostnaðurinn fari fram úr áætlun. Skýrslur þær, sem stjórnin hefur fengið um lausn ísvandamálsins, benda eindregið til þess, að þær ráðstafanir, sem fyrirhugaðar hafa verið til þess að tryggja hagkvæman og öruggan rekstur, séu fullnægjandi, en kostnaður af þeim er innifalinn í þeim áætlunum, sem gerðar hafa verið."

Þetta var samþ. í Landsvirkjunarstjórninni með 6 atkv., Sigurður Thoroddsen greiðir atkv. á móti. Önnur ályktun var svohljóðandi:

„Stjórn Landsvirkjunar hefur fengið í hendur uppkast að fyrirhuguðum samningi við Íslenzka álfélagið h.f. um orkusölu. Samkv. áætlunum, sem gerðar hafa verið um stofnkostnað og rekstur Búrfellsvirkjunar, er fyrirhugað raforkuverð í samningi þessum hagkvæmt fyrir Landsvirkjun, enda er það fyrir ofan meðalkostnaðarverð á raforku frá Búrfellsvirkjun að meðtöldum varastöðvunum, þótt miðað sé við 25 ára afskriftir mannvirkisins." — Nú vita allir, að það þarf ekki að afskrifa svona vatnsaflsmannvirki á 25 árum, stundum eru þau afskrifuð á 40 árum, en oftast ganga þau í 100 ár, þegar einu sinni er búið að koma þeim í gang eða kannske lengur. — „Enn fremur gerir þessi raforkusamningur það kleift að ráðast í Búrfellsvirkjun á miklu hagkvæmari hátt fyrir neytendur á orkuveitusvæði Landsvirkjunar en ella. Sýna rekstraráætlanir, að afkoma Landsvirkjunar fram til ársins 1985 muni verða um 700 millj. kr. betri, ef slíkur samningur er gerður. Er augljóst, að án slíks samnings muni orkuverð á orkuveitusvæði Landsvirkjunar verða 25—40% hærra um allmörg ár en ella væri nauðsynlegt. Stjórn Landsvirkjunar er því reiðubúin til þess að samþykkja framangreinda samninga um orkusölu, enda verði aðalsamningurinn um byggingu álbræðslu milli ríkisstj. og Swiss Aluminium staðfestur af Alþ."

Þessi ályktun var samþ. með 5 atkv., en á móti Sigurður Thoroddsen og Þorsteinn Sigurðsson.

Það eru ýmis fleiri atriði, sem mætti í þessu sambandi tala um. Það er hvað eftir annað talað um það af hv. 1. þm. Austf., að þetta sé allt villandi, af því að það sé reiknað með föstu verðlagi, en allt hlaupi upp úr öllu valdi. Nú er gerð grein fyrir því á bls. 226 í þskj., að verulegur hluti af þessum kostnaði er þegar orðinn fastur með þeim tilboðum, sem um er að ræða. Það er gerð kostnaðaráætlun á bls. 226, sem sýnir, að stofnkostnaður við 105 megawatta Búrfellsvirkjun er áætlaður 1217,5 millj. kr. Svo kemur nánar á næstu síðu, að um 15% af heildarstofnkostnaði verða háð launum samkv. kjarasamningum. 15% af 1217 millj. eru um 182 millj., sem eru háðar breytingum á launum. Og þetta er þriggja ára tímabil, sem þessi virkjun á að byggjast á og við skulum áætla, að launin hækki um 50% á þessum þremur árum. Þá eru þar 92 millj. kr., en í kostnaðaráætluninni á bls. 226 er liður, sem heitir ófyrirséð 137 millj. kr. Það eru þá enn eftir nærri 50 millj. kr. til annarra ófyrirsjáanlegra atvika, og svo er hv. 1. þm. Austf. stöðugt að tala um, að það sé ekkert að marka áætlanirnar, vegna þess að verðlagið hlaupi upp og verði svo og svo breytilegt og þó liggur þetta fyrir í málsskjölunum og er margsinnis búið að benda mönnum á það.

Hv. 5. þm. Austf. sagði, að í öðru dæminu með eða án álbræðslu væri reiknað með, að öll afgangsorka væri notuð, en í hinu ekki. Þetta er ekki fyllilega rétt. Í báðum tilfellum er um afgangsorku að ræða. En án álbræðslu fæst meiri afgangsorka, sem ekki er reiknað með að nýtist neitt. En það er líka töluverð afgangsorka með álbræðslu, og taldi ég rétt að fá nánari skýringar á þessu. Ástæðan til þess, að í hvorugu dæminu er reiknað með tekjum af afgangsorku, er

sú, að rétt þótti að áætla tekjur varlega, en um sölumöguleika á afgangsorku ríkir mikil óvissa. Það er rétt, að afgangsorkan er minni með álbræðslu, en þó nægjanleg til að taka við t.d. tvöföldun Áburðarverksmiðjunnar. Hvað húshitun viðvíkur, er í útreikningunum bæði með og án álbræðslu gert ráð fyrir, að hún fjórfaldist á næstu 20 árum frá því, sem nú er. Þrátt fyrir þetta hefur Búrfell með álbræðslu og tvöföldun Áburðarverksmiðjunnar engu að síður afgangsorku aflögu, t.d. árið 1980 álíka mikla og öll sú húshitun er, sem reiknað er með á því ári í núverandi áætlun. Þó að það sé að vísu rétt, að afgangsorkan sé meiri án álbræðslu, þá er vandséð, hvaða markaður væri fyrir hana umfram þann markað, sem Búrfell með álbræðslu getur annað. Þetta var í sjálfu sér mjög eðlileg aths., en þessar skýringar gefa auðvitað verulegar upplýsingar í sambandi við þennan lið í tveimur mismunandi áætlunum.

Þá vefengdu báðir þessir fyrirsvarsmenn stjórnarandstöðunnar áætlanir um gjaldeyristekjur af álbræðslu. Hv. 1. þm. Austf. sagði, að það væri nú bara alveg fyrir ofan sinn skilning, sem haldið væri fram um það. Nú er það að vísu svo, að þó að eitthvað sé fyrir ofan skilning einhvers, hv. 1. þm. Austf. eða annars, þá hrindir það ekki út af fyrir sig réttmæti málsins. Hitt get ég vel skilið, að bæði þetta atriði og ýmis önnur hafa menn kannske ekki haft mjög langan tíma til þess að kynna sér og mér er það líka alveg ljóst, að þegar hv. 1. þm. Austf. hefur aðstöðu til að kynna sér þetta betur, skilur hann þetta engu síður en hver annar. En dæminu verður ekki hrundið aðeins með slíkri staðhæfingu. Aftur á móti vék Lúðvík Jósefsson að þessu máli þannig, að hann vildi reikna út, að það gæti ekki staðizt, að gjaldeyristekjurnar væru svona miklar, hreinar gjaldeyristekjur, 300—320 millj. króna, taldi réttilega vinnuliðinn og taldi réttilega skattaliðinn, taldi hins vegar (ekki réttilega) engan hluta af raforkuliðnum, því að það verður að telja vissan hluta af honum. Til frekari skýringar á þessu máli hef ég fengið þessar upplýsingar: Áætlaðar gjaldeyristekjur af 60 þús. tonna álbræðslu, þ.e.a.s. hreinar gjaldeyristekjur: vinnuaflskostnaður við framleiðsluna 120 millj. króna, skrifstofukostnaður, viðhald o.fl. 58 millj. kr., kostnaður í álsteypunni sjálfri 21 millj. kr., skattar 52 millj. kr., raforka 112 millj. kr., en þetta gerir 363 millj. kr. Svo segir: Áætlað er, að ⅔ af heildarreksturskostnaði Búrfellsvirkjunar sé erlendur kostnaður og af því séu 55% vegna álbræðslu eða 63 millj. kr. og þegar 63 millj. kr. eru þarna frádregnar, verður útkoman 300 millj. kr. hreinar gjaldeyristekjur. Við þetta er svo bætt, að afkastageta verksmiðjunnar yrði sennilega í reynd nokkru meiri en 60 þús. tonn, það er byggt á því, að með aukinni tækni og eins og stefnan er, takist mönnum að nýta betur aflið, sem þeir fá, og má því gera ráð fyrir, að gjaldeyristekjur myndu, þegar fram í sækir, verða um 20 millj. kr. meiri en að ofan getur. Þetta eru frekari skýringar á þessu dæmi. Ég geri nú ekki ráð fyrir, að mönnum finnist þær fullnægjandi, en þær ættu þó að vera til nokkurs skilningsauka. Það hafa verið reiknaðar töluvert hærri gjaldeyristekjur hjá Norðmönnum af 60 þús. tonna bræðslu, og það ætti nú að styðja það að vísu, að hér væri ekki reiknað óvarlega. Að vísu getum við sagt, ja, þeir njóta bara svo mikið betri kjara, hafa lægri raforku, — það hafa þeir, — en þeir hafa ekki lægri skatta, eins og ég hef bent á, a.m.k. engan veginn fyrstu árin, en það er ýmislegt annað, sem kemur til greina, sem ekki er áætlað hérna, margvísleg þjónustustarfsemi, sem ætla má, að fram komi, sem mér er kunnugt um, að Norðmenn gera grein fyrir í áætlunum sínum, og sérstaklega verður að hafa í huga, þegar tölur eru teknar til samanburðar frá þeim, sem nefndar hafa verið, eitthvað á 5. hundrað millj. kr. Held ég, að þeir hafi t.d. mjög miklar gjaldeyristekjur af flutningum til og frá álbræðslunum þar, annast þá að verulegu leyti. Nú höfum við ekki gert ráð fyrir einni krónu í flutninga hjá okkur í sambandi við þessa álbræðslu, en þar er einn af þeim mörgu framtíðarmöguleikum, sem ég held, að felist í þessu fyrirtæki, það er að okkar skipafélög taki að sér flutninga. Og þetta eru engir smáræðis flutningar, ef flytja á hráefnið hinum megin af hnettinum frá Ástralíu og hingað, og gætum við því jafnvel eignazt stór skip í þessu augnamiði. En þetta getur enginn reiknað að svo komnu og í samningunum er okkur ekki tryggt annað en samkeppnisaðstaða í þessu. Ef við getum keppt við aðra, þá skulum við ganga fyrir.

Hv. 1. þm. Austf. sagði, að skv. samningunum hefði hið erlenda fyrirtæki skýlausan rétt til erlends vinnuafls, og það væri afar slæmt. Þetta er ekki rétt. Það er ekki samkv. samningunum, það er skv. íslenzkum lögum, því að samningsákvæðin veita þeim rétt með tilvísun til íslenzkra laga og eins og þau hafa verið framkvæmd í gr. 17.01. Þetta sést bara, ef menn vilja lesa samninginn, og þetta er eitt af þeim ákvæðum, sem m.a. kom inn vegna góðra ábendinga í þingmannanefndinni, ekki síst frá Birni Jónssyni, um það að ganga betur frá þessum ákvæðum. Hann benti mér á, að í lögum okkar er það félmrh., sem veitir heimild til að flytja inn erlent vinnuafl, að fengnum till. verkalýðsfélaga. Að fengnum till. þýðir ekki annað en það, að það þarf þá fyrst að fá till., það þarf ekki að fara eftir þeim. En það hefur alltaf verið farið eftir þeim og þess vegna fékk ég sett inn í greinina þetta ákvæði: „í samræmi við ákvæði íslenzkra laga, eins og þeim hefur verið framfylgt," svo að frá þessu verður ekki vikið, og þetta er alveg tryggt. Samningurinn tryggir okkur með öðrum orðum umfram íslenzk lög.

Hv. 1. þm. Austf. talaði einnig um, að þeir greiddu ekki skatt af arði af hlutafé. Nei, það er rétt, og þetta átti að vera sérstaða, en þetta er nú í samræmi við tvísköttunarsamninga, sem við höfum verið að gera við aðrar þjóðir og erum í vaxandi mæli að gera, við erum t.d. búnir að gera þá bæði við Norðmenn og Svía.

Svo kem ég að einu smáatriði, sem er kannske ekki svo mjög alvarlegt. Það var að vísu mikill óður til sjávarútvegsins, sem hv. 5. þm. Austf. flutti, og fallegur, og get ég tekið undir hann í einu og öllu. Hann vék m.a. að loðnuveiðunum og sagði, að hafi maður bara loðnuveiðar svolítinn tíma, þá fái maður meiri gjaldeyri í þjóðarbúið heldur en af heilli

álbræðslu. En hann bætti við, „ef réttilega er á haldið.“ Það er alveg eins og hv. þm. hafi bara kippt loðnunni hérna upp að landinu, haldið sem sagt réttilega á. En dettur honum í hug, að nokkur hætti loðnuveiði, þó að álbræðsla verði byggð, ef loðnan gengur? Það held ég ekki. Auk þess er nú ekki, því miður, gert ráð fyrir, að erlendur gjaldeyrir af þessari miklu loðnu, sem nú í ár er yfir ein milljón tunnur, verði meiri brúttó en um 130 millj. kr. Í fyrra var veiði 500 þús. tunnur, árið þar áður 80 þús. og þar áður engin nema bara í beitu. Við sjáum af þessu, að það hafa nú verið aðeins 2 ár, sem loðna hefur veiðzt, að nokkru ráði, helmingi meira í ár heldur en í fyrra, en þar áður sáralítið. Það eru líklega um 130 millj. kr., sem við fáum með vissu í gjaldeyri af þessari veiði, en brúttógjaldeyririnn af álbræðslu er reiknað með að sé 1.300 millj. kr. eða tíu sinnum meiri. En það er gott að geta haldið vel á loðnuveiðum og síldargöngum, enda er kannske ekki alveg fráleitt, að hv. þm. hafi einhver áhrif á síldargöngurnar, ef marka má, hvað þær hafa haldið sér á undanförnum árum í námunda við heimkynni hans!

Það var svolítið rætt um skattana í hlutfalli við mannafla, sem við fyrirtækin vinna, og sagði hv. 5. þm. Austf. að þeir væru nú miklu meiri af sjávarútvegi. Já, þeir eru sjálfsagt í vissum tilfellum og í takmarkaðan tíma miklu meiri, sérstaklega varðandi síldarbræðslu, sem rekin er vissan tíma ársins, en ef síldarbræðslur okkar allar eru teknar í heild og yfir allt árið, þá lítur náttúrlega dæmið allt öðru vísi út. En af því við höfum byrjað umr. um þetta, sem ég segi nú, að skipti ekki afskaplega miklu, þá vil ég segja þetta, að til samanburðar við skatt á álbræðslu hefur verið aflað upplýsinga um beina skatta 33 stærstu fyrirtækjanna í Reykjavík á árinu 1964, — og það var á þessum og öðrum útreikningum, sem grg. er byggð, — og námu þeir samtals um 14 þús. kr. á hvern starfsmann fyrirtækjanna. Sömuleiðis hefur verið gerð tilraun til að áætla heildarskatta á atvinnurekstur hér á landi, bæði beina skatta, söluskatt og tolla, og áætlað er, að þeir hafi numið samtals um 1.200 millj. kr. Áætlað er, að fjöldi starfandi fólks annars en við landbúnað og í þjónustu opinberra aðila hafi numið um 50 þús. manns, og heildarskattar á allan atvinnurekstur virðast skv. þessu hafa numið að meðaltali um 24 þús. kr. á hvern starfandi mann. Til samanburðar koma skattar að upphæð 116 þús. kr. á hvern starfsmann í 60 þús. tonna álbræðslu. Það má segja, að svona samanburður sé kannske ekki mikils virði og meira til gamans, en úr því að um það var byrjað að ræða, þá vildi ég samt láta þetta koma fram.

Það hafa ýmsir fleiri þm. tekið til máls í þessum umr., og væri kannske rétt að víkja lítillega að því. Hv. 3. þm. Reykv. talaði hér í gær. Þó að við eigum oft samleið um margt, þá er eins og við séum sinn á hvorum pólnum, þegar verið er að tala um þessi mál, sem hér um ræðir, atvinnurekstur og fjármagn, ég tala nú ekki um kapítalisma, hvað þá erlendan kapítalisma, svo að við nálgumst ekki hvor annan, þó að við förum að rökræða eitthvað frekar um það.

Ég sé, að Þjóðviljinn hefur tekið því fegins hendi og birtir með miklum fögnuði í morgun, — ég held í tvöfaldri fimmdálka fyrirsögn, — að gróðinn af álbræðslunni verði 460 millj. kr. Ja, þeir mega vera þakklátir hv. 3. þm. Reykv., þeir í Swiss Aluminium, ef þetta reynast orð að sönnu. Hann spurði, hvort við hefðum kynnt okkur, hver væri líklegur gróði af svona fyrirtæki, og því er til að svara, að við höfum auðvitað mjög nákvæmar áætlanir frá þeim, bæði frumáætlanir og endurskoðaðar áætlanir og aftur endurskoðaðar áætlanir, um þeirra rekstur, og bárum þær undir erlend endurskoðunarfyrirtæki, af því að við töldum okkur ekki sjálfa hafa aðstöðu til þess að meta þær. Þeir töldu áætlanirnar mjög eðlilegar. Það er náttúrlega allt annað uppi á teningnum um áætlaðan gróða í þeim, en ég get ekki vitnað sérstaklega til þess, eins og menn skilja. En ég get auðvitað leiðrétt hv. 3. þm. Reykv., miðað við hans eigin útreikninga, því að hann byggði á því, að amerískar álbræðslur hefðu 24—26% hagnað af sínu kapítali. En gert er ráð fyrir, að kapítalið í ISAL verði 800 millj. kr. eða þriðji parturinn af fjármagninu, og fjórði parturinn af 800 millj. er nú ekki nema 200 millj. kr. gróði í staðinn fyrir þessar 460. Hann spurði, hv. 3. þm., hvernig ætti að útvega fé í höfnina. Ég get gefið upplýsingar um það, að það hefur alltaf verið gert ráð fyrir því, að ríkisstj. hefði forgöngu um það f.h. Hafnarfjarðarkaupstaðar, að útvega lánsfé í höfnina, og viðræður hafa farið fram um það á erlendum vettvangi, og ég tel, að við höfum ástæðu til þess að ætla, að okkur muni takast að sjá um það. Það verða ekki Svisslendingarnir sérstaklega, sem lána í hana, en þeir eiga, eins og fram kemur í málsskjölunum, að borga lánið á 25 árum með 6% vöxtum.

Það er eitt atriði enn, sem hv. 3. þm. Reykv. spurði um, áhrif force majeure á skuldbindingar aðila. Ég hafði nú lítinn tíma, af því að við sátum hérna fram eftir öllu kvöldi, og tel því eðlilegast og kannske heppilegast að fresta svari við þessari spurningu, þangað til í síðari umr. málsins. Þarna eru, eins og hv. 3. þm. benti á, mjög flókin lögfræðileg samningsatriði, og það gagnar held ég engum okkar að segja neitt um það, nema að fyrirfram athuguðu máli og geri ég ekki ráð fyrir, að það sé neitt við það að athuga, þótt ég fresti að svara því nánar.

Hann spurði: Getur ISAL flutt inn erlent verkafólk fyrir lægra kaup, verkfallsbrjóta? Nei, það getur það ekki, það getur ekki flutt inn verkafólk, nema með samþykki verkalýðsfélaganna hérna, og ég geri ekki ráð fyrir því, að þau fari að samþykkja það, að þeir flytji inn verkfallsbrjóta.

Hann spurði: Eru einhverjir hagsmunir tengdir við það, að við göngum í Efnahagsbandalagið? Nei, það eru engir hagsmunir við það bundnir, og það er einmitt vegna skattafyrirkomulagsins. Það mætti segja, að það væru hagsmunir við það bundnir, ef greiddir væru venjulegir skattar. Ef við losnuðum við tolla af útflutningi o.s.frv., þá batnaði afkoma fyrirtækisins, og þá mundi það fá meira í sinn hlut. Svo ég held einmitt, að skattafyrirkomulagið verki þarna alls ekki örvandi heldur frekar sem hemill í þessu sambandi á það, að við förum í Efnahagsbandalagið.

Hv. 3. þm. Vestf. talaði hér í gær og okkur hefur komið saman um það að láta liggja á milli hluta að svara þeirri ræðu, þangað til á síðara stigi málsins, en hann komi sínum fyrirspurnum, sem hann beindi til mín í gærkvöldi, á framfæri við nefndina til þess að fá upplýsingar um þá ýmsu útreikninga, sem hann fór með.

Aðeins einu atriði úr ræðu hans vil ég víkja að, til þess að það valdi ekki misskilningi, og það eru ákvæðin um mengunina. Það kom greinilega fram, að það virtist svo sem hv. þm. fyndist ekki, að nægjanlega vel væri um þá hluti búið, en ég tel, að það sé mjög vel um þá hluti búið hjá okkur. Í fyrsta lagi vil ég segja það, að þetta flúor-gas eða útblásturinn og það hættulegasta, sem í honum er, mun vera flúor, er ekki hættulegt mönnum og þess vegna þarf ekki að gera neinar sérstakar ráðstafanir í sambandi við það í sjálfri álbræðslunni. Það getur orðið hættulegt gróðri og skepnum, sem bíta eða nærast á gróðrinum, eftir að svo og svo mikið flúormagn hefur safnazt í gróðurinn. Þess vegna er það ekkert álitamál, að þar sem álbræðslur eru reistar í dölum eða í landbúnaðarhéruðum, er ekki um annað að ræða en setja strax í upphafi hreinsunartæki í þær, en þau eru dýr. En gróður er nú ekki mikill þarna á Reykjanesinu. Þó verður að hafa það í huga, að iðnmrh. bað Rannsóknastofnun iðnaðarins að kanna málið og það var misskilningur hjá hv. þm., að það hefði bara verið farið eftir upplýsingum frá Swiss Aluminium, því það kemur fram í fskj., sem að þessu lýtur, að það voru bæði höfð dæmi af slíkum málum í Noregi og Bandaríkjunum og framkvæmdastjóri Rannsóknastofnunar iðnaðarins, Pétur Sigurjónsson, hann tókst á hendur alveg sérstaka ferð til Noregs til þess að kynna sér þessi mál þar eftir beiðni minni. Það er ekki talið sennilegt, að það verði nein hætta af þessu, en það skapast fljótt möguleikar til þess að kanna það, hvað þetta úrfall verður mikið frá 30 þús. tonna verksmiðjunni. Og áður en kemur að því að stækka, vil ég benda á þessi ákvæði, sem hér eru: „ISAL mun gera allar eðlilegar ráðstafanir til þess að hafa hemil á og draga úr skaðlegum áhrifum af rekstri bræðslunnar í samræmi við góðar venjur í iðnaði í öðrum löndum við svipuð skilyrði.“ — Og um reglur um öryggi og heilbrigði og hreinlæti segir í greininni næst á eftir, „að ISAL skuli byggja og útbúa og reka bræðsluna og halda henni við í samræmi við núgildandi og síðari lög og reglur á Íslandi varðandi öryggi í atvinnurekstri, heilbrigði og hreinlæti, og skal í þessum efnum vera háð eftirliti opinberra stofnana, sem ábyrgð bera á framkvæmd á slíkum reglum.“ Ég held þess vegna, að við höfum alveg nægjanlega sterk samningsákvæði. Ég fullyrði það hér, að kæmi það í ljós, að hér yrði um að ræða einhvern skaða af völdum útblástursins á fyrsta stigi bræðslunnar, þá er ekki aðeins ISAL ábyrgt, eins og greinin segir nánar um, heldur mundum við þá hafa aðstöðu til þess að skylda þá til, eftir samningnum, að setja upp hreinsunartæki, bæði í hluta verksmiðjunnar, sem kominn er, og þann, sem framundan er. Þessu hef ég margsinnis haldið fram og þetta hefur verið minn skilningur á grundvelli þessarar greinar. Við töldum, að þetta væri engum vafa undirorpið, þegar greinarnar voru komnar í þetta horf, sem þær nú eru.

Ég hef náttúrlega ekki svarað öllu og sumt hef ég leitt hjá mér af skiljanlegum ástæðum, sem mér hefur ekki þótt ástæða til að svara. Það er auðvitað ýmislegt, sem fram hefur komið, sem snertir ekki beinlínis samningagerðina, eins og hjá hv. þm. Norðurl. Gísla Guðmundssyni í gær, en það var algerlega bundið við staðsetninguna, og þar hafa menn sínar mismunandi skoðanir. Ég hafði þá skoðun, alveg eins og hann, að ég taldi það langæskilegast, ef viðráðanlegt hefði verið, að staðsetja þessa álbræðslu fyrir norðan. Menn vita, að niðurstaða mín og annarra varð önnur og það geta menn ásakað mig fyrir, en ég tel, að við höfum fært fram nægjanlega sterk rök fyrir því, að um annað hafi ekki verið að ræða að svo stöddu.

Ég skal þá ljúka máli mínu, herra forseti. Ég hef með rósemi getað hlýtt á aðfinnslur andstæðinga þessa máls með einni undantekningu, sem ég gerði sérstaklega grein fyrir, varðandi gerðardómsákvæðin. Þar hafa ásakanirnar, að mínu viti, farið langt út fyrir velsæmi og grundvallast engan veginn á réttu mati eða þekkingu, né heldur fá þær staðizt miðað við fyrri afstöðu þm., sem allir hafa vitað um langan tíma um þessi ákvæði, en engum andmælum hreyft nema minni háttar aths. í þmn., þótt þeim væri gefið fyllsta ráðrúm til þess. Mig undrar ekki, þótt menn teldu, að sitt hvað mætti betur fara í samningagerðinni. Fáum er ljósara en mér, að málið er margbrotið og fjölþætt. Það er því ekki undrunarefni, þótt deilur rísi, en öldurnar mun lægja. Í mínum huga treysti ég því, að við séum að fjalla um og afgreiða mikið framtíðarmál. Ég bið þess, að framkvæmd þess megi verða íslenzku þjóðinni til farsældar og blessunar.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Ég vildi fara fram á það við hæstv. forseta, að hann athugi hvort hæstv. landbrh. er ekki hér í húsinu. Ég hefði gjarnan viljað ræða lítið eitt við hann um þetta mál, eða viss atriði í því. — Já, þökk fyrir.

Í þeim umr., sem þegar hafa farið fram um þetta mál, hefur verið fjallað um nokkur stór atriði í þeim samningi, sem hér er lagður fyrir Alþ. M.a. hefur verið á það bent, að hæstv. ríkisstj. hefur samið um það við Svisslendinga, að selja þeim raforku fyrir langt um lægra verð en þeir greiða Norðmönnum fyrir orku til rekstrar fyrirtækja af sömu tegund og það er, sem fyrirhugað er að koma á fót hér á landi. Einnig hefur verið andmælt kröftuglega þeirri árás ríkisstjórnarinnar á innlenda dómstóla, sem felst í þessum samningi. Fleira hefur þegar verið nefnt, sem sýnir, að það er ósæmilegt af Alþ. að staðfesta þennan samning.

Ja, hvernig skyldi vera með hæstv. landbrh.? **(Forseti:** Það er verið að athuga, hvort hæstv. landbrh. sé í húsinu, og gera ráðstafanir til þess að gera honum aðvart, ef hann er staddur hér.)

Ég hefði nú einnig viljað bera fram þá ósk við hæstv. forseta, að hann hlutaðist til um, að meiri hl. af

þm. stjórnarflokkanna væri hér staddur í þingsalnum, þegar verið er að ræða um þetta mikla mál. Mér finnst það sanngirniskrafa, að þeir séu það. **(Forseti:** Ég hef fengið þær upplýsingar, að hæstv. landbrh. er ekki eins og stendur staddur hér í húsinu.)

Já, það var slæmt, en ætli það sé ekki eitthvað fleira af þm. stjórnarflokkanna hér en þeir, sem eru hér inni í þingsalnum? **(Forseti:** Það er sjálfsagt að verða við tilmælum hv. þm. og ég mun kalla þm. til deildarinnar.) Ég þakka fyrir, herra forseti.

Víst væri ástæða til að ræða margt, sem hér er fjallað um, en ég ætla þó aðeins að fara nokkrum orðum um eitt atriði í samningi ríkisstjórnarinnar við Svisslendinga, sem ég held, að ekki hafi enn verið rætt um af þeim hv. þm., sem hafa andmælt frv. og samningnum. Það eru ákvæðin um undanþágur fyrirtækisins frá greiðslu aðflutningsgjalda af innfluttum varningi.

— Það virðist ekki bera nægan árangur að hringja bjöllunni, e. t. v. vildi hæstv. forseti biðja verðina að smala mönnum á fundinn, þeim, sem eru hér í húsinu. **(Forseti:** Ég leyfi mér að vekja athygli hv. þm. á því, að öllum þm., sem hér eru staddir í húsinu, er kunnugt um það, að fundur stendur hér yfir. Ja, ég geri einnig ráð fyrir því, að þeir, sem hingað hafa komið, sjái hver stendur í ræðustólnum.) Það getur samt verið full ástæða til að benda þeim á þessa ósk mína.

Í 14. gr. samningsins segir svo, með leyfi hæstv. forseta: „Eftirtalið skal undanþegið aðflutnings- og útflutningsgjöldum, nema öðru vísi sé ákveðið í mgr. 14.02:

a) innflutningur af hálfu ISALs eða fyrir þess hönd eða verktaka, sem ISAL ræður til sín, á öllum efnum, vélum, ökutækjum, eldsneyti, smurningsefnum, búnaði og vistum, þar á meðal auka- og varahlutir til notkunar, neyzlu eða ísetningar við byggingu bræðslunnar.

b) innflutningur af hálfu ISALs eða fyrir þess hönd til neyzlu, notkunar og vinnslu af hálfu ISALs á hráefnum, eldsneyti og smurningsefnum, vélum, búnaði, vistum, sérstökum prömmum, farartækjum og umbúðum, auka- og varahlutum, sem ISAL þarf á að halda til rekstrar bræðslunnar."

Þannig segir í 14. gr.

Skv. ákvæðum í 31. gr. samningsins á einnig að fella niður söluskatt af vörum, sem ISAL flytur inn, en þar segir svo í undirliðnum ii: „Söluskatturinn eða aðrir skattar af framangreindu tagi skulu ekki lagðir á vörur þær, sem taldar eru í mgr. 14.01 í samningi þessum," — það var mgr., sem ég var að lesa áðan, — „og ISAL flytur inn, sem eru notaðar, nýttar, unnar eða ísettar á bræðslulóðinni við byggingu bræðslunnar af hálfu ISALs eða einhvers verktaka ISALs eða af hálfu ISALs í rekstri bræðslunnar."

Í 18. gr. samningsins eru síðan fyrirmæli um efni, framleiðsluvörur og þjónustu, eins og segir í fyrirsögn þeirrar greinar.

Þar segir svo:

„Við byggingu og rekstur bræðslunnar skal ISAL veita forréttindi:

a) efnum og framleiðsluvörum af íslenzkri gerð eða uppruna að því tilskildu, að þær séu samkeppnisfærar um verð og gæði við efni og framleiðsluvörur af erlendum uppruna, og

b) þjónustu frá íslenzkum þjónustufyrirtækjum," o. s. frv. „að því tilskildu, að þau séu samkeppnisfær um verð og gæði við samsvarandi erlend fyrirtæki."

Þarna segir, að ISAL skuli veita forréttindi efnum og framleiðsluvörum af íslenzkri gerð eða uppruna að því tilskildu, að þær séu samkeppnisfærar um verð og gæði við efni og framleiðsluvörur af erlendum uppruna.

Ég vil benda hæstv. forseta á, að ég er reiðubúinn til að fresta framhaldinu af minni stuttu ræðu, ef hann vildi veita kaffihlé núna, ef þá væri von um, að fleiri mættu á fundinum að því loknu. **(Forseti:** Ég verð að tjá hv. þm., að þingverðir hafa haft samband við alla þá þm., sem hér eru staddir í húsinu, og þeim eru því kunnar óskir hans um, að þeir mæti hér og hlusti á hans ræðu.) Mundi þá hæstv. forseti vilja fresta minni ræðu, ég á ekki mikið eftir af henni, en ég vildi láta fleiri heyra hana heldur en þá, sem hér eru staddir, einkum af þm. stjórnarflokkanna. Þeir eru 21, sem eiga sæti hér í d., en það eru ekki nema 6, sem eru hér innan veggja núna, — sá 7. hér í dyrunum að vísu — og mér þykir það nokkuð slæm mæting. Ég er sem sagt reiðubúinn til að bíða, þangað til fleiri koma. **(Forseti:** Ég sé nú ekki ástæðu til að fresta fundi af þessari ástæðu, en mun leitast við að kalla þm. hingað með því að hringja bjöllunni eins og venja er til.) Þökk fyrir, herra forseti. **(Forseti:** Fundi verður ekki frestað.) Það hefur svolítið lagazt, þó eru þeir nokkuð fáir enn þá.

Þrátt fyrir þessi ákvæði, sem ég var hér að lesa upp um forréttindi fyrir íslenzka framleiðendur, er ekki hægt að búast við, að félagið hafi nokkur viðskipti við íslenzka framleiðendur, vegna þess að það getur fengið vörur erlendis frá með heildsöluverði án tolla og söluskatts. Eða hvaða innlent iðnaðarfyrirtæki getur keppt við toll- og söluskattsfrjálsan innflutning á erlendum iðnaðarvörum? Og ekki virðast neinar líkur til, að félagið kaupi íslenzkar landbúnaðarvörur, úr því að það getur keypt slíkar vörur tollfrjálsar og söluskattsfrjálsar frá útlöndum. Samkv. tollskránni eru þessi aðflutningsgjöld af innfluttum landbúnaðarvörum: Af kjöti 50%, af mjólk 50%, en af smjöri, osti og eggjum 70%. Veruleg aðflutningsgjöld leggjast á ýmsar aðrar innfluttar neyzluvörur og með þessu ákvæði eru stórar fjárhæðir færðar þeim útlendu. Enginn vafi sýnist á því, að ISAL mundi nota þá heimild, sem þeim er veitt í 18. gr. til að flytja inn frá útlöndum allar þær vörur, sem þeir telja sig þurfa að nota. Í 18. gr. samningsins segir svo um innflutningsheimildir fyrirtækisins:

„Með fyrirvara um ákvæði mgr. 18.01 mun ríkisstj. ekki setja neinar takmarkanir eða fyrirmæli varðandi:

a) kaup og innflutning á neinum efnum, framleiðsluvörum né þjónustu af öðrum uppruna en íslenzkum, til notkunar við byggingu og rekstur bræðslunnar."

Sem sagt, þeir eiga að hafa frjálsan innflutning á þessu öllu. Það er ástæða til að vekja sérstaka athygli

á ákvæðum 14. gr. um undanþágur frá aðflutningsgjöldum, sem ég las áðan. Þar er ekki aðeins veitt undanþága frá tollum af öllum efnum, vélum, ökutækjum, eldsneyti, smurningsefnum, auka- og varahlutum, farartækjum og umbúðum og þess háttar, heldur einnig af vistum til neyzlu við byggingu bræðslunnar og vistum, sem ISAL þarf á að halda til rekstrar bræðslunnar. Hvernig stendur á þessu? Ekki étur bræðslan mat. Hér hlýtur að vera átt við vistir, sem neytt verður af verkamönnum við byggingu og rekstur bræðslunnar. Þetta bendir ótvírætt til þess, að fyrirtækið ætli að setja upp mötuneyti fyrir það verkafólk, sem vinnur við byggingu og rekstur bræðslunnar. Ef félagið selur verkamönnum fæði frá mötuneytinu fyrir sama verð og algengt er annars staðar hér á landi, getur það stungið í sinn sjóð öllum tollum og söluskatti af innfluttum matvörum til mötuneytisins. Þarna yrði um álitlegar fjárhæðir að ræða, sem mætti skoða sem uppbót til Svisslendinga á viðskiptin eða sem afslátt á framleiðslugjaldi og raforkuverði og eins og ég gat um áður, eru ákvæði í samningnum um, að engar takmarkanir megi leggja á innflutning á vörum til þessa fyrirtækis. Það er talið, að mörg hundruð manna muni vinna hjá þessu fyrirtæki. Niðurfelling tolla og söluskatts af neyzluvörum þessa verkafólks er mikið fé, vafalaust mjög mikið fé yfir allan tímann. Líka gæti ISAL notað tolla- og skattfrelsið að einhverju leyti til þess að reikna sínum verkamönnum fæðið ódýrara en annars staðar gerist og styrkt sig þannig mjög í samkeppninni um vinnuaflið við innlenda atvinnurekendur, ef það teldi sig þurfa þess. Eða hvernig gætu innlend atvinnufyrirtæki veitt sínu verkafólki hliðstæð fríðindi þeim, sem útlendingarnir geta veitt vegna tolla- og söluskattsfrelsisins, sem þeir njóta? Ætlar ríkisstj. e. t. v. að beita sér fyrir því, að íslenzk fyrirtæki, t. d. fiskvinnslustöðvar eða önnur framleiðslufyrirtæki, fái sams konar undanþágur frá tollum og sköttum á innfluttum matvörum, til þess að þau geti boðið verkafólki sínu jafnódýrt fæði og ISAL getur gert? Ef það verður ekki gert, hvernig eiga innlendu fyrirtækin þá að standast samkeppni við ISAL um vinnuafl? Ég fæ ekki skilið ákvæði samningsins öðru vísi en þannig, að ISAL verði frjálst að flytja inn allar matvörur. Það er talað um vistir alveg án tillits til, hvort nóg af þeim er framleitt hér á landi eða ekki, því að vitanlega geta ekki innlendir framleiðendur keppt við þá útlendu, ef leyfilegt er að flytja útlendu vörurnar inn án allra tolla og söluskatts. Eitt af því, sem ISAL fær eftir mínum skilningi á samningnum leyfi til að flytja inn tollfrjálst og söluskattsfrjálst, eru landbúnaðarvörur frá öðrum löndum, allan tímann, sem fyrirtækið starfar, handa öllum þeim fjölda manna, er hjá því vinnur. Nú er slæmt, að hæstv. landbrh. er ekki viðstaddur, því að ég ætlaði að bera fram spurningu til hans. Ég verð þá líklega að kveðja mér hljóðs aftur síðar við þessa umr., ef hann verður hér við, því að ég óska að fá þeirri spurningu svarað, áður en þessari umr. lýkur. En ég vildi spyrja hæstv. ráðh. um það, hvort hann hefði gert sér þetta ljóst og hefur hann samþykkt þetta eða ætlar hann að samþykkja það? Og ég vil spyrja enn fremur, þó að þeir séu nú fáir hér viðstaddir því miður, þm. stjórnarflokkanna, er öðrum hv. þm. stjórnarflokkanna, sem eru fulltrúar fyrir menn í landbúnaðarhéruðum, kunnugt um þetta ákvæði í samningunum? Hafa þeir þegar fallizt á þetta eða ætla þeir að samþykkja það?

Ég á dálítið bágt með að trúa því þrátt fyrir allt. En úr þessu mun fást skorið, áður en langt um líður.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Ég sé ástæðu til þess strax að gera aths. í sambandi við þessa ræðu. Ég tel hana byggða á fullkomnum misskilningi og alveg út í hött, sannast að segja, að vistir eigi að vera matvörur og annað slíkt. Það leiðir greinilega af 14.02, þar sem benzín, neyzluvörur — neyzluvörur til almennings — eru ekki undanþegnar tolli, að vistir í þessu sambandi er ekkert af þessum vörum, sem hv. þm. var að tala um. Þetta er alveg augljóst af öðru samhengi í þessari gr.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Stundum stærum við okkur af því, Íslendingar, að þing okkar sé elzta þjóðþing í heimi og nýlega var því hampað suður í Ísrael. Menn skyldu því ætla, að elzta þjóðþing veraldar hefði þingræðið öðrum þingum fremur í heiðri, gerði sér far um það að setja ekki á það blett eða hrukku og starfa á þann hátt, að fyllilega samrýmdist anda lýðræðisins. Ég verð að segja það, að stundum setur að mér hroll, þegar ég sé, að mál eru þannig flutt fyrir Alþ., að lýðræðið er aðeins örþunn, gegnsæ blæja yfir þeim, en meginreglur lýðræðis og þingræðis brotnar. Þetta er ekkert einsdæmi, en þó held ég, að það stórmál, sem nú er lagt hér fyrir Alþ., sé einmitt lagt fyrir á þann hátt, að ekki sé til sóma fyrir elzta þjóðþing veraldar.

Málið er lagt fyrir Alþ. fullafgreitt að kalla. Hér vita allir, að enginn er kostur þess að breyta neinu. Málið, sem við erum að ræða þessa dagana á Alþ., hefur verið undirritað af einum ráðh. í hæstv. ríkisstj. fyrir hönd ríkisstj., með fyrirvara segja menn. Jú, að vísu, með fyrirvara. En þetta er gert, áður en málið er lagt fram fyrir Alþ. Íslendinga til umr. Stuðningsmenn stjórnarinnar eru settir andspænis þessu: ef þið ætlið að breyta orði eða stafkrók í þessum samningi, vitið þið hvað það kostar. Þá þýðir það, að þið væruð að fella ykkar eigin ríkisstj. Hvað er verið að gera með þessu? Það er alveg hliðstæða við það, að það sé verið að setja þumalfingursskrúfur á stuðningsmenn stjórnarliðsins og það sé verið að herða á þessum skrúfum, til þess að öruggt sé, að enginn dirfist að fara fram á nokkra minnstu breytingu á þeim samningi, sem hér er til meðferðar. Ég fæ ekki betur séð heldur en þessi vinnubrögð beri vott um það, að hæstv. ríkisstj. hafi borið ugg í brjósti um, að liðinu væri ekki fulltreystandi til þess að afgreiða þennan samning nema því aðeins það væri svolítið hert á þumalfingursskrúfunum. Þetta hlýtur að hafa verið gert til þess að gera það öruggt, að liðinu yrði haldið saman. Stjórnin átti að hafa hér 32 menn, til stuðnings við þetta mál, af 60.

Það máttu því ekki bila þarna tveir menn. Þetta er enginn sterkur meiri hl., þetta er naumur meiri hl., svo naumur, að þó að allt hefði verið með felldu, hefði tæplega verið formandi í lýðræðislandi að afgreiða slíkt stórmál sem þetta með svo naumum meiri hl. En enginn veit, vegna þess hvernig málið er lagt fyrir Alþ., hvort þessi meiri hl. hefur verið fyrir hendi.

Undirskrift hæstv. iðnmrh. segir okkur það fullljóst og skýrt, að ákvörðunarvaldið í þessu máli er ekki lengur í höndum Alþ. Hæstv. *ríkisstj. hefur tekið sér* ákvörðunarvaldið í málinu og gengið frá samningunum með undirskrift. Málið er búið og gert. Það er okkur öllum ljóst. Einn af hv. stuðningsmönnum ríkisstj., — því miður er hann ekki staddur hér í dag, hefur boðað veikindaforföll, — sagði í gær, að svona ætti þetta meira að segja að vera samkv. hinni íslenzku stjórnarskrá. Nei, svona á þetta áreiðanlega ekki að vera samkv. íslenzku stjórnarskránni. Þeir samningar, sem lagðir eru á annað borð fyrir Alþ., eiga að vera hér til frjálsrar ákvörðunar og meðferðar í sölum Alþ., og þar á engin þvingun að eiga sér stað gagnvart þm. En undirskrift ráðh. getur af engum talizt annað heldur en tilraun til þvingunar á stjórnarliðið. Það mætti jafnvel segja það, að andstæðingum þessa máls væri miklu auðveldari eftirleikurinn að fara ólýðræðislegar og óþingræðislegar leiðir sem andsvar við þessum vinnubrögðum hæstv. ríkisstj. Það er vitað, að Sjálfstfl. gengur ekki heill til skógar til fylgis við þetta mál, og það er full ástæða til þess að ætla, að í þingliðinu séu þar einnig menn, sem ekki væru fúsir til þess af frjálsum vilja að framfylgja þessum samningi og standa að því að samþykkja hann. Það gæti verið full skýring á þessum vinnubrögðum, þessum óþingræðislegu vinnubrögðum, sem hér hefur verið beitt. Þá er það og vitað, að fjöldi áberandi sjálfstæðismanna í þjóðfélaginu hafa tjáð sig andvíga þessum samningi og vitað er, að þjóðarstemningin leggst mjög þungt í fang þeim, gegn þeim mönnum, sem hafa gert þetta mál að sínu máli og reyna að knýja það fram, án þess að spyrja þjóðina neins þar um. Þó virðist mér sem geigurinn sé augljósastur í röðum Alþfl.-manna, þ. e. a. s. annars stjórnarflokksins. Alþfl. hefur gert samþykkt um þetta mál, miðstjórnarsamþykkt og þar dylst hræðslan ekki, hræðslan við málið, hræðslan við þjóðina gagnvart málinu. Í einu af málgögnum Alþfl. var fyrir nokkru birt miðstjórnarsamþykkt hans um þetta mál. Í inngangi að þessari samþykkt segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Miðstjórn Alþfl. ræddi um byggingu fyrirhugaðrar álbræðslu sunnan Hafnarfjarðar á fundum nýverið. Var eftirfarandi samþykkt gerð með öllum greiddum atkv. nema hvað þrír sátu hjá."

Í miðstjórn Alþfl. var ekki rakið fylgi með þessu máli, þrír sátu hjá. Þó er upphafið á þessari ályktun orðað þannig, að það sé svona eins mjúklega farið að mönnum eins og hægt sé, til þess að nokkurt hald sé í samþykktinni. Þar er í upphafi talað um, að miðstjórn Alþfl. ítreki fyrri samþykkt sína um, að Íslendingum beri að hagnýta erlent fjármagn. Nú er öllum auðskiljanlegt, að það er hægt að hagnýta erlent fjármagn sem lánsfé og það hefur yfirleitt ekki þótt neitt athugavert af hendi íslenzkra manna, þótt erlent fjármagn væri hagnýtt sem lánsfé, en menn greinir mjög á um hitt, hvort það sé fyrir okkar örsmáa þjóðfélag örugg leið að hleypa ótakmörkuðu erlendu fjármagni inn í okkar atvinnulíf og leyfa útlendingum að reka hér stórfyrirtæki, stærri fyrirtæki en hér eru til í íslenzkum höndum. Alþfl. lýsir síðan í þessari ályktun stuðningi sínum við þetta mál, sem hér um ræðir, og færir fram nokkur rök frá sínu sjónarmiði fyrir þeim stuðningi. Þeir segjast vera með þessu að treysta stoðir íslenzkrar framleiðslu. Er það nú alveg víst, að stoðir íslenzkrar framleiðslu styrkist við það að fá slíkan keppinaut, sem hér um ræðir, um t.d. íslenzkt vinnuafl? Er það líklegt, að höfuðstoð íslenzks atvinnulífs, sjávarútvegurinn, telji sér mikinn styrk að því að fá slíkan keppinaut um íslenzkt vinnuafl? Ég er miklu hræddari um það, að forustumenn í sjávarútvegi Íslendinga telji frekar hitt, að það reyni á þessar stoðir og þær gætu jafnvel einhverjar brostið við þessa hörðu samkeppni hins sterka erlenda aðila, sem hingað væri leiddur með sérréttindum inn í íslenzkt þjóðfélag til þess að keppa við þá um það, sem er undirstaðan undir þeirra atvinnurekstri, vinnuaflið. Þeir segja í annan stað, að rök með þessu máli séu þau, að þetta veiti atvinnu. Það veitir svo mikla atvinnu, að hætt er við, að aðrir atvinnuvegir þurfi að draga saman segl, af því að þeir fá ekki vinnuafl. Þetta hefði verið mikils virði, ef hér hefði ríkt atvinnuleysi og okkur hefði vantað verkefni fyrir íslenzkar hendur að vinna. Þá eru þetta rök með málinu, en eins og sakir standa nú, er það síður en svo rök fyrir þessu máli. Það eykur okkar vanda á þessu sviði, en dregur ekki úr honum, leysir ekki vandann, eykur okkar vanda. Þetta mál veitir okkur gjaldeyristekjur, segja menn, — ósköp er þetta nú billegt! Sérhver atvinnurekstur verður auðvitað að auka gjaldeyristekjur, en spurningin er bara sú, eykur þetta gjaldeyristekjur meir heldur en annar atvinnuvegur, t.d. sjávarútvegur eða fiskiðnaður, sem tæki til sín ámóta mikið af vinnuafli? Stenzt það samkeppni um gjaldeyrisframleiðsluna við okkar eigin atvinnuvegi? Það er spurningin og það dreg ég mjög í efa. Og ef svo er, ef það er rétt, eru þetta ekki rök með málinu. Þeir segja, Alþfl.-menn, *í sinni ályktun*, að þeir telji, að þetta muni stuðla að uppbyggingu eldri atvinnugreina eða efla aðrar nýjar. Ég held, að það stofni einmitt íslenzkum atvinnuvegum í háska, eins og ástandið er núna í okkar þjóðfélagi, sem ég skal koma nánar að síðar. Mér kæmi það alveg á óvart, ef Landssamband ísl. útvegsmanna eða Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna gerðu samþykktir um þetta mál og lýstu því yfir, að þeir teldu álbræðsluna við Straumsvík efla íslenzkan sjávarútveg eða íslenzkan fiskiðnað, öðru vísi hefur mér heyrzt hljóðið í þeim. En sjálfsagt geta þeir fullt rúar útgerðarmannasamtakanna, sem hér eiga sæti á Alþ., vitnað og undirstrikað þetta atriði í röksemdafærslu Alþfl., ef þeir eru sama sinnis, en annars hygg ég, að þeir þegi.

En svo fara að opnast augu Alþfl.-manna, þeirra miðstjórnarmannanna, sem ekki sátu hjá, og þeir segja: Miðstjórn Alþfl. er ljóst, að erfiðleikar geti fylgt

svo umfangsmiklum framkvæmdum, — þá fer þá að óra fyrir því, — sérstaklega á byggingartímanum, og þeir sjá ástæðu til þess að taka í því sambandi fram nokkur atriði. Jú, þá órar fyrir því, að einhverjir erfiðleikar verði nú í sambandi við þetta, sérstaklega á byggingartímanum. Já, skyldi það ekki. Alþfl. telur, að Íslenzka álfélaginu hf. beri að sjálfsögðu að hlýða íslenzkum lögum, — vissara var nú að taka það fram, — um skipti við stéttarfélög, en eigi ekki að ganga í samtök atvinnurekenda, iðnrekenda eða annarra sambærilegra aðila og hafa þannig áhrif á kjarabaráttu þjóðarinnar. — Þetta er sjónarmið, sem ég virði og það gleður mig, að þeir skulu þó hafa komið auga á það, að það væri dálítið athugavert við það, ef þessi aðili gengi í íslenzk vinnuveitendasamtök, það væri þá líklega orðin ástæða til að nema orðið „íslenzk" í burtu úr heiti þeirra. En hæstv. ráðh. hefur nú vikið að þessu atriði og þeirri lagfæringu, sem á orðalagi samningsins hefur verið gerð á seinna stigi máls til þess að búa þar svona, eins og búið verður um að mínu áliti um það, að íslenzk lög, eins og þau eru nú og hafa verið í framkvæmd, verði framkvæmd gagnvart þessum erlenda aðila að því er snertir þetta atriði og innflutning erlends verkafólks. Ég játa það fyllilega, að þar hefur ekkert verið haldið illa á máli til þess að veita verkalýðsfélögunum rétt. En hvað þýðir fyrirvari Alþfl.? Hvaða gildi hefur hann og þær aðrar aths., sem hér eru gerðar og birtar í samþykktarformi? Hér kemur síðan: Er það skilyrði fyrir stuðningi Alþfl. við málið, að svo verði ekki, að þessi atvinnurekandi gangi ekki í Vinnuveitendasambandið. En er málinu borgið með því? Það hefur lengi verið hér annar erlendur aðili, sem hefur notað íslenzkt vinnuafl um margra, margra ára skeið. Það er setuliðið á Keflavíkurflugvelli. Það hefur auðvitað ekki gengið í Vinnuveitendasamband Íslands eða samtök iðnrekenda, en hvað hefur það gert? Hefur það ekki lagt neitt af mörkum til þess að hafa áhrif á íslenzka vinnumarkaðinn og kraftahlutföllin milli atvinnurekenda og verkalýðssamtaka? Og jú, vissulega, án þess að ganga í Vinnuveitendasambandið. Mér er ekki kunnugt um annað heldur en setuliðið á Keflavíkurflugvelli hafi öll þessi ár borgað kvartprósent af öllum vinnulaunum, sem þar hafa verið greidd, til Vinnuveitendasambands Íslands fyrir það að vera lögfræðilegur ráðgjafi þeirra og leiðbeinandi. Og þannig hefur sá aðili, án þess að vera í Vinnuveitendasambandinu, lagt fram stórfúlgur fjár til þess að styrkja annan aðilann á íslenzkum vinnumarkaði og hefði þó þar ekki átt nærri að koma. Skyldi það vera torvelt fyrir þennan erlenda aðila að fullnægja skilyrði Alþfl. um að ganga ekki í vinnuveitendasamtökin, en borga þeim fyrir að vera lögfræðilegir ráðgjafar sínir svo og svo mikla upphæð, hvort sem það yrði kvartprósent eða einhver önnur upphæð? Gatan er troðin og Alþfl. veit um þetta og veit þess vegna, að skilyrði hans er einskis virði. Það er sett fram til þess að sýnast, en ekki til að þýða neitt.

Eitt af því, sem Alþfl. slær svo varnagla um, er, að hann leggur áherzlu á, að verði erlent vinnuafl notað við byggingu orkuvers eða álbræðslu, gerist það samkv. gildandi l. eins og þeim er beitt í framkvæmd. — Þetta er alveg í samræmi við orðalag samningsins, eins og hann er nú, eins og hæstv. ráðh. hefur réttilega skýrt frá, og þar þurfti Alþfl. engu við að bæta og hefur engu við það bætt, það er bara upptugga. En þetta er eitt af skilyrðunum, sem hann setur. Alþfl. leggur síðast en ekki síst ríka áherzlu á, að ríkisstj. geri nauðsynlegar ráðstafanir til að draga úr þenslu vegna umræddra framkvæmda. Já, það er alveg prýðileg stjórnkænska þetta. Skapa fyrst þenslu og gera svo einhverjar ráðstafanir til að draga úr henni, þetta er vizka. En þetta er einmitt það, sem hæstv. ríkisstj. er að gera. Spana á sig þá þenslu, sem hún nú ræður ekkert við og margfalda hana og gera svo einhverjar kákráðstafanir til að draga úr henni. Og þetta er eitt af því, sem Alþfl. setur einna hæst. Og að lokum segir svo í þessari ályktun, með leyfi hæstv. forseta: Af þeim ástæðum og með þeim skilyrðum, sem hér hefur verið greint frá, styður Alþfl. byggingu orkuvers í Þjórsá og leyfi til byggingar álbræðslu við Straumsvík í landi Hafnarfjarðarkaupstaðar. — Með þessum skilyrðum. Og skyldi ekki íslenzkri alþýðu vera betur borgið eftir en áður. Eru þessi skilyrði ekki skráð í aðalsamninginn ofan við undirskrift hæstv. ráðh., til þess að það sé alveg tryggt, að þetta hafi eitthvert gildi? Ég hef ekki orðið var við þessi skilyrði Alþfl. ofan við undirskrift ráðh., það er hérna til hliðar í blaði norðan af Akureyri, — blaði Alþfl. norður á Akureyri.

Ég held, að svissneski alúminhringurinn verði ákaflega lítið bundinn af þessum skilyrðum Alþfl., en þetta segir okkur annað, að Alþfl. samþykkir þetta mál með skilyrðum, hann gerir það ekki fortakslaust, og þetta er annar stjórnarflokkurinn. Saman hafa þeir bara 2 atkv. meiri hl. hér á Alþ. skv. höfðatölu, ég veit ekki hvort hæstv. stjórn hefur þann stuðning, þó að hún hafi allfast fylgt á eftir um það, að slíkt skyldi ekki bregðast. Alþfl. virðist alls ekki vera fortakslaust fylgjandi þeim samningi, sem gerður hefur verið. Hann er að minnsta kosti að myndast við að setja alls konar skilyrði fram, þó að ég telji, að þau séu á engan hátt bindandi fyrir hinn erlenda aðila og hafi þannig bókstaflega ekkert gildi, — ekki gildi á móts við þann ódýra pappír, sem þetta er prentað á.

Nú, einn af ritstjórum Alþfl. hefur gefið yfirlýsingu í sambandi við þetta mál. Það út af fyrir sig sýnir, að það hljóta að vera allmörg dæmi þess í röðum Alþfl.-manna, að þeim hugnist ekki að þessu máli, því að í þessu sama blaði, þar sem afstaða Alþfl. var skýrð með ályktun miðstjórnar, þar sem þrír úr miðstjórninni sátu þó hjá og var ekki ljúfur dansinn, tekur ritstjórinn að þessu blaði Alþfl. fram það, sem nú skal greina, með leyfi hæstv. forseta, það eru aðeins örfá orð:

„Ritstjóri Alþýðumannsins vill upplýsa óhikað og án kinnroða, að hann er andvígur stóriðju við Straumsvík syðra, málmbræðslu, á þeirri forsendu, að slík ráðstöfun stuðli að því, að enn aukist sogkraftur Stór-Reykjavíkur eftir vinnuafli frá t. d. Norðurlandi og Vestfjörðum. Einnig er undirritaður vantrúaður á það, að rannsóknir varðandi Dettifossvirkjun hafi verið framkvæmdar nógu ítarlega og er ég hins vegar ekkert hræddur við, — segir ritstjórinn, — að

hleypa erlendu fjármagni inn í landið, svo fremi, að hagstæðir samningar náist." — Svo fremi, að hagstæðir samningar náist. En það er engu líkara en að hann telji ekki, að hagkvæmir samningar hafi náðst, því að hann lýsir því afdráttarlaust yfir, að hann sé andvígur stóriðju við Straumsvík syðra skv. þeim samningum, sem hann er þarna að ræða um. Hv. 5. þm. Vesturl., sem talaði hér í gær fyrir hönd Alþfl. og lýsti afstöðu hans, einmitt samkv. þessari miðstjórnarsamþykkt, talaði þannig um málið, að hann og hans flokkur hefði ýmislegt við það að athuga, en niðurstaðan varð samt sú, að þeir hefðu samþykkt samninginn og mundu greiða honum atkv. hér á hv. Alþ. Ýmislegt upplýsti þessi hv. þm. Hann sagði t. d.: „Við verðum að sækja eftir erlendu kapítali" — og það er alveg gefinn hlutur, að hann er að skýra frá því, að íslenzku samningamennirnir hafi sótt eftir þessu. Þá er ekki von, að samningsaðstaðan hafi verið sterk. Ég hefði hins vegar haldið, að við hefðum öll tromp á hendinni til þess að láta erlenda auðhringi vita, að við þyrftum ekki mikið á þessu að halda, eins og ástatt væri í okkar þjóðfélagi. Við hefðum að vísu ódýra raforku, jafnódýra og Norðmenn að bjóða, en við værum að öðru leyti þannig staddir með okkar þjóðfélag í efnahags- og atvinnumálum, að okkur væri ekki mikil eftirsókn í þessu. Ef slíku hefði verið haldið fram, hefðum við vitanlega haft allsterka samningsaðstöðu, en að liggja á hnjánum fyrir þeim og segja: Við verðum að ná í þetta, ná í þetta frá Norðmönnum með því að undirbjóða norskt rafmagnsverð. Það er heldur betur að búa sig í stakkinn til harðvítugra samninga við erlendan auðhring! Ég gæti hugsað, að hr. Meyer mundi hafa alveg hiklaust svarað því neitandi, ef hann hefði verið spurður á blaðamannafundi: Hafið þið nokkurn tíma átt við svoleiðis samningamenn, sem hafa legið frammi fyrir ykkur, biðjandi ykkur um að gera við sig samninga, sækjandi eftir því? — Við verðum að sækja eftir erlendu kapítali, sagði hv. þm. Nei, með slíkum vinnubrögðum er auðvitað engin viðspyrna í samningum. Okkar menn hafa þarna sótt á og það er skýringin á því, að við bjóðum rafmagn okkar fyrir 28% lægra verð en Norðmenn, þeir hafa boðið sama fyrirtæki og samið um við sama fyrirtæki og við vorum að semja við. Vantar ekki mikið á, að við bara viljum undirbjóða Norðmenn svo geipilega, að við séum með allt að þriðjungi lægra verð.

Ekki skildi ég nú röksemdafærslu hv. þm., þegar hann sagði, að við hefðum ekki hreinan skjöld í þessu máli, við hefðum verið að sækjast eftir því að koma upp vestur í Ameríku og víðar atvinnufyrirtækjum, þ. e.a.s. í fiskiðnaði, og ættum því ekki að standa á móti því, að útlendir aðilar kæmust hér inn. Ég sé ekki samhengi á milli þessa. En hann sagði annað, sem er að vísu smávægilegt, en ég tel ástæðu til að leiðrétta. Hann sagði, að við værum vestur í Ameríku að sækjast eftir ódýru vinnuafli svartra manna við þessa vinnslu okkar fiskafurða. Þetta er rangt. Vinnuafl svartra manna í Ameríku er skv. lágmarkskaupákvæðum í Bandaríkjunum hærra en kaup íslenzks verkafólks, ég veit ekki betur en að 1½ dollar sé lágmark, sem ekki má fara niður fyrir undir neinum kringumstæðum. En samningar verkalýðshreyfingarinnar bandarísku eru svo í flestum tilfellum langt þar fyrir ofan. En þar er lögboðið lágmarkskaup og það er 1½ dollar, eftir því sem ég hef heimildir fyrir. Hv. 5. þm. Vesturl., Benedikt Gröndal, viðurkenndi það hins vegar, að þenslan mundi aukast og það þýðir heldur engum að neita því, þenslan er hér svo mikil, að hæstv. ríkisstj. hefur ekkert getað við hana ráðið, en samt ræðst hún í þessar aðgerðir, sem enginn getur lokað augunum fyrir og þeirra fylgismenn ekki heldur, að auka þensluna stórkostlega. Hv. þm. lýsti ástandinu, eins og það hafði verið hér um skeið á vinnumarkaðinum. Hann sagði, að við hefðum orðið að gera ráðstafanir til þess að fá erlent kvenfólk inn í landið, húsfreyjur út um sveitir. Við hefðum ekki getað mannað okkar skip á vertíð. Við hefðum orðið að fá menn hundruðum saman til að halda úti okkar fiskveiðiflota og til þess að vinna nauðsynleg störf í fiskiðnaðinum, og þegar átti að byggja hér hótel í Reykjavík með nokkrum hraða, varð að fá erlenda handverksmenn til að aðstoða við það. Þannig er ástandið á vinnumarkaðinum, en samt má bæta þarna hundruðum manna, þúsundum manna við og ríkisstjórn, sem segir mönnum það, að hún sé að berjast gegn verðbólgu og dýrtíð, hún beitir sér fyrir þessu eins og það skipti engu máli, hvort þenslan vex eða ekki. Við vitum það ósköp vel, að þenslan á vinnumarkaðinum er slík, að við höfum ekki getað haft þann hraða á um byggingu skóla, sem okkar þjóðfélag hefur þarfnazt. Það er til forsmánar, að bæði í höfuðborginni og víða annars staðar verður að tvísetja í skólahúsnæði. Það býður engin siðuð þjóð sínum ungmennum upp á slíkt nema Íslendingar og þeirra eina afsökun er, að þeir hafa ekki haft vinnuafl til að byggja nægilegt skólahúsnæði. Þeir vita ósköp vel, að þetta er ósiðmenningarlegt.

Hæstv. iðnmrh. er jafnframt heilbrmrh., hann veit ósköp vel, hvernig ástandið er með sjúkrahúsin. Þar erum við langt á eftir, svo langt á eftir, að óviðunandi er og einkanlega af því, að við höfum ekki haft vinnuafl til þess að hraða byggingaframkvæmdum svo, að við hefðum neitt í námunda við að svara þörfinni. Okkur vantar vinnuafl til hafnabygginga og vegagerðar, og skip okkar standa uppi ómönnuð. En þó að ástandið sé svona og þó að verðbólgan æði áfram svo vitfirrt, að ríkisstj. játar það við hvert tækifæri og veit ekki sitt rjúkandi ráð, eigum við að bæta við stórframkvæmdum uppi í Hvalfirði fyrir annan erlendan aðila, þeir skulu ekki sitja á hakanum. Það á að fara að byggja kísilgúrverksmiðju norður í landi. Það á að byggja stórskipahöfn með öllu, sem henni fylgir, við Hafnarfjörð. Það á að byggja stórvirkjun, raforkuver, stærra en við höfum nokkru sinni byggt. Það á auk þess að reisa varaaflstöðvar, mikil mannvirki, og það á að byggja stórt verksmiðjubákn, meira að segja stórt á erlendan mælikvarða, langtum stærstu mannvirki, sem nokkurn tíma hafa verið byggð á Íslandi og allt þetta samtímis í viðbót við allt, sem ofþyngir íslenzkum vinnumarkaði. Þetta er fyrirhyggja! Nei, þarna er farið eftir reglunni að auka fyrst þensluna og burðast svo við að gera eitthvað til að draga úr henni á eftir,

svo vitleg vinnubrögð sem það eru. Það er einmitt vitneskja hæstv. ríkisstj. um það, að hún auki þensluna og raski öllu byggðajafnvægi enn þá meir en orðið er, sem er ástæðan til þess, að nú liggur hérna fyrir okkur frv. til l. um Atvinnujöfnunarsjóð. Ég held, að þetta frv. hefði átt að heita samvizkubitið. Þegar þeir vita, að þeir eru búnir að hella olíu á eld verðbólgu og þenslu, koma þeir fram með frv. um Atvinnujöfnunarsjóð. Nú, það eru taldar upp þar fjárupphæðir, sem áður hefur verið varið til atvinnuúrbóta víðs vegar um landið. Þarna eiga að koma til skv. þessu frv. eignir Atvinnubótasjóðs, það er ekkert nýtt framlag. Framlag úr ríkissjóði á að vera 150 millj. á næstu 10 árum, þ. e. a. s. 15 millj. á ári. Lögfestar eru nú 10 millj. kr. Jú, þarna er svolítil hækkun, um 5 millj. á ári, en 1957 var einmitt varið 15 millj. úr ríkissjóði til atvinnujöfnunar. Núverandi hæstv. ríkisstj. hefur bara lækkað þessa upphæð, en er nú að koma henni að krónutölu upp í það sama, sem hún var 1957, en það eru miklu smærri krónur, það er miklu minna fé, það er miklu, miklu minna hægt að gera fyrir það en þá var hægt. Það er minni upphæð heldur en veitt var til þessara mála 1957. Og svo eiga að koma af mótvirði óafturkræfs framlags Bandaríkjastjórnar 1960, 55 millj. kr., sem eiga að greiðast sjóðnum á árunum 1966—1969. Og svo eftirstöðvar af Mótvirðissjóði, sem greiða átti til Framkvæmdabanka Íslands skv. 4. gr. nr. 17 frá 1953. Framkvæmdabankinn veitti fé út um landið og ég efast um, að þetta verði eins mikið fé og Framkvæmdabankinn hefur á undanförnum árum veitt með sinni starfsemi út um landið og þar með til atvinnujöfnunar.

En svo koma tekjurnar og það er skattgjald álbræðslu við Straumsvík, að frádregnum 25% skattgjaldsins, sem renna eiga 9 fyrstu árin til Hafnarfjarðarkaupstaðar og 4.1%, sem renna til lönlánasjóðs. Að 9 árum liðnum skal hlutdeild Hafnarfjarðarkaupstaðar af skattgreiðslunni lækka í 20%, en hlutur Atvinnujöfnunarsjóðsins þá aukast að sama skapi.

Svolítið á að drjúpa á landsbyggðina frá álbræðslunni við Straumsvík. Á móti 2.500 millj. kr. fjárfestingu hér sunnan fjalla þá eiga að koma þarna af ágóðanum 25%. Og svo á svolítið að hygla Hafnarfjarðarkaupstað í leiðinni, enda veitir ekki af, eins og fjárhagur þess kaupstaðar er orðinn undir samstjórn hæstv. stjórnarflokka. Þeir þurfa að láta eitthvað drjúpa þangað.

En hvernig sem við lítum á þetta mál, hvort sem við lítum á það sem stórmál eða lítið mál, þá er það hjákátlegt að leggja það fram nú og það er alveg samkvæmt kenningunni, aukum fyrst og margföldum verðbólgu og þenslu og höfum svo uppi svolitla tilburði til þess að draga úr afleiðingunum á eftir.

Ég álít, að í viðbót við allt annað, setji þetta mál eiginlega leiðinlegri blæ á þennan flöt málsins.

Ég hef nú dvalið við það, sem mér finnst athugavert við það að ráðast í þessa framkvæmd, gera þennan samning við erlendan stóraðila nú, með tilliti til þess, hvernig ástandið er á ísl. vinnumarkaði og það er ekkert hégómamál. Það er stórmál, að því er snertir íslenzkt atvinnulíf og efnahagslíf og hefur ekki haft í för með sér lítil vandkvæði fyrir hæstv. ríkisstjórn.

Í annan stað má líta á fólksflóttann frá Norður- og Vesturlandi á undanförnum árum. Það hefur verið allalvarlegt mál og er það. Þetta byrjar með því, þegar erlent herlið kemur hingað í landið og byrjað er að sópa fólki hingað á Suðvesturlandið til þjónustu við herliðið. Í sumum sveitum voru nálega allir lagtækir, vel verki farnir menn sogaðir hingað suður í þessa hernámsvinnu, og sum héruð stóðu mjög særð eftir og hafa mörg hver ekki náð sér síðan. Menn sjá alveg, að með þeim aðgerðum, sem hér á að ráðast í nú, þá mundi uppbyrjast sama aðstaðan hjá byggðarlögunum úti á landi. Hingað yrði sogað vinnuafl úr hinum fjarlægari landshlutum og vafalaust einhver þeirra leggjast í auðn. Og það er ekki hlutverk ríkisstjórnar að stuðla að slíku jafnvægisleysi í landinu. Það stuðlar engan veginn að því, að auðlindir Íslands og íslenzku þjóðarinnar nýtist betur að sópa fólkinu hér saman, í Faxaflóabyggðirnar.

Og svo að síðustu, verðbólgan, sem stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar viðurkenna, að mundi aukast við framkvæmd þess máls, sem hér er til umr.

Vinnuaflsskorturinn, fólksflóttinn, verðbólgan, öll þessi stóratriði mæla gegn því að ráðast í framkvæmd sem þessa, eins og nú háttar í okkar efnahags- og atvinnulífi. Aðalatvinnuvegir okkar eru í vanda. Þeir mundu verða í meiri vanda, eftir að þetta mál væri komið til framkvæmda. Og það, sem ég hef nú nefnt síðast, verðbólgan, er hún smáatriði? Er það hégómamál, hvort ríkisstjórn eykur verðbólguna með sínum aðgerðum eða ekki? A.m.k. leit ekki Ólafur Thors svo á. Eftir honum hefur staðið á prenti í Morgunblaðinu þetta: „Ef okkur tekst ekki að stöðva verðbólguna, er allt annað unnið fyrir gýg." Og sannleikurinn er sá, að hvort sem við lítum á okkar sjávarútveg eða okkar landbúnað eða iðnað, þá eru allir þessir höfuðatvinnuvegir okkar í vaxandi vanda með vaxandi verðbólgu.

Það hefur verið sagt, að rök stjórnarandstöðunnar gegn þessu máli séu ekki veigamikil, en ég tel, að því verði ekki neitað með rökum, að það að draga upp myndina af efnahags- og atvinnuástandi þjóðarinnar og skyggnast þar um og vara við því, að eldur verðbólgu sé kyntur eins og gert verður með þessu máli, það eru ekki veigalítil rök. Og það er ég alveg sannfærður um, að hæstv. forsrh. viðurkennir það, a. m.k. með sjálfum sér, ef hann gerir það ekki upphátt, að þetta eru veigamikil rök. Þetta mál ber að á þeim tíma, að við ættum ekki að líta á það sem neinn happafeng fyrir okkur að auka þenslu í efnahagslífinu eða auka þrýstinginn á vinnumarkaðnum. Og það getum við alls ekki gert án þess að valda okkar eðlilega atvinnulífi tjóni og grandi.

Ég fer ekkert í launkofa með það, að ég tel okkar dvergsmáa þjóðfélagi stafa nokkur hætta af því, að erlent fjármagn í svo stórum stíl sem hér er um að ræða, búi um sig í landinu og hafi hér atvinnurekstur með höndum, sem ber ægishjálm yfir allan annan atvinnurekstur okkar sökum stærðar. Ég óttast afleiðingar þess — ég neita því ekki — og ekki síst ef þarna er um það að ræða, að eitt skuli reka annað og okkar forystumenn þjóðmála sækist eftir að fá þarna að halda áfram á þessari braut og það er ekki sýnt annað.

Þeir byrjuðu með kísilgúrsamningunum, og það var ekkert stærra fyrirtæki en svo, að við hefðum átt að geta ráðið við það, Íslendingar, en svo er næsta skrefið þetta, margfalt, margfalt stærra og þeir hafa nefnt fleiri fyrirtæki, sem þeir mundu sækjast eftir að fá hingað í landið, byggð á erlendu fjármagni.

En þó maður líti á þetta mál eitt út af fyrir sig og horfi ekki til framtíðarinnar, þá tel ég, að Alþýðusamband Íslands hafi með sinni samþykkt um þetta mál haldið öfgalaust á málinu, — tók enga afstöðu til málsins, prinsipielt, til stóriðju, fyrr en þetta mál lá skýrt fyrir og rökstuddi þá í mörgum efnisliðum sína afstöðu. Í fyrsta lagi lýsti Alþýðusambandið yfir, að það teldi það ákvæði samningsins, sem ákveður raforkuverðið, mjög óaðgengilegt, enda er nú komið á daginn, að það er 28% lægra en raforkuverð Norðmanna til sama auðhrings.

Menn segja að vísu, að þetta sé okkur hagkvæmt, vegna þess að virkjunarskilyrðin í Þjórsá við Búrfell séu svo gífurlega hagkvæm, en um það fer tvennum sögum. Jú, allir viðurkenna, að virkjunin þar sé hagstæð og að við séum samkeppnisfærir um raforkuverð, en sumir af okkar færustu sérfræðingum í virkjunarmálum eru þeirrar skoðunar, að allmikil vandkvæði séu á því að geta nýtt á öllum tímum orkuna í Þjórsá, og þær ráðstafanir, sem gera þarf til þess að tryggja orkuna, þannig að hún falli ekki niður á vissum tímum að vetrinum, séu svo kostnaðarsamar, að það sé ekki auðgert að spá, hve hátt rafmagnsverð þurfi að vera til þess að standast allan þann kostnað.

Hæstv. iðnmrh. las hér upp tvær samþykktir, sem gerðar hafa verið í Landsvirkjunarstjórn 24. marz s. l. Í báðum þeim ályktunum er komizt að þeirri niðurstöðu, að þetta sé allt saman mjög hagfellt. Í niðurlagi fyrri ályktunarinnar segir: „Skýrslur þær, sem stjórnin hefur fengið um lausn ísvandamálsins, benda eindregið til, að þær ráðstafanir, sem fyrirhugaðar hafa verið til að tryggja hagkvæman og öruggan rekstur, séu fullnægjandi, en kostnaður af þeim er innifalinn í áætlunum, sem gerðar hafa verið.“ Það er ekki mikið að því, skv. þeirra niðurstöðu og í hinni ályktuninni segir: „Stjórn Landsvirkjunarinnar er því reiðubúin til þess að samþykkja framangreindan samning um orkusölu, enda verði aðalsamningurinn, um byggingu álbræðslu, milli ríkisstjórnarinnar og Swiss Aluminium Ltd., staðfestur af Alþ.“ En einn nm., sá, sem ég held, að hafi mesta reynslu allra íslenzkra verkfræðinga í þessum málum, Sigurður Thoroddsen, segir: „Ég greiddi atkvæði gegn báðum þessum till. og áskildi mér jafnframt rétt til að gera grein fyrir atkv. mínum síðar.“ Og síðan hefur hann látið frá sér grg. um þessi mál og ég fæ ekki betur séð en að hann bendi þar á mýmargt, sem ég sem leikmaður í þessum efnum get ekki litið fram hjá og get ekki leyft mér að stimpla sem marklaust hjal. Og það er sett fram af Sigurði Thoroddsen til aðvörunar. Það er hans álit, að við höfum hagað okkur gáleysislega með því að binda okkur við þetta raforkuverð, 10.75 aura kw-stundina, þegar það liggur fyrir örugglega, að verðið geti ekki orðið undir 10.4 aurum á kw-stund að framleiðslukostnaði, að svo miklu leyti sem við getum byggt á tilboðum, sem nú liggja fyrir. En þau tilboð eru bara um ⅔ hluta af mannvirkjunum og að ⅓ verðum við a. m. k. að byggja á áætlun. Og hann segir, að áætlun megi ekki skeika um meira en 3.3% til þess, að þetta verð sé orðið neðan við framleiðslukostnað. Það hefur nú komið fyrir á Íslandi nokkrum sinnum, að áætlunum hefur skeikað meira en um 3.3%. Það verð ég að segja. Má vera, að hér hafi verið mjög varlega áætlað allt saman, en hérna má þó a. m. k. ekki miklu skakka, það verða allir að játa.

Sigurður Thoroddsen varaði, fyrstur manna, svo að ég viti til, við ísvandamálunum í Þjórsá í sambandi við virkjun hennar. Í fyrstu var ekki á þetta hlustað, en svo var þó farið að spyrja erlenda sérfræðinga um þetta. Það var sent til tilraunastöðvar í Noregi, og það voru fengnir heimskunnir sérfræðingar til þess að athuga þessi mál, og þeir hafa komizt að þeirri niðurstöðu, að hér sé ekki um hégómamál að ræða. Þeir hafa komizt að þeirri niðurstöðu, sem bendir til þess, að Sigurður Thoroddsen hafi haft mjög rétt fyrir sér, þegar hann aðvaraði, fyrstur manna, um þetta.

Hann segist telja virkjunarstaðinn og eins þá virkjunartilhögun, sem nú sé fyrirhuguð, varhugaverðan. Sigurður Thoroddsen segir það ofmælt, að sínum dómi, „að skýrslur þær, sem stjórnin hafi fengið um lausn ísvandamálsins, bendi eindregið til þess, að þær ráðstafanir, sem fyrirhugaðar séu, séu nú fullnægjandi til að tryggja öruggan rekstur,“ en það fullyrti Landsvirkjunarstjórnin í sinni samþykkt, sem vitnað var til áðan, „a.m.k. hafa þá ekki allar skýrslur, sem stjórnin hefur fengið, verið rétt túlkaðar og á ég þá við skýrslu ísasérfræðinganna, þeirra O. Deviks og E. Kanavins, auk þess, sem ég get hér bent á eftirfarandi til þess að finna þessum orðum mínum stað.“

Hann bendir síðan á, að þeir hafi alveg sérstaklega varað við svokölluðum þrepahlaupum í Þjórsá, sem er ísfyrirbæri, sem viðurkennt er af öllum sérfræðingum, að sé mjög torvelt að ráða við. Það er ekki Sigurður Thoroddsen, það eru erlendu sérfræðingarnir, sem segjast vara sérstaklega við þrepahlaupum í Þjórsá. Varðandi tilraunirnar í Þrándheimi um ísmyndunina í Þjórsá segir Sigurður Thoroddsen þetta, með leyfi hæstv. forseta:

„Í skýrslu tilraunastöðvarinnar í Þrándheimi segir, að árangur af rannsóknum hennar sé hönnun á stíflumannvirkjum, sem muni geta skolað í burtu krapi því af 0 gráðu heitum ís, sem við megi búast.“

Er þá ekki allur vandinn leystur? Í Þrándheimi fóru fram rannsóknir á því, hvernig væri hægt að ráða við krap við 0 gráðu hitastig. Er þetta ekki aðalvandinn, úr því að niðurstaðan af þessum tilraunum varð góð í Þrándheimi? Ekki telur verkfræðingurinn Sigurður Thoroddsen það. Hann segir: „Hingað til hefur það ekki þótt vera vandkvæðum bundið að ráða við 0 gráðu iskrapa. Eftir að hlána tekur, hafa öll vandræði horfið og rekstur vatnsaflsstöðva okkar alltaf komizt í eðlilegt horf. Þarna liggur ekki vandinn hjá okkur. Hér er um enga fullyrðingu að ræða hjá erlendu sérfræðingunum, enda tekur tilraunastöðin sinn fyrirvara og miðar við 0 gráðu heitan ís. Þessar tilraunir eiga því ekki að öllu skylt við veruleikann, því að það er undirkælda krapið, sem vandræðunum veldur hér hjá okkur, en það hefur ekki tekizt að líkja eftir því í

líkanatilraunum. Og þannig er fjallað þarna úti í Noregi um annað vandamál og viðráðanlegra heldur en hér er um að ræða.“ Sigurður Thoroddsen telur líka, að útreikningar, sem gerðir hafa verið vegna þess, hversu orkan gangi til þurrðar í frostum, séu ekki sjálfum sér samkvæmir. Hann segir hér á einum stað í grg. sinni:

„Dr. Gunnar (Sigurðsson) hefur á ný reiknað út orkuskort við Búrfellsvirkjun fyrstu þrjú rekstrarárin. Reynist hann nú 35.3 gígawött á móti 6 gígawöttum áður.“

35.3 gígawött nú. Svona breytast nú tölurnar hjá sérfræðingunum við það að kynnast vandamálinu nánar. Sami maður reiknar út á mismunandi tíma, kemst fyrst að niðurstöðunni 6 gígawött, nú 35.3 og svo segir hann, þ.e. dr. Gunnar Sigurðsson, að ef til skömmtunar þyrfti að koma á raforku, sýni reynslan það, að ekki hafi verið gert nægilega ráð fyrir truflunum. Hér er ekki um fullyrðingu að ræða af hendi dr. Gunnars um það, að ráðstafanir séu fullnægjandi. En þá segja menn, að það megi gera miðlunarvirki við Þórisvatn á einu ári og það mundi þá bæta úr þessu á næstu árum. Og þessu játar Sigurður Thoroddsen, en segir, að það muni þá jafnframt gera virkjunina dýrari og óhagstæðari fjárhagslega. Hann vísar til þess, að hann hafi áður sagt það, að vatn það, sem hleypt yrði úr Þórisvatni, og miðlun í því mundi að einhverju leyti tapast, þegar frosthörkur væru miklar, tapast á leiðinni frá Þórisvatni og niður að virkjunarstað og nú vitnar hann til reynslu, sem við höfum öðlazt núna á seinustu vikum norður í landi í Laxárvirkjuninni. Þar segir hann: „Á mánudaginn var,“ — þ.e.a.s. nú í fyrri viku líklega, þetta er dags. 24. marz. — „Á mánudaginn var,“ segir Sigurður Thoroddsen, „féll vinnsla nýju Laxárvirkjunarstöðvarinnar niður í þrjú megawött, en hún á að geta skilað 8 megawöttum. Orkan féll meira en um helming. Á fimmtudag er vinnslan komin upp í 5 megawött með skánandi veðri og þó hafði verið fullhleypt úr miðluninni við Mývatn allan tímann, en vatnið skilaði sér ekki niður til virkjunarinnar, heldur mynduðust stíflur uppi í Laxárdal og vatnið tapaðist þar.“ Síðan bætir hann við: „Hætt er við, að eitthvað líkt geti átt sér stað með miðlunarvatn úr Þórisvatni. Vegalengdin að Búrfellsvirkjun er um 43 km og hæðarmunur 330 m á móti 30 km vegalengd og 165 m hæðarmun milli Mývatns og Laxárvirkjunar.“ Þarna er íslenzkur verkfræðingur að benda á nýfengna reynslu okkar og dregur svo hliðstæðu af þessu og fullyrðir ekkert, en segir, að full hætta sé á, að svona geti farið, jafnvel um lokaúrræðið, sem þeir benda til, ef annað brygðist, þ.e.a.s. miðlunina úr Þórisvatni. Af þessu dregur svo verkfræðingurinn íslenzki, Sigurður Thoroddsen, þessa ályktun: „Það er því síður en svo að mínu áliti, að ráðstafanir þær, sem fyrirhugaðar eru, séu fullnægjandi eða skýrslur þær, sem stjórnin hefur fengið í hendur, bendi eindregið til þess, að þær séu fullnægjandi, enda eru þær á allan hátt veigaminni en gert er ráð fyrir, ef niðurstöður sérfræðinganna, O. Deviks og E. Kanavins, eru rétt metnar og skýrðar. Tel ég ábyrgðarhlut af Landsvirkjunarstjórn, ef hún léti sitja við hinar fyrirhuguðu öryggisráðstafanir einar saman.“ — Þetta eru alvarleg aðvörunarorð frá íslenzkum verkfræðingi með mikla reynslu á þessu sviði: „Tel ég ábyrgðarhlut af Landsvirkjunarstjórn, ef hún léti sitja við hinar fyrirhuguðu öryggisráðstafanir einar saman.“

Enn segir Sigurður Thoroddsen varðandi þessa fyrri till. Landsvirkjunarstjórnar: „Ekki verður það með rétti staðhæft, að Landsvirkjun fái hagkvæmt verð fyrir raforkuna, ef borið er saman við það, sem annað félag er látið greiða í Noregi. Þar skakkar nú um 28%. Ekki verður það með rétti fullyrt, að hagkvæmt sé fyrir Landsvirkjun að binda sig við fast verð, svo að segja 10.75 aura fyrir hverja kw-stund áratugum saman, það er ekki hyggilegt.“ — Ég held, að það sé rétt. Tæpt er að fullyrða, að þetta verð, 10.75 aura kw-tíminn, verði fyrir ofan meðalkostnaðarverð, ef rétt er, að það sé nú skv. áætlunum 10.4 aurar kw-stundin, þegar þess er gætt, að hækkun á stofnkostnaði um 3.3% mundi hér ríða baggamuninn, — þegar þess er gætt, að 15% af virkjunarkostnaði er háð hækkun vinnulauna hér eða um 113 millj. kr. af 1. áfanga virkjunarinnar, — þegar þess er gætt, að eflaust verður að verja allmiklu fé, meira fé en fyrirhugað er nú, í því skyni að tryggja öruggan rekstur virkjunarinnar, hvort heldur það verður með aðgerðum í Þjórsá og Tungnaá eða með uppsetningu fleiri varaaflsstöðva en nú er gert ráð fyrir, — þegar þess er gætt, að hið áætlaða magn af verki getur auðveldlega breytzt um 2—3% til eða frá, án þess að ráðunautunum verði á nokkurn hátt um það kennt.

Hér segir Sigurður Thoroddsen enn um fyrri ályktun Landsvirkjunarstjórnarinnar:

„Ekki skal því neitað, að samningsuppkastið hefur lagazt mikið frá því, að ég sá það fyrst í enskri útgáfu á síðasta ári. En þeir annmarkar, sem enn eru á samningnum, eru svo miklir og ósamræmanlegir hagsmunum Landsvirkjunar og Íslendinga, að ég tel ekki fært að samþykkja hann.“

Samningurinn lagast mikið frá því í fyrra, en enn þá eru slíkir annmarkar á honum, svo miklir og ósamræmanlegir hagsmunum Landsvirkjunar og Íslendinga, að hann telur ekki rétt að samþykkja hann. Hann finnur og að smærra atriði hér, en ef það er smátt fyrir okkur Íslendinga, er það líka smátt fyrir erlenda fyrirtækið og hefði mátt leiðrétta það. Hann segir, að ISAL skuli nú heimilt skv. samningnum að ráðstafa slíku rafmagni til þess að sjá starfsmönnum sínum og fjölskyldum þeirra, sem búa á bræðslulóðinni, fyrir rafmagni til heimilisnota, svo og fyrir bráðabirgðahúsnæði og skyld mannvirki, meðan þau eru í byggingu, þ.e.a.s. félagið á að fá þetta rafmagn fyrir 10.75 aura kw-stundina. Hvað er verðið á þessu til Íslendinga? Hann segir, Sigurður Thoroddsen, að hér sé farið inn á verksvið rafveitna. Álfélagið fái rafmagnið fyrir starfsfólk sitt á 10.75 aura fyrir hverja kw-stund, en hinn almenni, íslenzki notandi verði að greiða vegna sinna heimilisþarfa á aðra krónu fyrir kwst. En þeir, sem eru með hús í byggingu, hvað verða þeir að borga fyrir kw-stundina, ef þeir eru íslenzkir? Þeir erlendu fá hana, meðan þeir eru að byggja, fyrir 10.75 aura. — Hann segir: „Ég hef í

smíðum ásamt öðrum hús í Reykjavík og greiði 2.37 kr. fyrir hverja kwst. sem þar er notuð við byggingu mannvirkja. Þarna munar nokkru milli hins erlenda aðila og hins íslenzka. Ef þetta er ekki stórmál, er þetta a.m.k. óviðkunnanlegt. Þarna hefði erlendi aðilinn a.m.k. mátt sitja við sama borð og Íslendingar, án þess að það væri honum a.m.k. neitt stórkostlegt, fjárhagslegt atriði. En svona hallar nú á Íslendinga í samningnum og vafalaust í fleiru en þessu."

Þegar Sigurður Thoroddsen hefur rökstutt mál sitt á þennan veg i grg. fyrir atkv. sínu, sem hann greiddi á móti samþykkt Landsvirkjunarstjórnar, segir hann: „Eins og þar var gefið í skyn, má búast við, að verðið verði undir vinnslukostnaði og hafa það aldrei þótt hagkvæm viðskipti að selja vöru undir kostnaðarverði. Að selja á föstu verði byggðu á áætlunum, sem e.t.v. standast ekki fyllilega, er áhætta, sem ég mundi ekki vilja taka á mig fyrir mína parta og get því ekki samþ., að Landsvirkjunarstjórn geri það. Að binda sig við þetta fasta verð næstu 15 árin eru því hörmuleg mistök að mínu viti, hörmuleg mistök." — En eru þá ekki allir bundnir við raforkuverð 15 ára tímabil, þetta er nú ekki langt tímabil. Það er nú eitthvað annað! Um það segir Sigurður í grg. sinni:

„Ekkert tillit er tekið til verðsveiflna á þessu tímabili. Ekki er tekið tillit til þess, að kaupgjald og kostnaður hækkar. Trúað er á hinn ameríska dollar og þó er vitað, að verðgildi hans rýrnar, en ekkert tillit er til þess tekið."

Eftir 15 ár á að endurskoða verðið og síðan á að endurskoða það á 5 ára fresti. En hvernig er hér innanlands hjá okkur? Síðan 1957, fyrir 9 árum, hefur verð á Sogsrafmagni verið hækkað 5 sinnum — fimm sinnum — og nú er talað um hækkun á þessu ári í 6. sinnið á 9 árum. Það hefur þótt henta að hækka það á tæplega tveggja ára fresti, en hér skal beðið með hækkun á verði í 15 ár og síðan 5 ár í hvert skipti. Sigurður Thoroddsen segir í sínum aðvörunarorðum, að það sé fróðlegt að bera saman verð Landsvirkjunar til hins almenna, íslenzka notanda, sem hann telur vera 30 aura á kw-stundina, meðalverð samkv. áætlun, sem gerð var 6. febrúar 1966, þegar afgangsorku er sleppt, og 10.75 aura verðið, sem erlendi aðilinn hefur. Meðalorkan til Íslendinga er seld á 30 aura og í einstökum tilfellum, eins og hann hefur gert grein fyrir, er verðmunurinn miklu, miklu meiri milli hins erlenda aðila og Íslendinganna. Ég verð að segja það, að ég tel, að það sé ekki út í bláinn sagt, þegar ég og þeir, sem líkt hugsa og ég, segjum: Samningurinn er með eindæmum óhagstæður, það þarf ekki annað en líta á raforkuverðið til þess að sannfærast um það.

Um verðbólguna og vinnuaflsskortinn hef ég áður rætt og vanda atvinnuveganna, sem muni margfaldast og aukast við það, að þessi risaaðili kæmi inn á vinnumarkaðinn með öllum þeim sérréttindum, sem hann á að njóta og sem margfaldlega hefur verið gerð hér grein fyrir.

Það munu fáir fagna því, að við verðum enn að auka stórkostlega við það erlenda vinnuafl, sem við höfum orðið að flytja inn á undanförnum árum. En það er alveg auðséð að við yrðum að flytja inn erlent verkafólk hundruðum saman til þess að sinna þessum störfum eða til þess að koma í veg fyrir, að íslenzk atvinnufyrirtæki yrðu unnvörpum að draga saman seglin eða hætta rekstri. Og hvaðan mundi þetta erlenda verkafólk koma? Er nokkuð um það í samningunum, er nokkuð bundið við þjóðerni, hvaðan erlenda verkafólkið á að koma? Vitanlega er það erlendi aðilinn, sem verður að reyna að útvega sér það, ef hann lendir í því að fá ekki innlent vinnuafl. Það er hans samningslegi réttur. Það hefur farið svo í mörgum löndum Evrópu, að það hefur orðið hálfgerður úrkastslýður sunnan af Ítalíu, sem hefur komið, t.d. til Þýzkalands, og Þjóðverjar líta þetta ekki allt of hýru auga og eru þó stórveldi, en við dvergþjóð og innflutningur nokkurra hundraða manna er hér á borð við tugþúsunda þar. Ég tel, að það sé bara í sjálfu sér misráðið að ofbjóða svo íslenzkum vinnumarkaði um kröfur til vinnuafls, að við verðum að ráðast í slíkt. Hitt játa ég, að hæstv. ráðh. hefur gert grein fyrir því, að hann hefur haft sig allan við að reyna að reisa þarna skorður og hafa þarna gát og varúð á og heitir því, að hér skuli farið að ráðum íslenzkra verkalýðsfélaga og þeim praxís fylgt, sem um þessi mál hefur skapazt á undanförnum árum. Út af fyrir sig tel ég, að það sé ekki auðvelt að búa öllu betur um það atriði, og skal ekkert áfellast hann fyrir það. Ég veit, að hann hefur um þetta lagt sig í líma eins og um margt annað, en hann hefur vafalaust í mörgum öðrum atriðum átt allt undir þeim sérfræðingum, sem hann studdist við, og þeir virðast ekki hafa dugað honum allt of vel.

Eitt af því, sem A.S.Í. bendir á, er að hinn erlendi aðili hljóti sökum stærðar sinnar að verða eins og risi á íslenzka vinnumarkaðinum og hafa áhrif á þróun kjaramála hér á landi og efa ég ekki, að sú hætta er fyllilega fyrir hendi. Þá er það óviðkunnanlegt og óþolandi með öllu, að þessi erlendi aðili skuli lúta allt öðrum réttarreglum heldur en íslenzkir atvinnurekendur og njóti alls konar fríðinda. Það er verið að reyna að útskýra það fyrir okkur, að þeir eigi að borga með þessu eina framleiðslugjaldi svo mikið, að það sé kannske öllu þyngri byrði heldur en á íslenzkum atvinnurekendum skv. ísl. lögum. Því þá ekki að láta þá lúta íslenzku l. og sitja við sama borð og íslenzkir atvinnurekendur? Ég held, að allir hefðu unað því, að bezt sé, að útlendi aðilinn lyti sömu reglum og íslenzkir aðilar, en það virðist svo sem það sé ekkert um það að efast, að hér er um sérréttindi að ræða, sem erlendi aðilinn hefur áskilið sér og fengið fram. Ef hann er að borga meira þarna, hefði átt að vera auðvelt fyrir okkar samningamenn að fá hann til þess að lúta hinum íslenzku ákvæðum og sleppa billegar. Nei, það er alveg gefinn hlutur, að hér var hann að semja um sérréttindi sér til handa og það verður ávallt illa þolað af íslenzkum atvinnurekendum, einkanlega þegar þessi sérréttindi hans munu í samanburði við þá íslenzku vaxa með hverju árinu sem líður.

Af mörgum ræðumönnum hefur verið vikið að því, að verst af öllu sé þó að þola það, að hinn erlendi aðili skuli ekki eiga að lúta íslenzkum dómstólum og íslenzkri lögsögu og ég tek undir það. Ég tel það vera í raun og veru svartasta smánarblettinn á þessum samningi. Og ég er sannfærður um, að það verður það

atriði, sem hæstv. ríkisstj. verður mest legið á hálsi fyrir af íslenzku þjóðinni á næstu árum. Hún mun verða þyngst dæmd fyrir það að hafa látið sér sæma að undirrita það, að íslenzkir aðilar skuli þurfa að sækja sinn rétt undir erlendan gerðardóm. Það er alveg furðulegt, að Hafnarfjarðarkaupstaður og íslenzka hlutafélagið ISAL skuli ekki eiga að láta íslenzka dómstóla útkljá deilumál, sem kynnu að rísa á milli þeirra, heldur fara með það undir erlenda gerðardóma.

Þetta atriði hefur auðvitað mjög borið á góma í umr., og hæstv. iðnmrh. varði löngum tíma í sinni ræðu í dag til þess að reyna að afsaka þetta, en það verð ég að segja, að ekki sannfærðist ég af þeim orðum og þó lagði hann sig mjög fram um að vera sannfærandi. Ég verð líka að segja það, að mig furðar á því, að menn hafa farið með rangt mál í sambandi við þetta, menn hafa farið með blekkingar. Því hefur verið haldið fram, að hin svonefnda SID-konvention hafi verið undirrituð, sumir segja af 33 þjóðum, aðrir segja af 35. Hvort skyldi nú vera réttara? Ekki ber tölunum saman hjá þessum herrum sjálfum um það. En hvað þýðir það? Hafa 35 þjóðir eða 33 þar með undirgengizt þessa alþjóðlegu samþykkt? Nei, það vita a.m.k. báðir þessir hæstv. ráðh. mætavel og þó reyna þeir að nota orðin „að undirrita samþykktina" til þess að láta fólki skiljast það, að þarna sé um fullgildingu að ræða. Íslenzka ríkisútvarpið, hvaðan sem það hafði sína frétt, var látið hagræða þessum orðum ráðh. og segja, að 35 þjóðir væru búnar að fullgilda hana, sem eru ósannindi. Ráðh. notuðu orðið „að undirrita," og það að undirrita alþjóðasamþykkt, þessa alþjóðasamþykkt Alþjóðabankans, bindur enga þjóð. Íslendingar hafa ekki gefið henni neitt gildi hjá sér, Svisslendingar ekki heldur, fyrr en þeir hafa fullgilt hana og ár er liðið frá fullgildingunni, þá fyrst hefur hún réttargildi. En skv. nýfengnum upplýsingum frá Alþjóðabankanum eru það einar 4 þjóðir, sem hafa fullgilt þessa samþykkt. Það þýðir ekkert að hampa því, að það séu 33 eða 35 þjóðir og þar á meðal allar Norðurlandaþjóðir, sem hafa undirritað hana. Það eru 4 þjóðir, — dagsetningar og allt saman, hvenær það gerðist, er fram tekið í bréfi frá Alþjóðabankanum núna í marzlokin, — það eru Mið-Afríkulýðveldið, það er Fílabeinsströndin, það er Nígería og það er Mauritanía og engar þjóðir fleiri skv. upplýsingum Alþjóðabankans sjálfs. Og það er nánast sagt furðulegt, að menn skuli vera að reyna að villa um fyrir fólki, hvað þetta sé nú breiður og virðulegur grundvöllur, það séu 33 eða 35 þjóðir búnar að undirrita þessa alþjóðasamþykkt og þá sé nú ekki skömm að því fyrir Ísland. En þetta eru allt ríki, sem eru efnahagslega vanþróuð, og það er verið að setja Ísland á bekk með þeim, enda talað um, að réttargrundvöllurinn undir þessum samningi eigi að vera íslenzk lög og þær réttarreglur, sem tíðkuðust hjá siðuðum þjóðum, — íslenzku l. dugðu sem sagt ekki. Ég er alveg sannfærður um það, að það verður þetta atriði, sem íslenzku þjóðinni fellur þyngst fyrir brjóst, að hennar samningamenn skulu hafa látið henda sig að láta ekki deilumál, sem rísa út af þessum samningum, hvort sem væri milli íslenzka ríkisins og svissneska auðhringsins eða og þó alveg sérstaklega að sjálfsögðu milli Hafnarfjarðarkaupstaðar og íslenzka hlutafélagsins, — tveggja íslenzkra aðila, — láta þau ekki ganga sinn réttargang skv. íslenzkum lögum, til íslenzks undirréttar og íslenzks hæstaréttar.

Ég held, að ef hæstv. ríkisstj. vill heldur hafa það, sem sannara reynist í þessu máli, eigi hún ekki að draga fjöður yfir það, að það eru ein 4 ríki, sem hafa fullgilt þessa „konvention", en ekki 33 eða 35. Og henni væri miklu sæmra að láta íslenzka ríkisútvarpið leiðrétta þetta, því að hvort sem það er að þeirra undirlagi eða ekki, hefur íslenzka ríkisútvarpið með fréttaflutningi sínum gert sig sekt um að halda því fram, að 35 þjóðir væru búnar að fullgilda þessa samþykkt og það var gert í þeim tilgangi, að íslenzka þjóðin sætti sig frekar við þetta og tekið fram, að þar á meðal væru Norðurlandaþjóðirnar, og þá var nú Íslendingum ekki nein skömm að því að vera með í hópnum.

Hæstv. ráðh. hélt því fram í ræðu sinni í dag, að í samningnum væri vel fyrir því séð, að öll ábyrgð lenti á auðhringnum Swiss Aluminium varðandi eitrunarhættu út frá verksmiðjunni, álbræðslunni. Ég held því miður, að það sé alveg augljóst mál, að auðhringnum var sleppt við að koma upp hreinsunarútbúnaði, og það hefur hann hvergi sloppið við nema hér á landi, eftir því sem forstjórinn herra Meyer upplýsti. Alls staðar, þar sem þeir hafa byggt slíkar verksmiðjur, hafa þeir orðið að setja upp hreinsunartæki vegna eitrunarlofts frá verksmiðjunum. Ég minnist þess, að ég kom fyrir nokkrum árum í fjörð í Noregi, þar sem alúmínbræðsla var. Mig minnir helzt, að hæstv. forsrh. væri þar í för líka, og ég tók eftir því, að uppi á fjallsbrún kom reykur upp með reglulegu millibili eins og úr púströri, og ég spurði: Hverju sætir þetta, hvað er þetta? Jú, sögðu þeir, pústið frá verksmiðjunni er leitt upp alla fjallshlíðina frá verksmiðjunni og alla leið upp í brúnina þarna, til þess að eiturgufurnar séu sem fjarlægastar byggðu bóli. Auk þess að leiða reykinn þannig frá verksmiðjusvæðinu langar leiðir, hafa þeir vafalaust orðið að hafa margbrotin hreinsunartæki, sem drógu úr þessari eitrunarhættu. — Það er ekki langt til Hafnarfjarðar frá Straumsvík. Það er talað um, að þeir eigi að bæta tjón af öðru heldur en landbúnaði. Er ekki full hætta á því, að t.d. skreiðarverkun hér í þessu nágrenni á Hafnarfjarðar- og Reykjavíkursvæðinu gæti mengazt af þessu? Hefur það verið rannsakað, þegar hér er sleppt öllum varúðarútbúnaði, að því er þetta snertir? Ég skal ekkert fullyrða um þetta. En mér stendur frekar stuggur af því, að þessum öryggisákvæðum skyldi vera sleppt. Við erum hér á hinu mesta matvælaframleiðslusvæði íslenzku þjóðarinnar, og það var full ástæða til þess að gæta allrar þeirrar varúðar og heimta allar þær varúðarráðstafanir, sem annars staðar höfðu verið heimtaðar af slíkum samningsaðila sem Swiss Aluminium og allra helzt, þegar engin dæmi fundust þess, að þessum varúðaraðgerðum hefði verið sleppt.

Ég enda því mitt mál með því að segja, að það er skoðun mín, það er skoðun alþýðusamtakanna í landinu og styðst við rök, sem við höfum borið fram

og gert grein fyrir, að samningurinn sé óhagkvæmur og viss atriði hans, eins og t.d. að sniðganga íslenzka dómstóla, tel ég íslenzku þjóðinni ósæmilegt og samningurinn að því leyti og ýmsu öðru þjóðinni ósæmandi sem sjálfstæðri þjóð. Ég tel, að eins og vafasamt er um þingmeirihl. hæstv. ríkisstj., beri henni — og allra helzt, þegar litið er til þess, hvernig þjóðin hefur brugðizt við þessu máli — að láta þetta mál fara undir þjóðaratkvgr. Ef hæstv. ríkisstj. vill láta stjórnast af lýðræðislegum vinnubrögðum, á hún ekki að taka á sig ábyrgðina af þessari samningagerð, heldur láta samninginn ganga undir dóm þjóðarinnar, áður heldur en samþykki er lagt á hann hér á Alþ., með svona hæpnum hætti. Það getur ekki farið framhjá hæstv. ríkisstj., að reyndir og ráðsettir, gætnir fulltrúar bændastéttarinnar á Búnaðarþingi gerðu samþykkt og vöruðu við, — að forustumenn í útgerð, margir hverjir stuðningsmenn Sjálfstfl., gerðu samþykkt, þar sem þeir vöruðu við. Iðnaðarmenn hafa líka látið til sín heyra, ýmsir. Alþýðusamband Norðurlands gerði einróma samþykkt og varaði við. Það hafa mörg verkalýðsfélög gert, þ. á m. verkamannafélagið Dagsbrún í Reykjavík. Og í einu sýslufélagi, Þingeyjarsýslu, hafa flestir forustumenn allra flokka í sveitarstjórnarmálum og forustumenn í félagsmálum í Þingeyjarsýslu og við Eyjafjörð gert ítarlegar samþykktir um þetta mál og varað stjórnvöldin sem ætluðu að knýja þetta mál fram, varað þau við af fyllsta alvöruþunga. Bendir þetta ekki nægilega skýrt til þess, að það sé mjög vafasamt, að þjóðin vilji fallast á afgreiðslu þessa máls? Ætti ekki hæstv. ríkisstj. að vera það kærkomið að firra sig ábyrgð og leggja þetta undir dóm þjóðarinnar, beygja sig undir það? Samningurinn stenzt, ef þjóðin vill sætta sig við hann. Hann á ekki rétt á sér, ef meiri hl. þjóðarinnar er andvígur honum. Það er enginn siðferðilegur grundvöllur fyrir því, að svona hæpinn þingmeirihl. afgreiði þetta mál, ef það skyldi vera staðreynd, að meiri hl. þjóðarinnar væri gegn honum.

Ég get upplýst það hér, að það hafa ekkert verið lágværar raddir, sem hafa borizt A.S.Í., munnlega og bréflega, um það, að nú bæri verkalýðssamtökunum á Íslandi að tryggja framgang og vilja meiri hl. þjóðarinnar með því að beita valdi í þessu máli til þess að tryggja lýðræðið, ef hæstv. ríkisstj. féllist ekki á að vísa þessu máli til þjóðaratkvgr. Alþýðusambandið hefur þó fram til þessa kosið hina leiðina að vara við, vara við með ítarlegum rökstuðningi, en það virðist ekki ætla að duga. Og það má því vel vera, að það færi bezt á því, ef synjað verður um að leggja málið undir þjóðaratkv., að hv. stjórnarflokkar fái að sitja einir að því að afgreiða þetta mál og e.t.v. væri það þá ekki annað en skylda stjórnarandstöðunnar að fara og túlka málið víðs vegar um land fyrir þjóðinni, svo að henni væri í einstökum atriðum kunnugt, hvernig það blasir við. En á þessu stigi máls liggur ekkert fyrir annað en það, að fjölmenn og fjölmörg samtök hafa varað við, og það eru menn úr öllum flokkum, sem hafa látið til sín heyra sem einstaklingar og sem þátttakendur í félagsheildum og hafa á allan hátt með lýðræðislegu sniði tjáð sinn vilja og látið það berast til ríkisstj. Íslands, en enn þá er ekkert, sem bendir til þess, að hún vilji aðra málsmeðferð en þá að fá staðfestingu á þeirri undirskrift, sem hæstv. ráðh. veitti samningnum, áður en umr. hófust um þetta mál á Alþ. Íslendinga. Ég ber það ekkert saman, hvað það hefði verið viðkunnanlegra, þegar búið var að komast nokkurn veginn að niðurstöðu um gerð samningsins, að ráðh. hefði sagt við hinn erlenda aðila: Við verðum fyrst að leggja þetta mál fyrir löggjafarsamkomuna, við verðum að ganga úr skugga um það, að þessi samningur fái þingræðislega afgreiðslu, komist í gegnum þingið. Það tekur ekki langan tíma, þegar við höfum fengið vitneskju um það, að við fáum samninginn samþ. af Alþ. Íslendinga, þá verður hann undirskrifaður. Hitt er, ég vil segja, lítt geðsleg aðferð að undirskrifa fyrst og ætla svo Alþ. Íslendinga að standa frammi fyrir gerðum hlut. Og lýðræðislegt er það ekki og þingræðislegt er það því síður.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Mál það, sem hér er til umr., heitir frv. til l. um lagagildi samnings milli ríkisstj. Íslands og Swiss Aluminium Ltd., um álbræðslu við Straumsvík.

Því er haldið fram, að það sé óvirðing við Alþ., ef ekki beint þingræðisbrot, að samningur skuli vera lagður fyrir þingið, undirritaður af ráðh. Nú er mér ekki ljóst, með hverjum hætti er hægt að kanna vilja Alþ. í slíku efni á annan veg en þann, sem hér er gert. Það fer ekki á milli mála, að samningurinn tekur ekki gildi nema Alþ. samþykki, svo að úrslitaráðin eru hjá Alþ. Það er alkunnugt, að ekki aðeins hefur Alþ. sjálft þannig samþ. óteljandi samninga ýmislegs efnis, heldur ber slíkt við í hvers konar félagsskap, sem ákvarðanir þarf að taka. Það er ekki sízt lærdómsríkt fyrir hv. síðasta ræðumann, 5. þm. Vestf. (HV), sem er forseti Alþýðusambands Íslands og gerkunnugur starfsemi verkalýðsfélaga, að rifja upp fyrir sér hvernig samningsgerð er háttað af hálfu verkalýðsfélaganna. Yfirleitt er sá háttur á hafður, að mál er e.t.v. stundum rætt nokkuð almennt á félagsfundi í upphafi. Síðan er n. kosin til þess að eiga í samningum við gagnaðila. Sú n. hefur stundum fullt umboð og getur samið, án þess að það þurfi að berast undir fund í verkalýðsfélaginu, en hitt á sér einnig oft stað, að samningurinn sem slíkur er undirritaður af aðilum með fyrirvara um það, að félagsfundur samþykki, sem sagt nákvæmlega í því sama formi sem hér er gert.

Þetta mál hefur oft verið til umr. á Alþ. á undanförnum árum, svo að þar hefur komið fram vilji og afstaða þm., flokka og einstakra fulltrúa á Alþ., en auk þess hefur hæstv. iðnmrh. nú haft sér við hlið nokkuð á annað ár sérstaka n. þingmanna, sem hafa fylgzt með málinu í einu og öllu, svo að Alþ. hefur fylgzt mun betur með undirbúningi þessa máls heldur en nokkurs annars sambærilegs, er ég veit um af minni reynslu af þingstörfum, sem einnig er jafnað a.m.k. af sumum þeirra, sem í þmn. voru. Það er þess vegna gersamlega út í bláinn, þegar talað er um þingræðisbrot í þessu efni eða óvirðingu við Alþ. Það hefur verið haft nánara samráð og samvinna við Alþ. um þetta mál heldur en öll önnur sambærileg.

Álbræðsla við Straumsvík.

Eins og ég sagði, þá er frv. um lagagildi samnings milli ríkisstj. Íslands og Swiss Aluminium. Þetta verður að hafa í huga, þegar meta skal þetta mál. Það vita allir, að þegar tveir óvandabundnir aðilar gera samning í viðskiptum og raunar um flest önnur málefni, þá gerir hvor um sig samninginn, vegna þess að hann hyggur samninginn vera í samræmi við sína eigin hagsmuni. Hann telur sig öðlast einhver hlunnindi eða réttindi með samningnum, sem hann ella mundi ekki fá, og hann er reiðubúinn til þess að gjalda í staðinn eitthvað af sinni hálfu, sem hann mundi ekki láta gagnaðilanum í té, nema hann fengi þessi tilteknu réttindi á móti. Slíkt er eðli allra slíkra samninga. Það er þess vegna mjög létt verk og sannast sagt algerlega út í bláinn að fjölyrða hér um það, að gagnaðili hafi fengið einhver tiltekin hlunnindi og réttindi í þessum samningi og við höfum afsalað okkur einhverju til hans með samningsgerðinni. Ef gagnaðili sæi ekki sjálfum sér hag í að gera samninginn, þá mundi hann að sjálfsögðu ekki hafa gengið að honum, alveg eins og við mundum ekki ganga að samningnum, nema því aðeins að við teldum okkur hag að samningsgerðinni. Samningurinn verður að vera hagkvæmur fyrir báða, til þess að von sé til þess, að þeir fallist á hann.

Það er svo alltaf álitamál, hvort hinu rétta jafnvægi hefur verið náð. Um slíkt má endalaust deila, en það eitt að bera það á borð og sýna fram á og þykjast ógnar mikill kappi af því, að komið sé í ljós, að gagnaðili hafi hlotið einhver hlunnindi með samningnum, sem hann ella mundi ekki njóta, slíkt er sá barnaleikur, að það er óvirðing við Alþ. að hafa uppi slíkan málflutning hér á Alþ. Íslendinga.

Því er einkum haldið fram, að því er mér hefur skilizt af þeim umr., sem staðið hafa yfir hér við 1. umr. málsins og raunar í útvarpinu á dögunum einnig, að það séu þrjú meginatriði, sem séu setjandi út á samninginn. Það er í fyrsta lagi, að orkuverðið sé of lágt, í öðru lagi gerðardómsákvæðið og í þriðja lagi, að samningurinn sé gerður til of langs tíma.

Auðvitað má endalaust deila um það, hvort orkuverðið sé of lágt eða ekki, en fullyrðingarnar um það ganga mjög á misvíxl, meira að segja hjá þeim sama, eftir því hvar hann er staddur í sinni löngu ræðu. Þannig talaði hv. síðasti ræðumaður, 5. þm. Vestf. (HV), ýmist um það af mikilli hneykslan, að verðið væri lægra en í Noregi, eitthvað 3 aurum lægra, og í hinu orðinu, þegar hann var nokkru lengra kominn fram í sínu máli, að stórlega væri misgert með því, að innlendir notendur yrðu að greiða 30 aura, þ.e.a.s., að verðið til útlendinganna væri 20 aurum minna en til íslenzkra kaupenda.

Nú er hér auðvitað alls ekki um sambærilegt að ræða, vegna þess að annar kaupir orkuna stöðugt, en innlendir notendur eftir því sem þeirra þörf segir til hverju sinni. En varðandi afstöðuna til Noregs, þá er það óumdeilt, að Norðmenn hafa náð í þessu, varðandi verðið eitt, hagkvæmari samningi heldur en við Íslendingar. Það er líka jafnljóst, að ef við hefðum ekki, ef svo má segja, undirboðið Norðmenn í þessum efnum, þá hefði gagnaðili okkar ekki samið við okkur um þetta efni. Því fer svo fjarri, að við höfum komið nokkuð knékrjúpandi til hans og beðið hann um að semja við okkur um þetta. Hann kom hingað fyrir allmörgum árum, leitaði eftir samningum, óskaði þá eftir enn þá lægra rafmagnsverði. Það var athugað hér, hvað við gætum bezt boðið, og þá komust menn smám saman að þeim tölum, sem nú er samið um, tölum sem eru lægri heldur en í Noregi, ámóta eins og víða annars staðar og hærri heldur en sums staðar í Norður-Ameríku og í Afríku.

Hv. 5. þm. Vesturl. (BGr) skýrði frá því í gær og hafði af því sannar sagnir, að fimm erlend álfélög hefðu horfið frá samningsgerð við Íslendinga, vegna þess að þau töldu rafmagnsverðið hér sér ekki nógu hagkvæmt. Ég get bætt sjötta félaginu við, fulltrúar þess leituðu til mín á sínum tíma. Það var Svenska Metallverken í Vesterås, sem fyrir nokkrum árum hafði mjög mikinn áhuga á því að koma hér upp álbræðslu. Viðtöl virtust gefa góðar vonir um, að samningur kæmist á, en áður en langt um leið, hurfu þeir þó frá, vegna þess að þeir höfðu náð hagkvæmari samningum í Noregi heldur en þeir töldu líklegt, að fáanlegir væru hér á landi.

Annað atriði, sem að er fundið, er gerðardómurinn. Hæstv. iðnmrh. hefur nú svo rækilega sýnt fram á, að það er síður en svo nokkur undantekning eða einsdæmi, að slíkir gerðardómssamningar séu gerðir, jafnvel á milli sjálfstæðra ríkja og einstakra fyrirtækja, — að um þetta eru óteljandi dæmi. Hv. 1. þm. Austf. (EystJ.) vitnaði mjög í orð Ólafs Jóhannessonar, alþm. og prófessors. Ég er sammála hv. 1. þm. Austf. í því, að ég met prófessor Ólaf Jóhannesson mjög mikils. Ég mundi þó meta hann mjög miklu meir varðandi þessi efni, ef hann væri ekki þegar búinn að hlaupa illilega á sig hér á Alþ. varðandi einmitt svipaðar umsagnir, eins og hann að þessu sinni hefur látið leiða sig til. Ég minni á það, sem þessi hv. þm., Ólafur Jóhannesson, sagði hinn 14. nóvember 1960, hér á Alþ., með leyfi hæstv. forseta:

„Vissulega er það svo, að smáþjóð verður að varast það að ganga svo langt, að hún geti ekki alltaf verið við því búin að leggja mál sín undir úrlausn alþjóðadómstóls, því að sannleikurinn er sá, að smáþjóð á ekki annars staðar frekar skjóls að vænta en hjá alþjóðasamtökum og alþjóðastofnunum, af því að hún hefur ekki valdið til að fylgja eftir sínum ákvörðunum eins og stórveldin. Og þess vegna hefði, að mínu viti, hvert eitt spor í þessu máli átt að vera þannig undirbúið, að við hefðum verið við því búnir að leggja það undir úrlausn alþjóðadómstóls."

Þetta sagði þessi hv. þm. hinn 14. nóvember 1960. En þegar ríkisstj. samþ. að fallast á að bera hugsanlegan ágreining við Breta undir alþjóðlegan dómstól einmitt skv. þessari ráðleggingu, er gefin er í orðum prófessors Ólafs Jóhannessonar frá 14. nóvember 1960, þá tók hann undir áfellisdóm sinna félaga hér á Alþ. gegn ríkisstj. af þessum sökum. Ég þarf ekki að fara mörgum orðum um það framferði, en það er vissulega ekki til þess að auka álit á einmitt umsögn þessa annars ágæta manns í þessum efnum, þar sem hann lætur stjórnmálaáhugann ríða sinni góðu greind og glögga skilningi til glötunar.

Það er hins vegar rétt, að hér stendur öðru vísi á

heldur en í landhelgissamningnum, því að hér yrði um að ræða deilu milli ríkisstj. og einstaklings, og hv. þm. sagði í sinni útvarpsræðu, að það væri þó alveg fráleitast af öllu, að útlendur dómur ætti að fjalla um mál milli svokallaðs íslenzks réttaraðila eins og ISAL og íslenzku ríkisstj. og það var hneykslunin yfir þessu ákvæði, sem varð orsök til hans áfellisorða gegn hæstv. iðnmrh.

En er það þá einstakt, að Íslendingar hafi afsalað sér dómsvaldi yfir íslenzkum borgurum í deilum þeirra við íslenzka ríkið, jafnvel í deilum, sem sjálfir íslenzku dómstólarnir eru búnir að fjalla um? Nei, því fer fjarri, að svo sé. Ég minnti á það þá þegar, að við erum aðilar að mannréttindasamningi, sem gerður var á vegum Evrópuráðsins. Þessi samningur var fyrst undirritaður 1950 og gerður við hann viðbótarsamningur 1952. Hann var lagður fyrir Alþ. Íslendinga 1951, en hlaut þá ekki afgreiðslu. Við vorum þá saman í ríkisstj., ég og hv. 1. þm. Vestf. (HermJ), og hann var mjög áhugasamur um störf Evrópuráðsins. Ég man það glögglega, að hann leitaði til mín og bað mig að hlutast til um það, að samningurinn yrði framlagður og fengi staðfestingu Alþ. Fulltrúar Evrópuráðsins höfðu talað við hann og sagt, að treglega gengi að fá staðfestingu einstakra ríkisstj., en mikilsvert væri af ýmsum ástæðum, að samningurinn hlyti gildi. Að athuguðu máli þá varð ég við þessari ósk. Málið var borið undir Alþ. aftur 1952 og samþ. í einu hljóði hér á Alþ., ekki neitt atkv. á móti, og síðan var samningurinn staðfestur. Ég flýtti mér ekki sérlega með málið, ég verð að játa, að ég hafði ekki sérstakan áhuga fyrir því, og það var ekki fyrr heldur en í júní 1953, sem samningurinn var undirritaður af forseta Íslands, þó að Alþingi hefði samþ. hann í desember 1952. Í samningnum var fyrirvari um það, að dómsvald þessa erlenda dómstóls, sem situr suður í Strasbourg, skyldi ekki ná til ríkja nema þau semdu sérstaklega um það eða gæfu um það einhliða yfirlýsingu, eins og segir í 45. gr., 46. gr. og 48. gr. Meðan ég var utanrrh. og síðar dómsmrh., þá var þetta ákvæði ekki notað, þá féllumst við ekki á að ganga undir lögsögu dómsins, en ég hef hér afrit af till. til forseta Íslands um að viðurkenna lögsögu mannréttindadómstóls Evrópu. Hún hljóðar svo:

„Í 46. gr. samnings Evrópuráðsins um verndun mannréttinda og mannfrelsis, sem Ísland er aðili að, er ákvæði um mannréttindadómstól Evrópu, sem settur skal á stofn, þegar átta aðildarríki hafa viðurkennt lögsögu hans. Með því að dómsmrh. telur ekkert því til fyrirstöðu, að Ísland viðurkenni lögsögu dómstólsins, leyfi ég mér hér með að leggja til að þér, herra forseti, samþykkið að viðurkenna fyrir Íslands hönd lögsögu mannréttindadómstóls Evrópu til þriggja ára frá deginum í dag og að þér undirritið hjálagða yfirlýsingu þar að lútandi.

Utanríkisráðuneytið, 21. ágúst 1958.

Allra virðingarfyllst."

Það er ekki tekið fram á þessu skjali, hver var þá utanrrh. né hver var þá dómsmrh., en þingheimur veit ofur vel, að það var Guðmundur Í. Guðmundsson, sem var utanrrh. og Hermann Jónasson, sem var dómsmrh., þannig að það var Hermann Jónasson og vinstri stjórnin, sem lýsti yfir því, að Ísland skyldi vera bundið af lögsögu erlends dómstóls jafnvel í þrætumáli íslenzks borgara, sem íslenzkir dómstólar væru búnir að leiða til lykta, í deilu hans við íslenzka ríkið. Ég held, að þeim mönnum, sem eiga þátt í slíkri samningsgerð, farist ekki að tala um landráð, — gera lítið úr sjálfstæðishug annarra, — sem fallast á jafnalgengt ákvæði í framkvæmdasamningum eins og gerðardómsákvæði, eins og gert hefur verið að þessu sinni í þeirri samningsgerð, sem nú er til ákvörðunar.

Það lýsir svo hins vegar vel heilindum þeirra manna, sem stóðu að því, að við gerðumst skilyrðislausir þátttakendur í þessum mannréttindadómstól, að þegar einn hópur manna hér undir forustu Páls nokkurs Magnússonar lögfræðings tók sig til og stefndi íslenzku ríkisstj. fyrir þennan alþjóðadómstól út af lögmæti stóreignaskattsins, sem allir vita, að prófessor Ólafur Jóhannesson hafði staðið fyrir að semja frv. um, þá ætluðu framsóknarmenn að ærast, m.a. hér á Alþ. og töldu það fáheyrðan ódrengskap og landráð af þessum herrum að fara þannig að, að ætla að bera íslenzka þrætu undir erlendan dómstól. — Það lýsir svo hins vegar Páli þessum ósköp vel, að nú er hann genginn í lið með Framsókn til þess að mótmæla gerðardómsákvæðinu og telur það einstakt hneyksli. Já, bæði eru skæðin góð.

Hv. síðasti ræðumaður, hv. þm. Hannibal Valdimarsson, talaði um, að það væri of mikið gert úr þessum gerðardómssamningi, sem nú hefur verið lagður fram til lögfestingar í Ed. og að seint gengi með fullgildingu á honum og vildi bera mig og hæstv. iðnmrh. sökum í öðru orðinu, þó að hann tæki það nú aftur í hinu, um það, að við hefðum gefið einhverjar villandi upplýsingar um þetta. Ég hef einungis sagt það, sem ég hafði frá góðum heimildum, hversu margir aðilar hefðu undirritað samninginn. Ég hef leitt hjá mér að tala um, hversu margir hefðu fullgilt hann enn, og ég veit ósköp vel, að þetta er sitt hvað. Á hitt er skylt að benda, að þessi samningur var fyrst undirritaður eða frá honum gengið, að því er mér er tjáð, fyrir eitthvað rösklega ári og það vita allir, sem þekkja þvílíka alþjóðlega samningsgerð, að það tekur yfirleitt mörg ár, þangað til samningar eru undirritaðir, hvað þá fullgiltir. — Eins og kom fram í því plaggi, sem ég lýsti áðan, þá er ekki að sjá svo að mannréttindadómstóllinn í Strasbourg hafi hlotið fullgildingu eða samþykki nógu margra aðila, til þess að hann tæki formlegt gildi, fyrr heldur en eitthvað átta árum eftir að samningurinn var fyrst undirritaður af þeim, sem ætluðust til þess, að hann væri settur á stofn. Þetta verða menn auðvitað að hafa í huga, ef þeir vilja tala um þetta mál af sanngirni.

Varðandi tímalengd samningsins, þá er það rétt, að ætlazt er til, að hann gildi 25 ár skilyrðislaust og þó með vissum breytingarheimildum og gagnaðili hefur rétt til framlengingar um önnur 20 ár. Það má vel segja um þetta atriði svipað eins og um rafmagnsverðið, að auðvitað hefðum við óskað eftir því að fá hærra rafmagnsverð og auðvitað hefðu margir óskað eftir því, að þessi samningur yrði gerður til eitthvað

skemmri tíma. En það kom á daginn, að ef menn vildu ná samningum, varð ekki lengra komizt í þessum efnum heldur en gert var.

Ég vil líka benda á, að 45 ár, svo að við tökum þau í heild, eru ekki langur tími í þjóðarsögu. Það var ekki ófróðlegt að heyra hv. 3. þm. Reykv., Einar Olgeirsson, hér fyrir skemmstu í Sþ. tala um Atlantshafsbandalagið. Mér finnst það nú líkast eins og það hafi verið fyrir einni næturvöku, sem við vorum að þræta um það mál hér á Alþ. Síðan eru þó liðin 17 ár. Enn eru á þingi höfuðforkólfar þeirra, sem stóðu að samningsgerðinni annars vegar og hins vegar hinna, sem voru harðastir á móti og þó einkum hv. 3. þm. Reykv. Nei, slíkur tími líður áður en varir, eins og örskot í sögu heillar þjóðar.

Það er hins vegar eðlilegt og hv. 3. þm. Reykv., Einar Olgeirsson, færði að því nokkur rök, þegar hann talaði um, hversu mikið fjármagn er fest í þessum framkvæmdum, að okkar gagnaðili hafi óskað eftir löngum samningstíma. Þetta verðum við að skilja og viðurkenna. Hv. 3. þm. Reykv. gat líka um það, sem alveg er rétt að hafa í huga, að Íslendingar hafa auðvitað í hendi sér að taka þessi mannvirki fyrr, ef þjóðarþörf krefur. Það er á valdi þeirra, sem með löggjafarvald fara hér hverju sinni, að meta það eftir grundvallarreglum íslenzkra laga og þá á gagnaðilinn vitanlega bótarétt í staðinn.

Ég tel slíkt ekki svo mikla hættu, vegna þess að þegar menn eru að tala um gerðardómsákvæði, að leggja mál undir alþjóðadómstól og annað slíkt, tala þeir um það sem einhver óskapa binding sé gerð á Íslendingum, slíkt sé svívirðing við íslenzku þjóðina. Ég segi þvert á móti. Það er svívirðing við íslenzku þjóðina að ætla henni það, að hún hegði sér þannig, að hún geti ekki sótt mál sitt og staðið fyrir því fyrir hvaða hlutlausum dómstóli sem er. Íslendingar eru enginn löglaus uppþotslýður, sem þarf að skammast sín fyrir sín lög eða sitt réttarfar. Það stenzt hvar sem er.

Ég veit, að hv. 3. þm. Reykv. lærir þetta, áður en langt um líður. Það getur kannske tekið hann ein 17 ár, eins og það sýnist hafa tekið hann 17 ár að komast til rétts skilnings á Atlantshafsbandalaginu, því að hér á dögunum fór hann að tala um það, að það gæti komið eitthvað töluvert verra en Atlantshafsbandalagið. Þá skildi hann, að Ísland mundi fyrst lenda í verulegum vanda, ef Atlantshafsbandalagið liðaðist í sundur og við stæðum frammi fyrir því, hvernig við ættum að tryggja öryggi landsins, ef Bretar, Kanada og Bandaríkjamenn einir legðu áherzlu á það að fá okkur í lið með sér. Það er nokkuð langt í ævi Einars Olgeirssonar, að það skuli hafa tekið hann 17 ár að skilja, hvílíkt öryggi felst í því fyrir sjálfstæði Íslands að vera í Atlantshafsbandalaginu. En það er ekki langur tími í þjóðarsögunni, og batnandi manni er bezt að lifa.

Það var sagt, — ég held ég megi segja frá því, ég hef kannske sagt frá því áður, — en eitt af því, sem McMillan á sínum tíma sagði við Ólaf Thors úti á Keflavíkurflugvelli, var, að hann spáði því, að áður en langt um liði mundu Rússar sækja um inngöngu í Atlantshafsbandalagið til verndar gegn Kínverjum. Það skyldi þó aldrei vera, að ástæðan til þess, að oddviti liðsins austan frá léti uppi þennan betri skilning á Atlantshafsbandalaginu nú en ella, væri sú, að þeir verði ætíð fleiri og fleiri, sem skilja, hvílíkt öryggi og trygging fyrir friðnum Atlantshafsbandalagið er.

Við getum talið, að það hefði verið betra að fá hærra rafmagnsverð. Við getum deilt um þennan gerðardóm út af fyrir sig, það er umdeilanlegt mál. Það varðar ekkert sjálfstæði Íslands eða neitt slíkt, en það er umdeilanlegt mál. Það er umdeilanlegt mál, til hve langs tíma gera eigi samninginn. Það fer vitanlega eftir því, hvað við teljum okkur sjálfa vinna við samningsgerðina. Það er ósköp eðlilegt ef hv. 3. þm. Vestf., Sigurvin Einarsson,þorir ekki framar að koma til Hafnarfjarðar, af því að hann heldur, að hann falli niður dauður, ef hann kemur þar á götu. — (Gripið fram í.) — Já, en eftir að álbræðslan er komin. — Það er ósköp eðlilegt, að slíkir menn séu á móti samningnum. Þetta liggur í augum uppi. En þótt við metum líf hv. þm. mikils, þá held ég, að það sé ekki í bráðri hættu og sker ótti hans þess vegna ekki úr.

Vitanlega verður, eins og glöggleg kom fram, t.d. hjá hv. 1. þm. Austf., að líta á þetta mál frá háum sjónarhól. Það verður að gera sér grein fyrir þessu máli í ljósi sögunnar og framþróunar. Það dugar ekki að líta á það eins og hv. 5. þm. Vestf. gerði eingöngu frá dægursjónarmiði vegna vinnuaflsörðugleika í bili. Við verðum að skilja, hvaða þýðingu þetta mál hefur fyrir framþróun Íslands, ég vil segja um aldir. Samningurinn gildir nærri því í hálfa öld, og ég hef trú á því, að þetta mál hafi mikla þýðingu fyrir framtíðarsögu íslenzku þjóðarinnar.

Sumir segja og hv. 1. þm. Austf., Eysteinn Jónsson, var að fara í kringum það, að við, sem vildum virkja vatnsorkuna og nota hana til þess að mala gull eða verðmæti handa þjóðinni, að við tryðum lítið á landið, og hv. 5. þm. Austf., hv. þm. Lúðvík Jósefsson, talaði mikið um það, að við værum andstæðir öðrum atvinnuvegum og þó einkanlega sjávarútveginum.

Nú má auðvitað endalaust deila um trú hvers og eins á landið. Víst lítum við misjafnlega á okkar aðstöðu hér og það getur verið, að okkar kreddur blindi okkur nokkuð og geri okkur einsýna. En því lærdómsríkara er að heyra, hvað þeir, sem standa utan við deilurnar, segja um þetta efni. Ég rakst á það í Morgunblaðinu 2. marz s.l., að alþekktur fræðimaður, náttúrufræðingur ágætur, Jón Eyþórsson, skrifaði þar ritdóm um Ferðabók Ólafs Olaviusar. Hann segir, ég held í niðurlagi sinnar greinar:

„Þjóðskáldið okkar Davíð Stefánsson komst svo að orði, að líf íslenzku þjóðarinnar sé eilíft kraftaverk. Ég skal játa það, að þessi orð hafa verið mér ofarlega í huga, síðan ég lauk við að lesa ferðabók Olaviusar annars vegar og hins vegar hinar gagnmerku ritgerðir Þorkels Jóhannessonar, Plágan mikla og Við Skaftárelda, í bók hans Lýðir og landshagir."

Þetta segir Jón Eyþórsson, sem vitnar þarna til þjóðskálds og eins bezta sagnfræðings Íslendinga.

Ég held, að það sé óhjákvæmilegt fyrir okkur að átta okkur á byggðasögu Íslendinga og fólksfjölda á

Íslandi fyrr og síðar. Ég hygg, að það sé komizt næst sanni, að því er ég hef getað fengið fregnir af, að á 13. öld hafi Íslendingar verið kringum 80 þús. manns. Þeir urðu ekki svo margir aftur fyrr heldur en um síðustu aldamót. Þeir voru tæplega 80 þús. um aldamótin 1900. Hvernig halda menn, að á þessu hafi staðið? Á þessu eru auðvitað margar skýringar. En ein er sú, sem fólst í orðum þjóðrækins Íslendings snemma á 18. öld. Hann sagði, að bæir og kaupstaðir á Íslandi mundu verða til þess, eins og hann sagði orðrétt: „að sumir verði örsnauðir, sumir flugríkir eins og í öðrum löndum en ei nær svo jafnríkir sem nú.“ Þetta sagði þjóðrækinn maður snemma á 18. öld. Þetta er alveg sami hugsunarhátturinn og við heyrðum enn í dag. Menn fárast yfir þéttbýlinu, menn fárast yfir þeim mikla auði, sem þar sé safnað saman og telja, að hann verði til þess að gera aðra landshluta verr stæða. Þetta kom m.a. mjög glögglega fram, þessi hugsunarháttur, þótt ótrúlegt sé, í ræðu síðasta hv. ræðumanns, 5. þm. Vestf., Hannibals Valdimarssonar. Hann fór að vísu ekki rétt með sumar staðreyndir m.a. þær, sem hann ætti glögglega að þekkja. Hann sagði t.d., að aðstreymið hingað suður hefði hafizt í seinni heimsstyrjöldinni með hinu mikla vinnuafli, sem þá hefði þurft til hernaðarframkvæmda hér. Ef hv. þm. vill kynna sér fólksfjöldann í sínu eigin kjördæmi og það er eini landsfjórðungurinn, sem fækkað hefur í frá því á aldamótum, þá sér hann, að breytingin verður miklu fyrr heldur en með seinni heimsstyrjöldinni. Flestir verða Vestfirðingar á þessari öld 1920, ef talið er í tugum. Þeim er farið að fækka 1930. Þarna eru aðrar ástæður að verki heldur en hv. þm. vildi vera láta.

En þessi ótti við það, að menn hverfi úr vissum byggðum, hann hefur verið mjög ríkur í mönnum. Við þekkjum glögglega, jafnvel fram á okkar daga, skáld, sem bæði í kvæðum og ótal skáldsögum, svo að ekki sé talað um málflutning stjórnmálamanna, sem hafa talið það mikla ógæfu, ef menn hyrfu úr sveitum landsins til kauptúnanna, jafnvel þó að í næsta nágrenni væri. Menn tala um það sem sérstaka dyggð að búa í sveit umfram það að eyða árum sínum á mölinni. Nú er hollt fyrir okkur að hugleiða: Hvernig værum við staddir, ef ráði hins þjóðholla Íslendings á 18. öld hefði verið fylgt og við byggjum allir í sveitum enn þá? Ætli það væri ekki rétt, að við værum allir nokkurn veginn jafnríkir, þ. e. a. s. jafnfátækir. Landbúnaðurinn helzt nú orðið uppi á hinu innlenda þéttbýli. Velferð hans er nátengd því, að menn hafa flutt sig saman, og við værum í algjörum vandræðum með landbúnaðarframleiðsluna, ef við hefðum ekki þennan stóra innlenda markað. Þetta blasir algjörlega við. Ég hef ekki á móti íslenzkum landbúnaði, því fer fjarri, ég tel hann þjóðarnauðsyn, sjálfsagðan, en við verðum að gera okkur grein fyrir í hverju hans styrkleiki og veikleiki liggur og að hann brauðfæðir Íslendinga ekki lengur.

Þá segja menn og einkum lagði hv. 5. þm. Austf., Lúðvík Jósefsson, á það ríka áherzlu, að við ættum að setja allt okkar traust á sjávarútveginn. Það er rétt, að sjávarútvegurinn hefur gefizt okkur vel, en það þurfti líka mikla baráttu til þess að fá Íslendinga til þess að skilja þýðingu hans. 1834 gaf einn fremsti Íslendingur, sem þá var uppi, út bók um fólksfjölda á Íslandi og fjárhagsástæður þess. Í riti þessu varpar hinn fjölfróði höfundur m.a. fram þeirri spurningu, hvort Ísland sé fært um að fæða af sjálfsdáðum þann fólksfjölda, sem þá var í landinu og hvort menn eigi, ef svo sé, að óska, að hann fari vaxandi, þ. e. a. s. fram úr liðlega 54 þús. manns. Höfundurinn telur að vísu, að Ísland sé fært um að ala þennan fólksfjölda, en honum þykir ekki æskilegt, að fólksfjöldinn vaxi og leiðir rök til þess af því, hvernig bjargræðisvegum sé háttað á Íslandi og hvað þeir séu stopulir. Orðrétt segir hann:

„Þegar á allt þetta er litið ásamt á það, hve Ísland einkanlega er ákaflega langt frá Danmörku, svo að öll hjálp getur þess vegna verið ómöguleg, þegar mest þarf á henni að halda, þá sýnist mér það mjög efasamt, hvort Íslandi er gagnað með verulega meiri fólksfjölda en nú er þar, hversu æskilegt sem manni við fyrstu sýn kann að virðast það.“

Þetta sagði þessi ágæti maður orðrétt. Efnislega hélt hann áfram og sagði, að landbúnaður hlyti að vera undirstaða jafnrar velmegunar og fólksfjölda í landinu, en sé þó ærið stopull. Iðnaður og sjálfstæð verzlun sé ekki til á Íslandi og muni naumast nokkru sinni verða til. Um fiskveiðarnar segir hann, að þar sé ágóðinn svo óviss, að ekki sé á hann að ætla að aldrei auðgi þær nema einstaka menn, sem hafi vit og efni á að fylgja þeim fram. Þar á ofan fari svo margir í sjóinn, sem hafa af þessu atvinnu og aðrir, langtum fleiri, verði letingjar og óreglumenn.

Þetta var mat mjög fróðs Íslendings, sem ritaði 1834. Það má segja, að þangað til þilskip komu og síðan togarar, hafi þessi skilningur verið nær alls ráðandi á Íslandi. Tilraun Skúla fógeta fór út um þúfur og það var ekki fyrr heldur en um aldamótin síðustu, að þilskip fóru að gefa góðan árangur og síðan komu togararnir. En var þá togurunum tekið fagnandi? Hverjir eru það af okkur, sem ekki hafa heyrt talað um Grimsby-lýðinn? Ætli við höfum ekki heyrt, hvernig þaut í skjánum hjá mörgum landsmönnum til þeirra, sem stunduðu sjóinn, fyrst þeirra sem öfluðu togaranna og sigldu á þeim til Englands, einkanlega til Grimsby? Síðar, eftir að togaraútgerðin hafði þó fest sig í sessi, þá var lagzt á móti þeim, sem veiddu síld, þeir svívirtir á allan veg og talað um þann áhættuleik, sem væri í því fólginn að hætta fé sínu til slíkra fjárglæfra. Allt þetta könnumst við mjög vel við. Þó er enginn vafi á því, að efnahagsleg undirstaða framfara okkar á þessari öld hefur sjávarútvegurinn verið.

Hv. 1. þm. Austf., Eysteinn Jónsson, fann að því um daginn, að ég hefði hér í umr. um annað mál sagt, að það hefði orðið afturkippur hér á árunum milli 1930—1940 og vildi ekki viðurkenna þetta. Nú má auðvitað endalaust um þetta deila, en eftir því sem fróðir menn hafa komizt að niðurstöðu um, þá telja þeir, að á þessu tímabili hafi hagvöxtur hjá þjóðinni, meðaltal á ári, verið 0.7%. Á síðasta tímabili, 1961—1965, eykst þjóðarframleiðslan um 6.5% á ári og ef þjóðartekjurnar eru teknar, um 7.7%. Hér er vissulega mjög verulegur munur, því tjáir ekki að neita.

Mér kemur ekki til hugar að halda því fram, að erfiðleikarnir á þessum árum hafi fyrst og fremst, hvað þá eingöngu, verið að kenna þáverandi hv. ríkisstj., en það er alveg víst, að hún réði ekki við þá örðugleika. Það má deila um tölur eins og í þessum hagfræðiútreikningum, en það stendur óhaggað eftir, að meira atvinnuleysi var á þeim árum heldur en nokkru sinni fyrr eða síðar í sögu íslenzku þjóðarinnar.

Á tímabilinu frá 1934 fram til 1939 er hæsta tala skráðra atvinnuleysingja hvert ár hér í Reykjavík. Hún er hæst 1938, 804 manns, og lægst 1934, 719. Á þessu tímabili skilst mér, að láti eitthvað nærri, að hún sé að meðaltali kringum 737. Ef við segjum, að hver atvinnuleysingi, sem skráður er, hafi haft fyrir að sjá 5 manna fjölskyldu, þá felst í þessum tölum, að meira en 10. hver fjölskylda í Reykjavík hafi þá átt við þau kjör að búa, að fjölskyldufaðirinn var atvinnulaus. Það er engin ástæða fyrir þá, sem öðrum fremur bera ábyrgð á því stjórnarfari, sem á þessum árum ríkti, að vera að rifja upp og ögra manni til umræðna um þessi efni í einstökum atriðum.

Ég veit, að hv. 1. þm. Austf., Eysteinn Jónsson, vildi vel á þessum árum og reyndi að gera sitt bezta, en hann taldi nú ekki mikið í það varið, þó að þessi nýi Atvinnujöfnunarsjóður ætti að fá fjármagn til þess að geta útvegað svo sem 2 báta á ári til þeirra héraða, sem illa eru stödd. Mér skilst, að í þeim landshlutum, sem þessi sjóður mundi liðsinna, sé í hæsta lagi kringum 50 þús. manns, þó sennilega ekki nema 40 þús. manns. 50 þús. manns er tæpur helmingur af tölu allra Íslendinga á þeim stjórnarárum hv. þm., sem við nú erum að tala um. Og hver skyldi nú aukning fiskiskipaflotans hafa verið að meðaltali á þessu tímabili? Samkvæmt þeim tölum, sem ég hef og sé enga ástæðu til að vefengja, þá var meðalaukningin á ári frá og með 1934—1939 214 smálestir. Þetta átti að nægja sem aukning handa þjóð, sem var yfir 100 þús. manns. Nú þykir hv. þm. skömm og skítur til þess koma, að hægt sé að útvega úr einum viðbótarsjóði til nokkurs hluta landsmanna þó andvirði þriggja slíkra báta á ári. Það má segja um þennan þm., eins og hv. 3. þm. Reykv., batnandi manni er bezt að lifa, og það væri vissulega rétt, ef þessi stórhugur kæmi fram í öllu, bara að hann birtist ekki einvörðungu í kröfugerð til annarra.

Hv. 5. þm. Austf., Lúðvík Jósefsson, talar mikið um það, að við séum sinnulausir um sjávarútveginn. Það er þó staðreynd, að á okkar stjórnartímabili hefur árleg aukning smálestafjöldans í fiskiskipum verið þrefalt meiri heldur en hún var á þeim tíma, þegar þessi hv. þm. var sjútvmrh.

Nú veit ég ósköp vel, að allar þessar tölur eru hæpnar að því leyti, að það fer nokkuð í rykkjum, hvernig menn kaupa fiskiskip til landsins og það er meira og minna tilviljun, hvenær í þau kaup er ráðizt. Og eins veit ég það, að báðir þessir menn vildu vel, en þeir eiga ekki að vera að skamma aðra, sem hafa gert miklu betur en þeir sjálfir, fyrir viljaleysi. Þeir geta skammað okkur fyrir það, að okkur hafi tekizt illa og margt sé hér aflaga, en þeir eiga ekki að vera að skamma okkur fyrir viljaleysi, þegar við einmitt á þeim grundvelli, sem þeir sjálfir velja sér til ádeilu á okkur, höfum afrekað svo miklu meira heldur en þeim tókst á sínum tíma. Vitanlega er eftirspurnin eftir bátum mikil núna, en henni hefði ekki verið fullnægt ef efnahagslífi þjóðarinnar hefði ekki verið forðað úr þeirri hættu, sem það var komið í í árslok 1958, ef ekki hefði verið hægt að útvega lán til þessara skipakaupa erlendis og Fiskveiðasjóður og stofnlánadeild sjávarútvegsins hefðu ekki verið efld svo, að þessar stofnanir hafa fyllilega getað, ekki einungis fullnægt eftirspurn, heldur haft forustu um þá stórkostlegu uppbyggingu, sem í þessum efnum hefur átt sér stað. Enda er það óhagganlegt, að þegar litið er á raunveruleg verðmæti, þá hefur fjármunamyndun á föstu gengi verið árlega a.m.k. 50% meiri í þessum atvinnuvegi á stjórnartíma þessarar ríkisstj. heldur en á tímum vinstri stjórnarinnar, sem þó óumdeilanlega lagði mikið kapp á það að efla sjávarútveginn og vildi gera það. Fram hjá þessum staðreyndum verður ekki komizt. Við skulum svo einnig viðurkenna, eins og ég segi, að hvorki dugnaður sjómanna né forusta eða atbeini ríkisstjórnar dugar, nema aflabrögð séu sæmileg. Þetta er óumdeilanlegt og tjáir ekki að vefengja það. Ein af ástæðunum til þess, að mjög erfiðlega gekk á árunum 1934—1939 var sú, að þá brást þorskafli mjög illilega. Verð var lágt og markaðsörðugleikar miklir. Síldveiðar voru þá hins vegar mun meiri heldur en höfðu verið næsta tímabil á undan.

Allt þetta sýnir, hversu erfitt er að áætla í þessum efnum og hversu varlega menn eiga að fara í að vera með fullyrðingar, eins og t. d. hv. 3. þm. Reykv. hér í öðru sambandi á dögunum, þegar hann hældi sér af því, að hans ræðuflutningur hér um nýsköpun væri undirstaða okkar velmegunar. Nú geri ég alls ekki lítið úr þýðingu nýsköpunarinnar fyrir íslenzkt efnahagslíf og okkar þjóðlíf í heild, það var nauðsynlegt átak og hv. 3. þm. Reykv. á þakkir skildar fyrir sitt framlag til þess. En við skulum líka játa, að margt, sem þá var gert, hefur enn í dag ekki svarað sínum tilgangi, vegna þess að aflabrögðin urðu önnur heldur en menn höfðu vonað. Mikið af því fé, sem þá var fest í síldarverksmiðjum, öðrum síldarmóttökutækjum og jafnvel í síldarskipum var lengi gjörsamlega glatað fé. Enn er mjög slæmt ástand á stað eins og Skagaströnd, sem byggður var upp fyrir forustu nýsköpunarstjórnarinnar. Og það er athyglisvert, að þó að atvinnuleysi hafi aldrei verið jafn magnað og langvarandi böl á Íslandi eins og á tímabilinu frá 1930 til 1940, þá var atvinnuleysi hér einnig á árunum 1950—1952 og 1953. Tölur segja um það: 1947 er atvinnuleysi sáralítið, 71 maður skráður í Reykjavík, 1948 eru það 42, 1949 135, 1950 251, 1951 418, 1952 718, svo fellur það niður 1953, eru þá skráðir 98 og hefur ekki verið teljandi síðan. Ég rifja þessar tölur upp vegna þess, að þær sanna okkur, að hið mikla átak, sem gert var með nýsköpunarframkvæmdunum náði ekki tilgangi sínum, vegna þess að sá fiskur, sem einkum var ætlað að byggja velsældina á, brást. Síldin sýndi sig ekki.

Og þó að það komi ekki okkar almennu atvinnuuppbyggingu við, þá megum við vel hafa það í huga, að breytingin til bóta 1953 verður vegna þess, að þá eykur varnarliðið mjög sínar framkvæmdir. Hv. fram-

sóknarmenn hafa mjög legið mér á hálsi fyrir mína frammistöðu í ýmsum samskiptum við varnarliðið, og ég skal ekki deila um það, það er sögunnar að dæma um, en ég man, að einn af þeirra áhrifaríkustu mönnum, ég skal ekki nefna hann nú, hann kom til mín, hann var þm. úti á landi, og sagði: „Þú verður að fara í varnarliðsformennina og fá þá til þess að herða á framkvæmdum, til þess að menn úr mínu byggðarlagi geti fengið atvinnu. Það er algjört neyðarástand, ef ekki verður við bjargað.“ Þá fjölgaði á skömmum tíma stórlega í varnarliðsvinnu, og þar urðu yfir þrjú þúsund vinnuþegar um nokkurt bil. Þeir hafa ekki festst þar. Nú er mér sagt, að það séu milli 400—500 manns, sem vinni hjá varnarliðinu sjálfu á Keflavíkurflugvelli og eitthvað í kringum 400 manns hjá Aðalverktökum. Þetta er álitlegur hópur, það er rétt. En það er ekkert sambærilegt við það, sem var. Ástæðan til þess, að við höfum getað tekið við þessu aukna vinnuafli er fyrst og fremst bættur afli og betri hagnýting aflans. Við skulum líka játa það, að í bili björguðum við okkur út úr sárum vandræðum og hættu með þessari tilfallandi vinnu. Síðan er haldið áfram uppbyggingu í sjávarútvegi af öllum aðilum, sem þar gátu lagt lið sitt til, en það dugði ekki til. Jafnvel á því góða ári 1958, þegar meiri afli var heldur en nokkru sinni hafði áður verið á Íslandi, voru þó enn nokkrar leifar atvinnuleysis hér í Reykjavík. Síðan hefur enginn verið skráður.

Sjávarútvegurinn er vissulega okkar undirstöðuatvinnugrein ásamt landbúnaði og iðnaði, getum við sagt, en til gjaldeyrisöflunar er hann auðvitað langsamlega þýðingarmestur og verður aldrei ofmetinn; það er rétt. Þess vegna verður vissulega að gera honum kleift að starfa og njóta sín, en við megum ekki gleyma þeim hættum, sem sjávarútveginum eru samfara og þeim sveiflum, sem hann er háður. Við skulum ekki fara út í neinn tölulestur. En hyggja menn ekki, að það sé nokkur munur á aðstöðu nú eða var 1951—1955, þegar samtals veiddust af síld og loðnu 55.836 tonn, eða á árinu 1965, þegar veiðin er 812.602 tonn? Það tjáir ekki að segja: Það eru betri tæki. Það er rétt, það eru betri tæki og betri möguleikar til að taka á móti. Það eru vísindamenn, sem hafa komið okkur til hjálpar. En við höfum enga tryggingu fyrir því, að blessuð síldin haldist við okkar strendur. Ég veit a. m. k. að hinn ágæti þingkennari, hv. 3. þm. Reykv., er svo vel að sér í sögu, að hann kannast við það, að sagt er, að Hollendingar hafi fyrst komizt til álna við síldveiðar, síðan er sagt, að Suður-Svíþjóð hafi fyrst efnazt á síldveiðum, þar sem þessum fiski var ausið upp nærri takmarkalaust á vissum tímabilum. Á hvorugum þessum slóðum sést síld, svo að heitið geti nú, hún hefur farið annað.

Hv. 5. þm. Austf. á ekki nógu sterk orð til að ásaka sjálfstæðismenn fyrir það, að nokkrir þeirra fluttu á sínum tíma till. um það, eins og hann segir, að reka íslenzka fiskiskipaflotann til stranda Afríku. Við skulum nú sjá hvernig þessi till. var í raun og veru. Með leyfi hæstv. forseta, þá hljóðar hún svo:

„Till. til þál. um athugun á möguleikum til fiskveiða við vesturströnd Afríku.

Alþ. ályktar að fela ríkisstj. að láta fara fram athugun á því, hvaða möguleikar eru á, að íslenzk fiskiskip geti hafið fiskveiðar við vesturströnd Afríku. Leiði sú athugun í ljós, að möguleikar á slíkum veiðum séu fyrir hendi, beiti ríkisstj. sér fyrir því, að tilraun verði gerð.“

Hvaða synd er að hafa flutt svona till.? Er það glæpur, að Rússar senda síldveiðiskip upp að Íslandsströndum? Er það glæpur, að hinn mikli afli íslenzku togaranna 1958 og fyrri hluta árs 1959 fékkst vestur undir Nýfundnalandi? Er það glæpur, að jafnvel enn í dag fara íslenzkir togarar stundum upp með austanverðum Grænlandsströndum og afla þar? Verða Íslendingar ekki, eins og aðrir, að elta fiskinn, meðan þeir lifa á honum? Og á þessu tímabili, þegar þessi till. var flutt, þá höfðu menn ekki enn uppgötvað hina miklu síldarstofna, sem nú er ausið upp. Hvort þeir voru þarna eða ekki, skal ég ekki segja; — menn vissu ekki um þá og það var ljóst, að skipin, yfir 100 og 150 tonn, þau höfðu ekki nægu verkefni að gegna við þorskveiðar, ef þau gátu ekki haft aðrar veiðar sér til uppbætis. Menn komast ekkert áleiðis, nema þeir prófi eitthvað nýtt, og það er hættan við það að lifa veiðimannalífi, að menn verða að hegða sér eins og veiðimenn. Menn verða að elta veiðina þar sem hún er, en ekki þar sem þeim þóknast, að hún sé.

Það er ekki vegna þess, að ég geri lítið úr landkostum Íslands, en ég segi, að við verðum að vita, hverjir landkostirnir eru, og við verðum að kunna að nota þá. Við höfum séð það, að sjávarútvegurinn er eilífum sveiflum háður. Hann hefur gert okkur efnaða í bili. Við skulum vona, að það standi sem lengst, en það er hygginna manna háttur að hugsa fyrir morgundeginum. Jafnvel á dögum faraóanna töluðu menn um og dreymdi jafnvel um sjö feitar kýr og sjö magrar. Og veröldin er undarlega breytt og orðin betri á ellidögum, eins og hv. 3. þm. Reykv. og hv. 1. þm. Austf., ef hún hefur breytzt svo, að þessi regla gildi ekki lengur. En eins og ég er hræddur um, að þessara hv. þm. bati sé nokkuð skammvinnur, þá held ég, að við verðum að vera viðbúnir ólíkum íslenzkum aflabrögðum héðan af eins og hingað til.

Það er of seint og það segi ég við forseta Alþýðusambands Íslands, það er of seint að ætla að fara að bjarga atvinnunni t.d. með slíkum framkvæmdum eins og þessum, þegar neyðin er skollin á. Ég man það vel, — og ég man það, að faðir minn var ekki mjög hrifinn af því, það mun hafa verið 1923, þegar núv. forseti Íslands, Ásgeir Ásgeirsson, var kosinn á þing, — að þá voru nýkjörnir þm. kvaddir niður í Stjórnarráð og lögð fyrir þá beiðni frá Hafnfirðingum um það, að þeir mættu leyfa erlendum veiðiskipum aðsetur í Hafnarfirði. Þeir, sem voru varfærnari í þessum efnum, eins og faðir minn, létu sér fátt um finnast og töldu, að það væri ekki víst, að ástæða væri til að hleypa útlendingum inn. Ásgeir Ásgeirsson svaraði þá: „Á að bíða eftir því, að beinagrindur séu lagðar með sem fylgiskjal.“ Þetta þótti nokkuð ungæðislega mælt, en hefur verið sagt af fullri alvöru, a. m. k. er mér þetta minnisstætt sem hatrammt svar við þófi á móti máli, sem þá var nauðsynlegt, að næði fram að ganga. Þá varð ekki ráðið fram úr atvinnuerfiðleikum

Hafnfirðinga með öðru heldur en þessari neyðarráðstöfun.

Nú er ekki neyðarástand á Íslandi, sem betur fer, en við höfum of oft, ég og hv. 5. þm. Vestf., Hannibal Valdimarsson, og of lengi kynnzt atvinnuleysi og þeim hörmungum, sem því fylgja, til þess, að það sé verjandi af okkur að nota ekki hvert það tækifæri, sem fæst, til þess að koma í veg fyrir, að það böl herji Íslendinga oftar. Ég veit, að þessi samningur einn leysir ekki þann vanda, en hann mun eiga sinn þátt í að leysa hann með því að skapa hér öruggara og sveifluminna atvinnulíf heldur en við höfum hingað til átt við að búa. Ekki vegna þess, að þetta sé svo stórt í sjálfu sér varðandi þann mannafla, sem þarna fái vinnu. Það er talað um, að á fyrsta stigi verði þarna að staðaldri um 300 manns, síðan upp í 450 manns. Hv. 5. þm. Austf. talar um þetta sem hreint böl, að menn eigi að fá vinnu þarna. Hann gáir þó ekki að því, að talið er, að í lok þessa tímabils verði komnir 17 þús. manns fleira á vinnumarkað heldur en eru í dag, 17 þús. manns jafnvel þó að við gerum ekki ráð fyrir neinu aðstreymi annars staðar frá, og við skulum reyna að vinna á móti því eftir föngum, þá skulum við einnig gera okkur grein fyrir því, að það fólk, sem þegar er hingað komið, þarf vinnu hér. Fjöldi þessara verkamanna er ekki svo ýkja mikill miðað við ýmis önnur fyrirtæki. Menn tala um þetta sem risa, er muni kollsteypa okkar þjóðfélagi. Ég játa, að það er rétt, sem hv. 3. þm. Reykv. sagði, að fjárfestingin er mikil, en það er alls ekki síður við, sem fáum vald á þeirri fjárfestingu, heldur en fjárfestingin á okkur. Þessir menn eiga að lúta íslenzkum lögum og eins og hv. þm. drap á, þá er eignarnámsheimild fyrir hendi, ef allt um þrýtur. Þessir menn verða engir alræðisherrar hér. Það er vegna þess, hversu mikið þeir leggja hér undir okkar lögsögu, sem við fáum stórkostlega sterka aðstöðu gagnvart þeim í allri okkar viðureign við þá, einmitt vegna þess, hversu miklu fé þeir hafa fórnað í þetta, en þeir að vissu leyti halda ekki uppi nema mjög takmarkaðri vinnu fyrir okkur, sem við skulum þó ekki gera lítið úr. Það er engan veginn lítið gerandi úr því, að 450 manns fái örugga, góða vinnu til frambúðar. Það hefur verið sagt, að það safnist töluvert í kringum þann hóp á ýmsa vegu. Enginn vafi er á því, eins og hv. 5. þm. Austf. gat um, að þetta eru lágmarkstölur. Ég reikna með því, — ég tel víst, — að ef við leggjum áherzlu á, þá getum við fengið þá til þess að hafa minni véltækni í þessu og fengið fleiri mönnum vinnu, ef við kjósum það. En jafnvel nú í dag, þá eru allmörg, a. m. k. nokkur fyrirtæki, sum stærri, önnur, sem slaga fyllilega upp í álbræðsluna. Sambandið eitt, ásamt sínum dótturfyrirtækjum, — ekki kaupfélögin talin með eða Olíufélagið eða þau önnur, sem hafa aðra meðeigendur, — heldur einungis þau, sem eru talin bein dótturfyrirtæki, er skv. síðustu skýrslu með alls í vinnu 1366 menn. Loftleiðir er talið að hafi innanlands 532 menn í vinnu í árslok 1965. Eimskip samtals um 700. Flugfélagið eitthvað rúm 300. Fjöldi annarra fyrirtækja hundrað, tvöhundruð, upp undir þrjú hundruð manns, — fjöldi fyrirtækja.

Álbræðslan er enginn slíkur risi, að hún muni kollkeyra allt hér á Íslandi. Það er góðra gjalda vert og mikilsvert að fá öruggan vinnuveitanda fyrir þennan hóp. Úr því skulum við sannarlega ekki lítið gera. En hann er ekki slíkur risi, að hann drepi allt niður í kringum sig. Þvert á móti höfum við, vegna þess að þeir hafa látið fjármagnið eftir í landinu, þessa sterku aðstöðu, sem ég áðan drap á.

Það er svo annað mál, að það þarf fleiri menn á meðan verið er að koma þessu mannvirki upp. Það er heldur engan veginn nýjung, að erlendir verkamenn séu hér. Á dögum nýsköpunarstjórnarinnar á árinu 1946 voru hér fyrir utan Dani og Færeyinga taldir 933 útlendingar, sem höfðu atvinnuleyfi. Árið 1947 voru hér 713 útlendingar, hvort Danir og Færeyingar eru taldir þar með eða ekki kemur ekki ljóst fram í þessari skýrslu. Á dögum vinstri stjórnarinnar voru hér færeyskir sjómenn og landverkamenn í fiskvinnslu. Árið 1956 eru þeir 943, 1957 1344 og 1958 900. Síðan fækkar þeim. Árið 1965 eru atvinnuleyfi alls 1320, þar af um 580 Færeyingar. Ég segi, það er bitamunur en ekki fjár, hvort nokkrir, ég vil segja nokkur hundruð manns, koma til viðbótar eða ekki, dvelja t.d. í skipi suður í Straumsvík, meðan verið er að taka mesta kúfinn af vinnuaflsskortinum, meðan verið er að koma þessum framkvæmdum áleiðis. Þeir þurfa ekki á nokkurn hátt að trufla okkar atvinnulíf eða verða neinum til miska.

Ég veit það, að ef það á fyrir okkur að liggja, hv. 5. þm. Vestf. og mér, að vinna saman að framkvæmd þessara mála, þá höfum við leyst þyngri þraut en þá að ráða fram úr þeim vanda. En ég segi: Úr því að hér er ekki um meira atriði að ræða varðandi vinnuafl en þetta, af hverju leggja menn þá kapp á að koma þessu áleiðis? Fyrir mér er það fyrst og fremst vegna þess, að ég er sannfærður um það, að íslenzku þjóðarinnar bíði ómæld hagsæld í hagnýtingu auðlinda, bæði vatnsorku og hita. Ég er sannfærður um það, að það verður miklu örðugra að ráðast í Búrfellsvirkjun, — velti menn því fyrir sér, hvernig sem þeir vilja, — ef við getum ekki selt þessu erlenda stóriðjufyrirtæki verulegan hluta aflsins um árabil til þess að borga niður fyrir okkur kostnaðinn. Með því er ekki hallað á aðra atvinnuvegi, með því er sjávarútvegi, landbúnaði og iðnaði gert mögulegt að fá meira og ódýrara rafmagn en þeir ella mundu fá, og enginn af þessum atvinnuvegum getur staðizt nú nema með því að njóta rafmagns. Það er þess vegna ekki verið að halla á þá, það er beinlínis verið að vinna fyrir þá með því að gera mögulegt að ráðast í stórvirkjun og selja rafmagnið ódýrara verði heldur en ella.

Og þó er það minnst um vert, sem kemur fyrst í ljós. Mest um vert er, að þarna er ráðizt í virkjun stórfljóta landsins og þá kemur eitt af öðru. Ef við berum gæfu til þess að samþ. þetta nú, sem ég örugglega treysti, er ég öruggur um það, að hv. þm., Gísli Guðmundsson, á eftir að sjá þann draum sinn rætast, að Dettifoss verði virkjaður. Hvort sem okkur líkar það betur eða verr, er það þéttbýlið, sem verður að leggja til aflið í það að standa undir þessum stóru virkjunum, gera hina stóru hluti hér á landi og beita sínu afli til þess, að byggð geti haldizt út um allt land. Ef við höfum ekki skilning á þessu og gerum

það ekki, erum við vissulega illa farnir, ef staðið verður á móti því, að þéttbýlið fái þetta afl og þennan möguleika eða ef þéttbýlið fyllist svo af þráa og hroka, að það fæst ekki til þess að skilja, að það eru fleiri til en það eitt. Ég er alveg sannfærður um það, að eins og það er undirstaða undir landbúnaði, að þéttbýli hefur skapazt á Íslandi, er það undirstaða undir virkjun stórfljóta landsins, þar með Dettifoss, og hagnýtingu þessa mikla afls, sem runnið hefur ónotað frá upphafi vega, að við ráðumst í stórvirkjun, séum ekki hræddir, treystum okkur á við aðra og temjum þennan fák til framsóknar og hagsældar íslenzku atvinnulífi. Og það er ekki eingöngu, að þetta muni verða, — ég er sannfærður um, að það verður, — heldur kemur strax frá álvinnslunni margs konar annar atvinnurekstur. Þar með fæst efnivara í landið, sem gerir margs konar annan iðnað hér mögulegan og skapar bjargræðisvegi, sem ella og áður voru ekki fyrir hendi.

Upp við hitt tjáir ekki að kippa sér, þó að menn verði fyrir nokkru aðkasti, þegar í slíkt stórvirki er ráðizt eins og þetta. Um það má vitna til ýmissa góðra manna, og ég ætla ekkert að gera upp á milli manna eftir flokkum, en við munum ósköp vel, að það var fullyrt, að þegar sementsverksmiðjan yrði reist, myndi fiskur hverfa úr Faxaflóa, a. m. k. úr stórum hluta hans. Það var einnig sagt, að sementsrykið myndi gera fiskverkun á Akranesi ómögulega. Ég man það, að ágætur maður hélt því fram, að áburðarverksmiðjan, byggð með þeim hætti, sem gert var, væri stórhættuleg. Hún framleiddi sprengiefni, sem gæti leitt til þess, að Reykjavík yrði lögð í rústir, áður en varði. Ég man eftir því, þegar ráðizt var í hitaveituna, að á síðasta stigi, þegar verið var að semja með þeim hætti, að það tókst þó að hrinda því máli fram að nokkru leyti meðan á stríðinu stóð, þá var einn góður bæjarfulltrúi, sem taldi samninginn við verktaka og lánin, sem þar voru, svo harðan og að mörgu leyti særandi fyrir íslenzku þjóðina, að erfitt væri undir að búa. Hver finnur nú til þeirra særinda, sem hitaveitan hefur lagt á Íslendinga?

Það er talað um, að það sé ekki meira að ráðast í Búrfellsvirkjun nú en Sogsvirkjunina á sínum tíma. Hún þótti ekki lítið stórvirki á sínum tíma. Hinn 22. apríl 1931, þá var í blaði einu skrifuð grein, sem spurði: Hvað er í húfi fyrir bændur landsins? „Samsæri gegn sveitunum“ og var sagt byggt upp á samningi milli sameinaðra fjendaflokka Framsóknar. Fyrst er talið, að fjölga eigi þingmönnum Reykjavíkur. Annað, að ríkissjóður skyldi vera látinn taka á sig 7 millj. kr. ábyrgð fyrir Reykjavík til Sogsvirkjunarinnar. Þetta er talið eitt af fjórum atriðum í „samrærinu.“ Síðan segir: „Rísi bændur landsins ekki gegn tilræði samsærismannanna nú við næstu kosningar og hnekki því rækilega, mun þeim ekki gefast tækifæri til þess síðar.“ Þá var það samsæri og svik að reyna að virkja Sogið.

Það er að vísu oft búið að vitna í símann, en ég get þó ekki látið vera, með leyfi hæstv. forseta, að lesa hér upp ræðu, sem gæti að verulegu leyti verið haldin í dag. Á Alþ. 1905 sagði mjög mikilsvirtur þm.:

„Ég lít svo á sem 12. ágúst 1905 muni verða talinn allmikill merkisdagur í sögu hinnar íslenzku þjóðar. Hvort að því leyti, að með honum hafi oss hlotnazt nokkurt hnoss, þori ég ekki að fullyrða, — sagan sker úr því. En dagurinn mun þó engu að síður þykja merkilegur, því með honum hefst á nýjan leik nýr kafli í einokunarsögu Íslendinga. Sú hlið málsins er þó dýpst og stórkostlegust, því ég býst við, að það grípi dýpst og lengst inn í líf þjóðarinnar.“

— Síðan sleppi ég nú úr, en aftur kemur:

„Þó Danakonungar hafi ekki allir verið stórmerkilegir, þá hafa þó margir þeirra verið velviljaðir í garð okkar Íslendinga og sýnt það í mörgu, en sumt snerist þó í hendi þeirra í gagnstæða átt, af því þá sjálfa og ráðgjafa þeirra brast þekkingu á högum vorum. Eins hygg ég að verði með ritsímasamninginn, — ég er viss um, að hann er gjörður í góðu skyni, en ég held, að hann verði ekki til að glæða sjálfstæði vort. Það hefur rétt verið sagt og ekki að orsakalausu, að árið 1262 hafi verið eitt hið mesta óhappaár í sögu vorri, því þá glötuðum við sjálfstæði voru og frelsi. En það er annað ártal, sem í mínum augum er engu bjartara, það er 20. apríl 1602. Það er einhver sá dekksti dagur, sem Íslendingar eiga í sinni sögu. Margir munu vita, hvað þá skeði, það voru liðug 300 ár í vor, síðan það varð, en þann dag var dönskum verzlunarmönnum í fyrsta skipti gefið svokallað „privilegium,“ þ. e. einkaleyfi yfir íslenzkri verzlun.“

Þá rekur ræðumaður, að það hafi í fyrstu einungis átt að standa í 12 ár. Skal ég ekki fara lengra út í það. En síðan talar ræðumaður um, að einokunin hafi staðið í 186 ár og segir:

„Það þarf ekki að lýsa því, hve miklu miskunnarleysi og harðýðgi var beitt við íslenzku þjóðina á þeim tímum, því síður eitrun þeirri, sem læsti sig um allan þjóðarlíkamann út frá einokunarmeininu. Einokunin ól upp óráðvendni, heigulsskap og ósjálfstæði í þjóðinni, og landinu og öllum atvinnuvegum þess varð hún til niðurdreps. Þegar vér nú höfum þetta fyrir augum, og vér hugsum um sögu vora, mun fleirum fara eins og mér, ég hefi ekki getað að mér gert, að mér iðulega hefur dottið óöld þessi í hug, þegar ég hefi lesið ritsímasamninginn.“

Enn segir ræðumaður:

„Samningurinn við Stóra norræna á nú að gilda, ekki í 12, heldur 20 ár, og eftir þau 20 ár mun sjálfsagt svo fara, að hann verði endurnýjaður og enginn, sem hér er inni, er víst svo fróður eða framsýnn, að hann geti sagt, hvað úr honum spinnist, en ekki veldur sá, er varir, þótt verr fari. Ég segi þetta af því, að við, að því er einkaleyfin snertir, erum brennt barn, við höfum stórskaðað okkur á einokunareldinum, og við ættum því nú að hafa vit á að forðast þann eld. Ég lít svo á, að öll einokun hafi dauða í sér fólginn. Öll einokun heftir einhverja eðlilega blóðrás, einhverjar framfarir í lífi þjóðanna, og því eigum við nú að rísa á móti ritsímasamningnum við Stóra norræna, því hann getur orðið að helsi og hlekk á hálsi þjóðarinnar. Það stendur að vísu í samningnum, að við getum orðið meðeigendur að sæsímanum að 20 árum liðnum, en aðeins ef félagið skaðast á honum og vill ekki eiga hann áfram, því sé nokkur arðsvon af honum, verða Danir auðvitað ekki svo náðugir að sleppa honum, en samningurinn verður endurnýjaður.“

Síðan talar ræðumaðurinn um, að hann vilji segja allt gott um Dani, en við eigum ekki að vera í vasa þeirra og heldur áfram:

„Við eigum að sýna þeim vinsemd í hvívetna, en við eigum alls ekki að leyfa þeim að rýja okkur. Við eigum sjálfir að gjöra sem mest við getum, en við eigum ekki að láta okkur sæma að lifa á annarra náð. Það er vegurinn til þess að verða að sönnum manni: Þroska- og sæmdarvegurinn jafnt fyrir einstaklinginn sem þjóðina. Við eigum sjálfir að brjóta okkur braut frelsis og sjálfstæðis. Það hefur verið margsýnt, bæði við 2. og 3. umr., að við getum einnig tekið þetta mál svo, að við verðum húsbændur á okkar heimili. Þessi leið liggur upp á við til framfara og sjálfstæðis, öll önnur leið niður."

Þetta er sem sagt hin leiðin, sem ræðumaðurinn þarna vísar á.

Síðan segir hann, þegar hann talar um brtt.:

„En sú brtt. táknar það eitt í mínum augum, að við eigum að fresta málinu. Ég er sannfærður um, að það er skynsamlegasti og viturlegasti vegurinn og sá vegur, sem þjóðin vill. En þar með er ekki sagt, að málið eigi að deyja, það á aðeins að deyja á grundvelli ritsíma-samningsins við Stóra norræna. Ég veit raunar, að sumir segja, að það sé ekki rétt hermt, að þjóðin sé á móti honum og allur andróðurinn gegn honum sé að kenna æsingum einstakra manna, er séu stjórninni mótfallnir. Þetta getur verið. En þá er til glöggur vegur til þess að komast fyrir sannleikann í þessu efni, sá vegur, að leysa nú upp þingið og stofna til nýrra kosninga á þessum grundvelli. Fyrir þá, sem vilja vita vilja þjóðarinnar, er eðlilegast að fresta málinu og gjöra þetta, en ef menn eru hræddir við, hvað þjóðin muni segja, þá er eðlilegt, að þeir vilji ekki fresta málinu. En ég mun greiða atkv. mitt með því að málinu sé frestað. Einhver hv. þm. talaði á þá leið, að þingið ætti engan dómstól yfir sér."

Hann hefur verið eins og hv. þm. Helgi Bergs, sem vill vera dómari yfir kjósendum. Nú, en þessi ræðumaður heldur áfram:

„En ég álít, að dómstóll þjóðarinnar sé yfir þinginu. Vitaskuld getur þingið um stundarsakir drifið áfram mál í trássi við þjóðina, en þegar þingmannsumboðinu er lokið, gengur þingmaðurinn fyrir dómstól kjósenda sinna, og þá stendur hann eða fellur. Ég er nú hræddur um, að ef þetta mál verður drifið í gegn á þinginu, verði dómur þjóðarinnar ekki að vilja þeirra, sem það gjöra. Það er ekki viturlegt að knýja málið áfram með afli á móti vilja þjóðarinnar. Ég er sannfærður um, að margt illt sprettur af því. Það getur komið sá dagur, að þm. þeir, sem eru máli þessu fylgjandi, sjái og reyni, að jafnvel ekki íslenzka þjóðin lætur að sér hæða. Það er alltítt í sögunni en næsta alvarlegt, þegar þjóðirnar sjálfar setjast á rökstóla og dæma þá, sem hafa setið þeim á hálsi. Af því hafa risið ógnir og blóðsúthellingar."

Nú byrjar Hannibal að hlusta.

„Ég geri nú ráð fyrir, að hér fari allt friðsamlega, en ég efast ekki um, að einnig þessi litla þjóð getur kveðið upp sinn dóm yfir þeim, sem ekki vilja láta að vilja hennar."

Ég hygg, að hv. þm. gætu ekki komizt nær í stælingu á ræðu, þó að þeir hefðu allir lesið þessa ræðu fyrirfram og keppzt við að semja hana hver með sínu orðalagi.

Ég bíð óhræddur dóms sögunnar.

Ingvar Gíslason: Herra forseti. Ég hafði ekki hugsað mér að taka til máls við þessa umr., en eftir að hafa hlýtt á hæstv. iðnmrh. í dag, sá ég ástæðu til að kveðja mér hljóðs.

Það var út af ákveðnum kafla í ræðu hæstv. ráðh., sem ég sé ástæðu til að gera aths. og mótmæla því, sem fram kom hjá hæstv. ráðh. Hæstv. iðnmrh. gerði nokkuð að umtalsefni þá gagnrýni, sem komið hefur fram á réttarfarsákvæðin — gerðardómsákvæðin í fyrirhuguðum alúmíníumsamningi. Það er greinilegt, að hæstv. ráðh. unir því illa, að menn hafa talið þennan kafla bæði óviðunandi og jafnvel vansæmandi fyrir þjóðina að gangast undir slíkt ákvæði. En það er ekkert út af fyrir sig við því að segja, þó að hæstv. ráðh. reyni að andmæla því, sem fram hefur komið gegn þessum ákvæðum, en mér þykir hæstv. ráðh. vera kominn í rökþrot, þegar hann er að kalla til ábyrgðar menn, sem hann veit að hafa enga ábyrgð tekið, hvorki á þessu ákvæði né öðru því, sem í samningnum stendur. Og það var þetta, sem ég vildi sérstaklega gera að umræðuefni.

Ég hef átt sæti um nokkurt skeið í svo nefndri þmn., sem fylgzt hefur með samningsgerðinni undir stjórn hæstv. iðnmrh., og nú ætlar hæstv. iðnmrh. að fara að gera okkur, sem völdumst til setu í þessari n. — hann ætlar að fara að gera okkur ábyrga fyrir þessum samningi, ef ekki samningnum í heild, þá a. m. k. því ákvæði, sem ég hér sérstaklega ræði um, og það er þetta, sem ég vil sérstaklega taka fram og mótmæla harðlega. **(Iðnmrh.:** Ég hef ekki gert þetta.)

Hæstv. ráðh. er það vel kunnugt, að bæði við framsóknarmennirnir í n. og eins Alþb.-nm., við höfum allir haft okkar almenna fyrirvara um störf okkar í n., og ég vil leyfa mér í þessu sambandi að minna á bókun okkar Helga Bergs frá 15. júlí 1965, þar sem segir með leyfi hæstv. forseta:

„Við leggjum áherzlu á, að áframhaldandi samningaumleitanir við Alusuisse verði m. a. miðaðar við eftirfarandi: 1. Að staðarvalið fyrir verksmiðjuna verði endurskoðað í því skyni að velja verksmiðjunni stað utan mesta þéttbýlissvæðis landsins, sbr. m. a. bókun Gísla Guðmundssonar á fundi 29. apríl. 2. Að verksmiðjufyrirtækið lúti í einu og öllu íslenzkum lögum. 3. Að það gjald, sem verksmiðjan greiðir fyrir raforku, megi í raun verða til þess, að verksmiðjan standi undir stofn- og rekstrarkostnaði virkjana á hverjum tíma m. a. með samningsákvæðum um tíða endurskoðun raforkuverðs. Jafnframt minnum við á nauðsyn þess, að ráðstafanir séu gerðar til þess að koma í veg fyrir, að bygging verksmiðjunnar hafi óhagstæð áhrif á verðlags- og efnahagsþróun í landinu, en fyrsta skrefið í þá átt teljum við vera, að gerð sé ítarleg áætlun um vinnuafl og framkvæmdaverkefni næstu ára."

Þá er hér haft eftir Helga Bergs, að hann vilji taka þetta fram: „Til þess að koma í veg fyrir, að þátttaka í nefndarstörfum nú væri talin þýða fráhvarf frá þessari

„prinsip"-afstöðu, sem hafi verið gerð grein fyrir á fundum áður." Það var áður en ég kom í n. Og ég vil enn leyfa mér, með leyfi hæstv. forseta, að lesa það, sem bókað er áfram:

„Ráðh. kvað þátttöku í störfum n. ekki bindandi fyrir alþm. um afstöðu til málsins, þegar til meðferðar þess á Alþ. kæmi, heldur aðeins til að allir þingflokkarnir geti kynnzt málinu, áður en það kemur til kasta Alþ. Ráðh. kvað vitað, að ágreiningur væri um ýmis „prinsip"-atriði málsins og um það í heild."

Þetta var bókað á fundi í fyrrasumar og þetta er sú almenna afstaða, sem við höfum haft til veru okkar í n. og þetta vil ég, að komi fram. Og hæstv. iðnmrh. veit sjálfur, að við höfum haft þennan fyrirvara og hann á ekki nú að vera að gefa það í skyn á hv. Alþ., þegar málið er til meðferðar, að við höfum jafnvel verið tilbúnir að skrifa undir þetta gerðardómsákv., sem hann hefur sett inn í samningana.

Það er alveg ljóst, að störf okkar í n. hafa eingöngu miðazt við það að fylgjast með samningsgerðinni. Við höfum aldrei tekið á okkur neina ábyrgð á því, hvernig samningarnir yrðu gerðir, og við höfum haft um það ótal fyrirvara, sem hæstv. ráðh. er kunnugt og raunar öllum þingheimi er kunnugt um.

Hæstv. ráðh. vísaði í dag í bókanir, — mig minnir hann vísa í bókanir frá 17. fundi, — þar sem hann var að reyna að finna þessum orðum sínum stað. En ég sé, að þar er bókað eftir Helga Bergs:

„Helgi kvaðst ekki hafa sérstakar aths. að gera við fyrirliggjandi uppkast, en taldi orðalag sums staðar of veikt, t. d. þar sem rætt er um íslenzkt réttarfar neðst á bls. 4 og efst á bls. 5."

En þarna var um að ræða uppkast að grg. af Íslands hálfu, sem útbýtt var þá nokkru áður. (Gripið fram í.) Hæstv. ráðh. var að gefa það í skyn í dag í ræðu sinni, — hann var að gefa það í skyn hér, að við værum samábyrgir þessu gerðardómsákvæði og við hefðum eiginlega samþykkt þetta, við hefðum hvergi haft fyrirvara um þetta. Það var þetta, sem hæstv. ráðh. var að gefa í skyn, og ég vil, að þessu sé ekki ómótmælt. Og það var mitt erindi hingað upp, að það yrði alveg ljóst, að við höfum alla tíð haft fyrirvara um þetta. Ég vil sérstaklega minna á fyrirvara okkar eða bókunina, sem ég las hér upp áðan, sem er 2. liður í okkar bókun, þar sem segir: „Að verksmiðjufyrirtækið lúti í einu og öllu íslenzkum lögum." Það er einmitt þetta, sem rúmar þetta. Við viljum, að verksmiðjufélagið lúti í einu og öllu íslenzkum lögum og að sjálfsögðu þá lúti það líka íslenzku réttarfari og sé háð íslenzkum dómstólum, þegar ágreiningsmál verða.

Ég held, að ég hafi ekki misskilið hæstv. ráðh. í dag og það voru fleiri, sem eftir þessu tóku og töldu ástæðu til, að þessu yrði mótmælt og það hef ég hér með gert.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Ég vil aðeins til þess að greiða úr misskilningi hér taka fram, að hv. þm., sem nú var að ljúka máli sínu, hv. 5. þm. Norðurl. e. (IG), hann hefur algjörlega misskilið það, sem ég sagði hér í dag. Ég hef aldrei, hvorki fyrr eða síðar, hér eða annars staðar, talað um það, að hann eða aðrir í þmn. væru ábyrgir fyrir gjörðum n., ég hef tekið það skýrt fram. Ég tók það skýrt fram, þegar ég ræddi málið undir vantraustsumr., og ég tók það skýrt fram í fyrstu ræðu minni hér í þessari umr. Það er ekki þetta, sem ég var að tala um. Það, sem ég sagði í dag, er þetta, að hv. þm. og aðrir hafa gert fyrirvara um ýmislegt í störfum n., en þeir hafa aldrei gert fyrirvara um eða aths. við gerðardómsákv. Og hvernig má það vera, spurði ég, ef slíkt glapræði var á ferðinni eins og það, að við værum með því að semja vantraust á íslenzka dómstóla, — ja, allt að því skerðingu sjálfstæðis þjóðarinnar, — að slíkt stórmál hefði þá aldrei sætt aths. af hálfu þm.? Þetta er alveg sitt hvað. Það er alveg rétt hjá þm., og um það á enginn misskilningur að ríkja, að ég geri hann ekki á minnsta hátt ábyrgan fyrir þessu gerðardómsákv. — Ekki á minnsta hátt. En þegar ég verð hér fyrir aðkasti fyrir það, að í samningnum séu ákvæði, sem jafnvel brjóti stjórnarskrá landsins og lýsi stórkostlegu vantrausti á Hæstarétt Íslands og íslenzka dómstóla, þegar ég verð fyrir slíku aðkasti, þá segi ég: Það er undarlegt! Og þetta nær ekki aðeins til þmn., og það sagði ég í dag. Það nær til allra þm. stjórnarandstöðunnar, því að þeir allir hafa um langan tíma séð þetta ákv. og hafa á öllum þeim tíma getað gert aths. við það, ef þeim fannst þá jafnmikið glapræði í þessu ákv. eins og nú er haldið fram, en þær athugasemdir voru ekki gerðar. Af þessum sökum er þessi aths. byggð á misskilningi, en það fer ekkert á milli mála, að ég hef hvorki í dag né í nokkurn annan tíma reynt að gera þennan þm. eða aðra þm. þmn. ábyrga fyrir þessu ákvæði eða neinu ákvæði samningsins.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Mér finnst nú, að það væri viðkunnanlegra, að þm. væru hér viðstaddir sem mest. Ég vil fara fram á það, að forsetinn hringi menn inn.

Út af því, sem hæstv. iðnmrh. sagði núna síðast, að framsóknarmenn og aðrir hefðu aldrei gert fyrirvara um gerðardómsákvæðið, vil ég aðeins segja það núna, — en kem að því síðar í ræðunni, — að það er vitanlega fullgildur fyrirvari um þetta efni að setja fram þá kröfu, að álfyrirtækið yrði undir íslenzkum lögum. Skýrari fyrirvara, skýrari stefnu um þetta atriði er ekki hægt að hafa, og auðvitað gengur það algjörlega í bága við þetta að fallast á að setja þetta fyrirtæki undir erlenda lögsögu. Þess vegna hefði hæstv. ráðh. alls ekki átt að vera að gefa í skyn, að aðrir en hann og hans menn bæru ábyrgð á þessu ákvæði. Það var ekki sæmilegt af honum að vera að gefa það í skyn, og það var þetta, sem hv. 5. þm. Norðurl. e. fann að hér áðan með réttu, og kem ég nánar að því síðar.

Ég ætla, áður en ég kem að einstökum atriðum málsins, að gera ofurlítið að umtalsefni þá ræðu, sem hæstv. forsrh. flutti hér í kvöld, og ég verð að segja, að ég er honum mjög þakklátur fyrir það að hafa haft í henni það niðurlag, sem hann hafði. Síðari hluta ræðunnar er ég sérstaklega þakklátur fyrir, vegna þess að hann reyndi að setja sig þar upp á hærri sjónarhól en venja er til af hans hendi og ræða málið nokkuð víðtækt og með yfirliti. En honum fórst eins og

nærsýnum manni, sem fer upp á háan hól, að hann er litlu nær, litlu betur settur en áður. Þannig fór fyrir hæstv. ráðh., að útsýni hans af þessum hól, sem hann steig upp á, reyndist vera harla bágborið. En þetta hafði þó þá stórkostlegu þýðingu, að það minnti mig og fleiri á, hversu þýðingarmikið það er að bera saman ástandið eins og það var í þjóðmálum Íslendinga fyrir síðustu styrjöld, þá atburði, sem þá urðu í þjóðarsögunni, við það, sem er að gerast núna, bera ástandið þá saman við ástandið núna og úrræðin, sem þá var gripið til, við úrræði þau, sem þessi hæstv. ráðh. beitir sér nú fyrir.

Hæstv. ráðh. vildi byrja með því að bera saman velmegun þjóðarinnar þá og nú. Á árunum 1930—1940 annars vegar og hins vegar nú. Hann sagði, að þeir, sem réðu hér fyrir málum á þeim árum, ættu ekki að hafa hátt um það, sem þá gerðist, allra sízt í samanburði við það, sem væri að gerast nú. Og hann sagði á einum stað í ræðunni: Þið ættuð ekki að vera að tala um þetta, við höfum gert svo mikið meira en þið. Það er svo sem enginn vafi, að það átti að líta svoleiðis á, að það væri ríkisstj., sem hefði staðið fyrir þessum óskaplegu síldveiðum, sem hafa verið á undanförnum árum og öðru góðæri, sem við höfum átt við að búa. En sleppum því.

Hæstv. ráðh. byrjaði með því, og þá mjög hróðugur, að bera saman hagvöxtinn, meðal-hagvöxtinn, sem hefði verið 1930—1940, við það, sem væri núna.

En hvað gerðist á þessum árum, 1930—1940, einkum framan af því tímabili? Það gerðist, að heimskreppan skall yfir. Það gerðist, að verðlag á útflutningsvörum landsmanna hrundi. Það lækkaði ekki, það hrundi, og markaðirnir lokuðust fyrir beztu framleiðsluvörurnar, þannig, að það varð að draga framleiðslu þeirra saman. Hér var að verki heimskreppan, sem allir ættu að muna eftir, þar að auki þær sérstöku búsifjar, sem Íslendingar urðu fyrir, vegna þess að þeir urðu fyrir meiri skellum í sambandi við fiskviðskipti sín t. d. á Spáni en dæmi voru til í mörgum öðrum löndum. Hæstv. ráðh. er að láta reikna hagvöxt þessara ára. Finnst mönnum ekki drengilegt að bera hagvöxt þessara ára, þegar búið er að taka í dæmið verðhrunið á afurðunum og kreppuna, að bera hann saman við hagvöxt síðustu ára. Telja svo þetta vera mælikvarða á frammistöðu stjórnarvaldanna á þessum tímabilum. Þetta gerði hæstv. forsrh. Íslands. Hann lét sér sæma þennan málflutning. Þetta átti að vera mælikvarðinn. Annars vegar hagvöxturinn á þessum árum, þegar þjóðin varð fyrir þessum áföllum, og hins vegar vöxturinn núna síðustu árin, sem hafa verið metár í aflalegu tilliti, og verðlag á íslenzkum útflutningsafurðum farið hækkandi ár frá ári. Það gæti náttúrlega hugsazt, að það væri frá einhverju sjónarmiði boðlegt fyrir hæstv. ráðh. að flytja svona ræðu í landsmálafélaginu Verði eða einhvers staðar annars staðar í Sjálfstfl., en þetta eru ekki frambærileg rök á Alþ. Íslendinga, það er alveg víst.

Og þá kemur spurningin, hvernig var snúizt við þessum vanda á árunum fyrir stríðið? Hæstv. ráðh. er alltaf að reyna að læða því inn, og hann mun hafa orðað það eitthvað á þá lund, að það hafi orðið afturkippur í framfarasókn Íslendinga á árunum 1930—1940. Það mundi nú engum þykja mikið, þó það hefði orðið afturkippur í framfaramálum Íslendinga við þá atburði, sem þá urðu. En ég hef leyft mér að halda því fram, að þrátt fyrir þessi vandkvæði og þessi áföll, hafi ekki orðið afturkippur í framfarasókn Íslendinga á árunum 1934—1939, og það eru þau ár, sem ég leyfði mér að miða við, þegar ég fann að þessum málflutningi hæstv. forsrh. Ég ætla mér að sýna fram á, að í þessu efni hef ég rétt fyrir mér, en hæstv. forsrh. er að reyna að falsa söguna.

Hvernig var brugðizt við þessum vanda á árunum 1934—1939, eða 1934—1938 skulum við segja, til þess að taka það tímabil, þegar Framsfl. og Alþfl. fóru með stjórn landsins? Þegar það starf byrjaði, var orðið stórfellt verðfall á framleiðsluvörum landsmanna, hreinlega markaðshrun, og viðskiptahöft í öllum markaðslöndum, og bezti markaður okkar hafði verið á Spáni. Það, sem lafði eftir af saltfiskkvótanum á Spáni, byggðist á mútugreiðslum, sem inntar voru af hendi suður á Spáni, til þess að reyna að missa ekki allan kvótann, eins og landskunnugt er. Á þessum árum voru engar hjálpar- eða samstarfsstofnanir þjóðanna til í peningamálum og engin hjálp í viðlögum, en hver þjóð varð að duga eða drepast eftir því, sem eigin efni stóðu til. Ofan á þetta ástand í markaðsmálum, sem ég var að lýsa, bættist síminnkandi fiskafli við strendur Íslands, vegna þess að erlendir togarar skófu fiskimiðin inn undir 3 mílur og langt inn í flóa og firði, — langt inn í Faxaflóa og aðra firði skófu erlendu togararnir og aflinn fór sífellt minnkandi.

En hvernig snerist nú þjóðin við þessum vanda undir forustu þeirrar ríkisstj., sem þá tók við? Sennilega hafa menn misst kjarkinn og kallað á útlendinga og beðið þá um að taka við atvinnurekstrinum. Það er ekki ólíklegt, að menn hafi gert það, að menn hafi gerzt nokkuð svartsýnir, þegar svona stóð, kannske haldið, að það væri ekki hægt að byggja eingöngu á sjávarútvegi, ef til vill haldið, að afli gæti brugðizt áfram. Er ekki líklegt, að mönnum hafi dottið þetta í hug, eins og mönnum dettur í hug núna, að eina leiðin til þess að bjarga sér sé sú að afhenda erlendum aðilum atvinnureksturinn á Íslandi? Skyldi nokkrum hafa dottið í hug á þessum árum, að það væri hægt að virkja fallvötn Íslendinga, hægt að ráðast í að virkja stórt? Það er ótrúlegt, að nokkrum manni hafi dottið í hug við þessi skilyrði, að slíkt væri mögulegt. Það er þvert á móti líklegra, að menn hafi álitið, að það væri óhugsandi að virkja nema með því að taka um leið inn erlendan atvinnurekstur, til þess að útlendingar gætu staðið undir raforkusölunni. En hvað var gert? Var það þetta, sem gert var á þessum árum, sem hæstv. forsrh. vill nú endilega tala um? Var það þetta, sem gert var á þessum árum? Var gripið til þessara úrræða? Nei, það var ekki gripið til þessara úrræða. Það var allt annað, sem gert var. Það var hafin í landinu allsherjar uppbygging nýrra atvinnugreina og hlúð að því, sem fyrir var á vegum Íslendinga sjálfra, — á vegum Íslendinga sjálfra. En á þessum árum verð ég fyrir því, að blaðasneplar þeir, sem hæstv. núv. forsrh. stóð að á þeim tíma og aðrir hans félagar, m. a. Morgunblaðið, komu á kreik þeirri lygasögu, að

ég væri í útlöndum til þess að bjóða erlendum aðilum sérréttindi á Íslandi, samninga um atvinnuréttindi á Íslandi. En þetta var ósatt. En Morgunblaðið lét sér sæma að halda því fram, að ég og aðrir værum að starfa að þessu líklega vegna þess, að þessum blessuðum mönnum hefur ekki getað dottið í hug, að hægt væri að reisa við öðru vísi en að gefa sig útlendum aðilum á vald, og þess vegna hlytum við að vera að makka þetta. Og það er a. m. k. ekki fjarri lagi að gizka á þetta, miðað við þann hugsunarhátt, sem kemur fram núna hjá þessum mönnum, að þeir hafi í raun og veru haldið það, sem þeir voru að segja.

Á þessum árum var sett á stofn skipulagsnefnd atvinnumála, sem átti að hafa með höndum að leita nýrra leiða í atvinnurekstri Íslendinga. Og það var sett á laggirnar önnur stofnun, sem hét fiskimálanefnd, til þess að hafa sérstaka forgöngu um nýmæli í sjávarútvegi og styðja nýjungar í þeim efnum. Og á vegum þessarar síðari stofnunar hófst t. d. fiskfrystingin í landinu. Hún byrjaði í tilraunafrystihúsi, sem þessi n. kom á laggirnar og sem Sjálfstfl. var auðvitað á móti, það þarf ekki um það að spyrja. Hann var algerlega á móti því, eins og flestum atvinnuráðstöfunum, sem á þessu tímabili voru gerðar, til þess að Íslendingar gætu yfirleitt rétt sig úr kútnum. Það er ekki að furða þótt hæstv. forsrh. langi til að fá þetta rifjað upp og ýmislegt fleira í þessu sambandi, sem er ef til vill hægt að gera. En á þessum árum hófst fiskverkun með þessu nýja sniði í 25 frystihúsum víðs vegar um landið. Þetta var hvorki meira né minna en upphafið að þeirri gjörbyltingu, sem hefur orðið í fiskiðnaði Íslendinga og sem hefur bjargað þjóðinni. Upphafið er að rekja til þessara ára og einmitt til þessa tímabils, sem hæstv. forsrh. landsins, sem telur sig vera sögufróðan, heldur fram um, að á hafi orðið afturkippur í framfarasókn Íslendinga.

Það var vitaskuld fleira gert, þótt við ramman reip væri að draga, því að peningar voru ekki rifnir upp á auðveldan hátt þá, eins og nærri má geta. Þá voru teknar upp karfaveiðar og skreiðarverkun var tekin upp á ný, og hefur þetta hvort tveggja orðið stórfelldir liðir í þjóðarbúskap Íslendinga. Afköst síldarverksmiðjanna jukust á þessum árum um 150%, en stjórnin ætlar að rifna af monti yfir því, nú í þessu góðæri og síldarmoki, að hún hafi aukið eitthvað dálítið afköst síldarverksmiðjanna. En við þessi skilyrði voru afköst síldarverksmiðjanna aukin um 150%. Þá var komið upp alveg nýju skipulagi á söltun síldar og verzlun og viðskipti með síld. En áður hafði verið þannig ástatt, að menn gátu helzt ekki komið nálægt síldarverkun, vegna áhættunnar, hún var óskipulögð með öllu. Markaðurinn var takmarkaður, og ef eitthvað veiddist að ráði, var saltað alltof mikið, og verðið féll, og menn urðu gjaldþrota hver um annan þveran. Nærri stappaði því, að enginn þyrði lengur að koma nærri síldarsöltun, og hún var orðin aðeins svipur hjá sjón og að verða lítils virði í þjóðarbúskap landsmanna. En á þessum árum var þessum atvinnuvegi skorinn algerlega nýr stakkur og komið á því skipulagi um verkun og sölu saltsíldar, sem hefur gert saltsíldarverkun að einum þýðingarmesta þættinum í þjóðarbúskap Íslendinga. Og þetta gerðist einmitt á þessum árum, þegar afturkippurinn varð í framfarasókn landsmanna, eftir því sem núv. hæstv. forsrh. segir mönnum söguna. Auðvitað veit hann mikið betur, en svona vill hann hafa söguna.

Á þessum árum, einmitt þessum árum, sem ég er að tala um, 1935—38, var fyrsta stóra raforkuvirkjunin gerð á Íslandi, Sogsvirkjunin, sem kostaði á þeim tíma nálega 7 millj. kr., sem var nálega helmingurinn af, þeirri fjárhæð, sem fjárlög Íslendinga námu þá. Svarar til þess, að við réðumst nú óstuddir á erfiðum tímum í virkjun, sem kostaði upp undir 2000 millj. kr., ef miðað er við fjárlögin, eins og þau voru þá og eru nú hjá núv. ríkisstj. Í þetta var lagt einmitt á þessum árum, þegar „afturkippurinn" varð sem mestur í framfarasókn landsmanna. Þá var lagt í þetta. Og það var ekki talið þá alveg óhjákvæmilegt að hengja aftan í virkjunina stórfyrirtæki erlendra manna, sem gætu keypt bróðurpartinn af orkunni. Það gerðu menn ekki, af því að menn höfðu hugsað sér að reyna að byggja upp sinn eiginn atvinnurekstur sjálfir. Þeir kjarklausu voru ekki komnir til valda þá.

Við skulum aðeins staldra þarna við, einmitt við Sogsvirkjunina, vegna þess að nú er verið að tala um virkjun, Búrfellsvirkjun án alúmínverksmiðju er miklu minna átak fyrir íslenzku þjóðina nú en Sogsvirkjunin var á sinni tíð. Um það er ekkert að efast, enda hef ég ekki heyrt nokkurn mann bera sér annað í munn. Ef við lítum á stofnkostnaðinn, er þetta alveg augljóst. Sogsvirkjunin var þá líka miklu meira við vöxt, miðað við raforkunotkun á Íslandi en Búrfellsvirkjun án alúmínvers væri núna. Samt hikuðu menn ekki við að leggja í hana og Búrfellsvirkjunin án alúmínvers gefur miklu hagstæðara raforkuverð nú en Sogsvirkjunin gat gert þá. Hún er miklu hagstæðari virkjun, en samt sem áður er manni sagt, að það verði að semja við erlendan auðhring, vegna þess að annars sé ekki hægt að virkja á hagkvæman hátt fyrir Íslendinga. Þó er hægt að virkja án þess á miklu hagstæðari hátt en við höfum nokkru sinni virkjað áður og á miklu hagstæðari hátt en Sogsvirkjunin var á sinni tíð, sem hefur þó reynzt hin mesta mjólkurkýr fyrir þjóðarbúið og engan svikið. Og það sama er að segja um aðrar Sogsvirkjanirnar.

Menn hugsa nú kannske: Ja, því hefur ekki verið haldið fram, að það hefði ekki verið hægt að virkja án þess að taka alúmínhringinn með í leiðinni. Já, það hefur ekki verið orðað þannig, en við skiljum fyrr en skellur í tönnunum. Það er ekki nema örstutt síðan hæstv. forsrh. sagði það hérna í þessum ræðustól, rétt áður en við fórum í matinn, að það væri óneitanlega miklu erfiðara að ráðast í Búrfellsvirkjun, ef álverksmiðjan fylgdi ekki með. Við skiljum fyrr en skellur í tönnunum. Þeir settu fyrir sig erfiðið. — Þeir settu fyrir sig erfiðið við að koma upp Búrfellsvirkjuninni, eftir orðum hæstv. forsrh. Það var erfiðara. Það mátti ekki leggja það á sig að reyna að koma upp Búrfellsvirkjuninni. — Í Morgunblaðinu birtast greinar á sunnudögum, sem menn álíta, að séu venjulega ritaðar af hæstv. forsrh. sjálfum. Það eru slúðurdálkar, kallaðir Reykjavíkurbréf. En ýmislegt skynsamlegt slæðist þó með, eins og nærri má geta, þegar það er íhugað eftir hvern þetta er. En í einum af

þessum dálkum segir svo ekki alls fyrir löngu, og er þá verið að minna á, hverju hafi verið lýst yfir af hálfu Sjálfstfl. strax árið 1961 og að engum þurfti að koma á óvart, það sem nú er komið á daginn. Það átti að vera svo greinilega sagt fyrir. Þar er sagt, með leyfi hæstv. forseta orðrétt: „En það yrði mun auðveldara en ella, ef sala orkunnar er fyrirfram tryggð með því verði, sem undir lánum getur staðið. En þá mundum við sjálfir eiga orkuverið og sjálfir þurfa að afla lánsfjár til þess.“ Sem sagt, ef alúmínverksmiðjan væri ekki með. Með öðrum orðum, það er alveg greinilega sagt og getur ekki misskilizt, að ástæðan til þess, að þessir hæstv. ráðh. lenda inn á þessari braut og vefja sig í þessum vanda, sem þeir hafa aldrei getað rifið sig út úr — ástæðan er sú að þeir eru haldnir minnimáttarkennd, þeir trúa því sjálfir, að það sé ekki hægt að fá lán erlendis til þess að gera Búrfellsvirkjun án þess að hafa alúmínverksmiðjuna með. Þetta er skýringin á öllu þessu, það botnar enginn í þessu, ef hann ekki hefur þetta í huga. Þetta er skýringin á öllu málinu. Þetta er skýringin á hugsunarhættinum og skýringin á því, hvers vegna í þetta er ráðizt, og það kemur strax fram 1961. Og ólán ríkisstj. er einmitt það, að hún hugsaði svona strax og festi sig strax í þessu neti í viðræðum sínum við útlendingana og Alþjóðabankann og alla þá, sem hér eiga hlut að máli. Sat svo föst í því neti, sem hún sjálf hafði riðið og hafði ekki manndóm til að rífa það utan af sér. Það er einmitt þessi hugsunarháttur, sem er grundvöllurinn fyrir því, að lagt er út í þetta æfintýri.

Ég var að rifja aðeins upp, hvað gerðist á þessum árum, þegar „afturkippurinn“ varð í framfarasókn landsins, eftir því sem hæstv. forsrh. taldi. Ég var að greina frá Sogsvirkjuninni og var búinn að segja frá ýmsu öðru. Þá er þess næst að minnast, að á þessum árum var fjöldi nýrra iðnfyrirtækja reistur, og þetta er mjög viðurkennt nú. Ungur myndarlegur iðnrekandi, sem á dögunum var að halda yfirlitserindi um íslenzkan iðnað, gekk út úr götu sinni til að greina frá og vekja athygli á þeirri staðreynd, að einmitt á þessum árum hefðu verið byggð upp mörg þeirra iðnfyrirtækja, sem hefðu dugað Íslendingum bezt. Þessi ungi maður kunni söguna betur en hæstv. forsrh. eða a.m.k. sagði réttara frá, enda er það engin tilviljun, að fjöldinn allur af myndarlegustu fyrirtækjum landsins eiga 30 ára afmæli, eða um það bil, um þessar mundir. Það er engin tilviljun.

Á hinn bóginn getur hæstv. forsrh. komið hér og sagt: Þá voru ekki keyptir margir bátar — þá voru ekki keyptir margir bátar — og það á að vera sönnun fyrir því, að það hafi ekki verið vel búið eða skynsamlega stjórnað. En var von til þess, að keyptir væru margir bátar eins og ástatt var með sjávarútveginn þá? Markaðirnir lokaðir og þeir fáu, sem opnir voru, kannske tæplega hálfdrættingar að verðlagi miðað við það, sem var nokkrum árum áður. Var furða, þó að keyptir væru færri bátar en t.d. nú við þau skilyrði, sem nú eru? Og var furða, þó að menn leituðu sér annarra úrræða í staðinn fyrir það, sem var að lokast á þessum árum? (Gripið fram í.) Já, allt var náttúrlega eftir þessu. Allt var eftir þessu um aflasölurnar og markaðina. Var furða, þó að eitthvað drægi úr báta- og skipasölu?

Ætli það hefði ekki verið sæmilegra fyrir forsrh. landsins, sem vill telja sig sögufróðan, að flytja mál sitt á aðra lund en hann gerði, að slíta ekki þannig út úr einstök atriði eins og tölurnar um hagvöxtinn skýringalausar, sem verða honum til minnkunar í þingtíðindunum, og svo þessa frásögn um bátana, hvað þeir hefðu verið fáir keyptir, en draga undan allt það, sem ég hef hér verið að greina frá og margt fleira í sömu stefnu. Þetta eiga svo að kallast stjórnmálaumræður! Hæstv. forsrh. var að tala um, að það hefði verið skemmtilegt, að hv. 1. þm. Austf. hefði reynt að ræða málin með yfirliti yfir þjóðarbúskapinn. Manni skildist, að hann ætlaði að feta í fótspor þm. Austf. og gera það sama, en það fór þá svona.

En það er fleira, sem mætti greina frá í þessu sambandi, fyrst farið er að ræða þetta góðu heilli, því að þetta sýnir í raun og veru alveg tvo heima, annars vegar þann heim, sem við lifðum í fyrir styrjöldina, sem var byggður á því, að menn ættu að bjarga sér sjálfir og brjótast út úr erfiðleikunum og svo þann heim, sem við lifum í nú undir forustu hæstv. forsrh., þar sem að manni virðist helzt hugsað þannig, að það sé ekki hægt að gera neitt, afli geti brugðizt, það geti komið fyrir óhöpp, og þess vegna getum við alls ekki treyst á okkur, við verðum að fá hér útlendinga til þess að taka skellina af okkur.

Í þessu sambandi er einnig ástæða til að benda á, að heildarframkvæmdir í landinu á árunum 1935—1939, á þessu kyrrstöðutímabili, sem hæstv. forsrh. var að segja frá, urðu meiri en nokkru sinni áður fram að þeim tíma. Árin 1935—1937 var t.d. varið til nýrra fyrirtækja svo sem síldarverksmiðja, frystihúsa, mjólkurbúa, rafveitna og iðnfyrirtækja nýrra o.þ.l. nálega jafnhárri fjárhæð og samtals á 10 árunum næst á undan þ.e. 1925—1934. Þessi ár eru samt, eins og eðlilegt er, kölluð kreppuárin, því að menn vissu tæplega, hvernig átti að komast af. Og það var auðvitað vegna þess, að þrátt fyrir þessar breytingar, sem urðu og þessa stórkostlegu framsókn, sem varð í landinu og sem þjóðin hefur búið að síðan, var gífurleg fátækt og talsvert atvinnuleysi. En það var ekkert einkennilegt, þegar tekið var tillit til þess, við hvað var að glíma. Og sannleikurinn er sá, að á þessum árum tókum við of lítið af erlendum lánum samanborið við þær gífurlegu framkvæmdir, sem í landinu voru. Skuldir jukust í heild sem svaraði Sogsvirkjuninni, en öll hin uppbyggingin var á þessum stórkostlegu krepputímum gerð fyrir tekjur þjóðarinnar sjálfrar. Náttúrlega var þetta ofraun. Það var ofraun. Það hefði þurft að taka meira af lánum, en það var erfitt að fá lán á þeim árum. Það voru ekki til hjálparstofnanir þá, sem hægt var að leita til, og engin óafturkræf framlög, eins og ég sagði áðan. Það varð hver að duga eða drepast. Og einmitt vegna þess voru gjaldeyriserfiðleikar og atvinnuuppbyggingin gat ekki orðið eins óskaplega ör, eins og hún hefði þurft að vera.

Það er til marks um það, sem hrundi á þessum árum og sem þurfti að mæta, að útflutningur saltfisks á árunum 1935—1939 — en saltfiskurinn var á

þessu tímabili aðalvaran, áður en síldveiðarnar jukust, — að útflutningur saltfisks á árunum 1935—1939 minnkaði nálega um 60% samanborið við það, sem var 1928—1931, áður en kreppan skall á. Hvað haldið þið að mundi gerast núna ef þetta kæmi fyrir? Ég er hræddur um, að hæstv. forsrh. yrði þá ekki bjartsýnn, og ég er hræddur um, að það færi þá eitthvað að minnka kjarkurinn. Hann yrði ekki brattur í ræðustólnum, ef svona áföll dyndu yfir. Ég vona, að annað eins og þetta komi aldrei aftur fyrir íslenzka þjóð. Það fer um mann hrollur, ef maður hugsar til þess, hvernig fara mundi undir forustu þeirra, sem nú fara með þessi mál, ef eitthvað í áttina að þessu ætti eftir að koma fyrir.

Ég hef nú minnzt nokkuð á framkvæmdir í landinu á þessum árum. Nú skyldu menn halda, að mönnum hefði fallizt hugur varðandi það að innleiða hér nýjungar í félagslegum efnum einmitt á þessum árum og stíga spor til félagslegra framfara. En einmitt á þessu tímabili voru sett fyrstu lögin um almennar alþýðutryggingar og með þeim komið á fót Tryggingastofnun ríkisins og alþýðutryggingakerfið innleitt. Auðvitað var flokkur hæstv. forsrh. á móti því eins og flestu, sem gert var á þessum árum til þess að rífa sig út úr þessum vanda. Auðvitað var hann á móti því, og sjálfsagt telur hæstv. forsrh. það vera einn vottinn um þann afturkipp, sem á að hafa orðið á framfarasókn Íslendinga á þessu tímabili, að einmitt á þessum árum voru alþýðutryggingalögin sett og grundvöllurinn lagður að alþýðutryggingalögunum. Afurðasölulögin voru sett líka einmitt á þessum árum, og auðvitað var flokkur hæstv. forsrh. á móti þeim. Einmitt þeirri löggjöf, sem hefur orðið grundvöllur að framförunum í sveitunum alla tíð síðan og bjargaði íslenzkum landbúnaði. Auðvitað var Sjálfstfl. á móti því, og hann var svo ákafur á móti, að hann efndi til mjólkurverkfalls í Reykjavík til þess að reyna að kúga menn til að falla frá afurðasölulöggjöfinni. Og ég efast ekkert um, að jafnáhugasamur maður og hæstv. forsrh. hefur alltaf verið í pólitík í þeim herbúðum, að hann hefur verið framarlega í þeim framkvæmdum. Það dreg ég ekki í efa. Hann var snemma efnilegur og hlífði sér lítt. Á þessum árum var svo reist háskólabyggingin og komið upp rannsóknarstofnun atvinnuveganna, svo að aðeins séu dæmi nefnd um merkar stofnanir, sem einnig risu upp á þessum árum. Já, þetta gerðist á þessu tímabili, sem hæstv. forsrh. sagði, að hefði einkennzt af „afturkipp", sem orðið hefði í framfarasókn Íslendinga, og réttast væri fyrir þá, sem að þessu stóðu, að ræða sem minnst um þessi ár. En ég tel á hinn bóginn þetta vera þýðingarmikla sögu og lærdómsríka sögu. Ég held, að það hafi verið gæfa íslenzku þjóðarinnar, að hæstv. núv. forsrh. var ekki kominn til valda hér þá og réði þá ekki stefnunni. Ég er hræddur um, eftir því sem kemur nú fram um hugsunarhátt hans og miðað við hvernig hann beitir sér nú varðandi úrræði í atvinnumálum landsins, að það hefði ekki þá verið hafin alhliða uppbygging á vegum Íslendinga sjálfra til þess að komast út úr vandanum, heldur hefði erlendum aðilum verið falin forsjá í atvinnumálum.

Nú búum við við mokafla og höfum búið lengi. Stórhækkandi verðlag er á öllum okkar útflutningsvörum, en aðalvandamál þjóðarinnar er mannekla við að sinna viðfangsefnum, og alls staðar eru framfaraáætlanir, m.a. til að gera íslenzkt atvinnulíf fjölbreyttara og byggja upp ný íslenzk fyrirtæki og stækka þau, sem fyrir eru. Þetta eru höfuðeinkenni þjóðarbúsins í dag vegna góðra ytri skilyrða, en samt sem áður segir hæstv. ríkisstj., að það sé ekki hægt að treysta á íslenzka atvinnuvegi. Það sé ekki hægt að virkja við Búrfell án þess að hleypa stórrekstri erlendra manna inn í landið og atvinnurekstri Íslendinga sjálfra verður að ryðja frá til þess að fá pláss fyrir atvinnurekstur útlendinganna.

Nú spyr ég: Hvað hefðu þeir menn tekið til bragðs fyrir stríðið við þau skilyrði, sem þá voru, sem standa fyrir þessu núna? Er nokkur í efa um svarið, og var það þá ekki gott, að þessir menn réðu ekki á þeim árum? Er eftirsjón að því? Nei, það var gæfa. Það var gæfa, að menn með þennan hugsunarhátt voru ekki komnir þá til valda á Íslandi. Og við hefðum ekki búið við það þjóðfélag, sem við búum við nú í dag, ef þeir hefðu þá setið í valdastólunum. Framfarasóknin eftir styrjöldina, sem hefur verið mikil, var byggð á þeim grundvelli, sem lagður var á þessum erfiðu árum fyrir stríðið, eins og við sjáum gleggst, ef við lítum á þróun fiskiðnaðarins, sem grundvöllurinn var lagður að fyrir stríðið. Eins ef við athugum þróun síldveiðanna, sem var byggð á því skipulagi í löggjöf, sem þá var sett, síldariðnaðinn, sem er aðeins framhald, endurbætur á því, sem þá var lagður grundvöllur að. Þetta er framþróunin eftir stríðið. Og íslenzki iðnaðurinn. Mörg merkustu fyrirtækin voru einmitt stofnsett á þessum árum fyrir styrjöldina og síðan haldið áfram á sömu braut.

Loks var svo landhelgisútfærslan, sem kom til viðbótar og var stærsta endurbótaskrefið, sem nokkru sinni hefur verið stigið á Íslandi næst frelsistökunni. En það er einmitt táknrænt fyrir núv. hæstv. forsrh., að hann var einn af þeim mönnum, sem alls ekki var hægt að fá til þess að standa með í því, að landhelgin yrði færð út í 12 mílur. Til þess fékkst hann ekki. Í því vildi hann ekki vera með. Og þegar landhelgin var færð út í 12 mílur 1958, var þessi núv. hæstv. forsrh. ritstjóri stærsta blaðs landsins, Morgunblaðsins. Tilkynningin um landhelgisútfærsluna var birt um vorið 1958 og þá tilkynnt, að það ætti að færa út frá 1. september. Hæstv. ráðh. vildi ekki vera með í því og hans félagar. Þeir voru í stjórnarandstöðu þá. Það var gengið á eftir þeim að vera með, því að mönnum var ljóst, að mikils þurfti við og allir þurftu að standa saman. En þeir vildu ekki vera með, þeir vildu vera utan við ábyrgðarlausir. Og hvað kemur svo í ljós? Þegar búið er að ákveða landhelgisútfærsluna, tekur þessi hæstv. forsrh. sig til í blaði sínu allt sumarið og ræðst á ríkisstj. landsins fyrir það að hafa fært út landhelgina, og til þess að gera þetta sem allra tortryggilegast hélt hann því fram, að landhelgisútfærslan væri í raun og veru málefni kommúnista. Þeir hefðu kúgað framsóknarmenn og Alþflm. til þess að færa út, og það væru í raun og veru kommúnistar, sem stæðu fyrir landhelgisútfærslunni. Þessu hélt

hæstv. ráðh. fram í blaði sínu einmitt um þær mundir, sem Bretarnir voru að gera það upp við sig, hvort þeir ættu að ráðast með herskip sín inn í landhelgi Íslands eða gera það ekki. Þá hélt hæstv. ráðh. þessu fram í blaðinu.

Svo kemur að því, að um haustið ráðast Bretar inn með herskipin, vegna þess að þeir héldu, að Íslendingar væru klofnir í landhelgismálinu, ekki sízt fyrir skrifin í Morgunblaðinu. En Bretar skildu það ekki, að það voru bara fáir menn í forustuliði Sjálfstfl., sem stóðu fyrir þessu, en ekki almenningur á Íslandi. Þess vegna stóð almenningur saman gegn Bretum, þegar út í þetta var komið. En það var ekki fyrir kjark eða dugnað þessa hæstv. ráðh., núv. forsrh., að landhelgin var færð út. Ef hann hefði mátt ráða, hefði hún alls ekki verið færð út, því að það hefur alltaf verið hans hugsunarháttur, að það mætti ekkert gera í þeim málum nema það, sem hægt væri að fá útlendingana til þess að samþykkja. Þetta kom líka fram í því, að þegar átti að halda á sigrinum í landhelgismálinu, gekkst hæstv. ráðh. og félagar hans fyrir því, að samið var við Breta um að draga sig út úr íslenzkri landhelgi gegn því, að þeir fengju í raun og veru stöðvunarvald um frekari útfærslu landhelginnar framvegis. Þeir fengju vald til þess að skjóta öllum útfærslutilraunum Íslendinga fyrir alþjóðadómstól, — Bretar fengju eins konar stöðvunarvald í landhelgismálinu. En ég er að segja þetta hér sumpart vegna þess, að hæstv. ráðh. var að minnast hér áðan á landhelgismálið, — hann dró það inn í þessar umr. alveg sérstaklega, — og sumpart vegna þess, að þetta lýsir svo vel þeim hugsunarhætti, sem liggur á bak við þá stefnu, sem hér er fylgt. Og það verður ekki þolað ómótmælt, að þeir menn, sem eiga slíka sögu, temji sér að standa hér á hv. Alþ. og bera öðrum mönnum á brýn, að þeir hafi ekki nógu öruggan framfarahug í málefnum landsins og hafi verið dragbítar á framkvæmdir og framfarir. Slíkt er ekki með nokkru móti hægt að þola og verður ekki gert.

Eins og ég sagði áðan, er ég mjög þakklátur hæstv. ráðh. fyrir það, að hann skyldi draga umr. inn á þetta víðtækara svið, því að það gefur einmitt tækifæri, nauðsynlegt tækifæri til þess að bera saman viðhorfið nú við það, sem áður var, þegar Íslendingar hafa brugðizt einna myndarlegast við þeim vanda, sem þeim bar að höndum. En þegar Íslendingar hafa brugðizt sem myndarlegast við, t.d. eins og gert var óneitanlega á kreppuárunum fyrir stríðið, hafa þeir farið þveröfugt að við það, sem hæstv. núv. ríkisstj. ætlar að gera. Þeir hafa ekki leitað á náðir útlendinga og beðið þá um að taka við málunum úr sínum höndum, heldur hafa þeir klifið þrítugan hamarinn til þess að hefja kröftuga uppbyggingu á sínum eigin vegum. Og ég held því fram, að það sé allra sízt ástæða til þess að breyta stefnunni núna.

Ég hef aldrei viljað loka fyrir það með öllu að semja við útlenda aðila undir vissum kringumstæðum um að taka að sér einstök verkefni í landinu, sem væru þannig vaxin, að við gætum ómögulega leyst þau sjálfir, en þyrftum þó okkar búskapar vegna að koma þeim í framkvæmd. En það liggur ekkert slíkt fyrir nú. Það er ekki einu sinni í áttina til þess, að ástandið sé þannig. Okkur vantar ekki verkefni. Eins og ég hef margtekið fram, er mannekla eitt helzta vandamálið í landinu, og menn hafa alls staðar ágætar framkvæmdaáætlanir, sem þeir þurfa að koma í framkvæmd. Og aldrei hafa verið betri skilyrði til þess að gera okkar atvinnulíf fjölbreyttara á eigin vegum en einmitt nú. Og við þurfum ekki að leggja út í þetta til þess að fá góða virkjun. Við getum fengið þá beztu virkjun, sem við höfum nokkurn tíma átt kost á að koma í framkvæmd, án þess að láta þetta fylgja með. Og hvaða ástæða er þá til þess að taka á sig þá gífurlegu áhættu, sem óneitanlega fylgir því að taka stórt erlent fyrirtæki inn í landið, því er nokkur maður hér, sem vill neita því, að þessu fylgi veruleg áhætta? Ég held ekki. Ég held, að það geti enginn neitað því, að það fylgir veruleg áhætta, það fylgir því stórkostleg áhætta m. a. á miklum áhrifum þessa fyrirtækis á íslenzk mál, sem menn þyrftu auðvitað að vera lausir við, ef menn ættu þess með nokkru mögulegu móti kost.

Það er vitanlega alveg út í hött að halda hér hjartnæmar ræður um, að við þurfum að leggja út í þetta til þess að skjóta fleiri fótum en nú standa undir okkar atvinnulífi af þeirri einföldu ástæðu, að fjöldann allan af áætlunum einmitt í þá stefnu verðum við að láta liggja óframkvæmdar, vegna þess að okkur skortir mannafla til þess að koma þeim í framkvæmd. Það er verið að tala um það í þessu sambandi, að líklega geti þetta orðið lykill að stórfelldum iðnaði. Ég skal ekki vera með neinar fullyrðingar í því sambandi. Þetta er eitt af því, sem sagt er til þess að gylla þessar fyrirætlanir. En ég vil leyfa mér að benda á, að í Noregi eru alls ekki mikil brögð að því, að sérstakur iðnaður hafi vaxið út frá alúmínbræðslum. Samkv. upplýsingum, sem ég hef fengið, hefur fremur lítið eða réttara sagt mjög lítið orðið um þetta. Hvers vegna? Hvers vegna ætli það hafi ekki vaxið upp stórfelldur iðnaður út frá þessum fyrirtækjum í Noregi, ef gera mætti ráð fyrir því, að það væri auðvelt eða lægi beint við? Og þegar ég hef spurt um það, hvaða iðnaður þarna kæmi til greina og hvaða markað menn t.d. ættu að framleiða fyrir vörur úr þessu hráefni, hafa svörin vægast sagt verið ákaflega óljós, ef þau hafa verið nokkur. Því hef ég ekki getað séð, að þetta væri neitt sérstakt úrræði til þess að gera okkar atvinnulíf fjölbreyttara. En þá segja menn: Það er gert til þess að hægt sé að virkja. En þær röksemdir hafa verið hraktar að þess þurfi til að virkja hagkvæmt.

Hæstv. ráðh. var í ræðu sinni í kvöld að tala um þjóðrækinn mann. Manni virtist hann hafa verið heldur svartsýnn. Hann nafngreindi ekki þennan mann, ég efast ekkert um, að þetta hefur verið mætur maður, enda sagði ráðh. það. En hann sagði, að þessi maður hefði lagt ákaflega mikla áherzlu á, að það væri vafasamt, skilst mér, að þjóðinni gæti fjölgað og lifað í landinu. Þetta var heldur óljóst, en ég skildi það þannig, að verzlun og iðnaður gætu aldrei orðið til á Íslandi. Eitthvað var þessi maður líka að tala um, að fiskveiðar væru í óvissu o.s.frv. Hvað mundi þessi maður hafa viljað, ef hann væri nú uppi? Álbræðslu, vafalaust. Alveg vafalaust álbræðslu. Þessi maður

hefði verið í flokki hæstv. ráðh., hann hefði verið einn helzti baráttumaður fyrir álbræðslu með honum, það sjá allir. Það eru einmitt svona menn, svartsýnir menn, úrtölumenn, sem vasklegast ganga fram með hæstv. ráðh., og menn, sem ekki sjá, að það hafi orðið neinar framfarir á árunum fyrir 1940, af því að þær voru á vegum Íslendinga sjálfra. Það telja þeir allt hafa verið mjög lítils virði. En þessi maður hefði verið álmaður, það er alveg víst.

Því er nú verr og miður, að það er minnimáttarkenndin og vanmatið á möguleikum Íslendinga sjálfra og vanmatið á því, að Íslendingar geti komið sér upp nægilega stórbrotnum atvinnurekstri, sem er grundvöllurinn að því, sem nú er verið að gera. Og ég vil enn einu sinni endurtaka þakklæti mitt til hæstv. forsrh. fyrir að hafa minnt á að ræða þessi mál á þennan hátt.

Það gekk allt í sömu stefnu hjá hæstv. ráðh. Hann var að tala um það t. d., að það væri of seint að bjarga atvinnunni, þegar neyðin væri skollin á, og hann var að hræða menn með hættunni á atvinnuleysi. Hvernig hefði þessi maður litið á málin á kreppuárunum fyrir stríðið? Ég held, að það séu lítil takmörk fyrir því, sem honum hefði þá fundizt, að þyrfti að ganga inn á til þess að bjarga við. Ég get ekki annað séð. Ég verð að segja, að mér lízt ekki á þennan hugsunarhátt, og ég held, að það sé ekki hann, sem leiðir til farsældar. Þessi bölmóður leiðir áreiðanlega ekki til góðs, og það eitt er alveg víst, að þeir, sem hafa dugað íslenzku þjóðinni bezt á undanförnum öldum, eru ekki þeir menn, sem hafa litið svona á. Það eru ekki þeir, sem hafa séð fjandann í hverju horni og viljað leita sér liðs, misjafnlega vel valins liðs til þess að glíma við hann.

Hæstv. iðnmrh. var mikið niðri fyrir í dag og virtist taka mjög nærri sér þá gagnrýni, sem hafði komið fram á einstökum ákvæðum samningsins, ekki sízt gagnrýni, sem laut að því, að það á að setja fyrirtæki á Íslandi undir erlenda lögsögu, því það er kjarni málsins varðandi þann þáttinn. Málið er ósköp einfalt, það á að setja fyrirtæki á Íslandi undir erlenda lögsögu. Út af þessu var ráðh. mjög í uppnámi og satt að segja ekki alveg gott að fylgjast með eða fá samhengi í röksemdafærsluna að því er mér virtist. Mér virtist þetta helzt hjá hæstv. ráðh. ganga út á að hylja sig reyk í þessum háska og gera þetta svo flókið, að enginn botnaði neitt í neinu. Og það var auðheyrt, að hæstv. forsrh. þótti þetta ekki hafa tekizt nógu vel, því að hann kom hér og bætti við reykinn í sinni ræðu, sem ég skal nú bráðum koma að. Lagði reykský til viðbótar. Hæstv. dómsmrh. sagði, og ég held ég hafi áreiðanlega tekið rétt eftir því, — hélt fram þeirri nýstárlegu kenningu, að gerðardómur af þessu tagi gæti verið betri en íslenzkir dómstólar. Til hvers höfum við þá verið að berjast fyrir því að fá dómstóla inn í landið og fá sjálfstætt dómsvald? Er það ekki eitt höfuðeinkenni á sjálfstæðu ríki að hafa sjálfstætt dómsvald? En nú heyrir maður dómsmrh. landsins segja, að gerðardómar erlendis geti verið betri en íslenzkir dómstólar til þess að fjalla um málefni fyrirtækis á Íslandi, sem á að heita íslenzkt fyrirtæki, a.m.k. að vera skrásett íslenzkt fyrirtæki. Það kalla ég heldur nýstárlegt, og ég held, að ég hafi heldur ekki misskilið það, að hann hafi sagt, að þessi uppástunga um það að hafa erlendan gerðardóm í stað þess að fyrirtækið kæmi undir íslenzka lögsögu, að þessi uppástunga hafi komið frá íslenzkri hlið. Ég skildi hann þannig. Ráðh. hafði svo ekki talað nema nokkrar setningar, þegar hann sagði til viðbótar, að þessi ákvæði hefðu mikið breytzt stig af stigi okkur í hag. Ég fæ ekki komið þessu saman. Hver var að bisa við að breyta þessu okkur í hag, þegar uppástungan var frá okkur sjálfum? Var það hringurinn, sem vildi lagfæra þetta frá því sem þeir höfðu stungið upp á? Mikil er umhyggjan fyrir okkar málum! Ég held, að það hljóti að vera eitthvað bogið við þetta, og væntanlega leiðréttir hæstv. ráðh. það. Ég vil ekki snúa út úr eða hafa rangt eftir. En ætli þetta geti ekki þýtt, að það hafi verið misskilningur hjá hæstv. ráðh., að þetta hafi komið frá honum eða hans mönnum og þetta hafi, eins og líklegast er, komið frá hringnum, því að það kom fram einmitt í viðtalinu, sem blöðin áttu við forstjóra hringsins, að hringnum fannst þetta hafa tekizt vel. Að vera ekki undir íslenzkum dómstólum, því að þeim væri, að því er manni skildist, ekki að treysta í þessu efni vegna reynsluleysis. Ég held, að hæstv. ráðh. ætti ekki að vera að halda því fram, að hann hafi viljað þetta, a.m.k. þarf þetta þá miklu nánari skýringar við, svo að menn botni upp eða niður í þessu. Og hvað sem hæstv. ráðh. hefur viljað um þetta, hygg ég, að flestum öðrum sé það ljóst, að það er mikill ágalli, stórkostlegur ágalli og einn versti ágalli samningsins, að það skuli vera gengið undir það jarðarmen að setja fyrirtæki á Íslandi undir erlenda lögsögu. Hér var lesinn einhver feiknaruna af hliðstæðum, að því er átti að vera, en svo hratt, að það var ómögulegt að henda reiður á því á nokkurn hátt. En ég heyrði þó, að það var mest lagt upp úr, að hliðstæða í þessu efni væri sú, að í rússneskum olíusamningum væru ákvæði eitthvað þessu lík, um málskot til útlendra gerðardóma. En hvað er sambærilegt um viðskiptasamning um olíu á milli tveggja ríkja annars vegar og íslenzkt fyrirtæki, sem á að starfa hér og hafa hér stórfelldan atvinnurekstur í 45 ár? Hvað er hliðstætt í þessu? Það er eitthvað undarlegur hugsunarháttur, sem kemur þarna fram, og ég held því fram, að þetta hljóti að vera sagt til þess, að menn ekki átti sig á málinu, fremur en til þess að færa nokkur skynsamleg rök fyrir því, að þessi tilhögun sé eðlileg. Það er auðvitað ekkert sambærilegt í þessu. Það er ekkert sambærilegt við milliríkjasamning annars vegar og hins vegar samning um starfrækslu eins stærsta fyrirtækis í landinu sjálfu, sem aðstandendur þessa máls tala alltaf um eins og íslenzkt fyrirtæki. A.m.k. eru þeir ekkert feimnir við að kalla þetta íslenzkan atvinnurekstur, þegar þeir eru að reyna að vinna þessari hugmynd hylli, svo mikið er víst.

Þá gerði ráðh. endurteknar tilraunir til þess að halda því fram, þó að hann vildi nú sjálfur ekki viðurkenna það áðan, að eiginlega væru allir þm. samsekir sér um þetta. Það var eins og við hefðum allir tekið þátt í þessum samningum og bærum ábyrgð á þeim með honum. Það er þokkalegur málflutningur þetta. Þessu hefur hv. þm. Ingvar Gíslason, hann var í

þessari n., svarað fyrir sitt leyti með því, að auðvitað bera nm. enga ábyrgð á samningunum, og það sagði hæstv. ráðh. í öðru orðinu, þó að hann væri að læða þessu að í hinu orðinu í þessum þjóðlega stíl, sem við þekkjum. Við vitum, hver hafði þann stíl, hvaða persóna. Það var að vísu ekki þjóðsagnapersóna, það var skáldsögupersóna, sem hafði þann frásagnarmáta, sem minnir á þetta. Í öðru orðinu er því haldið fram, að í rauninni beri þm. allir ábyrgð á þessu, en í hinu orðinu er auðvitað sagt, að þeir beri ekki ábyrgð á samningunum. Einnig upplýsti Ingvar Gíslason alþm. hér í kvöld, að það hefði verið fyrirvari hreinn og klár af hendi þm. úr stjórnarandstöðuliðinu, að þeirra afstaða væri sú, að þetta fyrirtæki skyldi vera undir íslenzkum lögum og þar af leiðandi undir íslenzkri lögsögu. Ráðh. var vorkunnarlaust að átta sig á því, hvað í þessu fólst, enda vissi hann það auðvitað, þó að það sé verið að reyna að draga úr því með því að hafa þennan tvískinnung í málflutningnum. Svo bætti hæstv. ráðh. því við, að gerðardómsákvæðin hefðu verið sýnd Ólafi Jóhannessyni og hann hefði ekkert haft við þau ákvæði að athuga, sagði hæstv. ráðh. Ég ræddi þetta mál að sjálfsögðu við Ólaf Jóhannesson nú í því hléi, sem gafst, og hann hefur beðið mig að segja, að hann hafi aldrei komið nálægt þessari samningagerð og aldrei látið uppi neitt álit varðandi ákvæði í þessum samningum, hvorki gerðardómsákvæði né önnur. Svo getur hæstv. ráðh. rætt þetta við hann á réttum stað, þ. e. a. s. í Ed.

Eins og ég sagði áðan, virðist sem hæstv. forsrh. fyndist, að þessi reykur, sem hæstv. iðnmrh. og dómsmrh. hafði þyrlað hér upp, væri ekki nægilega svartur, — ráðh. ekki nægilega vel hulinn. Hann kom því hér og bætti við, og það var hreint ekki svo ómerkilegt, sem hann bætti við, til þess að sýna fram á, hvað þetta væri allt eðlilegt. Og fyrsta dæmið var þetta með landhelgina. Hann sagðist ekki leggja mjög mikið upp úr því, sem Ólafur Jóhannesson segði um þetta, vegna þess að Ólafur Jóhannesson hefði sagt, að menn ættu að vera undir það búnir að leggja mál sín undir alþjóðadóminn, sagði hæstv. ráðh. og þóttist nú vel hafa gert, að því er manni virtist. En er eitthvað hliðstætt í því, að ríkið leggi málefni sín undir alþjóðadóm, eins og Ólafur Jóhannesson átti við, og hinu, að fyrirtæki á Íslandi, sem starfrækt er á Íslandi, skuli vera undir erlendri lögsögu? Er eitthvað hliðstætt í þessu? Auðvitað ekki. Hvers vegna er þá hæstv. ráðh. að eyða tíma manna hér við að hlusta á þvílíkt? Enda sagði hæstv. ráðh. rétt á eftir þessi orð, ég skrifaði þau eftir honum: „Hér stendur að vísu öðru vísi á. Hér er um að ræða mál á milli íslenzks fyrirtækis og annars aðila.“ Hvers vegna var hæstv. ráðh. þá að segja þetta? Hví var hann að blanda þessu inn í þetta? Hvaða þýðingu hefur svona málflutningur eða svona röksemdir? Jú, þetta átti að vera viðbót við reykskýið til þess að gera það svolítið dekkra. Því er verið að bera þetta saman, fyrst hæstv. ráðh. segir sjálfur, að það standi öðru vísi á, m.ö.o. að það sé ekki sambærilegt? Hann ætti að svara því, en ekki ég.

Síðan fór ráðh. að tala um mannréttindadómstólinn til þess að sýna, að því er manni virtist, hvað þetta væri eðlilegt og lýsti því í löngu máli, hverjir hefðu haft mestan áhuga fyrir því að koma Íslandi undir mannréttindadómstólinn. Ég get ekki séð, hvað það kemur þessu máli við. Hæstv. ráðh. reyndi heldur ekkert að tengja það við þetta mál, þó að hann kæmi með þennan þátt. Mér skilst þetta vera sjálfstæður þáttur um mannréttindadómstólinn, eða getur það verið, að hugsanagangur hæstv. ráðh. sé í raun og veru eitthvað á þessa leið: Af því að Íslendingar hafa gengið undir mannréttindadómstólinn, er og óaðfinnanlegt, að fyrirtæki, sem lögskráð er íslenzkt, skuli undanþegið íslenzkri lögsögu og komi undir erlendan gerðardóm. Getur verið, að ráðh. hugsi svona? Ég veit það ekki. En hann virðist ætla þeim, sem hlusta á hann, að hugsa svona. Það finnst mér ekki sanngjarnt að ætlast til slíks. Þetta er auðvitað alveg út í hött og kemur þessu máli ekkert við.

Síðan hóf hæstv. ráðh. sérstakan kafla með því að sækja í sig veðrið og mana menn til þess að fallast á þá skoðun, að Íslendingar skytu deilum sínum yfirleitt til útlanda, og hann hafði sig upp í talsverðan hita og sagði, að það væri svívirðing fyrir íslenzku þjóðina að óttast að fara með mál sín fyrir erlenda dómstóla. Það væri svívirðing fyrir íslenzku þjóðina! Hvað á hæstv. ráðh. við? Eigum við að fara að mana hver annan til þess að fara með þrætumál okkar hér á Íslandi fyrir erlenda dómstóla? Hvað er þetta eiginlega? Til hvers hefur þá verið öll barátta Íslendinga fyrir því að færa dómsvaldið inn í landið, einn meginþátturinn í sjálfstæðisbaráttunni? Og þessi hæstv. ráðh. telur sig vera vel að sér í sögu!

Ég veit satt að segja ekki, hvaða gildi svona lagað á að hafa, en eitt er víst: allt þetta sýnir, að það hefur komið illilega við kaunin á hæstv. ráðh., að Ólafur Jóhannesson o.fl. hafa upplýst þessar veilur, sem í samningnum eru að þessu leyti og eru mjög þýðingarmiklar. Þarna er um prinsipmál að ræða eða meginreglu, sem sé, að íslenzkir atvinnurekendur og atvinnurekendur á Íslandi séu undir íslenzkum lögum. Það verður ekki ógeðugt ástand hér, þegar þessi stefna til að gera atvinnuvegi landsmanna fjölbreyttari verður komin verulega á skrið, því að það getur varla verið, að menn, sem líta eins á þessi mál og hæstv. forsrh., hugsi sér, að þetta sé annað en lítil byrjun. Það leiðir alveg af öllum þeim hugsunarhætti, sem kom fram í hans ræðu, að hann hlýtur að hugsa þetta sem litla byrjun. Eða heldur hæstv. ráðh., að Íslendingar bjargi sér á þessu út af fyrir sig lengi, ef verulega bregzt grundvöllurinn að öðru leyti? Nei, hann heldur það ekki. Þess vegna hlýtur þetta að vera í hans huga bara byrjunin, og það verður ekki leiðinlegt ástand hér, ef menn halda áfram að framkvæma þessa stefnu og mikill hluti af atvinnurekstri í landinu verður orðinn af þessu tagi og ekkert af því á að heyra undir íslenzka dómstóla. Allur ágreiningur út fyrir pollinn!

Ég held, að það væri réttast fyrir hæstv. ráðh. að viðurkenna það drengilega, að hér hefur þeim orðið mikið á í messunni, varðandi þetta mál. Líka vegna þess, að ef þeir ætla sér að halda áfram að gera íslenzkt atvinnulíf fjölbreyttara á þennan eina hátt, sem þeir virðast hafa nokkra verulega trú á, þá er réttara fyrir þá að hafa fordæmið betra en þetta. Það

gæti orðið dálítið erfitt fyrir þá að fást við þessi mál framvegis, ef byrjað er með þessu. Það er fullkomlega tímabært að aðvara þá, og þeir ættu ekki að herða sig upp gegn bendingum í þessa átt, heldur brjótast í því að reyna að fá þetta lagfært.

Ég get ekki stillt mig um að skjóta því hér inn í, þó að það sé dálítið skothent, af því að ég sé, að það stendur hérna á blaðinu hjá mér: Fjármagnið eftir í landinu. Þetta mun ég hafa skrifað niður eftir hæstv. iðnmrh. eða forsrh. Það er nefnilega einn liður í þessari röksemdafærslu þeirra, að þarna sé verið að byggja svo mikið upp. Og hv. þm., Benedikt Gröndal, þegar hann í niðurlagi sinnar ræðu, hátíðlegur mjög, lagði áherzlu á, að einmitt með þessu væri verið að undirbyggja framtíðina. — Þetta fyrirtæki yrði grundvöllur í framtíðinni. En hvaða fjármagn ætlar þetta fyrirtæki að láta eftir í landinu? Það greiðir laun, en ekki meiri laun en hver annar. Það greiðir fyrir rafmagnið. Það mun sízt af veita til þess að halda í horfinu, að ekki sé meira sagt. Það greiðir skatt. Hvað verður eftir í hreiðrinu? Gróðinn kemur aldrei inn í landið. Verksmiðjan kemur inn sjálf. Fyrningafé kemur aldrei inn, og hún fer, eins og ég hef orðað það, út úr landinu jafnótt og hún slitnar. Þetta er grundvöllurinn. Þetta eru staðreyndir. Það er ekki hægt að komast framhjá þessu. Þetta er munurinn á erlendum og íslenzkum atvinnurekstri. Þetta er munurinn á þessu tvennu, og þess vegna er ekki skynsamlegt að gera meira en sem allra minnst af því að fara inn á atvinnurekstur erlendra aðila. Og það vona ég, að verði fast með íslenzku þjóðinni framvegis. Og ef þeir berja fram þennan samning, sem búið er að gera, með fyrirvara að vísu, vona ég, að það sitji þó a. m. k. eftir í unga fólkinu á Íslandi eitthvað af þeim umr., sem hér fara fram, og menn hugsi sig um tvisvar, áður en haldið verður áfram á þessari braut eða byggt á hliðstæðu sem verulegum þætti í þjóðarbúskap Íslendinga. Það getum við ekki gert vegna þess, hve við erum fáir. Það getur verið að stórþjóðirnar geti leyft sér að hafa mörg erlend fyrirtæki af þessu tagi, en við getum ekki leyft okkur svona nema í ítrustu neyð og þá mjög takmarkað. Það er þetta, sem við í Framsfl. höfum lagt mikla áherzlu á. Þess vegna er það með öllu óviðunandi, þegar hæstv. forsrh. og ráðh. eru að flytja þetta mál sem almennt úrræði í atvinnumálum Íslendinga. Ef þeir hefðu bundið sig við að segja, að þetta þyrfti að gera til þess að koma virkjuninni upp, hefðum við getað skilið þá, að þeir hefðu vegna þessarar minnimáttarkenndar, sem ég ræddi um áðan, ekki treyst sér til þess að útvega lán til virkjunarinnar og því leiðzt út í þetta. Það var skiljanlegt, þó að ekki væri það myndarlegt og sízt af öllu karlmannlegt og sízt af öllu til fyrirmyndar samanborið við það, sem áður hefur verið gert, t.d. varðandi Sogsvirkjanirnar, við miklu verri skilyrði en nú eru. En það var skiljanlegt. En hitt er verra, þegar farið er að flytja þetta sem upphaf að þýðingarmikilli stefnu til þess að gera íslenzkt atvinnulíf fjölbreyttara framvegis.

Hæstv. iðnmrh. var að tala um, að Framsfl. væri í þessu eins og svo mörgu öðru heldur óstöðugur — hefði óskýra stefnu og hringlaði til og frá — og sagði, að þó að við værum á móti þessum samningi, hefðum við samt talið rétt að athuga þann möguleika að koma upp alúmínverksmiðju í sambandi við stórvirkjun á Íslandi. Það er alveg rétt, við vildum láta athuga þann möguleika. En hæstv. iðnmrh. láðist að geta þess, að undir eins og við gengum til samstarfs um að athuga þetta, sem fyrir lá, eða í marzmánuði, ályktuðum við alveg greinilega, hvaða skilyrði við töldum, að þyrfti að uppfylla, til þess að það kæmi yfirleitt til mála að ljá máls á slíkum samningi. Og þar í var, með leyfi hæstv. forseta, að ekki væri hægt að afgreiða slíkt nema sem lið í heildaráætlun í framkvæmda- og efnahagsmálum og ekki tiltök að hefja slíkar framkvæmdir við verðbólguþróun og vinnuaflsskort, sem íslenzkir atvinnuvegir ættu við að búa. Sem sé, það væru ekki tiltök að leggja út í slíkt, ef Íslendinga vantaði ekki verkefni, og eins og sakir stæðu væri því ný stefna í efnahags- og atvinnumálum forsenda þess, að unnt væri að ráðast í stóriðju. Enn fremur að hið erlenda fyrirtæki nyti engra hlunninda umfram íslenzka atvinnuvegi og lyti í einu og öllu íslenzkum l., og raforkusala til þess stæði a.m.k. undir stofnkostnaði virkjunar að sínu leyti. Enn fremur að slík framkvæmd stuðlaði að jafnvægi í byggð landsins og hjálpaði til að leysa byggðavandamálið, sem hefði verið þýðingarmikið atriði og út af fyrir sig hægt að taka á sig talsverða áhættu, ef það hefði getað hjálpað okkur í þeim mikla vanda. En allt hefur þetta horft öfugt við það, sem Framsfl. vildi og því er það, að við höfum beitt okkur á móti samningunum. Það er ekkert ósamræmi í okkar ályktunum eða framkomu í þessu efni á nokkurn hátt og með öllu ómögulegt að sætta sig við að hlusta á það ómótmælt, að slíku sé haldið fram.

Enn fremur sagði hæstv. iðnmrh., að allir væru sammála um að taka erlend lán áfram og fylgja þeirri stefnu, en það er því miður ekki þannig, að allir séu sammála um það. Það er flutt sem stefnumál að breyta til og láta erlenda aðila reka atvinnu í landinu sjálfu í stað þess að taka lán og verja þeim til þess að byggja upp íslenzkan atvinnurekstur. Og það er ekki aðeins, að það sé léð máls á því í þessu sambandi, að þetta sé eina tilfellið eða eina dæmið, heldur er fullum fetum í málgögnum Sjálfstfl. barizt fyrir því, að erlendir aðilar setji hér upp olíuhreinsunarstöð, sem yrði eitt stærsta fyrirtæki landsins og lykilfyrirtæki að ýmsum iðnaði, sem komið gæti til greina út frá því. Þá færi hann ekki að verða neinn smáþáttur í þjóðarbúskap Íslendinga, atvinnurekstur á vegum erlendra aðila, ef þessu yrði bætt við og svo því, sem út frá olíuhreinsunarstöð gæti spunnizt. Það er því alls ekki ótímabært, að þjóðin rifji upp fyrir sér einmitt þessar tvær stefnur um þessi mál, eins og við höfum verið að fara fram á, að hún gerði og það sé einmitt rætt um stefnur í sambandi við þetta málefni. Það er því ekki rétt, því miður, hjá hæstv. iðnmrh., að það séu allir sammála um að fylgja á sama hátt og verið hefur þeirri stefnu að taka erlend lán og leggja þau í innlendan atvinnurekstur. Það er einmitt það versta

við þetta, að þar kemur mjög greinilega fram stefnubreyting.

Ég kem þá að þeim þætti í ræðu hæstv. iðnmrh. í dag, sem fjallaði um eitt þýðingarmesta atriðið í þessum samningi, og það er rafmagnsverðið og það, sem ég hafði sagt um það. Eða öllu heldur haft eftir hv. þm. Sunnl., Helga Bergs, — en ég tók það ráð að hafa þessi ummæli eftir honum, vegna þess að ég veit, að hann er allra manna bezt fær um að dæma þessi mál og þeim kunnugastur, — því tók ég það eðlilega ráð að vísa til hans orða um þessi efni. Þegar hæstv. ráðh. kom að þessum kafla, sem fjallaði um raforkuverðið og sem ég hafði eftir Helga Bergs, kom í ljós, að hæstv. ráðh. játar allri röksemdafærslu Helga Bergs frá upphafi til enda, eins og ég skal sýna. Fyrsta atriðið var, að Helgi Bergs sagði, að hæstv. ráðh. puntaði dæmi sitt með því að setja inn í raforkuverðið hluta af skattgreiðslum fyrirtækisins. Munaði þetta hvorki meira né minna en 196 millj. kr. En hvað gerði hæstv. ráðh. í dag. Hann játaði þetta. Hann játaði þetta berum orðum og sagðist vilja leiðrétta þetta. Hann sagði að vísu, að fjárhæðin væri lægri, hún væri 176 millj. eða eitthvað þar um bil, en ekki 196 millj. Hann játaði, að hann hefði látið setja hluta af skattgreiðslunum inn í raforkuverðið. Til hvers gerði ráðh. það? Hann gerði það til þess að fá ranga útkomu úr rafmagnsverðsdæminu, og ráðh. gerði þetta vísvitandi. Auðvitað var honum algerlega ljóst, að hann lét hluta af skattinum inn í raforkuverðið. En hann verður nú að játa þetta, og hann verður að taka þetta til baka, af því að það stendur þannig á, að það er hægt að sanna þetta atriði. Þannig er það með þau atriði, sem hægt er að festa hendur á í þessum útreikningum, sem hæstv. ráðh. leyfa sér að koma fram með hér á Alþ. og fyrir þjóðina alla. En hvernig halda menn, að þeir hafi þá gengið frá þeim atriðum, sem ekki er hægt að sanna neitt um, þegar þeir leyfa sér að ganga svona frá þeim atriðum, sem geta legið í augum uppi fyrir kunnuga menn? En hér er hvorki meira né minna um að ræða en það, að dæmið er sett upp rangt, vísvitandi, sem nemur annað hvort 176 millj. eða 196 millj. eða nálega ¼ af öllu saman, sem hæstv. ráðh. fékk út til réttlætingar því, að það væri mjög hagkvæmt að fara þessa leið. Og ég segi enn: Þegar svona fer um þau atriði, sem hægt er að festa hendur á, hvað er þá hægt að leggja upp úr þeim liðum, sem eru ágizkanir einar og sem þessir sömu menn fjalla um? Það er að vísu ekki hæstv. ráðh., sem reiknar þetta á reikningsvélarnar, en hann ákveður, hvernig skuli reikna, og ég ætla að biðja hann að fara ekki að skjóta sér á bak við embættismennina í þessu tilfelli, sem reikna á reiknivélarnar, eins og sumir hans kollegar hafa gert stundum, þegar hliðstæð mál hefur borið á góma. En ég veit, að hæstv. ráðh. er það mikill drengskaparmaður, að það mun hann ekki gera, og hann mun kannast við, að hann leggur til forsendurnar í dæmið. Það dreg ég ekki í efa. En það verður hæstv. ráðh. að gera sér ljóst, að þetta eykur ekki traustið á málsmeðferðinni eða því, sem fyrir okkur er lagt. Hann þarf ekkert að verða hissa, þó að mönnum finnist þetta tíðindi.

Helgi Bergs hélt því líka fram, að enginn vissi, hvar virkjað yrði eftir 1976. Hann sagði: Það veit enginn. Og hann sagði meira, sem sé, að engin fullnægjandi áætlun lægi fyrir um slíka virkjunargerð. Þar af leiðandi, sagði Helgi Bergs, er ekki leyfilegt að setja þessa faktora inn í dæmið, eins og hæstv., ráðh. hefur látið gera, og draga af því ályktanir um hag og útkomu af rekstri rafveitnanna framvegis. Hvað gerði svo hæstv. ráðh. í dag? Hann játaði, að það væri ekki búið að ákveða, hvar skuli virkjað næst. Hann játaði það berum orðum, einmitt það, sem Helgi Bergs hélt fram, og hann játaði líka, að það væri ekki einu sinni búið að gera neinar fullnægjandi áætlanir um þá virkjun, sem væri höfð í huga eða sett inn í dæmið. Hann játaði það líka, eins og eðlilegt er, því að það vita allir, að það er rétt. Það hefur engin fullnægjandi áætlun verið gerð. Það lengsta, sem hæstv. ráðh. komst í þessu sambandi, var að segja, að þetta væri ekki út í bláinn. Það voru þau orð, sem hann notaði. Það væri ekki út í bláinn að byggja reikninga á þessu, vegna þess að það kæmi til mála að virkja næst Háafoss í Þjórsárdal, það kæmi til mála, og það væri búið að gera einhverja áætlun, sem allir vita, að er ófullkomin áætlun gerð á hné sér, um þessa virkjun. Samt er hún sett inn í þetta dæmi. Hæstv. ráðh. verður því að játa, að Helgi Bergs hefur haft alveg rétt fyrir sér í þessum lið gagnrýninnar eins og hinum.

Þá hefur Helgi Bergs haldið því fram, að áætlunin um reksturskostnaðinn væri vægast sagt ónákvæm vegna óvissunnar, m.a. um ísvandamálið. Hæstv. ráðh. sagði: Jú, það er ágreiningur um, hvað þetta muni verða. Hann varð að játa, að Helgi Bergs hefur rétt fyrir sér í þessu efni. Það er alveg óvíst enn, hver kostnaðurinn verður vegna ísvandamálsins. Um þetta má deila, sagði hæstv. ráðh., en annað hvort hefur hann látið setja ísvandamálið í einhverjum tölufaktorum inn í dæmið eða þá að hann hefur alveg sleppt því. Ég veit ekki, hvort er, mér er það ekki alveg ljóst. En hann hefur gert annað hvort, sett það inn í dæmið sem fasta faktora, sem hann þykist þekkja, þó að enginn þekki þá, og hann verður sjálfur að játa nú, að hann þekkir þá ekki. Annað hvort hefur hann samt látið setja þá inn í dæmið eftir þessum ófullkomnu ágizkunum, eða hann hefur ekki sett þá inn í dæmið, og er hvorugur kosturinn góður.

Hæstv. ráðh. hafði reiknað, að það væru 865 millj., sem upp úr þessu ættu að hafast miðað við að hafa ekkert alúmín fram til 1985, minnir mig. Þá er þessi mikli vaxtareikningur. Þessi einseyringsreikningur, sem notaður var í gamla daga, en sem ég hélt satt að segja, að menn væru hættir við núna á þessum síðustu og verstu tímum verðbólgunnar. Það var hamast við að reikna, hvað einn eyrir yrði eftir 100 ár eða 50 ár o.s.frv. Það voru vænar tölur, sem komu út, og þennan reikningsmáta lætur nú hæstv. ráðh. við hafa. Helgi Bergs reyndi að kippa þessu niður á jörðina með því að setja þetta inn í dæmið á þann hátt, sem venjulegir menn mundu vilja gera, sem sé með því að gera sér grein fyrir því, hvernig þessar mörg hundruð millj. litu út, ef þær væru reiknaðar niður í þann ávinning, sem yrði á ári hverju. Ég hugsa, að mönnum muni finnast gleggra að hafa þetta svona, eins og

Helgi Bergs gerði og þá fékk hann sem hæstu hugsanlegu tölu 18 millj. á ári. Og nú skeður það í dag, að hæstv. ráðh. flytur sig ofan á jörðina líka og fer að tala um 18 millj. á ári. Hann er sem sagt kominn niður úr skýjunum og niður á jörðina. Hann er farinn að tala um ávinninginn á ári og þá um 18 millj. En þó er sá galli enn á þessu, að þegar talað er um 18 millj., eru inni í dæminu þessir faktorar, sem hæstv. ráðh. hefur látið setja í dæmið, en hann veit ekkert um, — þ.e.a.s. ný virkjun, sem enginn veit, hvar verður gerð og þar af leiðandi enginn veit, hvað muni kosta; kostnaður við ísvandamálið, sem enginn veit, hver verður og mjög mikill ágreiningur er um, hvað líklegt sé að verði. Og þessir faktorar eru inni í dæminu, þegar þessar 18 millj. koma út. Það er því svo fjarri því, að hægt sé að tala um þessar 18 millj. sem líklegan ávinning af því að hafa alúmínið með samanborið við að vera án þess, og þá er enn eftir að taka tillit til þess, að kostnaður við virkjunina hlýtur að fara fram úr áætlun. Það er óhugsandi, að þannig takist til miðað við íslenzkt efnahagslíf og horfur, að kostnaður við virkjunina fari ekki talsvert fram úr áætlun. Og þá er líka eftir að taka það inn í dæmið, sem Helgi Bergs sýndi ítarlega fram á og ómögulegt er að hrekja, að næsti virkjunaráfangi, sem við þurfum að leggja í og þurfum að leggja miklu fyrr út í að framkvæma vegna þess að álverksmiðjan á að fá rafmagnið frá Búrfellsvirkjuninni, mun skila dýrara rafmagni en því, sem álverksmiðjan fær, og þannig erum við, eins og Helgi Bergs sagði, að taka lán hjá framtíðinni, sem við þurfum að borga til baka, þegar við förum að nota dýrara rafmagnið úr nýju viðbótarvirkjuninni.

Enn bætist það við, að þetta dæmi er reiknað þannig, að þegar orkusöluáætlunin er gerð frá virkjun án álverksmiðju, er ekki gert ráð fyrir því, að hægt sé að selja neitt af afgangsorkunni. Það er ekki gert ráð fyrir því, að það sé hægt að selja neitt af þeirri afgangsorku, sem á að ganga til álverksmiðjunnar. En auðvitað yrði eitthvað af þessari orku selt, og einhver fyrirtæki mundu koma upp í staðinn fyrir álverksmiðjuna. Það er ekki hægt að bera þetta saman á þessa lund. Þetta er því þannig vaxið allt saman, að það eru vægast sagt engar líkur til, að það verði gróði að því í raforkuverði, þegar fram í tímann er litið, fyrir Íslendinga að hafa álverksmiðjuna með, og þá er sú ástæða brott fallin, ef skynsamlega er litið á þetta mál, fyrir því að taka þetta erlenda fyrirtæki inn í landið. En eins og margsinnis hefur verið sýnt fram á, fylgja því svo margir ágallar að hafa stórt erlent fyrirtæki í landinu samanborið við íslenzkan atvinnurekstur, að slíkt á ekki að gera, nema alveg sérstaklega standi á og brýna nauðsyn beri til.

Það er því ekkert vafamál að hæstv. ráðh. iðnaðarmála hefur alls ekki hrakið með rökum þá gagnrýni, sem beint hefur verið að útreikningum hans um hag af raforkusölu og Helgi Bergs hefur sérstaklega skilmerkilega sett fram. Það er því alveg vafalaust niðurstaða í þessari lotu í umr., að útreikningar hæstv. ráðh. í þessu sambandi eru vægast sagt þannig gerðir, að það er ekki hægt að byggja á þeim, — sumir mundu jafnvel vilja segja, að þeir væru markleysa, — en vægast sagt þannig, að það er ekki hægt að byggja á þeim. Margt bendir til þess, að útkoman úr dæminu verði þveröfug, þegar á allt er litið og öll kurl komin til grafar.

Í þessu sambandi verður líka alveg sérstaklega einkennilega ankannaleg sú röksemdafærsla hæstv. ráðh., að það þurfi að flýta sér að gera þetta til þess að koma út raforkunni strax. Það er undarlegur hugsunarháttur, að það skuli þurfa að flýta sér að koma út ódýrustu raforkunni strax fyrir lítið, og þurfa svo að nota sjálfir dýrari orku, en þessi röksemdafærsla hefur verið notuð.

Ég hef ekki hér í höndum yfirlit um virkjanl. vatnsafl á Íslandi, en ég man eftir því, að forráðamenn raforkumála hér voru að reikna út, að með því að virkja fyrir þörf Íslendinga áfram álíka hratt og gert hefur verið nú undanfarið, mundi allt virkjanlegt vatnsafl á Íslandi verða fullnotað 2010, eða svo minnir mig. Þeir litu svona björtum augum á möguleika Íslendinga sjálfra til þess að setja upp atvinnurekstur og líkurnar fyrir aukinni raforkuþörf fyrir landsmenn, án þess að reikna með stóriðju erlendra aðila. Nú ber ég enga ábyrgð á þessu, en ég man, að þessar voru þær tölur, sem mönnum voru þá fluttar um þessi efni. Ég vil þó ekki halda því fram út af fyrir sig, að það muni ekki vera óhætt að selja talsverða orku, ef það væri hagfellt og því fylgdu ekki þeir annmarkar, sem af atvinnurekstri erlendra aðila óneitanlega stafa.

En þegar við erum að tala um annmarka, sem fylgja atvinnurekstri erlendra manna, er það m.a. sú íhlutun, sem þeir geta haft um íslenzk málefni, og ég minntist á það hér í minni fyrri ræðu, að þeir væru talsvert miklir. Og eru þeir þó áreiðanlega miklu meiri en ég minntist á í þeirri ræðu. En það er eitt atriði í því sambandi, sem er sérstakt tilefni til að minnast á og ég minntist á þá, og það var þetta, að þetta stóra fyrirtæki mundi vilja hafa afskipti af kjaramálum á Íslandi, m.ö.o. einum aðalþættinum í þjóðarbúskapnum. Kjaramálin eru einn aðalþátturinn í þjóðarbúskapnum. Eitt af því, sem mestu máli skiptir í þjóðarbúskapnum, er einmitt, hvernig fer um kjaramálin, hvort almenningur fær réttmætan hluta af þjóðartekjunum t.d. á þann hátt, að kaupgjald hækki meira en verðlag og þannig verði ávinningur. Þetta er einn aðalþátturinn í þjóðarbúskapnum og þáttur, sem okkur hefur gengið mjög illa við að glíma við. Við höfum oft deilt um, hvernig tekizt hafi og ekki alltaf verið hrifnir hver af öðrum í sambandi við þetta, satt að segja, svo að við séum hreinskilnir. En inn í þennan mikla vanda getur einmitt svona stórfellt atvinnufyrirtæki troðið sér með því að fara að styðja annan aðilann í þessu sambandi og þá auðvitað Vinnuveitendasamband Íslands. Annað hvort troðið sér í það eða styrkt það, og þaðan er mjög stutt yfir í sjálfa pólitíkina, því að við skulum ekki vera með neina hræsni. Það er mjög stutt þaðan yfir í hana, og við vitum vel, hvað er hinu megin við þær dyr, þ.e.a.s. hvert sú leið liggur. En þeir í Alþfl. hafa einhverjar áhyggjur af þessu, talsverðar, því að þeim dylst þetta náttúrlega ekki, — þótt þeir hafi dregizt inn í þetta, þá dylst þeim ekki þetta. Það kom stefnuyfirlýsing frá þeim um, að hvað sem öðru líður, þá væri það skilyrði

af Alþfl. hendi, að þessi hringur gengi ekki í Vinnuveitendasambandið. Ég spurði svo blátt áfram, hvernig ætti að tryggja þetta. Hvar væri að finna í þessum plöggum öllum, að gengið væri frá þessu? Og hv. þm., talsmaður Alþfl., Benedikt Gröndal, hann kom hér og svaraði þessu, og ég ætla, að mér sé óhætt að minnast á það, þó að hann sé lasinn heima, því að ég sé, að hér er nú viðstaddur hæstv. ráðh. viðskiptamála og ýmsir vaskir menn, sem ekkert er málið óskyldara en hv. þm. Benedikt Gröndal.

Og hvernig voru svörin? Hann sagði, að Alþfl. vildi, að það yrði fengin yfirlýsing frá hringnum. Fengin um þetta yfirlýsing! Hr. Meyer frá hringnum sagði í viðtali við Morgunblaðið, að þetta mál væri ekki á dagskrá. Hann hefur víst ekki kynnt sér dagskrá Alþfl., eða hann telur hana ekki svo mikils virði, að það þurfi að taka tillit til hennar. En svo maður sleppi nú öllu spaugi, af því að þetta er alvarlegt mál, þá vil ég leyfa mér að spyrja: Hvaða hald er í yfirlýsingu frá hringnum um, að hann ætli ekki að ganga í Vinnuveitendasambandið og hvaða viðurlög verða ef hann gerir það samt? Á þá samningurinn að falla úr gildi, ef þeir gera það? Er það þess háttar yfirlýsing, sem Alþýðuflokkurinn ætlar að beita sér fyrir? Og hvar á hún að koma, á hún að koma inn í samninginn, eða hvar á hún að koma? Hún hefur ekki fundizt í samningnum. Ein yfirlýsing, venjuleg. Þetta eru aðeins 45 ár. Það er víst miklu meira en meðal mannsævi. Og það má vera mikil trú, ef menn leggja upp úr yfirlýsingu frá hringnum, sem kæmi nú, og tækju hana sem góða og gilda vöru og tryggingu í þessu mikilvæga máli.

Síðan sagði hv. þm., — því að hann hefur víst haldið, að menn myndu telja þetta veikt, — að ef að þetta leystist ekki nógu vel á þennan hátt með þessari yfirlýsingu, þá væru ótal leiðir á Alþ. til þess að koma í veg fyrir þátttöku þeirra í Vinnuveitendasambandinu. Það er nú ekki mikið fram á farið, fyrst það eru ótal leiðir til, að bent sé bara á eina. Hvaða leiðir hafa þeir í huga? Ég fer ekki fram á meira en að þeir bendi á eina af þessum ótal leiðum, sem eru til. Til þess að vera ekki of ósanngjarn óska ég aðeins eftir því, að þeir bendi á eina, og mætti þá íhuga, hvort hægt væri að taka þá uppástungu þeirra til greina. En þarna sjáum við ofurlítið af þessum vanda, sem við er að fást. Alþfl. er sjálfsagt alveg fullur af góðum vilja. Mér dettur ekki í hug, að Alþfl. vilji, að þessi hringur fari að braska hér með kjaramál, mér dettur það ekki í hug, en hér stoðar nú ekki góður vilji, og þeir standa nú ráðalausir, eða svo verður að telja, þar til hæstv. ráðh. og hans menn gera grein fyrir því, alveg skýra og klára, hvernig á að tryggja þetta. Við hinir höfum það fyrir satt þangað til, að þeir standi ráðalausir gegn þessum vanda. En þá þýðir ekkert að láta eins og menn hafi ráð, nema þeir vilji fallast á að setja um þetta algjörlega tryggileg ákvæði, þannig að viðurlögin séu þau, að samningurinn sé þá úr gildi, ef út af er brugðið. Þetta er eitt af dæmunum um þennan stórkostlega vanda, sem er einmitt fólginn í þessu. Og það er ekki með neinni léttúð gangandi inn á þessa braut. Það er einmitt þess vegna, sem Framsfl. hefur viljað fara mjög varlega í þessum málum og verið ákaflega tregur til þess að leggja út í nokkuð af þessu tagi. Þó að stundum hafi verið kannað eitt og annað í þessu sambandi, óbindandi, þá höfum við alltaf verið mjög tregir í þessu efni, og þess vegna höfum við sett öll þau skilyrði, sem greind hafa verið í ýmsum samþykktum í flokknum. — En þær kannanir, sem einstakir menn í Framsfl. hafa staðið fyrir eða látið framkvæma, hafa allar farið þannig, að þær hafa ekki leitt til neinna framkvæmda. Og það er einmitt m.a. vegna þess, að við höfum aldrei litið þannig á, að þetta ætti að geta komið til greina nema undir alveg sérstökum kringumstæðum, sem ég hef lýst.

Hv. þm. Benedikt Gröndal var að tala um, að það hefði verið mjög leiðinlegt að heyra, hvað ég talaði ónotalega í garð Atvinnujöfnunarsjóðsins. Þetta er hinn mesti misskilningur hjá hv. þm., ég talaði ekkert ónotalega í garð Atvinnujöfnunarsjóðsins. Ég sagði alveg þvert á móti, að ég sæi ekki betur en Atvinnujöfnunarsjóðurinn væri skilgetið afkvæmi frv. okkar um ráðstafanir til jafnvægis í byggð landsins. Það var einmitt það, sem ég sagði, að það væri spor í rétta átt, en gengi of skammt, einkum miðað við það, að það ætti að leggja í þessar stórkostlegu framkvæmdir hér í þenslusvæðinu. Enn fremur sagði ég, að það hefði ekki þurft að leggja í þennan erlenda atvinnurekstur til þess að fá fjárhæðir inn í slíkan sjóð af þeirri stærð, sem þar er gert ráð fyrir. Hitt er annað mál, hvernig þessu barni vegnar, af því að það er óneitanlega hjá vandalausu fólki, þar sem það er nú hjá stjórnarliðinu. Þeir eru náttúrlega í raun og veru hálfneyddir til þess að fallast á þessa hugmynd í framhaldi af þeirri baráttu, sem Framsfl. hefur háð með sínum frv.

Ég fékk auðvitað engin svör við þeim spurningum, sem ég bar fram hér á laugardaginn var, til þess að reyna að fá að vita, hvað það væri, sem ætti að víkja fyrir þessum stórkostlegu fjárfestingarframkvæmdum. Því hefur öllu verið svarað út í hött, eins og við var að búast. Hv. talsmaður Alþfl. sagði, að opinberar framkvæmdir skyldu alls ekki víkja, en hæstv. iðnmrh. hafði lýst því hátíðlega yfir, að opinberar framkvæmdir skyldu víkja, og svo fékkst ekki meir nema þá helzt það, að það þyrfti ekkert að víkja. Það yrði hægt að gera allt það sama fyrir því, þó að ráðizt yrði í fjárfestingar upp á 2—3 þús. millj., það mundi ekkert þurfa að víkja fyrir því. Allt gæti farið fram eftir sem áður með jöfnum hraða. Trúi því hver sem vill. Við sjáum það náttúrlega öll, að slíkt er ekkert nema fjarstæða. Og þá vitum við, að það er auðvitað ekki búið að koma sér neitt niður á það enn þá, hvað það er, sem skuli víkja. En ef haldið verður áfram eins og nú síðustu misserin og stjórnarstefnan verður óbreytt, vitum við náttúrlega, hvað það verður, sem fyrst og fremst verður sett til hliðar og með hvaða aðferðum, eins og ég benti nú raunar á á laugardaginn. Það verður klemmt saman með því að þrengja útlánin úr viðskiptabönkunum, þrengt að íslenzkum fyrirtækjum, rekstursfé þeirra og fjárfestingarfé, það er önnur aðalleiðin, sem notuð er í þessu tilfelli, og svo skornar niður opinberar framkvæmdir. En það samrýmist auðvitað ekki frelsisstefnu núv. stjórnar að fara að fresta framkvæmdum þeirra

einstaklinga, sem geta borgað þær sjálfir, þannig að þeir, sem hafa fjármagnið, geta haldið áfram með sitt, en það verða opinberar framkvæmdir og svo starfræksla fyrirtækjanna, sem þurfa að skipta við bankana, sem verða fyrir barðinu á þessu. Og fyrir þessu stendur Sjálfstfl., flokkur einstaklingsframtaksins á Íslandi, þetta er hans forusta.

Í þessum orðum, sem ég hef sagt, vildi ég álíta að væru rök fyrir því, að verkefnin vantar sízt hér, og því verður erlendur atvinnurekstur við þessi skilyrði okkar eigin starfrækslu í mörgum greinum fjötur um fót. Og því síður en svo ástæða til þess að leggja í þess háttar með þeim ágöllum, sem því fylgja. Ég þykist hafa sýnt fram á, ásamt mínum félögum, að samningarnir, sem áformaðir eru, eru bæði óhagstæðir og vansæmandi. Við höfum nú í sambandi við þetta og ástandið almennt í þjóðmálum, krafizt þess, að þing yrði rofið og efnt til nýrra kosninga, en hæstv. ríkisstj. hefur knúið sitt þinglið til þess að fella vantraust á sig, því að hana langar, að því er virðist, til að sitja eitthvað enn og fresta því, sem fram verður nú að koma, þ.e.a.s. þjóðardómi í kosningum.

Maður getur svo sem skilið þetta eins og ástatt er, en vitaskuld hefði ekki annað átt að geta komið til mála en að efnt yrði til kosninga, áður en lagt væri út á þessa braut, sem nú er fyrirhuguð, og með tilliti til þess, að ríkisstj. hefur gengið á bak nálega alls þess, sem hún lofaði þjóðinni varðandi stefnuna í efnahagsmálum og atvinnumálum við síðustu alþingiskosningar. Enn fremur tel ég, að þetta mál, eins og það liggur fyrir nú, sé í raun og veru alveg nýtt fyrir mönnum og hafi aldrei verið gerð grein fyrir því. Ég sé það í pistlum Morgunblaðsins, sem kenndir eru við hæstv. forsrh., að hann vill nú ekki viðurkenna þetta og er þar að tína til ýmis ummæli, sem sýni, að mönnum hafi svo sem verið vel ljóst við síðustu kosningar, hvað til stóð og ekki þurft að fara í grafgötur um neitt og þess vegna sé alveg óþarfi að vera að gera ráð fyrir því, að mönnum komi nokkuð á óvart eða að það þurfi að bera undir fólk eitt eða annað af því, sem nú stendur til. Og ég tók eftir því, að talið var, að 1961 hafi verið gefin út mikil aðvörun og stefnuyfirlýsing um þetta, og það er nú hvorki meira né minna en sjálfur aðalmaðurinn, sem vísar þar á ræðu, sem hann hélt á einhverjum stað á því herrans ári 1961, og þar stendur sem sé um þetta, með leyfi hæstv. forseta:

„Svissneskt stórfyrirtæki hefur þreifað fyrir sér um samvinnu á þessum grundvelli, sem sé á þeim grundvelli, að þeir ættu fyrirtækið, en keyptu raforkuna. Ríkisstj. er nú að láta kanna þá möguleika frá grunni. Um árangur þeirrar könnunar skal ég ekkert segja fyrir fram, en hér er tvímælalaust um að ræða eitt veigamesta viðfangsefni næstu ára."

Ég held nú á hinn bóginn, að menn hafi ekki verið miklu nær, eftir að hafa séð svona yfirlýsingu, hvað það var, sem til stóð, eða hafi verið miklu nær í kosningunum 1963 að dæma um, hvort það væri skynsamlegt að fela Sjálfstfl. t.d. forustu í þessum málum eftir yfirlýsingar eins og þessar. Ég held, að það sé ekki hægt að telja, að það hafi farið fram einhver atkvgr. um það, hvort leggja ætti í stóriðju við þær kringumstæður, sem nú eru, og með þeim skilyrðum, sem gert er ráð fyrir í þessum samningum. Það kemur auðvitað ekki til mála að fallast á, að málin hafi legið þannig fyrir.

Það er enginn vafi á því, að hæstv. ráðh. hefur tínt í þessa pistla það, sem hann fann haldbezt til að sýna fram á, að mönnum hefði átt að vera ljóst, hvað til stæði. Enn önnur klausa um þetta er svona: „Haldið sé áfram undirbúningi nýrrar stóriðju í landinu". Mér finnst satt að segja hæstv. forsrh. ganga nokkuð langt, ef hann heldur því til streitu, að þessar yfirlýsingar gefi rétt til þess að halda því fram, að það hafi verið kosið síðast um stóriðjusamninga við erlend fyrirtæki af því tagi, sem hér liggja fyrir. Þá var ekkert vitað um, hvaða skilmálar kæmu til greina, aðeins minnzt á það prinsipatriði, að erlendir aðilar gætu undir vissum kringumstæðum átt fyrirtæki, sem keyptu hér raforku. Það er því fullkomlega tímabært, alveg tvímælalaust fullkomlega tímabært, að verða við þeirri kröfu, sem Framsfl. hefur gert, að rjúfa þing og efna til kosninga. En ef þeir, sem fyrir þessu standa, vilja ekki með nokkru móti fallast á þetta, væri þó að minnsta kosti sanngjarnt, að þeir féllust á, að fram færi þjóðaratkvæðagreiðsla um samninginn, og kæmi þá í ljós, hverjir hafa rétt fyrir sér í þessum efnum, þeir, sem halda því fram, að æði margir séu meðmæltir því, sem nú er verið að gera, eða hinir, sem halda því fram, að meginþorri manna sé á móti. Ég er einn af þeim, sem álíta, að meginþorri manna sé á móti þessari samningagerð, sem nú stendur fyrir dyrum, og að ríkisstj. hafi engan siðferðilegan rétt til þess að knýja hana fram. Á hinn bóginn væri ekki hægt að ásaka hæstv. ríkisstj. að því leyti, ef hún féllist á þjóðaratkvgr. um þetta mál. Og ef hún treystir sínum málstað, eins og hún þykist gera, ætti hún að gera það. Við vitum, að það er mjög mikil andstaða gegn þessum samningum meðal margra þeirra, sem hafa fylgt stjórnarflokkunum að máli fram að þessu. Við vitum, að það lið er æði fjölmennt, og það má vera, að þessi beygur hæstv. ríkisstj. við að fallast á þjóðaratkvgr. stafi af því, að henni sé þetta líka kunnugt, ekki síður en okkur, af mörgum samþykktum, sem um þetta málefni hafa gengið. En slíkur beygur í brjósti hæstv. ríkisstj. er ekki nein frambærileg rök fyrir því að synja um, að þetta mál fari nú í þjóðardóm.

Ég get ekki stillt mig um, af því að það hefur verið rætt talsvert mikið um það í sambandi við þessa samninga, að fara örfáum orðum um það, hvernig þeir virðast koma heim og saman við það, sem tíðkast hjá frændum vorum Norðmönnum, en það er oft vitnað til þeirra í þessu sambandi. Það er upplýst, að raforkuverðið, sem við eigum að fá, er 28% lægra en í Noregi, og að það á að vera fast hér í 25 ár. En Norðmenn hafa þann hátt á þessu, að þar hækkar raforkuverðið, þó að það sé svona miklu hærra en við eigum að fá, að nokkru leyti miðað við raforkuverðsvísitölu þar í landi. Það er því ekkert sambærilegt á nokkurn hátt, hvað þessir samningar okkar eru miklu óhagstæðari en samningar Norðmanna. Það hefur verið upplýst, að Norðmenn gerðu það að skilyrði og hafa

beinlínis þá stefnu, að ef framkvæmdir af þessu tagi eigi að koma til greina, þá verði þær að vera til styrktar dreifbýlinu, þær verði að hjálpa til að leysa þeirra byggðavandamál, sem er þó aðeins brot af okkar vanda. Og það er upplýst, að álmenn, erlendir, hafa orðið að taka á sig þann bagga að leggja í æði mikinn aukastofnkostnað í Noregi til þess að uppfylla þetta skilyrði Norðmanna. M.a. hefur það verið upplýst, að Husnes-verksmiðjan varð, að talið er, 60 millj. íslenzkra kr. dýrari á Husnesi en á ódýrasta staðnum, sem kom til greina. En eftir kröfum Norðmanna var hún sett á Husnesi, því að þar var hún hugsuð til þess að koma upp í kringum hana byggðakjarna og hjálpa til að leysa byggðavandamálið. En hér er aftur á móti verksmiðjan staðsett þannig, að hún eykur byggðavandamálið, og stjórnin hefur ekki haft neina dáð í sér til þess að koma öðru fram. Annaðhvort skortir viljann eða duginn til þess að koma öðru fram.

Það er upplýst, að verksmiðjur af þessu tagi eru skýlaust undir norskum dómstólum, en hér á fyrirtækið að vera undir erlendum dómum — erlendri lögsögu. Í Noregi eiga skattar og skyldur að vera eftir norskum lögum, eins og þau eru á hverjum tíma, en hér tryggir hringurinn sér skattgreiðslu eftir vissum reglum, sem ekki breytast á neinn hátt, eftir því sem Íslendingar sjálfir verða að borga í skatta, — tryggir sig gegn skattahækkunum framtíðarinnar. Það mundi mörgum atvinnurekanda íslenzkum þykja það góðir kostir, en þeir búa ekki við slíkt. Norðmenn láta þessi fyrirtæki búa við sömu skattalög og sín eigin fyrirtæki. Enn fremur er það upplýst, að í Noregi leggur það fyrirtæki, sem reisir Husnesverksmiðjuna, fram húsnæði fyrir þá, sem þar vinna, ef þeir vilja búa nálægt fyrirtækinu. Upplýst er, að fyrirtækið leggur fram fjárhæðir til þess að kosta slit á vegum, brúm og hafnarmannvirkjum vegna verksmiðjustarfseminnar, en hér kemur ekkert slíkt til greina. Enn fremur kemur fram, að verksmiðjunni beri að reka sjúkrahús og sjá starfsmönnum fyrir sjúkrahjálp. Ekkert slíkt kemur hér heldur til greina. Það er því augljóst af þessum flýtislega samanburði, en sem byggður er á upplýsingum, sem áreiðanlega er óhætt að treysta og komu raunar fram í grein, sem hv. þm. Gísli Guðmundsson hefur ritað um þessi mál, og enginn mun draga í efa, að skýri rétt frá, að samningarnir eru á allan hátt miklu hagstæðari í Noregi en hér og á engan hátt sambærilegir hér við það, sem þar er. Það er því enginn sleggjudómur, þó að það sé sagt, að þessir samningar séu mjög óhagstæðir.

Mótmæli hafa borizt til hv. Alþ. út af þessari samningagerð og ályktanir gegn samningunum frá mörgum samtökum. Búnaðarþing hefur varað sterklega við, fundur frystihúsaeigenda hefur varað sterklega við og Alþýðusamband Íslands og fjölmörg félög innan þess og sambönd hafa kröftuglega mælt gegn því að leggja inn á þessa braut.

Enn fremur hefur borizt til þm., og ég vil, að það komi inn í þingtíðindin, að áhugamenn um landsmál í einu kjördæmi landsins, Norðurl. e., hafa safnað áliti manna um þetta efni, og um það segir svo í bæklingi, sem hv. þm. hafa fengið, með leyfi hæstv. forseta:

„Áhugamenn um landsmál í Norðurlandskjördæmi eystra hafa valið n. Eyfirðinga og Þingeyinga til að gangast fyrir því að safna undirskriftum, þar sem skorað er á Alþ. Íslendinga að hafna þeim samningum, sem nú eru í undirbúningi um stóriðju auðhrings í þéttbýlinu við Faxaflóa. N. leyfir sér hér með að senda hinu háa Alþ. meðfylgjandi undirskriftalista. Eigi þótti gjörlegt sökum tímaskorts og samgönguerfiðleika að leita almennra undirskrifta alþingiskjósenda, heldur var leitað stuðnings forráðamanna í sveitar- og héraðsstjórnum og forgöngumanna í félagsmálum, mennta- og atvinnumálum. Mótmæli þessi styðja 487 alþingiskjósendur í kjördæminu. 128 sveitarstjórnarmenn af 155, sem til náðist, eða um 83%, 62 af 67 félagsstjórnarmönnum stéttarfélaganna á Akureyri, Hrísey og Húsavík, sem leitað var til, eða 93% og um 300 menntamenn, atvinnurekendur og félagsstjórnarmenn kvenfélaga, ungmennafélaga og búnaðarfélaga úr öllum sveitarfélögum kjördæmisins, sem hægt var að ná til, auk nokkurra annarra áhugamanna, er óskuðu eftir að veita málinu stuðning. Þátttaka félagsstjórnarmanna í hinum einstöku sveitarfélögum í undirskriftasöfnuninni hefur víðast hvar verið milli 80 og 90% og allt upp í 100%, en sökum óvenjumikilla samgönguörðugleika reyndist ekki unnt að ná til nærri allra félagssamtaka á svæðinu. Skv. þessu teljum við líklegt, að um 80—90% alþingiskjósenda í Norðurlandskjördæmi eystra séu andvígir fyrirhugaðri stóriðju í Straumsvík."

Það er ekkert um að villast, að í hópi þessara trúnaðarmanna í félagsmálum, sem leitað hefur verið til og sem til hefur náðst, eru menn úr öllum stjórnmálaflokkum og þá einnig úr stjórnarflokkunum, og það sýnir mjög greinilega, að andstaðan við þessa samningagerð nær langt út fyrir raðir þeirra, sem fram að þessu a.m.k. hafa verið kallaðir stjórnarandstæðingar, og eru það vitaskuld mjög aukin rök fyrir því, að það sé réttmæt krafa, að fram færi þingrof og kosningar, og fáist það ekki fram, þá þjóðaratkvæðagreiðsla um málið.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Tveir hæstv. ráðh. hafa hér rætt þetta mál á þeim grundvelli, að mjög gæti gefið tilefni til almennra umr. um þetta mál, en það er nú hvort tveggja, að nokkuð er liðið á nóttu og hér er um 1. umr. málsins að ræða, og það mun því gefast tími síðar til þess að víkja nánar að ýmsu af því, sem fram hefur komið. Ég mun ekki ræða hér í löngu máli að þessu sinni um það, sem fram hefur komið hjá hæstv. ráðh. En nokkur atriði eru það þó, sem ég vildi víkja að nú.

Hæstv. iðnmrh. lagði aðaláherzlu á það í sinni ræðu í dag að verja það ákvæði samningsins, sem fjallar um gerðardóm, rísi ágreiningur á milli aðila upp." Það var mjög greinilegt á málflutningi hæstv. ráðh., að honum stóð nokkur beygur af þeim aths., sem fram hafa komið í sambandi við þetta ákvæði samningsins, og hann lagði sig því allmikið fram um það að réttlæta þetta ákvæði. Í því, sem ráðh. sagði, þá lét hann orð falla hér á þá lund, að það mátti nærri skilja orð hans þannig, að hann teldi, að þeir menn, sem starfað höfðu

í þmn. og fylgzt með undirbúningi þessa máls hjá ríkisstj., að þeir bæru jafnvel nokkra ábyrgð á því, að þetta ákvæði samningsins væri eins og það nú er, þar sem ekki hefðu komið fram sérstakar aths. frá þeim varðandi þetta atriði eða neinar sérstakar bókanir gerðar af þeim í sambandi við þetta fyrirkomulag sérstaklega.

Hæstv. ráðh. hefur nú hér síðar í umr. að mínum dómi túlkað þessi ummæli á annan veg, en vel mátti skilja ummæli hans á hinn veginn, og ég hygg, að ýmsir hafi skilið þau þannig hér fyrr í umr. í dag. En ég vildi aðeins *í sambandi við þetta segja það, að á því getur enginn* vafi leikið, að við, sem í þmn. vorum, töldum okkur ekki skylt frekar en gerist og gengur í þmn., sem hafa mál til athugunar, að bóka sérstaklega í fundargerðir n. aths. okkar við öll atriði, sem við vorum á móti í þessari samningsgerð, en höfðum hins vegar þann almenna fyrirvara á, eins og hæstv. ráðh. hefur hér tekið fram í þessum umr. oftar en einu sinni, að það fór ekkert á milli mála, a. m. k. um afstöðu okkar Alþbm., að við vorum andvígir málinu sem heild, *eins og það var fyrir* lagt, og þar var þetta atriði að sjálfsögðu ekki undanskilið af okkar hálfu.

Ég vil aðeins benda á það til frekari skýringar þessu máli, að það ákvæði samningsins, sem fjallar um ýmiss konar fríðindi til hins erlenda aðila eins og tollaundanþágu og þess háttar, um það höfum við auðvitað ekki bókað neitt sérstaklega mótmæli okkar eða það atriði, sem fjallar um lagaskýringar samningsins, samningstíma og *um uppbyggingu félagsins ISAL, og þannig* mætti margt fleira telja. En ég tel, sem sagt, að það sé ekki þörf á því að þrátta um þetta atriði, um það eigi ekki að vera neinn ágreiningur í sjálfu sér á milli okkar, sem í stjórnarandstöðunni erum og í þessari þmn. vorum, og hæstv. iðnmrh. Það var mjög greinilegt, að þessi n. var til þess að upplýsa ýmislegt varðandi gang málsins, en vitanlega var þarna um allmörg atriði að ræða, sem engan veginn voru rædd í neitt ítarlegu máli í n., *heldur fyrst og fremst tilkynnt af hálfu ráðh., án* þess að til þess væri ætlazt, að nm. gerðu þar ítarlega grein fyrir afstöðu sinni til hinna einstöku atriða hvers um sig. Því verður auðvitað að líta á þetta þannig, að um það sé ekkert að villast, að þetta ákvæði eins og önnur er þarna inn komið á ábyrgð ríkisstj., en það er ekki hægt að bendla stjórnarandstöðuna við þessi ákvæði á einn eða neinn hátt.

Þá vildi ég koma með örfáum orðum að röksemdum hæstv. iðnmrh. í sambandi við þetta gerðardómsákvæði, sem vissulega er mjög mikilvægt atriði í sambandi við þessa samningsgerð.

Hæstv. ráðh. taldi hér upp ýmis dæmi, sem áttu í rauninni að réttlæta það ákvæði, sem í þessum samningi felst, nefndi m. a., að Íslendingar hefðu samið um gerðardómsreglur í fjölmörgum tilfellum, t. d. í sambandi við olíusamninga við Sovétríkin, og ýmis fleiri tilfelli minntist hæstv. ráðh. á, og þannig virtist ráðh. vilja komast að þeirri niðurstöðu, að í rauninni væri þetta viðurkennd regla að ganga inn á gerðardómsfyrirkomulagið í mörgum tilfellum, og í þessu tilfelli væri það því ekki verra en í ýmsum öðrum.

Ég tel, að hér sé alveg greinilega verið að villa um fyrir mönnum í sambandi við þann ágreining, sem upp hefur risið út af þessu ákvæði í samningnum. Deilan er ekki um það út af fyrir sig, hvort sjálfstætt og fullvalda ríki getur gengið inn á gerðardómsákvæði í deilum við aðra aðila eða ekki. Við viðurkennum það allir, að það er þekkt fyrirkomulag á milli íslenzkra fyrirtækja og erlendra fyrirtækja, sem eiga viðskipti saman, eða á milli íslenzkra opinberra aðila og erlendra fyrirtækja, sem eiga viðskipti saman, að þau gera með sér samning um viðskiptin á þeim grundvelli, að rísi ágreiningur upp um það, hvernig skilja skuli samninginn, að þá skeri gerðardómur úr um þá deilu. Það viðurkenna allir, að þetta fyrirkomulag er alþekkt. Þar er nefnilega um það að ræða, að þar eigast við tveir aðilar, annar, sem á sína eðlilegu lögsögu á Íslandi, en hinn, sem á sína eðlilegu lögsögu í sínu landi, sem er annað land, og *það er ofureðlilegt, að þessir aðilar komi málum* sínum þannig fyrir, þegar þeir gera samning sín á milli, að þá geti þriðji aðili skorið úr um vafaatriði í framkvæmd þess samnings. Deilan hefur ekki staðið og stendur ekki um samningagerð sem þessa. Deilan stendur um það, hvort það sé eitthvað venjulegt, þegar tvö innlend, tvö íslenzk fyrirtæki eins og Íslenzka álfélagið h.f. annars vegar, sem er skráð skv. íslenzkum lögum sem íslenzkt félag og nýtur hér *réttinda í sinni starfsemi sem íslenzkt væri*, þegar það lendir í ágreiningi við innlenda aðila eins og t.d. bæjarfélagið í Hafnarfirði, sem er samningsaðili við það, eða við Landsvirkjun, sem er einnig samningsaðili við Íslenzka álfélagið h.f., þegar þessir innlendu aðilar eiga í ágreiningi, þá skuli það geta komið fyrir, að annar af þessum innlendu aðilum, sem svo er kallaður, að hann skuli geta farið með ágreiningsmálið undir erlendan gerðardóm og fengið úrskurðinn þar. Slíkt fyrirkomulag er að okkar dómi algerlega óvenjulegt. Það er enginn vafi á því, að við höfum ótal dæmi um það, að erlend stórfyrirtæki fjárfesta eða byggja upp fyrirtæki í ýmsum nágrannalöndum okkar. Við þekkjum erlend, t.d. amerísk stórfyrirtæki, sem eiga fyrirtæki í Danmörku, hafa byggt þau upp þar og reka þau þar. Þau fyrirtæki þeirra, sem eru á danskri grund, þau verða tvímælalaust þar í öllum greinum að lúta danskri lögsögu, þau hafa enga samninga um það, að þau geti farið með sín mál út úr danskri lögsögu og lagt þau undir úrskurð annað hvort amerísks gerðardóms eða gerðardóms einhvers staðar utan Danmerkur. Út af fyrir sig þá var vel hægt að ímynda sér það, að tiltekin ágreiningsmál, sem kæmu upp á milli hins svissneska stórfyrirtækis og íslenzku ríkisstj. um þeirra viðskipti, sem ekki ættu beinlínis við um þann rekstur, sem fram fer hér í landinu sjálfu, heldur fjármálaleg viðskipti, sem ættu sér stað á milli þessara tveggja aðila, íslenzkra stjórnarvalda og hins svissneska stórfyrirtækis, að ágreiningur um tiltekin samningamál á milli þessara aðila yrði lagður undir úrskurð sérstaks gerðardóms, sem aðilar hefðu komið sér saman um, en á því er vitanlega alveg *reginmunur og hinu, hvort fyrirtæki*, sem er starfandi hér í landinu og er meira að segja skráð sem íslenzkt fyrirtæki og nýtur réttinda sem íslenzkt fyrirtæki í fjölmörgum greinum, hvort það getur farið með þau mál út úr landinu til úrskurðar á öðrum stað, þar sem það kann að eiga við aðra en íslenzka aðila. Það er þetta atriði, sem við ýmsir

höfum fundið að og teljum með öllu óviðunandi. Og það er einmitt þetta atriði, sem kemur fram hjá framkvæmdastjóra Swiss Aluminium í viðtalinu við íslenzku blöðin, þegar forstjóri fyrirtækisins sagði, að í þeim mörgu samningum, sem hans fyrirtæki hefði gert um byggingu alúmínverksmiðja í ýmsum löndum, þá hefðu þeir aldrei í sínum samningum samið um ákvæði af þessari gerð. Þetta var einsdæmi hjá þeim, og þetta er vitanlega kjarni þessarar deilu, og ég álít, að hæstv. ríkisstj. skjóti sér ekki undan þessum vanda með því að fitja upp á umr. um gersamlega óskyld efni.

Það verð ég einnig að segja, að mér fannst hæstv. forsrh. lítið bæta um þennan málflutning hjá hæstv. iðnmrh. með því að fara að tala um mannréttindadómstól Evrópu. Um það gegnir auðvitað allt öðru máli, og þar er ekki um neinn samjöfnuð að ræða. Sá grundvöllur, sem er á bak við reglurnar um mannréttindadómstólinn, hann er sá, að þar eru ýmis ríki að fallast á það grundvallarsjónarmið, að þau séu tilbúin að ganga inn á það, að málarekstur einstaklinga í þeirra ríkjum við ríkisvaldið sjálft, hann megi takast til sérstakrar endurskoðunar hjá þessum mannréttindadómstóli, og þeir, sem fallast á þetta sjónarmið, þeir eru í rauninni að fallast á það, að þeir séu óhræddir við að leyfa erlendum dómstóli eins og mannréttindadómstóllinn er að taka til sérstakrar athugunar þá málsmeðferð og þá dómsniðurstöðu, sem orðið hefur í heimalandinu á milli ríkisvaldsins annars vegar og einstaklinga þjóðfélagsins hins vegar. — Það má auðvitað um það deila, hvort það á að fallast á slíkt sjónarmið sem þetta, en það þykir mér með öllu fráleitt að ætla að nota þær ákvarðanir Íslendinga að hafa orðið aðilar að þeirri samþykkt sem réttlætingu á þessu sérstaka gerðardómsákvæði alúmínsamninganna, sem hér hefur verið rætt um.

Ég skal svo ekki ræða að sinni frekar um þetta atriði. Mér sýnist alveg óumdeilanlega, að þetta deilumál standi enn þá þannig, að ríkisstj. hafi í rauninni engar frambærilegar varnir viðvíkjandi þessu deiluatriði. Það liggur fyrir, að hér er um — ja, líklega einsdæmi að ræða í alveg hliðstæðum tilfellum. Við þekkjum þar ekki neina hliðstæðu, a. m. k. ekki hér í löndum í kringum okkur, og okkar samningsaðili í þessu tilfelli, hið erlenda stórfyrirtæki, það þekkti þetta heldur ekki úr sinni samningagerð.

Hér eru svo ýmis önnur atriði, sem deilt hefur verið um í sambandi við þetta mál og ég vildi aðeins víkja að með örfáum orðum. Það hefur verið allmikið deilt um raforkusölusamninginn við hinn erlenda aðila. Ríkisstj. hefur lengst af reynt að halda því fram, að þessi raforkusölusamningur væri viðunandi, og hæstv. iðnmrh. hefur vitnað í útreikninga, sem áttu að sýna það, að hér væri jafnvel um að ræða, ef reiknað yrði yfir langan tíma, yfir tuttugu og fimm ára tímabil, þá væri hér jafnvel um hagnað að ræða, sem gæti orðið um 700 millj. kr. eða hartnær það. En ég — án þess að ég fari langt inn í þessar umr., — þá vil ég aðeins benda á, að því hefur auðvitað ekki verið hnekkt, að verðið á raforkunni, sem alúmínhringurinn á að fá hér, er um 28% lægra en verðið, sem sami hringur hefur nýlega samið um í Noregi. Þessi staðreynd stendur eftir alveg óhrakin.

Það liggur líka fyrir, að þessi samanburðarútreikningur, sem hæstv. iðnmrh. hefur notað hér, fær ekki staðizt, og hann hefur þurft að leiðrétta hann í mikilvægum efnum, og hér hefur það ítarlega verið rakið, að það eru svo margar óþekktar stærðir í sambandi við þessa útreikninga, að þeir verða að teljast mjög léttvægir og tiltölulega lítils virði.

Samkvæmt þeim áætlunum, sem liggja fyrir frá stjórn Landsvirkjunar, þá er talið, að framleiðslukostnaðarverð á hverri kw-stund rafmagns sé um 10.40 aurar á kw-stund miðað við þær stofnkostnaðaráætlanir, sem gerðar hafa verið, en söluverðið á raforkunni er 10.75 aurar eða það er um söluverð að ræða, sem er ⅓ úr eyri á kw-stund yfir beinu framleiðslukostnaðarverði skv. áætlun Landsvirkjunarstjórnar. Á það hefur verið bent, að ef þessar stóru og miklu áætlanir færu fram úr áætluðu kostnaðarverði sem nemur 3.3%, þá er raforkuverðið skv. samningnum þegar orðið lægra en framleiðslukostnaðarverðið er, miðað við útreikninga stjórnar Landsvirkjunar, og nú er ekki um það deilt, að allmikið af heildarframkvæmdakostnaðinum er enn þá í óvissu, því að þar dugir ekki aðeins að taka fyrsta áfangann, það verður vitanlega að taka virkjunina alla eða miða við það, að henni sé lokið að fullu. Þegar við þetta er svo einnig bætt því, sem í rauninni er ekki hægt að neita, að mikil áhætta er tvímælalaust í sambandi við rekstur þessarar virkjunar við Búrfell vegna ísamyndunar í ánni, sem reynslan af síðustu dögum hefur nú sannað þannig, að það er í rauninni ekki hægt að deila um það, að þarna er um gífurlegt vandamál að ræða, sem enginn veit, hvað muni kosta okkur að leysa til fulls. Ég held því, að deilan um raforkuverðið standi þannig, að það geti enginn maður eftir það, sem sagt hefur verið og upplýst í þessu máli, gert annað en að viðurkenna það, að raforkusölusamningurinn sé vægast sagt mjög hæpinn, mjög hæpinn. Þar sé ekki um mikla hagnaðarvon að ræða.

Þá hefur verið hér nokkuð deilt um áætlaðar gjaldeyristekjur eða annan hagnað, sem Íslendingar hefðu af rekstri alúmínverksmiðjunnar sjálfrar. Í grg. þeirri, sem fylgir frv., er þess getið, að það megi reikna með því, að gjaldeyristekjur af rekstri verksmiðjunnar geti verið um 300—320 millj. kr. á ári. Ég hafði nokkuð vefengt þessa útreikninga og fannst þeir vera tortryggilegir og bað um frekari upplýsingar. Hæstv. iðnmrh. hefur nú gefið hér nokkrar upplýsingar um þetta atriði, og í hans upplýsingum kemur fram, að áætlað sé, að fyrir vinnulaun muni fást á ári í gjaldeyri fyrir Íslendinga um 120 millj. kr. og síðan muni fást vegna skrifstofukostnaðar og viðhalds um 58 millj. kr. og svo er sérstakur liður, sem nefndur er kostnaður í álsteypu 21 millj. og skattgreiðsla 52 millj. kr. og svo vegna raforkusölu um 50 millj. kr., sem talið er sem nettógjaldeyrishagnaður af raforkusölu á ári, og þannig kemur út talan 300. Ef þessar tölur reynast nú réttar, þá er augljóst mál, að þá er reiknað með því, að allt starfslið verksmiðjunnar, 450 manns, sem talað er um í grg. þeirri, sem fylgir með frv., að

allt það starfslið eigi að vera Íslendingar, en þó er mikið talað um það í samningunum, að það verði að hafa ýmsa erlenda sérfræðinga og megi búast við því, að það þurfi að hafa þar menn vana þessum rekstri. Og þó að gengið sé út frá því, að allir þessir menn séu Íslendingar, sem ég verð nú vægast sagt að telja hæpið, þá þýðir þessi tala það, að við það er þá miðað, að meðaltalslaun hvers þessara manna séu á ári 288 þús. kr., sem er allmiklu hærra en þekkist í nokkrum öðrum samningum, en hins vegar er gengið út frá því í samningunum, eftir því sem upplýst hefur verið, að launagreiðslur við þetta fyrirtæki eigi að vera sambærilegar við aðrar launagreiðslur í landinu. — *Ég held því, að það sé enginn vafi á því, að þessi áætlunartala sé of há.*

Síðan er reiknað með gjaldeyristekjum vegna skrifstofukostnaðar og viðhalds upp á 58 millj. kr. Það má vel vera, að þessi gjaldeyrir komi fyrir vinnulaun þess vinnuafls, sem við látum þá af hendi, og þá er þar greinilega um viðbótarvinnuafl að ræða við þá 450, sem áður hefur verið reiknað með, því að það þarf vitanlega vinnuafl í viðhaldsstörf fyrir fyrirtækið og til að annast öll skrifstofustörf fyrirtækisins, sem á að greiða með 58 millj. kr. og reiknað er síðan með sem nettógjaldeyristekjum fyrir Íslendinga.

Og síðan kemur liðurinn, sem metinn er um 50 millj. kr. nettó af sölu raforku til verksmiðjunnar. Nú, ég skal ekki vera að þræta um þennan lið. Ég lít á hann þannig, eins og ég hef sagt hér áður í umr., að það sé í rauninni rangt að taka inn í þennan útreikning nokkrar nettógjaldeyristekjur í sambandi við raforkusöluna, því að það er alveg vitað mál, að a.m.k. fyrstu árin á allur sá gjaldeyrir, sem kemur inn fyrir raforkusölu, að ganga í það að skila til baka þeim gjaldeyri, sem þjóðin hefur fengið að láni til þess að byggja orkuverið fyrir verksmiðjuna. En með því vitanlega að reikna þetta til mjög langs tíma og gera fallegar áætlanir, þá er vitanlega hægt að bæta þarna ofan á 50 millj. kr.

Hitt tel ég svo, að skipti ekki höfuðmáli, hvort hér er raunverulega um gjaldeyristekjur að ræða upp á 300 millj. kr. eða upp á 200 millj. kr., sem mér þykir miklu líklegra. Það skiptir engu höfuðmáli. Það, sem skiptir máli varðandi þennan lið, er að meta það rétt, að 300 millj. kr. gjaldeyrisávinningur, sem fæst með því að selja af hendi eða láta af hendi vinnuafl, sem nemur þá sennilega 500—600 manns, það er enginn ávinningur fyrir íslenzka þjóðarbúið, ekki á meðan þannig standa sakir, að við höfum nóg fyrir þetta vinnuafl að gera við okkar eigin framleiðslustörf og eigum gott með að hafa meira upp úr vinnuaflinu en sem nemur nettó-kaupi þess.

Þetta kemur líka mjög greinilega fram, þegar við berum þetta saman t.d. við heildargjaldeyrisöflunina, sem okkar sjávarútvegur stendur undir á hverju ári, en þar mun nú gjaldeyrisöflunin vera á hverju ári um það bil 6 þúsund millj. kr., en hér er um að ræða 300 millj. kr. — þrjú hundruð milljónir króna. Aukningin í sjávarútveginum hefur verið hin síðari ár frá 800 millj. kr. og allt upp í 1000 millj. kr. á ári. Þannig er það, eins og ég hef sagt áður, að sá gjaldeyrisávinningur, sem hér er um að ræða, hann er lítill borinn saman við aukninguna, sem átt hefur sér stað *frá ári til árs í íslenzkum sjávarútvegi hin síðari ár.* Og ég held því líka fram, að með því að ráðstafa á hyggilegan hátt þessu vinnuafli fyrir íslenzka atvinnuvegi, þá hefði verið hægt að fá drýgri upphæð en þessar 300 millj. í gjaldeyrisbú þjóðarinnar á hverju ári, og af því dreg ég þá ályktun eins og áður: Hér er ekki um neinn ávinning að ræða fyrir íslenzkt efnahagslíf eins og málum er háttað í dag, hvorki vegna raforkusölunnar né heldur vegna reksturs verksmiðjunnar.

Eitt af deiluatriðunum, sem hér hefur nokkuð verið um rætt, það er vinnuaflsvandamálið. Það er viðurkennt af flestum, að í þeim efnum sé um nokkurt vandamál að ræða, en þó virðist ríkisstj. halda, að hún sleppi út úr umr. um þennan lið á þann hátt að benda á, að svo standi nú á hjá okkur, að á þeim framkvæmdatíma, sem hér um ræði, þ.e.a.s. á næsta tíu ára tímabili frá 1965—1975 — eins og það er nánar tilgreint hér í þeirri grg., sem fylgir með frv., — að á næsta tíu ára tímabili þá muni bætast við á vinnumarkaðinn hvorki meira né minna en 17 þúsund manns — sautján þúsund manns — og þegar menn hafi þetta í huga, þá sé nú hér ekki um mikið að ræða, og þannig sem sagt er meiningin að stíga yfir þetta vandamál og telja, að stækkandi árgangar séu að bætast inn á vinnumarkaðinn sem þessu nemi. En á það hefur verið bent, og ríkisstj. hefur ekki gert tilraun til þess að reyna að hnekkja því, að sú aukning, sem á sér stað á íslenzkum vinnumarkaði á þessu tímabili frá 1965 til 1975, hún er aðeins hliðstæð þeirri aukningu, sem átt hefur sér stað á næsta tíu ára tímabili þar á undan, þ.e.a.s. frá 1955—1965. Á öllu því tímabili þá komu inn á vinnumarkaðinn mjög álíka stórir árgangar eins og koma inn á vinnumarkaðinn á tímabilinu frá 1965—1975, en á þessu tímabili frá 1955 til 1965 þá hefur einmitt það verið að gerast á íslenzkum vinnumarkaði, að vinnuaflsvandamálið hefur orðið meira og meira með hverju árinu. Þrátt fyrir stækkandi árganga, sem hafa verið að koma inn á vinnumarkaðinn, þá hefur nú þróunin orðið þessi, að við höfum átt í vaxandi erfiðleikum með það að koma áfram þeim framkvæmdum, sem við höfum viljað vinna að og höfum þurft að vinna að, og í vaxandi erfiðleikum við að sinna þeim framleiðslustörfum, sem beinlínis hafa verið tengd við gjaldeyrisöflun þjóðarinnar.

Það er því ekkert, sem bendir til þess, að neinar breytingar verði á nú á næstu árum í þessum efnum frá því, sem verið hefur. Eins og bent hefur verið á, þá byrjaði þessi breyting hjá þjóðinni árið 1940, að fjölgunin fór að verða mun meiri en hún hafði verið áður. Síðan hefur fólksfjölgunin verið mjög svipuð allan tímann, og þeir árgangar, sem komu inn á vinnumarkaðinn 1955, voru þá orðnir 15 ára. Þeir hafa sem sagt verið að koma fram síðan, og hér er því ekki um neinar teljandi breytingar að ræða frá því, sem verið hefur á síðasta tíu ára tímabili. Ríkisstj. sleppur því ekki í rökræðum sínum um þennan lið út úr þessu á þennan hátt.

En þá kemur auðvitað að hinu, að miklar fjárfestingarframkvæmdir, einnig á vegum hins erlenda

aðila, á næstu árum, þær munu gera það að verkum, að það verður ekki hægt að koma í framkvæmd öllum þeim málefnum Íslendinga, sem annars hefði verið hægt, og þá er komið að því eins og minnzt er á í ýmsum skjölum frá ríkisstj., að það mun reynast óhjákvæmilegt að skera niður talsvert af opinberum framkvæmdum á næstu árum.

Talsmenn Alþfl. hér í þessum umr. hafa hins vegar látið orð að því liggja, að þeir séu ekki með því að skera niður opinberar framkvæmdir, það verði eitthvað annað að víkja. En miklu þykir mér nú það líklegra þó, að það fari þannig, að það verði opinberu framkvæmdirnar, sem verði látnar víkja, en hins vegar þá muni ekki á neinn hátt eða aðeins að litlu leyti verða hreyft við framkvæmdum einstaklingsfyrirtækja, hver svo sem þau annars kunna að vera.

Þá þykir mér einnig í sambandi við þennan lið, að röksemdir af hálfu ríkisstj. séu heldur léttvægar í sambandi við það vandamál, sem við stöndum frammi fyrir, sem er misvægið í byggð landsins. Það getur vitanlega ekki farið öðru vísi en svo, að þegar þessar miklu framkvæmdir eiga að bætast ofan á það, sem fyrir er hér suðvestanlands, þá hljóta þessar framkvæmdir að virka í þá átt að draga í enn auknum mæli fólk utan af landsbyggðinni hingað til þessa svæðis, þó að ríkisstj. segi, að hún ætli að láta hluta af skattgreiðslu þessa fyrirtækis renna aftur til baka til dreifbýlisins til vissra framkvæmda þar. Það sjá allir, að það munar svo lítið um slíkar ráðstafanir á móti því, sem stórframkvæmdirnar hafa að segja í þessum málum, að það getur ekki farið á annan veg en þann, að það er verið að auka á þetta vandamál, en ekki að draga úr því.

Ég skal nú ekki ræða hér öllu meira um þau sérstöku deilumál, sem einkum hafa dregizt hér inn í þessar umr., en mig langar til þess að víkja hér nokkrum orðum sérstaklega að ræðu hæstv. forsrh., vegna þess að hann ræddi hér einnig um þetta mál á talsvert öðrum grundvelli en þeim að ræða beinlínis um þann hagnað, sem kynni nú að fást út úr raforkusölunni til hringsins eða út úr rekstri alúmínbræðslunnar sem slíkrar. Ég veitti því athygli, að hæstv. forsrh. sagði, að það væri vissulega þýðingarmikið, að slíkt stórmál sem þetta væri rætt þannig, að menn reyndu að virða fyrir sér þetta mál frá háum sjónarhól og menn reyndu að svipast um nokkuð inn í framtíðina eða til lengri tíma. Og ég tók eftir því, að hæstv. forsrh. beinlínis sagði, að menn þyrftu að reyna að gera sér grein fyrir því, hvaða þýðingu þetta hefði fyrir Íslendinga um aldir. Það var það orðalag, sem hæstv. ráðh. notaði, og í sambandi við þessa uppsetningu hans á þessu máli þá brá hann sér svo í það að rekja nokkuð í stórum dráttum atvinnuþróunina á Íslandi á liðnum öldum. Hann kom þar að ýmsum mikilvægum þáttum, minntist á það, hvernig fólkið hefði á sínum tíma verið að flytjast úr sveitum landsins og í bæi og þorp og bæirnir hefðu vaxið upp með allri þeirri miklu þýðingu, sem það hefði haft fyrir þróun okkar þjóðarbúskapar, og hann minntist á það, þegar okkar eiginlegi sjávarútvegur, eins og við þekkjum hann nú í dag, var að verða til, þegar okkar stórskipaútgerð var að hefjast og hvaða þýðingu það hefði haft í þróun okkar atvinnumála. Hæstv. forsrh. stiklaði sem sagt á ýmsu stóru og kom svo auðvitað víða við í leiðinni. En mér varð hugsað til þess, hvað meinar hæstv. forsrh. með þessari uppstillingu? Hvað vakir fyrir honum í sambandi við þetta mál? Það er með öllu útilokað, að hæstv. ráðh. eigi við það í þessum efnum í sambandi við þann samning, sem hér liggur nú fyrir til umr., varðandi byggingu alúmínverksmiðju í Straumsvík fyrir sunnan Hafnarfjörð, verksmiðju, sem hans sérfræðingar gera áætlun um, að geti lagt í þjóðarbúið á ári í kringum 300 milljónir í gjaldeyri, sem er engin risaupphæð á okkar mælikvarða, — að hann eigi aðeins við þessa verksmiðju eina, þegar hann talar um það, að það þurfi að virða þetta mál fyrir sér frá háum sjónarhól og athuga það, hvaða þýðingu það hafi, sem hér er verið að gera fyrir íslenzka þjóð um aldir. Ég efaðist ekki um það, þegar ég hlýddi á mál hæstv. forsrh., að það, sem raunverulega vakti fyrir honum með því að stilla málinu á þessa lund, það var það, að hann viðurkenndi það, þótt hann segði það ekki í alveg beinum orðum, hann var að viðurkenna það, að hér væri verið að marka nýja stefnu, eins og við Alþbm. höfum mjög lagt áherzlu á í sambandi við umr. um þetta mál. Hér er verið að fara inn á nýja braut í sambandi við uppbyggingu atvinnulífsins í landinu. Hér er ekki um það að ræða, að það sé aðeins verið að taka ákvörðun um byggingu einnar alúmínverksmiðju, sem ekki hefur út af fyrir sig meiri áhrif í efnahagslífi Íslendinga en þó þetta, því að á það hef ég aldrei dregið neina dul í mínum umr. um þetta mál, að mér hefur aldrei dottið það til hugar að rekstur þessarar verksmiðju einnar gæti haft úrslitaáhrif í sambandi við þróun efnahagsmálanna á Íslandi. Mér er það alveg ljóst, að sú fjárfesting, sem verður með þessari framkvæmd, getur haft mikil og örlagarík áhrif á þróun okkar efnahagsmála í sambandi við glímuna í okkar efnahagsmálum eins og þau standa nú í dag. Og mér er það líka alveg ljóst, að það getur ýmislegt mjög varhugavert flotið í kjölfar þessarar einu verksmiðju, sem getur komið okkur illa. En það er vitanlega hitt, sem ég fyrir mitt leyti hræðist hér langsamlega mest í sambandi við þessa ákvörðun, það er það, að það sé raunverulega verið að marka hér nýja stefnu, það sé hér verið að fara inn á nýja braut. Það eigi að halla sér að því að treysta á fjármagn erlendra auðfélaga í sambandi við uppbyggingu atvinnulífsins í landinu og það eigi að treysta á þann gróða, sem einstaka menn geta fengið af sinni þjónustustarfsemi í sambandi við hina erlendu aðila. Það er þetta, sem ég tel fyrst og fremst varhugavert og hættulegt við þetta mál. Og eins og ég hef bent á hér áður, þá tel ég, að svo margt hafi komið fram, sem sýni það, að það sé a.m.k. ætlun þeirra, sem fyrst og fremst ráða nú ferðinni í þessum málum, að taka hér upp nýja stefnu, en ekki aðeins að leysa þetta mál varðandi Búrfellsvirkjun. Og mér fannst, að þessi ummæli, sem ég hef hér vitnað til hjá hæstv. forsrh., sönnuðu það enn betur en áður, að fyrir honum er þetta líka stórt mál einmitt vegna þess, að hér er verið að fara inn á nýja braut. Hann líkir þessu við það, þegar þjóðin var að skipta yfir að verulegu leyti frá

hinu fátæka gamla bændaþjóðfélagi og færa sig yfir í bæja- og þorpaþjóðfélag. Hann líkir því við það, þegar Íslendingar voru að hefja hér sína fyrstu þilskipa- og síðan togaraútgerð. Hér er því alveg greinilega í hans huga um það að ræða, að það er verið að leggja inn á nýja braut.

Jú, hæstv. forsrh. sagði, að við eigum ekki — eða e.t.v. mun hann nú hafa hagað orðum sínum þannig að segja, að það virtist vera svo, að sumir menn vildu setja allt traust á sjávarútveginn einan, og ég býst við því fyllilega, að hann hafi haft einmitt mig í huga í sambandi við það, því að ég hef lagt nokkuð þunga áherzlu einmitt á möguleika sjávarútvegsins og gildi hans í íslenzkum þjóðarbúskap. En ég skal þó taka það alveg skýrt fram, að því fer alls fjarri, að ég sé á þeirri skoðun, að við eigum að binda okkur við sjávarútveginn einan. Ég tel alveg sjálfsagt, að Íslendingar snúi sér að ýmsum öðrum starfsgreinum og það í allríkum mæli. Ég tel t.d. mjög gagnlegt, að Íslendingar þeir eigi eina eða fleiri myndarlega áburðarverksmiðju, að þeir eigi eina eða fleiri myndarlega sementsverksmiðju og að þeir geti byggt upp í sínu landi allmyndarlegan iðnað fyrir innanlandsmarkaðinn. Ég hef einnig bent á það hér áður í umr., að ég teldi, að það skipti okkur mjög miklu máli að tileinka okkur vinnu eins og skipabyggingar, af því að það getur nú ekki orðið öðru vísi en svo, að við hér úti á okkar eylandi hljótum að vera nokkuð tengdir við sjóinn á margan hátt, og það er því ofur eðlilegt, að við, sem þurfum að byggja jafnmikið á sjónum eins og við gerum, að við leggjum okkur meira eftir því að vinna að slíkum störfum eins og skipabyggingar eru, sem skipta okkur svona miklu máli, — meira en við höfum gert. Og margt og margt fleira mætti þar til nefna. En ég hef verið á þeirri skoðun og er á þeirri skoðun, að það sé nauðsynlegt, að forustumenn þjóðarinnar geri sér alveg hleypidómalaust grein fyrir því, hvað sjávarútvegurinn — og þegar ég tala um sjávarútveg, þá á ég ekki aðeins við fiskveiðarnar einar heldur allar þær greinar, sem eru tengdar við þann rekstur að öðru leyti, þar með talin vitanlega öll fiskvinnsla — að þeir geri sér hleypidómalausa grein fyrir því, hvað þessi starfsgrein öll hefur reynzt okkur drjúg og örugg á undanförnum árum. Það er nefnilega allt of algengt, að menn tali um það, að sjávarútvegurinn sé eins og hæstv. forsrh. talaði allmikið um, að hann sé mjög sveiflugjarn og tala um hann aðeins sem veiðilíf eins og hæstv. ráðh. orðaði þetta. Það er rétt, við höfum að mínum dómi lagt allt of mikið í það, miðað við það, sem við þyrftum, að hafa okkar sjávarútveg sem veiðimennsku. Við höfum að mínum dómi veitt miklum mun meira en við hefðum þurft að gera til þess þó að hafa jafnmikið upp úr okkar sjávarútvegi eins og við höfum í dag, en það sakar vitanlega ekki að afla eins mikils eins og við gerum, þótt við bættum við okkur vinnslunni þar til viðbótar. Það er að vísu rétt, að íslenzkur sjávarútvegur eða ýmsar greinar hans hafa nokkuð sveiflazt til á undanförnum árum. Það er rétt, að við höfum lifað þau tímabil, að síldin, eins og við stundum hana, hafi brugðizt. En hitt er þó jafnrétt, og það er auðvelt fyrir menn að sannfæra sig um það, ef þeir vilja líta í talnadæmi þar um, sem liggja fyrir, að þegar litið er á íslenzkan sjávarútveg sem heild, þá hefur hann aldrei brugðizt íslenzku þjóðinni. T.d. þegar það mikla áfall kom fyrir, að síldveiðin brást með öllu fyrir Norðurlandi, þá gerðist það á sömu árunum, að þá jókst svo mikið okkar togaraafli og verðmæti hans, að það fyllti í skarðið og meira til. Og þannig hefur þetta verið, að jafnvel þó að vertíð hafi brugðizt á einum stað, þá hefur hún skilað sér þeim mun betur á öðrum, og þegar sjávarútvegurinn er tekinn sem heild, þá hefur hann ekki reynzt okkur „óstabílli“ í þessum efnum en landbúnaður hjá landbúnaðarþjóðum eða iðnaður hjá iðnaðarþjóðum, sem hafa líka þurft að taka á sig markaðssveiflur og sölutregðu í ýmsum myndum. Þetta held ég, að við Íslendingar megum og sérstaklega forráðamenn landsins fyllilega hafa í huga, og það sé ekki leyfilegt að vera með neina vantrú á íslenzkum sjávarútvegi, þrátt fyrir ýmsar sveiflur í einstaka greinum á einstaka stað í hvert skipti.

Auk þessa hef ég svo viljað benda á það, að þegar stjórnarvöld landsins telja það eitt brýnasta verkefnið í atvinnumálum þjóðarinnar að leita eftir slíkum samningi, sem hér er nú verið að ræða, — samningi við erlendan auðhring um það, að hann komi með sitt fjármagn til Íslands, byggi hér verksmiðju og taki okkar starfsfólk á vinnumannskaup. — Þegar stjórnarvöldin telja, að þetta sé brýnast í efnahagsmálum landsins að vinna að þessu að útvega vinnu handa nokkrum Íslendingum í þjónustu erlendra aðila, held ég, að það sé þörf á því að prédika nokkuð yfir stjórnarvöldum landsins um það, hvaða möguleikar felist raunverulega í íslenzkum sjávarútvegi, ef menn vilja nota þá, því að ég tel, að þeir möguleikar séu margfaldir ekki á við eina, heldur við margar, margar álbræðslur. Og ég held, að þau störf mundu líka láta okkur Íslendingum miklu betur en að vinna í þessari verksmiðju útlendinganna. Ég held, að það verði aldrei mikil framtíð í slíkri atvinnuuppbyggingu eins og þeirri, sem gerð er á þennan hátt á vegum útlendinga, sem er gerð á þeim grundvelli, að útlendingurinn tekur á nokkrum árum allt fjármagnið, sem hann hefur komið með til Íslands, með sér út úr landinu aftur. Hann færir hagnaðinn út árlega, og hann færir afskriftafé út árlega, og þegar hans samningstími er búinn, er gildi verksmiðjunnar búið og ekkert stendur eftir nema það, sem ómerkilegt er. Hvar er þá komið raunverulegu atvinnuöryggi þjóðarinnar, ef hringurinn hverfur að þessu ráði, sem fyllilega má búast við? Sá er vitanlega munurinn, að hefðu Íslendingar talið rétt út af fyrir sig að ráðast sjálfir í byggingu þessarar alúmínbræðslu, hefðu þeir talið sig geta tekið að láni þær 2500 millj. kr. erlendis, sem talið er, að bræðslan muni kosta, hefðu Íslendingar fengið sitt út úr þeim rekstri — þeir hefðu auðvitað þurft að færa út úr landinu aftur afborganir af láninu og vexti af láninu, en sá hagnaður, sem kemur fram í rekstrinum, sem án efa er allmikill og sem er vitanlega keppikefli útlendinganna — sá hagnaður hefði orðið eftir í landinu, hefði verið eign einhvers í landinu, fyrirtækis eða einstaklings eða

ríkisins, og það hefði verið hægt að nota þann hagnað eftir starfstíma verksmiðjunnar til þess að byggja annað hvort aðra verksmiðju eða önnur fyrirtæki. Það er sá mikli munur. Því er þetta mál þannig, eins og ég hef sagt hér áður í þessum umr., að í raun og veru er rekstur bræðslunnar í Straumsvík þannig fyrir íslenzkan þjóðarbúskap, að hún hefur nákvæmlega sams konar gildi og vinnan á Keflavíkurflugvelli hefur haft. Auðvitað hafa Íslendingar fengið gjaldeyri fyrir það vinnuafl, sem þeir hafa látið inn á Keflavíkurflugvöll. Það hafa fengizt tekjur fyrir þetta selda vinnuafl alveg eins og það mundi fást nokkur gjaldeyrir fyrir það vinnuafl, sem ynni í verksmiðjunni. En þann daginn, sem hernaðaryfirvöldin ákveða það að hverfa burt af vellinum og hætta þar við sína starfsemi, verður vitanlega íslenzkt atvinnulíf að taka við því fólki, sem þar hefur starfað, og það verður að byggja upp einhvern atvinnugrundvöll fyrir þetta fólk. Því er það, að ég álít, að það sé með öllu röng stefna að fara inn á þá braut að treysta á atvinnurekstur útlendinga í því formi, sem gert er ráð fyrir samkv. þessum samningi. Ég held, að það verði íslenzku atvinnulífi síður en svo til gagns, en hins vegar sé alveg augljóst, að við munum hafa margvíslegt tjón af því, og hætturnar eru tvímælalaust mjög miklar, sérstaklega ef það á að gera þetta að almennri stefnu.

Hæstv. forsrh. sagði, að það, sem máli skipti í þessum efnum, þegar þessi mál væru rædd á breiðum grundvelli, væri auðvitað, að menn gerðu sér fulla grein fyrir því, hverjar auðlindir landsins væru og hvernig síðan ætti að nýta þær. Ég fyrir mitt leyti tel, að dýrmætasta auðlind Íslands, eins og auðlindirnar verða metnar í dag, sé tvímælalaust fiskimiðin í kringum landið. Landið sjálft og beinir framleiðslumöguleikar þess eru vissulega dýrmætir, og það ber vitanlega að reyna að nýta þau gæði til fulls. Vatnsaflið í okkar fallvötnum er líka dýrmætt, en eins og bent hefur verið á af okkar fræðimönnum, sem bezt þekkja þar til, fer því víðs fjarri, að sú auðlind sé eins dýrmæt, þegar litið er á þetta til verulega langs tíma, og margir halda. Á það hefur verið bent af okkar fræðimönnum, að ef vöxturinn í orkunotkun okkar verður með sama hraða og hefur verið hjá iðnaðarþjóðum Vestur-Evrópu, ættum við að vera búnir að nota alla þá raforku, sem talið er hagkvæmt að virkja á Íslandi, á næsta 50 ára tímabili. Eftir 50 ár erum við búnir að virkja fyrir okkar eigin þarfir alla þá raforku, sem talið er hagstætt að virkja á Íslandi. Þessi auðlind er nú ekki meiri en þetta. Hún er eigi að síður mjög þýðingarmikil, og það er vitanlega sjálfsagt á þessu 50 ára tímabili að reyna að nýta hana eins og mögulegt er. Og það er alveg rétt, að það er engu spillt með því að nýta meira af henni með sérstakri ráðstöfun á fyrri hluta tímabilsins en annars hefði verið. En ég minnist þess líka, að það kom mjög greinilega fram hjá einum af okkar þekktustu vísindamönnum í orkufræði, Gunnari Böðvarssyni, á verkfræðingaráðstefnu, sem haldin var hér árið 1962, að þar benti hann á í erindi, sem hann flutti á þeirri ráðstefnu, að menn skyldu gera sér alveg fulla grein fyrir því, að það væri misskilningur, að frumorka eins og vatnsorka, sem kæmi fram í rafmagni, skipti afgerandi máli í sambandi við hagþróun í einu landi, eins og nú væri komið. Hann benti á það, að slík orka hefur í hinum ýmsu löndum ekki haft afgerandi áhrif. Orkusnauð lönd eins og Danmörk og Holland hafa sýnt það, að þau hafa komizt mun lengra í samband við þróun sinna efnahagsmála en ýmis önnur lönd, sem hafa miklum mun meira af þessari orku og haft fyllilega yfir að ráða jafnmiklu fjármagni og þessar þjóðir. Og ráðstöfun á þessari orku á þann hátt, að hún sé seld algerlega sem hráefni á alveg niður undir framleiðslukostnaðarverði, skapar engin stórkostleg verðmæti, síður en svo. Ég vil þó ekkert gera lítið úr því, að þarna sé um verðmæti að ræða, en ég jafna þessu ekki saman við hinar auðlindirnar, sem ég nefndi áðan. Það er hið sama að segja um hveraorkuna í landinu. Hún er mjög mikils virði, og væri afar þýðingarmikið fyrir okkur Íslendinga að reyna að nýta hana betur en við gerum, það er rétt. En miklu meira er talið skipta, eins og nú er komið, hugvit og atorka þjóðanna. Það gæti því hreinlega verið miklum mun dýrara fyrir íslenzku þjóðina að haga málum sínum þannig, að hún drægist verulega aftur úr í byggingum skóla og í aukinni menntun og aukinni þjálfun sinna manna, vegna þess að hún hefði þurft að skapa pláss fyrir slíkan stórrekstur, eins og hér er um að ræða, fyrir útlendinga. Það gæti kostað þjóðina miklu meira, þegar dæmið væri gert upp að fullu.

Ég skal nú ekki lengja þessar umr. öllu meira með sérstöku tilliti til þess tíma, sem við erum nú stödd á. En ég vil aðeins segja það, að þær umr., sem hér hafa farið fram, hafa sannfært mig enn betur en áður um það, að sá samningur, sem ríkisstj. vill hér fá staðfestingu á, er rangur, hann er hættulegur og það er ætlun þeirra, sem mestu ráða og að þessum samningi standa, að það komi hér annað og meira á eftir. Þeir eru greinilega að fara hér inn á nýja braut í atvinnumálum þjóðarinnar, braut, sem við Alþb.-menn erum mjög andvígir.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Í dag gerði ég að umtalsefni í nokkrum orðum ákvæðin um aðflutnings- og útflutningsgjöld, sem eru í 14. gr. samningsins, aðalsamningsins, sem fylgir þessu frv. Ég benti á það, að í þessari gr. er tekið fram, að undanþeginn skuli aðflutningsgjöldum innflutningur af hálfu ISALs, eða fyrir þess hönd eða verktaka, sem ISAL ræður til sín, á öllum efnum, vélum, ökutækjum, eldsneyti, smurningsefnum, búnaði og vistum, þar á meðal auka- og varahlutum til notkunar, neyzlu eða ísetningar við byggingu bræðslunnar, og enn fremur innflutningur af hálfu ISALs eða fyrir þess hönd til neyzlu, notkunar og vinnslu af hálfu ISALs á hráefnum, eldsneyti og smurningsefnum, vélum, búnaði, vistum, sérstökum prömmum, farartækjum og umbúðum, auka- og varahlutum, sem ISAL þarf á að halda til rekstrar bræðslunnar. Allt á þetta að vera undanþegið aðflutningsgjöldum. Nú liggur það í hlutarins eðli, að ekki hefði hinn útlendi viðsemjandi ríkisstj. farið fram á þessar undanþágur, ef hann ekki ætlaði sér að flytja inn þessar vörur, enda er séð fyrir því í 18. gr. samningsins, að hann hefur rétt til þess, og skal ég víkja að því nánar. Ég lét uppi þann skilning minn á þessu, að fyrirtækið ISAL gæti flutt þessar

vörur inn án tolla og söluskatts, því að það er ákvæði um söluskattsundanþágu í 31. gr. samningsins. Ég benti á það, að fyrirtækið mundi ekki hafa þörf fyrir vistir, hvorki við byggingu eða rekstur bræðslunnar, nema það ætlaði að nota þær handa þeim verkamönnum, sem hjá því vinna við bygginguna og reksturinn. Þeir gætu sett upp og mundu hugsa sér að setja upp mötuneyti fyrir verkafólk, og samkv. þessu gætu þeir flutt inn vistir handa þessu fólki án þess að greiða af þeim nokkra tolla eða söluskatt. Hæstv. iðnmrh. kvaddi sér hljóðs, þegar ég hafði lokið mínu máli og hélt því fram, að þetta væri á misskilningi byggt hjá mér, og hann benti þarna á sérstaka mgr. í þessari 14. gr., þ. e. a. s. 14.02, þar sem segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Benzín, neyzluvörur til persónulegra nota, matvæli, skrifstofuvörur, fólksbifreiðar og önnur ökutæki, sem eru ekki notuð beint í byggingu og rekstri bræðslunnar, skulu ekki undanþegin aðflutningsgjöldum."

Þetta breytir engu um það, sem ég sagði áður. Áður er búið að tala um að undanþiggja vistir t.d., sem notaðar verði við byggingu og rekstur bræðslunnar. Þarna er aðeins verið að taka fram, að matvæli, sem ekki séu notuð beint við byggingu og rekstur bræðslunnar, skuli ekki undanþegin aðflutningsgjöldum. Það er þarna í næsta lið einnig talað um efni, vistir, vörur og búnað af sérhverri tegund, sem flutt sé inn tollfrjálst, en síðan sé notað annars staðar en á bræðslulóðinni, af því skuli greiða aðflutningsgjöld. Það er dálítið skrýtið orðalag á þessum lið þarna, 14.03. Þar segir svo með leyfi hæstv. forseta:

„Efni, vistir, vörur og búnaður af sérhverri tegund, sem flutt er inn tollfrjálst til notkunar á bræðslulóðinni en síðan er ráðstafað á Íslandi, skal háð aðflutningsgjöldum."

Það lítur út fyrir, að þeir, sem sömdu þetta, hafi talið, að bræðslulóðin væri ekki á Íslandi. Ég hygg, að þeir útlendu hafi nú samið þetta, en íslenzkir aðeins þýtt enska textann á íslenzku án þess að beita mikilli hugsun við það. (Gripið fram í.) Því er eiginlega slegið föstu þarna, að bræðslulóðin sé ekki á Íslandi. Það er nú út af fyrir sig ekki stórt atriði, en hitt er stærra atriði, ef hið útlenda fyrirtæki eða ISAL, sem á nú að heita íslenzkt, getur flutt inn það, sem því sýnist, þ. á m. vistir, tollfrjálsar og söluskattsfrjálsar, til notkunar handa sínu fólki við bræðsluna. Og ég hef þann skilning á ákvæðum 18. gr., að þeir geti þetta. Þar segir í upphafi þeirrar gr. með leyfi hæstv. forseta:

„Við byggingu og rekstur bræðslunnar skal ISAL veita forréttindi: a) efnum og framleiðsluvörum af íslenzkri gerð eða uppruna, að því tilskildu, að þær séu samkeppnisfærar um verð og gæði við efni og framleiðsluvörur af erlendum uppruna."

En hvað ætli það verði mörg framleiðslufyrirtæki íslenzk, sem verða samkeppnisfær við þau útlendu, þegar ekki á að taka nein aðflutningsgjöld eða söluskatt af hinum útlenda varningi? Ég hygg, að það sé tómt mál að tala um það, að ISAL hafi viðskipti við íslenzk fyrirtæki. Síðar í þessari 18. gr., þ.e. 18.03, segir svo:

„Með fyrirvara um ákvæði mgr. 18.01," — þ.e. sú, sem ég var að lesa áðan, — „mun ríkisstj. ekki setja neinar takmarkanir eða fyrirmæli varðandi: a) kaup og innflutning á neinum efnum, framleiðsluvörum né þjónustu af öðrum uppruna en íslenzkum til notkunar við byggingu og rekstur bræðslunnar."

Þarna er því slegið föstu, að það skuli ekki setja nein höft á þá í þessu efni, þeir geti flutt inn það, sem þeim sýnist, þ.á m. landbúnaðarvörur erlendis frá, eða ég skil þetta þannig. Þarna er talað um framleiðsluvörur af öðrum uppruna en íslenzkum, og það er búið **í 14. gr. að undanþiggja vistir aðflutningsgjöldum.**

Ég vildi nú, því að hæstv. landbrh. er hér viðstaddur nú á fundinum, spyrja hann að því, hvort hann hafi gert sér ljóst, hvað í þessum ákvæðum felst. Ég tel, að það sé ekki hægt að skilja þetta öðru vísi en þeir eigi að hafa frelsi til að flytja inn m.a. landbúnaðarvörur til notkunar handa sínu fólki þar í Straumsvík. Hefur þetta alveg farið framhjá hæstv. landbrh. eða hefur hann gert sér þetta ljóst, og hefur hann samþ. þetta eða ætlar hann að samþykkja það? Mér þykir það ákaflega ótrúlegt, að hann hafi gert það eða ætli að gera það, en mér þætti mjög fróðlegt að heyra frá hæstv. ráðh. um þetta einmitt nú, áður en þessari umr. lýkur.

Hæstv. forsrh. sagði í sinni löngu ræðu hér í kvöld, að þéttbýlið væri undirstaða landbúnaðarins eða eitthvað var það á þá leið, sem orð hans féllu. En ef þetta verður nú svona, að ISAL getur flutt inn eftir vild landbúnaðarvörur erlendis frá handa sínu fólki, sýnist mér, að þéttbýlið í Straumsvík verði ekki örugg undirstaða undir íslenzkum landbúnaði. Ég fæ ekki séð það. Ég tel þetta mjög alvarlegt mál.

Eins og ég sagði í dag, er náttúrlega margt fleira í þessum samningi, og aðrir hafa gert það að umtalsefni, en ég tel þetta mjög alvarlegt mál, eitt af þeim, sem hefði þurft að athuga betur, og ég tel ekki hægt fyrir okkur að samþykkja þetta frekar en ýmislegt annað, sem í þessu frv. er.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Ég hafði nú ekki ætlað mér að láta þetta mál fara hér út úr hv. d. án þess að blanda mér nokkuð inn í umr. og þá ekki sízt í sambandi við rafmagnsmálin, virkjunarmálin og rafmagnsverðið, en vegna þess að það er nú meiningin að koma málinu til n. í nótt og orðið nokkuð áliðið, hef ég hugsað mér að fresta minni ræðu þangað til við 2. umr. að öðru leyti en því að svara í aðeins örfáum orðum fsp. hv. 1. þm. Norðurl.v.

Ég er dálítið undrandi á því, að hann skuli vera með fsp. í þessu formi, vegna þess að ef þessi gr. er lesin öll í gegn, er það alveg ljóst, hvað um er að ræða. Mér dettur í hug, að ástæðan til fsp. sé sú, að hv. þm. hafi í byrjun ekki lesið alla 14. gr., en ef gr. er öll lesin, kemur greinilega í ljós, að það ber að greiða toll af matvælum og neyzluvörum til persónulegra nota o.s.frv., eins og stendur í gr. 14.02. En matvörur til verksmiðjurekstursins, það er ekki gert ráð fyrir, að verksmiðjan sjálf noti matvæli, og ég hef skilið þessa gr. og einnig þá 18. þannig, að það komi ekki til greina, að það verði fluttar inn landbúnaðarvörur

sérstaklega með fríðindum til verksmiðjunnar, og ég hygg, að hv. þm., ef þeir lesa bæði 18. gr. og 14. gr., sjái, að það er enginn vafi á því, að þannig beri að skilja það, og það er þess vegna, sem það er tekið fram, að matvæli skuli vera með sérstökum ákvæðum í 14. gr.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég er hræddur um, að þetta atriði, sem hæstv. landbrh. var að ræða um, verði vafaatriði — ekki aðeins fyrir gerðardóminn, — og því viðbúið, að farið verði að deila um, hvernig skilja beri 1. og hvort enskan eða íslenzkan sé rétthærri. Ég skal nú ekki láta það mál til mín taka. Ég ætlaði nú ekki að taka hér til máls aftur, en af því að hæstv. forsrh. fór að halda hér heilmikinn sögufyrirlestur, gat ég ekki setið á mér að segja nokkur orð til hans.

Fyrst ætla ég rétt að minnast á það, að hann — það er kannske viðkunnanlegra, að hann viti það, því að það er alltaf leiðinlegra að tala við menn, án þess að þeir séu viðstaddir, — hann minntist á, hvort mín afstaða til Atlantshafsbandalagsins hefði breytzt. Ég skal segja honum það til huggunar, ef hann er hræddur um, að við værum komnir á einhverja líka skoðun í því máli, að ég álít það jafnbölvað eins og það hefur alltaf verið. Hitt er aftur á móti alveg hreint greinilegt, að það getur lengi vont versnað, og það þarf hann að gera sér ljóst. Ég sagði það hér nýlega í ræðu, að ég áliti, að það gæti annað enn þá verra komið. Það er náttúrlega mjög hryggilegt, að það skuli vera til. En það, að maður álíti eitt slæmt og annað verra, þýðir ekki, að maður sé með öðru hvoru af þessu tvennu illu. Það, sem ég var að lýsa, var, að það kynni að koma upp, þegar Atlantshafsbandalagið leysist upp, — sem er alveg greinilegt að verður m.a. þegar Norðurlönd, Danmörk og Noregur, fara út úr því, eins og Frakkland o. fl. — sú hætta, að Bandaríkin ásamt Kanada og Bretlandi reyni að innlima okkur í nýtt hernaðarbandalag. Það er vert að reyna að vekja athygli á þeirri hættu nú þegar. Satt að segja þætti mér vænt um, að hæstv. forsrh. vildi taka nokkra afstöðu til þess, fyrst hann er að gera þetta að umtalsefni, hvort hann væri inni á því, að Ísland ætti að ganga í nýtt hernaðarbandalag. Ég vil aðeins minna hann á í þessu sambandi, að ég verð víst ekki grunaður um að hafa verið með enska hernáminu hér 1940—1941. En þann dag, sem Þjóðviljinn var bannaður og við fluttir nokkrir burtu af landinu, var leiðarinn, sem var eftir mig, í Þjóðviljanum um það, að það mundi nú vofa yfir, að Bandaríkin mundu hertaka Ísland, og ég undirstrikaði í þeim leiðara, að ég áliti það enn þá verra og hættulegra hlutskipti fyrir Ísland en brezka hernámið, og var ég sannarlega ekki að taka afstöðu með því. Maður verður alltaf að gera sér ljóst og reyna að meta hlutlægt það, sem er að gerast á hverjum tíma, og það mat, sem ég hef fyrst og fremst lagt á þá hörmulegu þróun, sem hefur gerzt í utanríkispólitík Íslands á síðustu 25 árum, er það, að ég álít, að Ísland ætti að halda sig að Evrópu og sérstaklega að halda sig að Norðurlöndum og láta ekki slíta sig frá Norðurálfu og frá Norðurlöndum. Við það hef ég alltaf miðað. Ég hef álitið, að við ættum að halda við hlutleysi og þess vegna harmaði ég það, þegar við misstum það 1949, og ég álít, að þegar Atlantshafsbandalagið leysist upp, eigum við að reyna að ná því hlutleysi aftur.

Eins álít ég, að það algera atvinnulega sjálfsforræði, sem við Íslendingar höfum nú haft í 20 ár, því eigum við ekki að farga né heldur að byrja að skerða það, eins og verið er að gera með þeim samningi, sem hérna liggur fyrir. Við höfum haft algert atvinnulegt sjálfsforræði, ráðið einir yfir öllu okkar atvinnulífi og það er það sem við erum að byrja að skerða með þeim samningi, sem hérna liggur fyrir.

Annars skildist mér, að þessi langi og að mörgu leyti skemmtilegi upplestur og fyrirlestur hæstv. forsrh. væri nú fyrst og fremst hugsaður til þess að telja kjark í hans eigið lið, enda tók ég eftir því, að margir af hans þm., sem vafalaust hafa verið alldaufir orðnir í dálkinn, hresstust mjög mikið undir þeim fyrirlestri, því að það var margs konar skemmtilegur upplestur í honum. Það hafa alltaf verið til — og það er það, sem hæstv. forsrh. var að nota sér í þeim upplestri, — það hafa alltaf verið til menn, sem af ýmsum ástæðum hafa óttazt vissar tæknilegar framfarir og hafa haft rangt fyrir sér. Og hæstv. forsrh. var að reyna að gefa í skyn með þessum upplestri og sínum röksemdafærslum, að þess vegna hefðu allir þeir, sem væru með tæknilegum framförum, hvers kyns, sem þær væru, alltaf rétt fyrir sér. Þetta var raunverulega rauði þráðurinn, ef ég má nefna rautt í sambandi við hæstv. forsrh., í hans langa og að mörgu leyti skörulega erindi.

Af því að hann var nú að útnefna mig til þingkennara hér svo hátíðlega í sinni ræðu, verð ég að reyna að standa undir því heiti og reyna að taka hann þá ofurlítið í tíma til þess að reyna svona hlutlægt að skilgreina, hvað það er, sem ég álít, — þegar hann tekur eftir mætum mönnum þennan fyrirlestur, — hvað það er, sem við raunverulega þurfum að kunna að skilgreina í allri okkar framfarabaráttu, það, sem af er þessari öld. Ég álít, að það séu þrír þættir, sem að mínu áliti og yfirleitt að áliti sósíalista ættu að vera samofnir, en sem ekki eru það alltaf í þeirri framfarabaráttu, sem hér hefur verið háð. Það sé í fyrsta lagi sjálfstæðisbaráttan sjálf, baráttan fyrir pólitísku sjálfstæði. Það sé í öðru lagi barátta fyrir tæknilegum framförum. Og það sé í þriðja lagi baráttan fyrir félagslegu réttlæti og það, að þessir þrír þættir, sem mörgum okkar, eins og t. d. mér, finnst alveg eðlilegt og sjálfsagt, að séu samofnir í eitt, og maður standi með þeim öllum, — það hefur ekki verið eðlilegt, að það væri eitt og hið sama fyrir mörgum þeim, sem staðið hafa framarlega í vissum þáttum íslenzkrar framfarabaráttu á undanförnum 70—80 árum.

Okkar bændastétt, sem ber höfuðþungann í okkar pólitísku sjálfstæðisbaráttu, er að mjög miklu leyti andvíg tæknilegum framförum eða hrædd við þær, og margir ágætismenn í bændastéttinni um aldamótin, sem eru þeir róttækustu í okkar sjálfstæðisbaráttu, eru oft smeykir við hinar tæknilegu framfarir, jafnvel afturhaldssamir í þeim og sumir hverjir líka jafnvel andvígir félagslegu réttlæti. Við höfum upplifað þá hluti í okkar baráttu, t.d. um aldamótin, að embættis-

menn, sem við kölluðum jafnvel hálf dansklundaða og voru andvígir okkur svo að segja í okkar pólitísku sjálfstæðisbaráttu, voru jafnvel róttækari í félagslegri réttlætisbaráttu en margir okkar róttækustu bændur í sjálfstæðisbaráttunni.

Sem sagt, þessa hluti þurfum við að kunna að aðgreina, og við þurfum að setja okkur í spor þeirra manna, sem þá heyja þessa baráttu, ekki sízt þegar um svo mæta menn er að ræða eins og þann, sem hæstv. forsrh. las upp eftir, til þess að dæma þessa menn ekki rangt. Við þurfum að skilja þeirra þjóðfélagslegu aðstöðu, þeirra ótta og um leið, hvað þeir eru róttækir í þeirri sjálfstæðisbaráttu, sem þeir eru að heyja. Við þekkjum sjálfir mál eða stefnu, eins og valtýskuna, þar sem áhugi er fyrir tæknilegum framförum og að ýmsu leyti áhugi fyrir félagslegu réttlæti. — Við skulum muna það, að Eimreiðin, tímarit Valtýs, byrjar með kvæði Þorsteins Erlingssonar, kvæði sósíalismans, Brautin. — Það fer saman í valtýskunni, en um leið kemur viss afsláttur eða við skulum segja samkomulag í hinni pólitísku sjálfstæðisbaráttu. Hins vegar gæta þeir sín ekki á því, þegar aðstaðan breytist erlendis og vinstri menn komast til valda í Danmörku, að taka þá upp um leið harðvítugri baráttu í þeim þætti þeirrar baráttu, sem sneri að sjálfstæðinu.

Fyrir íslenzkum sósíalistum hefur frá upphafi vega, alveg frá tíma Þorsteins Erlingssonar, verið sjálfsagt að vera með öllu þessu þrennu, okkar sjálfstæðisbaráttu, okkar tæknilegu framförum og hinu félagslega réttlæti. Það hefur þess vegna verið oft svo, það, sem af er þessari öld, að um leið og verkalýðurinn og atvinnurekendastéttin hafa háð sína harðvítugu stéttabaráttu hér á Íslandi, barizt um félagslegt réttlæti, barizt líka oft í sambandi við sjálfstæðisbaráttuna, staðið sitt hvoru megin, — að þessar tvær stéttir hafa getað unnið saman, þegar um tæknilegar framfarir var að ræða. En þó verðum við að aðgæta það, að líka, þegar um tæknilegar framfarir var að ræða, var það ekki sama, hvers kyns þær tæknilegu framfarir voru. Þær gátu unnið saman, verkalýðsstéttin og atvinnurekendastéttin, þegar um tæknilegar framfarir var að ræða, sem Íslendingar sjálfir réðu yfir. Ég skal í því sambandi, fyrst hæstv. forsrh. var að fara svona langt í að minna á það, sem gerzt hefur fyrr í sögunni, minna á eitt slíkt mál.

Í ársbyrjun 1927, í febrúar, var lagt stjfrv. fyrir Alþ. frá þáv. ríkisstj. Jóns Þorlákssonar og Magnúsar Guðmundssonar um sérleyfi til handa Titan, því erlenda félagi, til þess að fá að leggja járnbraut frá Þjórsá til Reykjavíkur og til þess að fá að virkja Urriðafoss, 160 þús. hestöfl, og til þess að koma upp verksmiðju til saltpétursvinnslu eða annarrar áburðarvinnslu í Skildinganesi. Og um afstöðuna til þessa skiptust menn. Í þessu sérleyfi var — ég skal ekki vera að rekja það neitt nákvæmlega með hvers konar kjörum — það var kveðið á um verð náttúrlega og hestöfl og margt annað slíkt eins og eðlilegt er og eins og nú er gert líka og það átti að vera til 70 ára. Það var ríkisstj. sjálf, sem lagði þetta fyrir, stjórn gamla Íhaldsflokksins, og þetta frv. var svo að lokum allt samþ. í þinginu. En í deilunni um þetta mál tók m.a. einn þm. til máls, sem þó tilheyrði þá ríkisstj. Það var Ólafur Thors, og hann talaði svo, með leyfi hæstv. forseta. Ég skal lesa upp það, sem hann segir, part af hans ræðu. Hann minnist í ræðunni á innflutning erlendra verkamanna og segir, að þessi hlið málsins sé aukaatriði, og svo heldur hann áfram:

„Hættan felst í öðru, og það er tvímælalaus skylda löggjafarvaldsins að vera á verði gegn henni. Ég tek það fram og legg áherzlu á, að ég ræði hér um stefnur í þessu máli og þá sérstaklega með hliðsjón af þeim ummælum, er hv. 1. þm. Rang. (þ.e. Klemenz Jónsson) hafði og að framan getur, og þá hika ég ekki við að láta í ljós þá skoðun, að verði þeirri stefnu fylgt að veita sérhvert það sérleyfi til virkjunar, sem um er sótt, ef aðeins sæmilega tryggilegt þykir, að sérleyfið verði hagnýtt, hefði hitt orðið miklu farsælla að neita með öllu allri virkjun á íslenzkum fossum. Ég er þess nefnilega fullviss, að ef erlent fjármagn tekur til starfa hér á landi í svo ríkum mæli, mundi sjálfstæði voru stafa af því veruleg hætta, enda bendir reynsla annarra smáþjóða til þess. Við Íslendingar höfum nokkra reynslu í þessum efnum, þó að hún sé að vísu eigi alveg hliðstæð, þar sem er fiskiveiðalöggjöf vor og landhelgislöggjöf. Vér höfum þráfaldlega rekið oss á það, að í hvert skipti, sem oss þykir æskilegt að gera einhverjar breytingar á þessum l., hafa útlendingar risið upp og mótmælt aðeins vegna þess, að þeir eiga hér nokkurra hagsmuna að gæta á þeim sviðum. Það er nú ljóst, að þeim mun víðtækari, sem starfsemi þeirra verður hér í landi, þeim mun oftar munu þeir þykjast þurfa að hafa afskipti af löggjöf vorri og þeim mun tíðara mun það verða, að sjálfsákvörðunarréttur vor mun hindraður sakir hagsmuna útlendinga. M. a. í þessu liggur stórvægileg hætta, sem ég þó að þessu sinni ekki skal víkja frekar að.

Hv. 1. þm. Rang. gat um, að virkjunum fylgir mikil atvinna fyrir íslenzka verkamenn, en ég vil leyfa mér að benda á, að hér á landi er eins konar stóriðja, þar sem er íslenzka togaraútgerðin, og ef ætti að tíunda, hver ágalli fylgir henni, má benda á, að hún hefur orðið til þess að draga fólkið úr sveitunum, en ég álít hins vegar, að sú stóriðja hafi verið okkur á allan hátt nauðsynleg og sé alls góðs makleg, m.a. vegna þess, að ég hef ekki séð aðrar leiðir fyrir ríkissjóð til þess að fá fé til sinna þarfa en að sækja það í hennar vasa. Þess ber og að geta, að stóriðja þessi er öll í eigu íslenzkra manna, og allur arðurinn af henni hefur því fallið Íslendingum.

Hér er nú verið að ræða um að stofna til nýrrar stóriðju, stóriðju, sem öll verður í eigu erlendra manna og arðurinn af henni fellur því að mestu erlendum mönnum. En ágalla hefur hún þá sömu og sú stóriðja, sem fyrir er í landinu, nefnilega að draga vinnulýðinn frá landbúnaðinum, og vil ég sérstaklega beina athygli hv. þdm. að þessari hlið málsins, með því að ég tel þá alla einhuga um að efla ræktun landsins. Ég vil enn fremur benda á, að erlendur atvinnurekstur mun ávallt verða stopull fyrir þjóðfélagið. Erlendir menn hugsa fyrst og fremst um sinn hag, en þeir, sem grónir eru upp með þjóðinni, munu að vonum taka miklu meira tillit til hagsmuna hennar heldur en útlendingar."

Hér lýkur lestri úr því, sem Ólafur Thors segir 1927

um þetta sérleyfi til handa útlendingum þá. Og það fór svo, að þótt þetta væri samþ., greiddu m.a. atkv. á móti þessu sérleyfi Ólafur Thors, Héðinn Valdimarsson, Tryggvi Þórhallsson og Benedikt Sveinsson. Það hefur verið barizt áður hér um stóriðju, þegar útlendingar hafa viljað ná hér tökum á okkur, og mun verða barizt áfram og mun verða barizt lengi. Og ég vil minna hv. þdm. á, að þegar þetta gerist, er þó hugsunarhátturinn þannig hér í þinginu, að jafnvel þótt stjórn þáv. Íhaldsflokks leggi þetta frv. fram og Ólafur Thors skoði sig þá vafalaust með fremstu mönnum þess flokks, eins og hann þegar var orðinn, greiðir hann samt sem áður atkv. á móti þessu máli. Við skulum alvarlega aðgæta, hvert við erum að lenda með því, hve harðvítug handjárnin eru orðin á flokkunum nú á tímum, og meina ég þetta ekki bara til Sjálfstfl. eins.

Svo að ég hverfi aftur að öðru dæmi, þar sem hins vegar gerist allt svo öfugt, þar sem við stöndum allt svo saman um framfarir, einmitt það mál, sem hæstv. forsrh. kom inn á, Sogsvirkjunina. Ég man eftir því rétt eftir að ég varð 1. varamaður Kommúnistaflokksins í bæjarstjórn 1934, — þegar hæstv. forsrh., held ég, var líka kosinn í fyrsta skipti í bæjarstjórn Reykjavíkur, — lenti ég af tilviljun í því einmitt á fundi, sem var haldinn hér á bæjarskrifstofunum, — ekki úti í kaupþingssalnum, — að verða að greiða atkv. um það, hvort — ég held áreiðanlega Jóni Þorlákssyni — hafi verið gefin heimild til annaðhvort að fara sjálfur eða vera sendur út til Svíþjóðar til þess að reyna að afla lána, og ég stóð með því. Ég man, að það var nokkuð mikið verið að ráðast á þetta þá, og það lenti þannig, að ég stóð þarna einn fyrir utan sjálfstæðisbæjarfulltrúana að þessu.

Það er rétt að koma líka inn á það, sem hv. 1. þm. Austf. minntist á. Hann sagði nú áðan í sinni ræðu af mikilli hæversku, að á þessum tímum hafi of lítið verið tekið af lánum. Sannleikurinn var, að það var sett lánabann á okkur. Við vorum það fátækir, við áttum það erfitt, að brezki bankinn, sem hafði tökin á okkur, Hambros Bank, setti bókstaflega bann á, þegar vinstri stjórn tók við völdum þá, og vinstri stjórnin sem þá var stjórn Alþfl. og Framsfl., fékk ekki að taka lán í Bretlandi og fékk ekki að ganga í ríkisábyrgð. Þetta var eins erfitt ástand út á við og hægt var að hugsa sér, og það var verið að brjótast í því, ef ég man rétt, að fá lán í Svíþjóð án ríkisábyrgðar til Sogsvirkjunarinnar. Það var um það, sem þá var verið að deila. En hins vegar var sem sé brotizt í því þá í þeim erfiðleikum, sem þá voru og næstum því í banni Hambrosbanka, sem þá hafði álíka aðstöðu gagnvart Íslandi og Alþjóðabankinn hefur núna, að útvega lán handa Íslendingum sjálfum til að gera sína eigin Sogsvirkjun, hvað sem þau voldugu bankavöld erlendis segðu. Og það tókst. Það tókst, þannig að við hefðum mátt muna það líka núna, að það er ekki ofverkið okkar að leggja í það, sem við álítum nauðsynlegt að leggja þarna í, og ég ætla ekki að fara hér út í. — Svo aftur nýsköpunin. Þar lendum við aftur í því að vinna saman að tæknilegum framförum.

Þessa hluti vildi ég aðeins rifja upp, til þess að við gerðum okkur ljóst, að það er ekki alveg nýtt, að við séum að deila um svona mál. Þegar svona mál koma fyrir, verðum við að athuga þau í hvert skipti og meta og ekki að slá því föstu, að allt, sem heitir tæknileg framför, í verksmiðju eða eitthvað slíkt nýtt, sé absalút gott. Við verðum að meta það í hvert skipti. Við verðum þá að kunna að láta þetta þrennt fara saman, sem verið hafa meginþættir í okkar framfarabaráttu á þessari öld: Baráttuna fyrir okkar pólitíska, efnahagslega sjálfstæði, baráttuna fyrir tæknilegum framförum okkar Íslendinga og baráttuna fyrir félagslegu réttlæti. Sterkt auðvald er hemill á félagslegu réttlæti, og það er hættulegt að fá sterkt auðvald í okkar landi, ef við ætlum að knýja fram sem mest félagslegt réttlæti. Að fá sterkt útlent auðvald í okkar land er ekki aðeins hættulegt gagnvart félagslegu réttlæti, það er líka hættulegt gagnvart efnahagslegu og pólitísku sjálfstæði. Og það er raunverulega ekki aðeins hættulegt fyrir alþýðu manna, fyrir verkalýð, það er líka hættulegt fyrir a.m.k. stóran hluta af íslenzkri borgarastétt.

Það er máske engin tilviljun, að við, ég og hæstv. forsrh., lukum okkar ræðum í dag svo að segja báðir með sömu hugsunum. Hann sagði: „Við fáum vald á þeim ekki síður en þeir á okkur, og við getum þá tekið eignarnámi, ef þjóðinni býður svo við að horfa.“ Og mér þótti vænt um að heyra þetta hjá hæstv. forsrh. Ég lauk minni ræðu með því að segja, að það gæti farið svo, að við yrðum að hefja baráttu fyrir því að þjóðnýta þessa verksmiðju, þannig að það er sama hugsunin hjá okkur báðum um þrautalendinguna, ef það skyldi nú sýna sig, að við eða þeir, sem ráða ferðinni nú, hefðu farið of geyst eða treyst um of á ýmis þau atriði í sambandi við þetta, sem síðan brugðust.

En það, sem fyrir mér vakir, og það, sem veldur mér áhyggjum í þessu sambandi, er þetta: Er öruggt, að við, þótt við tveir hefðum þessa sömu hugsun, hæstv. forsrh. og ég, er öruggt, að við gætum eða þeir, sem tækju við af okkur eftir 10—20 ár, gætu þá ráðið við hlutina, þó að okkur finnist báðum, að við gætum ráðið við þetta í dag? Ég býst við, að það sé alveg rétt hugsað hjá hæstv. forsrh. Með þeim hugsunarhætti, sem nú ríkir á Alþ. hjá öllum flokkum, mundum við, ef við t.d. á næstu 4—5 árum sæjum, að við hefðum misreiknað okkur, mundum við geta breytt þessu. En getum við breytt þessu eftir 10—20 ár? Hæstv. forsrh. hefur auðsjáanlega brotið heilann um þetta, því að hann kemur með þær röksemdir, að það sé nú ekki svona hættulegt vald þessa fyrirtækis, eins og ég vildi vera láta. Hann segir: Það eru mörg fyrirtæki hér, sem hafa fleiri aðila í sinni þjónustu: Samband ísl. samvinnufélaga hefur 1300 manns, Loftleiðir hafa yfir 500, Eimskip 700, Flugfélagið hefur 300, en vald þessara fyrirtækja liggur ekki í fjölda þeirra starfsmanna, vegna þess að með því atvinnuástandi, sem nú er, geta þessi fyrirtæki ekki haft það vald, sem þau hefðu haft á atvinnuleysistímum í sambandi við það að hafa svona marga starfsmenn og veita svona mikla vinnu. Vald þess fyrirtækis, sem nú á að koma inn í landið, allt svo Swiss Aluminium, liggur í auði þeirra og þar með auði, sem er

óháður íslenzka ríkinu, óháður íslenzkum ríkisbönkum. Þrjú af þeim fyrirtækjum, sem hæstv. forsrh. talaði um, Samband ísl. samvinnufélaga, Eimskipafélag Íslands og Flugfélag Íslands, öll þessi þrjú fyrirtæki eru mjög háð íslenzkum ríkisbönkum, öll þessi fyrirtæki verða að sækja mjög mikið til þeirra, þannig að ríkisstj. getur á hverjum tíma, ef þessi fyrirtæki ætluðu að reisa sig, þannig að mönnum fyndist það mikið, haft mjög mikinn hemil á þeim. Loftleiðir eru máske það af þessum fyrirtækjum, sem er efnahagslega óháðast ríkinu. Loftleiðir munu, þegar þær hafa greitt hæst í skatt hér, hafa borgað, ég held á árinu 1964, um 29 millj. kr. í tekjuskatt, útsvar og allt annað slíkt, allt svo verið meira en hálfdrættingur á við það fyrirtæki, sem hér er verið að ræða um að veita sérleyfi til 45 ára. Öll þessi fyrirtæki hafa hins vegar ekki að neinu leyti svipaða aðstöðu og þetta fyrirtæki kemur til með að hafa. Allt svo, hvort sem gróði þessa fyrirtækis, Swiss Aluminium, hér á Íslandi er 200 millj., eins og hæstv. iðnmrh. gizkaði á, eða 460 millj., sem ég var að gizka á eða einhvers staðar þarna á milli (Gripið fram í.) — já, já, formúlan, hún er ekkert vitlaus, — þá er það svoleiðis langsamlega fram yfir allt, sem nokkur íslenzk fyrirtæki hafa haft, að það er allt svo um fyrirtæki af allt annarri gráðu að ræða en það, sem við höfum verið að tala um. Við erum sem sé ekki bara að fara inn á nýja stefnu með þessu. Við erum að fá alveg nýja aðila, við erum að fá einhvers konar risa til viðureignar í samanburði við þá svona tiltölulega jafnréttháu aðila frá sjónarmiði t.d. ríkisins, sem við höfum fengizt við fram að þessu. Valdið, sem það fyrirtæki hefur, þessi svissneski auðhringur, er þess vegna allt, allt annars eðlis heldur en allra þeirra fyrirtækja sem við höfum haft hérna á Íslandi. Og þegar þetta fyrirtæki færi svo, m.a. vegna þess, að það les vafalaust það, sem við segjum hér, bæði hæstv. forsrh. og ég, og ekki sízt með mikilli athygli, hvað hann segir, þegar það jafnvel heyrir minnzt á það strax og þetta ber á góma, að jafnvel hæstv. forsrh. dettur í hug eignarnám, er gefið, að svona fyrirtæki byrjar að setja sig í varnarstellingar frá upphafi vega og byrjar að skapa sér sinn varnarvegg í íslenzkum stjórnmálum, í íslenzkum blöðum og í íslenzkum flokkum.

Þegar við erum að ræða um þetta fyrirtæki, erum við að deila um, hvort við eigum að fá erlenda stóriðju inn í landið eða íslenzka stóriðju. Við getum vel og höfum vel efni á að koma okkur upp íslenzkri stóriðju, meira að segja þó að hún væri eins stórfelld og það, sem þetta alúmíníumfyrirtæki vill fara fram á. Við erum nógu ríkir til þess, Íslendingar, þannig að deilan stendur ekki um, hvort menn vilji núna tæknilegar framfarir, hvort menn vilji það stórkostlegar framfarir meira að segja, að við reistum alúmíníumverksmiðju eða einhverja verksmiðju, sem vinnur úr útlendu hráefni. Deilan stendur um, hvort það ætti að vera íslenzkt eða útlent, hvort það ætti að vera íslenzkt vald, sem þarna er um að ræða, kannske sambland af ríkisrekstri eða einstaklingsrekstri, eða hvernig sem við vildum hafa það, en í öllu falli íslenzkt, eða hvort það á að vera útlent með alls konar sérréttindum. Það er um þetta, sem væri barizt. Við hefðum ekki verið í neinum vandræðum með það, Íslendingar, ef við hefðum mátt leggjast á eitt, t.d. núna, allir flokkar hér í þinginu að byggja upp svona fyrirtæki. Þess vegna vil ég líka alvarlega vara hæstv. ríkisstj. við, m.a. vegna þess, að ég heyrði hjá hæstv. forsrh. og hef heyrt áður hjá hæstv. iðnmrh., að við ráðum við hlutina, ef það skyldi sýna sig, að við hefðum reiknað rangt núna eða breytt rangt núna. Þjóðin getur breytzt, og hún getur breytzt til hins verra undir það slæmu áhrifavaldi, að okkar kynslóð núna liti á það sem hnignun. Það væri eins og að komast í eins konar álög, ef það væri búið af auðvaldi þessa fyrirtækis um áraraðir að iðka hér slíkan áróður, að það væri búið að gera Íslendinga að slíkum umskiptingum, að þeim þætti sjálfsagt að fá sem mest af útlendu auðmagni beint inn í landið. Svissneski auðhringurinn gerbreytir kraftahlutföllunum hér á Íslandi, ekki aðeins á milli atvinnurekendastéttarinnar og verkalýðsstéttarinnar, heldur líka kraftahlutföllunum innan borgarastéttarinnar sjálfrar, kraftahlutföllunum á milli t.d. sjávarútvegsins annars vegar eða þeirra, sem honum stjórna, og þess hins vegar, sem erlendis mundi nú vera kallað fjármálaauðvald.

Það eru nú þegar menn í landinu, sem eru miklu, miklu ógætnari í þessum efnum en hæstv. ríkisstj. Í hennar aðalflokki, í Sjálfstfl., eru menn, sem nú þegar líta á það sem bjargræði, sem hjálpræði, að fá sem mest af erlendu auðmagni inn í landið og munu auðsjáanlega berjast fyrir því sem einhvers konar hugsjón. Ég efast ekkert um, að þeir trúi því, að slíkt auðmagn sé þjóðinni til slíkrar blessunar, að það sé bara um að gera að fá það, hvaðan sem það kemur. Og ég vil minna hæstv. forsrh. á, að þegar þessi verksmiðja verður búin að starfa í 10 ár, ef hún kemst á, er hann orðinn maður yfir sjötugt. Þá eru e.t.v. teknir við menn í Sjálfstfl., sem eru af þeirri kynslóð, sem ekki hefur sams konar uppeldi og erfð í sínu blóði og okkar kynslóð hefur haft, — sem ekki hefur lifað á Íslandi undir dönsku flaggi, sem ekki hefur þá tilfinningu fyrir okkar sjálfstæði, sem okkar kynslóð hefur haft, menn sem fyrst og fremst hugsa svo að segja alþjóðlega hvað það snertir, að auðmagn sé hlutur, sem sé góður, hvaðan sem auðmagnið kemur, og það sé hégómi að vera svona hræddur við slíkt. Og það geta þá verið slíkir menn, sem ekki hafa þessa erfð í sínu blóði, sem séu teknir við og hafi það voldugan bakhjarl hér, þar sem þessi auðhringur er og máske þá fleiri, sem væru komnir í hans kjölfar, að þær hugsanir, sem við núna látum í ljós, finni ekki lengur hljómgrunn hjá meiri hl. þjóðarinnar, þegar svo væri komið. Það er þess vegna, sem ég álít, að við eigum ekki að fara inn á þessa braut. Við eigum að stöðva þetta núna. Það er ekkert, sem rekur okkur til þess.

Sagt var áðan, að ég mundi ekki hafa lesið alla 14. gr. samningsins. Ég hef einmitt gert það. Í upphafi hennar eru ákveðnar undanþágur frá aðflutningsgjöldum á innfluttum vörum ýmiss konar, þ. á m. vistum, sem ISAL telur sig þurfa að nota við byggingu og rekstur bræðslunnar. Og það er ekkert síðar í

þessari 14. gr., sem afturkallar þessi ákvæði, enda hefði það ekki haft þýðingu að setja þetta þarna inn, ef það væri svo tekið aftur með öðrum ákvæðum síðar í gr., enda virtist mér nú hæstv. landbrh. viðurkenna, að það ætti að undanþiggja vistir, sem bræðslan notaði, undanþiggja þær aðflutningsgjöldum. Og auðvitað var alveg þýðingarlaust fyrir hið útlenda fyrirtæki að fá þetta tekið inn, undanþágu frá greiðslu aðflutningsgjalda, m. a. af vistum, ef það hafði enga möguleika til að flytja inn útlendar matvörur, og ég álít, að þessi möguleiki sé þeim gefinn í 18. gr. Því miður held ég, að þessi skilningur minn á samningnum sé réttur, ég segi, því miður, því að þetta er mjög slæmt fyrir okkur Íslendinga, og eins og ég sagði áður, eitt af því, sem gerir það að verkum, að við eigum að hafna þessum samningi.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Það kom mér mjög á óvart að verða þess var, að ég hafði sært minn gamla vin og félaga, hv. 1. þm. Austf., Eystein Jónsson, með mínum orðum. Því fór fjarri, að það væri mín ætlan, en það sýnir einungis, að komið er við kviku, þegar á þessi mál er minnzt. Ég tók einmitt fram í mínum orðum, að ég efaðist ekki um góðan vilja þessa hv. þm., þegar hann var ráðh. og þáv. ríkisstj. hefði reynt að gera sitt til að bæta úr vandræðunum, þó að henni hefði ekki tekizt að ráða við vandann, en það er allt annað mál. Góður vilji var vafalaust fyrir hendi. Þessi sárindi hv. þm. urðu svo til þess, að hann var með hnútur í mig þessum málum alveg óviðkomandi, að ég hefði átt þátt í einhverjum skammaskrifum um hann frá hans fyrstu ráðherradögum. Ég man ekki eftir því og get raunar fullvissað hann um, að ég átti ekki neinn þátt í birtingu þess plaggs, sem hann var að vitna til, að því er mér skildist. Eins var það algerlega rangt, sem hann sagði um mína afstöðu í landhelgismálinu 1958, — gersamlega tilhæfulaust. Það sýnir einungis, að hv. þm. er farið að förlast, þótt ekki sé hann nú eldri en á grönum má sjá. Hann treystir ekki lengur sínu eigin minni, heldur trúir ósannindum, sem prentuð eru oft í Tímanum, og það má vera honum vorkunn, af því að hann les það blað að staðaldri. En ef hann vildi taka sig til og lesa Morgunblaðið frá sumrinu 1958, mundi hann sjá, að þar var haldið allt öðru fram en hann virðist nú trúa og Tíminn stöðugt boðar. Við skulum láta það mál eiga sig.

Við getum ekki deilt um það, — og það er nauðsynlegt, að við gerum okkur það alveg ljóst, — að það varð afturkippur í framfarasókn íslenzku þjóðarinnar á árunum 1930—1940. Það tjáir ekki að ætla að halda því fram, að þegar mörg hundruð manns af fjölskyldufeðrum, meira en 10. hver fjölskylda í Reykjavík, átti við atvinnuleysi að búa, væri það framsókn, framför frá því, sem verið hafði. Þetta var ógæfa, sem yfir þjóðina kom, mesti afturkippur hiklaust að segja, sem orðið hefur á þessari öld. Það er svo allt annað mál, af hverju þetta stafaði, og ég hef ekki sagt, að það stafaði af ráðstöfunum þessa hv. þm. og hans ríkisstj. Ég hef hins vegar sagt, að hún hafi ekki ráðið við það, en ég játaði, að hún hefði gert ýmsar tilraunir til þess að ráða bót á þessu. Hv. þm. nefndi þar á meðal Sogsvirkjunina. Hv. síðasti ræðumaður, 3. þm. Reykv., minntist líka á Sogsvirkjunina, og hann mundi nokkuð betur aðdraganda hennar, þegar bæjarstjórnin í Reykjavík hafði í því máli alla forustu. Sannast bezt að segja hafði það mál verið margoft fyrir Alþ., og tók langan tíma að fá það samþ., og meðan Framsókn hafði hér synjunarvald. var það mál stöðvað. Síðan var það knúið fram með lagasetningu á Alþ. fyrir forgöngu Sjálfstfl. og Alþfl. Síðan beitti Jón Þorláksson sér fyrir öllum framkvæmdum í málinu. En það skal fúslega viðurkennt, að ríkisstj., þegar til átti að taka og þeir voru í hana komnir, Hermann Jónasson, Eysteinn Jónsson og Haraldur Guðmundsson, veitti þessu máli sinn atbeina, sendi Sigurð Jónasson út með Jóni Þorlákssyni. Ég hygg sannast að segja, — þeir eru nú báðir vonandi á góðum stað nú, — en ég hygg, að ég móðgi hvorugan, þó að ég segi, að Sigurður hafi frekar þurft á gæzlu að halda á ferðalögum en Jón Þorláksson, og Jón hefði orðið alveg einfær um að ljúka sínu erindi. Annars er ég ekki að halla á Sigurð. Hann hafði mikinn áhuga fyrir þessu máli og lagði því það lið, sem hann mátti. Málið komst að lokum fram fyrir forgöngu, það má segja allra flokka, áður en yfir lauk. En það hafði kostað langa og harða baráttu, og eins og ég minnti á, var það í þingrofinu 1931 talið eitt af samsærismálunum, sem fjandflokkar Framsóknar hefðu komið sér saman um bændum til óþurftar. Ég hygg, að sá, sem bar lagalega ábyrgð á því skrifi, sé vinur okkar, hv. 3. þm. Norðurl. e., Gísli Guðmundsson, en vel má vera, að annar hafi stýrt pennanum að því sinni. Ég skal ekki segja um það. En þetta eru sakir, sem er ástæðulaust að vera að rifja upp nú, en líka ástæðulaust að fara rangt með.

Það er líka algerlega rangt, að sjálfstæðismenn hafi verið á móti því að koma hér upp hraðfrystiiðnaði og þáv. ríkisstj. hafi haft um það alla forustu. Sannleikurinn í því máli er sá — og ég hef þann fróðleik úr bók, Skýrslu fiskimálanefndar, sem er samin af Arnóri Sigurjónssyni. Hann rekur þar að a. m. k. 1930 er komið hér hraðfrystihús í Reykjavík, Sænska frystihúsið, og skömmu síðar kemur lítil hraðfrystistöð, sem Ingólfur Espólín hefur. Sænska frystihúsið frysti að vísu með annarri aðferð og öðrum hætti en síðan varð ofan á, en það byrjaði þessar tilraunir og framleiddi samkv. því, sem hér er sagt í þessari bók, eitthvað rúm 1200 tonn 1930. Síðan dró úr þessu, sum árin varð það lítið, önnur árin kringum 500 tonn. Síðan verða í þessu umskipti og nýr háttur tekinn upp. Eftir skýrslu Arnórs Sigurjónssonar, — ég hef ekki kynnt mér það mál sjálfur, — en eftir því, sem hann segir í þessari bók, er það fyrst samkv. till. Ólafs Thors, sem hann segir hann hafa flutt á Alþ. 1934 í samráði við Sjálfstfl., sem till. er gerð um stofnun fiskimálaráðs, sem m. a. á að sjá um að koma upp hraðfrystihúsum sem víðast um landið. Eftir að þetta frv. Ólafs og sjálfstæðismanna er flutt, ber ríkisstj. fram frv. um fiskimálanefnd með nokkuð annarri skipun, og fiskimálanefnd tók síðan við forustu í þessum efnum með þeim árangri, að þegar leið fram að stríði, voru síðustu árin framleidd

eitthvað 2500 tonn, og Arnór bendir réttilega á, að framleiðslan hafi nokkuð smáaukizt — með nokkrum afturkippum þó — frá árinu 1930 til 1940.

Það er alveg ástæðulaust að vera að deila nú um það, hver hafi átt hvern þátt í þessu máli. Það er alveg ljóst, að þarna hafa margir aðilar komið að. Ég rek þetta hér, vegna þess að hv. 1. þm. Austf. fullyrti, að sjálfstæðismenn hefðu verið á móti þessum framkvæmdum. Þeir voru á móti frv. eins og það endanlega var samþ., af því að það var sett fram, eins og glögglega kemur fram í lýsingu Arnórs Sigurjónssonar, til höfuðs frv., sem sjálfstæðismenn áður höfðu flutt. Við vitum, hvernig metnaður hleypur í menn á þingi, þegar þannig er farið að. En allir sáu, að hér var nauðsynjamál, sem þurfti að vinna að.

En það sorglega í þessu er það, að þrátt fyrir þessa góðu viðleitni, þrátt fyrir Sogsvirkjunina, sem bætti mjög úr atvinnuleysinu á sínum tíma, þrátt fyrir stofnun þessara mörgu iðnfyrirtækja, sem hv. 1. þm. Austf. minnist á, og ég efast ekki um, að ríkisstj. hefur beitt sér fyrir, léttir atvinnuleysinu hér ekki fyrr en herinn kemur til landsins 1940. Og áður hafði þó það gerzt, að fyrst slitnaði upp úr samvinnu Framsfl. og Alþfl. og síðan var mynduð þjóðstjórn, samsteypustjórn Framsóknar, Sjálfstfl. og Alþfl. En ástandið í heild var þannig, að menn réðu ekki við þann vanda að létta af atvinnuleysinu, þrátt fyrir margfaldar tilraunir, fyrr heldur en hernaðarvinnan kom til. Þetta eru staðreyndir, sem ekki tjáir að neita, alveg eins og það er ljóst, að aukning hraðfrystingar á fiski fer fyrst að verða veruleg, eftir að stríðið kemur, — ekki vegna þess að þá hafi skyndilega aukizt svo framleiðslumöguleikinn, heldur opnast þá markaður, sem áður var ekki fyrir hendi. Ég var að rifja þessi efni upp áðan það lítið, sem ég fór inn á þau, sumpart til að svara því, sem hv. 1. þm. Austf. hafði sagt hér á dögunum og sumpart og aðallega til þess að sýna fram á, hversu hættulegir einhæfir atvinnuvegir hafa reynzt okkur Íslendingum og við ættum allir að vera búnir að læra, að slíkt er engum til heilla.

Hv. 1. þm. Austf. vildi halda því fram, að það væri alveg óvíst, að nokkur iðnaður eða fleiri störf fylgdu í kjölfar álbræðslunnar, og sagði, að það væri þvert á móti því sem sagt væri frá Noregi. Ég veit ekki, hvort mig hefur verið að dreyma, en ég held, að ég hafi einhvers staðar lesið það og jafnvel heyrt hv. þm. segja það hér í ræðu sinni á dögunum, að það hafi verið sagt frá því af ekki ómerkari manni en hv. 3. þm. Norðurl. e., Gísla Guðmundssyni, að hundrað þúsund tonna álbræðslu væri sagt að fylgdi 10 þús. manna byggð, þegar allt kæmi til alls. Sagt er, að það þurfi 450 manns í 60 þús. tonna álbræðslu. Við skulum segja, að það þyrfti eitt þús. manns í 100 þús. tonna bræðslu. Með fimm manna fjölskyldu er þetta þó ekki meira en 5 þús manns. Eftir málflutningi þessara manna er þá jafnstór hópur manna, sem fær ýmiss konar vinnu í kringum þetta eins og þeir, sem vinna við fyrirtækið sjálft. Í öðru hvoru tilfellinu er um einhvern misskilning að ræða í málflutningi hjá þessum hv. þm. Þegar verið er að tala um hættuna á fólksflutningum hingað, halda þeir sig að kenningu hv. þm. Norðurl. e., en þegar á að gera sem allra minnst úr þýðingu fyrirtækisins og hvaða örvun það gæti haft á atvinnulíf landsmanna, er látið eins og þetta sé ekki til. Slíkur málflutningur er engum til góðs og bætir sízt mjög hæpinn málstað hjá þessum hv. þm.

Svipað kemur fram hjá þessum hv. þm., þegar þeir í öðru orðinu segja, að alls ekki megi nú ráðast í þessa framkvæmd vegna vinnuaflsskortsins, þó að þeir gætu undir vissum kringumstæðum ella hugsað sér að ráðast í framkvæmdina.

Ég hlustaði ekki á alla ræðu hv. þm. Norðurl. e., Gísla Guðmundssonar, í gær, en svo mikið heyrði ég af hans ræðu, að hann taldi mál málanna fyrir sig og sína skoðun og skoðanabræðra vera það að virkja Dettifoss og koma upp mannvirkjum til nýtingar þeirri orku. Og hann lagði áherzlu á, að það mál væri allt annað en virkjun Búrfells. Hann lagði áherzlu á, að virkjun Dettifoss mætti ekki dragast út frá þeim rökum, sem hann færði fyrir því, um leið og hann viðurkenndi, að það væri eðlilegt, að Sunnlendingar virkjuðu við Búrfell, vegna þess að þeir þyrftu á þeirri orku að halda. En þá eru þessir hv. þm. komnir í þá sjálfheldu vegna sinnar rökfærslu, að í öðru tilfellinu segja þeir, að það sé ekki hægt að ráðast í álbræðslu á Suðurlandi vegna mannaflaskorts, en það er hægt í senn að byggja tvær stórvirkjanir, aðra við Búrfell, hina við Jökulsá á Fjöllum, og a. m. k. að byggja álverksmiðju fyrir norðan. Það er auðsjáanlegt af þessu, að hér stangast rökfærslan mjög, enda er því ekki að neita, að alltaf er í öðru orðinu sagt: Undir vissum kringumstæðum mundum við nú vera með þessum ráðagerðum.

Það var nærri komið að mér að vikna, þegar hv. 1. þm. Austf. var að tala um Atvinnujöfnunarsjóðinn, sem hv. 5. þm. Vestf., Hannibal Valdimarsson, vildi að vísu kalla „samvizkubitið," en hv. 1. þm. Austf. sagði skilgetið barn Framsóknar, hvernig sem stendur nú á því, að það er samvizkubit út af þessu skilgetna barni, ég veit það ekki. (Gripið fram í.) Látum það nú eiga sig. — Já, það er í slæmu fóstri, sagði þm., það er alveg rétt. Hann var nefnilega að minna á, að það væru til einhverjir, sem vildu koma og passa barnið í fóstrinu. Hann er í öllum sínum málflutningi að gefa í skyn eins og hv. 5. þm. Vestf. réttilega vakti athygli á um daginn, að ef Framsfl. kæmi í ríkisstj., þá sé hann ekki búinn að segja neitt í þessu álmáli enn, sem hindri að hann gæti greitt atkv. með því. Þegar maður verður var við þessa löngun, er auðvitað ósköp eðlilegt, að hv. 1. þm. Austf. verði sár við mig, þegar hann heldur, að ég sé að snupra sig. Hann býst við allt öðrum viðtökum, blessaður maðurinn. En hann fær að bíða um sinn.

Það er furðulegt með svo glöggan mann, sem hefur jafngóðan tíma til íhugunar, meðan á biðinni stendur, að hann skuli ekki átta sig á jafneinföldum orðum eins og hvað það þýðir að vera undir íslenzkum lögum. Hann heldur, að þó að íslenzka stjórnin semji um að leggja mál undir gerðardóm, þótt erlendur gerðardómur sé, sé þar með málið farið undan íslenzkum lögum, þó að sagt sé í samningnum sjálfum, að eftir íslenzkum lögum eigi að dæma. Þetta snýst svo gersamlega við, að mér er óskiljanlegt, að hv. þm. meini í alvöru það, sem hann um þetta segir.

Annars sé ég enga ástæðu til þess að vera að karpa við hv. þm. frekar og eltast við einstakar fullyrðingar

hans. Aðalatriðið er ekki, hverjum eitthvað er að kenna af því, sem misfarið hefur í fortíðinni, heldur hitt, að menn reyni að læra af henni og sjá, hvað til þess þarf, að betur megi fara héðan í frá.

Hv. þm. vitnaði oft í það í sinni ræðu, að það hefði verið örðugt á árunum frá 1934—1939 og sagði, að þá hefði ekki verið hægt að leita neinnar samvinnu eða samhjálpar erlendis. Þetta er alveg rétt hjá hv. þm. Ein af höfuðorsökunum til þess, að efnahagsástand er ekki aðeins miklu betra hér á Íslandi, heldur víðs vegar í heiminum, a. m. k. í vestrænum löndum, nú eftir seinni styrjöldina en áður, er sú víðtæka samvinna, sem tekin er upp á milli þjóðanna. Í þessu er meginmunur og það er vafalaust alveg rétt hjá hv. þm., að í þeim glundroða, sem í þessum efnum ríkti á millistríðsárunum, og með þeirri fjármálastefnu, sem þá var haldið uppi og var kennd ekki sízt við aðalbankastjóra Englandsbanka, sem var lengi á þessu tímabili, var kreppa meira eða minna óviðráðanleg, og a. m. k. smáþjóð eins og Íslendingar átti ákaflega erfitt með að ráða ein fram úr málum sínum, þó að kunnugir menn, hagfræðingar þ. á. m., fullyrði, að bati hafi komið mun seinna á Íslandi en í flestum öðrum löndum. Það er önnur saga. En það er alveg víst, að menn lærðu af ástandinu á millistríðsárunum og þ. á m. orsökunum til valdatöku Hitlers, þ. á m. af þeim hörmungum, sem urðu með seinni heimsstyrjöldinni, að sá algeri glundroði og það, að hver reyndi einungis einn að bjarga sér eins og var á þessu tímabili, dygði ekki. Þess vegna hafa menn tekið upp allt aðra starfshætti en áður var, miklu ríkari samvinnu sín á milli heldur en þekktist fyrr. M.a. er fjárfesting erlendra borgara í öðrum vinveittum ríkjum, m.a. í Evrópu, miklu tíðkanlegri nú en áður. Það er t.d. lærdómsríkt dæmið af Hollendingum. Margir héldu, að þeir hefðu sótt auðlegð sína fyrir seinna stríðið á þessari öld í nýlendur sínar í Austur-Asíu. Það hefur hins vegar komið í ljós, að eftir að þeir misstu ítök sín þar, eru þeir efnaðri og standa sig mun betur heldur en nokkru sinni fyrr. Þetta á m.a. rætur sínar að rekja til þess, hversu áfjáðir erlendir auðhringir, eins og hér eru kallaðir, hafa verið í að koma upp ýmiss konar fyrirtækjum þar í landi, sem hafa gerbreytt efnahagsástandinu, dregið mjög úr fólksflutningum frá Hollandi og endurvakið trú þjóðarinnar á mátt sinn og megin. Ekki vegna þess, að Hollendingar telji sig þræla erlends auðvalds, heldur að með þessari samvinnu hafa þeir öðlazt mátt til þess að rétta sig við á ný og eru nú, eins og ég segi, efnaðri en nokkru sinni fyrr í sinni sögu. Þetta er aðeins eitt dæmi.

Það er nokkuð til í því, sem hv. 5. þm. Austf. sagði hér á dögunum, að segja má, að þetta frv. og þessi samningur sé til þess að ná nokkru af því sama, sem við mundum hafa náð af hagræði við að ganga í Efnahagsbandalag Evrópu. Það er enginn maður, sem efast um það, að margs konar hagræði mundi fylgja því að ganga í slíkt efnahagsbandalag. Það, sem veldur því, að t. d. hv. Alþbm., flestir framsóknarmenn, ég og ýmsir fleiri höfum verið ýmist á móti því að ganga í bandalagið eða mjög hikandi við að taka afstöðu til þess og gert okkur ljóst, allur þingheimur, að ekki kæmi til mála að nálgast það nema með einhvers konar sérsamningi, er, að við höfum ekki viljað játa okkur undir þeirra lög, þeirra lögsögu, þeirra löggjöf, láta þá ráða málum fyrir okkur. Ef við hins vegar getum sjálfir samið við einstaka aðila og náð sams konar hlunnindum eins og þessar þjóðir hafa náð með þessu stóra bandalagi sínu og við getum gert það á þann veg, sem við sjálfir teljum tryggilegt, þá tel ég það ekki einungis vandræðalaust, heldur tel ég það stóran ávinning fyrir okkur, að við á þann veg njótum góðs af þeirri alþjóðlegu samvinnu, sem svo mjög hefur færzt í vöxt og hefur skapað gjörsamlega nýtt andrúmsloft og miklu betri efnahag hjá vestrænum þjóðum eftir stríðið en þær nokkru sinni áður hafa haft við að búa.

Nú segir e. t. v. hv. 5. þm. Austf., Lúðvík Jósefsson: Þetta staðfestir enn grun minn um það, að Bjarni Benediktsson sé með því að taka hér inn áframhaldandi erlent fjármagn. Ég svara: Um það segi ég ekki neitt. Ég segi: Það er atriði, sem verður að ákveða í hvert sérstakt skipti, alveg eins og hv. 3. þm. Reykv., Einar Olgeirsson, sagði áðan. Hann sagði: Við verðum að skoða slík mál um tækniframfarir í hvert einstakt skipti. Þessu er ég alveg sammála. Við megum ekki afsala til annarra því úrslitavaldi, sem við viljum áskilja okkur, af því það er rétt, að við erum of litlir, höfum ekki þá þýðingu fyrir aðra, að við getum vænzt þess, að þeir taki nægilegt tillit til okkar, ef við eigum að lúta þeirra meiri hl. ákvörðun. Ég segi hins vegar: Hér er ekki stefnt í stærra verk en svo, að það er okkur fyllilega viðráðanlegt að hafa hömlur gegn því, að við verðum ofurliði bornir.

Það er síður en svo, að það geti komið okkar viðsemjendum á óvart, eins og hv. 3. þm. Reykv. gaf í skyn, að ég drap á það, að e. t. v. gæti til þess komið, að þessar eignir yrðu teknar eignarnámi. Það er beinlínis ráðgert í samningunum. Þessir menn eru engin börn. Þeir hljóta að vita hvað við liggur og hvernig á stendur í heiminum bæði hér og annars staðar. Þeir vita það ósköp vel, að eins og þeir öðlast hér vissa aðstöðu, þá eru þeir seldir undir íslenzk lög, undir okkar yfirráð og verða að koma þannig fram, að meiri hl. þessarar þjóðar vilji una því að hafa þeirra atvinnurekstur í þessu landi. Þetta er alveg ljóst, og ég er fyllilega sammála því, að varlega beri að fara í þessum efnum, að það eigi ekki að opna allar gáttir. Ég er alveg sammála hverju einasta orði, sem hv. 3. þm. Reykv. las hér upp eftir mínum ágæta vini Ólafi Thors. Það kemur auðvitað ekki til neinna mála, að við samþ. sérleyfi handa útlendingum einungis vegna þess, að þeir setji tryggingu fyrir því, að þeir geti staðið við sínar skuldbindingar. Það verður að athuga það mál miklu betur hverju sinni.

Af því litla, sem hv. þm. las upp og rifjaði upp um Titanmálið, kom það ljóslega fram, að þar stóð allt öðruvísi á en um þetta mál. Samningurinn átti í fyrsta lagi að gilda um 70 ár. Við höfum þó ekki gengið inn á meira en 45 ár með þeim skildögum, sem á því eru. En þar að auki var, að því er ég hygg, um að ræða virkjun fossanna. Þeir áttu vatnsaflið sjálfir á þeim tíma, ætluðu að virkja sjálfir, ætluðu bæði að eiga rafmagnið og þá verksmiðju, sem reka átti fyrir aflið,

auk þess sem þá var engin Sogsvirkjun komin, og ljóst var, að Ísland, a. m. k. Suðurlandsláglendið og sennilega Reykjavík líka mundu verða þessum mönnum háð um alla sína rafmagnsneyzlu. Það er alveg greinilegt, að það mál horfði allt öðruvísi við, var miklu viðurhlutameira en það mál, sem við nú erum að tala um. Ég er ekki reiðubúinn til þess að segja meira um það án þess að rifja upp fyrir mér málið í einstökum atriðum. En það sýnir einungis, að það er rétt, sem hv. 3. þm. Reykv. segir, að svona mál verður að skoða í hverju einstöku tilfelli og það hefur engum manni komið til hugar að afsala til útlendinga úrskurðarvaldi yfir þeim efnum.

Ég hika ekki við að ítreka enn, að við fáum miklu sterkari aðstöðu gagnvart okkar viðsemjendum heldur en þeir gagnvart okkur. Annars var ég sammála ýmsu, áreiðanlega flestu af því, sem hv. 3. þm. Reykv. sagði nú, og get raunar tekið undir margt af því, sem 5. þm. Austf. sagði í því, sem hann vék að mér. Ég hygg, að það sé ekki ákaflega mikill munur á okkar skoðunum, ef hann heldur staðfastlega við það, sem hann sagði í þeim efnum.

Ég hef allra sízt gert lítið úr þýðingu sjávarútvegs og fiskiðnaðar fyrir Íslendinga. En það er gömul regla, að það þykir ekki gott að hafa öll eggin í einni körfu. Þetta vitum við allir og það er auðvitað ekki lausn á því máli eingöngu það, sem hv. þm. sagði, að við eigum að nýta aflann betur. Það er rétt, við komumst þá af með minni afla, en við erum engu að síður háðir aflanum. Eitt, sem hv. þm. stundum gáir ekki að, er að ein ástæðan til þess, að ekki hefur verið farið lengra í nýtingu aflans hér á landi, — og það veit hv. þm. ósköp vel, — er sú, að ef það væri gert, þá mundum við lenda í miklu hærri tollum erlendis, þannig að innflutningur yrði stöðvaður. Svo viðbúið er, að frekari nýting á aflanum, þannig að hann verði líkari venjulegri iðnaðarvöru í stað matvöru, getur átt stórkostlegan þátt í því að neyða menn til að ganga í einhver af þeim efnahagsbandalögum, sem einmitt hv. Alþb.-menn annars virðast vera lítt hrifnir af. Þessi mál eru engan veginn eins einföld og stundum mætti ætla af orðum hv. þm. og við út af fyrir sig mundum vilja kjósa.

Hv. þm. gerir lítið úr þeim gjaldeyristekjum, sem við fáum af álbræðslunni, látum það vera. En hann gerir hins vegar ekki lítið úr því, þegar verið er að tala um, að við getum selt niðursuðuvörur til Rússlands fyrir 25 millj. kr. Þá þykir þetta stórkostlegt stórmæli og merkilegt. Það er gefin út fréttatilkynning af ýmsum helztu mönnum heims, austantjalds og vestan um slík stórmæli.

Hv. þm. spyr, hvað verði eftir, þegar þessir erlendu menn hverfi héðan að samningstíma liðnum, hvað verði þá eftir, hvað sitji eftir af þeirra verkum hér? Í fyrsta lagi geta þeir aldrei alveg flutt verksmiðju sína og mannvirki. Höfnin stendur, og eitthvað af mannvirkjunum stendur. En einkanlega ráðum við þá yfir aflinu óbundið. Við vitum það með löngum fyrirvara, hvort þeir fara og getum þá ráðstafað atvinnu til okkar eigin þarfa, eftir eigin vild, eins og sú kynslóð, sem þá er uppi óskar helzt. Ég legg áherzlu á það, að hv. þm. sagði, að fróðir menn héldu því fram, að við hefðum vatnsafl til 40—50 ára, ef notkun rafmagns ykist hér svipað og hjá öðrum vestrænum iðnaðarþjóðum, — hjá iðnaðarþjóðum, — en þær þurfa auðvitað miklu meira rafmagn en þjóð, sem er komin jafnskammt í iðnaði og við. Þó skulum við muna það, sem ég sagði í dag, að enginn af okkar höfuðatvinnuvegum, sjávarútvegi, iðnaði eða landbúnaði, getur lifað nú án mikillar rafmagnsnotkunar. En rafmagnið endist, þó að við tækjum upp — eftir því sem hv. þm. segir, — venjulega iðnaðarnotkun eins og hún tíðkast í vestrænum löndum, þá endist aflið í 40—50 ár, þ.e.a.s., að þegar þessi samningur er útrunninn, þá erum við einnig frjálsir að ráðstafa þessu afli, og hver græðir á því að láta það eða annað tilsvarandi afl vera ónotað allan þennan tíma? Hv. þm. sagði alveg réttilega, að hvað sem líður seinni tíma notkun, þá er það auðvitað hagur Íslendinga, að notkunin byrji sem fyrst á þessu tímabili. Vatnsaflinu verður ekki eytt. Það er ekki eins og annað, sem af er tekið og við getum ekki fengið í staðinn. Vatnið heldur áfram að renna. Hvaða hag höfum við af því að láta það renna ónotað?

Það má vel segja: Sjávarútvegurinn er okkar mesta auðlind. En sveiflurnar í honum viðurkenna allir, þótt svo hafi viljað til, eins og hv. þm. sagði, að stundum hafi eitthvað orðið til bjargar. Það hefur ekki ætíð orðið, en það hefur stundum orðið. En hver veit, hvort þær tilviljanir halda áfram? Fólksfjölgunin heldur a.m.k. áfram. Og hvaða vit er í því fyrir komandi kynslóðir að nota ekki þetta afl, sem allra fyrst til þess að auka auðlegð í landinu og búa betur í haginn fyrir þá, bæði fyrir þá sjálfa og fyrir þá, sem landið eiga að erfa? Og ég legg enn áherzlu á það, sem er alveg örugglega rétt og Norðmenn hafa í opinberum skýrslum lagt á ríka áherzlu, að það er ekki einungis, að þeir telji sig hafa unnið með því að geta selt orkuna, með því að fá venjulega vinnu fyrir sitt verkafólk, heldur segja þeir líka, að hún hafi orðið til ómetanlegs gagns fyrir allsherjar uppbyggingu iðnaðar í Noregi, sú tæknilega þekking, sem hefur komið inn í landið, með því að erlent fjármagn hefur fengið leyfi til þess að taka við ýmiss konar atvinnurekstri. Í opinberum skýrslum er lögð á það áherzla, að þetta sé e.t.v. það mikilsverðasta. Ef Norðmenn, sem hafa í þessum efnum miklu meiri reynslu en við, líta svona á, hversu miklu fremur ætti þetta ekki að verða okkur til gagns?

Það er talað um það með réttu, að land eins og Danmörk, sem ekki hefur miklar náttúruauðlindir, hafi efnast vel á þekkingu og hugkvæmni sinna borgara. Það er rétt. En þeir hafa líka mikinn aðgang að rafmagni og ýmis konar orku, þótt þeir verði að kaupa hana að. Og vitanlega er það dýrara fyrir þá að kaupa hana að, heldur en ef þeir ættu hana hjá sér sjálfum. Og Svisslendingar hafa sagt við mig, löngu áður en þessir menn komu hingað, þeir hafa sagt: Við búum í landi, sem í raun og veru er ekkert annað en steinar og fjöll, ís og nokkrir dalir. Þarna hefur þó vaxið upp einhver efnaðasta þjóð í heimi. Þeir segja: Það er þekkingin, sem hefur hjálpað okkur mjög, en þó fyrst og fremst vatnsaflið og gjörnýting þess á síðustu áratugum.

Því fer sem sagt svo fjarri, að það verði til þess að draga úr okkar þekkingarmöguleikum, möguleikum

okkar til þess að byggja skóla og vegi, að við fáum nýjan, stóran gjaldanda inn í landið, sem borgar tugi millj. í skatta, fyrir utan það, sem hann geldur í vinnulaun. Það þvert á móti gerir okkur auðveldara að sinna öllum þeim verkefnum, sem við játum, að eru óleyst, en okkur hefur vantað fjármagn til að leysa eins og við kysum.

Annars sé ég ekki ástæðu til þess að fjölyrða meira um þetta. Þessar umr. eru orðnar alllangar. Ég endurtek hryggð mína yfir því að hafa sært hv. 1. þm. Austf. og orðið þannig til þess, að hann talaði ekki eins skynsamlega um málið og hann ella hefði gert, því að það er sannast sagt leitt, að það skuli vera svo bert, hversu fulltrúar Alþb. taka skynsamlegar á málum heldur en aðaltalsmaður Framsfl.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Ég skal ekki brjóta þingsköpin með því að tala of lengi. Satt að segja held ég, að hæstv. forsrh. sé eini maðurinn af þeim, sem voru hér í kvöld og heyrðu það, sem ég sagði, sem stendur í þeirri meiningu, að ég hafi verið leiður yfir því, að hann fór að minnast á tímabilið 1934—1938. Ég held, að hæstv. forsrh. sé eini maðurinn, sem ímyndar sér það, að ég hafi verið leiður yfir því. Það var alveg öðru nær. Ég álít, að sá þáttur hefði alls ekki mátt missa sig úr umr. og endurtek einu sinni enn þakklæti mitt til hæstv. forsrh. fyrir það að hafa dregið hann inn í umr. Ekkert hefur kastað jafnskýru ljósi á þetta mál og einmitt sá þáttur, sem fjallaði um það, hvernig hægt er að rífa sig út úr hinum stærsta vanda með myndarlegu framtaki landsmannanna sjálfra og stuðningi við það. Og ég verð að segja það, að ég er alls ekki óánægður með árangurinn af því, sem ég sagði, að því leyti sem hann kemur fram í ræðu hæstv. forsrh. — langt frá því. Ég finn, að hann hefur strax tekið talsvert mikið til greina af því, sem ég sagði hér í kvöld um þessi efni, og það hefur haft stórkostleg áhrif á hann. Í fyrri ræðu sinni í dag var hann bókstaflega útblásinn af vandlætingu yfir því, hversu lélega hefði verið haldið á málunum 1934—1937, en nú varði hann mestu máli sínu til þess að afsaka það. Það hafi verið alveg eðlilegt, að það yrði atvinnuleysi og vandkvæði hjá þjóðinni vegna þeirra áfalla, sem hún hafði orðið fyrir, og yfirvöld landsins, — og þar á meðal ég í þessu dæmi — hafi gert margt til viðreisnar. Og enginn megi skilja sig svo, að hann líti þannig á, að það hafi verið ríkisstj. þá að kenna, hversu erfiðlega gekk með atvinnu. Í þessum tón talaði hæstv. ráðh. núna. Ég verð að segja, að þetta er mikil framför og góður árangur af þeirri tiltölulega stuttu ræðu, sem ég flutti í kvöld um þessi efni.

Hann byrjaði á því í dag að tala um, að bezt væri fyrir mig, að talað væri sem minnst um þetta. Það var dálítið annar tónn núna. Þá sagði hann, að hagvöxturinn hefði verið aðeins 0,6% í kreppunni. Það voru náttúrlega ekki neitt merkileg tíðindi, þegar tekið er tillit til þess, að þá var verðfall á öllum útflutningsafurðum landsmanna og sumir markaðirnir lokuðust alveg.

Ég get sem sagt verið mjög ánægður með þann árangur, sem hefur orðið af þessu, og ég vona, að þetta eigi eftir að festa enn dýpri rætur í huga og hugsun hæstv. ráðh. Hann benti á það alveg réttilega, að þrátt fyrir þessar miklu framfarir, sem urðu, — og hann vefengdi ekkert af því, sem ég sagði í ræðunni, á einn eða annan máta, sem ekki var heldur von, því að það var ekki hægt, — hefði atvinnuleysið ekki verið úr sögunni. Og því miður er það rétt hjá hæstv. ráðh. þrátt fyrir þessa miklu framfarir, sem urðu á móti því, sem féll í rúst. En það ástand var, eins og hann réttilega tók fram áðan, hluti af því ástandi, sem heimurinn átti þá við að búa, og það var varla við því að búast, að við einir gætum rifið okkur upp úr því feni, sem allur heimurinn var kominn í sameiginlega. Ég heyri, að hæstv. ráðh. hefur öðlazt dýpri skilning á þessu nú, og verð ég að segja, að það er ekki til einskis að kenna svona mönnum. Ég hef lengi vitað, að hæstv. ráðh. var vel gefinn og góður námsmaður, en ég gerði mér tæpast vonir um svo glæsilegan árangur af þeirri viðleitni, sem ég reyndi að viðhafa hér í kvöld af veikum mætti.

Varðandi framkvæmdir einstakar eins og Sogsvirkjunina, þá er það ekki sanngjarnt hjá hæstv. ráðh. að gera lítið úr hlut ríkisstj. í því máli, því að það var beinlínis í málefnasamningi Alþfl. og Framsfl., stjórnarinnar, sem mynduð var 1934, að hrinda Sogsvirkjuninni í framkvæmd og það var gert. Jón Þorláksson vann drengilega að því máli með ríkisstj., og um það tókst fullkomin samvinna. Það var auðvitað ríkisábyrgð á Sogsláninu, — það kom fram einhver misskilningur áðan í því sambandi, sem leiðrétta ber, — það var auðvitað ríkisábyrgð á Sogslánunum. Það var leitað til Norðurlanda, eins og þá var réttilega tekið fram, vegna þeirrar tregðu, sem var á lánveitingum annars staðar frá. En sú tregða, sem var í Bretlandi, var ekki látin verða til þess, að framfarasóknin félli niður, heldur var brotizt í því að fá lán annars staðar. Það var vegna þess, að ríkisstj. ætlaði sér að reyna að komast út úr þessum vanda jákvæðu leiðina og án þess að láta útlendinga taka við. — Ég heyri, að hæstv. forseti er farinn að ræskja sig. Ég vona, að það sé ekki af óþolinmæði. Ég skal ekki vera lengi úr þessu.

Ég sagði áðan, að Sjálfstfl. hefði verið á móti því, að ríkið hefði forgöngu um frystingu í tilraunaskyni, og það upplýstist alveg hjá hæstv. ráðh. líka, að það var alveg rétt. Þeir höfðu verið á móti frv. um fiskimálanefnd. Það tíundaði hæstv. ráðh. samvizkusamlega, að þeir hefðu verið á móti því, en sagði nú, að það hefði verið þeim vorkunnarmál, því að það hefði verið komið eitthvað ógætilega fram við þá. En mér finnst, að þeir hefðu átt að taka þetta málefnalega, hitt sé ekki nein afsökun. En hitt var það, að þeir voru á móti því að reka ríkisfrystihús, og það var það, sem ég hélt fram, — að þeir hefðu verið á móti ríkisforgöngunni, eins og hún var.

Varðandi landhelgismálið sagði hæstv. ráðh., að ég hefði farið rangt með. Ég fór alveg rétt með. Ég sagði það, sem rétt var, að 1958 hélt hæstv. ráðh. í blaði sínu því fram, að ríkisstj. hefði farið rangt að með því að færa landhelgina út eða ákveða að færa hana út, það væri ágreiningur innan ríkisstj. Hann var óþreytandi í að lýsa því fyrir Bretum, að landhelgin

hefði verið færð út eftir sérstakri kröfu kommúnista og mátti skilja, að það væri í raun og veru eingöngu þeirra áhugamál og það hefði átt að halda áfram að semja en ekki færa út. Þetta var það, sem ég sagði og þetta er allt rétt. Og ég tek ekki neinum aðfinnslum með þökkum út af því.

Varðandi það, að lítið hafi verið byggt upp af iðnaði í kringum álverksmiðjur í Noregi, þá byggði ég það á því, að ég hef séð í norskum blöðum, að af 275 þús. tonnum, sem framleidd hafi verið 1965, hafi aðeins verið unnið úr 23 þús. tonnum í landinu, sem er lítill hluti af þessu, og er þar þó lengi búin að vera slík alúmíniðja í gangi, þannig að ég held því miður, að það sé mjög ýkt, sem sagt er um möguleika á því að byggja annan iðnað þar út í frá. En hitt er annað mál, að Norðmenn hafa litið svo á, eftir því sem upplýst er, að 100 þús. tonna álverksmiðja dragi að sér vegna þjónustustarfsemi og alls annars, sem í kringum er, 10 þús. manna byggð.

Hæstv. ráðh. er nú að vísu — þótt honum hafi farið mikið fram, að mínu viti — ekki alveg hættur hártogunum, því að hann sagði, að ég skildi það ekki, að þó að fyrirtæki væru ekki undir íslenzkri lögsögu, þ.e. væru undir erlendri lögsögu, þá gætu þau verið undir íslenzkum lögum. Þetta kalla ég hártoganir, því að ég hafði satt að segja haldið, að dómaskipunin væri hluti af íslenzkum lögum og þess vegna er þetta hártogun. Þeir, sem eru undir erlendri lögsögu, eru ekki undir íslenzkum lögum.

Ég vil ekki, eins og ég sagði, brjóta þingsköpin né níðast á velvilja hæstv. forseta né þreyta þingheim. Aðalatriðið í þessu málefni er auðvitað, að eins og núna standa sakir vantar sízt verkefni, eins og margbúið er að taka fram, og hér eru alls staðar áætlanir um að gera íslenzkt atvinnulíf fjölbreyttara, áætlanir, sem ekki komast í framkvæmd vegna fólkseklu, vegna skorts á vinnuafli. Ekki vegna þess, að það vanti peninga, heldur vegna skorts á vinnuafli. Við þessar aðstæður eru auðvitað engin skynsamleg rök fyrir því að taka hér inn í landið með feiknalegum vandkvæðum erlent stórfyrirtæki.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Þm. þurfa ekki að vera smeykir við það, að ég fari að halda hér langa ræðu og halda fyrir þeim vöku. En það var ekki ætlun mín að ræða þetta mál við þessa umr., og ég mun heldur ekki gera það, en ástæðan til þess, að ég kvaddi mér hljóðs, er sú, að hæstv. forsrh. lét hér falla orð um látinn mann, sem mér fannst, að ég gæti ekki látið standa ómótmælt í þingtíðindunum.

Hæstv. forsrh. minntist á ferðalag þeirra Jóns Þorlákssonar og Sigurðar Jónassonar til Svíþjóðar til að taka lán fyrir Sogsvirkjunina og komst þannig að orði efnislega, að á ferðalögum mundi frekar hafa þurft að gæta Sigurðar Jónassonar en Jóns Þorlákssonar. Ég held, að allir þeir, sem til þekkja, skilji það, hvaða aðdróttun felst í þessum orðum ráðh. og hvað hann á hér við. En það vil ég segja, að þessi aðdróttun er að mínu áliti og ég veit margra eða flestra annarra algjörlega ómakleg, því að ég hygg, að það séu fáir menn, sem hafa starfað í þjónustu hins opinbera, sem hafi rækt störf sín betur, heldur en einmitt Sigurður Jónasson, og hvergi í þeim efnum hafi hann brugðizt þeim trúnaði, sem honum var sýndur, og það ekki síður í þeim ferðalögum, sem hann fór allmörg á opinberum vegum erlendis.

Og fyrst hér hefur verið minnzt á Sogsmálið allmikið og það af hæstv. forsrh., þá finnst mér rétt, að það komi fram, að einmitt Sigurður Jónasson var meiri forgöngumaður þess máls en nokkur annar. Hann var sá maður, sem fyrstur hóf baráttu fyrir Sogsvirkjuninni í bæjarstjórn Reykjavíkur og er tvímælalaust sá maður, sem átti meiri þátt í því en nokkur annar að koma málinu þar fram, því að eftir að Sjálfstfl. hafði lengi sýnt mikla tregðu í því máli og þrátt fyrir yfirlýsingar og tillöguflutning á Alþ. og í bæjarstjórn engan lit sýnt á því að koma því máli fram, þá var svo komið haustið 1933, að einn af fylgismönnum Sjálfstfl. í bæjarstjórn Reykjavíkur neitaði að styðja flokkinn lengur, nema hann hefðist handa um framkvæmdir í því máli, og hótaði því að kjósa Sigurð Jónasson fyrir borgarstjóra, ef málið væri ekki látið ganga fram. Það stóð þannig í alllöngu þófi um það innan Sjálfstfl., að hann mundi missa borgarstjóraembættið og Sigurður Jónasson verða kosinn borgarstjóri af þessum ástæðum. Það var fyrst, þegar Jón Þorláksson gaf kost á sér sem borgarstjóri með því ákveðna loforði að sjá um að hrinda Sogsvirkjuninni í framkvæmd, sem þetta mál leystist, og á þennan hátt, eins og margan annan, þá hafði Sigurður Jónasson meginþýðingu í því sambandi að koma Sogsvirkjunarmálinu fram.

En þetta var ekki eina umbótamálið, sem Sigurður Jónasson var forgöngumaður um. Sigurður Jónasson fór fyrstur manna af opinberri hálfu til Bandaríkjanna til að ryðja þar braut fyrir sölu á íslenzkum freðfiski, sem var upphaf þess, að þar er nú einn af okkar beztu mörkuðum. Hann var einnig upphafsmaður eða sá, sem fyrstur kynnti sér fyrir opinbera aðila möguleika á því að koma hér upp sementsverksmiðju og áburðarverksmiðju, og þannig mætti margt fleira nefna. Þess vegna finnst mér algjörlega óþarfi hér á Alþ. og ómaklegt, að það sé verið að kasta steini að honum látnum. En hitt vil ég líka láta koma fram og finnst rétt að komi fram, að tvímælalaust mundi sá samningur, sem hér liggur fyrir til umr., líta öðruvísu út og vera í betra horfi, ef maður eins og Jón Þorláksson hefði um það mál fjallað, en ekki þeir, sem það hafa gert. Og það byggi ég ekki sízt á atburði, sem Sigurður Jónasson sagði mér frá, að hefði gerzt í Stokkhólmi, þegar þeir voru þar saman hann og Jón Þorláksson að semja um lántöku fyrir Sogsvirkjun.

Þá stóð málið þannig um skeið, að Íslendingum voru settir þeir kostir, sem íslenzku samningamennirnir töldu með öllu óaðgengilega. Og þá gerist það einu sinni síðari hluta dags, að Jón Þorláksson biður Sigurð Jónasson að sjá um það, að keyptir séu fyrir þá járnbrautarmiðar til Kaupmannahafnar daginn eftir, því að hann muni fara þangað. Hann sjái ekki ástæðu til þess að sitja lengur í Stokkhólmi yfir þessu samningaþófi. Sigurður Jónasson gerði þetta, en það jafnframt um leið, að hann lét hina sænsku bankamenn vita um það, að Jón væri búinn að gera ráðstafanir til þess að fara til Kaupmannahafnar daginn eftir og slíta samningunum, jafnvel þó að það

kynni að þýða það, að ekkert lán fengist að þessu sinni. Nú, viðbrögð hinna sænsku bankamanna, þegar þeir fréttu þetta, urðu þau, að íslenzku samningamennirnir voru kvaddir á fund sænsku bankamannanna daginn eftir og þá boðin mun betri og aðgengilegri kjör heldur en áður hafði staðið til boða, og þá fyrst náðust samningarnir.

Ég er alveg sannfærður um það, að ef þeir menn, sem unnu að þessum samningum, hefðu í mörgum tilfellum þorað að tefla eins djarft og Jón Þorláksson gerði í Stokkhólmi, þegar Sogslánið var tekið, þá mundu þessir samningar líta öðruvísi og betur út en þeir gera í dag. En það er vegna þess, að þeir menn, sem að þessum samningum hafa staðið, hafa aldrei þorað að láta sverfa til stáls, hafa alltaf verið hræddir um, að þeir mundu missa af strætisvagninum, sem samningarnir líta þannig út, að það eru hagsmunir Svisslendinganna, sem eru fyrst og fremst tryggðir, en ekki okkar.

Ég skal svo ekki hafa þessi orð fleiri að sinni, en ég vil aðeins að endingu segja það, að við skulum spara okkur öll drykkjuskaparbrigzl um látna menn, það er frekar ástæða til að fylgjast með þeim, sem lifandi eru en látnir, í þeim efnum.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég get ósköp vel fallizt á það, að það eigi ekki við að tala í hálfkæringi um látna menn. Ég játa það fúslega. En gæti allir sinnar tungu! Hitt verður að segja eins og er, að það furðaði marga á því á sínum tíma, að það væri talið, að Jón Þorláksson þyrfti barnapíu við, — ekki varðandi það efni, sem hv. þm. var að tala um, heldur varðandi samningsgerð við aðra, við erlenda aðila. Á sínum tíma var óspart látið í það skína, að Jón þyrfti eftirlits með, vegna þess að hann væri ekki málefninu tryggur og að hann væri vís til þess að hugsa um sinn einkahag, ef hann færi einn. Þannig var þetta mál túlkað manna á meðal hér í Reykjavík. Þetta var það, sem var í mínum huga. En eins og ég segi, það er bezt að láta hálfyrði eiga sig, og ég veit, að þessi hv. þm. var vinur Sigurðar Jónassonar, og ég virði hans tilfinningar í þeim efnum. En hann skal þá líka spara sér svigurmæli til annarra. Eins og það, að Jón Þorláksson hafi verið neyddur til þess að vera fylgjandi Sogsvirkjuninni. Það þurfti ekki að neyða hann til þess af Hjalta Jónssyni, það get ég fullvissað hv. þm. um, enda var það Hjalti Jónsson, eftir að hann var kominn í alger vandræði og sjálfheldu vegna sinna viðtala við Sigurð Jónasson, sem gekk á eftir Jóni Þorlákssyni um að verða borgarstjóri og þurfti ekki að setja honum skilyrði um að vera með máli, sem Jón hafði verið bardagamaður fyrir í mörg ár. Hv. þm. skal ekki takast, hvorki hér á Alþ. né í blaði sínu að telja mönnum trú um neina skröksögu um upphaf Sogsvirkjunarinnar.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Ég skal nú ekki fara að deila lengi við hæstv. forsrh. um það, sem gerðist haustið 1933 í sambandi við Sogsmálið, en ég held, að það liggi alveg ljóst fyrir og sé að finna m.a. í ævisögu Hjalta Jónssonar, að það var skilyrði frá hans hendi, að ef hann kysi ekki Sigurð Jónasson sem borgarstjóra, þá yrði Jón Þorláksson borgarstjóri. Hann vildi engan annan sjálfstm. sætta sig við, vegna þess að hann treysti því, að ef nokkur maður í Sjálfstfl., væri líklegur til að vinna að því að koma Sogsmálinu fram, þá væri það Jón Þorláksson. Ef hæstv. forsrh. er búinn að gleyma þessu, getur hann kynnt sér þetta betur með því einu að lesa ævisögu Hjalta Jónssonar, þar sem greinilega er frá þessu sagt.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Við erum farnir að deila um keisarans skegg. Ég hygg þó, að hv. þm. misminni, því að ef ég man rétt, þá segir Hjalti Jónsson, að hann hafi sótzt eftir einhverjum af þremur til að verða borgarstjóri til þess að sleppa út úr viðræðum sínum við Sigurð Jónasson. Jón Þorláks son var einn, Eggert Claessen annar og Richard Thors sá þriðji. Það má vera, að mig misminni, en þessa sögu hef ég með öryggi heyrt. Hitt vitum við svo báðir, að æviminningar eru aldrei taldar alveg örugg heimild, jafnvel eftir hina allra merkustu og grandvörustu menn, vegna þess að sjálfsævisögur eru ætíð skrifaðar sem afsökun og til að reyna að breiða yfir það, sem miður hefur farið.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Hv. 1. þm. Austf. sagði okkur það í kvöld í sinni stuttu ræðu, fyrri ræðunni, þessari, sem stóð á þriðja klukkutíma, að það væri vafalaus niðurstaða þessarar fyrstu lotu, eins og hann orðaði það, að Eysteinn Jónsson væri sigurvegarinn. Mitt mál var nánast markleysa, eins og hann orðaði það svo smekklega. Þessi sami hv. 1. þm. Austf. sagði okkur í sömu ræðu, að ráðherrarnir, sem voru frá 1934—1938, Eysteinn Jónsson hét einn þeirra, hefðu lagt grundvöllinn að öllum framförum á Íslandi síðan. Þetta var efni málsins, en orðin kannske nokkuð önnur, og hvort tveggja er þetta jafnsmekklegt.

Þar sem ég geri ráð fyrir að vera hér síðastur núna í þessari 1. umr., skal ég láta niður falla allt það, sem ég hafði viljað gera athugasemdir við, af ýmsu því, sem fram hefur komið, og ekki gera tilraun til þess að ýfa upp nein sár í því sambandi. En það er eitt atriði, aðeins eitt, sem ég vil árétta, sem er í sambandi við gerðardóminn, sem er alveg fráleitt og hv. 1. þm. Austf. sagði hér í kvöld, að fyrirvari eða bókun í þn.-fundi, 14. fundi hinn 15. júlí 1965, frá Helga Bergs og Ingvari Gíslasyni, 2. liður: að verksmiðjufyrirtækið lúti í einu og öllu íslenzkum lögum, eigi að þýða það, að ákvæði um gerðardóm væri ekki í samningnum. Þetta er algerlega fráleitt, og það er furðulegt að segja um leið, að mér hafi ekki verið vorkunn að vita, hvað í þessu fælist. Hvorugur þessara manna sveigði nokkuð að þessu, ekki með einu einasta orði, enda er það svo, að það að lúta gerðardómsákvæðum er í fyllsta máta að lúta íslenzkum lögum. Efnislega er þetta vitleysa, algjör vitleysa, og það er nú, þegar málið er komið fyrir þingið, fyrst, að þessir herrar eru að reyna að leita að einhverju atriði, sem þeim áður hefur yfirsézt, sem sanni, að hér sé um hálfgert stjórnarskrárbrot og glapræði að ræða, þá er reynt að búa til sögusagnir eins og þessar. En skv. efni málsins sjálfs, er það auðvitað að lúta íslenzkum lögum að semja sig undir

gerðardómsákvæði, og það höfum við svo fjölmörg dæmi um.

Og annað var það í sambandi við þetta líka, að það væri fráleitt að setja fyrirtæki á Íslandi undir erlenda lögsögu. „Fyrirtæki á ÍSLANDI" hefur verið, að mínum dómi, mjög mikið misskilið, og ég hef vakið athygli á því hér í umr. áður, að ISAL, sem að formi til er íslenzkt hlutafélag, eins og hv. þm. er ljóst, er í raun og veru fyrirtæki Alusuisse. Það sem efnislega er gert, er að leyfa Alusuisse að reisa þessa verksmiðju. Það er þess vegna ríkisstj. og Alusuisse, sem fara mundu með sakarefni í öllum málum, sem til gerðardómsins yrðu lögð, skv. 47. gr. Það er vegna þess, að þessir tveir aðilar, ríkisstj. og Alusuisse, taka á sig allar ábyrgðir og skuldbindingar vegna ISALs annars vegar og Landsvirkjunar og Hafnarfjarðarkaupstaðar hins vegar. Hins vegar mundu aðrir aðilar að samningunum, sem deiluna varða, geta átt meðalgöngu að gerðinni, eins og fram kemur í 46. gr. 6. málsgr. Þetta skal ég svo ekki lengja, en þetta vildi ég láta koma fram, en geymi mér rétt til þess að svara að öðru leyti ýmsum þeim aðfinnslum, sem fram komu hér í umr. í kvöld.

Eysteinn Jónsson: Það er m.a. til þess að segja mönnum frá því, hvernig vinnuaðferðirnar eru, að ég tek til máls. Ég bað hæstv. forseta að gefa mér ekki orðið með fyrri athugasemdina, fyrr en iðnmrh. væri búinn að tala, ef hann ætlaði að tala aftur. Ég veit því, að þegar hæstv. forseti gaf mér orðið, þá hefur hann auðvitað staðið í þeirri meiningu, að iðnmrh. ætlaði ekki að tala. En iðnmrh. finnst það víst eðlilegust málsmeðferð að tala, þegar andstæðingarnir eru það sem kallað er dauðir, og þegja þangað til. Hann um það, hann um þær starfsaðferðir, svo viðkunnanlegar, sem þær eru. En þær eru nú heldur óvenjulegar satt að segja. En nú, þegar hæstv. ráðh. tekur í sig kjark til að standa upp, af því að hann heldur, að allir aðrir verði að þegja, þá er það til þess að byrja að pexa upp á nýtt um gerðardómsákvæðið og endurtaka það, að þó að menn hafi sett skýran fyrirvara um, að þetta fyrirtæki yrði að vera undir íslenzkum l., þá séu þeir menn líklegastir til að hafa verið með því, að fyrirtækið væri undir erlendri lögsögu. En, eins og ég sagði áðan, þá er hér alveg hreinlega um orðhengilshátt að ræða og útúrsnúninga, vegna þess að öllu venjulegu fólki skilst, að það fyrirtæki er ekki undir íslenzkum l., sem er undir erlendri lögsögu, af þeirri einföldu ástæðu, að íslenzk dómaskipun er hluti af íslenzkri löggjöf og íslenzkum l., því er hér um hreinan orðhengilshátt að ræða. Hæstv. ráðh. væri einna sæmst að viðurkenna það, sem rétt er, að þessi gerðardómsákvæði eru á hans ábyrgð og einskis annars, því að það er hann, sem stendur fyrir þessari samningsgerð. Það væri drengilegast af hæstv. ráðh., en hann ætti ekki að vera að reyna að koma ábyrgðinni af því, sem hann hefur sjálfur gert, yfir á aðra, þar sem að hann veit, að þetta er hans verk.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Þessum hv. þm., sem nú var að ljúka máli sínu, finnst eins og hann þurfi endilega alltaf að tala síðastur, eftir allar þær langlokur, sem hann er þó búinn að flytja í þinginu um þetta mál, og sennilega hefur hann notað tvöfaldan tíma á við mig eða meira. En ég ætla að segja honum það alveg skýrt og ákveðið, og það er bezt, að hann viti það, ef hann ekki vissi það áður, þó að ég sé búinn að segja það oft, að ég hef ekki gert minnstu tilraun til þess að koma ábyrgðinni af þessum samningi yfir á aðra, hvorki hann né nokkurn annan af stjórnarandstöðunni. Hitt er svo annað mál, að hvorki hann, sem sá samningana og hefur séð þá í meira en hálft ár, né hans menn í þmn. sáu ástæðu til þess að gera neina sérstaka athugasemd út af gerðardómsákvæðinu. Ég hef aldrei sagt, að þeir ættu að bera ábyrgð á þessu ákvæði, en ég hef bent á það, að það, sem menn nú telja slíka firru, sáu þessir menn aldrei áður ástæðu til að gera athugasemd við eða telja á nokkurn hátt óeðlilega hluti í slíkum samningi. Þetta er enginn orðhengilsháttur hjá mér, þetta er efni málsins, og það, sem hv. þm. sagði hér í lokin um þetta, er ekki aðeins ósatt hjá honum, — þ.e. að í almennum fyrirvara um að lúta íslenzkum lögum eigi það að felast, sem hann vill vera láta, — heldur er þetta vísvitandi ósatt.

Ingvar Gíslason: Herra forseti. Það er nú orðið áliðið nætur og auðsjáanlega kominn Kveldúlfur í hæstv. iðnmrh. Ég átti nú ekki von á því, að hann færi að endurtaka það að nýju, sem hann sagði hér í dag, og það, sem hann þó gerði tilraun til að taka aftur í ræðu sinni í kvöld. En ég vil taka það alveg skýrt fram enn einu sinni, þó að ég sé búinn að gera það áður og ætti ekki að þurfa það, að sú ásökun, sem hæstv. ráðh. kom hér með í dag gagnvart okkur, sem störfuðum með honum í þmn., er algerlega úr lausu lofti gripin. Hann getur reynt að hala í land með það og hnykkja á, eftir því hvernig andinn er í það og það sinnið, en ég vil taka það skýrt fram, að þessi ásökun í okkar garð er algerlega úr lausu lofti gripin. Hann veit vel um okkar afstöðu. Hann veit það vel, að við höfðum okkar almenna fyrirvara um þetta mál, og hann á ekki að leggja annað í þau orð en eins og þau voru bókuð og eins og þau voru töluð á fundum í n. og hæstv. ráðh. þekkir. Ég hef ekki undan því að kvarta, að hæstv. ráðh. hafi ekki komið af fullum drengskap fram gagnvart okkur í n. Það gerði hann, og það get ég vottað, og þess vegna er alger óþarfi af honum hér undir umr. málsins að fara að gefa eitthvað annað í skyn en það, sem þarna átti sér stað, en það er það, sem hæstv. ráðh. hefur gert.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Ég sagði þessum hv. þm. í dag, að ég væri ekki með neinar og hefði ekki flutt neinar ásakanir á hendur þeim í þessu sambandi, að þeir bæru ábyrgð á þessu. Þetta var misskilningur hjá honum, þegar hann talaði hér í kvöld. Ég talaði rétt á eftir honum og sagði honum það, að þessi skilningur hans væri misskilningur, að ég hefði á nokkurn hátt ásakað þá eða ætlað að ásaka þá um það að bera ábyrgð á þessu. Hitt stendur, sem ég sagði áðan, að þeim þótti aldrei ástæða til þess að hreyfa athugasemdum um þetta atriði. En að þeir bæru ábyrgð á því, hef ég aldrei

sagt, og hef ég aldrei ætlað mér að vera með neina ásökun í þeirra garð um það.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19:5 atkv. og til sérstakrar 7 manna nefndar, sem kosin skyldi að atkvgr. lokinni, með 33 shlj. atkv.

NEFNDARKOSNING.

Við kosningu álbræðslunefndarinnar komu fram þrír listar með jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Matthías Á. Mathiesen (A),
Þórarinn Þórarinsson (B),
Jónas G. Rafnar (A),
Benedikt Gröndal (A),
Ingvar Gíslason (B),
Lúðvík Jósefsson (C),
Sigurður Ingimundarson (A).

Á 71. fundi í Nd., 18. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 434, n. 499, 501 og 502, 500).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 23 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Eins og fram kemur í nál. á þskj. 499, 501 og 502, hefur sú sérstaka n., sem kjörin var til þess að fjalla um frv. það til l. um lagagildi samnings milli ríkisstj. Íslands og Swiss Aluminium um álbræðslu í Straumsvík og kölluð hefur verið álbræðslunefnd, ekki orðið sammála um afgreiðslu málsins. Mér þykir hins vegar rétt í upphafi máls míns að gera grein fyrir störfum n., og inn í það munu að sjálfsögðu fléttast störf þmn., sem starfaði meðan undirbúningssamningar stóðu, en eins og hv. þdm. er kunnugt, var það í byrjun ársins 1965, að hæstv. iðnmrh. óskaði eftir því fyrir hönd ríkisstj., að sett yrði á laggirnar n., sem skipuð væri tveimur þm. frá hvorum stjórnarflokknum svo og Framsfl., til þess að vinna að undirbúningi þessa máls. Síðar komu einnig í n. tveir fulltrúar Alþb., þannig að mestan starfstíma n. störfuðu í henni fulltrúar frá öllum þingflokkunum.

Því hefur verið haldið fram hér á hv. Alþ. undir umr. þessa máls, að það hafi ekki fengið þann undirbúning sem skyldi, og verð ég að telja, að þeir, sem kynnt hafa sér á hvern hátt unnið hefur verið að þessu máli, mæli þar gegn betri vitund. Þmn. starfaði frá því í byrjun ársins 1965 og hélt 26 fundi. Eins og fram kemur í grg. með frv., hafa sérfræðingar ríkisstj. setið alla þessa fundi, og þar hafa verið lögð fram öll uppköst að samningum svo og allir aukasamningar, sem gert er ráð fyrir, að gerðir verði. Á þessum fundum, sem haldnir voru undir forustu hæstv. iðnmrh., voru uppköstin að þeim samningi, sem nú er gert ráð fyrir, að öðlist lagagildi, rædd og skoðuð, og niðurstöður af ýmsum fundum urðu þær, að samningsuppköstin breyttust í meðförum n. Ég held, að þær upplýsingar, sem nm. fengu þar, hafi allar verið með þeim hætti, að segja verður, að þegar slíkt mál er lagt fyrir Alþ., sé þm. málið miklu betur kunnugt en flest þeirra mála, sem lögð eru yfirleitt fyrir þingið. Nm. var auk þess gefið tækifæri til þess að fá að sjá rekstur þess fyrirtækis, sem gert er ráð fyrir, að reisi verksmiðju þá, sem fyrirhugað er að reisa í Straumsvík, sjá verksmiðju af sömu stærð, bæði í byggingu svo og með fullum afköstum og einnig gefið tækifæri til að sjá ýmiss konar úrvinnslu þess málms, sem hér er gert ráð fyrir að framleiða. Jafnframt þessu, eins og tekið er fram í nál. meiri hl., fengu nm., þ.e.a.s. þmn., tækifæri til þess að skoða þær módeltilraunir, sem gerðar hafa verið að undanförnu og unnið hefur verið að að undanförnu í Þrándheimi. Þær tilraunir hafa verið gerðar vegna þeirrar sérstöðu, sem hér um ræðir, þegar gert er ráð fyrir að virkja jökulvatn, og þar sem nm. fengu að sjá þessar tilraunir, gafst þeim vitaskuld mikið tækifæri til þess að setja sig inn í þann vanda, sem hér var um að ræða. Það gaf okkur einnig tækifæri til þess að sjá, hvernig unnið er að því að komast fram hjá þeim vandamálum, sem eru þar óneitanlega fyrir hendi. Ég vil segja, að allt starf þmn. hafi verið með þeim hætti, að þeir aðilar, sem fengu tækifæri til þess að vera í þeirri n., standa í dag, þegar mál þetta er nú rætt á Alþ., miklu betur að vígi til þess að ræða það heldur en oft á tíðum áður um þau mál, sem til umr. eru hér.

Þegar svo málinu var lokið við 1. umr., var kjörin n., sem fjalla skyldi um það fyrir hönd d., og samkv. till. hæstv. iðnmrh. kaus hæstv. Ed. n., sem fjalla skyldi um málið, er til Ed. kæmi, og var gert ráð fyrir því, að n. störfuðu saman, til þess að flýta fyrir afgreiðslu málsins. N. þessar störfuðu saman og héldu nokkra fundi. Á þá fundi komu sérfræðingar ríkisstj., sem unnið hafa að þessu máli, þ.e.a.s. þeir dr. Jóhannes Nordal bankastjóri, Eiríkur Briem framkvstj., Brynjólfur Ingólfsson ráðuneytisstjóri, Steingrímur Hermannsson framkvstj., Hjörtur Torfason hdl. Á fundum n. voru lagðar spurningar fram af einstökum nm. og sérfræðingarnir svöruðu því í einu og öllu sem fyrir þá var lagt, og skýrðu einstök atriði samningsins, aðalsamningsins, svo og raforkusamningsins, sem var yfirfarinn einnig. Störf n. voru með ágætum að mínum dómi, og ég vil nota tækifærið hér og þakka bæði meðnm. mínum svo og hv. Ed.nm. fyrir ágætt samstarf.

Þegar svo n. hafði lokið því að yfirfara samninginn svo og raforkusamninginn og komið var til afgreiðslu málsins í álbræðslun. Nd., klofnaði n. eins og fram hefur komið og skilar nál. í þrennu lagi, þ.e.a.s. meiri hl. og tveir minni hl. Meiri hl. n., sem skipa auk mín þeir Benedikt Gröndal, Jónas G. Rafnar og Sigurður Ingimundarson, leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Þegar samningur sá, sem hér er farið fram á, að öðlist lagagildi, er ræddur, fer ekki hjá því, að umr. snúist töluvert mikið um raforkumálin, því að hér er beinlínis gert ráð fyrir því, að virkjun sú, sem var samþ. með l. á síðasta Alþ., þ.e.a.s. Búrfellsvirkjun, verði byggð og raforka frá henni seld því fyrirtæki, sem hér er gert ráð fyrir, að reisi álbræðslu.

Þegar gert var ráð fyrir því að ráðast í Búrfellsvirkjun og l. um Landsvirkjun voru samþ. á síðasta Alþ., hafði komið í hug margra manna, sem unnið höfðu að raforkumálum á Íslandi, á hvern hátt hægt væri að ráðast í svo stóra virkjun á sem

hagkvæmastan hátt. Það lá ljóst fyrir, að við urðum að hefja virkjun vegna okkar sjálfra, en spurningin var einfaldlega: Var hægt að ráðast í stærri virkjun og á einhvern hátt hagnýta sér þá hluti, þ.e.a.s. uppsetningu á stóriðnaði, og skapa þannig landsmönnum ódýrari raforku? — Allt frá því, að fyrsta rafstöðin var sett í gang suður í Hafnarfirði 12. desember 1904 og fram til þessa dags, höfum við eingöngu virkjað fyrir okkur sjálfa. Það var lítil virkjun, sem sá stórhuga maður Jóhannes Reykdal réðst í á sínum tíma suður í Hafnarfirði, en hún varð vísir að stærri virkjunum, og á undanförnum áratugum hafa verið byggðar mun stærri virkjanir. En nú er svo komið, að hugurinn stefnir enn hærra, og það er hugsað til þess að ráðast í þá stærstu virkjun, sem við nokkurn tíma höfum ráðizt í, en þá vaknar um leið spurningin um það, hvort við getum á einhvern hátt hagnýtt okkur þá virkjun til þess að gera raforkukostnaðinn fyrir okkur sjálfa lægri. Þess vegna kemur stóriðnaðurinn á dagskrá fyrir nokkuð mörgum árum, og það er farið að kanna það, hvort hægt væri að tengja þetta saman. Þegar þeir hlutir liggja ljósir fyrir fyrir örfáum árum, að slíkt muni hægt, þá lætur ríkisstj. þegar hefjast handa um undirbúning málsins, og í dag stöndum við frammi fyrir því, að á hennar vegum hefur verið gerður samningur, — og hann hefur verið undirritaður af hæstv. iðnmrh., — þar sem gert er ráð fyrir því, að svissneskt fyrirtæki reisi álbræðslu við Straumsvík, sem gert er ráð fyrir að muni kaupa verulegt magn af raforku á næstu 25 árum. Þegar að þessu er komið, þá er ekki óeðlilegt, að ýmsir spyrji: Hvers vegna að ráðast í stóriðju og getum við ekki verið í þessu eingöngu fyrir okkur? Er nokkur ástæða til þess að gera þessa hluti?

Í framsöguræðu sinni við 1. umr. gerði hæstv. iðnmrh. grein fyrir þeim samningi, sem hér liggur fyrir, og ég sé ekki ástæðu til þess að fjölyrða um einstaka kafla eða greinar hans. Ég hefði hins vegar kosið í örfáum orðum að yfirfara eða athuga þau áhrif, sem slíkur samningur getur haft fyrir okkur Íslendinga og leitast við að svara spurningunni, hvort hér sé um að ræða jákvæðar aðgerðir eða ekki.

Í grg. með frv. eru gefnar ýmsar ábendingar í sambandi við þau þjóðhagslegu áhrif, sem bygging álbræðslunnar getur haft. Og þá í fyrsta lagi í sambandi við þann raforkusamning, sem gert er ráð fyrir, að Landsvirkjunin geri við það félag, sem ráðgert er að stofnað verði og reisi álbræðsluna við Straumsvík. Af eðlilegum ástæðum hlýtur þetta dæmi að verða sett þannig upp, að annars vegar sé Búrfellsvirkjun án álbræðslu og svo hins vegar með álbræðslu. Landsvirkjunin hefur reiknað út þessi tvö dæmi, þessi tvö tilvik, og niðurstaðan, samkv. þeirra reikningi, er, að á árunum 1969—1975 verður raforkan 62% ódýrari miðað við álbræðsluna, 1976—1980 22% og 1981—1985 12%, þ.e.a.s. að meðaltali á árunum 1969—1985 28% ódýrari. Þessar tölur hafa ekki verið vefengdar, og aðrir útreikningar hafa ekki komið fram af hálfu þeirra, sem hér hafa talað í þessu máli og andmælt þeim samningum, sem hér er ætlað að gera og þeim samningi, sem ætlað er, að öðlist lagagildi. Á sama tíma, sem hér hefur verið komið fram með þær aths., að samkv. raforkusamningnum sé gert ráð fyrir allt of lágu verði á raforkunni, þá hefur jafnframt verið gerð aths. við, að fyrstu 6 árin er gert ráð fyrir hærra raforkuverði heldur en síðar, þ. e. a. s. 3 mill í staðinn fyrir 2½.

Þegar þessir hlutir eru bornir saman, þá stangast þeir á, og gefur auga leið, að annað getur ekki átt sér stað, þegar um er að ræða ábendingar, án þess að grundvöllur sé raunverulega fyrir því, sem sagt er. Síðan hefur því verið haldið fram, að eftir 1985 sé málið enn þá óhagkvæmara fyrir okkur. Það sýnist hreint óskiljanlegt, hvernig það ætti að vera, því að 1985 hefur Búrfellsvirkjun skilað sínum greiðslum, og þá kemur álbræðslan, sem þá hefur möguleika á viðbótarsamningi, til með að greiða á ári 110 millj. kr., sem eru nánast því nettóhagnaður, þar sem, eins og ég sagði áðan, búið verður að greiða niður virkjunina. Hvort þá verður haldið áfram að selja álbræðslu raforkuna eða þá, að hún verður notuð fyrir okkur sjálfa, hvort tveggja getur verið fyrir hendi, en það sýnist augljóst mál, að þegar við þá verðum að hefja virkjanir fyrir okkur sjálfa, þá er það ekki svo lítil búbót fyrir okkur að hafa sem tekjur frá álbræðslunni 110 millj. á ári fyrir þá raforku, sem hún mundi kaupa frá Búrfellsvirkjun. — Þær tölur, sem ég minntist á hér áðan, eru miðaðar við, eins og ég sagði, að fullnægja raforkuþörf okkar sjálfra til ársins 1985.

Þá er um að ræða áhrif álbræðslunnar á gjaldeyristekjur þjóðarinnar, en það hefur verið reiknað út, að þær munu nema um 300—320 millj. kr. eins og fram kemur í grg. með frv. Hv. stjórnarandstæðingar hafa viljað halda því fram, að hér sé allt of hátt reiknað, og hv. 5. þm. Austf. hélt því fram hér í sinni framsöguræðu, að það væri u.þ.b. helmingi of hátt reiknað, það mætti búast við í hæsta lagi allt að 150 millj. kr. gjaldeyristekjum. Þessu var einfaldlega slegið fram án þess, að því fylgdi nokkur röksemd, en grundvöllurinn að þeim tölum, sem hér eru, er byggður upp á þann hátt, að það er reiknað með vinnuaflskostnaði fyrir 120 millj., skrifstofukostnaði og viðhaldi fyrir 58 millj., kostnaði í álsteypu 21 millj., sköttum 52 millj. og raforku 112 millj. Þetta gerir 363 millj. kr., en frá dragast 55% af erlendum kostnaði virkjunarinnar, þ.e.a.s. 63 millj., þannig að hér er um að ræða 300 millj. kr. Það er hins vegar ljóst, að afkastageta verksmiðjunnar yrði í reynd nokkru meiri en 60000 tonn, og má gera ráð fyrir, að gjaldeyristekjur mundu, þegar fram í sækti, verða ca. 20 millj. meiri.

Þegar hv. 5. þm. Austf. reiknaði þetta út, þá miðaði hann við þann mannafla, sem gert er ráð fyrir, að notaður verði í sambandi við verksmiðjuna, þ.e.a.s. þegar hún er komin í fullan gang, 450 manns. En þegar hann kom að þeim kafla sinnar ræðu, þar sem hann ræddi um vinnuaflið og vildi gera sem mest úr þeim vandræðum, sem af því hlytust, þá reiknaði hann orðið með því, að hér mundi verða um að ræða allt upp undir 700 manns, sem þyrfti til þess að fullnægja þeirri eftirspurn, sem álbræðslan krefðist. Það liggur náttúrlega í augum uppi, að ef um það væri að ræða, að sú tala væri rétt, þá væri dæmi hans í

sambandi við gjaldeyristekjurnar rangt reiknað, því að þar var hann aðeins með 450 manns, en þegar hann kom að síðari kaflanum, var hann kominn með um 700. Þannig hefði hann þurft að leiðrétta sinn reikning í sambandi við gjaldeyristekjurnar.

Þegar við komum að sköttum þeim, sem hér um ræðir, þá liggur það í hlutarins eðli, að það er mikill ávinningur, sem við höfum af því, að slík stóriðja mundi verða hér reist. Það er gert ráð fyrir því, að miðað við óbreytt verð á áli, þá muni skattgreiðslurnar verða um 1400 millj. króna, og samtals mundi verða greitt í skatt og raforku um 4100 millj. kr. Þessar tölur hafa heldur ekki verið vefengdar eða komið með neina þá útreikninga, sem sýna, að þær standist ekki.

Þá liggur það í augum uppi, að ef slík verksmiðja yrði hér reist, þá mundi það gefa tækifæri til mjög mikillar aukningar á nýjum iðnaði. Hér mundi þá skapast í landinu hráefni, sem er mikið notað til alls konar iðnaðar og þar af leiðandi gæfi okkur tækifæri til þess að setja upp slíkan iðnað í landinu. Þetta gefur auga leið og skilur hvert mannsbarn, sem skilja vill.

Eitt atriðið, sem á hefur verið bent og mjög margir stjórnarandstæðingar hafa fundið að, það er, að við skulum fara erlendis til þess að fá fjármagn í atvinnulíf hér á Íslandi. Þetta er hlutur, sem mjög hefur verið ræddur á undanförnum áratug, og ég held, að miklu fleiri en stjórnarsinnar séu á þeirri skoðun, að ef slíkt sé hagkvæmt, þá sé það sjálfsagt. Hins vegar verða því að vera reistar þær skorður, sem við þurfum skiljanlega, ekki stærri þjóð en við Íslendingar erum. En hvort það, að við ráðumst í raforkuver eins og Búrfellsvirkjun á svo skömmum tíma, geti valdið því, að lánsfjármöguleikar okkar versni til annarra framkvæmda, þá held ég, að það liggi líka í augum uppi, að það sé ekki, þar sem við höfum tryggt okkur með raforkusölusamningnum við væntanlegt fyrirtæki, að greiðslur þess standi straum af þeim lánum, sem við þar þurfum að taka. Ég mundi miklu fremur vilja meina, að þetta gæti skapað okkur aukna möguleika til lántöku í sambandi við aðrar framkvæmdir.

Það er að sjálfsögðu ýmislegt, sem hægt er að benda á í þessum samningum, sem einhverjir hefðu kosið að verið hefði öðruvísi. Það fer aldrei hjá því, þegar um samninga er að ræða. Hvort eitt atriði er haft á einn veg fremur en annan, slíkt verður auðvitað að meta með tilliti til heildarinnar, en það er ákaflega auðvelt, þegar eitt einstakt atriði er tekið út úr, að gera það tortryggilegt. Ef við lítum á þá áhættu, sem við höfum í sambandi við það að reisa slíkt fyrirtæki, sem hér er gert ráð fyrir, þá verður hún verulega lítil, ef hún verður nokkur, eftir því sem hér sýnist um hnútana búið. Það er gert ráð fyrir lágmarksgreiðslu fyrir rafmagn, og það er gert ráð fyrir því, að ef framleiðsla á áli dregst saman á einhvern hátt hjá hinu svissneska fyrirtæki, þá verði það engan veginn látið bitna á því fyrirtæki, sem hér er, fram yfir önnur fyrirtæki, sem þetta fyrirtæki rekur. Auk þess eru settar háar tryggingar í sambandi við byggingu fyrirtækisins.

Í sambandi við Búrfellsvirkjunina sjálfa, þá er spurning um áhættuna þar. Því hefur verið haldið fram, að útreikningar þeir, sem gerðir hafa verið, þeir muni ekki standast. Hitt liggur hins vegar fyrir, að tilboð eru nú þegar komin í virkjunina og flestar vélasamstæður, og sýna þau, að þar er um að ræða sáralítinn lausan kostnað, mikið af því fast, hvernig svo sem verðlag breytist. Hins vegar er í sambandi við útreikninga Landsvirkjunarinnar engu að síður gert ráð fyrir hækkunum og þær teknar inn í þann reikning, sem hér hefur verið gerður.

Þá hefur mikið verið bent á það, að ístruflanir í Þjórsá mundu geta valdið töluverðum aukakostnaði. Það er gert ráð fyrir því, að til þess að fyrirbyggja slíkt, verði eytt a.m.k. 200 millj., og þær umframtekjur, sem Landsvirkjunin hefur á næstu 15 árum, eru margfalt meiri en svo, að nokkru þurfi að kvíða um þau efni. Hins vegar, eftir því sem bezt verður séð, þá munu þær ráðstafanir verða gerðar, sem tryggja, að truflunin þar verði sem allra minnst.

Þá hafa stjórnarandstæðingar viljað gera mjög mikið úr vinnuaflsþörf þessa fyrirtækis og talið, að hér væri um að ræða svo óskaplega mannfrekar framkvæmdir, að það gæti alveg riðið okkur að fullu á næstu árum. Með frv. er fskj. frá Efnahagsstofnuninni, þar sem sýnt er fram á, hver vinnuaflsþörfin verður á næstu árum í sambandi við virkjunina, í sambandi við byggingu verksmiðjunnar svo og hafnarinnar. Af þeirri skýrslu verður ekki séð, að hér sé um að ræða neina verulega hættu fyrir okkur, en að sjálfsögðu verður tekið tillit til þess í sambandi við aðrar framkvæmdir, að á þessum árum, 1967 og 1968, þá er talið, að vinnuaflsþörfin vegna þessara framkvæmda muni verða á milli 700 og 800 manns. Í þessari skýrslu, sem ég gat um áðan, er ítarleg grein gerð fyrir þessum hlutum, og ef menn kynna sér hana, þá geri ég ráð fyrir því, að þeir átti sig á því, að hér er ekki um þá hættu að ræða, sem margir hafa viljað vera láta.

Ég hef nú drepið á örfá atriði í sambandi við þennan samning svo og raforkusamninginn, sem mér hefur þótt máli skipta.

Hér hafa stjórnarandstæðingar við 1. umr. málsins gert mikið veður út af orkuverðinu. Því hefur verið svarað. Og einnig út af gerðardómsákvæðinu. Því hefur verið svarað líka og því hefur verið vísað heim til föðurhúsanna. Þeir hafa talið, að hér væri um of langan samningstíma að ræða. Því hefur verið svarað einnig. Það eru tvö atriði, sem þeir hafa sérstaklega gert að umtalsefni. Það er í fyrsta lagi framlagning málsins svo og einn þátturinn af þessu máli, þ. e. a. s. staðsetning verksmiðjunnar.

Það var hv. 1. þm. Austf., sem minntist á það í upphafi síns máls, að framlagning þessa máls eða vinnubrögðin í sambandi við það væru með alveg sérstökum hætti. Hér undirritaði hæstv. ráðh. samningana fyrst og legði þá svo fyrir Alþ. eingöngu til þess að binda þm. stjórnarflokkanna. Ég varð satt að segja dálítið undrandi, þegar ég heyrði þennan hv. þm., formann Framsfl., segja þetta eftir þær yfirlýsingar, sem Framsfl. hefur gefið í þessu máli. Þegar hann samþ. á sínum tíma andstöðu við þetta mál, þá

er ekki hægt að lesa út úr þeirri samþ. annað en það, að hvenær sem væri gætu þeir fyrir sitt leyti samþ. samninginn. En það skín einn hlutur í gegn, eins og hér hefur verið sagt, og hann er sá, að það þýði, að þeir fái stjórnarstóla.

Þegar hv. 1. þm. Austf. minnist á það, að þm. stjórnarliða sé stillt upp við vegg og þeir píndir til þess að samþykkja þetta mál, þá vil ég vekja athygli hans á því, að þetta mál hefur verið til umr. á fundum beggja stjórnarflokkana, landsfundum þeirra svo og annarra, þar sem þm. flokkanna hafa haft tækifæri til þess að koma fram með sínar skoðanir. Það hefur ekki komið fram neinn ágreiningur hjá þeim í sambandi við þetta mál, og þeir styðja málið allir heilshugar. En það skyldi ekki vera, að í röðum þm. Framsfl. sé ekki jafnmikil ánægja með samþykkt þá, sem gerð var af hálfu Framsfl., og þær samþ., sem Sjálfstfl. og Alþfl. hafa gert í þessu máli. Það skyldi þó aldrei vera, að einhverjir þm. Framsfl. væru svo víðsýnir menn, að þeir vildu standa með þessu máli, en þeir fengju það ekki. Grunur minn er sá, að svo sé. Um það er ég sannfærður, því að málið er þannig vaxið, að það væri óeðlilegt, að flokkur, sem er íslenzkur flokkur eins og Framsfl., að innan hans vébanda væru ekki einhverjir þeir menn, sem mundu vilja styðja þetta mál. Það er hægt að skilja afstöðu hins stjórnarandstöðuflokksins, hún getur verið skiljanleg út af fyrir sig.

Það er upplýst af einum hv. þm. Framsfl., að staðsetningin ein sé nægjanleg til þess, að þeir geti ekki hugsað sér að greiða atkv. með málinu. Ég gat skilið hann sem slíkan, en ég átti erfitt með að skilja það, að hv. 3. þm. Norðurl. e. væri að gefa yfirlýsingu fyrir alla aðra þm. Framsfl., þar sem hann sagði, að staðsetningin ein nægði til þess, að þeir væru á móti málinu. Ég spyr: Hvers á það byggðarlag að gjalda, sem þessi verksmiðja verður væntanlega staðsett í? Eru það ekki útreikningar sérfræðinga, sem valda því, að staðsetningin er ákvörðuð þar? — Og mér þætti gaman að heyra, hvort hv. 3. þm. Norðurl. e. hafi talað fyrir hönd þm. Framsfl. héðan af Suðvesturlandi, þegar hann upplýsti þetta.

Ég hef þá trú, að það mál, sem hér er til umr., sé um marga hluti mjög nytsamt, og það sé með þeim hætti, að af því getum við Íslendingar haft stóran ávinning í framtíðinni. Ég held, að það liggi í hlutarins eðli, þegar skoðuð er sú mótbára stjórnarandstöðunnar og þá sérstaklega hv. framsm., að ekkert liggi á, þegar hún er skoðuð í ljósi þeirra staðreynda, sem við höfum fyrir okkur, þá komist menn að þeirri niðurstöðu, að ef við bíðum, þá getum við e. t. v. misst af því tækifæri, sem við höfum í dag. Það er engum vafa undirorpið, að fjölmargir framsýnir, stórhuga Íslendingar hafa velt því fyrir sér áður fyrr, á hvern hátt við gætum hagnýtt okkur þær geysimiklu orkulindir, sem þjóðin á ónotaðar í stórám Íslands. Þrátt fyrir þessar hugmyndir og þau góðu áform, þá hefur okkur enn ekki tekizt eða enn ekki reynzt kleift að ráðast í stórvirkjanir á borð við Búrfellsvirkjun. Og það er einn hlutur, sem kannske hefur valdið því, að við höfum ekki ráðizt í það eða gert tilraunir til þess og það er, að við höfum talið okkur örugga um, að að því kæmi, að við gætum hagnýtt okkur þessar orkulindir. Hitt liggur svo ljóst fyrir, að á s.l. 20 árum hafa átt sér stað mjög miklar vísindalegar og tæknilegar framfarir, sem m.a. munu valda því að vatnsföllin eignast harða keppinauta um framleiðslu á ódýrri orku svo sem kjarnorkustöðvar og gasstöðvar. Þetta gæti valdið því, að við mundum ekki fá tækifæri til þess að virkja okkar stórfljót eins og við nú höfum tækifæri til. Og ef við lítum til nágranna okkar Norðmanna, þá sjáum við, hvað þeir eru að gera. Áður en þeir missa af tækifærinu, þá reyna þeir að virkja eins mikið af sínum vatnsföllum og hægt er.

Ég ætla ekki að fjölyrða meira um þetta mál. Það kemur fram í nál. meiri hl. á þskj. 502, hver afstaða hans er. Og leyfi ég mér í lokin að lesa upp niðurlagið:

„Leggur meiri hl. n. áherzlu á, að með samningi þessum sé Íslendingum tryggður mikill fjárhagslegur ávinningur. Okkur verður gert kleift að ráðast í Búrfellsvirkjun á fjárhagslega hagkvæmum grundvelli, sem kemur fram í lægra raforkuverði en ella og örari uppbyggingu raforkukerfisins. Gjaldeyrisstaðan mun halda áfram að batna og mun skapa möguleika fyrir auknum þjóðartekjum og þar með auknum vaxtarmöguleikum allra atvinnuvega landsmanna. Meiri hl. n. leggur því til, að frv. verði samþ. óbreytt."

Frsm. 1. minni hl. (Lúðvík Jósefsson): Herra forseti. Það hefur nú því miður ekki unnizt tími til þess að lesa að fullu og öllu í gegn þau nál., sem liggja hér fyrir í þessu máli. Nál. var útbýtt nú rétt í fundarbyrjun. Þau eru löng og allítarleg, en sem sagt, umr. verður að hefjast hér án þess að það hafi gefizt eðlilegur tími til þess að lesa yfir þau gögn, sem hér liggja fyrir. Þetta er illt út af fyrir sig.

Ég hef gert grein fyrir afstöðu minni og okkar Alþbm. til þessa máls í sérstöku nál. á þskj. 499. Afstaða okkar er sú, að við viljum fella það frv., sem hér liggur fyrir. En til vara flytjum við eða flyt ég fyrir hönd okkar till. á þskj. 500 um breyt. við 3. gr. frv., þar sem gert er ráð fyrir því, að l. öðlist ekki gildi, fyrr en fram hefur farið þjóðaratkvgr. um málið, og meiri hl. þeirra, sem tekið hafa þátt í atkvgr., hafi fallizt á samþykkt l. Þetta er sem sagt okkar afstaða til málsins.

Allmiklar umr. hafa nú átt sér stað hér á Alþ. um þetta mál að undanförnu. Ég tel, að í þeim umr. hafi komið í ljós mjög greinilega, að fyrir þeim, sem standa að flutningi þessa máls og samningsgerðinni við Swiss Aluminium, vaki raunverulega að taka upp nýja stefnu í atvinnumálum þjóðarinnar. Hin nýja stefna, sem þeir vilja taka hér upp, er við það miðuð að heimila útlendingum rétt til atvinnureksturs í landinu. Þeir halda því fram, að atvinnuvegir landsmanna séu ekki lengur nægilega traustir, til þess að hægt sé að byggja á þeim æskilegar framfarir þjóðinni til handa. Þetta sjónarmið kom mjög greinilega fram að mínum dómi í ræðu þeirri, sem hæstv. forsrh. flutti hér um málið við 1. umr. Og þetta sama sjónarmið hefur komið enn þá greinilegar fram hjá þeim efnahagssérfræðingum, sem ríkisstj. hefur aðallega beitt fyrir sig í sambandi við þessa samningsgerð alla. Ég

tel, að þetta atriði sé alveg meginþungamiðja þessa máls. Sem sagt það, að með þessari samningagerð er verið að leggja inn á nýja braut í atvinnumálum landsmanna. Það er verið að taka hér upp nýja stefnu.

Í nál. mínu bendi ég m. a. á það, að form. þeirrar stóriðjun., sem unnið hefur að þessari samningsgerð, Jóhannes Nordal seðlabankastjóri, lýsti því yfir á mjög greinilegan og ótvíræðan hátt strax snemma á árinu 1962, þegar hann var á ferðalagi erlendis til þess að ræða við erlenda aðila um það að hefja slíkan rekstur, eins og hér er nú rætt um að taka upp, — lýsti hann því yfir alveg ótvírætt, hvaða ástæður lægju til þess, að það væri verið að fara inn á þessa braut. Orðrétt sagði form. stóriðjun., Jóhannes Nordal, það, sem ég skal nú hér greina, með leyfi hæstv. forseta. Orð Jóhannesar Nordals voru þessi:

„Ein aðalástæðan fyrir þessum ráðagerðum er sú, að íslenzkur sjávarútvegur er ekki talinn geta aukið útflutningstekjur sínar nema um 5% í hæsta lagi á ári næstu ár, og slík tekjuaukning hjá aðalatvinnuvegi landsmanna nægir ekki til að tryggja með góðu móti bætt lífskjör og velmegun í landinu. Íslendingar verða því að leita annarra möguleika til að auka útflutningstekjur sínar."

Jóhannes Nordal leynir því ekki á neinn hátt, hvað fyrir honum vaki í þessum efnum. Hans verkefni er ekki það að semja við erlendan aðila um byggingu alúmíníumverksmiðju á Íslandi, til þess að á þann hátt sé hægt að leysa raforkuframkvæmdir landsmanna. Á það minnist hann ekki. Enda efast ég ekki um, að hann hefur talið það í rauninni allt of fjarstætt að halda því fram, að eins og okkar málum nú væri komið, gætum við ekki með eðlilegum hætti leyst okkar raforkumál sjálfir, án þess að gera slíka samninga sem þá, sem hér liggja nú fyrir. En hans skoðun var þessi, að svo væri komið með atvinnuvegi þjóðarinnar, að það væri ekki lengur hægt að byggja á þeim, ef tryggja ætti þjóðinni eðlilegar, efnahagslegar framfarir, og af þeim ástæðum þyrfti nú að taka upp nýja stefnu, ná samningum við fjársterka útlendinga og fá þá til þess að taka upp atvinnurekstur í landinu sjálfu.

Ég bendi einnig á það í mínu nál., að aðalefnahagssérfræðingur ríkisstj., Jónas Haralz forstöðumaður Efnahagsstofnunarinnar, staðfesti sams konar skoðun og þessa um svipað leyti eða strax á árinu 1962, þegar hann í ræðu, sem hann flutti á ráðstefnu íslenzkra verkfræðinga, lýsti því yfir, að hann teldi, að það væri þegar sannað mál, að það væri ekki hægt að tryggja eðlilegar, efnahagslegar framfarir í landinu með því að byggja á þeim atvinnuvegum, sem þjóðin hefur byggt á hingað til. En orðrétt sagði Jónas Haralz í þessari ræðu sinni strax á árinu 1962 það, sem hér greinir:

„Ég hef reynt að sýna fram á, að þær atvinnugreinar, sem hingað til hafa verið meginstoðir þjóðarbúskaparins: landbúnaður, sjávarútvegur og framleiðsla iðnaðarvöru fyrir innlendan markað — veiti ekki á næstu árum nægilegt svigrúm til þess vaxtar þjóðarframleiðslu, sem æskilegt er. Til þess að sá vöxtur geti átt sér stað, verður að fara inn á nýjar leiðir."

Þetta sagði Jónas Haralz í ræðu á ráðstefnu verkfræðinga, þar sem hann ræddi sérstaklega um stóriðju og áhrif hennar á íslenzkan þjóðarbúskap.

Ég hef einnig bent á það, að það voru ekki aðeins þessir ráðunautar ríkisstj. í atvinnu- og efnahagsmálum, seðlabankastjórinn Jóhannes Nordal og forstöðumaður Efnahagsstofnunarinnar Jónas Haralz, sem boðuðu þessa kenningu strax á árinu 1962 og hvað eftir annað síðan, heldur var þessi skoðun, þessi kenning, einnig boðuð af ýmsum öðrum helztu forustumönnum innan ríkisstj. Nákvæmlega sams konar skoðun kom hvað eftir annað fram í ræðum hjá hæstv. forsrh. Hann taldi, að það, sem mestu skipti fyrir Íslendinga, eins og nú væri komið, væri að koma á stóriðju, og það er nú komið í ljós, hvers konar stóriðju hann hefur haft í huga allan þennan tíma til þess að tryggja hér efnahagslegar framfarir, þar sem það mætti telja fullvíst, að þjóðin gæti ekki tryggt sér nægilega örar efnahagslegar framfarir með því að treysta á þá atvinnuvegi, sem hingað til hefði verið treyst á. Og eins og ég sagði hér í upphafi míns máls, staðfesti hæstv. forsrh. þessa sömu skoðun í ræðu sinni við 1. umr. þessa máls hér í þessari hv. d. nú fyrir nokkrum dögum.

Á þetta ber vitanlega að leggja áherzlu, vegna þess að það er nauðsynlegt, að menn átti sig á því, hvaða ástæður liggja til þess, að það er verið að gera þá samninga, sem nú liggja hér fyrir til umr., hvað það er, sem veldur því, að út í þessa samningagerð hefur verið farið. Það er vitanlega allt of billeg skýring á þessari samningagerð, þegar einstaka menn úr stjórnarliðinu reyna að halda því fram, að farið hafi verið inn á þessa braut, til þess að við gætum virkjað með hagstæðum og eðlilegum hætti og gætum framleitt raforku vegna þarfa landsmanna.

Samkv. þeim upplýsingum, sem nú liggja fyrir, er það upplýst, að ráðgert er, að tekið verði lán, sem nemur 774 millj. kr., til raforkuframkvæmdanna við Búrfell hjá Alþjóðabankanum, og síðan er einnig gert ráð fyrir því, að tekið verði lán hjá öðrum erlendum aðila vegna þessara framkvæmda, sem nema 408.5 millj. kr., eða erlend lán samtals til þessara framkvæmda 1182 millj. kr. Það er alveg augljóst, að það hefði verið létt verk fyrir Íslendinga að leggja fram talsvert verulegan hluta af þessu fjármagni án lántöku, og hitt efast auðvitað enginn um heldur, að við hefðum getað fengið þetta fé að láni miðað við fjárhagsaðstöðu þjóðarinnar nú, ef eftir því hefði verið leitað, vegna okkar eigin framkvæmda í raforkumálum. Það er því engin nauður, sem hefur rekið okkur til þess að semja við erlendan aðila um atvinnurekstur í okkar landi á þeim grundvelli, sem hér hefur verið markaður, vegna þess að við höfum ekki getað fengið lánin, sem við þurftum að fá til raforkuframkvæmdanna með öðrum hætti. — Nei, grundvöllur málsins er þessi, eins og ég hef bent á, að forustumenn í stjórnarliðinu hafa slegið því föstu, að Íslendingar geti ekki lengur byggt á þeim atvinnugreinum, sem hingað til hefur verið byggt á, og ekki lengur byggt á því, að landsmenn sjálfir eða einir annist atvinnureksturinn í landinu. Þeir hafa hallazt að hinni skoðuninni, að það sé þjóðinni nauðsynlegt vegna þess, hve atvinnuvegir landsmanna séu fá-

breyttir og vanmegnugir, að leita til fjársterkra útlendinga um það, að þeir komi hingað til landsins með sitt fjármagn og hefji hér atvinnurekstur fyrir okkur.

Það mál, sem hér liggur fyrir, verður því að ræðast á þessum breiða grundvelli, — ekki hinum, þar sem umr. snúast eingöngu um einn tiltekinn samning við einn erlendan aðila um byggingu einnar alúmíniumverksmiðju hér við Straumsvík sunnan Hafnarfjarðar. Um það snýst þetta mál ekki í rauninni. Það er alveg augljóst, að að því er stefnt af þeim, sem eru forsvarsmenn þessa máls, að halda lengra inn á sömu braut, fá meira af svo góðu, ná fleiri slíkum samningum og vitanlega græða meira á þann hátt, sem þeir halda nú fram, að þeir muni gera á þessum sérstaka samningi.

Á þetta viljum við Alþbm. leggja höfuðáherzlu í sambandi við afgreiðslu þessa máls. Við vörum alveg sérstaklega við því, að þessi nýja stefna verði tekin upp í atvinnumálum landsmanna, og við bendum á það, að það eru engar forsendur, sem nú liggja fyrir í dag, sem gera það eðlilegt eða knýjandi, að við hverfum frá okkar gömlu stefnu um það, að við skulum sjálfir eiga atvinnutækin í landinu og að við skulum sjálfir stjórna atvinnulífinu og hafa yfirráð þess á allan hátt og hverfa að hinni stefnunni, sem mundi þýða það, að meira eða minna af atvinnulífi landsins kæmist undir forræði útlendinga. Atvinnuvegir þjóðarinnar hafa þvert á móti sýnt það á síðustu árum, að þeir hafa reynzt okkur mun betur en meginatvinnuvegir margra annarra þjóða hafa reynzt þeim. Hér hefur framleiðsluaukningin á síðustu árum orðið meiri en í nálægum löndum. Þjóðartekjurnar hafa vaxið meir hér á síðustu árum en annars staðar. Það er því ekkert, sem kallar á það hjá okkur, að við hverfum frá þeirri stefnu í okkar atvinnuuppbyggingarmálum, sem við höfum byggt á til þessa.

Það hefur að vísu komið hér fram í umr. um þetta mál, að það er ekki fyllileg samstaða í liði ríkisstj. um þetta meginatriði málsins. Af hálfu Alþfl. er það tekið fram og undirstrikað, að hann vilji ekki fyrir sitt leyti viðurkenna það, að það eigi að hverfa inn á þessa braut almennt séð. Hann segist hins vegar hafa fallizt á það, að þessi einstaki samningur skuli gerður á þeim grundvelli, sem hann er, og þeir Alþfl.-menn telja, að það muni ekki þurfa að skipta sköpum, þó að á það sé fallizt, en taka þó fram, að þeir vilji fara mjög með varúð í sambandi við samninga um atvinnurekstursréttindi útlendinga hér í landinu. Það virðist því vera, að ýmsir af forustumönnum annars stjórnarflokksins, sem sé Alþfl., hafi gert sér grein fyrir því, að ýmsar hættur eru því samfara að fara inn á þessa nýju stefnu. Alþfl. segir m. a., að hann hafi sett fram þau skilyrði, að hinn erlendi atvinnurekandi verði t. d. ekki þátttakandi í samtökum atvinnurekenda í landinu. Þeir Alþfl.-menn sjá það sem sagt strax, að það er veruleg hætta á því, að þessi stóri erlendi atvinnurekandi, sem hér á að fá atvinnurekstursaðstöðu, geti gert sig verulega gildandi um þau málefni, sem samtök atvinnurekenda allajafna fjalla um, sem er einmitt um skiptingu á þjóðartekjunum, en það þýðir bein afskipti af pólitískum málefnum í landinu. Mér sýnist því það vera ljóst, að innan Alþfl. gætir nokkurs ótta í sambandi við þessa nýju stefnu á sama tíma sem forustumenn Sjálfstfl. virðast vera miklu harðari af sér í málinu og trúa miklu meira á þessa nýju stefnu, að það sé hagstætt fyrir Íslendinga að semja við útlendinga um það að annast atvinnurekstur í landinu að meira eða minna leyti.

Eins og ég hef sagt, leggjum við Alþb.-menn varðandi afstöðu okkar til þessa máls einmitt megináherzlu á þetta eðli samningsgerðarinnar, að hér sé verið að taka upp nýja stefnu, hér sé verið að fara inn á þá braut í atvinnumálum þjóðarinnar, sem við teljum verulega hættulega fyrir efnahagslegt sjálfstæði þjóðarinnar á komandi árum. Við teljum, að reynslan frá liðnum árum hafi verið sú, að það sé miklum mun traustara og betra fyrir landsmenn að byggja á eigin framkvæmdum í þessum efnum og eigin getu, en að eiga uppbyggingu atvinnulífsins og rekstur atvinnutækja að meira eða minna leyti undir áhuga eða almennri afstöðu útlendinga.

Hér hafa af skiljanlegum ástæðum einnig orðið allmiklar umr. um ýmis þau efni, sem þessir samningar, sem hér liggja nú fyrir, fjalla sérstaklega um.

Ég skal nú víkja hér nokkuð frekar að þessum efnisatriðum samningsgerðarinnar. **(Forseti:** Má ég biðja hv. ræðumann að gera svo vel að gera hlé á ræðu sinni. Nú verður fundinum frestað og haldið áfram kl. 5.45, kortér fyrir 6.) — (Fundarhlé.)

Herra forseti. Ég var kominn þar ræðu minni, að ég ætlaði að víkja með nokkrum orðum að ýmsum ákvæðum samninganna. Eins og greinilega hefur komið fram í umr., reyna forsvarsmenn þessara samninga mjög að réttlæta þá með því, að samið sé á hagstæðan hátt um sölu á rafmagni til alúmínhringsins. Mig langar nú til þess að rifja það hér upp með nokkrum orðum, sem fram hefur komið í sambandi við þennan lið samninganna.

Það liggur alveg óumdeilanlega fyrir, að það rafmagnsverð, sem samið hefur verið um við hringinn, er um 28% lægra en Norðmenn sömdu um við sama aðila, þegar þeir sömdu um rafmagnssölu til alúmíniumrekstursbringsins í Noregi. Í Noregi er gengið út frá því, að þetta rafmagnsverð, sem er þó þetta miklu hærra en hér hefur verið samið um, geti þó hækkað samkv. vísitölu, svo að á næstu 25 árum getur þar verið um allmargar hækkanir að ræða. Hér hins vegar er samið þannig, að það má heita nokkurn veginn víst, að rafmagnsverðið verði óbreytt í 25 ár. Forstjóri Landsvirkjunar upplýsti, að sú endurskoðun, sem að vísu gæti farið fram á raforkuverðinu eftir 15 ár, væri með þeim hætti, að það væri ekki orð á því gerandi, og það gæti varla breytt raforkuverðinu neitt, sem héti, svo að það má segja, að þessir samningar geri ráð fyrir því, að rafmagnsverðið, 10.75 aurar á kw-stund, verði svo að segja óbreytt í 25 ár. Það sjá því allir, að það er mikill munur á raforkusamningum Norðmanna við hringinn og þeim raforkusamningi, sem hér hefur verið gerður. Alþfl.- menn viðurkenna þetta í sínum málflutningi. Þeir viðurkenna það, að í samningunum hafi það farið svo, að það hafi reynzt nauðsynlegt að semja um tiltölulega lágt raforkuverð, til þess að hægt væri að fá hringinn til þess að koma

hingað með atvinnurekstur sinn. Það liggur alveg óumdeilanlega fyrir, að það raforkuverð, sem um er að ræða í þessum samningi, er lægsta raforkuverð, sem nú mun vera fáanlegt í allri Evrópu. Hvergi munu vera möguleikar á því að fá rafmagn á svona lágu verði. Einn af þeim alúmínhringjum, sem hafði hug á því eða athugaði möguleikana á því að byggja alúmíníumverksmiðju hér á landi, samdi um byggingu slíkrar verksmiðju í Grikklandi og gerði þar samning um kaup á raforku. Þar samdi sá hringur um svipað verð og norska verðið er eða um 3 mill en reynslan varð sú, að það varð svo mikil óánægja í Grikklandi út af þessu lága verði, sem þeir kölluðu, á raforkunni, að þar hrökkluðust menn úr ríkisstj. fyrir þessa samningagerð, og síðan hefur hringurinn orðið að sætta sig við það, að þetta rafmagnsverð, sem hann hafði gert samning um, hefur verið hækkað upp í 4.3 mill. Þar er því um miklum mun hærra verð á raforkunni að ræða heldur en þessi samningur felur í sér.

Það er einnig upplýst, að rafmagnsverðið samkv. þessum samningi er lægra heldur en samið var um af Ghanastjórn í sambandi við mjög mikla stórvirkjun þar í landi og miklar framkvæmdir þar, þar sem þó er talið, að virkjunaraðstaða öll sé miklum mun hagstæðari heldur en hér. En þetta Afríkuríki náði sem sagt mun hagstæðari raforkusamningi en þeim, sem hér liggur fyrir.

Ég ætla, að þessi atriði öll, sem hér hafa verið nefnd, sýni það, að hér er ekki um að ræða hagstæðan raforkusamning, heldur mjög óhagkvæman fyrir Íslendinga. Á það hefur verið bent, að forstöðumenn Landsvirkjunar telja, að framleiðslukostnaður á hverri kw-st. í Búrfellsvirkjun muni verða í kringum 10.4 aurar, miðað við þær áætlanir, sem þeir ganga út frá. En nú er upplýst af forstöðumönnum Landsvirkjunar, að heildarkostnaður virkjunarinnar er áætlaður 1913 millj. kr. Ef stofnframkvæmdir fara 65 millj. kr. fram úr áætlun, er verðið 10.75 aurar á kw-st. augljóslega orðið lægra en beinn framleiðslukostnaður. Það verður nú að segja, að miðað við alla þá reynslu, sem við Íslendingar höfum í sambandi við meiri háttar framkvæmdir, verður það að teljast með ólíkindum, ef heildarkostnaðurinn fer ekki meira fram úr áætlun en sem nemur 65 millj. kr. Það má svona skjóta því hér inn í, í sambandi við þessa áætlun, að ég held, að það hafi verið sama fyrirtækið, sama íslenzka fyrirtækið, sem á að standa að framkvæmdunum við Búrfell, sem gerði fyrir nokkrum árum tilboð í byggingu hafnarinnar í Þorlákshöfn. Þá ætlaði það fyrirtæki að byggja höfnina í Þorlákshöfn fyrir 40 millj. kr., en nú er talið alveg víst, að byggingarkostnaður á þessari höfn fari yfir 100 millj. kr. Þeir mega vera nokkuð nákvæmari í tilboðum sínum nú en þeir voru í sambandi við byggingarframkvæmdirnar í Þorlákshöfn, ef umframkostnaðurinn á ekki að verða svo mikill, að það verði um augljóst tap að ræða fyrir Íslendinga að selja raforkuna á því verði, sem samið hefur verið um.

En þó að gengið sé nú út frá þeim áætlunum, sem liggja fyrir um stofnkostnað virkjunarinnar, liggur það greinilega fyrir, að þar er margt vantalið. Í áætlununum er t. d. gengið út frá því, að reistar verði varaaflsstöðvar upp á 40 mw. og að þær muni kosta 122 millj. kr. En samkv. samningunum er við það miðað, að lágmarksorka, sem á að vera til staðar fyrir alúmíníumverksmiðjuna, á að vera 56 mw., en varaaflsstöðvarnar eru ekki nema upp á 40 mw. Nú getur það vel svo farið, enda hreinlega gert ráð fyrir því af forstöðumönnum Landsvirkjunar, að Búrfellsvirkjunin gæti fallið út með öllu á einhverju tímabili, ef um óhöpp væri þar að ræða. Það er því alveg ljóst, að þar er ekki gert ráð fyrir að byggja þær varaaflsstöðvar vegna þeirrar orku, sem samningurinn raunverulega kallar eftir. Þegar á þetta er bent, segja forstöðumenn Landsvirkjunar: Fari svona, reiknum við með því, að við verðum að taka viðbótarorku út úr hinu almenna kerfi, sem Íslendingar búa við nú. — Hér er sem sagt greinilega reiknað með því að reisa minna af varaaflsstöðvum en bein þörf er á. Á þennan hátt er komizt hjá því að taka með inn í heildarstofnkostnaðinn rúmlega 60 millj. kr., sem 20 mw. viðbótar varastöð mundi kosta.

Samkv. þeim upplýsingum, sem nú liggja fyrir, er gert ráð fyrir því, að ráðizt verði í varúðarráðstafanir fyrir ofan virkjunarstaðinn við Búrfell, sem muni kosta um 24 millj. kr. En ýmsir sérfræðingar hafa bent á það, að þessar ráðgerðu varúðarráðstafanir séu allt of litlar. Ef þær ættu að koma að verulegu gagni, þarf að eyða hér miklu meira fjármagni en 24 millj. Og það eru allar líkur til þess, að áður en langt um líður verði ráðizt í framkvæmdir ofan virkjunarstaðar, sem munu kosta miklum mun meira en þetta. Það hefur t. d. komið fram í umsögn raforkumálastjóra um þessi mál, að hann segir, að það sé líklegt, að í þessar ráðstafanir þurfi að ráðast, en það verði bara gert síðar. M. ö. o.: það er verið að draga hér undan nokkurn hluta af þeim stofnkostnaði, sem menn vita þó um, að muni koma til með að falla á þessar framkvæmdir.

Þegar forstöðumenn Landsvirkjunar reikna með því, að framleiðslukostnaður á hverja kw-stund raforku frá Búrfellsvirkjun verði 10.40 aurar, segjast þeir miða við það, að eytt verði í olíukaup við rekstur varastöðvanna 6—7 millj. kr. á ári. En það þýðir, að þeir reikna með því, að varastöðvarnar verði reknar 6—8 daga miðað við það orkumagn, sem verksmiðjan þarf að fá að lágmarki til. Þegar maður hefur það nú í huga, að það geta skiljanlega orðið afföll á orkunni frá Búrfelli af ýmsum ástæðum, sjá menn, að það er ekki reiknað með mikilli notkun varaaflsstöðvanna í þessu dæmi. Það er kunnugt, að það getur komið fyrir og hefur æði oft komið fyrir í virkjunum, að vélasamstæða bilar og hún liggur biluð nokkurn tíma, og það þarf að leita eftir hlutum til útlanda til þess að koma samstæðunni í fullan rekstur aftur. Vitanlega getur slíkt gerzt þarna við Búrfellsvirkjun. Það getur líka komið fyrir, að orkuflutningslínan frá Búrfelli hingað til Faxaflóa bili af ýmsum ástæðum nokkurn tíma, og fleira getur komið til. En auk þess er svo um að ræða verulegar truflanir í Þjórsá vegna ísmyndunar eða mikils aurskriðs, sem viðurkennt er nú af öllum, að veruleg hætta sé á. Ég held því, að enginn geti efazt um það, að í þessum útreikningum er miðað við svo

litla notkun á varaaflsstöðvunum, að það verður að teljast mjög ógætilegt í áætluninni. Upplýsingar liggja fyrir um það, að aðeins olíukostnaðurinn einn nemi um 50 aurum á hverja kw-st. í rekstri þessara varastöðva — og þó að miðað sé við varastöðvar af þeirri gerð, sem áætlunin gerir ráð fyrir, er þó tekið fram, að búast megi við, að olíukostnaðurinn sé í kringum 55 aurar á kw.-st., aðeins olíukostnaðurinn einn, og svo kemur auðvitað þar til viðbótar annar rekstrarkostnaður stöðvanna. Það gefur því auga leið, að það má ekki reka þessar stöðvar lengi, svo að meðaltalsframleiðslukostnaður í virkjuninni hækki ekki talsvert frá því, sem áætlanir eru um. Ég held því, að þessi atriði, sem ég hef minnzt á hér í sambandi við sölu raforkunnar til alúmínhringsins, bendi öll til þess, að hér sé um óhagkvæman samning að ræða og að veruleg hætta sé á því, að svo kunni að fara, að framleiðslukostnaðurinn á rafmagninu verði hærri miðað við hverja kw-st. heldur en það verð er, sem gert er ráð fyrir, að hringurinn eigi að greiða.

Í umr. um raforkusölusamninginn hefur af skiljanlegum ástæðum verið á það bent, að Íslendingar verði líka að taka það með í reikninginn, þegar þeir meta gildi þessa samnings, að þeir eru að selja á leigu eina hagstæðustu virkjun, sem þeir ráða yfir, Búrfellsvirkjun, selja hana á leigu til langs tíma, en á þeim tíma, sem þessi virkjun á að vinna aðallega fyrir útlendinga, þurfa landsmenn sjálfir að ráðast í aðrar virkjanir vegna eigin þarfa. En þá hafa talsmenn þessarar samningagerðar talið sig geta sýnt það með samanburðarútreikningi, að raunverulega hafi Íslendingar verulegan hag af því að semja við alúmínverksmiðjuna á þessum grundvelli, því að þeir eigi aðra möguleika til virkjunar, þannig að það mundi verða hagstæðara fyrir þá að hafa samninginn við alúmínfyrirtækið en að búa einir að Búrfellsvirkjun. Og svo er samanburður í þessum efnum gerður á þessum grundvelli. Annars vegar er gert ráð fyrir því, að um sé að ræða Búrfellsvirkjun upp á 210 mw. Íslendingar eiga að fá sjálfir 84 mw., en útlendingarnir 126 mw. eða um ⅗ orkunnar. Hins vegar er svo aftur sett upp í samanburðardæminu það, að Íslendingar hafi þessi 84 mw., sem þeir eiga að fá úr Búrfellsvirkjun, en virki í staðinn Háafoss og fái út úr honum 126 mw. eða jafnmikið eins og í hinu dæminu á að ganga til alúmínverksmiðjunnar. Gert er svo ráð fyrir því, að þessi 126 mw. virkjun við Háafoss eigi að kosta 975 millj. kr. Og þegar þetta samanburðardæmi er síðan gert upp, er því slegið föstu af talsmönnum þessarar samningagerðar, að það sé augljóst mál, að það sé hagkvæmara fyrir Íslendinga að láta ⅗ af orku Búrfells á 10.75 aura, þó að þeir þurfi síðar að virkja Háafoss með þeim kostnaði, sem þarna er reiknað með í dæminu, en að búa einir að Búrfellsvirkjun. Nú hafa verið gerðar nokkrar aths. við þennan samanburðarútreikning. M. a. benti ég á það, að þetta væru tortryggilegar tölur, því að nú virtist komið upp, að hægt væri að ráðast í virkjun við Háafoss, sem væri 126 mw. og kostaði ekki nema 975 millj. kr., en það þýddi, að sú virkjun væri orðin hagstæðari en útreikningarnir við sjálfa Búrfellsvirkjun hafa sýnt, — hvert kw. í þessari Háafossvirkjun væri orðið ódýrara. Þegar á þetta var bent, komu þessar skýringar til baka: Ja, það er að vísu rétt, að tölurnar benda til þess, að Háafossvirkjun sé ódýrari, en þar á móti kemur það, að Háafossvirkjun er aðallega hugsuð sem toppstöð. Hún gefur ekki þessa orku, 126 mw., nema stöku sinnum. Þar er um þannig vatnsfall að ræða, að í mjög mörgum tilfellum mundi hún ekki gefa nema hálfa þessa orku, en hún gæti aðeins þjónað sem toppstöð í þessu tilfelli. — En þá sjá auðvitað allir, að hér er verið að jafna saman alveg ólíkum hlutum. Annars vegar er um raunverulega virkjun að ræða, sem getur veitt að staðaldri eða stöðugt orku upp á 126 mw., en í hinu tilfellinu er um að ræða virkjun, sem ekki getur veitt þá orku nema stöku sinnum. En þetta er sett upp sem tvennt sambærilegt. Það er því alveg augljóst mál, að hér er verið að blekkja.

Á það hefur einnig verið bent, að þetta samanburðardæmi fær heldur ekki staðizt af þeim ástæðum, að í öðru tilfellinu er gert ráð fyrir því, að öll orkan sé seld, þ. e. a. s. allt umframaflið er þarna látið til alúmíniumverksmiðjunnar, en í hinu tilfellinu er ekki gert ráð fyrir því, að Íslendingar geti notfært sér allt aflið, og talsverður hluti af orkunni er því ekki seldur. En vitanlega væri hægt að selja allmikið af þessari orku, ef aðeins verðið væri lækkað, t. d. eitthvað í námunda við 10.75 aura á kw.-st., og þá mundi allur útreikningurinn gerbreytast.

Ég tel, að þessi atriði, sem ég hef minnzt á hér nú, sýni það, svo að ekki verður um villzt, að raforkusamningurinn við alúmíniumhringinn er okkur Íslendingum út af fyrir sig ekki keppikefli. Hann er óhagstæður, og það eru mjög verulegar líkur til þess, að svo geti farið, að við höfum beint tap af þessari orkusölu, a. m. k. á talsverðum hluta samningstímabilsins.

Við verðum vitanlega að hafa það í huga, að mjög viðurkenndir sérfræðingar í virkjunarmálum hafa bent á það, að það eru miklar hættur á því, að rennslisvirkjun í Þjórsá geti orðið áhættusöm. Því verður ekki neitað, að sá af íslenzkum verkfræðingum, sem langsamlega mesta reynslu hefur varðandi virkjun fallvatna og þessi vandamál, sem ísavandamálin eru, það er Sigurður Thoroddsen, sem hefur verið einn aðalverkfræðingur okkar Íslendinga í rafmagnsmálum nú um langan tíma. Hann hefur varað sterklega við því að ætla að treysta á slíka rennslisvirkjun, sem hér er ráðgerð. Og hann telur, að það sé hreint óvit að leggja út í það að reka þessa virkjun á þeim grundvelli, sem nú er ráðgert með samningum við alúmínverksmiðjuna, án þess að ráðizt verði í verulega kostnaðarsamar öryggisráðstafanir ofan virkjunarstaðarins við Búrfell.

Sams konar aðvaranir komu frá norsku ísasérfræðingunum, sem athuguðu mjög allar kringumstæður í Þjórsá. Þeir gáfu beinlínis ábendingar um það, hvað þeir teldu að væri æskilegt að gera til þess að koma í veg fyrir mestu hættuna í þessum efnum, en ábendingar þeirra eru ekki teknar til greina, eingöngu af þeim ástæðum, að ef eftir þeim væri farið, þá mundi stofnkostnaður virkjunarinnar fara alllangt yfir það,

sem hann má fara, ef þær tölur eiga að geta gilt, sem ríkisstj. hefur hampað í þessu máli.

Ég vil þá víkja nokkrum orðum að rekstri alúmínverksmiðjunnar sjálfrar. Ég hafði hér áður í þessum umr. bent á það, að beinar tekjur mundu Íslendingar ekki hafa af rekstri alúmínverksmiðjunnar nema í sambandi við sölu á vinnuafli til fyrirtækisins og í sambandi við skattgreiðslur fyrirtækisins. Ég held, að þetta liggi líka nokkuð ljóst fyrir af því, sem fram hefur komið af hálfu ríkisstj. til frekari upplýsinga um þetta atriði. Að vísu er ágreiningur þar um eitt einasta atriði. Fulltr. ríkisstj. vilja reikna með því, að nokkrar beinar gjaldeyristekjur fáist í sambandi við rekstur verksmiðjunnar og af raforkusölunni til verksmiðjunnar, en ég fyrir mitt leyti vil ekki fallast á að reikna með því, vegna þess að mér sýnist alveg augljóst, að þær greiðslur, sem við eigum að fá fyrir raforku frá verksmiðjunni, muni ekki verða meiri en svo, a. m. k. á fyrsta 25 ára tímabilinu, að þær muni rétt standa undir þeim hluta af stofnkostnaði virkjunarinnar, sem svarar beinlínis til þess orkuhlutfalls, sem fyrirtækið á að fá. Við verðum því að taka erlent lán vegna raforkuframkvæmdanna og greiða aftur það lán með því fé, sem fyrir raforkuna kemur inn, og ég treysti mér ekki til þess að reikna með því, að þar verði um neinar nettógjaldeyristekjur að ræða fyrir Íslendinga.

Segja má, að það skipti ekki höfuðmáli, hvort gjaldeyristekjur af þessari verksmiðju verða reiknaðar 50 millj. kr. hærri eða lægri. Fyrir mér er það a. m. k. ekkert stórt atriði í þessum efnum. En ég held, að útreikningar ríkisstj. um það, að nettógjaldeyristekjur af rekstri verksmiðjunnar verði um 300 millj. kr. eða 250 millj. kr. fyrir utan gjaldeyristekjur af raforkusölunni, — ég held, að þeir útreikningar fái ekki staðizt. Ekki miðað við það, að aðeins 450 Íslendingar eigi að vinna við rekstur verksmiðjunnar.

Þegar óskað var eftir nánari upplýsingum um þetta atriði, þá kom það fram, að reiknað var með, að beinar gjaldeyristekjur vegna vinnusölu til verksmiðjunnar mundu verða 112 millj. kr., en þá er sýnilega reiknað með því, að allir þessir 450 menn verði Íslendingar, en það sýnist mér mjög hæpið að reikna með miðað við það, sem sagt er í samningunum um rétt þeirra til þess að hafa útlendinga í sinni þjónustu. Og einnig er það sýnilegt, að þá á meðalkaup hvers Íslendings, sem þarna vinnur, að verða 280 þús. kr. á ári, en það tel ég vera hærra en greitt er hér fyrir sambærilega vinnu á Íslandi nú. En okkur er hins vegar sagt, að þessi verksmiðja eigi að greiða svipað kaup og innlendir atvinnurekendur gera. Mér sýnist því, að það sé teygt úr þessari tölu. En þó að gengið sé út frá því, að gjaldeyristekjur af vinnusölu 450 manna til verksmiðjunnar verði 112 millj. kr., þá vantar enn allverulega á, og þá er því bætt við, að við munum fá um 58 millj. kr. á ári eða þar um bil vegna viðhaldskostnaðar verksmiðjunnar. Þar er auðvitað augljóslega um það að ræða, að þá er gert ráð fyrir því, að við seljum þar viðbótarvinnuafl, því að ef þar á að vera um að ræða nettógjaldeyristekjur okkur til handa, þá vitanlega kemur það fyrir selt vinnuafl, og þá eru líka mennirnir, sem eiga að starfa við fyrirtækið, orðnir fleiri en 450.

Þá er einnig bætt hér við einum tekjulið, sem er í sambandi við skrifstofuvinnu og aðra yfirstjórn. Þar er auðvitað líka um vinnuafl að ræða. En þegar heildargjaldeyristekjurnar af þessu fyrirtæki voru sagðar mundu verða 300 millj. kr. á ári, og síðan var reiknað út, að gjaldeyristekjur á hvern vinnandi Íslending í þessari verksmiðju mundu verða meiri en t.d. á hvern vinnandi Íslending, sem starfaði að sjávarútvegi, þá var aftur reiknað með því, að við fyrirtækið ynnu aðeins 450 menn. Það er því alveg sýnilega um það að ræða í þessum efnum, að hér er rangt reiknað. Fyrst eru teknar inn í dæmið 50 millj. kr. tekjur af raforkusölu, en það vinna vitanlega ákveðnir menn við framleiðsluna á raforkunni, viðhaldið á þeim mannvirkjum o.s.frv., en þeim er ekki bætt við. Síðan er þarna verið að gera ráð fyrir nokkrum tekjum í sambandi við viðhald á fyrirtækinu og við skrifstofuvinnu við fyrirtækið o.s.frv.

Ég hef aldrei neitað því og neita því ekki, að nettógjaldeyristekjur af þessu fyrirtæki geti orðið 300 millj. kr., þær gætu jafnvel orðið meiri, en það byggist aðeins á því, að þá ætlum við að selja þangað meira vinnuafl en gert hefur verið ráð fyrir. Ekki 450 menn, heldur 550 menn eða 650 menn eða kannske 700 menn. Gjaldeyristekjur af þessu fyrirtæki fáum við aðeins fyrir það vinnuafl, sem við látum fyrirtækið hafa og svo 50 millj. kr. út úr skattlagningu á fyrirtækið á ári. Um aðrar gjaldeyristekjur frá þessu fyrirtæki er ekki að ræða.

Ég held því svo fram, að sú ráðstöfun á vinnuafli að selja vinnuafl miðað við venjuleg kjör á vinnuafli til erlends aðila, sem býr við þau kjör, sem gert er ráð fyrir samkv. þessum samningi, — þ.e.a.s., að sá aðili á ekki að borga neina tolla eða önnur aðflutningsgjöld af vörum og tækjum, sem hann flytur inn í landið, hvorki til rekstrar né til stofnkostnaðar. Hann fær aðstöðu til að flytja allan þann hagnað, sem verður á rekstri fyrirtækisins, út úr landinu aftur. — Ég segi, að það að selja slíkum aðila vinnuafl fyrir það almenna gjald, sem er á vinnuaflinu í landinu, það er óhagstætt, það er óhagstætt okkar þjóðarbúi, miklum mun óhagstæðara en að nota þetta vinnuafl við þá atvinnuvegi, sem við höfum fyrir í landinu og skila auðvitað margir hverjir miklum hagnaði, óbeinum hagnaði, í okkar þjóðarbú og standa undir öllum þeim margvíslegu gjöldum til þjóðarbúsins, sem nú eru hér í gildi, en þessi á ekki að standa undir þeim öllum.

Ég hef því leyft mér að halda því fram, að það sé ekki hagstætt fyrir Íslendinga að ráðstafa vinnuafli sínu á þennan hátt. Mér sýnist, að þessi verksmiðja hafi nákvæmlega sams konar gildi í íslenzku efnahagslífi í þessum efnum og flugvöllurinn við Keflavík hefur. Auðvitað höfum við Íslendingar fengið nokkurn gjaldeyri fyrir það vinnuafl, sem við höfum ráðstafað þar inn á völlinn, en við hefðum bara fengið meiri gjaldeyri, ef við hefðum notað það vinnuafl til þess að reka betur okkar atvinnuvegi en við höfum gert. Heildargjaldeyristekjur af þessum rekstri, 300 millj. kr. á ári, — þó að sú tala ríkisstj. sé tekin gild, — þá er sú tala ekki ýkja merkileg. Þegar maður hefur það í huga, eins og ég hef bent á áður í þessum umr., að útflutningsverðmæti okkar sjávarútvegs er nú að

nálgast 6000 millj. kr. á ári, og aukningin og aðeins aukningin í útflutningsverðmætum sjávarútvegsins hefur verið nú síðustu ár frá 800 og allt upp í 1000 millj. Sannleikurinn er sá, að þegar þessi verksmiðja gerir ekki betur en að veita okkur aðeins gjaldeyristekjur fyrir vinnuafl, sem hún hefur af okkur tekið, þó að hún skilaði í okkar gjaldeyriskassa um 300 millj. kr. á ári, þá er það ekkert keppikefli að ná í slíkt. Við þurfum ekkert á slíku að halda miðað við þá möguleika, sem við ráðum yfir nú.

Mér sýnist af þessu, sem ég hef sagt, að það sé sama, hvort litið er á rafmagnssölusamninginn og byggingu raforkuversins við Búrfell eða litið er á beinan rekstur alúmínverksmiðjunnar. Hvorugt þetta hefur það gildi fyrir okkur Íslendinga, að það sé ástæða til þess fyrir okkur að leggja á okkur öll þau vandkvæði og allar þær hættur, sem fylgja þessari samningsgerð.

Mig langar þá til þess að víkja hér nokkrum orðum að ýmsum þeim fríðindum, sem hinn erlendi aðili á að fá samkv. þessari samningsgerð, því að það verður vitanlega líka að meta þann hugsanlega hagnað, sem ríkisstj. hefur nú verið að reyna að reikna sem allra mestan, t.d. í sambandi við gjaldeyrisöflun. Það verður að meta hann með tilliti til þess, hvað við látum í staðinn í ýmsum efnum.

Samkv. samningunum er gert ráð fyrir því, að alúmínhringurinn losni við að greiða alla tolla og öll aðflutningsgjöld í sambandi við byggingu verksmiðjunnar, og í áætlunum þeim, sem ríkisstj. hefur lagt hér fyrir þingið, er þess beinlínis getið, að þessi gjöld muni nema af stofnkostnaði verksmiðjunnar í kringum 500 millj. króna. Nú vitum við það, að annar atvinnurekstur í okkar landi verður að standa undir tollum og aðflutningsgjöldum. Hann verður að greiða slíkar upphæðir, en þessi á að losna við að greiða þessi gjöld. 500 millj. í eftirgjöf af stofnkostnaði jafngildir því, eins og ég hef bent hér á áður í umr. um þetta mál, að fyrirtækið borgi hreinlega enga skatta í 10 ár. Aðeins þessi eftirgjöf nemur því, að fyrirtækið sé með öllu skattfrjálst fyrstu 10 árin, ef við viljum bera þetta saman við önnur fyrirtæki, sem eru starfrækt í landinu.

Þá er í þessum samningum gert ráð fyrir því, að alúmínverksmiðjan þurfi ekki heldur að greiða tolla af rekstrarvörum sínum, vélum og tækjum og efni, sem þarf til rekstrarins. Annar atvinnurekstur í okkar landi verður að greiða þessi gjöld. Þegar flutt er inn vél til endurnýjunar í frystihúsum eða keypt eru ný frystitæki eða fluttar eru til landsins vélar, sem eiga að framleiða hér iðnaðarvörur, þá verður að greiða full aðflutningsgjöld af þessum tækjum. En þessi rekstur á að sleppa við að borga þessi gjöld. Hér er vitanlega um stórkostleg fríðindi að ræða og mismunun á milli atvinnurekstrar, þar sem alúmínverksmiðjan er annars vegar og atvinnurekstur landsmanna hins vegar.

Samkv. samningunum er gert ráð fyrir því, að alúmínverksmiðjan þurfi ekki að vera bundin af íslenzkum lögum um meðferð á gjaldeyri. Fyrirtækið má ráðstafa sínum gjaldeyri, eins og það óskar eftir á hverjum tíma. Annar atvinnurekstur í okkar landi verður að afhenda þann gjaldeyri, sem að hann vinnur sér fyrir. Hér er vitanlega líka um mjög mikil fríðindi að ræða.

Þá er að finna það ákvæði í samningunum, að þessi rekstur getur einnig komið til með að njóta vissra fríðinda í sambandi við skráningu krónunnar. Það er beinlínis tekið fram í samningunum, að ef þannig standi á, að mismunandi gengi sé á íslenzku krónunni, þá skuli alúmínfyrirtækið aldrei búa við lakari gengisskráningu en sem nemur vegnu meðaltali af þeim mismunandi gengjum, sem í gildi eru á hverjum tíma. Nú hefur það komið fyrir hjá okkur, að til þess hefur þurft að grípa, að það hefur þurft að styrkja vissar útflutningsgreinar með hagstæðri gengisskráningu eða öðru, sem jafngildir því. Það gæti því vel farið svo á þeim næstu 45 árum, sem þessi samningur á að gilda, að það yrði tekið hér upp mismunandi gengi að meira eða minna leyti og þá byggi þessi rekstur, þessi stórrekstur útlendinga, þá byggi hann orðið við hagstæðari gengisskráningu en t.d. meginhlutinn af okkar sjávarútvegi væri látinn búa við. Þetta er eitt af mörgum fríðindum, sem hringurinn hefur tryggt sínum rekstri í sambandi við þessa samningsgerð.

Þá er það ákvæði að finna í samningunum, að hringurinn semur um það, að alúmínverksmiðjan á ekki að þurfa að borga alla þá skatta eða öll þau gjöld, sem kunna að verða lögð á hér á Íslandi á næstu 45 árum. Hann semur um einn fastan skatt, sem á að koma í aðalatriðunum í staðinn fyrir tekju- og eignarskatt og útsvör og aðstöðugjöld og nokkur önnur smágjöld, en þetta framleiðslugjald felur ekki í sér einu sinni öll þau gjöld, sem atvinnureksturinn á Íslandi þarf að borga nú og ýmsir aðilar hér í landinu eiga að borga nú. Og auk þess er svo alveg augljóst, að þessi rekstur mundi sleppa við ýmsar hækkanir, sem ákveðnar yrðu á næstu árum eða ýmis ný gjöld, sem hér kynnu að koma inn og sem eðli málsins samkv. gætu ekki komið inn í þetta framleiðslugjald, þegar það verður endurskoðað. Það er því ekkert um það að villast, að þessi alúmínrekstur, sem hér er ráðgerður, kemur til með að búa við allveruleg skattfríðindi líka.

Þá er samið um það í þessum samningum, að alúmínreksturinn eigi ekki að lúta íslenzku skattaeftirliti. Í þeim tilfellum, sem það þykir nauðsynlegt að líta eftir uppgjöri fyrirtækisins og bókhaldi, er fyrirtækið ekki skyldugt að leggja bókhald sitt eða aðrar upplýsingar fyrir íslenzk skattayfirvöld. Það semur um það, að ef fram þurfi að fara athugun í þessum efnum, skuli óháð erlend endurskoðunarskrifstofa vinna þetta starf. Óháð erlend endurskoðunarskrifstofa á þá að vinna þetta starf. Þó að stofna eigi að nafninu til íslenzkt hlutafélag, Íslenzka álfélagið hf., sem á að fá atvinnurekstraraðstöðu hér í landinu í 45 ár og njóta allra réttinda samkv. íslenzkum lögum um hlutafélög og ýmis önnur réttindi þar til viðbótar samkv. þessum samningi, þá þarf það ekki að beygja sig undir það að tala við íslenzk skattayfirvöld. Það hefur eitt rétt til þess að stefna þessum málum sínum til athugunar hjá erlendum aðila.

Þá er það atriði í samningunum, sem talsvert hefur verið hér rætt um, þar sem hinn erlendi aðili hefur tryggt sér það ákvæði í samningunum, að rísi upp

ágreiningur á milli dótturfélags hans hér á landi, Íslenzka álfélagsins hf., og t.d. Hafnarfjarðarkaupstaðar eða Landsvirkjunar eða íslenzkra stjórnarvalda, geti hann skotið slíkum ágreiningsmálum undir úrskurð erlends gerðardóms en þurfi ekki að beygja sig fyrir úrskurði íslenzkra dómstóla. Það hefur verið reynt hér í þessum umr. af hálfu forsvarsmanna þessa samnings að réttlæta þetta ákvæði með því, að það væru til ýmis fordæmi hér á landi um slík gerðardómsákvæði sem þetta. M.a. hefur verið fært fram, að í viðskiptasamningum á milli Íslands og Sovétríkjanna væri ákvæði svipað þessu um gerðardómsúrskurð. Ég tel, að þessi afsökun forsvarsmanna samninganna sé lýsandi dæmi um það, hvað þeir eiga erfitt með að réttlæta sínar gerðir í sambandi við ýmis ákvæði þessa samnings. Þeir vita auðvitað mæta vel, að hér er engu líku saman jafnað. Það hefur enginn ágreiningur verið um það, að gerðardómsákvæði gætu verið fullgild út af fyrir sig til þess að skera úr um deilur. Við vitum, að í mörgum tilfellum hefur um það verið að ræða, þar sem Ísland hefur samið við önnur ríki, og við vitum líka, að í fjöldamörgum tilfellum hefur verið um gerðardómsákvæði að ræða, þar sem íslenzk fyrirtæki eða íslenzkar stofnanir eiga í viðskiptasamningum við erlendan aðila. Þar hafa málin eðlilega legið þannig, að annars vegar var aðili, sem átti að njóta íslenzkrar réttarverndar, en hins vegar var samningsaðili, sem naut réttarverndar í einhverju öðru landi. Þegar þessir aðilar áttu saman samningsviðskipti, var það vitanlega ekkert óeðlilegt og hefur alltaf verið viðurkennt, að í þrætum þeirra á milli gæti verið úrskurðað af gerðardómi. En hér er ekki um það að ræða í sambandi við þá deilu, sem upp hefur risið um þetta gerðardómsákvæði. Hér er um það að ræða, að stofnað er svonefnt íslenzkt félag, Íslenzka álfélagið hf., þar sem fram er tekið, að það skuli njóta allra réttinda, sem íslenzk hlutafélög njóta. Þetta félag á að fá hér atvinnurekstraraðstöðu í 45 ár, en síðan er bara ákveðið, að þetta íslenzka félag skuli hafa rétt til þess, þegar ágreiningur kemur upp á milli þess og annarra innlendra aðila, að skjóta slíkum ágreiningsmálum undir úrskurð erlendra aðila. Engin fordæmi hafa verið nefnd, sem réttlæta samningsgerð eins og þessa. Ekkert fordæmi neins staðar frá. Þetta kom mjög greinilega fram í viðtali, sem blaðamenn áttu við forstjóra Swiss Aluminium, þegar hann var spurður um þetta atriði. Fyrirtæki hans hefur komið upp alúmínverksmiðjum og dótturfyrirtækjum í mörgum löndum, en hann viðurkenndi, að í engu landi hefði hann fengið ákvæði sem þessi inn í sína samninga. Hvergi! Á það hefur líka verið bent, að við vitum það, að ýmis stór auðfyrirtæki t.d. í Bandaríkjunum eða í Þýzkalandi eða Englandi eiga nú fyrirtæki í Noregi eða Danmörku. Stóru olíuhringarnir eiga t.d. olíuhreinsunarstöðvar í mörgum löndum. Þeir hafa komið þar upp sínum dótturfyrirtækjum. En í öllum greinum verða þessi dótturfyrirtæki þeirra vitanlega að lúta l. viðkomandi lands. Talsmenn þessarar samningsgerðar hafa ekki getað nefnt eitt einasta dæmi — ekki eitt einasta dæmi — um það, að í slíkum tilfellum hefðu þessi fyrirtæki rétt til þess að fara með ágreiningsefni, sem upp koma varðandi rekstur þeirra í þessum löndum, út úr réttarlögsögu viðkomandi lands og til annars lands. En sem sagt, hæstv. ríkisstj. vill treysta á það í þessum efnum, að hún hafi nægilegan blaðakost til að endurtaka það nógu oft, að það séu til mörg fordæmi um gerðardómsákvæði eins og þetta, t.d. í olíusamningunum, og Alþýðublaðið slær því síðan upp, að í Ed. hafi allir þeir, sem fundu að þessu samningsákvæði, legið hreinlega í rusli, þegar þeim var bent á það af hæstv. viðskmrh., að svona ákvæði væri í olíusamningum Íslendinga og Sovétmanna. Ja, það vantar ekki. Þeir lágu bara í rusli, þegar bent var á þetta fjarstæðukennda dæmi. — Nei, hér er vitanlega um það að ræða, að hinn erlendi aðili tryggir sér í þessum efnum alveg óvenjulegt ákvæði, sem ekkert fordæmi er til um annars staðar frá, nema þá frá löndum, — það er hugsanlegt, — sem eru að verulegu leyti efnahagslega ósjálfstæð og verða því kannske að lúta einhverjum neyðarkjörum í sínum samningum við volduga erlenda aðila. Þegar þetta ákvæði er t.d. borið saman við samninga Swiss Aluminium í Noregi, kemur það auðvitað í ljós, að þar er greinilega tekið fram í samningunum, að hinn erlendi aðili skuli ekki njóta forréttinda í einu eða neinu. Og þar verður hann að beygja sig undir norsk lög í öllum greinum.

Þessi atriði, sem ég hef hér minnzt á, um ýmiss konar fríðindi, sem hinum erlenda aðila eru tryggð með þessari samningagerð, sýna það, að það er verið að skapa hið mesta misrétti á milli erlenda atvinnurekandans og innlendra atvinnurekenda í landinu. Innlendir atvinnurekendur eiga að sjálfsögðu að keppa við hinn erlenda bæði um vinnuafl og annað, en sá erlendi fær margs konar fríðindi sér til handa, sem innlendir atvinnurekendur fá ekki. Og þegar menn meta síðan hugsanlegan hagnað í krónum talið af skattgreiðslu fyrirtækisins eða af raforkusölu til fyrirtækisins, verður vitanlega að hafa í huga, hvað búið er að veita þessum aðila mikil fríðindi einnig í peningum talið, því ef fríðindin væru metin, yrði ákaflega lítið eftir af beinum hagnaði. Ég veit, að það er vitanlega hægt að taka ýmis íslenzk fyrirtæki og segja: Ja, skattgreiðslur þeirra eru nú ekki ýkja miklar til hins opinbera, vegna þess að fjárhagsafkoma þeirra er heldur bág, — en segja aftur jafnhliða: Þetta erlenda fyrirtæki ætlar bara að borga heilmikinn skatt. — En innlendu fyrirtækin eru búin að borga í opinbera þjónustu mikla tolla og önnur aðflutningsgjöld af stofnkostnaði sinna fyrirtækja, og þau verða að borga árlega meira og minna í tolla og önnur aðflutningsgjöld og ýmiss konar gjöld til opinberrar þjónustu, áður en skattstiganum er beitt á þá útkomu, sem reikningar þeirra kunna að sýna. Og það verður vitanlega að taka fullt tillit til þess, þegar samanburður er gerður á milli þessara aðila.

Ég hef hér minnzt með nokkrum orðum á samninga hins svissneska auðhrings um byggingu og rekstur alúmínverksmiðju í Noregi. Ég vil aðeins endurtaka þessi atriði í sambandi við samanburð á samningum fyrirtækisins við Norðmenn og við Íslendinga: Það liggur fyrir alveg óumdeilanlega, að Swiss Aluminium hefur samið um 28% hærra verð á raforkunni þar. Það liggur líka fyrir alveg óum-

deilanlega, að í Noregi fær fyrirtækið engin forréttindi. Það er skýrt og greinilega fram tekið, að það skal engra sérréttinda njóta. Í Noregi var staðsetning alúmínverksmiðjunnar ákveðin þannig, að þar er hún byggð á afskekktum stað í miklu strjálbýli og á ýmsan hátt við heldur óaðgengilega aðstöðu. Þar var um að ræða skilyrði af hálfu norskra yfirvalda, en hér fær hinn erlendi aðili að ákveða staðsetningu verksmiðjunnar við mesta fjölbýli landsins. Í Noregi verður þetta erlenda fyrirtæki, sem á að mestu leyti verksmiðjuna þar, að leggja fram verulegt fjármagn til að byggja yfir þá starfsmenn, sem eiga að vinna í verksmiðjunni, og það verður jafnvel að taka á sig veruleg útgjöld af ýmsum opinberum framkvæmdum þar á staðnum, eins og vegalagningu, byggingu félagsheimilis eða samkomuhúss o.fl., o.fl. En hér er greinilega tekið fram í samningunum, að það sé gengið út frá því, að starfsmenn fyrirtækisins geti búið í Reykjavík eða Hafnarfirði og að þeir skuli undir öllum kringumstæðum njóta jafngóðra réttinda og aðrir Íslendingar um aðstöðu til þess að fá sér lán til íbúðabygginga og annars þess, sem þeir þurfa á að halda. Það er ekkert um það að villast, að á þennan hátt er fyrirtækið að spara sér marga tugi milljóna hér, borið saman við það, sem það verður að greiða í Noregi. Í Noregi verður fyrirtækið að byggja sína alúmínverksmiðju þannig, að það séu sett upp fullkomin reykhreinsunartæki. Talið er, að slík tæki á svona verksmiðju kosti í kringum 100 millj. kr., en hér er um það samið, að fyrirtækið þurfi ekki að leggja á sig þessi útgjöld.

Þannig er það auðvitað alveg greinilegt mál, að þessir samningar, sem hér liggja nú fyrir til umr., eru mjög óhagkvæmir, mjög óhagstæðir, miklum mun lakari í öllum greinum vil ég segja en hliðstæðir samningar, sem við höfum fréttir af annars staðar frá.

En hvaða almennar afleiðingar hljóta svo að verða af þessari samningsgerð, ef til framkvæmdanna kemur með þessar stórframkvæmdir allar? Á það hefur verið bent, að jafnmiklar stofnframkvæmdir, sem koma að verulegu leyti á tveggja eða þriggja ára tímabil, muni reynast íslenzkum vinnumarkaði verulega erfitt vandamál. Samkv. upplýsingum, sem liggja fyrir, telur Steingrímur Hermannsson verkfræðingur, sem fór til Noregs að kynna sér þessi mál, að þar hafi unnið um 1200 manns við byggingu líkrar verksmiðju og hér á að byggja. Og samkv. upplýsingum, sem forstöðumenn Landsvirkjunar hafa gefið, reikna þeir með, að það muni vinna beinlínis við Búrfellsvirkjunina um 520 manns. En til viðbótar við þennan mannafla kemur svo mannafli við að byggja hafnarmannvirkin við Straumsvík og mannafli við að reisa eða koma upp varaaflsstöðvunum, sem byggja á hér sunnan Hafnarfjarðar. Og til viðbótar við þetta kemur svo allt það þjónustulið, sem kemur til með að snúast í kringum þetta vinnuafl á beinan eða óbeinan hátt. Ég tel því, að það sé enginn vafi á því, að það verði að reikna með, að á árunum 1967 og 1968 þurfi Íslendingar að binda að verulegu leyti um 2000 manns við þessar stórframkvæmdir. Þar er vitanlega um svo mikið vinnuafl að ræða á íslenzkan mælikvarða, að það hlýtur að segja alvarlega til sín. Nú er ástandið þannig á okkar vinnumarkaði, eins og allir vita, að það skortir verulega vinnuafl beinlínis við framleiðslustörf, og það er engan veginn hægt að koma áfram með þeim hraða, sem æskilegt væri, ýmsum framkvæmdum, sem fjármagn er til að vinna að.

Það er því alveg ljóst, að það að efna til þessara stórframkvæmda á þann hátt, sem hér er ráðgert, hlýtur að leiða það af sér, að eitthvað af framkvæmdum Íslendinga verður að sitja á hakanum. Það verður að draga úr framkvæmdum þeirra, enda er beinlínis gert ráð fyrir því í sumum þeim grg., sem koma frá ríkisstj. eða sérfræðingum hennar, að það muni þurfa að gera ráðstafanir til þess að draga úr ýmsum framkvæmdum Íslendinga, á meðan mest vinnuafl þurfi til þessara framkvæmda. En hvað kostar það íslenzkan þjóðarbúskap, ef þessar framkvæmdir, að verulegu leyti vegna útlendinga, verða til þess að draga úr ýmsum framleiðsluþáttum þeim, sem Íslendingar eiga sjálfir? Hvað kostar það okkar þjóðarbúskap? — Nú vitum við það, að þessar framkvæmdir ganga auðvitað yfir og þá þarf miklum mun minna af fólki á eftir til þess að halda þessum mannvirkjum við og annast reksturinn, og þá leitar þetta vinnuafl að sjálfsögðu eitthvað annað á eftir. Ég held, að afleiðingarnar af þessu hljóti að verða þær, að það muni hefjast meira uppboð á vinnuafli á íslenzkum vinnumarkaði en áður hefur þekkzt. En uppboð á vinnuafli leiðir vitanlega til þess, að dýrtíðin stóreykst í landinu. Það hefur alltaf farið svo, og það mun fara svo enn. Og hvað kostar það svo íslenzkt efnahagskerfi, ef þessar framkvæmdir leiða til þess, að dýrtíðarvandamálið verður mun meira og þyngra en það hefur verið? Það gæti þýtt það, að ýmsar þær framleiðslugreinar, sem nú eiga fullan rétt á sér og fá staðizt undir núv. kringumstæðum, að þær gætu ekki lengur haft rekstrargrundvöll, því að því eru vitanlega takmörk sett, hvað íslenzkur iðnaður og jafnvel hinn afkastamikli íslenzki sjávarútvegur, hvað þessar starfsgreinar þola hátt verðlag. Það er því mjög hættulegt að mínum dómi að efna til slíkrar spennu á íslenzkum vinnumarkaði, sem hér er greinilega efnt til.

Þá er hitt atriðið, að vel getur komið til þess, að talsvert af vinnuafli flytjist utan af landi hingað suður í sambandi við þessar framkvæmdir. Sérstaklega má búast við því frá þeim landshlutum, þar sem aðstaðan til framkvæmda hefur verið tiltölulega veikust um skeið. En flutningur á vinnuafli í stórum stíl, t.d. frá Norðurlandi eða Vestfjörðum, þar sem ástandið er tiltölulega lakast nú í vinnumálum, — verulegur flutningur á fólki þaðan hingað suður til þess að taka þátt í þessum framkvæmdum mundi vitanlega skapa stóraukinn vanda í sambandi við byggðajafnvægið í landinu. Till. um það frá hæstv. ríkisstj. að taka hluta af skattgreiðslu alúmínverksmiðjunnar, þegar sá skattur fer að falla til, taka hluta af honum eftir á og senda hann til baka aftur til þeirra landshluta, þar sem atvinnuástandið er veikast, það vitanlega breytir litlu, þegar fyrst er búið að gera ráðstafanir til að flytja fólkið í hundraðatali frá þessum svæðum hingað suður og festa það hér við vinnuframkvæmdir í nokkur ár. Ég a.m.k. óttast fyrir mitt leyti, að þeir menn, sem taka sig upp af Norðurlandi og flytjast

hingað suður og verða við þessar vinnuframkvæmdir í 2—3 ár, að það fari svo, að margir þeirra fari ekki heim til sín aftur. Þar miðar maður aðeins við fengna reynslu. Alveg sams konar fólksflutningar áttu sér stað í sambandi við Keflavíkurframkvæmdirnar og við vitum mætavel, hver niðurstaðan var, hver reynslan varð af því. Ég held því, að afleiðingarnar af framkvæmd þessa samnings verði m.a. þær, að þær stórauki það vandamál, sem við höfum átt við að glíma í sambandi við byggðina í landinu.

Þau svör, sem komið hafa frá talsmönnum þessara samninga í sambandi við þessar athugasemdir, sem ég hef verið að gera, finnst mér segja heldur lítið. Þegar bent er á vinnuaflsvandamálið, koma þau svör frá talsmönnum samninganna, að það séu nú alltaf að koma stærri og stærri árgangar inn á okkar vinnumarkað og þetta muni því ekki verða svo tilfinnanlegt. Ég hef aftur bent á það á móti, og því hefur ekki verið hnekkt á neinn hátt af hálfu ríkisstj., að það er alveg óumdeilanlegt, að þessir stærri árgangar, sem hafa verið að koma inn á vinnumarkað, hafa verið að koma inn á okkar vinnumarkað síðustu 10 árin. Og það er ekkert, sem bendir til þess samkv. þeim útreikningum, sem liggja fyrir, að það verði um meiri fjölgun að ræða á okkar vinnumarkaði á næstu 10 árum en var á undanfarandi 10 árum. Það er aðeins um smávægilegan mun að ræða. Vinnuaflsvandamálið mun því ekki leysast á þann hátt, að hér komi inn á okkar vinnumarkað einhver óvæntur fjöldi. Slíku er ekki til að dreifa. Og einmitt á s.l. 10 árum, þegar hinir stærri árgangar hafa verið að koma inn á vinnumarkaðinn, hefur vinnuaflsvandamálið í landinu verið að aukast meira og meira. Og það er, eins og ég hef bent á áður, ofur eðlilegt, vegna þess að það hefur verið mikil gróska í íslenzku atvinnulífi á þessu tímabili, framleiðslan hefur stóraukizt í landinu, til hefur komið ný tækni og ný vinnuaðstaða, og þessi stóraukna framleiðsla hefur auðvitað kallað á aukið vinnuafl, og aukin framleiðsla hefur líka kallað á verulega auknar framkvæmdir í ýmsum greinum. Og ég tel, að það sé allt, sem bendi til þess, að það sé hægt að halda áfram svipuðum vexti í íslenzku atvinnulífi og verið hefur nú um skeið.

Ég benti á það í upphafi míns máls, að það, sem þó skipti mestu máli í sambandi við þessa samningagerð, væri fyrst og fremst það, að með þessum samningum eru aðalforsvarsmenn þeirra raunverulega að marka nýja stefnu í okkar atvinnumálum. Þeir hafa lýst því yfir hver um annan þveran á undanförnum árum, að það sé að þeirra dómi óhjákvæmilegt að leita til útlendinga um þátttöku í atvinnurekstri í okkar landi, vegna þess að okkar aðalatvinnuvegir væru ekki nægilega öflugir til þess að hægt væri að byggja á þeim góð lífskjör á komandi árum. Það er einmitt sú nýja stefna, sem hér er verið að marka með þessari samningsgerð, sem er það hættulegasta. Það er þáttur út af fyrir sig, að samningarnir, sem hér liggja nú fyrir, eru óhagkvæmir, þeir eru áhættusamir, — þeir munu jafnvel geta leitt af sér bein töp fyrir okkur í krónutali í ýmsum greinum. Það er líka auðvitað býsna stórt atriði, að samningarnir fela í sér niðurlægjandi ákvæði fyrir okkur, og það er líka bölvað, að þeir fela í sér mikið misrétti, sem hér á að innleiða á milli innlendra og erlendra í atvinnurekstri. En það, sem mestu máli varðar, er, að hér er verið að taka upp þá stefnu, að það á að leiða erlent einkafjármagn til áhrifa í landinu. Það er enginn vafi á því, að hér er ekki um einangraða samninga að ræða. Hér er að vísu um fyrsta stóra samninginn af þessari tegund að ræða, en það er ætlun þeirra, sem fyrir þessu máli standa, að fleiri slíkir samningar komi á eftir. Auðvitað kemur þeim ekki til hugar, að þessi eina alúmínverksmiðja, sem samkv. þeirra útreikningi ætti að færa í okkar þjóðarbú kringum 300 millj. kr. á ári, geti haft afgerandi áhrif á þróun íslenzkra efnahagsmála á komandi tímum. Það dettur þeim ekki í hug. Nei, þeir ætla sér margar slíkar verksmiðjur sem þessa. Þeir eru á þeirri skoðun, að við eigum að leiða hér erlent einkafjármagn til forustu í sambandi við uppbyggingu okkar atvinnulífs. Þeir voru á sínum tíma mjög ginnkeyptir fyrir kenningunum um Efnahagsbandalag Evrópu, en grundvallaratriðin, sem þar var byggt á, voru einmitt þau sömu og felast í þessum samningum. Þar voru að verki auðhringarnir í Vestur-Evrópu, sem vildu fá frjálsari hendur en þeir hafa haft til að færa fjármagn sitt á milli þeirra landa, sem í bandalaginu væru, til þess að geta fært vinnuafl á milli landa og til þess að þeir fengju betri aðstöðu til gróðasöfnunar sér til handa. Þeir vildu fá þetta í gegnum Efnahagsbandalagið sem almenna reglu, sem byggja átti á, en hér í þessu tilfelli er að vísu um að ræða samning við einn aðila, en aðalforsvarsmenn þessara samninga hafa lýst því yfir, að þeir stefni hér inn á nýjar brautir í sambandi við okkar atvinnumál. Þeir hugsa sér þetta sem fordæmi, eru að brjótast hér í gegn. Þeir eru að víkja til hliðar þeirri gömlu stefnu, sem við höfum byggt á, að það væri heilladrýgst fyrir okkur, að við landsmenn sjálfir ættum atvinnutækin og stjórnuðum þeim og hefðum fullkomin yfirráð yfir atvinnutækjunum og yfir atvinnulífinu í landinu.

Forsvarsmenn þessara samninga reyna stundum að halda því fram, að við, sem séum á móti þessum samningum, séum á móti stóriðju og að við séum á móti því, að íslenzkt atvinnulíf verði gert fjölbreyttara og öflugra en það hefur verið. Hér er vitanlega um alrangar sakargiftir að ræða. Við Alþb.-menn erum ekki á móti stóriðju, en við erum á móti erlendri stóriðju á Íslandi. Við teljum, að það sé sjálfsagt að vinna að því, að landsmenn sjálfir komi sér upp þeim stóriðjufyrirtækjum, sem með eðlilegum hætti er hægt að rúma hér í íslenzku atvinnulífi á hverjum tíma og að þessu sé unnið stig af stigi og þannig, að við spillum ekki því, sem fyrir er. En við erum algerlega andvígir því, að erlendir auðhringar fái aðstöðu til að koma upp sinni stóriðju hér á Íslandi. Við erum líka því fylgjandi, við Alþb.-menn, að það sé unnið að því að gera íslenzkt atvinnulíf fjölbreyttara, og við höfum í þeim efnum alveg sérstaklega bent á það, að það verkefni, sem sé næst okkur í þeim efnum, væri að vinna að fullnýtingu eða góðri úrvinnslu á þeim afurðum, sem hér falla til í landinu, bæði frá sjávarútvegi og landbúnaði. Þar eigum við mikið verk óunnið og gífurlega mikla möguleika til að stórauka okkar þjóðartekjur. Þetta eru verkefni, sem að okkar dómi eru næst okkur. Fleira getur komið til. Vissulega getur komið til greina að koma upp ýmiss konar

atvinnurekstri í landinu, en við leggjum á það áherzlu, að sá atvinnurekstur verði undir íslenzkri stjórn og að hann búi við þau almennu kjör, sem sett eru um atvinnurekstur í okkar landi.

Það er því till. okkar í sambandi við þetta mál, að frv. um lagagildi þessa samnings verði fellt, en við flytjum sem varatill. till. um það, að lögin skuli þó ekki öðlast gildi, fyrr en fram hefur farið þjóðaratkvgr. um lögin og meiri hl. þeirra, sem þátt taka í atkvgr., samþykki þau. Það væri létt verk fyrir ríkisstj. út af fyrir sig að fallast á þessa till. okkar, ef hún virkilega tryði á sinn málstað. Það mundi ekki á neinn hátt trufla þær framkvæmdir, sem hér er stefnt að, að leggja þetta mál undir þjóðardóm nú eftir einn mánuð eða svo, það væri innan handar. En þá líka reyndi á það, hvort meiri hl. þjóðarinnar vildi fallast á þá stefnu, sem ríkisstj. er að reyna að knýja í gegn nú, eða ekki. Ég fyrir mitt leyti efast ekkert um það, að það er mikill meiri hl. íslenzku þjóðarinnar, sem er á móti þessari samningsgerð. Hik það, sem fram hefur komið hjá Alþfl., og ýmis þau skilyrði, sem hann er að minnast á í umr. um málið, benda til þess, sem vitað er, að innan þess flokks eru margir aðilar, sem eru andvígir þessari samningsgerð. Ýmsir nafnkunnir forustumenn Sjálfstfl. víða á landinu hafa látið alveg ótvírætt uppi þá afstöðu sína, að þeir séu á móti þessum samningi. Á Alþ. standa málin þannig, að rétt tæpur helmingur þm. er greinilega á móti samningsgerðinni. Og það er ekkert, sem bendir til annars en þess, að allir stuðningsmenn bæði Alþb. og Framsfl. í landinu séu á móti samningunum. Hér er því að mínum dómi verið að knýja í gegn stórkostlegt alvörumál gegn vilja meiri hl. landsmanna. Hér er því ekki til að dreifa, að ríkisstj. geti afsakað það að neita um þjóðaratkvæði um þessa lagasetningu, vegna þess að með því sé verið að setja málið í hættu. Ef það er meiri hl. landsmanna á bak við þessa samningagerð, kæmi hann að sjálfsögðu fram við almenna atkvgr. eftir svo sem mánuð eða svo, og málið héldi áfram sínum eðlilega gangi. Engar truflanir hlytust af slíku. En hér er um það að ræða, hvort ríkisstj. þorir að leggja þetta mál undir dóm þjóðarinnar. Það er vitanlega ólýðræðislega að verið í jafnstórkostlegu máli og þessu að neita um slíka atkvgr., en það mega þeir menn vita, sem að þessari samningsgerð standa, að þó að þeir neiti þjóðinni nú um það að fá að greiða atkvæði um þetta mál með eðlilegum hætti, þá getur þjóðin talað, áður en langt um líður, og hún getur talað þannig við þá, að það verði hægt að hnekkja þessu máli í framkvæmd.

Frsm. 2. minni hl. (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Það mál, sem hér liggur fyrir, er eitt hið stærsta og kannske örlagaríkasta, sem Alþ. og íslenzka þjóðin hafa staðið frammi fyrir um langt árabil. Með samningi þeim, sem nú er gerð till. um að löggilda, er stigið spor, sem í vissum skilningi liggur aftur á bak, því að með honum er verið að heimila erlendan atvinnurekstur í stórum stíl í landinu að nýju. Allt fram að þessu, frá því að síðustu tengsl við útlent vald og atvinnuréttindi útlendinga voru rofin fyrir tiltölulega skömmu, hefur atvinnu- og fjármálalíf þjóðarinnar verið algjörlega á ísl. höndum.

Samningurinn við Swiss Aluminium Limited boðar stefnubreytingu að þessu leyti. Hér eftir gerist útlent stóriðjufyrirtæki umsvifamikið í atvinnulífi þjóðarinnar. Innlendir aðilar eru ekki lengur einir um atvinnurekstur í landinu hér eftir. Það er ekki gerlegt að ræða þetta mál, sem hér liggur fyrir, án þess að gera sér fulla grein fyrir þeim tímamótum, sem það markar að þessu leyti. Við þetta atriði ber öllum að staldra, ekki einungis þeim, sem leggjast gegn samningnum, heldur einnig hinum, sem bera þetta mál fram. Má með réttu segja, að stuðningsmönnum þessa máls sé ríkari skylda á herðar lögð um réttan skilning á sögugildi þess, og þeirra er skyldan til að rökstyðja, svo að óyggjandi sé, nauðsyn þeirrar stefnubreytingar í atvinnumálum, sem samningurinn boðar.

Ég skal viðurkenna, að hæstv. ríkisstj., sem ber þetta mál fram, hefur sýnt viðleitni í þá átt að rökstyðja aðgerðir sínar, en viðleitni hennar hefur ekki borið þann árangur, að mér og fjöldamörgum öðrum hafi ljós orðið nauðsyn þessa samnings, eins og hann liggur fyrir. Þvert á móti, samningurinn er þannig að allri gerð, bæði ytra og innra, að við, sem mælum gegn honum, teljum hann óviðunandi og einnig beinlínis fjárhagslega óhagstæðan. Fyrir slíkan samning viljum við sízt af öllu kasta fyrir róða hefðbundinni stefnu um atvinnurekstur í landinu. Þessi samningur er ekki þess virði, að Alþ. ljái honum jáyrði. Ég vil því strax lýsa yfir því fyrir hönd okkar, sem að þessu nál. stöndum, að við leggjum eindregið til, að frv. nái ekki fram að ganga og að því verði vísað frá nú við þessa umr.

Að áliti okkar, sem skipun þann minni hl., sem ég mæli fyrir, eru höfuðröksemdirnar gegn málinu þessar: Í fyrsta lagi: Samningurinn er fjárhagslega óhagstæður, m.a. er raforkuverðið allt of lágt og umsamið til allt of langs tíma. — Í öðru lagi: Efnahagslegt ástand í landinu mælir gegn því, að ráðizt sé í slíkar stórframkvæmdir nú og á næstu árum. — Í þriðja lagi: Á samningunum er óviðfelldinn heildarblær. Þeir eru umbúðamiklir og jafnvel torskildir um margt, og fram kemur greinileg tortryggni í garð íslenzkra laga og réttar. Ákvæðin um réttarfar í ágreiningsmálum eru algjörlega óviðunandi.

Í stuttu máli sagt: Samningur þessi fullnægir á engan hátt þeim hugmyndum, sem ýmsir hafa gert sér um hagkvæmni þess eða sérstakt gildi þess að heimila erlenda stóriðju í landinu. Hins vegar er augljóst, að hann mun raska enn frekar en orðið er eðlilegu jafnvægi í efnahagslífinu og gera byggðavandamálið enn óviðráðanlegra en nokkru sinni fyrr.

Aðalröksemdin fyrir þessum samningi er sú, að með honum sé tryggt að hægt sé að ráðast í hagkvæmustu virkjunarframkvæmdir og tryggja um leið hagstæðast raforkuverð. Jafnvel þessi röksemd fellur um sjálfa sig. Einkum ber að minnast þess, að stóriðja útlendinga er engin nauðsyn eða óhjákvæmilegt skilyrði þess að hægt sé að virkja fallvötn á Íslandi með eðlilegum hraða og í eðlilegum stærðum til þess að fullnægja innlendri raforkuþörf. Fyrirhuguð virkjun við Búrfell er ekki ætluð innlendum þörfum nema að sáralitlu leyti, einkum fyrst í stað. Hún er fyrir útlendinga, þeir munu nota helming eða meira af Búrfellsorkunni í 45 ár. Verður tæplega sagt,

að farið sé sparlega með orkulind, sem við vitum, að er ekki ótæmandi.

Mér þykir skylt að gera nokkra grein fyrir afstöðu Framsfl. til atvinnuréttinda útlendinga eða þátttöku erlends áhættufjármagns í atvinnurekstri hér á landi, eins og það hefur líka verið kallað. Mér þykir nauðsynlegt að ræða það mál sérstaklega vegna þess, að sú staðhæfing hefur iðulega komið fram af hálfu meðhaldsmanna fyrirliggjandi álsamnings, að Framsfl. hafi fram að þessu verið talsmaður þess að leyfa erlendan atvinnurekstur í landinu og þá einkum í sambandi við nýtingu raforkunnar til stóriðju. Með skírskotun til þessarar staðhæfingar er því haldið fram, að Framsfl. sé eins og að hlaupast undan merkjum og hverfa frá fyrri afstöðu, þegar hann lýsir yfir eindreginni andstöðu við fyrirliggjandi stóriðjusamninga.

Allt er þetta fullkominn afflutningur á afstöðu Framsfl. Allt, sem Framsfl. hefur ályktað um stóriðjumál og atvinnurétt útlendinga, er á þann veg að vara við þeirri leið nema sem algerri undantekningu frá þeirri höfuðstefnu, að allur atvinnurekstur skuli vera á innlendum höndum. Æ ofan í æ hefur Framsfl. gert um það ályktanir og boðað í ræðu og riti, að hann sé andvígur því að opna landið fyrir erlendu einkaauðmagni og atvinnurekstri útlendinga, nema því aðeins, að um væri að ræða svo skilyrtan samning um það efni, að íslenzkum hagsmunum væri í engu fórnað og að hinir erlendu aðilar lytu í einu og öllu íslenzkum lögum og þ. á m. að sjálfsögðu dómsvaldi og að sérstökum atvinnulegum markmiðum væri náð, og þá er í fremstu röð að greina, að slíkur atvinnurekstur væri staðsettur með það fyrir augum að hann stuðlaði að jafnvægi í byggð landsins, enda fyndust ekki önnur heppilegri eða tiltækari ráð í því efni.

Þetta er í höfuðdráttum stefna Framsfl. og afstaða til atvinnuréttinda útlendinga og þá fyrst og fremst til stóriðjufyrirtækja, sem sækjast eftir raforku frá íslenzkum raforkuverum, því að flokkurinn er undantekningarlaust andvígur erlendri þátttöku í öðrum atvinnugreinum, t.d. sjávarútvegi og fiskiðnaði. Um það er ekki að ræða, að Framsfl. ljái máls á slíkri stefnu. Sú margskilyrta undantekning flokksins um atvinnurétt útlendinga hér á landi er algerlega bundin við stóriðju, sem byggist á mikilli raforkusölu.

Eins og ég hef lýst stefnu flokksins í þessum málum, er engin furða, þó að framsóknarmenn hafi ekki andmælt því, að kannaðir yrðu möguleikar á erlendri stóriðju hér á landi. Því er flokkurinn að sjálfsögðu meðmæltur, en í því felst engin skuldbinding um að skrifa undir hvaða ókjarasamning, sem ráðamönnum þjóðarinnar þóknast að leggja fyrir hv. Alþingi.

Samningur sá, sem nú liggur fyrir til samþykktar, er í öllum meginatriðum af þeirri gerð, að Framsfl. er honum andvígur, enda ekki fullnægt einu einasta skilyrði flokksins um starfsemi útlendra manna í landinu, og ég vil segja, að ef þetta er sá bezti og hagstæðasti samningur, sem hægt er að ná við erlenda atvinnurekendur, liggur næst við að ályktа, að við Íslendingar getum ekki vænzt mikils af því, að erlend stóriðja verði lyftistöng fyrir íslenzkt atvinnulíf og almennar framfarir í landinu. Með þessum samningi munu dynja yfir okkur allir ókostir samskipta við erlenda stóriðjuhölda. Þeir munu hafa allan ávinninginn, en við ekkert nema óhagræðið og skömmina, og slíkum samningi ber auðvitað að hafna. Þó að samningar þessir hafi verið ræddir allítarlega við 1. umr. málsins, þannig að meginafstaða þingflokkanna er þegar öllum ljós, og þó að afstaða þess minni hl. í álbræðslunefnd, sem að ég tala fyrir, liggi greinilega fyrir í nál., mun ég eigi að síður fara nokkrum orðum um samningana, til þess að undirstrika helztu málsatriðin og lýsa almennt persónulegri afstöðu minni til málsins.

Upplýst er, að hreinar gjaldeyristekjur Íslendinga af álbræðslunni verði 300, kannske 320 millj. kr. á ári, þegar hún hefur náð fullri stærð, en ekki nema 150 millj. af 30 þús. tonna áfanganum. Við verksmiðjuna munu starfa um 450 manns, eftir að fullri stærð er náð, en um 300 manns á meðan að afköstin eru 30 þús. tonn á ári. Augljóst er, að mikil óbein umsvif alls konar þjónustustarfa safnast í kringum verksmiðjuna og starfsfólk hennar, og gæti hún ein orðið undirstaða allstórs kaupstaðar á íslenzka vísu. Verksmiðjan hefur þannig mikið aðdráttarafl og tekur mikið til sín af starfandi fólki beint og óbeint. Ekki getur hjá því farið, að hennar gæti mjög í atvinnu- og þjóðlífi Íslendinga, enda verður hún langstærsti vinnustaður á landinu, þó að nefna megi nokkur félög og fyrirtæki, sem hafa fleira fólk í þjónustu sinni. Varla verður sagt, að gjaldeyristekjurnar af verksmiðjunni séu svo miklar, að þær skeri úr um gjaldeyrisafkomu þjóðarinnar, og hugsanlegt er, að tekjurnar gætu orðið minni en þetta, m. a. ef þörf verður fyrir mikið erlent vinnuafl, en það mundi lækka þann hagnað, sem við hefðum af vinnulaunagreiðslunum að sama skapi, því að erlendu starfsfólki er að sjálfsögðu ekki skylt að skila íslenzkum bönkum launatekjum sínum. Það hefur heimild til að yfirfæra allt sitt kaup til útlendra banka og eyða kaupi sínu erlendis.

Samið hefur verið um að selja raforkuna til álbræðslunnar fyrir verð, sem nemur 10,75 aurum á kwst. Í samanburði við orkuverð í öðrum löndum, þar sem Swiss Aluminium rekur álbræðslur, er verð þetta mjög lágt, enda er það 13,75 aurar í Noregi, og talað er um, að það muni vart undir 17 aurum suður á Grikklandi. Miðað við það, að kostnaðarverð á raforku frá Búrfellsvirkjun er áætlað 10,4 aurar á kwst., sést enn betur, hve kostnaðarverðið til álbræðslunnar er lágt. Má sáralitlu muna á virkjunarkostnaði til þess, að svo fari, að raforkan verði seld undir raunverulegu framleiðsluverði. Þetta mun þó koma enn betur í ljós, þegar fram í sækir og Íslendingar fara að virkja við verri skilyrði en fyrir hendi eru í Þjórsá við Búrfell.

Því miður er vatnsafli okkar ekki almennt svo háttað, að hægt sé að gera ráð fyrir, að það verði virkjað fyrir þetta verð í framtíðinni. Með raforkusamningunum við Swiss Aluminium erum við því að ráðstafa hagstæðustu orkunni á mjög lágu verði til mjög langs tíma, sem hlýtur, þegar fram í sækir, að koma niður á innlendum raforkunotendum. Við þetta bætist, að ekki er gert ráð fyrir, að raforkuverðið verði endurskoðað fyrr en árið 1994. Það verður aðeins leiðrétt að

nokkru leyti árið 1984 og síðan á 5 ára fresti, en leiðréttingin miðast einvörðungu við kostnaðarbreytingar í sambandi við viðhald og gæzlu orkuversins, en ekkert tillit tekið til fjármagnskostnaðar, sem hefur þó hvað mest áhrif á raforkuverðið. Það er varla að undra, þó að forstjóri Swiss Aluminium lýsi yfir fögnuði sínum með svo hagstæðan samning, eins og hann hlýtur að vera frá hans sjónarmiði. Raforkuverðsákvörðunin er vissulega gagnrýni verð, en hitt er ekki síður athugavert, að ekki skuli vera gert ráð fyrir tíðari endurskoðunum á raforkuverðinu en samningurinn ákveður. Ber hér enn mjög á milli hins norska raforkusamnings og hins íslenzka við sama fyrirtæki. Í norska samningnum er gert ráð fyrir, að raforkuverðið sé endurskoðað á 5 ára fresti.

Um skattlagningu álbræðslunnar gilda allflóknar reglur, enda er fyrirtækið óháð og undanþegið venjulegum íslenzkum skattalögum. Í stað þess að skattleggja álbræðsluna með eðlilegum hætti er svo umsamið, að hún greiði ákveðið framleiðslugjald miðað við hvert tonn, sem verksmiðjan framleiðir. Ekki munu þessar skattareglur eiga sér fordæmi annars staðar, en þær styðjast við þau rök m. a., að talið er örðugt að ákveða raunverulegan hagnað fyrirtækis af þessu tagi, þar sem um er að ræða eins konar keðjuframleiðslu, sem öll er undir einum og sama hatti og vel hugsanlegt, að hægt sé að koma við ýmiss konar bókhaldsbrellum í þessu sambandi. Að mínum dómi mælir ýmislegt með því, að þessi skattlagningaraðferð sé notuð. Upplýst hefur verið, að framleiðslugjaldið sé við það miðað, að skattlagning álbræðslunnar verði ekki minni en vera mundi skv. íslenzkum skattareglum, ef þeim væri beitt, en í því efni hefur ekki verið komizt hjá því að leggja til grundvallar rekstraráætlanir fyrirtækisins sjálfs, sem telja verður mjög hæpna viðmiðun. Er óhjákvæmilegt, að íslenzk skattayfirvöld fái aðstöðu til að athuga reikninga álbræðslunnar með tilliti til þessa atriðis, enda takmarkast skattgreiðslan einnig við það, að bræðslan greiði aldrei meira en 50% af tekjuafgangi sínum, og það ákvæði gerir það nauðsynlegt, að íslenzk yfirvöld fylgist með því, hvernig tekjuafgangurinn er ákvarðaður. Að vísu mun bræðslan skyld til að greiða skattinn í bili, þótt hann fari fram úr þessu marki, og ríkissjóður fær þannig til ráðstöfunar fé um sinn, en að samningstíma loknum skal gera upp slíkar umframgreiðslur og eigi bræðslan þá inni hjá ríkissjóði, ber að greiða skattinnstæðuna til baka með fullum vöxtum. Getur skattgreiðslan því í praxis komið fram sem lán til ríkissj. fremur en raunverulegt skattgjald. En hins er skylt að geta, að skattgreiðslan mun aldrei fara niður fyrir 20 dollara á tonn. Það er því hið raunverulega og trygga skattgjald, en vafi leikur á um það, hvort nokkurn tíma verður í raun hægt að ná því hæsta framleiðslugjaldi, sem um er rætt í 25. gr. aðalsamningsins, en þar er talað um 35 dollara á tonn. Fer það algerlega eftir því, hvernig reksturinn kemur út og hvort skattinnstæður safnast fyrir á samningstímabilinu.

Það fer ekki fram hjá neinum, að álbræðslan nýtur verulegra og mjög óvenjulegra tollfríðinda. Verksmiðjan er undanþegin aðflutningsgjöldum af efni og tækjum, sem hún eða verktakar hennar flytja inn á meðan á byggingu stendur, og sama gildir um hráefni, vélar o. s. frv., sem verksmiðjan þarf á að halda, þegar til rekstrarins kemur. Þetta atriði ásamt fleiru skapar álbræðslunni mikla sérstöðu umfram önnur fyrirtæki í landinu. Þau verða öll að borga af sínum rekstrarvörum og sínum byggingarvörum aðflutningsgjöld og tolla. Það er einnig augljóst, að hafa verður sérstaka tollvörzlu og löggæzlu í sambandi við álbræðsluna, ef koma á í veg fyrir smygl út af bræðslulóðinni. Og við getum svona nokkurn veginn sagt okkur sjálfir hverjar tilhneigingar verða í þá átt. Við þekkjum það af langri reynslu, hversu smygltilhneigingin er mikil í sambandi við slíka staði sem þann er rísa mun í Straumsvík.

Þá verður það að teljast til óvenjulegra fríðinda, að álbræðslan er undanþegin því að koma upp gaseyðingartækjum. Það er algert einsdæmi, að Swiss Aluminium hafi sloppið við að gera slíka varúðarráðstöfun — algjört einsdæmi. Allar verksmiðjur félagsins, hvar sem er í heiminum, eru búnar slíkum gaseyðingartækjum. Eftir þeim upplýsingum, sem fyrir liggja, eru að vísu líkur fyrir því, að þeirra sé ekki þörf við aðstæður, sem gerast í Straumsvík, en engin tvímæli eru tekin af um eiturverkanir flúorgassins. Meðan svo er, er vissulega óvarlegt, að ekki sé meira sagt, að undanþiggja álbræðsluna þeirri skyldu að koma upp gaseyðingartækjum. Það er nóg af hæpnum ákvæðum og undanslætti í þessum samningum, þótt ekki sé slakað á, hvað snertir heilbrigðisráðstafanir í sambandi við þessa verksmiðju.

Eitt þeirra atriða, sem allir ættu að vera sammála um að mæli harðast gegn því að samþykkja fyrirliggjandi stóriðjusamninga, er ástandið í efnahagsmálunum. Og hvert er þá ástand efnahagsmálanna í dag? Hvað er það, sem setur svip sinn á efnahagsmálin í dag? Því er auðsvarað. Það er verðbólgan og það er dýrtíðin og það er ofþensla á vinnumarkaði, sem ekki er sjáanlegt, að sé í neinni rénun. Þetta er höfuðvandamálið í efnahagslífi þjóðarinnar. Þetta viðurkenna allir í orði a. m. k., þó að kannske finnist ráðamenn, sem reyna að blekkja bæði sjálfa sig og aðra með því að gera lítið úr verðbólgunni, eða eins og þeir frekast geta. En sem betur fer eru þeir ekki margir, sem eru svo glámskyggnir, að þeir sjái ekki þá háskalegu þróun, sem hér er að verki.

Sú hæstv. ríkisstj., sem nú situr að völdum, hefur ráðið efnahags- og fjármálastefnunni nærri tvö kjörtímabil. Meginráðstafanir hennar í efnahagsmálum tóku gildi í febrúarmánuði 1960, viðreisnarstefnan, sem svo var nefnd af höfundum sínum í bjartsýni og eldmóði fyrstu stjórnardaganna. Hún hefur þannig 6 ára reynslutíma að baki. En árangurinn er því miður sá, að verðbólgan og dýrtíðin hafa aldrei verið magnaðri, enda á góðri leið með að kaffæra eðlilega fjárhagsafkomu atvinnulífsins í landinu. Raunar er ekki hægt að tala um neina skipulagða stefnu hjá hæstv. ríkisstj. lengur, því að allt rekur á reiðanum undir kjörorðinu „flýtur á meðan ekki sekkur". Hæstv. ríkisstj. lifir í voninni um það, að hlutirnir geti dankast áfram eitthvað enn þá, eins og af gömlum vana, en tökin á stjórn efnahagsmálanna hefur hún

löngu misst. Metnaður hennar er ekki í því fólginn að leysa neinn vanda, heldur er hann sá einn að setja met í þrásetu uppi í stjórnarráði og viðurkenna ekki ósigur sinn, sem þó er fyrir löngu augljós staðreynd.

M. ö. o.: megineinkenni efnahagslífsins eru verðþensla, dýrtíð og óðaverðbólga. Þessi ósköp fara eins og eldur um allt atvinnulífið og eru að sliga ríkissjóð, svo að ofan á allt annað þá er ríkisbúskapurinn rekinn með halla ár eftir ár, enda er ekki við öðru að búast, því að ríkissjóður er öllu öðru fremur viðkvæmur fyrir verðbólgu og gengisfellingu. Þetta veit ég, að hæstv. fjmrh. gerir sér grein fyrir, enda sagði hann réttilega í ræðu, sem hann hélt við 2. umr. fjárl. í vetur, að verðbólgan væri aðalógnvaldur ríkissjóðs. Hæstv. fjmrh. gerir sér fullkomlega ljóst, að það er eitthvað athugavert við efnahagsástandið á meðan verðbólgan hámar í sig síhækkandi ríkissjóðstekjur og sporðrennir öllum viðbótarsköttunum, án þess að fá fylli sína, enda er fjárhagskerfi ríkisins að molna niður að meira eða minna leyti, og ríkissjóður treystir sér ekki til að standa undir nauðsynlegustu útgjöldum, jafnvel ekki þeim, sem eru lögbundin.

Og hvað er að segja um atvinnulífið? Ætli verðbólgan hafi einhver áhrif á rekstur atvinnuveganna? Þótt efnahagsástandið sé ótryggt vegna verðbólgunnar og ekki sé við það búandi lengur, þá er það eigi að síður staðreynd, að framleiðslustarfsemin hefur aldrei verið meiri en undanfarin 5—6 ár, einkum 3 síðustu árin. Þetta hafa, þegar á heildina er litið, verið sannkölluð veltiár. Að vísu hefur velgengnin ekki náð til allra landshluta. Um norðan- og norðvestanvert landið hefur verið mjög misærasamt samhliða góðærinu annars staðar á landinu. Það hefur svo magnað vandræðin norðanlands, að ekki hefur fengizt nægur skilningur á því, að nauðsynlegt var að mæta þessum erfiðleikum með sérstökum aðgerðum, sem vænta mátti árangurs af, ef rétt hefði verið á málum haldið. Það hefði m. a. mátt gera meira af því að dreifa síldaraflanum skipulega til vinnslu á Norðurlandshöfnum, þar sem allt atvinnulíf er grundvallað á slíkum iðnaði. Það hefði a. m. k. mátt haga síldarflutningunum þannig, að hagsmunum Norðlendinga hefði verið gert jafnhátt undir höfði, þegar farið var að styrkja síldarflutninga og veita ríkisábyrgðir til kaupa á síldarflutningaskipum, eins og hagsmunum Reykvíkinga, þó að þeir séu alls góðs maklegir. En atvinnuerfiðleikar Norðlendinga eru þáttur út af fyrir sig.

Þó að mér sé málið skylt og ég vilji ekki láta neitt tækifæri ónotað til að minna á atvinnuerfiðleikana fyrir norðan og þau vandræði, sem af þeim hafa leitt fyrir framfarir í þessum landshluta, verður hinu ekki neitað, að síðustu árin og öll stjórnarár núv. ríkisstj. er ein samhangandi keðja af góðæri til lands og sjávar. Þjóðarauðurinn hefur vaxið. Verðmætasköpunin hefur vaxið. Sjávaraflinn hefur aldrei verið meiri og vaxið með hverju árinu. Verkamenn og sjómenn hafa unnið tvöfaldan vinnudag ár út og ár inn, m. ö. o. hér hefur verið rífandi atvinna og meiri þjóðarframleiðsla en um getur í allri Íslands sögu. Og ekki nóg með það, að aflinn, sem á land er dreginn, sé meiri en nokkru sinni fyrr, heldur kemur það og til, að afurðasalan er algerlega hindrunarlaus. Það hefur ekki staðið á, að framleiðsluvörurnar seldust og það fyrir allgott verð miðað við það, sem oft hefur verið, enda er það eitt af einkennum viðskiptalífsins, að viðskiptakjörin hafa aldrei verið betri en síðustu ár. Það hefur ekki haft lítil áhrif á þjóðarafkomuna, þegar svo er. Satt að segja hefur það bjargað því, sem bjargað varð, í því óstjórnarfeni verðbólgu og dýrtíðar, sem hæstv. ríkisstj. er einkum fræg fyrir.

Þrátt fyrir allt góðæri, þrátt fyrir aflamokið, þrátt fyrir viðskiptakjörin, þrátt fyrir allan dugnaðinn og vinnuálagið þá berjast atvinnuvegirnir fjárhagslega í bökkum. Ástæðan er ofureinföld. Það gerist nákvæmlega það sama hjá atvinnufyrirtækjunum og hjá ríkissjóði. Verðbólgan slokar í sig bróðurpartinn af því, sem góðærið og viðskiptakjörin færa þeim af gróða og velgengni. Mundi ekki einnig sömu sögu að segja um afkomu almennings, bænda og launþega? Þrátt fyrir afurðaverðshækkanir og kauphækkanir hrakar raunverulegri afkomu þessara stétta. Verðbólgan og dýrtíðin sjá dyggilega fyrir því. Efnahagsástandið er því gersamlega óviðunandi.

Það er útilokað, að hægt sé að ráðast í fyrirhugaðar stóriðjuframkvæmdir í því stjórnleysi á efnahagsmálum, sem nú ríkir í landinu. Og það er ætlunin að ráðast í þessar framkvæmdir, þar sem þenslan er mest, þar sem hver vinnandi hönd er á uppboði og þar sem framkvæmdirnar eru svo miklar og svo óskipulegar, að ekki ræðst við neitt. Ofan í þessa hít á að dengja stóriðjuframkvæmdunum. Menn geta gert sér í hugarlund, hvernig ástandið verður hér næstu árin, ef fram heldur sem horfir. Hæstv. ríkisstj. ætti að gera sér grein fyrir því og hún viðurkennir í öðru orðinu a. m. k., að fyrirhugaðar stóriðjuframkvæmdir og allt sem þeim tilheyrir, hljóti á næstu árum að auka svo um munar verðbólguáhrifin og vinnuaflsvandræðin. Auðvitað fer ekki hjá því, að stóriðjuframkvæmdirnar sogi til sín vinnuaflið. Þær munu ekki einungis soga til sín vinnuaflið frá Norðurlandi, þar sem atvinnuerfiðleikar eru fyrir hendi, heldur munu þær draga að sér vinnuafl frá sjávarútvegi og öðrum undirstöðuatvinnuvegum þjóðarinnar, — þeim atvinnuvegum, sem rísa undir þjóðarbúinu og eru grundvöllur þess, að hér er sjálfstætt og allauðugt þjóðfélag, sem að menningu og félagslegum framförum jafnvel gnæfir yfir obbann af öðrum löndum heimsins.

Það hefur okkur tekizt, Íslendingum, þó að við séum óheppnir með ríkisstj. þessa stundina, að verða sú þjóð í heimi, þar sem fátæktin og misskipting auðsins er minnst. Mér þykir strax rétt að slá þann varnagla, að hæstv. ríkisstj., sem nú situr, á minnstan þátt í því, að Íslendingar eru í hópi þeirra þjóða, þar sem búið er að sverfa broddana af verstu agnúum auðvaldsins. Þó að tölur sýni, að nú um þessar mundir sé Ísland í hópi þeirra landa, þar sem tekjur á hvert mannsbarn eru hæstar, verður það ekki þakkað þeirri ríkisstj., sem nú er við völd. Þetta gerist þrátt fyrir það og þrátt fyrir hina slæmu stjórn, sem við höfum. Það er heldur ekki nýtt, að skýrslur sýni sams konar útkomu. Árið 1958, þegar vinstri stjórnin sat að völdum, var Ísland meðal þeirra landa, þar sem meðaltekjurnar voru langhæstar. Ætli hæstv. ríkisstj.

vilji þakka það vinstri stjórninni, að svo var? — Nei, hún vill það áreiðanlega ekki, enda verður engri einni ríkisstj. þakkað allt, en auk þess ber ég heldur ekki saman vinstri stjórnina og þá, sem nú situr, því að á þeim er mikill gæfu- og manndómsmunur.

Nei, ástæðan til þess, að samanburðarskýrslur um efnahagsmál hafa alllanga tíð sýnt kjarajöfnuð og minni stéttaskiptingu hér en annars staðar, á sér pólitíska og sögulegan aðdraganda, sem er lengri en stjórnferill núv. hæstv. ríkisstj. Það er síður en svo, að hún hafi komið að auðu og tómu landi, þegar hún settist að völdum. Hæstv. ríkisstj. er hvorki skapari himins né jarðar, en manni gæti stundum dottið í hug, þegar maður hlustar á hæstv. ráðh. suma hverja a. m. k. að þeir ímyndi sér, að Íslandssagan hefjist í febrúarmánuði 1960, þegar viðreisnarlögin voru samþ. Þá hafi kviknað ljós, sem lýsi um alla heima, þá hafi eldurinn verið fluttur frá guðunum til mannanna. Að vísu var eldur kveiktur með viðreisnarlöggjöfinni frá 1960, en það var ekki sá eldur, sem Prómeþevs sótti upp á Ólympstind, — það er sá eldur, sem er í ætt við Surtarloga. Síðan hefur eldur óstjórnarinnar brunnið á Íslandi, en það kviknaði líka ljós, þótt síðar yrði, í sambandi við efnahagsaðgerðir ríkisstj. Fram að þeim tíma trúðu ráðamiklir hagfræðingar og ráðh. því statt og stöðugt, að öruggasta ráðið til þess að stjórna efnahagslífinu á Íslandi væri í gegnum svokallaðar peningalegar aðgerðir. Þeir bentu á, að í öllum nálægum löndum væri efnahagslífinu stjórnað með slíkum aðgerðum fyrst og fremst. Trúin á vaxtahækkanirnar og aðrar peningalegar ráðstafanir sem úrbætur í efnahagsmálum hefur þó dvínað ögn hin síðari ár, þó að ekki sé hún með öllu horfin. Viðreisnin hefur, þótt heldur sé dimmt yfir henni, kveikt örlitla skilningstýru í höfði hæstv. ríkisstj. og hennar manna. — Ég ætla að leyfa mér að vitna til einnar mgr. í síðustu ársskýrslu Seðlabanka Íslands. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Reynsla undanfarinna ára bendir hins vegar eindregið til, að ráðstafanir í peningamálum og fjármálum ríkisins séu ekki einhlítar til lausnar verðbólguvanda af því tagi, sem við er að etja hér á landi."

Ja, öðruvísi mér áður brá. Þarna er loks fengin nokkur viðurkenning á því, að allt hringlið með vextina undanfarin ár hefur ekkert haft að segja til þess að draga úr verðbólgunni. Það hefur anzi lítið haft að segja, þó að vald Seðlabankans hafi verið aukið á kostnað Alþ. í þessum efnum, þannig að Alþ. ræður ekki lengur vaxtastefnunni fremur en ýmsu öðru, sem smám saman er verið að hrifsa úr höndum þess og fela ríkisstj. eða embættismönnum. Sennilega er nú loks að renna upp skilningsljós fyrrv. hæstv. ríkisstj. um það, að atvinnulíf okkar og efnahagskerfi er með nokkuð sérstökum hætti og ekki beinlínis náskylt því hagkerfi, sem gildir hjá iðnaðarstórveldunum. Enn þá eru það fiskimenn og bændur, sem eru grundvallarstéttir í þjóðfélaginu, og það eru hinir fornu atvinnuvegir, sem standa undir þjóðarbúinu. Framleiðslan er fyrst og fremst komin frá þeim. Iðnaður okkar, sem mestu varðar fyrir þjóðarbúið, stendur í nánum tengslum við þessa atvinnuvegi. Allar framfarir í þjóðfélaginu standa í sambandi við framfarirnar í sjávarútvegi og landbúnaði og þeim iðnaði, sem þeim er tengdur. En peningalegar aðgerðir ríkisstj. og Seðlabankans hafa komið harðast niður á þessum undirstöðuatvinnuvegum. Þær hafa stóraukið rekstrarkostnaðinn, svo að þessir atvinnuvegir verða sífellt harðar úti og standa verr að vígi í samkeppni um markaðsverðið. Þar er óðaverðbólgan að verki, þessi eldur, sem kviknaði m. a. af misskilningi hæstv. ríkisstj. á eðli efnahagslífsins á Íslandi. Og ekki mun þetta ástand batna, þegar stóriðjan á mesta þenslusvæði landsins hefst handa með milljarðaframkvæmdir sínar. Þá fyrst mun keyra um þverbak á efnahagsdróg hæstv. ríkisstj. Ástandið í efnahagsmálunum er því það atriði af mörgum, sem mest mælir gegn því, að ráðizt verði í þá stóriðju, sem fyrirhuguð er.

Við lestur álsamninganna hljóta menn strax að reka sig á það, hve óviðfelldinn heildarblær eða tónn er yfir samningunum. Hið fyrsta er, að samningarnir, einkum aðalsamningurinn, líkjast einna helzt því að vera milliríkjasamningur. Auk þess er aðalsamningurinn fullur af endurtekningum og óþarfa málalengingum eða því, sem heitir á prentsmiðjudönsku „selvfölgeligheder". Ofan á þetta bætist svo, að íslenzka gerð samningsins er meira og minna ónákvæm og beinlínis röng. Hún er flaustursleg unnin og að ýmsu leyti misþyrming á móðurmálinu. Það er ríkisstj. ekki til sóma að leggja svona plagg fyrir Alþ., því að hún ber ábyrgð á því, að þýðendur, sem annars eru vel færir í starfi sínu, hafa orðið að hlaupa yfir þetta verk á hundavaði í kapp við bráðræði hæstv. ríkisstj. og prentvélarnar í Gutenberg. Það er hart til þess að vita, að svona plagg skuli koma frá ríkisstj., sem nýtur forustu manns, sem hlotið hefur opinbera viðurkenningu fyrir snjöll tök á íslenzku máli, — og ég hygg, að við séum flest sammála um, að hæstv. forsrh. hafi átt þá viðurkenningu fullkomlega skilda. Hin íslenzka gerð samningsins er eins og hálfunnið verk, og það er rétt að minna á það hér, að það er illt til afspurnar, ef meiri hl. Alþingis ætlar að láta slíkt plagg frá sér fara og láta geymast í þingskjölunum næstu aldirnar. En óviðfelldinn málblær ásamt bögumælgi og þýðingarvillum ríða ekki við einteyming, því að aftan í þessi ósköp er hnýtt í eina lest fráleitum efnisatriðum, sem runnin eru af sömu rót og menguð af lítilsvirðingu á íslenzkum lögum og réttarfari. Það er jafnvel ekki skirrzt við að efast um gildi sjálfrar stjórnarskrárinnar um vernd eignar- og mannréttinda, með því að drita ákvæðum um svo sjálfsagða hluti hér og þar í samninginn. Formælendur samningsins segja, að ekki sé skaði að því, þótt samningurinn sé þannig úr garði gerður, það sé í fullu samræmi við íslenzkan rétt og ekki saki, þó að stjórnarskrárákvæði séu tekin í samninginn. Má vera, að það saki ekki efnislega, en það hlýtur þó að saka sjálfsvirðingu manna, ef þeir hafa hana einhverja. Lítilsvirðingin á íslenzku réttarfari nær þó hámarki í 46. og 47. gr. aðalsamningsins, þar sem kveðið er á um úrlausn deilumála, sem rísa kunna út af samningsgerðinni. Þar hefur hæstv. ríkisstj. gengizt undir þá smánarlegu kvöð að semja sig undan íslenzkum dómstólum með því að fallast á, að utanaðkomandi gerðardómur skeri úr ágreinings-

efnum. Enginn vafi er á því, að svissneski álhringurinn pressaði þetta ákvæði inn í samninginn af þeirri einni sök, að forráðamenn hans treysta ekki íslenzkum dómstólum, þeir treysta ekki íslenzku réttarfari. Um það liggur fyrir skýlaus yfirlýsing aðalforstjóra Swiss Aluminium, sem hann gaf í blaðaviðtölum fyrir fáum dögum. En ég leyfi mér að spyrja: Hvert er þá orðið okkar starf? Er ekki á einu leitinu verið að hrópa húrra fyrir Íslandi sem hinu elzta lýðræðis- og réttarríki og hylla það í skálaræðum og vináttuheimsóknum þjóðarleiðtoga okkar út um allan heim, en þegar á reynir og þegar við höfum raunverulega þörf fyrir það traust, sem ætti að felast í öllum skálaræðunum, þá er þúsund ára lýðræðishefð og réttarhugmyndum Íslendinga sýnd sú virðing, sem birtist í samningunum við auðhringinn Swiss Aluminium Ltd. Og þetta gera hæstv. ráðh. sér að góðu. Að vísu er það ekki ný bóla, að núv. hæstv. ríkisstj. sé flöt fyrir útlendingum í samningum. Hvað það snertir tala staðreyndirnar sínu máli. Eitt nýjasta og átakanlegasta dæmið er sjónvarpsleyfið frá 1961, þegar ríkisstj. heimilaði stækkun sjónvarpsstöðvar herliðsins á Keflavíkurflugvelli. Það mál er mörgum ofarlega í huga, og ekki hefur vegur hæstv. ríkisstj. vaxið mikið með því máli. Mér er líka í minni óðagot hæstv. ríkisstj. fyrir þremur til fjórum árum í sambandi við Efnahagsbandalag Evrópu. Þá munaði ekki nema hársbreidd, að hæstv. ráðh. létu útlendinga telja sig á að sækja um upptöku í þetta nýja bandaríki Evrópu. Það virtist vera heilög sannfæring hæstv. ríkisstj., að Íslendingar ættu sér hreinlega ekki viðreisnar von í nútíð og framtíð nema þeir kæmust undir verndarvæng slíkrar voldugrar ríkjasamsteypu, sem hafði þó það markmið að útþurrka sjálfstæði þjóðríkja á borð við það litla ríki, sem við Íslendingar höfum verið að reyna að halda uppi síðan 1918. Þeir menn, sem valdir höfðu verið til þess að stjórna málefnum þjóðarinnar og höfðu tekið í arf sjálft fullveldið og lýðveldið, sem fram að þessu hafði verið talið fjöregg þjóðarinnar, endurheimt eftir margra alda nýlenduþrælkun, þessir menn létu sig hafa það hver um annan að spá þjóðinni eymd og ófarsæld, ef hún byndist ekki meira eða minna nánum stjórnarfarstengslum við ríkjabandalag suður í Evrópu. Sem betur fer tókst að koma vitinu fyrir þessa herra, áður en ósköp hlytust af. Sumpart munu þeir hafa séð að sér, þegar þeir fóru að hugleiða nánar afleiðingarnar, en sumpart stafaði það af því, að bandalagshugmyndin komst ekki í framkvæmd. Því miður er ekki örugg vissa fyrir því, að þetta mál verði ekki vakið upp einhvern tíma síðar. Um það er ómögulegt að segja. En við skulum vona, að á því verði bið. Ég geri mér þær hugmyndir um hæstv. forsrh. og raunar fleiri ráðh., að þeir viti, hvað það gildir að tengjast stjórnmálaböndum við útlend stórveldi, hvað sem um hina er að segja, sem renna niður ótuggnum öllum tízkuhugmyndum um efnahagsbandalög og eru tilbúnir að trúa því, að fullveldi og sjálfstæði smáþjóða standi í vegi fyrir efnahagslegum framförum. Ég skal játa það, að álsamningurinn er hreinasta smáræði hjá því, sem það hefði verið að tengjast Efnahagsbandalagi Evrópu. En hins vegar mátti svo sem við því búast, að þeir, sem gátu hugsað sér að tengjast því með aðild eða aukaaðild, sem enginn vissi hvað var, og lúta þannig útlendu valdi, bæði löggjafar- og dómsvaldi, hikuðu ekki við að semja sig undan íslenzkum dómstólum í tilviki eins og því, sem hér liggur fyrir. Það var raunar ekki við öðru að búast. Ég sagði áðan, að samningarnir við Swiss Aluminium hefðu á sér blæ milliríkjasamninga. Slíkt er mjög óviðeigandi og óæskilegt fordæmi. Þó að Swiss Aluminium sé voldugt og ráði kannske yfir meira auðmagni en allt íslenzka ríkið, er þó alveg óþarfi að hossa því svo hátt í samningunum, sem gert hefur verið. Það er óþarfi að veita því sömu réttar- og virðingarstöðu sem fullvalda ríki. Fyrr má nú vera respektin.

Samkvæmt aðalsamningunum við Swiss Aluminium Ltd. heimilast nefndu fyrirtæki að stofna hér á landi dótturfélag, sem nefnast skal Íslenzka álfélagið h.f. Þetta félag á að skrá á íslenzka hlutafélagaskrá með heimilisfang hér á landi, og skal það verða hlutafélag samkv. íslenzkum lögum með þeim breytingum, er af staðfestingarlögunum leiðir, og skal sem slíkt eiga og mega notfæra sér öll félagsleg réttindi, sem veitt eru með stofnskrá þess og samþykktum og íslenzkum lögum þannig breyttum. Ákvæðin um réttarstöðu Íslenzka álfélagsins h.f. eru vægast sagt óviðkunnanleg. Það er að nafni til íslenzkt félag, en um það gilda svo margar sérreglur samkv. samningunum, að ekki á sér hliðstæðu, hvað önnur félög snertir. Réttarstaða Íslenzka álfélagsins er með allt öðrum hætti en menn hefðu getað vænzt. Ástæða var til að ætla, að rekstrarfélagið yrði algerlega undir íslenzkum lögum og háð íslenzkri lögsögu og dómsvaldi. Skipti þá ekki máli, þó að Swiss Aluminium ætti meiri hluta í félaginu eða væri jafnvel einkaeigandi þess. Þar sem félaginu er ætlað að starfa á Íslandi, reka stórverksmiðju og stofna til mikilla viðskipta við innlenda aðila, bæði á einu og öðru sviði, var ekkert sjálfsagðara en félagið lyti íslenzkum l. og þá fyrst og fremst dómsvaldi. En það er nú eitthvað annað. Málaferli við Íslenzka álfélagið verða ekki útkljáð á Íslandi. Nei, þau á að leggja fyrir alþjóðlegan gerðardóm, eins og um milliríkjamál væri að ræða. Það er því ekki nóg með, að íslenzka ríkisstj. líti á Swiss Aluminium sem eins konar sjálfstætt ríki, heldur má segja, að hún líti sömu augum á dótturfyrirtæki þess hér á landi. Komið hefur fram í umr. um mál þetta, að álsamningarnir geyma margs konar einsdæmi. Og mundi það ekki eitt af einsdæmunum, að ætlast til þess, að úrlausn deilumála milli réttaraðila, sem báðir eru að formi íslenzkir, fari fyrir alþjóðlegan gerðardóm? Þannig getur þó farið í þessu tilfelli. Íslenzka álfélagið, sem reka á álver í Straumsvík, skrásett íslenzkt hlutafélag, og Landsvirkjun, íslenzkt raforkusölufyrirtæki, gera með sér raforkusamning, og rísi deilur milli þessara tveggja íslenzku lögpersóna, skal útkljá þær með alþjóðlegum gerðardómi. Einnig gerir Íslenzka álfélagið hafnar- og lóðarsamning við heimilissveit sína, Hafnarfjarðarkaupstað, og rísi deilur milli þeirra um eitthvað í samningnum, skal útkljá þær með alþjóðlegum gerðardómi. Látum svo vera, að ríkisstj. gangist undir alþjóðlega gerð í deilumálum við Swiss Aluminium, sem er alútlent fyrirtæki, út af samningsgerðinni. En

er það ekki helzt til langt gengið að veita Íslenzka álfélaginu heimild til að skjóta ágreiningsmálum sínum við Landsvirkjun og Hafnarfjarðarkaupstað til alþjóðlegs gerðardóms? Finnst mönnum það virkilega ekki óeðlilegt að hafa slíkan hátt á, þegar um samskipti rekstrarfélagsins og annarra íslenzkra aðila er að ræða? Mér finnst það fráleitt og alveg óviðunandi. En svona er blærinn á þessum samningum. Samningsformið, andi þeirra og heildarblær, ákvæðin um lausn deilumála fyrir alþjóðlegum gerðardómum, málalengingarnar og vanmatið á íslenzkum lögum og rétti, þ.á m. á stjórnarskránni, allt þetta og hvert eitt atriði út af fyrir sig er nægileg ástæða til þess að hafna þessum samningum. Þeir eru í fyrsta lagi óviðeigandi og óviðunandi fyrir fullvalda réttarríki, sem á að baki sér óslitna lýðræðishefð í aldaraðir, og auk þess er hér skapað hættulegt fordæmi í samningsgerð, fordæmi, sem kann að draga dilk á eftir sér.

Engum heilskyggnum manni getur dulizt, að fyrirhugaðar stóriðjuframkvæmdir í Straumsvík munu stórauka jafnvægisleysi í byggð landsins. Það er óhætt að fullyrða, að þeir landshlutar, sem nú eiga við atvinnulega erfiðleika að stríða, eru í stórhættu vegna þess sterka aðdráttarafls, sem stóriðjuframkvæmdirnar óneitanlega hafa. Hvað þessu vandamáli viðvíkur erum við Íslendingar þó reynslunni ríkari, og hefði mátt ætla, að ríkisstj. hefði haft vit og þroska til þess að draga af henni réttar ályktanir, þegar til þess kom að velja stóriðjunni stað. Því miður hefur það brugðizt allhrapallega, og mun þó e. t. v. öðru til að dreifa, því að ekki verður annað séð af gangi þessa máls en ríkisstj. hafi beinlínis skort vilja að því er varðar þetta mikilvæga atriði. Yfirlýsingar hæstv. ríkisstj. um það, að kannaðir hafi verið til hlítar möguleikar á staðsetningu álbræðslu á Norðurlandi, ber að taka með mikilli varúð. Hið sanna er, að ríkisstj. hefur aldrei gert staðsetningu álversins að neinu stórmáli. Um það vitnar undirbúningur raforkuáætlananna og samningarnir við Swiss Aluminium. Forsenda ríkisstj. fyrir álmálinu er ekki sú að nota hina erlendu stóriðju til þess að efla atvinnulífið á Norðurlandi. Ef svo hefði verið, hefði raforkuáætlunin verið með öðrum hætti og samningsviðræður við Swiss Aluminium og jafnvel Alþjóðabankann reistar á allt öðrum grundvelli. Álsamningarnir hafa frávikalaust að kalla snúizt um stórvirkjun í Þjórsá við Búrfell og staðsetningu álversins í nágrenni Reykjavíkur á þeirri forsendu, sem flestir kunna nú orðið utan að, að með því væri verið að tryggja hagkvæmustu virkjunaraðferðir og lægst raforkuverð. Jafnvægi í byggð landsins og atvinnuuppbygging á Norðurlandi og allt slíkt var aukaatriði í þessu máli. Ríkisstj. taldi engu fyrir það fórnandi, og er ekki ofmælt, þó að sagt sé, að á þessu atriði framar mörgum öðrum hafi skilið leiðir með Framsfl. og stjórnarflokkunum í stóriðjumálinu. Framsfl. lítur á staðsetningu stóriðjufyrirtækisins sem eitt af grundvallaratriðum málsins, eins og ályktun miðstjórnar flokksins frá 1965 ber með sér. Að dómi miðstjórnar flokksins er því aðeins hægt að taka áhættuna af erlendri stóriðju, að alveg sérstakar ástæður mæli með því. Og þar er fyrst að greina áhrif hennar á uppbyggingu í þeim landshlutum, sem eiga við að búa ótraustan atvinnugrundvöll og ónóg afkomuskilyrði fyrir vaxandi fólksfjölda. Norðurland mun löngum hafa verið einna fjölmennasti landshlutinn, en á nú mjög í vök að verjast vegna yfirvofandi fólksfækkunar, sem ómótmælanlega hlýtur að leiða til afturfarar.

Í fyrstu stóriðjuskýrslu, sem alþm. barst sem trúnaðarmál frá ríkisstj., dags. 14. nóv. 1964, er frá því greint, að í ársbyrjun 1963 hafi legið fyrir fullnaðaráætlanir um 133 mw. virkjun við Dettifoss og 180 mw. virkjun við Búrfell. Á grundvelli þessara áætlana var gerður samanburður á þessum virkjunum, og kom í ljós, segir í skýrslunni, að orkan frá Dettifossi afhent við Eyjafjörð yrði 20% dýrari en orkan frá Búrfellsvirkjun afhent við Faxaflóa. Segir svo orðrétt í skýrslunni, með leyfi hæstv. forseta:

„Þetta þurfti út af fyrir sig ekki að þýða, að Dettifossvirkjun hentaði ekki fyrir alúmíníumverksmiðju. Hitt var verra, að eina fyrirtækið, Swiss Aluminium, sem ræddi alúmíníumverksmiðju hér í alvöru, taldi sig ekki vilja ráðast í stærri verksmiðju en sem svaraði til 60 mw., 30 þús. tonna, og vildi ekki skuldbinda sig til að stækka hana innan ákveðins tíma. Raforkuverði frá Dettifossi, sem til umræðu getur komið í þessu sambandi, verður hins vegar ekki náð nema virkjunin sé a. m. k. 100 mw. og vegna smæðar hins almenna raforkumarkaðar fyrir norðan, var hér um að ræða meira vandamál en talið er leysanlegt."

M. ö. o.: stærð álbræðslunnar útilokaði það, að hagkvæmt væri að virkja Dettifoss að sinni, en ekki raforkuverðið. Játa verður, að hér var um frambærileg rök að ræða gegn álbræðslu við Eyjafjörð, og að mínum dómi hefðu frekari umræður um stóriðju útlendinga mátt niður falla, án þess að það hefði í nokkru þurft að tefja undirbúning undir nauðsynlegar raforkuframkvæmdir til innanlands þarfa, meðal annars vegna raforkuþarfar á Suðurlandi á orkuveitusvæði Sogsins, sem þá var löngu fullvirkjað. En nú líða nokkrir mánuðir. Í febrúar 1965 barst þm. ný skýrsla hæstv. ríkisstj. um alúmíníumverksmiðju og stórvirkjun. Í henni greinir m. a. frá því, að Swiss Aluminium, sem áður hafði að sögn ekki viljað reisa nema 30 þús. tonna álbræðslu á Íslandi, krefjist þess nú að fá að koma á fót 60 þús. tonna álbræðslu í landinu, þ. e. fyrirtæki, sem þarf á að halda 100—120 megawatta orkuveri. Ýmsir hefðu talið, að þessi nýju viðhorf sköpuðu grundvöll undir frekari umræður um staðsetningu álbræðslu við Eyjafjörð og virkjun Jökulsár á Fjöllum. Því sjónarmiði hreyfðu framsóknarmenn strax, þegar þessar upplýsingar lágu opinberlega fyrir. Virtist liggja beint við, að þessi leið yrði könnuð til hlítar, en ríkisstj. sýndi þá, svo að ekki verður um villzt, að hún hafði engan áhuga á virkjun Dettifoss né á álbræðslu á Norðurlandi. Allt tal hennar í þá átt reyndist augljós markleysa. Í stað þess að láta gera ítarlega áætlun um Dettifossvirkjun og álbræðslu á Norðurlandi, sá ríkisstj. aldrei aðra leið en fullvirkjun Þjórsár við Búrfell og staðsetningu álbræðslu í Straumsvík. Ríkisstj. hafði að vísu áður sett á svið stuttan milliþátt í þessum sjónleik, sem reistur var á þeirri hugmynd að leiða raforku frá Búrfellsvirkjun norður yfir hálendið til Eyjafjarðar,

enda væri alúmíníumverksmiðjan staðsett þar. Ekki reyndist þessi hugmynd álitleg og hefur löngum verið notuð sem röksemd gegn staðsetningu verksmiðjunnar á Norðurlandi, og er það vafalítið, miðað við þær forsendur, sem hæstv. ríkisstj. gengur út frá í þessu máli.

Þá er það fært fram sem rök gegn staðsetningu álbræðslunnar við Eyjafjörð, að stofnkostnaður hennar yrði að verulegum mun meiri þar en í Straumsvík. Var sú staðhæfing reist á upplýsingum frá Swiss Aluminium meðan enn var rætt um 30 þús. tonna verksmiðju, en stóriðjunefnd taldi Swiss Aluminium að vísu ofreikna þennan mismun um nokkra milljónatugi. En eigi að síður gerði hún ráð fyrir, að kostnaðarmismunurinn yrði 50—100 millj. kr., eftir því hvort setja þyrfti upp gaseyðingartæki í Straumsvík eða ekki, en ljóst var, að þeirra væri þörf við Eyjafjörð, vegna veðurfars og vegna landslags og atvinnuhátta, en síður í Straumsvík. Raunar er engin vissa fyrir því, að ekki sé þörf gaseyðingartækja í Straumsvík, eins og ég hef áður sagt, því að athuganir um þetta eru vægast sagt mjög ófullkomnar. Þó má vera, að það yrði eitthvað dýrara að reisa álbræðslu við Eyjafjörð. En stóriðjunefndin bendir réttilega á það í einni af sínum skýrslum, að sá munur hlýtur fyrst og fremst að liggja í gaseyðingartækjunum. Að þeim slepptum getur tæpast verið um stórvægilegan kostnaðarmun að ræða. Varla hefði Swiss Aluminium látið stranda á þessu eina atriði, ef ríkisstj. hefði staðið öðruvísi að málinu, vegna þess að félagið getur almennt ekki vænzt þess að fá leyfi til að reisa álbræðslur án slíkra tækja, enda fullvíst, eins og ég hef áður sagt, að allar álbræðslur fyrirtækisins, hvar sem er í heiminum, eru búnar gaseyðingartækjum. Straumsvíkurbræðslan er að þessu leyti alger undantekning. Með undanslætti sínum hvað þetta atriði varðar hefur ríkisstj. því gert ófýsilegra að reisa álbræðslu við Eyjafjörð en í Straumsvík. Þetta lýsir með öðru viljaleysi hæstv. ríkisstj. að því er tekur til staðsetningar álbræðslunnar norðanlands.

Og svo er því ekki að leyna, að ýmsir eru í vafa um það, hversu ítarleg virkjunarrannsókn hafi átt sér stað í Jökulsá á Fjöllum, en um það skal ég ekkert dæma. En því fer fjarri, að verkfræðingar séu á einu máli um virkjunaráætlun Dettifoss og raunar um virkjunaráætlanir í landinu í heild. Mér virðist að þar sýnist sitt hverjum, og meðan svo er, verður því ekki almennt trúað, að einhver ein leið sé alfullkomin og óyggjandi. Ég held því, að það muni margur trúa því, að það hefði allt eins mátt haga virkjunarframkvæmdum á annan veg en ráðgert er.

Það er svo til marks um áróðursmálflutning ríkisstj. í þessu máli, að hún heldur þeirri kenningu á loft og lætur málgögn sín og málsvara básúna það út meðal almennings, að stóriðjusamningarnir verði beinlínis til þess að efla jafnvægi í byggð landsins, þar sem ákveðið sé að láta hluta af skattatekjum vegna álbræðslunnar renna í svonefndan Atvinnujöfnunarsjóð, sem ráðgert er að stofna. Með þessari kenningu hyggst hæstv. ríkisstj. fá almenning úti um land til þess að sætta sig við samningana, en hér er auðvitað um mestu falskenningu að ræða. Þó að uppbyggingarsjóður af svipuðu tagi sé eitt hið brýnasta hagsmunamál þjóðarinnar, eins og framsóknarmenn hafa lengi bent á og barizt fyrir, m. a. með flutningi frumvarpa hér ár eftir ár um sérstakar ráðstafanir til að stuðla að jafnvægi í byggð landsins, lýsir það mikilli skammsýni, ef menn trúa því, að tiltölulega litlar upphæðir, miðað við það gífurlega fjármagn, sem stóriðjuframkvæmdum fylgir, verði til þess að vega upp á móti röskunaráhrifum hins erlenda risafyrirtækis. Þess er og að gæta, að röskunaráhrif frá álbræðslunni og öðrum stórframkvæmdum, sem á döfinni eru, dynja snögglega yfir, áður en Atvinnujöfnunarsjóður fer að fá tekjur af skatti álbræðslunnar. Sjóðurinn er því satt að segja allmáttvana til þess að hindra það, að vinnuaflið leiti brott frá þeim stöðum, þar sem atvinnuleysi eða ónóg afkomuskilyrði eru fyrir hendi.

Því miður er skipuleg uppbygging landshlutanna svo fjarlæg enn sem komið er og allar aðgerðir í þeim efnum svo lítilfjörlegar, að ný stóriðja á mesta þéttbýlis- og þenslusvæði landsins mun um ófyrirsjáanlega framtíð feykja um koll öllum skynsamlegum vonum manna um vaxandi fólksfjölda, þróttmeira athafnalíf og aukna framleiðslu utan þessa svæðis. Sá jafnvægissjóður, sem fyrirhugað er að stofna, hlýtur að verða sem dropi í hafi þeirra stórframkvæmda, sem ráðgerðar eru annars staðar í landinu.

Því er talsvert á lofti haldið í umr. um þessi mál, að aðrar þjóðir sækist eftir erlendri fjárfestingu og telji sér ávinning að. Þá er framar öðru bent á fordæmi Norðmanna, sem lengi hafa leyft erlenda fjárfestingu í landi sínu og gera víst ekki stanz á þeirri stefnu, nema síður sé. Mjög hafa formælendur álbræðslusamningsins hér á landi vísað á aðgerðir Norðmanna í þessum efnum og talið æskilega fyrirmynd okkur Íslendingum. Ég skal ekki gera neitt lítið úr þessu, en í því sambandi er ástæða til að minnast á annan þátt þessara mála, sem ekki er síður athyglisverður.

Noregur er stórt og strjálbýlt land, á margan hátt örðugt til búsetu og beinlínis harðbýlt og mundi þykja ærið óblítt og óbyggilegt víða, í augum sumra hagspekinga á Íslandi. Enda fer ekki hjá því, að Norðmenn eiga við mikið byggðavandamál að etja og ef til vill engu minna en við Íslendingar. Einstakar sveitir, héruð og heilir landshlutar eru ofurseldir öryggisleysi um afkomu og jafnvel landauðn vegna fólksfækkunar. Norskir stjórnmálamenn hafa fyrir löngu, hvar í flokki sem þeir eru, sameinazt um þá stefnu, að sporna við því, að héruð eða heilir landshlutar tæmist af fólki, svo að við blasi auðnin tóm, og þar í landi er þessi stefna engin sérvizka talin. En það gæti þó gerzt, landauðnin gæti þó orðið, ef ekki hefði verið gripið til sérstakra ráðstafana því til hindrunar. Eitt hið mikilvægasta vopn í höndum norskra stjórnarvalda í því að stuðla að jafnvægi í byggð landsins er að dreifa atvinnufyrirtækjum, og þá fyrst og fremst nýjum iðjuverum, sem víðast um landið. Atvinnuleyfi er jafnvel því aðeins veitt, að fyrirtækin gangist undir staðsetningarskilyrði ríkisstjórnarinnar. Upplýst er í meðferð stóriðjumálsins hér á Alþ., að Swiss Aluminium varð að gangast undir slíkt skilyrði í sambandi við byggingu álbræðslunnar í Husnesi. Þetta skilyrði, staðsetningin á Husnesi, er þó talin hafa haft það í för

með sér, að álbræðslan varð að verulegum mun dýrari í byggingu en ef hún hefði verið þar staðsett, sem Swiss Aluminium vildi fremur. Og auk þess augljóst, að hún verður talsvert miklu dýrari í rekstri. En um þetta átti svissneska fyrirtækið ekkert val. Staðsetningin var ákveðin af hálfu norsku ríkisstj., og að þessu skilyrði var gengið, enda þótt það hefði í för með sér stóraukinn byggingar- og rekstrarkostnað fyrir Swiss Aluminium. Ég verð að segja, að hér er ólíku saman að jafna, óhvikulli og markvissri stefnu norsku ríkisstj. og stefnuleysi hinnar íslenzku.

Um það er rætt, að nauðsynlegt sé að auka fjölbreytni íslenzkra atvinnuvega. Þetta er hverju orði sannara, og undir það tek ég af heilum hug. En það er illt, þegar hugleiðingar um atvinnumál og þróun þeirra leiða til vanmats á undirstöðuatvinnuvegum landsmanna. Slíkt lýsir hinni mestu skammsýni. Það, sem máli skiptir um framtíðaruppbyggingu og aukna fjölbreytni í íslenzku atvinnulífi, er öðru fremur að nýta betur afurðir lands og sjávar, fullvinna fiskaflann og búfjárafurðirnar. Þó að mikið hafi áunnizt síðustu áratugi á þessu sviði, þá er enn langt í land, að því marki sé náð, sem talizt getur viðunandi. Enn flytjum við út hálfunnа vöru í stórum stíl. Það er okkar meginútflutningur. T. d. er síldarframleiðsla okkar enn á algjöru frumstigi að kalla, og okkur verður miklu minna úr aflanum en vera mundi, ef átak væri gert til þess að nýta aflann betur. Enn leggjum við höfuðáherzluna á veiðarnar, en gerum næstum ekkert raunhæft til þess að vinna úrvalsvöru úr síldinni og afla markaða fyrir þá vöru.

Við sækjumst eftir fjármagni og tækniaðstoð erlendis frá. Við erum í ýmiss konar efnahagslegri samvinnu við aðrar þjóðir, og sumt hefur reynzt okkur til góðs. Við leitum jafnvel efnahagslegra ráðlegginga hjá erlendum stofnunum og sérfræðingum, en því miður oft með litlum eða neikvæðum árangri.

Yfirleitt held ég, að okkar efnahagslega samvinna og leiðbeiningarstarf útlendinga um íslenzkt atvinnulíf sé á hreinum villigötum. Að öllum líkindum liggur það í eðli þessara samskipta að einhverju leyti, þ. e. að þær alþjóðlegu efnahagsstofnanir og fjármálastofnanir, sem við eigum aðgang að, hafa engan skilning á sérþörfum okkar, og starfsaðferðir þeirra henta okkur ekki. Þær eru ekki sniðnar fyrir það þjóðfélag, sem hér ríkir, og þess vegna sést þeim oft yfir það, hverjar þarfir okkar eru.

Að sjálfsögðu vantar okkur Íslendinga verulegt fjármagn til þess að endurskipuleggja atvinnuvegina. Sumpart væri hægt að afla þessa fjár innanlands, en að nokkru hljótum við að vera háð því að afla fjárins erlendis. Okkur vantar aðgang að lánum, sem hægt er að nota til skipulegrar uppbyggingar. Það ætti að vera stefna hverrar ríkisstj. að afla slíkra sambanda. Það verður að gera alþjóðlegum efnahags- og fjármálastofnunum ljóst, að við getum ekki þegið af þeim ráð eða aðstoð, nema forráðamenn þeirra setji sig inn í íslenzkar aðstæður og íslenzkan hugsunarhátt. Það verður að gera þeim það ljóst, að almennt er það til stórtjóns fyrir íslenzkt þjóðfélag, að erlent einkafjármagn ryðjist inn í landið, hvort sem slíkt kann að vera öðrum þjóðum til gagns eða ekki. Við höfum vonda reynslu af atvinnustarfsemi útlendinga, og við erum ófúsir til að taka þá stefnu upp að nýju, að hér verði um verulegan erlendan atvinnurekstur að ræða í framtíðinni.

Íslenzka þjóðin er andvíg slíkri stefnu. Hún vill sjálf hafa yfirráð sinna atvinnutækja, og almenningur á Íslandi er enn ekki orðinn sá hugsunarlausi múgur, sem ekki gerir sér grein fyrir því, að arðurinn af atvinnurekstri útlendinga flyzt alltaf burt úr landinu. Að fylla hér allt af erlendum atvinnurekstri endar með því, að við eignumst ekkert. Við höfum í hæsta lagi einhverjar launatekjur, en við eignumst ekkert af varanlegum verðmætum. Þess vegna getum við ekki byggt atvinnulíf okkar að neinu ráði á erlendum atvinnurekstri. Okkur ríður á, að byggja atvinnuvegi okkar upp sem alíslenzka starfsemi að öllu verulegu. Einkafjárfesting útlendra aðila á ekki að koma til greina, nema sem algjör undantekning, og þá með mjög ströngum skilyrðum. Þó að haldið sé fast við þá stefnu, þá á það ekkert skylt við það, að menn vilji ekki auka fjölbreytni í atvinnulífinu. En það má ekki kaupa fjölbreytni í atvinnulífinu allt of dýru verði. Þróun atvinnulífsins verður að byggjast á skynsamlegu mati á öllum aðstæðum hér á landi, bæði pólitískum og þjóðlegum, og möguleikum þeirra auðlinda, sem landið býr yfir.

Nú er í ráði að stofna til stóriðju útlendinga hér á landi. Gjaldeyrislegur ávinningur af því er talinn vera um 300 millj. kr. á ári. Þ. e. a. s., þegar álbræðslan er komin í fullan rekstur. Samningur liggur fyrir um það að selja hinu útlenda fyrirtæki raforku í allt að 45 ár, frá virkjun, sem okkur er sagt, að sé hagstæðasta virkjun á landinu. Fyrir liggur, að næstu virkjanir hljóta að verða miklu dýrari. Í slíkar virkjanir þarf að ráðast löngu áður en samningstímanum við erlenda fyrirtækið lýkur. Það tekur ekki á sig neinn aukakostnað af nýjum og dýrari virkjunum. Sá kostnaður verður allur borinn uppi af innlendum notendum, þ. e. almenningi og atvinnurekendum á Suður- og Suðvesturlandi. Þjórsárvirkjunin, bezta og hagstæðasta virkjunin að sögn, er ekki ætluð innlendum aðilum, nema bara að nokkru leyti, og þá ekki fyrr en einhvern tíma í fjarlægri framtíð. Hér er því ekki um að ræða hagstæða ráðstöfun á raforkunni frá okkar sjónarmiði, og gjaldeyrislegur ávinningur er hverfandi lítill, þar sem aðeins er um að ræða 300 millj. fyrir raforkusölu, skatta og laun og þjónustu samanlagt. Þetta er allt og sumt, sem þjóðarbúið fær frá álbræðslunni.

Ég er sannfærður um það, að hægt væri að tífalda þessa upphæð á skömmum tíma, ef önnur stefna yrði upp tekin í því skyni að auka fjölbreytni atvinnulífsins hér á landi og leitað væri fjárhagslegrar aðstoðar, ef þörf reyndist til þess að koma því í kring. Ég nefni enn þá fullvinnslu sjávarafurða ásamt skipulegri markaðsleit fyrir slíkar vörur. Ég vil nefna fiskrækt í ám og vötnum, sem gæti orðið framtíðaratvinnuvegur, ef skipulega yrði að því máli unnið. Eins og nú horfir í þeim málum er varla við miklu að búast. Veiðimálalöggjöfin býður ekki upp á neinar stórframfarir á því sviði, og fullyrða má, að rannsókn á

möguleikum í fiskrækt er ekki fyrir hendi. Til slíkra rannsókna þarf að veita meira fé og skipuleggja starf sérfræðinga á því sviði í stórum stíl.

Það er trú mín, að unnt væri að gera fiskrækt, að meiri háttar búgrein í flestum sveitum og byggðarlögum á Íslandi og skapa útflutningsverðmæti, sem skiptu hundruðum millj. kr.

Danir flytja út svokallaðan regnbogasilung, sem þó er ekki talinn í háum verðflokki, fyrir fullar 300 millj. ísl. kr. á ári. Þetta gætum við alveg eins gert. Við höfum alveg einstök skilyrði til ræktunar nytjafiska í ám okkar og vötnum. Vatnasvæði landsins er að þessu leyti nær óþrjótandi, og við þurfum ekki að óttast, að ár okkar og vötn eyðileggist sem veiðistaðir sakir úrgangsefna og mengunar frá iðnaðarstöðum og vaxandi stórborgum, eins og raunin er í Evrópu og Ameríku og víðar, þar sem vatna- og fljótafiskur missir smám saman öll lífsskilyrði og er nú að þurrkast út. Það þarf áreiðanlega ekki andvirði einnar álbræðslu til þess að ná þeim gjaldeyrisverðmætum, sem koma frá álbræðslunni, á fiskeldi einu saman, ef í slíkt væri ráðizt af myndarskap. Og ég vil nú líka leyfa mér að nefna minkaræktina. Hún á að geta orðið mikilvæg búgrein hér í landinu, ef menn hefðu vilja á að notfæra sér þann atvinnuveg, enda hlýtur líka að því að koma, þegar skynsemin leysir fordómana af hólmi í því máli. Og sú stund mun koma, að ullar- og skinnaiðnaði verður sýndur meiri sómi en nú er, og þá verður hægt að margfalda verðmæti þessara afurða og auka fjölbreytnina í vinnslu þeirra. Möguleikarnir hér á Íslandi til þess að auka atvinnufjölbreytnina eru sennilega óþrjótandi, en hins vegar gerum við afar lítið til þess að koma nokkru slíku fram. Við þurfum því, Íslendingar, ekki að óttast það, að það verði ekki möguleikar til þess að auka fjölbreytni atvinnuveganna, án þess að gera það að aðalstefnuskráratriði að „laða" hingað erlent einkafjármagn eins og það er kallað. Sízt af öllu megum við fara að trúa því, að orkulindir okkar verði að engu gagni, ef við flýtum okkur ekki allt hvað af tekur að virkja fyrir útlendinga. Ég hygg, að orkulindir okkar, sem virkjanlegar eru á hagstæðu verði, séu ekki svo miklar, að við höfum efni á því að offra þeim með þeim hætti, sem nú er ráðizt í. Vatnsorka okkar er ekki óþrjótandi, og það getur beinlínis verið hættulegt að binda sig í löngum samningum um ráðstöfun hennar til útlendra fyrirtækja. Og alveg sérstaklega held ég, að það sé óskynsamlegt að ráðstafa Þjórsárorkunni fram í tímann, þegar þess er gætt, að á Suður- og Suðvesturlandi er orkuþörfin til innlendra nota langmest og vex örast vegna þess mikla fólksfjölda og mikla atvinnurekstrar, sem þar er, og það er ekkert lát á því, að þar verði mesta fólksaukningin á Íslandi. En það gildir annað á Norðurlandi. Þar er nú vandræðaástand vegna ótraustra afkomuskilyrða. Þar er þörf á nýjum atvinnugreinum, og þar er næg raforka, næg skilyrði til mikillar raforkuframleiðslu, sem ekki er sýnilegt, að notuð verði í náinni framtíð. Ég leyfi mér því að gera höfuðmun á því að heimila útlendingum að setjast að með atvinnurekstur á Norðurlandi, að vissum skilyrðum fullnægðum, og því að staðsetja slíkan rekstur á því landssvæði, þar sem atvinnan er nú mest. Og ég viðurkenni ekki, að í þessu felist nein mótsögn.

Ein af ástæðunum til þess, að ég er á móti álsamningnum, er því sú, að ég felli mig ekki við staðsetningu álbræðslunnar. Hitt vil ég þó taka fram, að önnur atriði, sem ég hef þegar rakið, ráða einnig afstöðu minni. Ég tek afstöðu til þessa samnings eins og hann liggur fyrir. Ég tel hann í öllum meginatriðum óviðunandi. Sú er afstaða okkar í minni hl. þeirrar n., sem ég tala fyrir, og þess vegna leggjum við til, að þetta mál nái ekki fram að ganga og að því verði vísað frá nú þegar við þessa umr. Við höfðum einnig gert till. um það, eða látið í það skína í nál., að við mundum flytja till. um þjóðaratkvgr. við 3. umr., ef þessi till. okkar yrði felld, en nú hafa hv. Alþb.-menn flutt slíka till., og mér sýnist þá a.m.k. formsins vegna, að það sé ekki hægt fyrir okkur að flytja slíka till., og reikna ég því ekki með, að það verði gert.

Jónas G. Rafnar: Herra forseti. Það hafa þegar farið fram miklar umr. hér á hæstv. Alþ. um frv. þetta; það hefur verið rætt frá ýmsum hliðum og skoðanir verið mjög skiptar um efni þess og tilgang. Eitt þeirra mörgu atriða, sem ítarlega hafa verið rædd, er staðsetning væntanlegrar álbræðslu, sem frv. gerir nú ráð fyrir að reist verði í Straumsvík við Hafnarfjörð. Í skýrslu ríkisstj. til Alþ. um athugun á byggingu alúmínverksmiðju á Íslandi er að því vikið, að ýmsir aðrir staðir hafi verið athugaðir, en þó einkum Gáseyri við Eyjafjörð. Í umr. um mál þetta hefur það komið fram, að það kynni að hafa haft áhrif á afstöðu Framsfl. til samningsgerðar við Svisslendinga um byggingu álverksmiðju á landinu, hvar verksmiðjan væri staðsett. Ég hlustaði á ræðu hv. 1. þm. Austf., sem hann flutti hér við 1. umr. málsins. Hann lýsti sig og sinn flokk andvígan samningsgerðinni við Swiss Aluminium eins og hún lægi fyrir en sló úr og í um það, hvort Framsfl. vildi hér álverksmiðju, ef hún yrði reist annars staðar, t.d. við Eyjafjörð. En um þetta atriði gaf hv. þm. enga beina yfirlýsingu. Hv. 3. þm. Norðurl. e. hélt og hér við 1. umr. langa tölu, þar sem hann rakti m.a. áskoranir fjórðungsþings Norðlendinga í júní 1960, sýslun. Suður-Þingeyjarsýslu í apríl 1961, sameiginlegs fundar sveitarstjórna í Suður-Þingeyjarsýslu og Norður-Þingeyjarsýslu í sept. 1961, bændafélags Fljótsdæla í febr. 1962 og svo kvennasamtaka á Austurlandi um virkjun Dettifoss í Jökulsá á Fjöllum „til stóriðju eða stórframkvæmda," eins og það var orðað hjá einhverjum nefndra aðila. Þm. gat þess, að Dettifossvirkjun hefði verið tengd hugmyndunum um stóriðju, t.d. áburðarvinnslu eða alúmíníumvinnslu. Ég skildi mál hans á þann veg, að hann gæti verið fylgjandi stóriðju á vegum erlendra aðila, ef slík framkvæmd kæmi í veg fyrir yfirvofandi fólksfækkun og jafnvel eyðingu byggðar í einhverjum landshluta. Hann deildi hart á hæstv. ríkisstj. fyrir að hafa ekki sett það skilyrði, að álverksmiðjan yrði reist utan þéttbýlisins hér við Faxaflóa, og taldi, að mjög slælega hefði verið fram í því gengið að kanna virkjunarmöguleika Dettifoss. Niðurstaða hans var í stuttu máli sú, að álverksmiðja hefði átt að rísa norðan fjalla með orku frá Dettifossvirkjun. Til þess

að fyrirbyggja misskilning, en ég hef ekki nokkra löngun til þess að rangfæra orð hv. þm., þá hafði hann flest við þennan samning, sem hér er nú til umr., að athuga, og mun án efa greiða atkvæði gegn honum, þegar þar að kemur.

Í þessu sambandi er rétt að rifja það upp, sem vikið var að af hv. 3. þm. Norðurl. e., að þm. Norðurl. e. fluttu á Alþ. 1960 till. til þál. um að undirbúa virkjun Jökulsár á Fjöllum til stóriðju eins og segir í fyrirsögn till., en hún var svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþ. ályktar að skora á ríkisstj. að láta hraða gerð fullnaðaráætlunar um virkjun Jökulsár á Fjöllum og athugun á hagnýtingu orkunnar til framleiðslu á útflutningsvöru og úrræðum til fjáröflunar í því sambandi.“ Till. þessi var samþ. sem ályktun Alþ.

Rúmlega ári síðar, eða í júlí 1962, var haldinn á Akureyri fundur forsvarsmanna bæjar- og sveitarfélaga á Norðurlandi um raforkumál. Á fundinum mættu og alþm. þessa landshluta. Óskað hafði verið eftir, að formaður svonefndrar stóriðjun., dr. Jóhannes Nordal, og raforkumálastjóri, Jakob Gíslason, kæmu til fundarins og flyttu þar erindi. Urðu þeir báðir við þessum tilmælum. Formaður stóriðjunefndar upplýsti, að n. hefði þá starfað í rúmt ár á vegum ríkisstj. að undirbúningi mála, er vörðuðu stofnun nýrra atvinnufyrirtækja hér á landi með þátttöku erlendra aðila. N. hefði ekki haft það hlutverk að gera almenna rannsókn á því, hvaða nýjar framleiðslugreinar hér á landi væru líklegastar til vaxtar og viðgangs, heldur hefði hún einskorðað störf sín við athuganir og undirbúning mála, er væru komin það langt áleiðis, að raunverulegur áhugi væri vaknaður á að hrinda þeim í framkvæmd bæði meðal innlendra og erlendra aðila. Til n. hefði fyrst og fremst verið vísað tveimur málum, byggingu alúmíníumverksmiðju og byggingu kísilgúrverksmiðju. Hefði n. unnið að margvíslegum undirbúningi beggja þessara mála og átt um þau ítarlegar viðræður við þá erlendu aðila, sem áhuga hefðu á þeim haft. Formaðurinn sagði m.a.:

„Sameiginlegt með þessum tveimur framkvæmdum er, að um er að ræða nýjar atvinnugreinar, sem nýta íslenzkar auðlindir, sem áður hafa verið lítt eða ekki notaðar. Í öðru lagi er hér um að ræða framkvæmdir, sem óhugsandi væri, að Íslendingar gætu stofnað til af eigin rammleik án verulegrar erlendrar þátttöku.“

Hann taldi, að eins og nú væri háttað, væri alúmíníumframleiðsla langliklegasta stóriðjan til útflutnings, sem unnt væri að koma á fót hér á landi á grundvelli ódýrrar raforku, ef þá ekki sú eina. Ef til hennar kæmi, yrði að gera langan orkusölusamning milli virkjunar og hins erlenda aðila, t.d. 20—30 ára, en með því væri dregið úr áhættu Íslendinga og öflun lánsfjár gerð auðveldari. Hann skýrði ítarlega, hvaða þýðingu raforkuverðið hefði í þessu sambandi. Það réð úrslitum. Hann skýrði fundinum einnig frá því, að viðræður hefðu átt sér stað við svissneskt fyrirtæki og franskt.

Ég hef nú drepið á þetta vegna þess, að nefndur fundur á Akureyri var haldinn í beinu sambandi við fyrrgreinda ályktun Alþ. um fullnaðarvirkjun Jökulsár á Fjöllum til stóriðju. Eins og hv. 3. þm. Norðurl. e. gerði grein fyrir, kom fram mikill áhugi á fundinum fyrir virkjun Jökulsár. En ég held, að allir hafi gert sér grein fyrir því, að hún væri óframkvæmanleg án þess, að til kæmi nýr stór atvinnurekstur, sem væri þess megnugur að skuldbinda sig til orkukaupa langt fram í tímann, þar sem minni en 100 megawatta virkjun kæmi ekki til greina varðandi Dettifoss. Sú virkjunarstærð og 133 mw. stærð höfðu og verið athugaðar og allar áætlanir verið við þessar stærðir miðaðar. Það má vera, að á fundinum hafi verið bent á fleira en alúmíníumvinnslu í sambandi við hagnýtingu á orku frá Dettifossvirkjun. En andmæli gegn því, að til hennar yrði stofnað með þeim hætti, sem formaður stóriðjunefndar lýsti í stórum dráttum, lét fundurinn ekki frá sér fara.

Um það leyti, sem fundurinn um raforkumál var haldinn á Akureyri, áttu sér stað umræður í stjórn Laxárvirkjunar um það, hvernig hagkvæmast yrði að tryggja orkuveitusvæðinu næga raforku. En þá var sýnt, að orkuskortur yrði þar innan fárra ára, jafnvel á árunum 1967 og 1968, ef ekkert yrði aðhafzt. Sigurður Thoroddsen verkfræðingur vann þá á vegum Laxárvirkjunarstjórnar að gerð áætlunar um virkjun Laxár, þ.e.a.s. fallsins við Brúar, í því skyni m.a., að hægt væri út frá þeirri áætlunargerð að ákveða heppilega skiptingu fallsins í áfanga, sem fullnægðu afl- og orkuþörf orkuveitusvæðisins eins og það er nú og einnig, ef Austurlandið væri tekið með. Sigurður hafði unnið að þessum athugunum allt frá árinu 1958. Niðurstaða hans var sú, að um ferns konar mismunandi tilhögun gæti verið að ræða og að allir þeir mátar væru tiltölulega hagstæðir, ef markaður væri fyrir orkuna. Ég hef þær upplýsingar frá Knúti Otterstedt rafveitustjóra á Akureyri, að heildarafl Laxár allrar muni vera af stærðargráðunni 160 mw. og orkuvinnslugetan 800 millj. kwst. Norðurlandið hefur því í framtíðinni fleiri hagstæða virkjunarmöguleika en Jökulsá á Fjöllum, sem hægt verður að nýta stig af stigi.

Á árinu 1964 voru raforkumálin mjög til umr. bæði sunnanlands og norðan eins og menn minnast og þá einnig álvinnsla hér á landi í því sambandi. Snerust þessar umr. og athuganir sérfræðinga ekki hvað síst um það atriði, hvort staðsetja ætti væntanlega verksmiðju við Faxaflóa eða við Eyjafjörð. Í beinu tilefni af þessum athugunum og umr. gerði bæjarstjórn Akureyrar hinn 10. nóv. 1964 eftirfarandi samþykkt, með leyfi hæstv. forseta:

„Bæjarstjórn Akureyrar lætur í ljós eindreginn áhuga sinn á því, að næsta stórvirkjun fallvatns hér á landi verði staðsett á Norðurlandi, og bendir í því sambandi á áætlanir þær, sem nýlega eru fram komnar um virkjun Laxár. Einnig yrði stóriðja, sem stofnað kann að vera til í sambandi við orku frá vatnsvirkjun, staðsett við Eyjafjörð. Telur bæjarstj., að með slíkri staðsetningu stórvirkjunar og stóriðju væri unnið að nauðsynlegu jafnvægi í byggð landsins.“

Þessi ályktun bæjarstjórnarinnar var samþ. með 9 atkv. gegn 2. Fulltrúar Framsfl. greiddu allir með tölu till. atkvæði sitt, en eins og ég gat um áðan voru

Alþb.-fulltrúarnir á móti. En þessi till. fjallar um stórvirkjun og stóriðju á Norðurlandi og er flutt og samþ., eins og ég hef sagt, í beinu sambandi við þær umr., sem þá höfðu átt sér stað um byggingu álverksmiðju hér á landi á vegum Swiss Aluminium.

Eins og ég hef núna rakið og hv. 3. þm. Norðurl. e. gerði og ítarlega grein fyrir við 1. umr. þessa máls, þá hafa sveitarstjórnarmenn á Norðurlandi við mörg tækifæri lýst yfir fylgi sínu við virkjun Dettifoss og stóriðju í sambandi við virkjunina. Bæjarstjórn Akureyrar hefur bent á virkjun Laxár í sambandi við stóriðju. Við því mátti búast, að þessir aðilar létu í sér heyra og kæmu með andmæli, er lagt var til að koma upp stórvirkjun í Þjórsá, er seldi raforku til stóriðju við Hafnarfjörð. Og það stóð ekki heldur á því, að mótmæli væru send. Áhugamenn um landsmál í Norðurl. e., eins og þeir nefna sig, gangast fyrir undirskriftasöfnun, þar sem skorað er á Alþingi Íslendinga að hafna þeim samningum, sem nú eru í undirbúningi um stóriðju auðhrings í þéttbýlinu við Faxaflóa. Og undir þessi mótmæli rita m.a. margir sveitarstjórnarmenn, þeirra á meðal bæjarfulltrúar Framsfl. á Akureyri.

Nú mundu menn ætla, að þessir fyrirsvarsmenn byggðajafnvægis hefðu notað gullið tækifæri til þess að minna hv. alþm. á Dettifosshreyfinguna og bæjarfulltrúar Framsfl. á Akureyri á stórvirkjun í Laxá. En það er öðru nær. Í skjalinu, sem undirritað er af 487 kjósendum, sem langsamlega flestir hafa fylgt Framsfl. að máli, er ekki með einu orði vikið að Dettifossvirkjun eða stóriðjustofnun norðan fjalla.

Allar hinar mörgu fundarsamþykktir, sem hv. 3. þm. Norðurl. e., Gísli Guðmundsson, las upp við 1. umr. í nákvæmri tímaröð og ég hef nokkuð vikið að, virðast nú vera með öllu gleymdar. Með sterkum orðum er varað við fjárfestingu erlendra aðila hér á landi og fullyrt, að stóriðja muni gera okkar gömlu atvinnuvegum þröngt fyrir dyrum, og samkeppnin um vinnuaflið við stóriðjuna muni standa í vegi fyrir þróun íslenzkra atvinnuvega og hagnýtingu innlendra hráefna til verðmætasköpunar.

Engum getur dulizt, að undirskriftaskjalið, þótt það eigi fyrst og fremst við samninginn við Swiss Aluminium um byggingu verksmiðju í Straumsvík, felur í sér alhliða og fyrirvaralaus mótmæli gegn stóriðjurekstri erlendra aðila hér á landi. Athyglisvert er, að undir andmælin rita framámenn í félags- og sveitarstjórnarmálum, sem fyrir örskömmu síðan skoruðu á stjórnarvöldin að stuðla að stóriðjustofnun á Norðurlandi og vissu þá vel, að það væri óframkvæmanlegt nema á vegum erlendra aðila, enda út frá því gengið í öllum umr. um málið.

Eftir að nefnt mótmælaskjal kom fram, hefur því mjög verið hampað í málgögnum Framsfl. Undrar það engan, þar sem stuðningsmenn flokksins hafa fyrst og fremst að því staðið. En mótmælin gefa tilefni til hugleiðinga um nokkur atriði, ef taka á þau alvarlega, en ekki sem pólitíska dægurflugu, sem beinast lægi við, eftir það, sem á undan er gengið. Ef hættulegt er fyrir íslenzku þjóðina að hafa samvinnu við erlenda aðila um atvinnurekstur hér á landi og háski stafar af innfluttu erlendu fjármagni, eru þá ekki þeir sömu, sem standa að mótmælunum, á móti byggingu kísilgúrverksmiðju við Mývatn?

Í maímánuði s.l. kom það fram á fundi, sem haldinn var á Akureyri um atvinnumál á Norðurlandi, að bæjarstjórn Húsavíkur taldi, að bygging kísilgúrverksmiðjunnar yrði til hagsældar fyrir héraðið og Húsavík. Er þessi skoðun þá nú ekki orðin þjóðhættuleg? Allir vita, að virkjun Dettifoss verður mikil og fjárfrek framkvæmd, þar sem áætlanir hafa verið byggðar, eins og ég sagði áðan, á 100 og 130 megawatta stærðum. Raforkumarkaðurinn á Norður- og Austurlandi mun ekki á næstu árum, jafnvel þó að horft sé langt fram í tímann, geta tekið við þeirri viðbót, nema upp rísi stór raforkufrekur atvinnurekstur. E.t.v. er hægt að hugsa sér, að raforkan yrði leidd til annarra fjarlægari landshluta. Það má geta þess til upplýsingar, að Laxárvirkjunarstjórn er núna, einmitt núna, að láta vinna að áætlun um 12 mw. stækkun orkuversins við Laxá, og verði ráðizt í þá stækkun, þá mun verða séð fyrir raforkuþörf orkuveitusvæðisins þó nokkuð mörg ár fram í tímann. Verður þá ekki að líta svo á, að þeir aðilar, sem undirritað hafa greind mótmæli til Alþ., verði einnig á móti stóriðju á Norðurlandi, sem fái raforku frá Dettifossi, ef um hana yrði samið við erlendan aðila á svipuðum grundvelli og nú hefur verið gert og lagt er til, að Alþ. staðfesti með lagasetningu þar að lútandi. Þótt nefnd andmæli nokkurra hv. kjósenda í mínu kjördæmi og það, sem að baki þeim liggur, gefi tilefni til frekari athugasemda, þá læt ég þessi orð mín nægja. Að mínu áliti verða þau tæpast tekin hátíðlega, enda sennilega ekki til þess ætlazt af nokkuð mörgum, sem undir þau hafa ritað.

Eins og fram kemur í skýrslu ríkisstj. um athugun á byggingu alúmíníumverksmiðju á Íslandi, var ítarlega rannsakað, hvar helzt kæmi til greina að reisa væntanlega verksmiðju. Ríkisstj. taldi strax æskilegast, að hægt yrði að staðsetja verksmiðjuna, þar sem hún stuðlaði að auknu byggðajafnvægi. Var því rækilega athugað, hvort unnt væri að ná samningum um byggingu verksmiðjunnar við Eyjafjörð, við Gáseyri, en sú staðsetning utan Faxaflóasvæðisins virtist helzt koma til greina. Fljótlega kom því miður í ljós, að á þessu voru alvarlegir fjárhagslegir annmarkar. Þá kom það einnig til, sem er ekkert launungarmál, að Svisslendingarnir töldu að ýmsu leyti varhugavert að hafa verksmiðjuna á Norðurlandi vegna hafíshættunnar, og ég held, að sú skoðun þeirra hafi ekki hvað sízt komið fram, eftir að ísinn kom hér að landi á s.l. vetri og s.l. vor.

Í viðræðunum um staðsetninguna lýstu fulltrúar Alusuisse því yfir, að fyrirtækið yrði að fá verulega hagstæðara raforkuverð á Gáseyri vegna hærri stofn- og rekstrarkostnaðar þar. En fulltrúar Alþjóðabankans, sem lána mun til virkjunarinnar, o.fl. bentu hins vegar á það, að nauðsynlegt yrði að selja raforku til verksmiðjunnar hærra verði við Eyjafjörð vegna meiri stofnkostnaðar raforkukerfisins, ef hún yrði þar reist, auk þess sem innanlandsverð á raforku þyrfti að hækka. Gerður var samanburður á staðsetningu álbræðslu norðanlands og sunnan. Alusuisse hélt því fram, að 30 þús. tonna bræðsla yrði um 170 millj. kr.

dýrari fyrir norðan og gerði kröfu til þess að fá raforkuna á lægra verði en 2½ mill. Íslenzkir samningsaðilar töldu þennan kostnaðarauka of hátt áætlaðan, hann væri um 100 millj., en það breytti engu um sjónarmið Alusuisse hvað varðaði raforkuverðið. Til viðbótar kom svo það, að íslenzkir sérfræðingar í virkjunarmálum töldu, að staðsetning 30 þús. tonna verksmiðju fyrir norðan mundi leiða af sér yfir 400 millj. króna hærri stofnkostnað raforku*mannvirkja en ef henni yrði valinn staður við* Straumsvík, og þá var gert ráð fyrir því, að lína kæmi sunnan frá Búrfellsvirkjun. Og munurinn á rekstrargjöldum raforkukerfisins á árunum 1969 til 1983 miðað við 6% vexti töldu þeir að yrði samtals 655 millj. kr. Straumsvík í hag. Ég hefði að sjálfsögðu kosið, eins og ég fullyrði, að allir stuðningsmenn hæstv. ríkisstj. gera, að verksmiðjan hefði fremur verið staðsett við Eyjafjörð en hér í þéttbýlinu við Faxaflóa. En um það reyndist ekki unnt að ná samningum, nema þá ef við vildum fallast á lægra raforkuverð og tækjum jafnframt á okkur hærri stofnkostnað vegna raforkumannvirkjanna.

Eins og ég gat um áðan, kom það einnig fram í viðræðunum við Svisslendingana, að þeir ólu ótta í brjósti vegna hafíshættunnar fyrir norðan, en það er áætlað, að flutningaþörf þessarar 60000 tonna verksmiðju til og frá sé á ári í kringum 240 þús. tonn. Ég vil þó ekki segja, að þetta atriði varðandi hafísinn hafi haft úrslitaþýðingu, en á það mun reyna, ef af samningum verður síðar meir á grundvelli 37. gr. aðalsamningsins á þskj. 434, en þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Fari svo, að ríkisstj. hyggi á það í framtíðinni að byggja álbræðslu á Norðurlandi, lýsir Alusuisse yfir því, að félagið er viðbúið að taka til vinsamlegrar athugunar þátttöku í slíku fyrirtæki í félagi við íslenzka aðila, svo fremi að það sé fjárhagslega hagkvæmt."

Að sjálfsögðu væri margt annað, sem þá kæmi til athugunar og hefði úrslitaáhrif, fyrst og fremst reynslan, sem þá verður fengin af vinnslunni í Straumsvík, raforkuverð almennt í landinu og markaðshorfur erlendis. Allt hefur þetta áhrif á fjárhagshlið málsins. Með því að leggja í kostnað við byggingu á stærri geymum fyrir hráefnið og framleiðsluna, þá er einnig unnt að vega á móti eða gera ráðstafanir gegn hafísvandanum, ef til þess kæmi.

Þótt ekki sé gert ráð fyrir því að reisa verksmiðjuna þar, sem ég hefði fremur kosið, þá er ég þó fylgjandi þeirri samningsgerð, sem hér er til umr., um byggingu álverksmiðju í Straumsvík, m.a. af eftirfarandi ástæðum: Rekstur verksmiðjunnar kemur til með að tryggja okkur Íslendingum ódýrari raforku en unnt yrði með öðrum hætti. Útreikningar, sem fyrir liggja um þetta atriði og birtir eru í fylgiskjölum málsins, hafa enn ekki verið hraktir. Þessi niðurstaða byggist á því, að langur orkusölusamningur gerir okkur kleift að ráðast nú þegar í stórvirkjun, sem öllum ber saman um, að er hagstæðast, ef góð nýting orkunnar er fyrir hendi. Deilt hefur verið um raforkuverð það, sem álverksmiðjan er reiðubúin til að greiða, en í því sambandi má á það benda, að við höfum ekki átt kost á öðrum nægilega stórum orkukaupanda, sem byði hagstæðara verð. Ekki er ósennilegt, að eftirspurn eftir raforku frá vatnsaflsstöð minnki með árunum, þar sem kjarnorkan er óðum að koma til sögunnar. Opnast þá möguleikar fyrir raforkufrekan iðnað til þess að staðsetja sig, þar sem hráefnisins er aflað, eða þá sem næst aðalsölumarkaði, og losna þannig að mestu leyti við kostnaðarsama flutninga til og frá. Þá er og víst, að á næstu árum mun aukast mjög samkeppnin á þessu sviði af hálfu hitabeltislanda, en þar er óhemjumikið ónotað vatnsafl, sem tiltölulega kostnaðarlítið mun verða að virkja. Að því hafa verið leidd rök, að Búrfellsvirkjunin, eins og hún er nú áætluð og samningurinn við álverksmiðjuna á að tryggja fjárhagslega, muni mjög auðvelda okkur að koma upp nýjum virkjunum. Vil ég í því sambandi vísa til bls. 98 á þskj. 434, þar sem fjallað er um áhrif álbræðslu á þróun raforkumálanna, en þar segir m.a., að raforkukostnaður á árunum 1969—1980 muni verða 28% hærri ef Búrfellsvirkjun verði eingöngu byggð fyrir almenningsnotkun og enginn sölusamningur gerður við álbræðslu. Enn fremur: sé allur hagnaðarmismunur á þessum tveimur leiðum, þ.e.a.s. virkjuninni án eða með sölu til álbræðslu, lagður í nýja stórvirkjun á móti 50% lánsfjáröflun annars staðar að, þá mundi hann t.d. nægja ríflega fyrir virkjun Dettifoss. Er hér ekki um neina smáupphæð að ræða, ef rétt er reiknað, þar sem kostnaður Dettifossvirkjunar er áætlaður, að því er ég bezt veit, í kringum 1300 millj. króna. Þá er þess og að gæta, að það hefur komið í ljós, að fyrirfram samningur um sölu á raforkunni auðveldar okkur að fá hagstætt lán til virkjunarframkvæmdanna, ekki hvað sízt vegna þess, að samningurinn tekur fram greiðslur í dollurum. Það skiptir einnig miklu máli, að lántaka af þessari ástæðu skerðir ekki möguleikana til lánsfjáröflunar erlendis til annarra gagnlegra framkvæmda, heldur þvert á móti.

Með stofnun verksmiðjunnar verður enn einni sterkri stoð komið undir atvinnulíf landsmanna. Þjóðinni fjölgar ört, og kröfurnar til aukinna lífsþæginda virðast aukast að sama skapi. Það er því áreiðanlega rétt, sem segir í grg. okkar þm. Norðurl. e. fyrir till. um undirbúning virkjunar Jökulsár á Fjöllum til stóriðju: „Framleiðsla þjóðarinnar þarf að vera bæði meiri og fjölbreyttari."

Margt bendir til þess, að álvinnslan geti skapað grundvöll fyrir nýjan, innlendan iðnað, sem hagnýtti sér framleiðslu verksmiðjunnar. Má í því sambandi vísa til þess, að ál er nú mjög mikið notað í byggingariðnaðinum í vaxandi mæli til skipasmíða og í umbúðir, svo sem dósir undir niðursoðinn mat, einnig í þiljur fiskiskipa og í kassa undir fisk. Það er því ekki ósennilegt, að stofnuð verði hér á landi fyrirtæki, sem hefji framleiðslu á margvíslegum hlutum og tækjum úr áli. Í 17. gr. samningsins er tekið fram, að Alusuisse og ISAL séu reiðubúin til að aðstoða íslenzka iðnaðaraðila við þróun úrvinnslu áls á Íslandi með því að leggja fram tæknikunnáttu.

Eins og ég gat um fjölgar íslenzku þjóðinni ört. Áætlað er, að um næstu aldamót verði íbúatala landsins komin upp í um 400 þús. manns, og gera má ráð fyrir því, að á næstu tíu árum bætist við á

vinnumarkaðinn um 17 þúsund manns. Öllu þessu fólki verður að sjá fyrir öruggri og arðbærri vinnu. Rekstur álverksmiðjunnar getur orðið einn þátturinn í þeirri viðleitni. Andstæðingar samningsins hafa haldið því fram, að óráðlegt sé nú að ráðast í þennan rekstur, þar sem nægileg atvinna sé fyrir í landinu. Það er rétt, að atvinna er nú bæði mikil og góð sem betur fer. En við Íslendingar þekkjum til þeirra sveiflna, sem geta orðið í atvinnulífinu. Það þarf ekki nema aflabrest á einu ári til þess að snúa dæminu verulega við. Þegar flest var, munu t.d. um 3000 manns hafa unnið hjá varnarliðinu, og ég minnist sjálfur áranna 1950—1955 og jafnvel 1956, þegar margir Norðlendingar urðu að sækjast eftir vinnu á Keflavíkurflugvelli og oft í samkeppni við Sunnlendinga vegna atvinnuskortsins, sem fyrst og fremst var afleiðing aflabrests á síldveiðum bæði fyrir Norður- og Austurlandi. Það hvarflar raunar ekki að mér að halda því fram, að álverksmiðjan og rekstur hennar geti riðið baggamuninn í þessu sambandi, þar sem ekki koma til með að starfa beint við sjálfa verksmiðjuna nema um 450 manns, þegar hún hefur náð 60 þús. tonna afköstum eða um 3% af vinnuaflsaukningunni eins og hún verður orðin eftir tíu ár. En hún mundi þó hjálpa til. Að reksturinn komi til með að draga verulega frá sjávarútveginum, tel ég ástæðulaust að óttast, eða frá öðrum atvinnuvegum, þannig að þeim stafi af því veruleg áhætta, það efast ég um. Hins vegar er það rétt, að bæði virkjun Þjórsár og verksmiðjubyggingin koma til með að hafa mikil áhrif á vinnumarkaðinn, meðan á þeim framkvæmdum stendur. Eftir mitt ár 1967 og fram á næsta ár munu vinna um 500 manns við virkjunarframkvæmdirnar og eitthvað færri við álverksmiðjuna, er kemur fram á árið 1968.

Í þessum umr. hefur því verið haldið fram, að fylgismenn samningsgerðarinnar, sem frv. þetta fjallar um, væru haldnir einhvers konar vanmati á getu sjávarútvegsins. Þetta er hreinn misskilningur og algerlega ástæðulaus ótti. Við höfum að vísu varað við hættunni, sem þjóðarbúskap okkar getur stafað af ofveiði við strendur landsins, ef ekki næst samkomulag við erlendar fiskveiðiþjóðir um skynsamlegar ráðstafanir til varnar, en þetta eru áreiðanlega sannindi, sem flestir viðurkenna nú orðið.

Uppbyggingu iðnaðarins nú á síðari árum hefur almennt verið fagnað, þar sem hann felur í sér aukið öryggi fyrir íslenzkt atvinnulíf. Margir hafa látið sig dreyma um atvinnurekstur, sem með hagnýtingu raforkunnar ynni úr íslenzkum hráefnum fyrir erlendan markað. Engum hefur komið til hugar, að athafnasemi á því sviði mundi verða til þess að skerða áhuga útgerðarinnar fyrir auknum framförum og framkvæmdum í fiskiðnaðinum. Eftir því sem iðnaðargreinunum fjölgar og fer fram, vex þekking og reynsla landsmanna á þessu sviði, en hún er nauðsynleg, ef vel á að takast til. Aukin iðnvæðing mun því áreiðanlega leiða til aukins skilnings á því, að nauðsynlegt sé að vinna sem mest og bezt verðmæti úr sjávaraflanum; að aflamagnið sjálft sé ekki aðalatriðið heldur verðmætið, sem fyrir aflann fæst. Rekstur væntanlegrar álverksmiðju verður til þess að gera atvinnulíf landsmanna enn þá fjölbreyttara. Og eins og á hefur verið bent, getur hann lagt grundvöllinn að nýjum, öflugum atvinnugreinum. Beinar gjaldeyristekjur af rekstri verksmiðjunnar fyrir þjóðarbúið koma til með að verða verulegar, auk þess sem sjálfar byggingaframkvæmdirnar færa miklar tekjur. Árlegar gjaldeyristekjur af 60 þús. tonna verksmiðju eru áætlaðar yfir 300 millj. kr., en miðað við núverandi verðlag mun útflutningsverðmæti slíkrar verksmiðju vera nálægt 1300 millj. kr.

Um skattamál og skattlagningu verksmiðjunnar hefur mikið verið rætt. Ég tel, að rétt hafi verið að semja um ákveðið skattgjald miðað við hvert framleitt tonn, þar sem það fyrirkomulag á að geta forðað báðum aðilum frá deilum um annars nokkuð flókin atriði. Um upphæð framleiðslugjaldsins má að sjálfsögðu deila, en miðað við þær upplýsingar, sem fengizt hafa frá Noregi, og í því sambandi verið sérstaklega vísað til skýrslu Steingríms Hermannssonar, sem hann gaf þmn., má telja, að vel hafi til tekizt í sambandi við þetta atriði.

Ríkisstj. og stjórnarflokkarnir hafa talið eðlilegt, að meginhluta skatttekna vegna væntanlegrar álbræðslu yrði varið til að stuðla að eflingu atvinnulífsins víðs vegar um landið. Áætlað er, að fyrsta heila starfsár bræðslunnar verði 1970 og að framleiðslugjald hennar fyrstu þrjú árin verði árlega 16—17 millj. kr. miðað við núverandi gengi. Eftir það hækka svo tekjurnar af gjaldinu nokkuð ört, og miðað við óbreytt verð á áli munu skatttekjurnar af verksmiðjunni næstu 25 árin nema samtals um 1400 millj. kr., og þær tekjur koma til með að greiðast í dollurum á hverjum tíma, þannig að þessi upphæð er að þessu leyti með gengistryggingu eða gengistryggð. Gert er ráð fyrir, eins og ég drap á, að um 71% af þessu gjaldi renni til atvinnujöfnunar í sérstakan sjóð, en síðar hækki hlutfallið upp í 76%.

Hæstv. ríkisstj. hefur nú nýlega lagt fram frv. um Atvinnujöfnunarsjóð, þar sem m.a. er byggt á framangreindum tekjum frá álverksmiðjunni, en um hlutverk sjóðsins segir svo, með leyfi hæstv. forseta, í því frv., sem lagt hefur verið fram:

„Hlutverk Atvinnujöfnunarsjóðs er að veita lán og styrki til framkvæmda í þeim landshlutum, þar sem brýn þörf er fjölbreyttara atvinnulífs og skilyrði fyrir hendi til arðbærra framkvæmda, er séu til þess fallnar að stuðla að jafnvægi í byggð landsins, koma í veg fyrir, að einstök byggðarlög fari í auðn."

Í frv. er gert ráð fyrir styrkveitingum í þessu skyni úr sjóðnum auk lána.

Andstæðingar samningsgerðarinnar og þeirra á meðal hv. 3. þm. Norðurl. e. og hv. 5. þm. Norðurl. e. í ræðu sinni hér rétt áðan, hafa viljað gera lítið úr þýðingu Atvinnujöfnunarsjóðs, úr því að verksmiðjuna eigi að staðsetja sunnanlands, við Straumsvík. Ég er nú allt annarrar skoðunar. Slíkur sjóður, sem byggist upp með örum, árlegum tekjum, getur orðið til ómetanlegrar hjálpar, jafnvel ráðið úrslitum um það, hvar fyrirtæki verða staðsett, enda yfirlýstur tilgangur sjóðsins að stuðla að því. Lánveitingar úr sjóðnum munu væntanlega koma til viðbótar öðrum lánum, sem fást kunna t.d. úr Fiskveiðasjóði, Iðnlána-

sjóði og frá atvinnuleysistryggingunum og fleiri stofnsjóðum, sem e.t.v. eiga eftir að koma til sögunnar í framtíðinni.

Ég hef nú vikið að nokkrum atriðum varðandi mál þetta, og í stuttu máli er þetta niðurstaða mín: Með margþættum athugunum stóriðjunefndar og sérfræðinga á ýmsum sviðum, miklu starfi hæstv. iðnmrh., viðkomandi ríkisstofnana og síðan þmn. tel ég, að málið hafi verið vel undirbúið. Allir þm. hafa, eftir því sem samningum miðaði áfram, fengið upplýsingar og margvísleg gögn í hendur. Þannig má segja, að allar staðreyndir málsins í meginatriðum hafi legið fyrir um langan tíma, og einn veigamesti þáttur málsins er bygging væntanlegs orkuvers við Þjórsá, sala og hagnýting orkunnar þaðan, en þessi hlið málsins var einmitt mjög til umr. hér á hæstv. Alþ. á s.l. vetri, og voru þá afgr. lög frá Alþ. um Landsvirkjun, eins og hv. þm. munu minnast.

Þegar á þetta allt saman er litið, held ég, að ekki verði annað sagt en að allir hv. þm. hafi haft góðan tíma til þess að kynna sér allar aðstæður málsins og mynda sér skoðanir á því. Allt hnígur að því, að mikill þjóðhagslegur ávinningur verði af álbræðslu. Þessi nýja atvinnugrein á ekki að þurfa að skaða aðra atvinnuvegi, sem þjóðin hefur byggt afkomu sína á, heldur hið gagnstæða. Með tekjunum af álbræðslunni verður unnt að styrkja annan atvinnurekstur í landinu. Vinnandi fólki í landinu fjölgar það mikið á ári hverju, að það getur ekki leitt nein vandræði yfir aðra útflutningsatvinnuvegi, þótt um 450 manns komi til með að starfa í sjálfri álbræðslunni. Og í þessu sambandi má geta þess, sem áður var raunar bent á, við 1. umr., að það eru nú þegar allmörg fyrirtæki hér á landi, sem hafa fleira fólk í þjónustu sinni en væntanleg álbræðsla, enda mun þróunin í flestum löndum miða í þá áttina, að fyrirtækin fremur stækki en hitt, ýmist með því að þau færa sig út eða þá að smærri fyrirtæki eru sameinuð í stærri heildir.

Það hlýtur ætíð að vera matsatriði hverju sinni, að hve miklu leyti sé æskilegt að hagnýta sér erlent fjármagn, sem býðst til stofnunar atvinnufyrirtækja og rekstrar. Á það jafnt við um fjármagn, sem fengið er að láni og greiða verður á ákveðnu árabili, og fjármagn, sem erlendir aðilar leggja fram beint sjálfir sem áhættufé.

Það hefur komið fram í umr., að vinstri stjórnin svonefnda hafði á sínum tíma látið kanna, hvort amerískt félag vildi reisa álbræðslu hér á landi, og ég minnist þess ekki að hafa heyrt, að því hafi verið andmælt. (**Gripið fram í:** Jú.) Ég minnist þess ekki. Athuganir stóriðjunefndar hafa frá byrjun verið við það miðaðar, að erlendir aðilar legðu fram fé til væntanlegrar stóriðju hér á landi og yrðu þar eigendur að öllu eða nokkru leyti, og það má segja, að það sé í samræmi við þær umr., sem fram hafa farið á milli ráðamanna um stóriðjuframkvæmdir hér á landi, áður en n. var skipuð.

Ég vil svo að lokum endurtaka það, að ég hefði fremur kosið, að verksmiðjan væri reist fyrir norðan, við Eyjafjörð, þar sem segja má, að þörfin sé miklu meiri fyrir aukið athafnalíf og fjölbreytni í atvinnuháttum en hér við Faxaflóa, en um þetta var ekki unnt að semja eins og bent hefur verið á.

Af ræðum hv. framsóknarmanna hér í þd. og málgögnum þeirra verður ekki ætlað, að þeir hefðu léð fylgi sitt byggingu álverksmiðju við Eyjafjörð á sama samningsgrundvelli og nú liggur fyrir til umr. varðandi Straumsvík. Á þetta vil ég einmitt benda vegna forsögu málsins.

Norðlendingar eru allir sammála um það, að stefna beri að virkjun Dettifoss í Jökulsá á Fjöllum, sem yrði stórvirkjun, 100—130 mw. að stærð. Til þess að ná því marki duga ekki viljayfirlýsingar einar eins og þær, sem hv. 3. þm. Norðurl. e. las hér upp við 1. umr. málsins. Fyrst og fremst þarf gaumgæfilegar athuganir og síðan ákvarðanir, byggðar á raunhæfum fjárhagslegum grundvelli. Ég veit, að hv. þm., sem er hygginn og gætinn maður, hann er mér algerlega sammála um þetta atriði. Eins og raforkumarkaðinum er nú háttað á Norðurlandi, er helzt rætt um 12 mw. virkjun í Laxá. Það er því ljóst, að Dettifoss verður ekki virkjaður í náinni framtíð fyrir atvinnu norðan heiða, nema þar rísi nýr stóratvinnurekstur. Hvort samstaða næst til að undirbúa hann og koma honum upp, verður tíminn að leiða í ljós. Um það mál, um það atriði, verður ekkert sagt á þessu stigi.

Hjá stjórn raforkumála hefur verið út frá því gengið, að til tengingar orkuveitusvæðanna kæmi innan fárra ára. Búrfellsvirkjun 310 mw. og virkjun Háafoss 126 mw. mun með orkusölu til álverksmiðju duga Suðurlandinu næstu 20 árin eða til 1985. Ef rafmagnslína eða orkuveitulína verður þá komin milli Suður- og Norðurlands, og þá hef ég Austurland einnig í huga, mundi orka frá Dettifossi koma í góðar þarfir. Þessi mál verða án efa athuguð mjög gaumgæfilega á næstu árum og þá frá öllum hliðum. Ég vona, að Dettifossvirkjun eigi ekki svo langt í land, en með þeirri stórframkvæmd væri lagður einn öruggasti hornsteinninn að norðlenzku og austfirzku athafnalífi. Forustumenn þessara landshluta eiga því að nota hvert tækifæri, sem gefst, til þess að búa í haginn fyrir þessa framkvæmd. Fundarsamþykktir og viljayfirlýsingar eru hvetjandi og oft nauðsynlegar til þess að vekja athygli á verkefnum, en til þess að þær leiði til árangurs, verða þær að byggjast á raunsæi og fjárhagslegri getu þeirra aðila, sem framkvæma eiga hlutina.

Umr. frestað.

Á 72. fundi í Nd., 19. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég hef nokkuð verið að hugleiða í sambandi við þetta frv., hvernig aðferðirnar, sérstaklega áróðursaðferðirnar eru, sem beitt er til þess að fá þetta fram. Þegar flutt er frv., sem er eins slæmt og þetta að mínu áliti og eins tvísýnt og mér finnst þetta vera að flestra dómi, þá er um tvær aðferðir að ræða, þegar menn vilja berjast fyrir að koma því fram.

Önnur aðferðin er tiltölulega heiðarleg miðað við málstaðinn, hin ofstækisfull. Sú heiðarlega aðferð mundi vera í þessu tilfelli af hálfu hæstv. ríkisstj. og

hennar forsvarsmanna að segja: „Við álítum óhjákvæmilegt að gera tilraun til þess að fá erlent fjármagn í stórfyrirtæki á Íslandi. Segja síðan alveg hreinskilnislega: Við álítum mjög erfitt að fá erlent fjármagn hér, og við álítum það mjög hæpna skilmála, sem þetta erlenda fjármagn hefur sett okkur. Við leggjum samt til, að þetta sé reynt.

Í öðru lagi að segja: Við sjáum, að það er hætta á ferðum með því að hleypa svona erlendu auðmagni inn í landið. Við vitum, að þarna er um að ræða fjármagn upp á 2500 millj. króna, sem er ákaflega mikið fjármagn á íslenzkan mælikvarða, og okkur er það ljóst, að við verðum frá upphafi að vera á verði gagnvart áhrifum þessa fjármagns.

Í þriðja lagi að segja: Við vitum, að það er viss hætta fyrir heilbrigði ekki aðeins grasa heldur og dýra og jafnvel manna, en við munum sjá til þess, að það verði gerðar fullnaðarráðstafanir til þess að koma í veg fyrir slíkt. Við vitum t. d. að á þessum svæðum, þar sem hugsað er að setja þetta upp, — þetta nær alveg inn í Hafnarfjörð, — nær þetta til þess gróðurs, sem þar er og jafnt menn sem skepnur mundu neyta, og þetta nær til mikilla berjamóa, þar sem börn eru vön að tína sín ber og annað slíkt.

Í fjórða lagi þá mundi miðað við málstaðinn líka vera tiltölulega heiðarlegt að segja þetta í sambandi við virkjunina: Við erum að byrja á því að virkja jökulfljót á Íslandi, og við vitum, að það eru miklir erfiðleikar á þessu og það getur margt óvænt borið til. Við skulum þess vegna hlusta á alla sérfræðinga í þessu, líka þá, sem ráða frá þessu og eru nokkuð efablandnir um þetta, og við tökum það fram frá upphafi, að við erum vegna þessarar óvissu, engan veginn vissir um að sá útreikningur, sem við höfum gert, standist.

Í fimmta lagi: Við vildum hafa dómsvaldið í öllu falli í landinu, en okkur tókst ekki að ná samningum um það. Við álítum mjög óheppilegt að ganga inn á það, að hægt skuli að einhverju leyti að skjóta þessu undir útlenda gerðardóma, en okkur finnst samt rétt, að þetta sé reynt. Og segja svo loks: Við erum hins vegar svo ákveðnir í að standa á verði, ef þessi tilraun okkar skyldi mistakast, að við erum reiðubúnir til þess, ef við sjáum, að það ætlar að stafa pólitísk hætta af þessu fyrir landið eða þjóðina, að taka svona verksmiðju eignarnámi og láta Íslendinga sjá um rekstur hennar. Segja sem sé af fullum krafti: Við viljum gera þessa tilraun. Okkur eru ljósir annmarkarnir á henni. Við viljum gera hana samt, en við erum reiðubúnir til þess að grípa til þeirra ráða, sem ein mundu duga til þess að stöðva þessa tilraun, ef illa fer. Og það mundi, ef t.d. hæstv. ríkisstj. og blöð hennar hefðu tekið upp svona afstöðu í sínum málflutningi, vera eðlilegt, að hún segði: Við skiljum vel ótta og tregðu stjórnarandstöðunnar í þessu máli, og við erum reiðubúnir til þess að hafa samstarf við hana áfram til þess að gera þær ráðstafanir, sem þjóðinni eru nauðsynlegar um varðstöðu í þessu máli. Þetta hefði verið sú heiðarlega aðferð í því að berjast fyrir svo tvísýnu máli, svo að vægast sé að orði komizt, eins og þetta er, svo hættulegt, sem það er að mínu áliti.

Það örlaði vissulega á þessum málflutningi alveg sérstaklega í framsöguræðu hæstv. dómsmrh. við 1. umr. þessa máls. Hann byrjaði á því að reyna alls ekki að gylla þetta, að minna á, að það væru þarna tveir aðilar að semja, og þetta skauzt líka ofurlítið upp hjá hæstv. forsrh., þegar hann lauk sinni ræðu við 1. umr. með því að segja: „Ef illa gengur, tökum við þetta eignarnámi.“ M. ö. o.: Þess verður vart, að hið innra með sér eru hæstv. ráðh. líka hugsandi út af þessum málum, en það, sem hins vegar vekur eftirtekt, og það, sem er uggvænlegt í sambandi við baráttuna fyrir þessu máli, eru þær áróðursaðferðir, sem yfirgnæfa í stuðningsblöðum hæstv. ríkisstj. og alveg sérstaklega Morgunblaðinu og koma líka fram hjá öðrum forsvarsmönnum þessa máls hér á Alþ. Í staðinn fyrir að reyna að taka þetta nokkurn veginn heiðarlega og hlutlægt og gera sér alveg ljóst, hvaða hættur séu á ferðinni, — en segja sem svo: Við ætlum nú samt að gera þessa tilraun með útlent auðvald, — þá er sagt hér: Þetta er stórkostleg framför, sem hér er verið að leggja í. — Og þetta er básúnað út eins og hér væri um að ræða einhver stærstu tæknilegu framfaraspor, sem stigin hafa verið á Íslandi. Það er í öðru lagi sagt: Þetta er mikil og örugg tekjulind fyrir þjóðina, og það er ekki nokkur hætta í sambandi við raforkuverðið. — Það er reynt að berja þetta inn í almenning með öllum þessum venjulegu áróðursaðferðum, sem voldugir aðilar hafa til umráða. Og það er sagt í þriðja lagi, og það er e.t.v. það versta af því öllu saman: Það er engin hætta af þessu erlenda fjármagni, sem kemur hér inn. Þvert á móti, þetta er bara það fyrsta, sem kemur. Fleira mun á eftir fara, við erum bara að opna gáttirnar. Þetta er það, sem allar aðrar þjóðir gera, og það hlýzt af því blessun fyrir okkur. Síðan er sagt: Þeir, sem eru á móti þessu, eru afturhaldsmenn. Það eru menn, sem eru álíka blindir og við skulum segja fátækur atvinnuleysingi, sem væri hræddur við að missa vinnu, þegar kolakrani kæmi upp. Og það er hafin ofstækisherferð, ekki sízt af hálfu Morgunblaðsins.

Það, sem mér þótti alveg sérstaklega leitt um svo mætan mann sem hv. frsm. meiri hluta alúmíníumnefndar, og sem því miður er nú veikur, svo að hann getur ekki hlýtt hér á, — er, að það er meira að segja gengið svo langt að segja: Ja, þeir flokkar, sem berjast á móti svona nokkru, eru ekki íslenzkir flokkar, og það er alveg dæmalaust, að meira að segja flokkur eins og Framsfl., sem menn hefðu þó haldið að væri íslenzkur flokkur, skuli leyfa sér að vera á móti slíku. Þarna er ofstækið í algleymingi. Það er ofstæki, þegar sagt er: Þetta mál skulum við berja fram með hvaða áróðri, sem okkur þóknast, hagnýta okkur það, að við höfum meiri aðgang að blaðakosti en andstæðingar okkar. Okkar blöð fara víðar, og þess vegna skal það barið fram, sem við þarna stöndum með. Og það, sem vekur mér sérstakan ugg, er þetta: Af hverju er þessari ofstækisaðferð beitt í svo ríkum mæli? Og mitt svar hefur verið þetta: Af því að það er meining vissra manna, vissra afla, að halda áfram á þeirri braut að fá erlent auðmagn inn í landið beint sem erlent auðvald. Þess vegna álíta þessir menn, að það þurfi að gylla þetta mál til þess að ginna

almenning með því og blinda hann. Allt svo, í staðinn fyrir að hafa vaðið fyrir neðan sig og segja frá upphafi, eins og sérstaklega örlaði á í framsöguræðu hæstv. dómsmrh.: Við skulum vera mjög gætnir í þessu. Okkur er alveg ljóst, að það er erfið samningsaðstaða, og það er erfiður aðili, sem við erum að eiga við. Við skulum þess vegna vera mjög gætnir. — Í staðinn fyrir þetta, taka þessir ofstækismenn þessa afstöðu: Þetta er allt saman ljómandi gott. Þetta er stórkostlegt framfaraspor. Það er engin hætta í sambandi við þetta, og þeir menn, sem leyfa sér að berjast á móti þessu, eru mjög vondir menn og sérstaklega vondir Íslendingar.

Það er þetta, sem vekur þann ugg í brjósti manns, að það eigi að halda áfram, og við vitum, að það er vilji til þess hjá vissum alláhrifaríkum mönnum. Við munum eftir því, að það var byrjað með áróður fyrir því t.d., að Standard Oil fengi að koma hér upp olíuhreinsunarstöð, sem hefði þýtt einokun Standard Oil á allri olíu til Íslands og útilokun á allri samkeppni, einokunaraðstöðu fyrir framtíðina, og þetta var álitið sjálfsagt mál á Morgunblaðinu um leið og farið var að skrifa um það. Og við vitum, að það er áhugi hjá erlendum auðmönnum fyrir að fá aðstöðu hér á Íslandi, og þess vegna vekur það ugg, þegar farið er að vinna fyrir svona mál með slíku ofstæki. Sannleikurinn er, að svona ofstæki og áróður og svona blekkingarherferð íslenzkra manna er næstum jafnhættuleg og erlendi hringurinn og hans vald, því að án þess að geta treyst á svona ofstæki og blindni hjá íslenzkum mönnum, væri þessi auðhringur veikur gagnvart okkur Íslendingum, meira að segja þótt hann kæmist hingað. Án þess að geta treyst á slíkt ofstæki og slíka blindni, væri svo að segja ómögulegt fyrir hann að fá fótfestu í íslenzkum stjórnmálum og íslenzku þjóðlífi. Ef allir Íslendingar stæðu sem ein heild á verði gagnvart þessum aðila, tækist honum ekki, jafnvel þó að hann væri kominn hér inn fyrir slysni og menn sæju þá á eftir, að þetta hefði verið rangt spor, sem stigið var, tækist honum ekki að ná neinni fótfestu. En ef hann eignast, áður en hann kemst hérna inn, forsvara, sem vinna svona blygðunarlaust fyrir hann og reka svona áróður fyrir hann, er hætta á ferðum.

Við vitum, að peningarnir eru orðnir mikið vald í okkar þjóðfélagi. Við vorum eitt sinn fátækir, Íslendingar, og litum þá jafnvel hornauga þá, sem auðugir voru, og óttuðumst vald auðsins og það alla leið fram á þessa öld, en núna er samkeppnin um að ná peningum, svo að segja hvernig sem það er gert, orðin svo mikil, að það er allt of þægileg aðstaða fyrir þá, sem koma til með að hafa yfirdrifið af peningum, að ná aðstöðu í íslenzku þjóðfélagi. Sú gamla gríska viðvörun um, að borgríkið, þar sem asni klyfjaður gulli komist inn um hliðið, sé í hættu, á sannarlega í ríkum mæli við okkur núna. Mér þykir sérstaklega hart, að það skuli koma fram frá hálfu þm. í Sjálfstfl. svona ásakanir eins og ég gat um áðan og reynt skuli vera að nota svona áróður.

Ég veit, að innan Sjálfstfl. hefur verið nokkur tvískinnungur í þessum málum frá upphafi. Það er ekki nema eðlilegur hlutur í flokki einnar yfirstéttar í einu landi. Það er svo ætíð, að yfirstétt í einu landi hefur svo að segja tvær sálir í sínu brjósti. Annars vegar er tilhneigingin til þess að reyna að stjórna viðkomandi landi vel með hliðsjón af hagsmunum þjóðarinnar sem heildar, þó að yfirráð yfirstéttarinnar séu varðveitt. Hin tilhneigingin er að afla sér útlendra bandamanna, til þess að verða sterkari gagnvart sinni eigin þjóð. Sá mælikvarði, sem við Íslendingar höfum frá því að okkar sjálfstæðisbarátta hófst, lagt á það, hvort við gætum treyst flokkum og stjórnmálamönnum í sambandi við okkar þjóðmál, var hið fornkveðna, hvort menn aðhylltust Ísland fyrir Íslendinga, hvort menn vildu standa með því, að þetta land og þess auðlindir væru fyrir Íslendinga, ekki fyrir útlendinga, á hvaða sviði svo sem það væri. Og þetta hlýtur alltaf að verða mælikvarðinn á það, hvort þeir menn og þeir flokkar, sem berjast fyrir einhverju ákveðnu, séu raunverulega íslenzkir flokkar eða ekki. Hins vegar getur mönnum skjátlazt, þótt þeir séu í íslenzkum flokkum, en þá er að varast slíkt og reyna að læra af reynslunni. Hættan, sem hér er á ferðinni, er sú, að Sjálfstfl., sem nú er búinn að vera, frá því að hann varð til, stærsti flokkur þjóðarinnar, og hafði það ekki síður en aðrir á sinni stefnuskrá, að Ísland skyldi vera fyrir Íslendinga, hefur í æ ríkara mæli, eftir því, sem auðvaldsskipulagið hefur rutt sér betur til rúms á Íslandi, orðið flokkur tiltölulega ríkrar auðmannastéttar. Og í því felst sú hætta, sem yfir þeim flokki vofir. Ég hef fyrir mitt leyti og við margir hér átt samstarf við Sjálfstfl. um ágæt mál, sem horft hafa Íslendingum til heilla, en mér er alveg ljóst, að eins og nú er komið málum, eru innan Sjálfstfl. alveg tvennar tilhneigingar í þessum efnum. Og þó að ýmsir af hans forustumönnum máske gangi inn á það að standa að frv. eins og því, sem hér er, er það mín ætlan, að það sé þó með nokkrum kvíðboga fyrir þeim hugsanlegu afleiðingum, sem af þessu gætu orðið.

Við vitum, hvað það er, sem við sérstaklega eigum að forðast með þá fortíð, sem við höfum Íslendingar, forðast það að lenda aftur í því að verða eins konar nýlenda. Og við vitum, hver er höfuðmunurinn á nýlendu og sjálfstæðu ríki, þó að hvort tveggja væri kapítaliskt: Arðurinn af vinnu verkamannanna og auðlindum landsins rennur, ef maður er í nýlenduaðstöðu, út úr landinu til eigenda framleiðslutækjanna þar, en inn í landið svo framarlega sem það eru innlendir auðmenn, sem eiga framleiðslutækin. Það er þetta, sem gerir muninn, og það er þetta, sem við verðum að muna, þegar við erum að reyna að útkljá, hvort við eigum að standa með einu máli eða á móti því. Þess vegna er það svo greinilegt sem verða má hér, að það er verið að gefa erlendri auðmannastétt aðstöðu til þess að græða og græða mikið á Íslendingum og verða vald á Íslandi með samþykkt þess frv., sem hérna liggur fyrir. Og ég vil minna íslenzka yfirstétt á það, þegar hún stígur þetta spor, að hún hefur áður verið nokkuð tæp í þessum málum. Það var engin tilviljun, að þegar sú dansk-íslenzka kaupmannastétt eða heildsalastétt,

sem risin var upp hér í Reykjavík fyrir 47 árum, neyddi þáv. eigendur Morgunblaðsins til þess að selja það blað í hendur þeim, að það nafn, sem Morgunblaðinu þá var gefið af íslenzkri alþýðu, var Danski mogginn, vegna þess að þetta var fyrst og fremst fulltrúi fyrir yfirstétt, sem var svo nátengd dönskum hagsmunum, að alþýða manna, eins og oft með sínum orðatiltækjum, hitti naglann á höfuðið, þegar hún kallaði hann þetta. Við þekkjum að sama skapi þýzku samúðina, sem hér var hjá yfirstéttinni, á meðan Hitler drottnaði í Þýzkalandi og hvernig Morgunblaðið þá tók til orða 1934—1936 og á þeim árunum, og við vitum, hvernig þetta hefur gengið, eftir að Bandaríkin urðu eins áhrifarík í íslenzkum stjórnmálum og þegar er orðið. Það er hætta fólgin í því að gefa erlendum aðilum þá aðstöðu, sem þessum erlendu aðilum hefur verið gefin hér, og íslenzk yfirstétt má sannarlega gæta að sér, að hún fari ekki aðeins þjóðinni, heldur líka sjálfri sér að voða með því, hvernig hún hagar sínum aðgerðum í þessum efnum.

Ef svo héldi áfram sem byrjað er með þessu frv., — en það var það, sem hv. 5. þm. Austf. undirstrikaði svo rækilega í sinni framsöguræðu um þá nýju stefnu, sem verið væri að hefja með þessu, — ef svo heldur áfram, sem byrjað er með þessu frv., þýðir það, að erlent auðvald er innan skamms orðið hið ráðandi vald á Íslandi. Það er enginn efi á því, að strax og fiskisagan flýgur í fjármálaheiminum um samning eins og þennan, líta erlendir fjármálajöfrar á Ísland sem gósenland til þess að festa fé sitt í. Ég þykist vita, að hjá vissum aðilum, sem í Morgunblaðið skrifa, mundu þessi orð mín verða tekin sem alveg sérstök lofsyrði um þennan samning. Að svona samningar væru einmitt það, sem þyrfti til að fá erlent fjármagn til að koma til Íslands.

Ég álít, að í vissum hópi Sjálfstfl. sé ráðandi alger blindni og gersamlegt samvizkuleysi og tillitsleysi til þjóðarhagsmuna í sambandi við það, að reyna að fá erlent auðmagn inn í landið. Og þegar hver hringurinn væri kominn hér á fætur öðrum með svona sérréttindi, hvar stæðum við þá? Þessi hringur, sem við erum núna að semja við, fjármagn hans er 15 þús. millj. kr. Allur þjóðarauður Íslendinga, — og er hann vissulega ekki í reiðufé þannig, að hann gefi af sér eitthvað svipað og það fjármagn, sem þarna er um að ræða, — hann er metinn upp á 41 þús. millj. — 41 milljarð. Aðeins það fjármagn, sem þessi hringur festir hér á Íslandi í sinni verksmiðju, er 2500 millj. kr. Það þýðir, eins og þegar hefur margsinnis verið bent á, að líklega meira en þriðjungur af öllu einkaauðmagni, sem til er í iðnaði og sjávarútvegi á Íslandi, er þar með útlendur. Hreinn gróði þessa auðhrings á ári hér á Íslandi mundi vera einhvers staðar á milli 200—400 millj. kr. Og hvaða vald halda menn, að svo fjársterkur aðili fengi ekki undir eins í íslenzkum stjórnmálum?

Hér eru rekin dagblöð, sem öll að einu undanteknu eru rekin með tapi. Það er að vísu ekki stórt tap á þeim, svona kannske 2—3 millj. á ári, það er ekki mikið fé í augum eins erlends hrings. Það er lítill vandi fyrir slíkan voldugan peningaaðila að ná tökum á íslenzkum blöðum, ef að honum finnst hann þurfa þess. Það er því síður mikill vandi að ná þar með tökum á íslenzkum stjórnmálum, og svo fremi sem þannig kynni að fara, og t.d. eftir nokkur ár, sæju eigendur Morgunblaðsins, hve rangt þeir hefðu farið að í sambandi við það mál, sem nú er til umr., og vildu fara að breyta þarna til, er enginn efi á því, að það er hægt að koma upp sterkari blöðum en Morgunblaðinu með því fjármagni, sem svona hringur hefði yfir að ráða, ef honum þætti hætta á ferðum. Ég tala nú ekki um, þegar komnir væru nokkrir hringar, sem rynnu á bragðið og langaði til að komast hér að. Þess vegna er nauðsynlegt, að menn geri sér ljóst, að ef menn stíga það spor, sem stigið er í dag, verða hv. núverandi þm. Sjálfstfl. og Alþfl. spurðir að því, hvaða næsta spor verði stigið. Það er hægt fyrir þann erlenda aðila að koma upp blöðum, að koma upp flokkum, og það er auðséð á andrúmsloftinu, sem er í kringum þann áróður, sem rekinn er nú af ýmsum aðilum fyrir þessu, að það eru margir menn nú þegar, sérstaklega í röðum Sjálfstfl., reiðubúnir til að berjast fyrir þessu máli. Þeir hafa kippt að sér hendinni, af því að þeir stigu fullstórt spor fyrst í sambandi við olíuhreinsunarstöðina og annað slíkt, komu upp um sambönd sín við Standard Oil, sem þeir héldu, að hægt væri að dylja, og þeir liggja rólegir núna, þangað til þeir stíga næsta sporið. En þið skuluð ekki halda, þm. Sjálfstfl., sem í dag eða næstu daga kunnið að greiða atkvæði með þessu, að þið verðið máske spurðir ráða næst. Það er hægt fyrir nógu voldugan peningaaðila að fá aðra menn inn á þing, koma upp öðrum flokkum og öðrum blöðum. Og það getur þá verið of seint fyrir þá, sem í dag taka þátt í því að stíga það óhappaspor, sem nú á að stíga, að ætla að stemma stigu við framhaldinu. Höfðingjarnir á Sturlungaöld, þeir ætluðu sér að fá Hákon Noregskonung sem sinn bandamann í sínum innbyrðis deilum hér heima, og þeir héldu, að þeir gætu notað hann til þess að koma sinni eigin ár fyrir borð. Meira að segja Gissur Þorvaldsson mun upphaflega hafa reiknað dæmið þannig, en hann reiknaði bara skakkt. Það var hann, sem var ánetjaður og varð að fara að konungsboði, áður en hann áttaði sig á því, hvað var að gerast.

Fyrir íslenzka atvinnurekendastétt og hennar flokk er það að fá sinn ofjarl inn í landið að fá þennan auðhring hingað inn. Eftir að hann er kominn, verður óhægra við að ráða. Það er nægilegt af þýlyndum, peningagráðugum mönnum hér í kringum okkur í Reykjavík, og þeir geta vafalaust skapað sér nógu flott útbúin áróðursmálgögn til þess að halda áfram því verki, sem unnið hefur verið á undanförnum árum, að spilla okkar þjóð og niðurlægja hana. Þess vegna er ekki ráð nema í tíma sé tekið, ef á að stöðva þá ógæfu, sem það mundi vera fyrir þjóðina að stíga þetta spor. Höfðingjarnir á Sturlungaöld ætluðu sér að snúa á Hákon konung. Það var hann, sem sneri á þá, og það var norska og síðan danska konungsvaldið, sem útrýmdi höfðingjastéttinni á Íslandi.

Kannske finnst sumum íslenzkum atvinnurekendum þeir vera stórir, þegar þeir eru að eiga við sína verkamenn og semja við þá, en þeir eru

ekki stórir, ef miðað er við erlenda auðjöfra. Og þegar þeir væru búnir að fá marga af þeim inn í landið, *mundu þeir fara að finna fyrir smæð sinni og finnast* vera nokkuð þröngt fyrir dyrum hjá sér. Þróun kapítalismans gengur yfirleitt út á það, að stórir auðhringar útrýma smáum atvinnurekendum og ef þeir smáu atvinnurekendur í Sjálfstfl., sem finnst þeir vera stórir, taka þátt í því að kalla einn auðhring hér inn í landið og láta fleiri síðan koma á eftir, eru þeir að leggja drögin að því að útrýma sjálfum sér. Hraðfrystihúsaeigendurnir, sem í dag standa með því að fá þennan hring inn í landið og greiða kannske með hangandi hendi atkvæði með því á morgun að lofa Findus að koma hér og setja upp nýtízku hraðfrystihús, þeir munu finna fyrir því, að þeir eiga sjálfir ekki langt eftir, þegar þeir eru búnir að greiða atkvæði með slíku. Ég ætla ekki að taka það fram nú, en minna þó á það, — ég hygg, að ég hafi gert það áður, — að það erum ekki við, sem óskum *eftir* því að útrýma þessum íslenzku atvinnurekendum. Það eru þeir, sem kalla útlenda auðhringa hérna inn í landið, sem mundu útrýma þeim á næstu áratugum, ef sú þróun, sem á að hefja með þessu máli, yrði látin halda áfram.

Ég vil minna þá yfirstéttarmenn, sem halda, að það sé hægt að hirða molana af borðum þess útlenda hrings, á, að þetta hafa menn líka hugsað stundum áður á Íslandi. Á okkar svörtustu einokunartímum voru hér vissir ríkir bændur, sem keyptu oft vörurnar af einokunarkaupmönnunum, áður en þeir létu úr höfn að haustinu og seldu svo þessa vöru að vetrinum *til með slíku okri, að landsmönnum þótti oft og tíðum* vera öllu erfiðara að eiga skipti við þessa, sem kallaðir voru „vetrarprangarar," en jafnvel við einokunarkaupmennina sjálfa. Væri gott fyrir íslenzka yfirstéttarmenn, sem langar til þess að rifja upp Íslandssöguna, hvað þetta snertir, að lesa dóm Jóns Aðils í bók hans um einokunarverzlunina, til þess að sjá hvern dóm seinni tíminn fellir yfir þeim mönnum, sem gerast þannig handgengnir erlendu valdi hér á landi, til þess að geta grætt á sinni eigin þjóð. Við munum það hins vegar enn þá, þeir, sem eldri erum orðnir, hvernig litið var, á meðan embættismannastéttin var hin ráðandi stétt hér á Íslandi, á þá embættismenn, sem kallaðir voru dansklundaðir og vildu fyrst og fremst framfylgja því, sem hin danska ríkisstjórn vildi láta framkvæma hér á Íslandi. *Það, sem nú er að gerast, er, að innan íslenzku* yfirstéttarinnar eru að rísa upp menn, sem fyrst og fremst líta á sig sem agenta fyrir útlent auðvald og vilja berjast fyrir því að koma útlendu auðvaldi upp hér á Íslandi. Og það hörmulega, sem hefur gerzt nú, er, að þessir menn hafa orðið það sterkir í Sjálfstfl., að þeir hafa fengið slíkt í gegn. Og þeir drottna svo að segja í þeim áróðri, sem rekinn er fyrir þessu ógæfumáli, sem hérna liggur fyrir. Þess vegna spyr ég og hefði spurt, ef hann hefði verið hér viðstaddur, hv. frsm. meiri hl. alúmíníumnefndarinnar: Hvers vegna er verið að gylla þetta svona? Hvers vegna er verið að beita öllu þessu ofstæki í sambandi við gang þessa máls? Er verið að reyna fyrst og fremst að véla almenning með þessu og beygja almenning undir okið hjá þessum auðhring? Ég veit ósköp vel, að suður í Hafnarfirði og suður á Reykjanesi er bókstaflega verið að reyna að skapa þýlynda afstöðu gagnvart þessum hring. Það er verið að reyna að ala á því, að það sé eitthvert happ að fá þennan hring þarna suður eftir. Menn eigi að vera fegnir því, að þarna komi upp stórt og mikið fyrirtæki, sem borgi eitthvað ofurlítið í bæjarsjóð. Og þá er strax reynt að skapa þá afstöðu, að þeir menn, sem dirfast að standa á móti annarri eins blessun og þeirri að fá þennan hring þarna inn, þeir menn, sem dirfast að vera eitthvað að ráðast á hann, að vera að æsa múginn á móti honum, það séu ljótir menn, það séu ekki Íslendingar. Allt svo, það er svona áróður, sem mér fannst brydda á í gær, að allir, sem álíta ekki sjálfsagt að beygja sig fyrir svona, séu ekki *íslenzkir. Mér liggur við að spyrja: Hvenær hefur* þá þýlyndið orðið íslenzkt, ef það, að beygja sig fyrir útlendum auðhring og vilja ekki sjá neitt nema gott í því að fá hann hingað inn, á að vera orðið sérstakt dæmi um íslenzkan hugsunarhátt? Ég held þvert á móti, að það, sem þurfi sérstaklega, ef sú ógæfa á að ske, að þetta mál eigi að ná fram að ganga, þurfi þegar í upphafi, — ekki sízt suður í Hafnarfirði og þar í kring —, að byrja að skapa varnar- og sóknaraðstöðu gagnvart þessum auðhring. Segja fólkinu þar, að það sé lífsnauðsyn að vera á verði gagnvart áhrifum þessa mikla valds, sem þarna komi inn, og láta ekki þetta vald gera sig að aumingjum, hvernig sem sá aumingjaháttur yrði gylltur. Ég held alveg sérstaklega, að þm. Reykn. ættu frá upphafi að vara Hafnfirðinga við allri undanlátssemi í þessum efnum. *Ef það á frá upphafi að skapa þá afstöðu hjá fólki* gagnvart þessum hring að líta á hann sem einhvern velgerðarmann, líta á hann sem einhverja bjargvætti fyrir Hafnarfjörð og fyrir Reykjanes, um leið og jafnvel á að leggja útgerðina að einhverju leyti niður þar, — ef það á að reyna að ala íbúana þar upp í þeim anda, að þeir skuli líta á þetta næstum því sem einhverja guðsblessun, sem þeim hafi verið færð og jafnvel sé nú farið að brennimerkja alla þá, sem berjast á móti þessum hring sem óalandi og óferjandi, þá verðum við búnir að niðurlægja okkar þjóð á nokkrum áratugum meira en kannske nokkurn okkar mundi gruna í dag.

Það er stundum talað um það, að það hafi einu sinni gerzt þar syðra, þar sem þessi hringur á að rísa upp núna, að maður að nafni Hólmfastur Guðmundsson hafi verið hýddur á þingi fyrir að brjóta þau lög, sem hin erlenda yfirstétt hafði sett hérna þá! En menn muna kannske ekki eins vel eftir því, að á því sama þingi, Kálfatjarnarþingi, og ég held, að Straumsvíkingar næstum því heyri undir Kálfatjarnarþing, á því sama þingi, þar sem Hólmfastur var hýddur, lét Knud Storm, Hafnarfjarðarkaupmaður, þingmennina þar samþykkja traustsyfirlýsingu til sín, sem var svo orðuð, með leyfi hæstv. forseta. Þetta var 27. júlí 1699, svo að málið er gamaldags. En þetta var samþykkt á þessu þingi, þar sem Hólmfastur var hýddur:

„Á Kálfatjörn 27. júlí 1699. Uppá ofanskrifaða ósk og begering er vort andsvar og opinber vitnisburður,

að kaupmaðurinn Knud Storm hefur umgengist frómlega og friðsamlega við sérhvern mann og sína kauphöndlun haldið og gjört í allan máta eftir Kgl. Mts. taksta og forordningum og sérhvers manns nauðsynjum jafnan góðviljuglega gegnt og tilbærilega hjálpað og fullnægt með góðri kaupmannsvöru í allan máta, svo sem sérhver óskað hefur og sérhverjum af oss er vitanlegt. Hvers vegna vér skylduglega viljum þessari hans tilbærilegu begeringu vel og kristilega gegna og gjarnan óska, að fyrr velnefndur kaupmaður mætti vel og lengi með lukku og blessan sömu höndlun framhalda og hljóta (bæði hér á landi og annarstaðar) guðs náð og gleðileg velfelli til lífs og sálar æ jafnan fyrir Jesum Christum."

Þetta er vottorðið, sem gefið var á Kálfatjarnarþingi einhverjum verst þokkaða kaupmanni, sem hafði verið í Hafnarfirði og var að láta húðstrýkja Hólmfast Guðmundsson á því þingi fyrir að hafa brotið hans lög. Svona langt voru menn sokknir niður þá. Og ef það á að fara að reyna að skapa þá afstöðu, þegar útlendur auðhringur kemur hér inn í landið, að það sé eitthvað, sem við eigum að sleikja út um og þakka fyrir, þá er verið að byrja á því að reyna að niðurlægja okkar þjóð á sama máta og hún hafði verið niðurlægð þá. Og ekki sízt ber öllum þeim, sem ábyrgð taka á að leiða svona auðhring inn í landið, að segja: Við skulum standa á verði gegn honum. Við skulum skapa þann hugsunarhátt, ekki sízt í nánasta umhverfi hans, að honum sé mætt með fullri tortryggni og hverri ágengni sé vægðarlaust svarað.

Við höfum ekki, Íslendingar, fengið að kynnast peningavaldi í þeirri mynd, sem aðrar þjóðir hafa hjá sér. Meðan við höfum átt hér samskipti, íslenzkir atvinnurekendur og íslenzkir verkamenn, hefur að vísu oft skorizt í odda, en það hafa þó verið landar, sem hafa staðið hver gagnvart öðrum, og þeir íslenzku atvinnurekendur, sem í hlut hafa átt, hafa um leið verið menn, sem hafa haft áhuga á að efla íslenzkt atvinnulíf, og það hafa verkamenn líka haft. En hér kemur aðili, sem ekkert annað gengur til en að arðræna okkur, ekkert annað gengur til en að græða á okkur og flytja héðan burtu allan þann gróða, sem hann hefur, og losna algerlega við allt, sem þetta land snertir, þegar hann bara er búinn að hafa sinn pening upp úr því. Hjá honum er ekkert annað en peningasjónarmiðið helkalt. Þess vegna ríður á, að við frá upphafi stöndum á verði, ef sú ógæfa á að gerast, að þessum hring sé hleypt hér inn.

Ég vildi segja þetta, vegna þessara orða, sem duttu út úr hv. frsm. meiri hl. alúmíníumnefndar í gær, til þess að reyna frá upphafi að stemma stigu við því, að farið sé að reyna að nota slíkar gyllingar eða slíkar blekkingar í þessari aðstöðu. Ég mun svo að öðru leyti ekki fara langt út í þetta mál. Það er búið að rekja hér svo ítarlega af hálfu stjórnarandstöðunnar öll þau rök, sem eru fyrir utan þau hreinu þjóðernislegu, og búið að koma inn á þau líka. Ég vil þó benda mönnum á eitt. Það er að vísu ekki stórt atriði. Það er samið um þetta í dollurum, og mönnum finnst dollarinn auðvitað ákaflega fín mynt, hvað hann vissulega er talinn vera í dag. En það er samið til 45 ára. „Enginn mun vita, hvað orðið er þá / af auðsins og guðanna friði," eins og þar stendur, „þegar hundraðið fimmta er sigið í sjá / og sól þess er runnin að viði." Það er máske ekki einhlítt að miða við dollarann, þó að hann sé voldugur í dag. Það var einu sinni sett inn í íslenzk lög, mig minnir, að það hafi verið 1940 eða 1941, að við miðuðum bæði við dollara og sterlingspund, hvort þeirra, sem hærra væri. Þá litum við nú stórt á okkur. En það er sem sé vert að athuga það. Það vita allir, að dollarinn er ofskráður í dag og Bandaríkjamenn eiga fullt í fangi með að koma í veg fyrir að hann falli. Og það er vissulega vel mögulegt, að dollarinn meira að segja falli á næstunni, meira að segja þó svo að t.d. svissnesku mörkin stæðu.

Ég vil enn fremur minnast á þau atriði, sem hér hafa komið fram viðvíkjandi dreifbýlinu. Við skulum alveg gera okkur það ljóst, að þetta þýðir nýja stórkostlega fólksflutninga á Íslandi. Það streyma nú þegar fyrirspurnirnar um þetta inn á allar ráðningarskrifstofur á Norðurlandi. Þetta er beint tilræði við Norðurland. Og þeir ættu að reyna að gera sér það ljóst. Það er ekki til neins að reyna að friða samvizkuna með einhverjum atvinnujöfnunarsjóði eða einhverju þess háttar. Það er allt saman hlægilegt í sambandi við þetta. Það eru ekki slíkir hlutir, sem duga í sambandi við þetta.

Þá vil ég enn fremur minna á það, sem ég hef tekið fram áður, en þó ekki fengið svar við, að það hafa engar almennilegar rannsóknir verið gerðar á því, hvar henti bezt fyrir Íslendinga að setja upp stóriðju. Ég segi þetta vegna þess, að ég þykist sjálfur hafa snemma byrjað á því að hugsa um stóriðju á Íslandi og lagt til hér á Alþ. fyrir meira en 20 árum, að við byggjum okkur undir það að verða að koma upp stóriðju í krafti okkar fossa, og gert hverja till. á fætur annarri um, að við undirbyggjum þetta sjálfir og rannsökuðum, ef við þyrftum yfirleitt að fara að vinna úr útlendum hráefnum, sem engan veginn er víst að við þurfum enn þá, hvaða útlend hráefni við vildum þá fara að flytja hér inn. Ég hef vissulega hugsað um alúmíníum jafnt sem önnur. En það hefur aldrei fengizt fram, að það færi nokkur óhlutdræg rannsókn fram á þessu máli. Ég hef verið í einni n., sem hefur starfað í sambandi við þetta. Einmitt nefnd, þar sem tveir þeir menn, sem fremst hafa gengið fram í að reyna að fá alúmíníumhringina hingað inn, voru líka, Vilhjálmur Þór og Steingrímur Hermannsson. Ég hef bent þeim á nokkur atriði, sem ég áleit að þyrfti að athuga í þessu sambandi. Þeir hafa gengið inn á það. Jú, þetta væri alveg rétt hjá mér, en það hefur aldrei fengizt nokkur rannsókn á nokkrum hráefnum í sambandi við þetta. Og núna, þegar alúmíníum var hleypt inn, þegar verið er að hleypa því inn, er það gert án þess að hafa samanburð við nokkurn skapaðan hlut annan. Það er bara haldið áfram þessu gamla, að einstakir Íslendingar hafa gengið með grasið í skónum á eftir alúmíníumhringunum alveg frá Kalifornïu til Sviss til þess að biðja þá um að koma hingað.

Svo er eitt, sem ég vil taka mjög ítarlega fr[illegible] í sambandi við þessi mál, og það er afstaða sérfræ[illegible]g-anna. Ég álít það vera beina misnotkun á sérfræ[illegible]g-

um, sem fram fer í sambandi við þetta mál. Þegar sérfræðingar eru kvaddir til, ber þeim að leggja fram kosti og galla á hlutunum, og þau álit eiga að liggja fyrir og líka að liggja fyrir í þingi. Og sá sérfræðingur, sem er kvaddur til og segir ekki bæði kosti og galla, er enginn sérfræðingur, hann er áróðursmaður, og það á ekki að nýta hann, heldur setja hann af. Það er einn grundvöllurinn fyrir því, að í tæknilega þróuðu þjóðfélagi sé hægt að hafa þingræði, að Alþ. geti treyst á það, að sérfræðingarnir segi álitið frá öllum hliðum. Það geta orðið mörg mál, sem við ekki höfum vit á í þessu, en við viljum fá að sjá allar hliðar málsins frá upphafi. Og það má ekki taka slíka áróðursafstöðu í þessum málum, að ef sérfræðingar hafa eitthvað að athuga við hlutina, séu menn helzt bara illir út í þá. Og það á heldur ekki að gera þá hluti að setja menn, — við skulum bara taka sem dæmi aðalbankastjóra Seðlabankans, sem hefur unnið heilmikið að því að reyna að fá þennan alúmíníumsamning, það á ekki að setja hann sem formann í Landsvirkjunarstjórn. Það er hneyksli að fara þannig að. Láta þá menn, sem vitað er að hafa sérstakan áhuga á að pína þetta í gegn, inn á stofnanir, þar sem aðrir menn eiga að vera, menn sem eiga að vera á verði í þessum málum. Það er nauðsynlegt að gera sér ljóst, að sérfræðingar hafa þarna ábyrgð. Þeir verða ekki síður dregnir til ábyrgðar, ef þeir standa sig illa, en þeir þm., sem kunna að gera rangt í þessum efnum.

Ég vil svo aðeins að lokum taka það fram, að ég álít, að hv. þm. stjórnarflokkanna væri, vegna þeirrar ábyrgðar, sem þeir taka á sig í þessum efnum, sæmst að ganga inn á það að leyfa þjóðinni að dæma. Það er hart í svona máli, þegar á að fara að binda þjóðina til 45 ára, ef henni verður neitað um það að fá að segja sitt eigið álit, og þeir menn, sem slíkt gera, taka á sig þunga ábyrgð. Ég álít að till. um þjóðaratkvgr. sé svo sjálfsögð, ef menn á annað borð ætla að samþ. þessi lög hér, að menn eigi samvizku sinnar vegna að ganga inn á að láta þetta fara fyrir þjóðaratkv. Ég get satt að segja ekki séð, af hverju þeir stjórnarflokkar, sem hafa aðra eins áróðursafstöðu og þeir hafa, þora ekki að leggja svona mál undir þjóðardóm.

Að síðustu vil ég svo koma að því, sem bæði ég og forsrh. lukum okkar ræðum með við 1. umr. þessa máls. Ef við sjáum nógu snemma, Íslendingar, hvílíkt ógæfuspor við höfum stigið með því að setja svona mál í gegn, — ef það verður sett í gegn, — og viljum kippa að okkur hendinni, viljum þjóðnýta þennan hring, taka eign hans eignarnámi hér, hvernig er þá aðstaðan? Og það vildi ég óska eftir, annað hvort við þessa umr. eða 3., að fá upplýst. Alþfl. hefur nokkuð látið það koma fram, að hann sé með vissan ótta í brjósti út af afskiptum þessa hrings af okkar innanlandsmálum. Og það er náttúrlega engum efa bundið, að auðhringur, sem ber höfuð og herðar yfir alla íslenzka atvinnurekendur, getur náttúrlega enn þá síður en íslenzkir atvinnurekendur látið vera að skipta sér af vinnudeilum og stjórnmálum. Hann gerir það allt svo alveg óhjákvæmlega. Ef menn vildu reyna að koma einhvern veginn í veg fyrir það, gæti ég komið með brtt., ef Alþfl. vill vera henni sammála, bæta inn í þessi l., að svo fremi sem hringurinn gerir sig sekan um að skipta sér af vinnudeilum eða stjórnmálum á Íslandi, skuli þessi samningur úr gildi falla. Nú býst ég við, að meiri hl. sé búinn að binda sig hringnum of mikið til þess að hann þori að samþykkja slíka till. Hitt mundi vera nokkurt aðhald fyrir hringinn, ef frá upphafi yrði sú aðstaða hér, að honum yrði sagt: Þín eign hér verður þjóðnýtt, svo fremi sem þú ætlar að ganga í lið með íslenzkum atvinnurekendum í þeirra stéttabaráttu. Ég get varla vænzt þess, að Sjálfstfl. færi nú að hóta slíku, en mér þætti vænt um að heyra, hvort Alþfl. væri til í það. En það, sem ég vildi sérstaklega spyrja hæstv. dómsmrh. að, er — ég hef satt að segja bara ekki fundið út úr því, þótt ég hafi reynt að lesa þær greinar, sem eru um riftunina á þessum samning, — hvernig mundi það vera, ef Alþ. Íslendinga tekur þá ákvörðun að taka þennan hring eignarnámi eða taka þessa verksmiðju í Straumsvík eignarnámi? Hverjir verða það, sem verða látnir dæma og kveða upp um andvirðið hér á Íslandi? Það er eftir stjórnarskránni Hæstiréttur, sem á að gera út um slíkt að lokum, en hverjir verða það eftir þessum samningi? Og í öðru lagi: Hvernig yrði ákveðið um greiðslu? Ég býst þó við, að eftir öllum venjulegum lögum Íslendinga mundi það vera Alþ., sem réði, á hvern máta þetta yrði greitt. Og ég vildi fá hér alveg nákvæma hugmynd um það, hvernig færi, ef Alþ. eftir svo og svo langan tíma samþ. að þjóðnýta þessa verksmiðju. Hvernig eru þá aðstæðurnar eftir þessu frv.? Ég veit, að hæstv. ríkisstj. hefur gert sér það ljóst, að til þessa gæti komið, því að hæstv. forsrh. sagði það beinlínis: Þá verður að taka hringinn eignarnámi. Og ég vildi þá um leið mega spyrja: Þegar meta á eign þessa hrings og ákveða, hvers virði hún sé, álítur þá hæstv. ríkisstj., að farið yrði eftir því, hvað þessi hringur hefur gefið upp til skatts sem gróða af verksmiðjunni? Við mundum fara eftir því, t. d. ef við værum að bæta bændum laxveiði, sem þeir hefðu misst, þegar raforkuver væri sett upp, þá mundi vera farið eftir því, hvað þeir hafa gefið upp til skatts í sambandi við laxveiðina, og eins ætti þá að gera viðvíkjandi þessum hring. Og ég held, að þetta þyrfti að vera alveg ljóst nú, þegar við ræðum þetta, því að það verður alveg vafalaust ekki svo langt þangað til þær kröfur verða gerðar, ef ekki á illa að fara á Íslandi, að þessi verksmiðja verði þjóðnýtt. En í því sambandi vildi ég leyfa mér að óska eftir því að fá að sjá einn samning, sem er ekki hér í, — ég hef a. m. k. ekki orðið var við hann, — en hefur nokkurt gildi í sambandi við þetta, og það er samningurinn við Alþjóðabankann um lánin til Búrfellsvirkjunarinnar. Á hvern máta koma greiðslurnar í sambandi við alúmíníumhringinn þar inn í? Ég vildi leyfa mér að óska eftir, að þennan lánssamning eða uppkast að honum, ef hann er ekki undirskrifaður, fengjum við að sjá og hvort í honum séu nokkur ákvæði, sem gætu gert okkur þetta erfiðara.

Ég þekki það af reynslu fyrri viðskipta við Alþjóðabankann, að hann á til með að reyna að beita áhrifum sínum til að ráða nokkru um samninga, sem gerðir eru í viðkomandi löndum. Í fyrsta lagi vitum við, hvernig hann beitti áhrifum í sambandi við samningana um lánin til Sogsvirkjunarinnar, til Írafossstöðv-

arinnar, þar sem hann gerði þau háð því, að Áburðarverksmiðjan fengi ákveðið verð á rafmagni. Og í öðru lagi reyndi hann að beita áhrifum sínum í sambandi við lán til Sementsverksmiðjunnar til þess að knýja það fram þá, að Sementsverksmiðjan yrði ekki ríkiseign, og því er ekki óeðlilegt, að ég spyrji: Er nokkuð í þeim lánssamningi, sem gerður yrði við Alþjóðabankann, sem mundi gera það að einhverju leyti erfiðara fyrir Ísland að þjóðnýta, að taka eignarnámi, þessa verksmiðju suður í Straumsvík, ef þjóðinni litist svo á? Alþjóðabankinn er nokkuð slæmur með að vera að skipta sér af innanlandsmálum sjálfstæðra þjóða og sletta sér fram í það, hvort þær hafa hjá sér ríkisrekstur eða annað slíkt. Og það þarf að venja þann banka af að vera að reyna að fyrirskrifa okkur Íslendingum, eins og hann væri eitthvert rentukamner, hvernig við vinnum að okkar málum. Þess vegna óska ég eftir því, að þessi samningur eða uppkast að honum sé lagt hér fram og við fáum að fara í gegnum þau ákvæði hans, sem gætu að einhverju leyti komið við seinna meir, þegar þyrfti að þjóðnýta þessa verksmiðju.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Hv. 3. þm. Reykv. hefur lokið enn einni langri ræðu um þetta mál, og að þessu sinni má segja, að höfuðinntak ræðunnar hafi verið að ávíta stuðningsmenn þess frv., sem er til umr., fyrir ofstæki og blindni í málflutningi. Ég verð að segja, að hann sér ekki bjálkann í eigin auga, því að ég hygg, að sjaldan hafi í allri meðferð þessa máls bryddað eins á ofstæki og blindni eins og gerði í þessari ræðu hv. þm. Að vísu er hann búinn að vera hér lengur en flestir aðrir, en menn hafa ekki þurft að sitja mörg ár á Alþ. til þess að venjast svo þessum lestri hans, að menn hætta að kippa sér upp við stóru orðin, en þegar þeim ásökunum er beint til annarra, að þeir beiti ofstæki og blindni, er e. t. v. rétt að athuga, hvort hans eigin málflutningur er til mikillar fyrirmyndar. Ég hygg, að þeir, sem styðja þetta frv., hafi ekki kallað andstæðinga þess leiguþý eða aumingja eða öðrum slíkum orðum. En þetta voru og þessu lík þau orð, sem hv. þm. valdi þeim alþm., sem styðja frv., sem hér er til umr. Ég held, að það sé því ástæða til að grípa þetta spjót á lofti og kasta því til baka og biðja hv. þm. um að athuga það, hvort ekki væri þá eins hægt að ásaka hann sjálfan fyrir ofstæki og blindni og hvort það muni vera þjóðinni hollara að fylgja þeim ráðum, sem hann veitir henni í ofstæki og blindni, heldur en þeim ráðleggingum, sem þeir hinir æstustu af stuðningsmönnum frv. færa fram.

Hv. þm. játaði það, að fram hefði komið hjá ráðh. og jafnvel fleiri meðmælendum frv. skilningur á því, hvers eðlis þetta mál er, að það er stórt og í því felst áhætta, að samfara því muni verða erfiðleikar. En þar fyrir taldi hann, að ofstækið og blindnin væru höfuðeinkenni þeirra, sem með frv. mæla. Ég vil nú spyrja, hvort það sé ekki oft svo, þegar stórar fylkingar deila um mál, að það megi finna bæði þá, sem tala af sanngirni og skilningi, og svo hina, sem sækja harðar í orustunni. Ég vil enn fremur spyrja, hvort það sé ekki nákvæmlega sömu sögu að segja í þessum efnum um andstöðuna gegn frv. eins og stuðninginn við það. Ráðh. sjá hættu og erfiðleika í sambandi við þetta mál, og yfirlýsingar stjórnarflokkanna, a. m. k. annars, hafa sýnt það greinilega, að það skortir ekki skilning á því, hvílík áhætta felst í því að samþykkja þetta frv. og framkvæma það. En er þá ekki stjórnarandstaðan, a. m. k. einhver hluti hennar, sama markinu brennd, að hún getur séð einhverja kosti við þetta mál? Ég hygg, að það leyni sér ekki, þó að talsmenn stjórnarandstöðuflokkanna haldi því ekki mjög á lofti, að þeir sjá margir hverjir, að í þessu máli er um að ræða mikla kosti fyrir þjóðina og það er til þó nokkuð mikils að vinna, og það, sem okkur ber skylda til að gera, er að meta kostina á móti göllunum og taka síðan okkar afstöðu. Það er t. d. athyglisvert um stærri stjórnarandstöðuflokkinn, að hann fordæmir þá samninga, sem gerðir hafa verið, og þylur upp fjölmarga galla á þeim, sem hann telur nægilega til þess að við ættum að hafna samningunum. En strax og um það er talað, að verksmiðjan, sem um er að ræða, yrði sett á Norðurland, eru engir af þessum göllum lengur fyrir hendi. Þá eru samningarnir ekki lengur óaðgengilegir að því er heyra verður. Þá er afstaða þeirra allt önnur. Þessi málflutningur sýnir það, að þessir menn sjá undir niðri, hvaða kostir eru fyrir hendi í þessu máli, og þeir meta þessa kosti. Það hefur orðið þeirra endanlega, pólitíska mat að snúast á móti málinu, en það fer ekki fram hjá okkur, sem fylgjum frv., að það hefur ekki verið þungi í málflutningi þessara manna. Þeir vita það, að fjöldinn allur í þeirra liði er á sömu skoðun og stjórnarflokkarnir í grundvallaratriðum. Nei, ásakanir um ofstæki og blindni eiga kannske alltaf einhvern rétt á sér í íslenzkum stjórnmálum, en ég hafna því, að þær eigi að nokkru leyti frekar við um stjórnarsinna en stjórnarandstæðinga í þessu máli, og mér þykir leitt, að svo gamall og gegn þm. skuli flytja slíkar ásakanir einmitt í þeirri ræðu, þegar hann notaði óvönduðust og stærst orð um andstæðinga sína.

Ég hélt, að reynslan mundi kenna flestum það, að hversu mikill sem skoðanamunur er á samkomum eins og Alþ. Íslendinga, sé ráðlegt að fara varlega í að sortera menn í þá, sem hafi íslenzka afstöðu og ekki íslenzka. (Gripið fram í.) Sá á að vægja, sem vitið og reynsluna hefur meiri, ef um slíkan árekstur er að ræða.

Hv. þm. lýsti því með mjög sterkum orðum, hvaða örlög biðu okkar, þegar svissneska álfélagið hefur byggt þessa verksmiðju hér á Íslandi. Það var að heyra, að þetta félag mundi að sjálfsögðu beita fjármagni sínu til þess að ryðjast inn í íslenzkt þjóðlíf, koma sér upp áhrifum í stjórnmálum. Það mundi kaupa upp blöðin okkar, það mundi stofna sinn eigin flokk, það mundi koma sínum eigin mönnum á þing, og væri þá kannske hægt að fara að tala um leiguþý, þó að það sé gert nú þegar. Í þessu sambandi langar mig til þess að benda á þá reynslu í þessum efnum, sem er okkur nærtækust, en það er reynsla Norðmanna. Þeir hafa hleypt erlendu fjármagni að vissu marki og eftir vissum reglum inn í sitt land síðan fyrir síðustu aldamót. Þetta erlenda fjármagn er allumfangsmikið í Noregi í dag, eins og ég mun koma að nokkru síðar, en hvar eru þau áhrif, sem þessi er-

lendu félög hafa haft í norskum stjórnmálum? Hafa þau stofnað sinn eigin flokk? Ef svo er, hef ég ekki heyrt um það. Hafa þau keypt upp norsku dagblöðin? Einhver dagblöð kunna að vera hlynntari þeim heldur en önnur, en ég hef aldrei heyrt nokkurn halda því fram í Noregi, að erlendu félögin, sem eiga verksmiðjur í landinu, hafi getað náð algeru valdi á dagblöðum. Það eru fá ár síðan norska verkamannastjórnin, sú, sem sat á undan þeirri, sem nú er við völd, gerði samninga um byggingu á stórri olíuhreinsunarstöð í Suður-Noregi. Samningarnir voru gerðir við einhvern anga af Esso-hringnum ameríska, mér er ekki nákvæmlega kunnugt um, hver hann er. Olíuhreinsunarstöðin, sem er hin stærsta á Norðurlöndum, var byggð eftir samningum, sem um það voru gerðir. Mundi hv. 3. þm. Reykv., eftir byggingu þessarar stöðvar, halda því fram hér eða annars staðar, að menn eins og Trygve Lie og Gerhardsen fyrrv. forsrh. séu Esso-agentar? Vill hann halda því fram, að Verkamannaflokkurinn norski, sem ekki aðeins leyfði þetta fyrirtæki, heldur bókstaflega sóttist eftir því og gerði út sinn frægasta mann, Trygve Lie, til þess að ná þessu og öðrum fyrirtækjum til landsins, halda því fram, að þetta sé flokkur á valdi erlends auðmagns? Ég held, að slíkar kenningar væru taldar fáránlegar. Ég held, að hv. þm. flytji hér gamlar, pólitískar kenningar, sem ég skal ekki segja, hvort hafi einhvern tíma haft mikið til síns máls, en nú eru stóryktar, vegna þess að lýðræðinu hefur þrátt fyrir allt farið verulega fram, og jafnvel ríki með frumstæðum menningarþjóðum hafa það vald yfir sínu landi og því, sem þar gerist, að þau geta haft í fullu tré við erlend félög, þó að þeir hleypi þeim til atvinnurekstrar inn í landið. Eða eru leiðtogar Afríkuríkjanna upp til hópa þau fífl, að þeir skuli svo að segja á einni nóttu snúast frá því að vera frelsishetjur sinna þjóða yfir í það að verða leiguþý erlendra auðfélaga? Það, sem gerist þarna, er alls ekkert slíkt, heldur hitt, að það er mat þessara manna, að þegar þeir hafa náð fullum yfirráðum í sínu landi og orðið að sjálfstæðri þjóð, geti þeir haft vald á erlendum félögum innan síns lögsagnarumdæmis, og þeir gera það. Þeim er að sjálfsögðu ljóst, að þessu geta fylgt erfiðleikar og áhætta, en þeim er líka ljóst, að þjóðir þeirra geta haft af slíkum atvinnurekstri mikil not, og þeir semja um erlent fjármagn inn í lönd sín, þegar þeim virðist, að aðstæðurnar séu þannig, að þeir muni á því græða.

Hv. þm. sagði, að fulltrúar ríkisstj. eða jafnvel ráðh. sjálfir hefðu gengið með grasið í skónum eftir svissneska álhringnum til að biðja hann um að koma hingað til lands. Þetta er alls ekki rétt lýsing á því, sem gerzt hefur síðan stóriðjunefnd tók til starfa. Það, sem gerðist er, að stóriðjunefnd fékk í fyrsta lagi norska sérfræðinga, þ. á m. frá Norsk Hydro, til þess að athuga, hvaða iðngreinar væru líklegastar hér á landi. Og ég veit ekki, hvar við getum fengið menn, sem líklegri eru til að hafa betra vit á því, hvernig nota má fossaorku, heldur en beztu menn í Noregi, og það var þeirra ábending, að okkar möguleikar mundu langmestir í sambandi við álframleiðslu. Þá gerist það, að n., sem var í sambandi við þrjú erlend félög, eitt svissneskt, eitt franskt og eitt ameríkst, um langt árabil, ræddi fram og aftur við þessi félög um möguleika á því, að þau tækju þátt í eða reistu álbræðslu á Íslandi. Það hafði komið í ljós eftir rannsóknum íslenzkra sérfræðinga, að við þyrftum 2.5 mill í rafmagnsverð til þess að virkjanir gætu staðizt. Þess vegna töluðu íslenzku fulltrúarnir ekki af neinni alvöru við neitt af þessum félögum, fyrr en þau gengu inn á þetta rafmagnsverð. Tvö þeirra hurfu frá og gengu ekki inn á það. Ameríska félagið fór vestur á Kyrrahafsströnd, þar sem það fær töluvert ódýrari raforku, og franska félagið fór til Grikklands, þar sem raforkan er að vísu dýrari, en ég geri ráð fyrir því, að skattahlunnindin, sem koma á móti, vegi upp það bil eða þá hugsanleg, pólitísk áhrif. Þannig gekk þetta mál, og það er fjarri því, að þær lýsingar séu sannar, sem gefnar hafa verið á íslenzkri undirgefni eða aumingjaskap. Það var að vísu dramatískt og hetjulegt, þegar Jón Þorlákksson notaði Sigurð Jónasson eins og sendisvein til að kaupa farmiða með járnbrautinni, eins og hér hefur verið lýst, og lét Svíana vita, að nú væri Jón uppgefinn, og síðan gáfust Svíarnir upp og létu okkur fá það, sem við vildum. Ég þekki enga slíka dramatíska atburði úr aðdraganda að samningum um álmálið, en mér er kunnugt um það, að á vissu tímabili snemma í fyrrasumar hafði iðnmrh. nálega gefið upp von um, að þessir samningar tækjust. Hann sagði það þá á vissu stigi í einkasamtölum bæði við mig og fleiri. Málið leit þannig út. Ég sé ekki ástæðu til að rekja það nákvæmlega, hvað var að gerast, en þá var einn hnúturinn í samningunum og sá hnútur endaði á því, að Svisslendingar létu algerlega undan. Það var eitt af mörgum atriðum, þar sem samningamenn Íslands höfðu dregið ákveðna línu og stóðu við hana, og ég varð ekki var við það, að það dytti nokkrum manni í hug, að við ættum að fara að hörfa í stórum stíl, jafnvel þó að það væri komið á fremstu nöf með það, að samningum yrði hætt.

Hér hefur mikið verið rætt um samanburð við Noreg, og ég tel eðlilegt að ræða um þann samanburð, af því að við getum af engri þjóð lært meira um þessi mál heldur en einmitt Norðmönnum. Þeir byrjuðu á því strax um 1880 að bjóða til sín erlendum fyrirtækjum og settu fyrstu koncessionslöggjöf sína 1883. Þar með ákváðu þeir að setja með löggjöf vissan ramma og bjóða þannig þeim félögum að koma, sem vildu hlíta slíkum kjörum, og það komu allmörg félög til Noregs þá á næstu árum á eftir. Norðmenn gerðu líka tilraun til þess að koma sér upp álbræðslum sjálfir, en fyrstu tilraunirnar a. m. k. gengu mjög misjafnlega. Fyrsta norska álverksmiðjan, sem var byggð 1897, fór á hausinn, og þeir urðu að selja hana brezka álhringnum til að koma henni í gang aftur og halda henni gangandi. Önnur verksmiðja, sem var byggð árið 1900, átti við svo mikla erfiðleika að stríða, að þeir fengu einnig brezka álhringinn 1912 til að gerast þar meðeigandi, og 1912, þegar sett var upp eitt af stærstu fyrirtækjunum í þessari grein, var franskt félag eigandi að 70% þess. Þannig var reynslan lengi framan af. Norðmenn gerðu margar breytingar á þessari löggjöf, rammalöggjöf um erlent fjármagn, svo að segja ár eftir ár. Það fyrsta, sem þeir sáu, að þeir þurftu sérstaklega að gæta að, voru skógarnir.

Fyrsta stórtakmörkunin var sú, að útlendingar mættu ekki eiga skóg. Síðan komu takmarkanir um, að þeir mættu ekki eiga fjöll, og miklar takmarkanir voru snemma settar varðandi bæði fossaorkuna og námur. Það er á því sviði, sem gilt hafa þær reglur, að eftir visst árabil skuli norska ríkið eignast mannvirkin. Þá verðum við að minnast þess, að þarna voru útlend fyrirtæki að virkja fossa og þarna voru líka norsk fyrirtæki að virkja fossa, einkafyrirtæki. Báðir þessir aðilar voru hvað fossaorkuna snertir háðir þessu skilyrði, sem ekki gildir að jafnaði um iðnfyrirtæki. Árið 1917 var sett heildarlöggjöf á ný um þessi mál, og hún hefur gilt í stórum dráttum til þessa dags. 1962 var talið, að það væru í Noregi 98 erlend fyrirtæki í námugrefti og iðnaði og 29 erlend fyrirtæki í öðrum greinum, þ. á m. í viðkvæmum greinum að því er okkur finnst, eins og fiskvinnslu og verzlun. Í námugrefti og iðnaði höfðu þessi útlendu félög 9% af öllu vinnandi fólki í þeim greinum í sinni þjónustu og 13% af framleiðsluverðmæti.

Af hverju skyldu 98 erlend fyrirtæki hafa sett upp verksmiðjur í námugrefti eða iðnaði í Noregi? Svarið er ósköp einfalt. Á þessum áratugum, sem liðnir eru, hafa Norðmenn lokkað þennan iðnað til sín með lágu raforkuverði. Raforkan í Noregi var þá ódýrari en hún er nú, og hún var ódýrari en hún var sunnar á sjálfu meginlandinu, þannig að mörg félög freistuðust til þess að reisa verksmiðjur til þess að njóta þessarar orku. Sú stefna ríkti þá í Noregi, að Norðmenn mundu sjálfir græða meira á verksmiðjum og iðnaði, sem notaði raforkuna, heldur en raforkuverunum sjálfum. Þeir sáu, að það er aldrei margt fólk, sem vinnur við raforkuverin, en verksmiðjurnar veita hundruðum og þúsundum atvinnu. Raforkuver borga sjaldan mikla skatta, en verksmiðjurnar geta borgað skatta o. s. frv.

Það er fyrst nú á allra síðustu árum, sem Norðmenn hafa breytt um stefnu og hækkað raforkuverðið, en sú stefna er enn í dag umdeild í Noregi. Eftir síðasta ófrið var öll þessi stefna varðandi erlent fjármagn endurskoðuð, og kom fram vilji Norðmanna til þess að fá erlent fjármagn inn í landið, ef það uppfyllti viss skilyrði. Þessi skilyrði hafa verið sett fram í norska þinginu, og þau eru í 8 atriðum. Fyrsta atriðið er að athuga tekjur af viðkomandi hugsanlegum iðnrekstri, hve margt fólk muni hafa af honum atvinnu og hvernig áhrif hann hafi á framleiðslu þjóðarinnar yfirleitt. Atriði nr. 2 er staðsetning og þar kemur byggðavandamálið til greina. Atriði nr. 3 er áhrif þessara útlendu fyrirtækja á innlendan peningamarkað. Þeir gera ráð fyrir því, að þeir verði sjálfir að skaffa fé í þessi mannvirki að einhverju leyti, að þessi erlendu fyrirtæki geti fengið hlutafé eða lán í Noregi, og þess vegna hafa þeir þetta sem þriðja atriðið á listanum. Fjórða atriðið er, hvort um sé að ræða nýja framleiðslugrein eða ekki. Fimmta atriðið er, hvort hægt verði með slíkum fyrirtækjum að flytja inn þekkingu á nýrri tækni, þekkingu á nýjum söluaðferðum eða rannsóknum. Í sjötta lagi er athugað, hvort fyrirtækið muni hjálpa til að tryggja verðlag í viðkomandi iðngrein, hvort það muni veita aðgang að hráefni eða útflutningsmarkaði, sem ella ekki fengist. Í 7. og 8. lið er athugað um ástand viðkomandi iðngreinar og hvort slík útlend fyrirtæki mundu skapa samkeppni við norsk fyrirtæki, sem til eru í landinu.

Ef við bærum þennan lista saman við þá ákvörðun, sem við tökum, ef frv., sem hér liggur fyrir, verður samþ., hygg ég, að svar mundi verða jákvætt við öllum þessum spurningum nema nr. 2 varðandi staðsetninguna. Um það mál hefur mikið verið rætt, og er því fróðlegt að athuga, hvernig því er háttað í Noregi.

Það er viðurkennd staðreynd, að raforkufrekur iðnaður í Noregi hefur verið notaður til þess eins og hægt er að hjálpa byggðum, sem hafa haft lítinn iðnað eða lágar tekjur. Hins vegar er það viðurkennt, að álverksmiðjurnar norsku, sem byggðar hafa verið, hafa fengið sitt fólk frá landbúnaði og fiskveiðum fyrst og fremst. En við skulum athuga, að þessar verksmiðjur eru þrátt fyrir allt svo að segja allar í Vestur- og Suður-Noregi. Ég hygg, að sú nyrzta sé skammt norðan við Þrándheim, eða á svipaðri breiddargráðu og Ísland er. Hins vegar er alvarlegasta byggðavandamál Noregs sjálfur Norður-Noregur, sem er þar fyrir norðan. Það er land, sem ég geri ráð fyrir — ég hef aldrei komið þar — að sé ekkert ólíkt Íslandi. Golfstraumurinn gerir það byggilegt. Það er fiskur úti fyrir, en heldur hrjóstrugt á landi og sjálfsagt virkjunarmöguleikar töluverðir. En þrátt fyrir allt hefur norskum yfirvöldum ekki tekizt að fá eina einustu af þessum stóru verksmiðjum, sem erlendir aðilar eða Norðmenn sjálfir hafa byggt á þessu sviði, inn á sjálft Norður-Noregs-svæðið. Og svo að vikið sé að hinni margumræddu Husness-verksmiðju, þá er hún að vísu á afskekktum stað hvað landsamgöngur snertir. Það er svona eins og að fara frá Þingeyri til Bíldudals að komast frá Bergen til Husness, ef farið er á bát yfir Arnarfjörð. En frá sjó liggur þessi verksmiðja mjög vel við, og mér er sagt, að staðarvalið þar hafi ekki verið einhliða á hendi norskra stjórnvalda, heldur hafi það verið samningsatriði og hvorugur aðilinn hafi verið fullkomlega ánægður með staðinn.

Þá er þess að geta, að þessi tegund af verksmiðjum er aðeins ein af mörgum, sem erlendir aðilar hafa reist í Noregi. Ef við lítum á allan iðnað, sem útlendir aðilar hafa komið á fót í Noregi og athugum, hvar hann er staðsettur, kemur í ljós eftir nýlegum tölum frá 1962, og er þá miðað við fjölda verkafólks, sem við hann vinnur, að 31.6% af þessum fyrirtækjum eru á þéttbýlis- og iðnaðarsvæðum, sem fyrir eru, þ. e. a. s. í Osló, Bergen og Akershus, Östfold og Vestfold. Stefnunni í Noregi er þó ekki fylgt harðar fram en þetta, að þeir hafa ekki getað fengið þennan erlenda iðnað til að fara til Norður-Noregs, þar sem Norðmenn þó þurfa langmest á slíkri hjálp að halda við sína byggðastefnu. Ef litið er á iðnað, sem erlendir aðilar hafa stofnað til í Noregi, eru 31.6% af þessum iðnaði á þéttbýlissvæði nákvæmlega eins og um er að ræða hér. Nú dettur engum manni í hug, að norsk yfirvöld vildu ekki gjarnan fá þessar verksmiðjur líka út á landsbyggðina til að halda fólki þar, en það hefur ekki reynzt kleift, svo að í ⅓ slíkra mála í Noregi hafa

Norðmenn orðið að beygja sig fyrir öðrum, væntanlega efnahagslegum atriðum, sem hafa orðið að ráða staðarvali. Hér á Íslandi hefur eðlilega verið mikið rætt um staðsetningu, og get ég endurtekið það, sem ég hef sagt hér áður, að ef þess hefði verið nokkur kostur, hefði ég með ánægju greitt atkv. með því, að verksmiðjan væri reist t. d. á Norðurlandi. Líklega er það hafnleysan á Suðurlandi, sem er okkar mesta ógæfa í þessu eins og svo mörgu öðru, því að mér virðist, að ef góð höfn væri á Suðurlandsundirlendinu, væri ekkert áhorfsmál, að þessi verksmiðja hefði risið þar. Þorlákshöfn var mjög vandlega athuguð, en því miður reyndist kostnaður við að koma þar upp fullnægjandi höfn fyrir verksmiðjuna svo mikill, 500—600 millj., að það var frágangssök. Hins vegar koma menn auga á það í umr., að þeir sömu menn, sem telja, að illa sé samið, raforkuverð sé of lágt, þeir álíta, að verksmiðjan hefði átt að vera á Norðurlandi og allt væri í lagi, ef hún hefði bara verið þar. Þó liggur það fyrir, svo að ekki verður vefengt, að ef verksmiðjan hefði verið reist fyrir norðan, hefði hún orðið að fá frekari efnahagsleg hlunnindi, annaðhvort með enn lægra raforkuverði, lægri sköttum eða einhverju sambærilegu. Í þessum efnum er um mótsögn í málflutningi að ræða.

Hv. 5. þm. Austf. ræddi nokkuð um raforkuverðið í ræðu sinni í gær. En hann sleppti því, sem einn af sérfræðingunum benti álbræðslunefndinni sérstaklega á varðandi raforkuverð, að í þeim efnum verðum við að líta bæði á raforkuverðið og skattana, og það er summan af þessu tvennu, sem segir okkur, hvernig orkusalinn eða landið, sem selur orkuna, fer út úr þessum viðskiptum. Hv. þm. tók það sem dæmi, að Ghana hefði fengið hærra raforkuverð en við. Og það er einkennilegt, þegar rætt er um svona hluti, hvað þessir hörðustu vinstri menn í landinu, eins og sumir ritstjórar Þjóðviljans, tala af mikilli fyrirlitningu um þessar hörundsdökku þjóðir þarna suðurfrá, svo að það er jafnvel svo að heyra, þótt það sé ekki sagt berum orðum, að það eigi að vera sérstakt háðungaratriði, að jafnvel Ghana skuli fá hærra raforkuverð en við. En fá þeir meira út úr raforkunni en við? Þeir fá 2.6 mill fyrir hana frá álverksmiðjunum, sem þar hafa verið reistar. Við fáum 2.5. Í Ghana eru engir skattar lagðir á í 10 ár, það er umsamið fyrir fram. Hér á landi eru lagðir á skattar, sem umreiknaðir í rafmagnsverð nema 1.3 mill, þannig að ef á að bera saman Ísland og Ghana, fáum við út úr rafmagnsverði og sköttum 3.8 mill, en Ghana 2.6. Það er hátt rafmagnsverðið í Grikklandi, enda mun nú sitthvað hafa gengið á þar, áður en verksmiðjan komst í gang. Mér skilst, að hún hafi staðið tæplega ár fullbúin, áður en Grikkir gátu staðið við afhendingu á orkunni, en ég vildi gjarnan fá meiri upplýsingar um skatta og önnur atriði, sem þar koma við sögu, áður en ég felli dóm um það, hvort þeir fari betur út úr þeim skiptum en við. Frakkar eru engin fífl í viðskiptum, en einhver ástæða hlýtur að vera fyrir því, að þrautreynt fyrirtæki taldi gríska verksmiðju með rafmagnsverði á 4.0 mill hentugri fyrir sig en taka þátt í að byggja verksmiðju á Íslandi við 2.5 mill.

Við vitum það og getum ekki gengið fram hjá því, þegar talað er um rafmagnsverðið, að það er fáanleg raforka á töluvert lægra verði en hún verður seld á hér. Og eitt af þessum þrem fyrirtækjum, sem rætt var við um möguleika á þátttöku í byggingu álbræðslu á Íslandi, hætti við að tala við okkur og fór til Kyrrahafsstrandar Bandaríkjanna, en frá virkjun þar fæst raforka fyrir 2 mill.

Eins er það með skattahlunnindi. Þau eru veitt í mjög mörgum löndum nú á dögum og hafa auðvitað mikil áhrif á afkomumöguleika væntanlegra fyrirtækja. T. d. á Írlandi er löggjöf um það að veita útlendum fyrirtækjum, sem vilja byggja þar verksmiðjur, skattahlunnindi um langt árabil. Jafnvel í sjálfum Bandaríkjunum, eins og í Tennessee, er mér sagt, að Svisslendingarnir, sem við okkur sömdu, hafi fengið þó nokkur hlunnindi, sérstaklega varðandi frítt land, vegi og annað slíkt, svo að jafnvel þar er talið nauðsynlegt að gera eitthvað til þess að koma til móts við iðnað, sem menn óska eftir að fá. Í Venezúela er raforkuverð líka töluvert miklu lægra en hér, en þar er verið að byggja stórar álverksmiðjur.

Herra forseti. Ég vildi aðeins skjóta inn nokkrum orðum um þessi fáu atriði á þessu stigi málsins, en vil að lokum segja, að mér finnst lítið nýtt hafa komið fram í þeim umr., sem fara fram um málið. Mér finnst, að stjórnarandstöðunni gangi illa að tína til röksemdir, sem sannfært gætu nokkurn mann um það, að rétt væri að hafna þeim samningum, sem hér liggja fyrir, og mér sýnist, að það komi nú í ljós eftir langar umr. á þingi, eftir birtingu á samningunum í heild, eftir mikil blaðaskrif, að andstaðan gegn þessu máli fær ekki hljómgrunn hjá þjóðinni.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Ég sé, að hv. seinasti ræðumaður er ekki viðstaddur í d., en ég hefði aðeins viljað beina til hans örfáum orðum. Það *skiptir kannske ekki svo miklu máli, þó að hann sé* ekki staddur hér, en ég vildi eigi að síður láta koma fram nokkur atriði í sambandi við það, sem hann sagði.

Hv. síðasti ræðumaður sagði m. a., að svo væri að skilja á framsóknarmönnum, að ef verksmiðjan, sem um er rætt í þessu frv., hefði verið staðsett á Norðurlandi, mundu þeir hafa getað verið samþykkir þessum samningi. Ég skal játa það, eins og hv. ræðumaður viðurkenndi líka sjálfur, að það hefði verulegu breytt, ef verksmiðjan hefði verið staðsett á Norðurlandi, en hins vegar hefði það þó ekki nægt til þess, að við framsóknarmenn hefðum getað verið með þessum samningi, og vil ég aðeins í því sambandi láta nægja að vísa til nokkurra ummæla í nál. 2. minni hl. álbræðslunefndar, þar sem fjallað er um gerðardómsákvæðið, og þar sem segir m. a. á þessa leið: „Gerðardómsákvæðin, eins og þau eru vaxin, fela því í sér óverðskuldaða lítilsvirðingu á íslenzkum dómstólum. Við erum þeim algerlega andvígir, og þau eru ein út af fyrir sig næg ástæða til þess að hafna þessum samningi.“

Þetta held ég, að nægi alveg til þess að sýna það, að sú fullyrðing, sem hv. 5. þm. Vesturl. bar hér fram, hefur ekki við rök að styðjast.

Hv. þm. minntist mjög á þá erlendu fjárfestingu, sem hefði átt sér stað í Noregi. Það er alveg rétt, að nokkur erlend fjárfesting hefur átt sér stað í Noregi. En ég held, að það séu ekki nein dæmi þess, að þar hafi átt sér stað erlend fjárfesting á þann hátt, sem ráðgert er í þessu frv. Ég held, að það sé ekki hægt að benda á neitt erlent fyrirtæki, sem starfar í Noregi, sem ekki verður að öllu leyti að lúta norskum lögum og norskri lögsögu. Ég held, að það sé heldur ekki hægt að benda á erlent fyrirtæki í Noregi, sem ekki verður að lúta að öllu leyti norskum skattalögum og norskum tollalögum og þannig mætti lengi telja. Þess vegna er alveg þýðingarlaust í sambandi við þetta mál að vera að vitna nokkuð í Noreg til stuðnings því, að það sé rétt að samþykkja þetta frv. Þvert á móti er hægt að vitna í Noreg til stuðnings þess, að það eigi ekki að samþykkja þetta frv., vegna þess að Norðmenn hafa sett þau skilyrði fyrir erlendri fjárfestingu, einmitt þau skilyrði, sem við minni hl.-menn leggjum áherzlu á, að fylgt verði hér, en ekki hið gagnstæða. Það mun líka vera rétt, þó að ég hafi ekki nákvæma útreikninga um það, að erlend fjárfesting er ekki meiri í Noregi en svo, að eftir að búið verður að reisa hér þá verksmiðju, sem þetta frv. fjallar um, verður erlend fjárfesting orðin meiri hér heldur en í Noregi, þegar miðað er við þjóðarauð og þjóðarfjölmenni. Erlenda fjárfestingin í Noregi er nú ekki meiri en þetta. Og ef svo kynni t. d. að fara, að þessi verksmiðja yrði ekki stækkuð nema um helming, sem alls ekki er hægt að telja óeðlilegt, ef haldið verður áfram á þeirri braut, sem hér er mörkuð, þá er erlend fjárfesting hér á landi orðin miklu meiri heldur en í Noregi og hin erlenda aðstaða miklu sterkari til þess að hafa áhrif hér, t. d. á gang þjóðmála, en í Noregi.

Annars finnst mér það einkennilegt, að þegar meðmælendur þessa máls eru að gera samanburð við erlend fordæmi, virðast þeir vita mjög takmarkað um erlendar fyrirmyndir. Þeir virðast ekki hafa haft áhuga fyrir að kynna sér neitt sérstakt í því sambandi.

Mér virtist það t. d. koma fram hjá hv. síðasta ræðumanni, og það hefur komið fram hjá mörgum talsmönnum þessa máls einnig, að þeir viti t. d. ekki um það, hvernig háttað er samningum franska álhringsins við grísku stjórnina um þá álbræðslu, sem þar hefur verið byggð. Það kom t. d. fram hjá síðasta ræðumanni, að þeir vita ekki um það, hvernig samið hefur verið um skatta við það fyrirtæki. Þeir vita heldur ekki um það, hvernig þessum málum er raunverulega háttað í Ghana, sem þeir eru stundum að vitna til. Það má vel vera, að Ghana hafi veitt einhver skattahlunnindi, en rafmagnsverðið er þó hærra þar heldur en hér. En það, sem einnig hefði þurft að liggja fyrir, til þess að þessi mynd yrði alveg glögg, er það, hvert er framleiðsluverð raforkunnar í Ghana. Ég hygg, að það sé mjög miklu minna heldur en t. d. hjá Búrfellsvirkjun, vegna þess að þar er um gífurlega stóra virkjun að ræða, sem talið er, að geti framleitt mjög ódýrt rafmagn, og þegar það er tekið með í reikninginn, mætti segja mér, að raforkusamningurinn í Ghana væri stórum hagstæðari en sá samningur, sem við erum að gera hér, þegar borið er saman framleiðsluverðið annars vegar og svo söluverðið hins vegar.

Þá finnst mér t. d., að það leiki mjög á huldu, þegar verið er að bera saman skattgreiðslur þessa væntanlega fyrirtækis hér og skattgreiðslur sambærilegra fyrirtækja í Noregi. Því er stundum haldið fram, að skattgreiðslurnar séu miklu lægri í Noregi. Hæstv. iðnmrh. hefur hins vegar orðað þetta á þann veg, að fyrstu árin verði skattarnir lægri hér en í Noregi. Ég hygg, að það sé rétt hjá honum að fullyrða ekki meira, því að ég sé ekki betur á þeim gögnum, sem voru lögð fyrir norska þingið, þegar samningarnir um Husnesverksmiðjuna voru þar til umr., en að hringurinn sjálfur geri ráð fyrir því að þurfa að borga um 54% af nettótekjum í skatta, og hann hafi byggt upp sínar áætlanir skv. því. Hér er hins vegar ekki gert ráð fyrir því, að hringurinn borgi meira en 50% af nettótekjum í skatta. Hann á að fá endurgreiðslur á framleiðslugjaldinu, ef það fer fram úr 50% af nettótekjum. Mér sýnist á þessu, að það sé mjög hæpið, sem fullyrt er, að Husnesverksmiðjan komi til með að greiða lægri skatta en Straumsvíkurverksmiðjan, en hitt er óumdeilanlegt og viðurkennt af öllum, að Husnesverksmiðjan á að borga 28% dýrara rafmagn en Straumsvíkurverksmiðjan, og það er að sjálfsögðu ekki lítill munur.

Áður en ég ræði frekar um þetta mál, get ég ekki látið hjá líða að koma að öðru gömlu máli, mjög gömlu máli, sem mér finnst, að hafi verið rætt hér, bæði í þessari hv. d. og eins í Ed., á annan veg en rétt sé vegna minningar þeirra manna, sem þar eiga hlut að máli. Og þar á ég við upplestur hæstv. forsrh. hér við 1. umr. á ræðu, sem einn af þeim þm., sem á sínum tíma voru á móti símasamningnum við Stóra norræna félagið, hafði flutt hér í þinginu. Og það var alveg auðséð, að hæstv. forsrh. vildi mjög halda fram þeirri sögufölsun, sem er orðin algeng í sambandi við símamálið, að Hannes Hafstein og hans forustufélagar hafi verið hinir eiginlegu einu forgöngumenn símamálsins og þeir hafi átt við hina óbilgjörnustu andstöðu að etja, sem hafi verið fólgin í því, að andstæðingarnir hafi fordæmt símann á allan hátt og alls ekki viljað, að þjóðin tæki þessa nýju tækni í sína þjónustu. Mér finnst, að hér sé svo ranglega hallað á marga af okkar beztu forustumönnum eins og Skúla Thoroddsen, eins og Björn Jónsson, eins og Bjarna frá Vogi og Benedikt Sveinsson yngri, að hjá því verði ekki komizt, að þetta sé að nokkru leiðrétt. Og þess vegna vil ég í örstuttu máli rifja þessa sögu upp. Það vakir ekki fyrir mér með þessu að gera á neinn hátt lítið úr Hannesi Hafstein. Ég álít Hannes Hafstein vera einn af okkar merkustu stjórnmálamönnum, og hann á nógu merkilega sögu, þó að ekki sé verið að gera hann að neinum óverðskulduðum þjóðardýrlingi í sambandi við símamálið og lasta og rógbera alla þá, sem ekki fylgdu honum í sambandi við samninginn við Stóra norræna félagið.

Hver er þá saga símamálsins í stuttu máli? Er það Hannes Hafstein og hans félagar, sem eiga upptökin að því, að símamálið var fyrst tekið upp hér á landi?

Nei. Sá maður, sem fyrstur gerist til þess að flytja þetta mál hér á Alþ., er Skúli Thoroddsen. Á þingi 1891 flytur Skúli Thoroddsen till. um það, að það verði sérstaklega athugað, hvort ekki verði hægt að koma á símasambandi milli Íslands og útlanda. Þegar þessi till. náði ekki fram að ganga, flytur Skúli Thoroddsen aðra till. þess efnis, að það verði athugað, hvort erlendar þjóðir hafi ekki áhuga fyrir því að leggja hingað síma vegna veðurþjónustunnar. Þetta varð svo til þess, að danska stjórnin, sem fór þá með okkar umboð, tók málið upp til athugunar, og að hennar frumkvæði að sumu leyti og Íslendinga sjálfra er tekin á fjárlög ríkisins 1895 sérstök fjárveiting til þess að vinna að því að koma á símasambandi milli Íslands og útlanda. Og það er þá enn Skúli Thoroddsen og hans félagar, sem eru fremstir í flokki fyrir því, að þessu máli sé haldið vakandi. Þessi fjárveiting er svo alltaf í fjárlögum næstu árin. Fjárveiting til þess, að það sé hafizt handa um að koma símasambandi á milli Íslands og útlanda.

Hannes Hafstein kemur ekki inn í þessa sögu fyrr en á árinu 1901, þegar hann er hér þm., og það er með þeim hætti, að þá er deilt um það, hvort símasambandið eigi að koma fyrst til Reykjavíkur eða til Seyðisfjarðar, sem Valtýr Guðmundsson beitti sér alveg sérstaklega fyrir, m. a. að ég tel vegna þess, að hann mun þá eða um það leyti eða kannske síðar hafa verið þm. Seyðfirðinga. Hannes Hafstein flytur þá till. um það í þinginu, að símasambandið verði látið ná til Reykjavíkur fyrst, en sú till. er felld, vegna þess að Valtýr Guðmundsson og aðrir börðust fyrir því, að síminn kæmi fyrst til Seyðisfjarðar, til tryggingar því, að símalína yrði lögð um allt landið frá Seyðisfirði til Reykjavíkur og þannig tryggt, að mikill hluti landsins gæti komizt í símasamband.

Hannes Hafstein talaði þá á móti þessu máli hér á þinginu, og það er ekki til þess að gera neitt lítið úr honum heldur til þess að sýna, hvernig viðhorf manna var á þeim tíma, að ég ætla að leyfa mér að lesa hér upp stutta kafla, með leyfi hæstv. forseta, úr þeim ræðum, sem Hannes Hafstein flutti um það, hvort það væri rétt að leggja landssímalínu frá Seyðisfirði til Reykjavíkur. Þessi ummæli Hannesar Hafstein eru m. a. á þessa leið:

„En allt þetta er bundið við það, að sæsíminn sé lagður þannig, að vissa sé fyrir, að sá staður, þar sem skilyrðin eru fyrir því að myndazt geti verzlunarsentrum, hafi hans vís og stöðug not, og í því tilliti er ekki um annan stað að gera en Reykjavík, höfuðstað landsins. En ég álít ekki, að þessu máli sé borgið, svo framarlega sem samband Reykjavíkur við útlönd er komið undir landssvæði á staurum. Því að fyrir utan það, að það mundi hafa í för með sér ókljúfandi kostnað fyrir landið að viðhalda stöðugu sambandi gegnum landþráð milli Reykjavíkur og Austurlands veturinn yfir, er það stopult og næsta óáreiðanlegt. Mér er kunnugt um, að telefónþráður á einum stormdegi slitnaði á 20 stöðum á ½ mílu vegar, og hversu mikil spjöll mundi ekki einn slíkur stormdagur geta unnið á þræði, sem lægi alla leið frá Seyðisfirði til Reykjavíkur? Vér vitum, að auk þess, sem gengur til að bæta þær skemmdir, sem á símanum verða, þarf að stofna telegrafstöð í hverri sveit og setja launaða telegrafista á hverja stöð, og allur sá sægur af fólki sem til þess þyrfti frá Seyðisfirði til Reykjavíkur, mundi því verða þungur baggi fyrir landssjóðinn."

Hannes Hafstein segir enn fremur á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„En aðalástæðan til að leggja þráðinn ekki yfir landið er sú, að með því móti mundi hann ekki koma að tilætluðum notum, vegna þess að slys mundu verða mjög tíð og þráðurinn slitna vegna snjóþyngsla og óveðra. Hv. frsm. Valtýr Guðmundsson ætlast til, að aðalstöðvar yrðu á Seyðisfirði og á Akureyri en telefónstöðvar í hverri sveit. En ég ímynda mér, að þessar telefónstöðvar hefðu ekki lítinn kostnað í för með sér, því að þar verður að hafa fastan mann nótt og dag, hvort sem stöðin hefur verið telefónstöð eða telegrafstöð. En kostnaðurinn er ekki aðalatriðið, heldur hitt, að þráðurinn kæmi ekki að fullkomnu gagni."

Ég læt þetta nægja til þess að sýna, hvert viðhorf Hannesar Hafsteins var til þessa máls 1901, þegar Valtýr Guðmundsson og fleiri voru að berjast fyrir því, að símí yrði lagður milli Seyðisfjarðar og Reykjavíkur. Það voru fleiri en þeir, sem síðar voru andstæðingar hans, sem höfðu uppi allmikla tortryggni í sambandi við símann.

En svo að ég reki þessa sögu áfram, þá heldur fjárveitingin áfram að vera í fjárlögunum til þess að hafizt verði handa um að leggja símann milli Íslands og útlanda í allmörg ár, án þess að nokkrar framkvæmdir séu, þangað til það gerist árið 1902, að Einar Benediktsson skerst í málið og kemur með tilboð frá Marconifélaginu brezka um það, að komið sé á þráðlausu sambandi á milli Íslands og útlanda. Á næsta þingi 1903 er þessi áðurnefnda heimild samþykkt á þann veg, að stjórnin er látin hafa frjálst val um það, hvort heldur skuli komið á símasambandi eða þráðlausu sambandi við Ísland. Það eigi að fara eftir því, hvað sé álitið tæknilega réttara og fjárhagslega léttara í þessum efnum. Og þannig stendur málið, þegar Hannes Hafstein verður ráðherra. Þá liggur fyrir af þingsins hálfu heimild til þess, að leggja annað hvort síma milli Íslands og útlanda eða að taka upp þráðlaust samband. Við nánari athugun koma fram tvö tilboð um þetta, annað frá Marconifélaginu brezka um það að koma á þráðlausu sambandi við nokkra staði á landinu og svo hitt frá Stóra norræna félaginu um það að koma á símasambandi við landið. Hannes Hafstein tekur þá ákvörðun að semja við Stóra norræna símafélagið. Og það var fyrst og fremst út af því, hvaða tilboði var tekið, sem deilurnar stóðu í símamálinu 1904-1905. Þeir, sem voru andstæðingar Hannesar Hafsteins í þessu máli, voru ekki á móti því, að komið yrði upp sambandi á milli Íslands og útlanda, heldur töldu, að samningur við Marconifélagið væri hagstæðari og réttari en samningur sá, sem Hannes Hafstein hafði gert við Stóra norræna félagið um símasamband. Um þetta stóð deilan fyrst og fremst. Og það, sem blandaðist að verulegu leyti inn í þessa deilu, var viðhorf manna þá til sjálfstæðis-

baráttunnar. Þeir, sem voru andvígastir nánu sambandi við Dani, þeir, sem vildu rjúfa sambandið við Dani sem mest og vildu að Íslendingar yrðu fullkomlega sjálfstæðir, þeir vildu heldur semja við Breta um þetta mál en danskt auðfélag. Og það var af þeim ástæðum, að menn eins og Bjarni Jónsson frá Vogi, Benedikt Sveinsson yngri og aðrir slíkir beittu sér gegn þeim samningi, sem Hannes Hafstein hafði gert. En ég álít það með öllu rangt, þegar þessi saga er íhuguð og lesin ofan í kjölinn, að það sé verið að stimpla þá, sem stóðu gegn Hannesi Hafstein í sambandi við Stóra norræna félagið, sem einhverja sérstaka afturhaldsmenn og halda því fram, að þeir hafi verið á móti framförum og öðru slíku, þegar í þeim hópi voru einmitt þeir menn, sem voru upphafsmenn að því, að þessum málum var hreyft hér á Alþ., eins og Skúli Thoroddsen. Þetta er í sannleika sagt einhver sú mesta sögublekking, sem hefur átt sér stað eða á sér stað hér á landi, þegar verið er að stimpla þessa menn sem einhverja sérstaka afturhaldsmenn, segja, að þeir hafi verið á móti símasambandi á milli Íslands og útlanda, þar sem þeir áttu einmitt margir hverjir manna mestan þátt í því, að þetta mál komst fram. Skúli Thoroddsen var t. d. fyrsti maðurinn, eins og ég sagði áðan, til að hreyfa þessu máli hér á Alþ., og það var verk Valtýs Guðmundssonar, að síminn var lagður til Seyðisfjarðar og þannig fengin strax lína milli Seyðisfjarðar og Reykjavíkur, en hún hafði alveg ómetanlega þýðingu á sínum tíma. Mér fannst rétt, vegna þess að svo ómaklega hefur verið sagt frá þessu máli, bæði hér í þessari d. og eins í hv. Ed., að þetta kæmi hér fram, því að þeir menn, sem hér hefur einkum verið kastað auri að, eiga vissulega allt annað skilið en að varpað sé skugga á minningu þeirra með þessum hætti.

Ég skal svo láta þetta nægja um símamálið og víkja að því frv., sem hér liggur fyrir.

Ég held, að það dyljist engum eftir þær umræður, sem hér hafa farið fram, að það er orðið alveg ljóst, að sá samningur, sem hér er til umr., sé mjög óaðgengilegur. Því hefur ekki verið mótmælt, að samkv. honum er rafmagnsverðið, sem hefur verið samið um við sambærilega verksmiðju í Noregi, 28% hærra en hér. Því hefur ekki heldur verið mótmælt með neinum rökum, að mestar líkur séu til þess, að það verði halli á þessari raforkusölu, þannig að hún standi ekki undir kostnaðarverði eða framleiðsluverði og þess vegna verði rafmagnsverðið til landsmanna hærra en ella mundi verða. Og það þarf ekki langt mál að rekja til þess að gera sér þetta ljóst, þar sem það liggur fyrir, að samkv. þeim áætlunum, sem seinast hafa verið gerðar, verður framleiðsluverðið á orku Búrfellsvirkjunarinnar um 10,4 aurar á kwst. En hins vegar verður það selt bræðslunni á 10,7 aura. Nú vita það allir, sem nokkuð hafa fylgzt með málum á undanförnum árum hér á landi, hve mikil brögð hafa verið að því, að framkvæmdir hafi farið fram úr þeim áætlunum, sem um þær hafa verið gerðar. Það þarf ekki aðeins að vitna í Norræna húsið til þess að benda á dæmi þess, heldur mörg önnur. Og þessi áætlun, sem hér hefur verið gerð, þarf ekki að fara nema 3—4% fram úr því, sem hún er nú, til þess að það verði halli á þessari sölu. En þó gefur það auga leið, að það hljóta að verða hér verulegar hækkanir, ef verðbólguþróunin, — jafnvel þó að hún verði ekki eins mikil á næstu misserum og hún hefur verið að undanförnu, — heldur áfram.

Ég held, að það séu líka flestir, sem athuga þessi mál hlutdrægnislaust, nokkuð sammála um, að það geti verið mikil hætta á því, að ísvandamálið hafi miklu meiri kostnað í för með sér en gert er ráð fyrir í umræddri áætlun. Þess vegna er það alveg áreiðanlegt, að sú áætlun, sem nú hefur verið gerð, stenzt ekki. Hversu mikið kostnaðurinn fer fram úr áætlun, það er ekki gott að fullyrða um það á þessu stigi, en alveg nægilega mikið til þess, að það liggur í augum uppi, að það verð, sem álhringurinn greiðir fyrir raforkuna, mun ekki nægja til að standa undir framleiðsluverði og þess vegna verða Íslendingar af þeim hluta rafmagnsins, sem fellur þeim í skaut, að greiða hærra verð en þeir ella mundu hafa þurft. Þó mun þetta verða enn þá tilfinnanlegra síðar meir. Þegar að því kemur að ráðast þarf í nýrri og dýrari virkjanir og framleiðslukostnaðurinn verður meiri, þá þurfa Íslendingar að greiða mun hærra raforkuverð á sama tíma sem hringurinn býr við óbreytt raforkuverð og situr að hinni ódýru orku. Mér finnst, að nú í þessum umr. hafi tiltölulega lítið verið gert til þess að mótmæla þessu, og mér finnst, — og það er auðvitað alveg rétt hjá hæstv. ráðh. og hans fylgismönnum, — að þeir vitni nú orðið miklu minna í hinn glæsilega hagnað, sem Íslendingar eiga að hljóta af þessari raforkusölu, og var, held ég, um skeið kominn upp í 600—800 millj. kr. á 20 ára tímabili. Þeir hafa orðið að viðurkenna það, bæði beint og óbeint, að þessir útreikningar eru meiri og minni vitleysa og ekki minnstu líkur til þess, að þeir fái staðizt, heldur að dæmið snúist á hina leiðina. Af þeim ástæðum er rangt að gera þessa samninga. — Raforkuverðið er allt of lágt. Ég hef ekki heyrt það enn þá, að það hafi verið bent á dæmi um óhagstæðari raforkusamning heldur en þennan, sem hér liggur fyrir eða felst í þessu frv. eða er tengdur þessu frv. Að vísu hefur eitthvað verið talað um það, að einhver álhringur vestur á Kyrrahafsströnd hafi samið um lægra raforkuverð, en það fylgja því ekki neinar upplýsingar um það, til hve langs tíma sá raforkusamningur er, en það skiptir að sjálfsögðu meginmáli, hvort þar er um að ræða, að það sé samið til örstutts tíma, 2—3 ára, eða hvort samið er til 25 eða raunverulega til 45 ára, eins og hér á sér stað, án þess að verðið hækki svo að teljandi sé.

Það hefur ekki verið hægt af meðhaldsmönnum þessa frv. að benda á nokkurt hliðstætt dæmi þess, sem felst í gerðardómsákvæði samningsins. Þeir hafa verið að nefna viðskiptasamninginn, sem var gerður við Rússa á sínum tíma, en ég held, að þeir séu nú hættir að gera það lengur, vegna þess að þar er um algerlega ósambærileg atriði að ræða, því að þar er um að ræða samninga á milli ríkja en ekki ríkis og einkafyrirtækis. Þeir hafa ekki getað nefnt eitt einasta dæmi þess á Norðurlöndum, í Evrópu eða í Norður-

Ameríku, að fyrirtæki, sem á þó að teljast innlent, hafi rétt til þess að skjóta málum sínum undir erlendan dómstól. Og þeir hafa ekki getað leynt því af hverju þetta ákvæði er komið inn í samninginn, vegna þess að það liggja fyrir ummæli forstjóra svissneska hringsins sjálfs um það, að þetta ákvæði sé komið inn í samninginn, vegna þess að íslenzkum dómstólum sé vantreyst. Íslenzkir dómstólar séu ekki vanir því að fást við slík mál eins og þessi og þess vegna sé ekki hægt að treysta þeim til þess að fjalla um þessi atriði og því verði að leggja ágreiningsmál, sem upp kunna að koma, undir erlenda dómstóla.

Meðhaldsmenn þessa frv. hafa ekki heldur getað bent á dæmi þess, að þegar hliðstæður samningur hefur verið gerður um álbræðslu, að viðkomandi ríki hafi ekki ráðið því nokkurn veginn sjálft, hvar sú álbræðsla væri staðsett. Þeir hafa orðið að viðurkenna það, að það hefur verið eitt af frumskilyrðum norsku stjórnarinnar, þegar hún hefur samið um slík mál, að ríkisstj. réði mestu um staðsetninguna. Það mun að vísu rétt vera í sambandi við Husnesverksmiðjuna, að norska stjórnin nefndi nokkra staði, sem álhringurinn gat valið á milli, en allt voru þetta staðir, sem lágu þannig við, að þeir fullnægðu kröfu stjórnarinnar um aukið jafnvægi í byggð landsins, og svissneski hringurinn hafði ekki annað val en að taka einhvern af þessum stöðum. Þetta væri sambærilegt við það, að við hefðum látið þá velja á milli þess að hafa verksmiðjuna á Norðurlandi eða á Suðurlandsundirlendinu, en ekki á mesta þéttbýlissvæðinu.

Meðhaldsmenn þessa frv. hafa heldur ekki getað bent á nokkurt hliðstætt dæmi þess, að skattar séu útreiknaðir þannig, að fyrirtæki leggi fram kostnaðaráætlun og það sé síðan tekið gott og gilt og því áætlaðir skattar til langs tíma samkv. þeim útreikningum. Hún er vissulega dálítið önnur sú aðstaða, sem þetta fyrirtæki nýtur í þessum efnum, en þeir skattgreiðendur, sem skattalögreglan er nú að fást við hér í bænum. Þeir hafa ekki sloppið með það að leggja fram kostnaðaráætlun, og síðan hafi þeim verið reiknaðir skattar samkv. því. Þeir verða að skila ítarlegum og nákvæmum framtölum. Þau ganga síðan undir skattaeftirlit og að lokum undir skattalögreglu. Þetta sýnir þann meginmun, sem íslenzkir aðilar og hið erlenda fyrirtæki verða að búa við í þessum efnum. Og þannig má halda áfram að rekja þetta.

Þessi samningur á ekki nein fordæmi. Það er ekki hægt að benda á svipaðan raforkusamning og þann, sem gerður hefur verið við Landsvirkjun. Það er ekki hægt að benda á svipað gerðardómsákvæði. Það er ekki hægt að benda á svipað skattafyrirkomulag. Í öllum þessum efnum hefur verið farið eftir þeim óskum, sem svissneski álhringurinn hefur borið fram.

Það er ekki ófróðlegt að íhuga það, af hvaða ástæðum þessi samningur skuli vera jafnóaðgengilegur og raun ber vitni um. Ég vil alls ekki halda því fram, að þetta stafi af því, að þeir menn,sem um þessa samninga hafa fjallað, geti ekki verið sæmilegir samningamenn, þegar aðstaðan er með þeim hætti. En þeir eru áreiðanlega margir hverjir mjög glöggir og greindir menn, og ég vil alls ekki gera neitt lítið úr því. En hvað er það, sem veldur því þá, að samningarnir skuli vera með þeim hætti, sem raun ber vitni um og ég hef nú lítillega minnzt á, en aðrir hafa gert miklu rækilegar, og ég sé þess vegna ekki ástæðu til að gera það frekar að sinni? Hvað er það, sem veldur því þá, að jafnóhagstæður samningur og þessi hefur verið gerður? Ég fann helzt skýringuna á þessu í þeirri ræðu, sem hæstv. forsrh. flutti hér við 1. umr. málsins. Hæstv. forsrh. má nú eiga það, að hann er oft einna skýrastur af sínum flokksmönnum eða stjórnarsinnum og það er kannske ekki heldur óeðlilegt, vegna þess að hann er nú sá, sem ræður mestu um þær gerðir og veit þess vegna helzt, hvað hann má segja. Og ég ætla þá að víkja að því, sem helzt verður hægt að telja skýringu á því hjá hæstv. forsrh., að jafnóhagstæður samningur hefur verið gerður og sá, sem hér liggur fyrir.

Ég ætla þá að byrja á því að lesa hér upp stuttan kafla úr ræðu forsrh., sem er sennilega að vissu leyti nokkur skýring á því, að hann hefur getað gengið að þessum samningi, þó að hann sé svona óaðgengilegur. Það er kunnara en frá þurfi að segja, að hæstv. forsrh. hefur talað manna mest um það, að Ísland væri á mörkum hins byggilega heims og taka yrði tillit til þess. Í þessum kafla, sem ég ætla hér að lesa upp úr ræðu hæstv. forsrh. við 1. umr., víkur hann nokkuð að þessu atriði. Honum farast þá orð á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta. Þetta eru ummæli forsrh.:

„Nú má auðvitað endalaust deila um trú hvers og eins á landinu, og víst lítum við misjafnlega á okkar aðstöðu hér, og það getur verið, að okkar kreddur blindi okkur nokkuð og geri okkur einsýna. En því lærdómsríkara er að heyra, hvað þeir, sem standa utan við deilurnar, segja um þetta efni. Og ég rakst á það í Morgunblaðinu nú 2. marz s. l., að alþekktur fræðimaður, náttúrufræðingur ágætur, Jón Eyþórsson, skrifaði ritdóm um ferðabók Ólafs Olaviusar. Hann segir, ég held í niðurlagi sinnar greinar:

„Þjóðskáldið okkar, Davíð Stefánsson, komst svo að orði, að líf íslenzku þjóðarinnar sé eilíft kraftaverk. Ég skal játa það, að þessi orð hafa verið mér ofarlega í huga síðan ég lauk við að lesa ferðabók Olaviusar annars vegar og hins vegar hinar gagnmerku ritgerðir Þorkels Jóhannessonar, Plágan mikla og Við Skaftárelda, í bók hans Lýðir og landshagir."

Þetta segir Jón Eyþórsson. Hann vitnar þarna til þjóðskáldsins og bezta sagnfræðings Íslendinga."

Hér lýkur tilvitnun í ræðu hæstv. forsrh.

Ég held, að það sé nokkurn veginn ljóst, hvað hæstv. forsrh. er að fara hér. Það er ekki aðeins gamli söngurinn um það, að Ísland sé á mörkum hins byggilega heims, heldur er því nú einnig bætt hér við, að plágur hafi herjað hér á landi, eins og Svartidauði og Móðuharðindi, og hæstv. forsrh. finnst alveg sérstök ástæða til þess að rifja það upp við umr. um þetta mál. Ég skal ekki draga úr því, að Ísland hafi herjað plágur eins og önnur lönd og við höfum orðið að búa við harðindi, eins og margar aðrar þjóðir. Og það er alveg rétt. Hér hefur geisað Svartidauði og hér hafa geisað Skaftáreldar. En ég held nú satt að segja, þó að þetta sé allt saman satt og rétt, að það hafi litla þýðingu að rifja það upp í sambandi við umr. um

þetta mál. Ég a. m. k. trúi því ekki, að ef harðindi geisa hér eða pestir, muni álbræðslan verða okkur að neinu liði, og við munum verða jafnvarnarlausir fyrir þessum vágestum eftir sem áður. En þó að maður taki þessi ummæli forsrh. ekki fullkomlega alvarlega á þennan hátt, er auðséð, að þarna í þessu öllu saman gægist fram sama vantrúin á landið og hvað eftir annað hefur komið fram í ummælum hans og annarra stjórnarsinna og sem fela það í sér í raun og veru, að við getum ekki treyst þeim atvinnuvegum, sem þjóðin byggir nú á, og þess vegna verðum við að flytja eitthvað annað. En satt að segja held ég það, þó að ég vilji ekki neitt lítið úr álbræðslunni gera, að ef veruleg harðindi geisuðu hér á landi, ég tala nú ekki um, ef hér yrðu nú Móðuharðindi eða annað þess háttar, mundi þetta álbræðslumál ekki reynast okkur mikill styrkur.

En það var meira en þetta og jafnvel athyglisverðara, sem kom fram í ræðu forsrh. og sem hafa kannske átt að vera aðalrökin fyrir því, að hann telur rétt að ganga að þessum samningi, þó að óaðgengilegur sé. Forsrh. vitnaði mikið til þess ástands, sem var hér á kreppuárunum, og lýsti því með mörgum orðum og upplestrum á því, hve hér hefðu verið margir atvinnuleysingjar o. s. frv. Mér finnst það einkenna nokkuð mikið svo ágæta menn í þessari virðulegu d., annars vegar forsrh. og hins vegar hv. 3. þm. Reykv., að þeir hefja sína stjórnmálabaráttu á krepputímum og eru þess vegna, að því er mér virðist, alltaf haldnir eins konar kreppuótta og vilja finna einhver sérstök ráð við þessu ástandi, sem þeir bjuggu við, þegar þeir voru ungir. Það vita allir, hvert er ráð hv. 3. þm. Reykv. Hann telur, að við eigum að leysa núverandi skipulag af hólmi með kommúnismanum. Hæstv. forsrh. sér annað til bjargar í þessum efnum, til þess að vinna á móti kreppunni. Það er alveg ljóst, hver viðbrögð hæstv. forsrh. hefðu orðið á kreppuárunum, ef hann hefði þá verið við stjórn. Ég hygg, að hann hefði þá kosið sama kostinn og Nýfundnalandsmenn kusu. Í staðinn fyrir það að reyna að þoka af sér kreppunni eins og við gerðum, fundu Nýfundnalandsmenn það ráð að óska eftir erlendum yfirráðum eða a. m. k. erlendri íhlutun, og það er þetta ráð, sem hæstv. forsrh. virðist alltaf sjá í sambandi við sinn kreppuótta, að við eigum að leita erlendrar aðstoðar og erlendrar hjálpar til þess að vernda okkur fyrir hörmungum af völdum náttúrunnar og fyrir þeirri kreppu, sem hann óttast, að kunni alltaf að vera á næstu grösum. Það sé ekki um annað úrræði að ræða heldur en það að leita styrks hjá útlendingum, því að við séum ekki færir um það sjálfir að leysa þessi mál.

Eins og ég minntist á hér áðan, var það ein þjóð, sem valdi þennan kost einmitt á kreppuárunum 1930—1934. Nýfundnalandsmenn, sem höfðu að ýmsu leyti svipaða aðstöðu og við og urðu fyrir álíka áföllum og við af völdum kreppunnar. Fiskurinn féll hjá þeim stórkostlega í verði, og þeir gátu ekki selt hann og bjuggu þess vegna við stórkostlega erfiðleika. Þeir reyndu ekki að halda í sitt sjálfstæði, eins og við þó gerðum, heldur leituðu á náðir Breta. Nýfundnaland var þá búið að vera nokkurn veginn sjálfstætt land í nærri 100 ár, þegar það gafst upp með þessum hætti, og það endaði með því hjá þeim, að þeir bjuggu við eins konar brezka stjórn um 15 ára skeið, og síðan var það, eftir að þjóðaratkvgr. hafði farið tvisvar sinnum fram í Nýfundnalandi, að það var ákveðið, að þeir skyldu sameinast Kanada. En ég held, að það sé alveg óhætt að fullyrða það, að ef hlutur okkar og Nýfundnalandsmanna er borinn saman í dag, sé hlutur okkar að öllu leyti miklu betri. Ég hygg, að það sé mjög auðvelt að sanna það með tölum, að framfarir hafi orðið miklu meiri á þessu tímabili hér á landi en á Nýfundnalandi, og ég held, að við njótum nú miklu meiri virðingar meðal þjóðanna en Nýfundnalandsmenn, þó að ég vilji ekki lítið úr þeim gera. En ég held, að þetta sýni það, að við völdum hinn rétta kost, að reyna á eigin spýtur að standa á eigin fótum og leita ekki aðstoðar annarra á kreppuárunum, en ekki að fara alltaf að bregða við og leita erlendrar aðstoðar, eins og virðist mjög vaka fyrir hæstv. forsrh. og vera sú eina leið, sem hann sér við kreppuvandanum. Sannast bezt að segja hygg ég, að það verði nú líka niðurstaðan, ef hér skylli á svipuð kreppa og heimskreppan mikla á árunum 1930—1935, að þá mundi álbræðsla koma okkur að takmörkuðum notum, því að ég held, að það hafi einmitt verið stóriðjan, sem varð harðast úti á kreppuárunum og sem mest dróst saman, og sú gæti orðið raunin enn.

Annars vil ég segja það í sambandi við þennan kreppuugg, sem kom svo mjög fram hjá hæstv. forsrh., að ég er ekki svo mjög haldinn af honum. Ég er þeirrar skoðunar, að heimurinn hafi breytzt mjög verulega á árunum síðan 1930—1934. Hann hefur breytzt verulega til bóta t. d. í hinum kommúnistíska heimi að hafa staðizt alveldi hans sem mest þar, en ég álít þó breytingar til hins betra hafa orðið enn þá meiri í hinum kapítalíska heimi. Ég álít, að það fjármálaástand sé að festa rætur í hinum vestræna heimi, að það þurfi ekki að óttast eins mikið kreppurnar og á þessum árum. Það fjármálaskipulag er að festast nokkurn veginn í þessum löndum, að það þarf ekki svo mjög að óttast, að kreppur skelli á með svipuðum hætti og í kringum 1930. Það er komin sú stjórn á fjármál þessara þjóða, að slík hætta er að miklu leyti úr sögunni. Þessar þjóðir hafa lært þau undirstöðuatriði, sem þarf til þess að koma í veg fyrir kreppur og sem er fólgið í því að tryggja það nokkurn veginn í stuttu máli sagt að hafa hæfilega og vaxandi eftirspurn, og verkalýðssamtökin og bændasamtökin hjálpa mjög til þess með því að hafa þá stjórn á fjármálunum, að þetta sé nokkurn veginn tryggt, þá er miklu minni hætta á því en áður, að til atvinnuleysis og kreppuástands komi og þess vegna er það einkenni hins vestræna heims í dag. Einkenni hans í dag er ekki atvinnuleysi eins og á þessum árum, sem hæstv. forsrh. vitnar til, heldur það, að það er skortur á vinnuafli. Í langsamlega flestum löndum hins vestræna heims í dag er skortur á vinnuafli. Þannig er það í Vestur-Þýzkalandi. Þannig er það á flestum Norðurlöndum. Það er að verða í Bandaríkjunum. Það er að verða í Bretlandi og víðar. Og það bendir miklu fleira til þess, að þetta ástand haldi áfram, fremur skorti vinnuafl en það komi til atvinnuleysis, sem betur fer. Þess vegna held ég, að það sé miklu minni ástæða til

þess fyrir okkur nú að vera haldnir þeim ótta, að ástandið frá 1930—1940 endurtaki sig, en það var fyrst og fremst fólgið í því, að við misstum markað erlendis og verðlag féll af völdum ástands í öðrum löndum. Ef sú óhamingja ætti hins vegar að gerast, að til slíks kæmi aftur, sem ég hef ekki trú á, er það alveg víst, að álbræðslan er nokkuð takmörkuð vörn, vegna þess að hættan er sú, að það yrði einmitt stóriðjan, sem yrði harðast úti undir þeim kringumstæðum, og það væri því hún, sem fyrst og fremst mundi dragast saman.

Varðandi þann ótta í sambandi við sjávarútveginn, sem hefur gægzt oft fram hjá hæstv. forsrh. og öðrum, sem tala á svipaða leið, sé ég ekki ástæðu til að rifja neitt upp hér, því að það hefur verið svo rækilega gert í þessum umr. En það er nokkurn veginn víst, að allir þeir spádómar, sem t. d. fræðimenn núv. ríkisstj. höfðu uppi í sambandi við sjávarútveginn fyrir 5—6 árum, hafa sem betur fer ekki rætzt. Aflabrögðin hafa orðið miklu meiri heldur en þeir spáðu, og verðlagið hefur hækkað einnig, og ég held, að a. m. k. hvað verðlag snertir, sé engin ástæða til sérstakrar svartsýni. Hitt skal hins vegar viðurkennt, að íslenzkur sjávarútvegur varð fyrir miklu áfalli með brezka landhelgissamningnum frá 1961. Það getur orðið sjávarútveginum þungur baggi, ef sá samningur verður þess valdandi, að við getum ekki helgað okkur allt landgrunnið, eins og við hefðum ella getað gert. En við verðum að vænta þess, að með nægilegri festu og einbeitni takist okkur að leysa þá fjötra af okkur eins og svo marga aðra.

En ég kem þá að því í rökstuðningi hæstv. forsrh. fyrir þessum samningi, sem mér féll einna verst, sem mér féll enn verr heldur en vantrú hans á landið og ótti hans við kreppuna. Hæstv. forsrh. minntist á það, að á 13. öld hefðu verið hér um 80 þús. íbúar. Síðan hefði þjóðinni fækkað og hún hefði ekki náð sömu tölu aftur fyrr en um seinustu aldamót. Og hann varpaði fram þeirri spurningu, hvað mundi hafa valdið þessu, að þjóðin fór ekki að rétta við aftur fyrr en komið var fram á síðara hluta seinustu aldar. Hann vildi skýra þetta með því, að það hefði myndazt þéttbýli í landinu, og það má vel vera, að það hafi átt einhvern þátt í þessu. Ég skal ekki gera lítið úr því, því að þéttbýli og borgir eru nauðsynlegar. En það var annað, sem átti miklu meiri þátt í þessu og sem var aðalatriðið í þessu. Og það var það, að á þessum tíma, síðari hluta 19. aldar, fór þjóðin smátt og smátt að ná völdunum í sínar hendur undan erlendum yfirráðum. Þjóðin fékk meira frelsi til athafna og dáða, og það varð þess valdandi, að henni ekki aðeins fjölgaði, heldur sótti hún fram á allan hátt. Mér eiginlega hálfpartinn sárnar það, að forsrh. landsins skuli ekki gera sér grein fyrir þessu, vegna þess að það er einmitt frelsið, sem er sterkasta aflið hjá hverri þjóð, og þegar hún fær að njóta þess í vaxandi mæli, er hún fær um að leysa sín viðfangsefni án þess að hún þurfi á erlendri aðstoð að halda. Það höfum við sannað svo greinilega á seinustu 100 árunum, að um það ætti enginn að villast. En það yfirsást forsrh. alveg að minnast á þetta, og það liggur í þessu, vantrú á eigin manndóm þjóðarinnar, vantrú á frelsi þjóðarinnar til að leysa stór mál og viðfangsefni og þess vegna þurfi sífellt á einhverri aðstoð erlendri að halda til þess að leysa okkar vanda og hjálpa okkur fram á leið. En menn bara gleyma sögunni, sem er í stuttu máli sú, að í hvert skipti, sem við höfum lagt á okkur einhver erlend bönd, hefur dregið úr framtaki og dugnaði okkar sjálfra, en í hvert skipti, sem við höfum leyst af okkur erlend bönd, er eins og það hafi farið fjörkippur um þjóðina, og það hafa komið nýjar framkvæmdir og ný framsókn í kjölfarið. Mér finnst að það sé illt verk, þegar um slík mál er rætt eins og þessi, að þessu sé gleymt, og þó að ég geti undir vissum kringumstæðum hugsað til þess, að við höfum samvinnu við erlenda aðila um einkafjármagn um viss verkefni hér heima fyrir, megum við aldrei líta svo stórt á það og mikla það svo í augum okkar, að við teljum, að það sé það, sem mestu skipti, en gleyma hinu, að það er einmitt frelsi okkar sjálfra, frelsi einstaklinganna til sem mestra athafna, sem við eigum að byggja á og sem gefst okkur langsamlega bezt að byggja á. Mér finnst það satt að segja einkennilegt, að flokkur, sem telur sig sérstaklega bera íslenzka atvinnurekendur fyrir brjósti og vera þeirra flokkur, skuli vera haldinn einmitt þessu trúleysi á atvinnurekendurna, sem hér reynir kannske einna mest á, að þeir séu ekki þeim vanda vaxnir að halda hér uppi blómlegu athafna- og framfaralífi og þess vegna þurfum við alltaf á einhverri erlendri aðstoð að halda í þeim efnum.

Það væri að sjálfsögðu ástæða til þess að ræða þessa samninga mjög ítarlega. En þar sem það hefur verið gert, nokkuð af mér og af þeim, sem á undan mér hafa talað, mjög rækilega, sé ég ekki ástæðu til þess að fara að sinni nánar út í einstök atriði þeirra. En það, sem mér finnst rétt að leggja áherzlu á að lokum, er einmitt þetta, að það stendur alveg óhaggað, — því hefur ekki verið mótmælt með neinum rökum, — að þessi samningur er óaðgengilegri en nokkur annar hliðstæður samningur, sem gerður hefur verið um mál eins og þessi. Það hefur ekki verið bent á neinn annan samning, þar sem rafmagnsverð er raunverulega eins óhagstætt. Það hefur ekki verið bent á neinn annan samning, þar sem fyrirtæki, sem á að teljast innlent, getur skotið öllum sínum málum undir erlenda dómstóla. Það hefur ekki verið bent á dæmi þess, að þannig hafi verið samið, að fyrirtæki geti raunverulega sjálft ráðið því, hvaða skatta það hefur með því að þeir eru byggðir á þess eigin kostnaðaráætlun, og þannig mætti lengi telja.

Ég tel, að það sé ekki aðeins alvarlegt, að það skuli vera gerður svona óhagstæður samningur við þetta svissneska álfyrirtæki, það, sem ég óttast ekki sízt, er það, að í kjölfar þessa samnings, þegar hann einu sinni hefur verið gerður, fara fleiri slíkir og verri samningar. Og á það legg ég alveg sérstaka áherzlu, að ég óttast þetta vegna þess hugsunarháttar, sem mér fannst koma fram í ræðu forsrh. og fólst í trúleysinu á landið, fólst í ótta við kreppu, fólst í trúleysi á þjóðina, fólst í vanmati á frelsi þjóðarinnar, fólst í vanmati á framtaki íslenzkra atvinnurekenda. Það er þess vegna, sem ég tel þennan samning vera sérstaklega hættulegan, ekki aðeins vegna þess að hann sé gerður nú við þetta fyrirtæki, heldur það, að hann

skapi hættulegt fordæmi, ef við síðar viljum semja við erlenda aðila um eitthvert slíkt viðfangsefni. Þá verður til hans vitnað, og þá verður þess krafizt, að við göngum undir sama jarðarmen eða jafnvel enn verra en það, sem í þessum samningi felst.

Þessi samningur, sem hér er gerður, er sá fyrsti sinnar tegundar, sem íslenzka þjóðin hefur gert, og þess vegna var höfuðnauðsyn að vanda hann sem bezt og ekki að gera hann nema það næðust aðgengilegir kostir. Að því ráði hefur ekki verið horfið, og þess vegna hefur hér verið skapað fordæmi, sem getur átt eftir að reynast okkur hættulegt síðar. Það má t. d. vitna í það, að á norska stórþinginu á s. l. vori voru lagðir fram nýir orkusamningar, sem höfðu verið gerðir við norskt og amerískt fyrirtæki, norsk- ameríska álbræðslu. Fjórir þingflokkar í norska stórþinginu töldu orkusamninginn óhagstæðan, þó að það væri gert ráð fyrir því, að stofnverðið væri 28% hærra en samið er um hér og þó að gert væri ráð fyrir nokkrum vísitöluuppbótum. Fulltrúar fjögurra stjórnmálaflokka eða flokka, sem nú fara með stjórn í Noregi, fluttu till. um það, að við frumverðið bættist ekki aðeins takmörkuð vísitöluuppbót, eins og samningurinn gerði ráð fyrir, heldur full vísitöluuppbót. Eftir að þeir höfðu hreyft þessari till. í Stórþinginu, kemur bréf frá þessari norsk-amerísku álbræðslu, þar sem sagt er, að ef þeir fá ekki nákvæmlega sama raforkuverðið og Husnesverksmiðjan fékk, muni þeir hætta öllum framkvæmdum í Noregi og allar áætlanir, sem um það höfðu verið gerðar, að þeir stækkuðu sín fyrirtæki þar, væru úr sögunni. Og þá var það, sem það kom upp hjá ýmsum þm., að vegna þess að hér væri þó um hálfnorskt fyrirtæki að ræða, væri eðlilegt, að það nyti ekki verri kjara en svissneski álhringurinn eða fyrirtæki svissneska álhringsins, sem væri algerlega útlent, og vegna þess að hér var um dreifbýlisfyrirtæki að ræða eða verksmiðju, sem er byggð í strjálbýli í Noregi, féllst meiri hl. þingsins á það, að samningurinn yrði óbreyttur. En það kom mjög greinilega fram í þessum umr., sem fóru fram í júnímánuði s. l., að Norðmenn telja það raforkuverð, sem samið var um við Husnesverksmiðjuna, óhagstætt og það sé útilokað að semja öðru vísi í framtíðinni en að fá nokkuð hærra verð en þar er gert ráð fyrir, því að ef þeir fái ekki hærra verð en þar, væri það til þess, að þeir væru að borga með raforkunni. Þess vegna hygg ég það, að það muni koma á daginn, að þeir flokkar, sem nú fara með stjórn í Noregi, muni halda nokkuð öðru vísi á þessum málum en fyrrv. stjórn gerði. Og það hefur alveg sérstaklega komið fram hjá þessum flokkum, og ekki sízt hjá norska íhaldsflokknum, að það kæmi ekki til neinna mála að láta nein erlend fyrirtæki njóta meiri réttinda og betri aðstöðu en norsk fyrirtæki hefðu. Það er meginkrafa atvinnurekenda þar í landi.

Það er nú eitthvað annað uppi á teningnum en að þannig sé litið á erl. atvinnurekendurna hér eða þeir láti til sín heyra á þann hátt. Þó skal ég að vísu undanþiggja fiskiðnaðarfyrirtæki, en ef við berum saman fiskiðnaðinn, sem er nú eina stóriðjan á Íslandi, og álbræðsluna væntanlegu, eru þau býsna ólík kjörin, sem þessir aðilar eiga að búa við. Álbræðslan á að borga eitthvað á milli 3—4% útflutningsgjald af sinni framleiðslu, sem þeir kalla framleiðslugjöld, og sleppur svo við alla skatta. En hvernig er búið að fiskiðjunni í þessu sambandi? Fiskiðnaðarfyrirtækin borga 4—6% útflutningsgjald eða hærra en álbræðslan á að borga, og þar að auki borga þau alla skatta og alla tolla, þannig að þau koma til með að búa við svo margfalt verri aðstöðu í skattamálum en álbræðslan, auk þess sem þau verða svo að greiða miklu hærra rafmagnsverð en álbræðslan. — En það kemur fram í þessu að mismuna á þannig erlendum og innlendum fyrirtækjum, mismuna þannig fiskiðnaðinum og álbræðslunni. Það kemur fram í þessu, að þessir aðilar, sem að þessum samningum standa, virðast hafa miklu meiri trú á hinum erlenda atvinnurekstri en innlendum og þess vegna sé ástæða til þess að hlynna miklu meira að honum en íslenzkum atvinnurekendum og þess vegna tekur það sig þannig út, að álbræðslan nýtur miklu meiri skattahlunninda, miklu meiri tollahlunninda og á allan hátt betri aðstöðu heldur en fiskiðnaður í landinu, sem er þó einmitt sú atvinnugrein, sem við eigum fyrst og fremst að kappkosta að efla, eins og nú standa sakir. En í staðinn fyrir það er munurinn sem sagt þessi, eins og ég minntist á, að fiskiðnaðurinn verður að borga hærri útflutningsgjöld og svo alla skatta og tolla að auki, sem álbræðslan sleppur alveg við.

Ég hef ekki trú á því, að íslenzkir atvinnurekendur sætti sig við þetta. Ég hygg, að það hljóti að koma í framhaldi af þessum samningi öflugar kröfur um það, að t. d. fiskiðnaðurinn fái miklu betri aðstöðu en hann býr við í dag, að fiskiðnaðurinn njóti svipaðra skatta og tollaaðstöðu og t. d. álbræðslan hefur og ekki lakari. Ég verð a. m. k. að segja það fyrir mína parta, að ég mun ekki vilja standa á móti því, að fiskiðnaðurinn nyti sömu aðstöðu og álbræðslan, eftir að þessi samningur hefur verið samþykktur. Þvert á móti teldi ég það höfuðnauðsyn, að það yrði strax hafin barátta fyrir því að skipa fiskiðjunni á sama bekk og hún búi ekki á neinn hátt við lakari aðstöðu og verri heldur en álbræðslan, því að þó að einstaka menn kunni að álíta, að það sé lífsnauðsyn fyrir okkur að efla álbræðslu í landinu, er það víst, að það er mörgum sinnum nauðsynlegra að efla fiskiðnaðinn. Í staðinn er nú búið að honum þannig, að hann á í framtíðinni, eða eins og nú horfir, að búa við margfalt verri skatta- og tollakjör en álbræðslan. Hann á að búa við lánsfjárskort, eins og átt hefur sér stað að undanförnu, og hann á að búa við vaxandi samkeppni um vinnuaflið við hið erlenda álfyrirtæki. Mig undrar það ekki, þó að í hópi þeirra, sem að sjávarútvegi standa og við fiskiðnað vinna, sé mikil óánægja yfir því misræmi, sem hér er verið að skapa og yfir því, hvernig núverandi valdhafar vilja láta erlenda aðila verða miklu rétthærri og hafa betri aðstöðu heldur en fiskiðnaðinn í landinu. Það hlýtur óhjákvæmilega að koma í kjölfar þessa, ef þannig á að fara að búa að erlendum atvinnurekstri í landinu, að sjómenn, útgerðarmenn og þeir, sem við fiskvinnsluna vinna, gera kröfu til þess, að þessi atvinnugrein búi við allt önnur og betri kjör en á sér stað nú og a. m. k. ekki á neinn hátt lakari heldur en hinn erlendi atvinnurekandi.

Eða þá það verði með endurskoðun á þeim samningi, sem hér liggur fyrir, knúið fram, að álbræðslan verði að búa við sömu kjör og þessir aðilar, a. m. k. ekki betri. Íslenzkir atvinnurekendur eiga að hafa alveg sama metnað í þessum efnum og norskir atvinnurekendur, en hann er fólginn í því, að þeir búi ekki við lakari aðstöðu en erlend fyrirtæki í landinu, heldur a. m. k. jafnrétti. Það er skylda þeirra flokka, sem að þessum samningi standa, að sjá til þess, ef hann verður samþ., að íslenzkir atvinnurekendur komi ekki til með að búa við lakari aðstöðu en álbræðslan í Straumsvík. Og ef það fæst ekki fram, að bætt verði þannig aðstaða íslenzkra atvinnuvega, að hún verði sambærileg, verður með nýjum samningum um þessi mál að knýja það fram, að álbræðslan, ef hún verður reist, sitji við sama bekk.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Umr. um þetta stórmál hafa verið tvíþættar. Í fyrsta lagi hafa menn rætt um áhættuna af því, að útlendingar fengju hér áhrifavald á íslenzkt atvinnulíf og að erlent fjármagn kæmi til áhrifa í íslenzku þjóðfélagi, á íslenzk efnahagsmál, á íslenzk atvinnumál. Þetta er annar þáttur málsins, og um hann er ekki minna vert en hinn. En í annan stað hafa menn rætt um það, hvort hér væri um hagkvæman eða óhagkvæman samning að ræða, og hefur það verið einróma álit stjórnarandstöðunnar, að þessum samningi bæri að hafna sökum þess að hann væri í flestum meginatriðum íslenzku þjóðinni óhagstæður, hvernig sem á hann væri litið. Hitt gefur að skilja, að sitt hvað má í einstökum atriðum færa samningnum til gildis, og það hefur hæstv. ríkisstj. eða hennar talsmenn reynt að gera, en þó furða ég mig á því, hversu lítið þeir hafa látið berast á í vörn sinni fyrir samningnum, og mér finnst ærið mikið á það skorta, að þeir leggi sig fram um það að reyna að sannfæra þingheim um það, að hér sé um góðan og hagstæðan samning að ræða og að þeir hafi staðið sig firnavel í samningagerðinni. Þeir fara með óskaplega litlu yfirlæti í þingsölunum að því er þetta snertir, og þeirra vörn fyrir samningnum hefur fram til þessa ekki verið sterk.

Hv. 5. þm. Vesturl. (BGr) tók hér til máls í dag samningnum til varnar eftir langa og staðfestulega þögn af hendi stjórnarflokkanna undir allhörðum og rökföstum ræðum stjórnarandstöðunnar. Hann reyndi að bera þennan samning saman við samninga, sem Swiss Aluminium hefur gert við Norðmenn. Það verð ég að segja, að jafn vel máli farinn maður og hv. 5. þm. Vesturl. er — ég undraðist það, hvað honum tókst ófimlega að gera þann samanburð á þann veg, að ég sannfærðist um, að íslenzki samningurinn væri okkur jafnhagstæður hvað þá hagstæðari en norski samningurinn við Swiss Aluminium. Ég held, að honum hafi alveg fatazt í þessari þó ærlegu og drengilegu viðleitni til þess að bera blak af samningnum og af ríkisstj. Hann sagði t. d., að það væri rangt, að við Íslendingar hefðum gengið eftir hringnum til þess að fá þennan samning. Þar ber honum ekki saman við hæstv. dómsmrh. Hæstv. dómsmrh. játaði það við 1. umr. málsins, að við hefðum einmitt fengið þessi gæði, þ. e. a. s. að verða samningsaðilar við Swiss Aluminium, af því að við hefðum gefið kost á svo hagkvæmu raforkuverði. Við hefðum, eftir því sem mér skildist á orðum hæstv. ráðh., bara lagzt svo lágt að undirbjóða Norðmenn um raforkuverð. Það getur nú verið svona á mörkum hins drengilega og ærlega í viðskiptum, þó að á milli þjóða sé, að beita undirboðum. Hv. þm. sagði, að á tímabili hefðu mál staðið svo, að hæstv. dómsmrh. hefði verið í vafa um, hvort þessir samningar tækjust, en svo hefði hnútur þessi fengizt leystur. Og ég spyr: Hvernig leystist hann? Hvers eðlis var þessi hnútur? Hvað var nú svo firna óaðgengilegt fyrir ári eða svo, að það liti út fyrir, að Íslendingar gengju ekki að samningnum? Og hvaða glansnúmer er það í samningnum, sem kom nú og varð lausn á þessum hnút? Það hlýtur að vera eitthvað. Hann hefur breytzt til batnaðar við það, því að eftir lausnina var hann talinn aðgengilegur. Ég hef ekki komið auga á þetta, og þess vegna fyndist mér, að það væri ekki nema eðlilegt, að hæstv. ríkisstj. upplýsti þingheim um það, að hverju leyti hún fékk breytt óaðgengilegu ákvæði, sem um tíma leit út fyrir að samningurinn strandaði á, í hagkvæmt samningsatriði, sem var svo mikils vert, að sjálfsagt þótti að ganga að samningnum.

Hv. 5. þm. Vesturl. játaði, að það væri eitt, sem væri ósambærilegt við norska samninginn, og það væri staðsetning verksmiðjunnar. Norðmenn hefðu fengið því ráðið, að verksmiðjan hjá þeim var sett á stað, þar sem lítið var um atvinnu og þurfti að reisa einhver mannvirki til atvinnubóta og aukningar í þeim héruðum. Og það hefði hann játað, að Norðmönnum hefði tekizt að hafa áhrif á Swiss Aluminium um staðarvalið. En hér hefur þetta ekki tekizt. En hvernig stendur á því, að enginn af samningamönnunum, enginn af forsvarsmönnum þessara samninga segir af því neinar frægðarsögur, hversu hraustlega þeir hafi barizt fyrir því að fá þessa verksmiðju staðsetta einhvers staðar á Íslandi, þar sem meiri þörf væri fyrir aukið atvinnulíf og að hún yrði ekki einmitt sett, þar sem þrýstingurinn á vinnumarkaðinum er almestur, hreint og beint að vali gagnaðilans, en áreiðanlega til þess að skapa mikið ógagn í íslenzku efnahagslífi og íslenzkri efnahagsþróun?

Ég mundi vilja fara fram á það, að hæstv. ráðh. eða hans meðreiðarsveinar einhverjir hér í þingsölunum gerðust svo lítillátir við okkur í stjórnarandstöðunni að segja okkur frá því, hversu hraustlega þeir hafi barizt fyrir því að fá verksmiðjuna staðsetta einhvers staðar annars staðar, þar sem hún var betur komin. Ég hygg, að það sé ekki einskisvert atriði, t. d. fyrir þm. í Norðurl. v. eða e., að geta gert fyrir því skýra grein, að það hafi verið barizt af miklum fræknleik af forráðamönnum samningan. íslenzku, stóriðjunefndarinnar, fyrir því, að verksmiðjan yrði ekki sunnan fjalla. Ég gæti bezt trúað, að það skipti nokkru máli fyrir hv. þm. stjórnarflokkanna að fá vitneskju um þetta, ef þeir ekki hafa fengið hana svona með hvíslingum, en það væri ekkert á móti því, að allur þingheimur fengi um þetta að vita. En um þetta hefur verið varizt allra frétta.

Ég átti þess von, þegar hv. 5. þm. Vesturl. tók hér til máls, að hann skýrði málið frekar, þar sem hann hafði einnig rætt þetta mál við 1. umr. og þá ekki dulizt þess, að það hafði verið beygur í ýmsum Alþfl.-mönnum, þ. e. a. s. öðrum stjórnarflokknum, við þessa samningagjörð, og að þessi beygur hefði leitt til þess, að þeir hefðu ekki heitið málinu stuðningi, nema því aðeins, að að vissum skilyrðum yrði gengið og þeirra stuðningur við málið væri skilyrðum bundinn. Það kom ljóst fram í ræðu þessa hv. þm. við 1. umr. málsins. Nú sjáum við ekki þessi skilyrði í samningnum og vitum ekki til þess, að Swiss Aluminium sé bundið við annað en samninginn eins og hann hefur verið undirritaður af þeim og fulltrúum Íslands með þeim fyrirvara einum, að samþykki Alþ. við samningnum, eins og hann er, fáist. Fáist það ekki, erum við lausir allra mála. En hv. þm. upplýsti ekkert um þetta. Hefur Alþfl. fengið viðurkennd skilyrði sín og með hvaða hætti, úr því að það sést ekki í samningnum? Þetta skiptir meginmáli, ef enn þá standa sakir svo, að annar stjórnarflokkurinn hefur ekki fengið fullnægjandi tryggingu fyrir því, að fullnægt verði þeim skilyrðum, sem hann setti fyrir stuðningi sínum við málið. Það mætti ekki minna vera en að Alþfl. eða hans talsmenn gæfu upplýsingar um það, að nú standi mál svo, að þeir hafi fengið skilyrðum sínum fullnægt, og þeirra stuðningur við málið sé því alger. Nú fæ ég að vísu ekki skilið, hvernig þessi skilyrði geta fengið samningsgildi, ef þau eru ekki í samningnum sjálfum. Er þarna um sérsamninga að ræða við annan stjórnarflokkinn? Það væri dálítið skrýtið. En allur ágreiningur um þennan samning verður sjálfsagt byggður á samningsákvæðunum og engu öðru eða þá sérsamningum, ef þeir væru til. En ef hvorugt er, sé ég ekki, að skilyrði Alþfl. séu þess pappírs virði, sem þau eru skráð á, það er í nokkrum línum í Alþýðublaðinu, annars staðar hef ég ekki séð þau á prenti.

Ég hélt því fram, þegar ég talaði um þetta mál við 1. umr., að orðið hefði vart þess, að jafnvel menn í hinum stjórnarflokknum, Sjálfstfl., væru líka nokkuð uggandi í þessu máli og að jafnvel væru auðheyrilegir andstæðingar þessa máls í röðum sjálfstæðismanna, sem m. a. glöggt hefur komið fram í því, að þegar í einu kjördæmi landsins fór fram skoðanakönnun gagnvart þessu máli varðandi sveitarstjórnir og aðrar félagastjórnir í því kjördæmi, kom í ljós, að um 80% allra forustumanna sveitarfélaga og fjölmennra, áhrifamikilla félagasamtaka í þessu kjördæmi voru málinu andsnúnir og lýstu því yfir með undirritun á mjög skeleggri og greinilegri grg., föstum, ákveðnum rökstuðningi. Og í hópi þessara manna voru engu síður sjálfstæðismenn og stjórnarandstöðumenn. Þar voru líka Alþfl.-menn. En síðan ég gerði þetta að umtalsefni, hefur það komið í ljós í sjálfu Morgunblaðinu, þ. e. a. s. í fylgiriti Morgunblaðsins, lesbók þess, að þessi samningur sé ekki eins góður og verið er að gylla fyrir mönnum. Það var s. l. sunnudag, sem við fengum það heim með morgunkaffinu, að það væri uggur í brjósti sumra „skribenta" Morgunblaðsins. Einn þeirra segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Málið, þ. e. a. s. alúmínmálið, hefur verið lagt þannig fyrir annars vegar, að alúmínið sé bjarghringur íslenzks efnahagslífs og samningurinn sé svo snurðulaus, að enginn þurfi að bera ugg í brjósti."

Honum finnst þetta nú ekki alveg vera svona. Það kemur síðar fram hér í þessu sama riti, að hann fullyrðir, að alúmínsamningurinn sé alls ekki snurðulaus og það sé nokkur ástæða til þess að bera ugg í brjósti vegna hans. Hann játar, að hann sé ekki sérfræðingur í þessum málum, en hann leggur dóm á þessi atriði, og skal ég ekki afbaka hans orð á nokkurn hátt. Hann segir enn fremur:

„Hins vegar hefur alúmínsamningnum verið fundið flestallt til foráttu, þannig að hann jafngildi afsali landsréttinda og bjóði heim gífurlegum efnahagslegum og þjóðernislegum voða."

Ég verð að segja það, að ekki hafa Alþb.-þm. túlkað samninginn svona. Þeir hafa skýrt og skorinort látið í ljós, að þeir bæru nokkurn ugg í brjósti yfir innreið erlends fjármagns í landið og gífurlegum áhrifum þess á íslenzk efnahagsmál og íslenzkt atvinnulíf. Og hins vegar hafa þeir rökstutt það, að samningurinn sjálfur væri ekki hagstæður. Þannig ber að rökræða mál á Íslandi. Undan því hefur ríkisstj. og hennar stuðningsmenn ekki minnstu ástæðu til að kvarta. Þetta er okkar lýðræðislegi og þingræðislegi réttur, og innan þess ramma höfum við Alþb.-menn rætt þetta mál. Ritari Morgunblaðsins segir enn fremur:

„Gagnrýni á störfum íslenzku samninganefndarinnar var sjálfsögð og átti að veita henni hæfilegt aðhald, þ. e. a. s. samninganefndinni. Varnaðarorð og úrtölur eru allténd heilbrigðari og vænlegri til viðunanlegs árangurs en kapp án forsjár."

Og hví skyldi hann nú vera að tala um kapp án forsjár? Ætli það komi kannske ekkert málinu við? Nei. Hann er sýnilega að bregða sínum mönnum um það, að þeir hafi gyllt samninginn fullmikið og ekki gætt forsjár sem kapps í þeirri gyllingu. Enn fremur segir þessi „skribent" Morgunblaðsins, með leyfi hæstv. forseta:

„Mér virðist sem sé liggja í augum uppi, að það hafi mjög veikt aðstöðu Íslendinga í samningaumleitunum við svissneska auðhringinn, þegar þeir, sem að samningagerðinni stóðu, fóru að útmála fyrir lesendum sinna blaða, hvílíkt himinsent hnoss alúmínið væri okkur. Allar þær greinar hafa vafalaust borizt svissnesku n. meðan á samningaviðræðum stóð, og sér hver maður í hendi sér, að ekki hefur það bætt aðstöðu íslenzku samninganefndarinnar."

Hann segir sem sé, að Morgunblaðinu og stjórnarblöðunum hefði verið sæmra að þegja á meðan verið var að semja, vera ekki að gylla þetta sem himinsent hnoss fyrir Íslendinga til þess að styrkja samningaaðstöðu andstæðinganna og veikja samningaaðstöðu Íslendinga. Og þetta er tvímælalaust rétt hjá þessum „skribent" Morgunblaðsins. Enn segir hann, með leyfi hæstv. forseta:

„Þó er hitt kannske ekki síður íhugunarvert, að með trúboðskenndum skrifum sínum um alúmínmálið hafa íslenzkir formælendur þess raunverulega vakið víðtæka og vonandi óþarfa tortryggni í hugum margra Íslendinga, því að það hlýtur hver skyniborinn maður að sjá í hendi sér, að samningurinn er hvorki eins

hagkvæmur né snurðulaus og fullyrt er af trúboðunum.“

Nú vona ég, að höfundurinn eigi ekki við, að hæstv. ráðh. sé trúboði í þessu máli eða hafi hagað sér eins og trúboði. En einhverja er hann þarna að tala við af forsvarsmönnum samningsins, það er alveg augljóst mál. Hann segir, að samningurinn sé hvorki eins hagkvæmur né snurðulaus og fullyrt hafi verið af trúboðunum. Það fer ekkert á milli mála, að þarna flytur Morgunblaðið eða fylgirit þess mönnum þann boðskap, að samningurinn sé ekki svo góður sem af sé látið og það hafi verið gálaus skrif á meðan á samningunum stóð að vera að gylla það ofar öllum skýjum, hversu þessi samningur væri mikið himinsent hnoss fyrir Íslendinga, því að það auðvitað gerði Swiss Aluminhringinn staffírugri í því að standa fast á öllu gegn Íslendingum, þeir mundu falla ekki á annað hnéð heldur bæði til þess að tryggja sér samninginn umfram allt. Mér finnst þetta góður vitnisburður einmitt úr þeirri átt, sem sízt var að vænta. Ég hélt ekki, að ég ætti eftir að sjá ábendingar á vegum Morgunblaðsins og vitnisburði um þennan samning á þennan veg. Það fer ekkert á milli mála. Hann kallar þennan samning ekki snurðulausan og að hann sé ekki eins hagkvæmur Íslendingum og af hafði verið látið. Þetta þætti ekki stórt til orða tekið, ef það væri í stjórnarandstöðublöðunum, en þetta er því efnismeira, þegar það kemur fram í stjórnarpressunni.

Mér finnst, að það megi heimta það af hæstv. ráðh., af hæstv. ríkisstj., sem með honum stendur að þessu máli, af hv. stuðningsmönnum ríkisstj. hér á Alþ., að þeir leggi sig fram um það, hver og einn, að sýna okkur fram á það, hversu snurðulaus þessi samningur sé, hversu mikið hnoss hann sé íslenzku efnahagslífi, íslenzku atvinnulífi, eins og það stendur í dag, hversu gagnleg samkeppni hans, auðhringsins, verði um vinnuaflið við íslenzka atvinnurekendur, og íslenzkir atvinnurekendur eiga að lýsa þessu hér á Alþ. Það kemur ekki í einn stað niður, þó að þeir fari að kveina og kvarta undan þessari samkeppni, eftir að samningurinn er búinn að taka gildi. Þeir ættu að taka þátt í varnaðarorðum manna hér gagnvart samkeppninni um íslenzkt vinnuafl. Þeim stendur það ekki fjær en forsvarsmönnum verkalýðsstéttarinnar.

Mér finnst, að hæstv. ráðh. megi ekki láta það undir höfuð leggjast að sýna okkur fram á það, að virkjunin við Búrfell muni undir engum kringumstæðum kosta meira en áætlað sé og þannig sé það ekki glapræðisverk að hafa selt raforkuna á 10,75 aura kwst., því að ef bara virkjunin fer 3% eða þaðan af meira fram úr áætlun, er þetta verð orðið undir framleiðslukostnaðarverði. Það er það fyrsta. Það hefur verið samið um þetta, áður en vitað er um, hver kostnaður virkjunarinnar verði. Fyrr en það liggur á borðinu veit enginn í raun og veru með neinni vissu fyrir hvað hann getur selt raforkuna. En nú er það búið og gert. Þegar Alþ. hefur staðfest þennan samning, verða um það bil ⅔ raforkunnar frá þessu orkuveri seldir á þessu verði, hvað sem verðlagsþróun í landinu líður á samningstímabilinu og hvað sem þetta orkuver kemur til með að kosta, þegar búið er að ganga frá því þannig, að það geti innt þessa orku af hendi og fullnægt þeim skuldbindingum, sem ríkisstj. hefur tekið á sig. Mér finnst, að hæstv. ráðh. verði líka, eftir þær umræður, sem hér hafa farið fram og sem að nokkru leyti hafa snúizt um þau sérréttindi, sem hér hefur verið samið um, hæstv. ráðh. verði að leggja það á sig að sýna fram á það, að hér sé ekki um nein sérréttindi að ræða hjá erlenda auðhringnum. Hann eigi engra sérréttinda að njóta umfram íslenzka atvinnurekendur og íslenzkt atvinnulíf. Ef hæstv. ráðh. tekst ekki að sannfæra okkur um þetta, er samningurinn vondur samningur, og það verður samningur, sem kemur mjög í koll þessari ríkisstj., því að íslenzkir atvinnurekendur munu, eins og hér var drepið á áðan, aldrei sætta sig við það að vera hornkerlingar eða pútur gagnvart erlendum atvinnurekendum í landinu. Þeir munu ekki sætta sig við annað en að fá sömu kjör um raforkuverð og útlendingurinn hefur fengið. Engin hornkerling eða púta vil ég vera, mun hver atvinnurekandi segja á fætur öðrum, bæði þeir, sem sitja þögulir hér í þingsalnum nú, og þeir, sem fara að æmta og skræmta á eftir. Mér finnst, að hæstv. ráðh. verði að leggja sig fram um það. Ég veit, að hann mun nú sennilega gera það, áður en þessum umr. lýkur, að sýna það og sanna, lið fyrir lið, að þessi samningur er ekki óhagstæðari okkur Íslendingum en Swiss Aluminsamningurinn er Norðmönnum, og ég vænti þess, að hann muni rekja það lið fyrir lið, að raforkuverðið, sem samið hefur verið um hér, sé ekki óhagstæðara, þó að við séum hér hver á fætur öðrum, stjórnarandstæðingar, að fullyrða, að það sé 28% óhagstæðara samningsákvæðið um verðið. Ég vil vænta þess, að hæstv. ráðh. hnekki því. Ég vil vænta þess, að hæstv. ráðh. sýni okkur fram á það, að Swiss Aluminium þurfi ekki að hlíta norskum lögum og reglum, hann geti hlaupið fyrir erlendan gerðardóm, Norðmenn geti það. Að þessu leyti sé okkar samningur því ekki verri. Ég vil vænta þess, að hæstv. ráðh. sýni okkur fram á það, að Swiss Aluminium eigi hér ekki að njóta neinna sérréttinda umfram íslenzkan atvinnurekstur. Ég vil vænta þess, að hæstv. ráðh. sýni fram á það, að Norðmenn beri sams konar byrðar varðandi það að byggja yfir starfsfólk, jafnvel útlendingana, ekki síður útlendingana, sem hingað kunna að koma, og að Norðmenn verði líka að standa straum af opinberum byggingum í því bæjarfélagi eða þeirri þéttbýlisbyggð, sem þarna rís upp. En það er sagt, að þeir eigi ekki aðeins að byggja yfir sitt starfsfólk í Noregi sjálfir, heldur eigi þeir líka að taka þátt í að byggja nauðsynlegar opinberar byggingar í sambandi við verksmiðjusvæðið og reksturinn þar. En þetta höldum við, að Íslendingar eigi að leggja Swiss Aluminium til hérna sunnan við Hafnarfjörð.

Mér finnst, að það dugi ekki neinar getgátur um það, að landslagi og landfræðilegum skilyrðum sé þannig hagað við Straumsvík, að það þurfi ekki nein rykhreinsunartæki í sambandi við þessa verksmiðju, þó að þessi tæki hafi þurft alls staðar, þar sem slíkar verksmiðjur hafa verið byggðar — alls staðar. Mér finnst, að hæstv. ráðh. verði að sýna okkur fram á það, að þetta sé annaðhvort algerlega tryggt eða nokkurn veginn tryggt, að hér hafi nægilega örugg-

lega verið um búið og þessara tækja þurfi ekki. Það er talað um, að þau kosti allmikið fé.

Okkar beygur hefur beinzt að því, að áhrif þessa stórfyrirtækis hér í landinu og eigenda þess, hinna erlendu kapítalista, kunni að hafa áhrif á íslenzkt efnahagslíf. Mér finnst, að hæstv. ráðh. lúti ekkert of lágt, þó að hann beiti rökfimi sinni og snerpu til að sýna okkur það, að hér sé um ástæðulausan ótta að ræða. Ég og margir ræðumenn hér fleiri hafa látið í ljós ugg um það, að sú þensla, sem nú ræður á íslenzkum vinnumarkaði, uppboð það, sem er á vinnuafli, sú mikla dýrtíðarflóðalda, sem hér hefur árum saman flætt yfir, og sú mikla verðbólga, sem nú setur meginmark á íslenzkt þjóðfélag, allt þetta muni fara enn frekar úr skorðum við þær stórframkvæmdir, sem hér er samið um að framkvæma allar samtímis, en eru, eins og ég hef áður talið upp: hafnarbygging, stórhöfn er það, verksmiðjubyggingin, fjöldi bygginga umhverfis hana, í raun og veru heilt bæjarfélag, sem verður þar að byggja, stærri virkjun en við höfum nokkurn tíma ráðizt í, öryggisvirkjanir hér á Hafnarfjarðarsvæðinu, vegna óvissunnar í sambandi við Búrfellsvirkjun, auk svo þess sem íslenzkt atvinnulíf heimtar og stórframkvæmdanna í Hvalfirði, svo að það helzta sé nefnt.

Óttast núv. hæstv. ríkisstj. það ekki neitt, að það verði eins og olía á eld, þegar þeir eru búnir að undirskrifa þennan samning og eiga að fara að framkvæma hann? Það er undarlegt, ef það er eingöngu verkalýðshreyfingin, sem ber ugg í brjósti, en ekki ríkisstj. í sambandi við þessa hlið málsins.

Ég fékk skeyti frá einum ráðherranum í vantraustsumr. hérna um daginn. Þar var sagt eitthvað á þessa leið: Það er undarlegur verkalýðsforingi, sem óttast það, að það verði of mikið að gera. Þessi ráðh. þekkti ekki slíkan hugsunarhátt. Ég játa það, að þetta hefði kannske þótt skrýtinn verkalýðsforingi hér á atvinnuleysisárunum. Þá hefðu menn viljað leggja eitthvað í hættu til þess að ráðstafanir væru gerðar af stjórnarvöldum til þess að afstýra atvinnuleysi. En er það þannig núna? Kannske eru einhverjir, sem segja sem svo: Verkalýðshreyfingin á aldrei að telja atvinnu of mikla. Þó að atvinnan verði of mikil og farið verði að bjóða í vinnuaflið, þá er það bara plús fyrir verkamennina. Ef það væri sannleikurinn og allur sannleikurinn, þá væri þetta svo, og svo skammsýnir verkalýðsforustumenn geta sjálfsagt verið til, að þeir gíni við þessu. En við vitum ósköp vel, að hækkað kaup og hækkuð dýrtíð, aukin verðbólga og fjandsamlegt stjórnarfar við verkalýðshreyfingu á til þess ótal ráð, að það komi ekki aukinn kaupmáttur og ekki bætt lífskjör út úr því, þó að boðið sé í vinnuaflið. Það er hægt að taka það með hækkandi verðlagi, það er hægt að taka það með hækkun á sköttum. Það er hægt að gera verkamennina fátækari en þeir voru, áður en að kaupið hækkaði, og það getur hæglega gerzt hér. Og það gæti meira að segja komið það ástand, að ríkisstj. segði: Það væri ábyrgðarleysi af okkur að gera ekki ráðstafanir til þess að taka aftur það, sem menn fengu með hækkuðu kaupi og taka þá kannske heldur meira. Við vitum það ósköp vel, að það, sem hefur verið fjandsamlegast íslenzkum launastéttum, íslenzkum sjómönnum, íslenzkri bændastétt, öllum aðalatvinnuvegum okkar Íslendinga, það er verðbólgan, og við óttumst það, að með þessum ráðstöfunum verði gert meira til þess að gera verðbólguna og dýrtíðina að óstjórnlegu afli, sem taki allt taumhald úr höndum stjórnarvalda, það verði einmitt þessar ráðstafanir.

Það eiga að verða samningar um kaupgjaldsmál í vor. Það er farið að heyrast úr ræðum verkafólks, að það sé útlit fyrir, að það verði svo mikil eftirspurn eftir vinnuafli, þegar Búrfellsvirkjun hefst og umsvifin í Straumsvík og stórframkvæmdirnar í Hvalfirði, að það sé langbezt að gera enga samninga um neitt kaupgjald. Láta bara atvinnurekendurna bjóða hver um annan þveran í vinnuaflið og hafa vinnumarkaðinn alveg óskipulagðan, hreint kaos. En þeir eru ekki saklausir, sem til þess stofna og eiga þó að bera ábyrgð á efnahagsmálum þjóðarinnar. Og þeir geta ekki skotið sér undir það, að þeir hafi ekki fengið aðvaranir. (**Dómsmrh.:** Það verður ekki byrjað á álverksmiðjunni í vor.) Nei. En kannske eigum við að hugga okkur við það, að „den tid, den sorg," af því að það verður ekki fyrr en næsta vor eða hitt vorið. Kannske eigum við að hugga okkur við það. En ekki er það nú framsýn ríkisstj., sem huggar sig við það, að það verði ekki á morgun, ekki í vor einu sinni.

Fyrir mér er þessi þáttur málsins ekki með minnstu atriðunum. Ég álít þetta vera stórkostlega mikið atriði í sambandi við þetta mál, og ég er alveg viss um það, að þjóðinni a. m. k. er affarasælast, að ástandið sé þannig á vinnumarkaði, að allt fari ekki úr böndum og að það sé hægt að hafa vinnumarkaðinn skipulegan. Sízt af öllu er hægt að óska þess, að allt fari svo í upplausn, að atvinnulífið sé ein skipulagslaus vellankatla. En það er hægt af stjórnarvöldum að stofna til þess. Það má vera, að ríkisstj. segi: Við vorum tilneyddir. — Það er rétt, sem forsrh. okkar hefur sagt, það er svo ótryggt að byggja á jafnótraustum grundvelli og fiski, sem syndir um hafdjúpin. Þetta var enginn grundvöllur til að byggja á. Við urðum því að fara út í stóriðju. Enda hafði sjálfur forsrh. sagt: Með stóriðju skapast traust og festa í efnahagslífinu. — Það er þetta traust og þessi festa, sem þeir þykjast vera að skapa í efnahagslífinu. Ja, hver trúir því nú, að það verði afleiðingin með þessum aðgerðum og með því að forðast það, sem hefur verið svo ótryggt að byggja á, fiskinn í hafdjúpunum, syndandi í hafdjúpunum? En þeir hafa svo sem ekki fundið þessa uppskrift sjálfir og einir í ríkisstj. Það liggur fyrir svart á hvítu, að báðir efnahagsmálasérfræðingar þeirra hafa ýtt undir þá með þessar aðgerðir a. m. k. síðastliðin 5 ár, og hafa þeir báðir vitnað um það. Ég veit ekki, hvort það er það, sem Morgunblaðsmaðurinn á við, þegar hann talar um trúboðsstíl. — Og svo segja menn: Jóhannes Nordal hefur sagt: Sjávarútvegurinn er ekki fær um að tryggja þjóðinni þær lífskjarabætur, sem stefna þarf að, og hann er ekki þess megnugur að gefa nema í mesta lagi svona 5%, svo að sjávarútvegurinn getur ekki skilað auknum þjóðartekjum meira en sem nemur 4—5% á ári. Og sama segir Jónas Haralz í fyrirlestri, sem ég held, að Morgunblaðið hafi prentað eftir honum. Hann sagði 4.5%, en hinn nefndi

5%. Sjávarútvegurinn getur ekki aukizt meira eða tekjur hans en um 4.5% að meðaltali á ári næstu árin. Báðir þessir menn eru að vara við því að byggja á sjávarútvegi, hann geti ekki tryggt nægilega batnandi lífskjör og þess vegna verði að leita annarra úrræða. Og þess vegna finnst mér, að það sé lágmarkskrafa okkar í stjórnarandstöðunni, að færðar séu sterkar sönnur á það, að álbræðslan í Straumsvík muni verða gjöfulli en sjávarútvegurinn, og þá er ekki hægt að miða við annað en seinustu ár og yfirstandandi ár og gera samanburðinn þannig, og þá mundu kannske renna tvær grímur á mig, ef hæstv. ráðh. eða einhverjum forsvarsmönnum álsamningsins tækist að sanna, að íslenzka álbræðslan sé líkleg til þess að gefa betur í íslenzka þjóðarbúið en sjávarútvegur og fiskiðnaður. En einhvern veginn hefur það ekki enn þá komið fram í þessum umr.

Ég lofaði hæstv. forseta því, að ég skyldi ekki vera með neitt málþóf. Ég álít, að það sé búið að ræða þetta mál svo rækilega, draga upp höfuðlínur þess, færa fram rökin tugum saman gegn því, að hér sé um hagstæðan samning að ræða. Hins vegar vantar svörin, vantar sannanirnar fyrir því, að stjórnarandstaðan hafi haft rangt fyrir sér í sínum málflutningi, og ég tel því ekki annars vant í þessum umræðum en að hæstv. ríkisstj. reki betur af sér slyðruorðið og geri hreint fyrir sínum dyrum um það, að áhættulaust sé fyrir íslenzkt þjóðfélag að hleypa erlendu kapítali inn í atvinnulífið, og í annan stað að sýna fram á það, að samningurinn sé hagkvæmur, hvort sem samanburður sé gerður við aðrar þjóðir eða bara miðað við íslenzk skilyrði, sem fyrir hendi eru.

Ég hef áður vikið að því, að það sé mjög vafasamt, að hér sé í raun og veru til meiri hluti á Alþ. Íslendinga með þessu máli, og mannfall hefur nú orðið í liði stjórnarinnar á seinustu tímum, skipti hafa orðið á mönnum, af hvaða ástæðum sem það er. En ekki hef ég enn skipt um skoðun um þetta. Ég álít meiri hlutann á þingi með þessu máli vera mjög veikan, mjög veikan. Það verður ekki heldur fullyrt, að alþm. hafi fengið umboð frá sínum kjósendum, þegar þeir voru síðast kosnir, til þess að afgreiða slíkt mál sem þetta á Alþ. Það er því eðlileg og sjálfsögð krafa, að þetta mál, sem svo mjög eru skiptar skoðanir um, og sem varðar ekki aðeins nútíð, heldur framtíð þessarar þjóðar, að því verði skotið til úrskurðar þjóðarinnar, þjóðaratkvgr. verði látin fara fram, þjóðin verði spurð um það, hvort hún telji áhættulaust að hleypa erlendu stórkapítali inn í íslenzkt atvinnulíf, og um það, hvort hún telji ástandið í efnahags- og atvinnulífi þjóðarinnar nú vera slíkt, að við þurfum þessara úrræða með, í staðinn fyrir að snúa okkur að því að efla okkar eðlilegu atvinnuvegi. Og í þriðja lagi að spyrja þjóðina um það, hvort hér sé um hagkvæman samning að ræða. Ég tel, að þjóðin eigi að fá við þjóðaratkvæðagreiðslu að leggja dóm á þetta og svara hæstv. ríkisstj. með jái eða neii. Vill þjóðin taka á sig þá áhættu af áhrifum erlends auðhrings, sem þessu máli yrðu samfara, ef samþykkt yrði, áhættuna af áhrifum erlendra auðmanna hér í landinu, og vill hún viðurkenna, að hér sé um hagkvæman samning að ræða? Það má vel vera, að það taki mánuð, sex vikur eða svo að fá þetta svar þjóðarinnar, en ég get ekki séð, að það tefli neinu í voða. Ég get ekki séð, hvaða ástæðu hæstv. ríkisstj. ætti að færa fram fyrir því, að þetta gæti hún ekki gert. Swiss Aluminium kannast við það, að þjóðaratkvgr. eru iðulega látnar skera úr stórmálum þar í landi. Þeim ætti þess vegna ekki að koma þetta spánskt fyrir, en hæstv. ríkisstj. getur ekki annað en viðurkennt, að hennar meiri hluti er tæpur í þessu máli, og hann er meira en tvísýnn, þegar spurt er um álit þjóðarinnar. Og úr því, hvert álit þjóðarinnar er í þessu máli, fæst aldrei skorið, nema með því að bera það formlega undir hana í þjóðaratkvgr. Þess vegna er það krafa okkar Alþb.-manna, að þessu máli verði nú vikið frá ákvörðun Alþ., en því vísað til þjóðaratkvæðis. Og ég vil vænta þess, að hæstv. ríkisstj. fallist á, að það er, eins og þetta mál liggur fyrir, eðlileg og sjálfsögð krafa, sem ber að verða við í þessu aldagamla lýðræðis- og þingræðislandi.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 74. fundi í Nd., 20. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Rökst. dagskrá frá 2. minni hl. álbræðslunefndar á þskj. 502 felld með 21:19 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: RA, SE, JK, ÞÞ, ÁÞ, BFB, BP, EðS, EÁ, EOl, EystJ, GeirG, GíslG, VH, HS, HV, IG, JSk, LJós.

nei: PS, SÁ, SI, SvJ, AJ, BGr, BF, BBen, DÓ, EmJ, SJJ, GunnG, GÞG, IngJ, JóhH, JP, JR, MÁM, MB, ÓL, SB.

Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Björn Pálsson: Herra forseti. Ég lít á dagskrártill. þessa sem tilraun til að ná hagkvæmari samningum við Swiss Aluminium Ltd., en ekki sem yfirlýsingu um að vera á móti nýtingu straumvatna okkar með aðstoð erlends fjármagns, ef hagkvæmir samningar takast. Hagstæðari samningar nást ekki nema stungið sé við fótum, því að dyr opnast eigi, nema ýtt sé á hurðina. Ég segi því já við dagskrártillögunni.

1. gr. samþ. með 21:17 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EmJ, SJJ, GunnG, GÞG, IngJ, JóhH, JP, JR, MB, MÁM, ÓL, PS, SÁ, SI, SvJ, AJ, BGr, BF, BBen, DÓ, SB.

nei: EystJ, GeirG, GíslG, VH, HS, HV, IG, LJós, RA, SE, JK, ÞÞ, ÁÞ, BFB, EðS, EÁ, EOl.

JSk, BP greiddu ekki atkv.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir afstöðu sinni:

Jón Skaftason: Herra forseti. Þrátt fyrir það, að ég álíti, að ýmislegt sé athugavert við samningana við Swiss Aluminium, tel ég, að rekstur álbræðslu í Straumsvík verði frekar til hagsbóta fyrir þjóðina og þó einkum fyrir það kjördæmi, sem ráðgert er að staðsetja hana í. Ég vil því eigi greiða atkv. gegn þessari frvgr., þótt ýmislegt megi að samningunum finna og frv. í heild og greiði því ekki atkv.

Björn Pálsson: Herra forseti. Ég vil gera eftirfarandi grein fyrir afstöðu minni til þessa máls. Söluverð rafmagns er lágt, staðsetning álbræðslunnar umdeilanleg og vinnuaflsskortur á vissum stöðum. Við eigum að horfa fram á við frekar en til baka. Rúnir framtíðarinnar fær enginn lesið með vissu. Litlar líkur eru til, að hliðstæður síldarafli og 1965 verði varanlegur um árabil. Íbúum landsins fjölgar, og vissar iðngreinar geta dregizt saman, ef tollvernd minnkar. Á þjóðarhag ber að líta frekar en deilur um staðsetningu og tímabundna örðuleika. Ég álít það jákvæðast við álbræðsluna, að ráðgert er að verja útflutningsskatti af framleiðslunni til að efla atvinnuvegi úti á landsbyggðinni, en meira en vafasamt er, að fé fengist til þess á annan hátt, svo að nokkru næmi. Sé það fé notað af hagsýni og réttsýni, sem ég vona að verði, getur það gert mikið gagn. Ég vil því eigi greiða atkv. á móti þessu frv., þó að það sé háð vissum vandkvæðum, og greiði því eigi atkv. um þessa gr. eða frv. í heild.

2. gr. samþ. með 21:15 atkv.

Brtt. 500 felld með 21:18 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SE, JK, ÞÞ, ÁÞ, BFB, EðS, EÁ, EOl, EystJ, GeirG, GíslG, VH, HS, HV, IG, JSk, LJós, RA.

nei: SvJ, AJ, BGr, BF, BBen, DÓ, EmJ, SJJ, GunnG, GÞG, IngJ, JóhH, JP, JR, MB, MÁM, ÓL, PS, SÁ, SI. SB.

BP greiddi ekki atkv.

3. gr. samþ. með 21:16 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 21:17 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: DÓ, EmJ, SJJ, GunnG, GÞG, IngJ, JóhH, JP, JR, MB, MÁM, ÓL, PS, SÁ, SI, SvJ, AJ, BGr, BF, BBen, SB.

nei: BFB, EðS, EÁ, EOl, EystJ, GeirG, GíslG, VH, HS, HV, IG, LJós, RA, SE, JK, ÞÞ, ÁÞ.

BP, JSk greiddu ekki atkv.

Á 75. fundi í Nd., 22. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Allmiklar umr. hafa þegar átt sér stað um þetta mál, sem ekki er að furða, en það eru nokkrar aths., sem ég vildi koma á framfæri, áður en málið verður afgr. úr þessari hv. deild.

Mér finnst hafa einkennt um of umr. andstæðinga þessa máls sú minnimáttarkennd, sem mér finnst með þeim búa, óttinn við það, að við séum ekki menn til þess að semja við útlendinga og hafa erlendan atvinnurekstur eða atvinnurekstur erlendra hér í landinu öðruvísi en að bíða eitthvert tjón á sálum okkar, jafnvel sjálfstæði landsins, eins og margoft hefur komið fram. Það er talað af tilfinningasemi um hýðingu Hólmfasts á Kálfatjarnarþingi af erlendum og siðferðisvottorð til danskra kaupmanna, og það er engu líkara en það eigi nú að fara að innleiða slíkar aðfarir hjá okkur að nýju, að menn mættu búast við því, að þessi erlendi aðili hýddi okkur eða Íslendinga og niðurlægði á annan hátt. Það er talað um kjarkleysi okkar, sem fylgjum þessu máli og að við vantreystum okkar gömlu undirstöðuatvinnuvegum og viljum bjarga okkur með samningum við útlenda aðila. Mér finnst, að eins mætti snúa þessu við og það mætti eins tala um kjarkleysi þeirra, sem ekki treysta sér til þess að semja við erlenda aðila og eru dauðhræddir við það, að við bíðum tjón á því, bæði í sambandi við sjálfstæði og efnahagsmál þjóðarinnar. Að mínum dómi ættum við að vera fyrir löngu vaxnir upp úr þessum hugsanagangi. Þegar við hugsum til tímamóta í sögu þjóðarinnar eins og 1904, þegar við fengum heimastjórnina og sjálfstæði 1918 og lýðveldisstofnunina 1944, er það augljóst mál, að við Íslendingar eigum að gera okkur grein fyrir því, að við erum ekkert minni menn en sérhver önnur sjálfstæð þjóð og fullfærir um að semja við útlenda aðila, ef við dæmum það sjálfir hagkvæmt bæði fyrir þjóðina og allan almenning.

Við lifum í sívaxandi mæli í heimi alþjóðlegra samskipta, og þegar við lítum til framtíðarlandsins, er framundan gífurlega mikil fólksfjölgun hjá okkur Íslendingum, svo að það er alls ekki að ófyrirsynju að gera ráðstafanir til þess að renna fleiri stoðum undir atvinnulífið með það í huga, að ekki komi til þess, þó að einhverjir misbrestir kynnu að verða á okkar gömlu atvinnuvegum, að hér skapaðist erfiðleikaástand á vinnumarkaðinum með atvinnuleysi og öðru slíku, sem því fylgir. „Vort land er í dögun," held ég, að sé titillinn á einni bók hv. 3. þm. Reykv., sem talaði nú töluvert mikið í anda minnimáttarkenndarinnar, fannst mér. Og það er það sannarlega. Við þurfum ekki annað en að líta til þess, að það mun láta nærri, að það komi svona þúsund farþegar á dag við á Íslandi. Mest eru það að vísu millilendingar, en mikið af því er samt sem áður Íslendingar sjálfir, sem eru að koma og fara til landsins, og þetta minnir okkur á það, að við erum vissulega í „þúsund rasta þjóðbraut allra lýða," eins og Einar Benediktsson orðaði það, og yfirfæri ég það þá ekki sízt á loftið og loftferðirnar, sem eru orðnar svo miklar og skapa svo miklu meira samneyti og samskipti milli landa og einstaklinga en áður.

Mér er alveg ljóst, að það fylgja svona samningi mörg vandamál. Það er ekki nokkur vafi á því, og það verður vissulega að gera ráðstafanir til þess að fylgja sem bezt eftir framkvæmd hans og leysa á hverjum tíma úr þeim erfiðleikum, sem upp kunna að koma. Ég hef þegar haft nokkrar áhyggjur af því, að iðnmrn. er ákaflega vanbúið til þess að sinna málum eins og þessum. Það lætur nærri, að maður hafi 1½ starfsmann í rn., og að mínum dómi þarf auðvitað að verða breyting á þessu, bæði varðandi tækniráðunauta og lögfræðilega ráðunauta. Þetta segi ég ekki til þess að vanmeta þá, sem eru fyrir í iðnmrn., því að þeir hafa sýnt og sýna mjög mikinn dugnað og hæfni í sínu starfi.

Það er talað um nýja stefnu, sem nú sé verið að taka hér upp. Það hafa margir þm. vikið að því, að útlendingar megi og geti tekið í sínar hendur að meira eða minna leyti atvinnureksturinn í landinu.

Og hv. 5. þm. Austf. sagði, að það væri furðulegt, eins og hann orðaði það, að nú skyldu koma fram till. um, að horfið yrði frá þeirri uppbyggingu á yfirstjórn atvinnumála þjóðarinnar, sem bezt hefur reynzt, þ.e., að yfirstjórn atvinnumálanna sé í höndum Íslendinga sjálfra. Hver hefur verið með nokkrar till. um breytingar á þessu, að yfirstjórn atvinnumálanna sé í höndum Íslendinga sjálfra? Er nokkur að tala hér um að setja yfirstjórn atvinnumála í hendur útlendinga? Yfirstjórn atvinnumálanna, þessa fyrirtækis eins og annarra, er auðvitað enn þá í höndum okkar Íslendinga. Þetta er alveg grundvallarmisskilningur, sem hér kemur fram. Og það er rétt, eins og hv. 3. þm. Reykv. vék að, að ef þessi framkvæmd fer illa úr höndum og það kemur í ljós, að hún sé skaðleg fyrir almenning og okkar efnahagslíf og sjálfstæði, ég tala nú ekki um, er það alveg rétt eins og hann sagði og kom líka fram hjá hæstv. forsrh., að þá eigum við að fá yfirstjórn þessara mála í okkar hendur, taka slíka verksmiðju eða bræðslu eignarnámi bæði samkv. ákvæðum stjórnarskrárinnar og ákvæðum samninganna sjálfra, sem eru hér að lútandi, því að það er beinlínis um þetta fjallað í 35. gr. samningsins, en þar segir, að ríkisstj. skuli ekki gera neinar ráðstafanir, sem beint eða óbeint svipta Alusuisse, minni hl. hluthafa eða ISAL neinum fjárfestingum þeirra eða hluta af þeim nema a) að slíkar ráðstafanir séu gerðar vegna almenningsþarfa og lögum samkv. og b) að slíkar ráðstafanir séu óhlutdrægar og c) slíkum ráðstöfunum sé fylgt eftir með greiðslu fullra bóta, sem nemi sannvirði fjárfestinga þeirra, er í hlut eiga, þær greiðist án teljandi tafa og fáist yfirfærðar í þeim mæli, sem nauðsynlegt er, til þess að slíkar bætur megi koma að haldi fyrir Alusuisse, minni hl. hluthafa eða ISAL, eftir því sem við á. Og þetta er í samræmi við okkar grundvallarlöggjöf eða grundvallaratriði stjórnarskrárinnar. En í 35.03 er líka gengið lengra í þessum efnum heldur en almenn ákvæði stjórnarskrárinnar segja beint um, en mundu þó að vissu leyti mega túlkast þannig, en þar segir a) að ríkisstj. heimilist að grípa til aðgerða, er brjóti í bága við ákvæði gr. þessarar, sem ég var nú að lesa um almennt eignarnám og bætur, ef hún eigi í styrjöld, ófriði eða öðrum alvarlegum þjóðfélagslegum vanda, sem upp komi vegna óviðráðanlegra afla eða ófyrirséðra aðstæðna eða ógna mikilvægum öryggishagsmunum hennar og b) að aðgerðirnar séu framkvæmdar samkv. ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna eða að till. þess eða Allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna í þá átt, að varðveita verði eða koma þurfi á aftur heimsfriði og öryggi.

Inn í umr. hefur spunnizt það, hvort Alusuisse eða ISAL mundi verða þátttakandi í vinnuveitendasamtökum Íslands, og menn hafa lagt á það áherzlu, að þeir yrðu það ekki, til þess að raska þá ekki jafnvægi í deilu milli íslenzkra vinnuveitenda og verkalýðsfélaganna. Í sambandi við þetta barst mér svo hljóðandi bréf frá Alþfl. dags. 15. apríl s.l.:

„Á fundi miðstjórnar Alþfl. 23. marz s.l. var gerð ályktun um afstöðu flokksins til byggingar álbræðslu í Straumsvík.Í þeirri ályktun er m.a. tekið fram:

Alþfl. telur, að Íslenzka álfélaginu h.f. beri að sjálfsögðu að hlíta íslenzkum lögum um skipti við stéttarfélög, en eigi ekki að ganga í samtök atvinnurekenda, iðnrekenda eða annarra sambærilegra aðila og hafa þannig áhrif á kjarabaráttu þjóðarinnar. Er það skilyrði fyrir stuðningi Alþfl. við málið, að svo verði ekki.“

Hér lýkur tilvitnun í ályktun miðstjórnar Alþfl. En í bréfinu segir svo að lokum:

„Með tilvísun til viðræðna í ríkisstj. óskum við hér með eftir að fá staðfestingu viðkomandi aðila á, að þeir fallist á skilyrði þetta“.

Ég skrifaði svo samdægurs Swiss Aluminium og sendi afrit af þessu bréfi Alþfl. og fór fram á það, að fá staðfestingu á því, að þeir féllust á þetta skilyrði fyrir sitt leyti, áður en umr. lyki hér í hv. d., og mér hefur borizt bréf dags. 19. apríl frá Swiss Aluminium, þar sem segir svo efnislega, að með vísun til þeirrar málaleitunar, sem fram kemur í bréfi yðar 15. apríl 1966, viljum við staðfesta, að ISAL mun ekki gerast meðlimur vinnuveitendasamtaka á Íslandi.

Í umr. um þetta mál beindi hv. 3. þm. Reykv. til mín nokkrum aths. í sambandi við áhrif force majeure eða óviðráðanlegra afla. Það var eitthvað á þessa leið: Getur Alusuisse hagnýtt ákvæðin um óviðráðanleg atvik t.d. þannig, að ef verkfall er gert staðbundið eða almennt, að félagið felli niður greiðslu á raforku og neiti að hefja greiðslu á nýjan leik fyrr en verkfallið er leyst? Enn fremur, hver sker úr deilu um það, hvort Alusuisse hefði ekki getað leyst verkfallið með því að samþykkja kaupkröfurnar eða hins vegar, ef Alusuisse heldur því fram, að ríkisstj. hefði getað aflétt þessum force majeure með því að banna verkfallið? Og hvað felst í þessu sambandi í ákvæðinu um, að hvor aðili geri það, sem í hans valdi stendur, til þess að greiða úr vandanum? Þýðir það, að annar hvor aðilinn er skyldur til að gera þetta, sem vissulega stendur í hans valdi, Alusuisse að greiða kaupið, ríkisstj. að banna verkföll eða lögskipa gerðardóm, og hver dæmir um, hvorum beri að gera hvað? Þannig voru fsp. frá hv. 3. þm. Reykv. efnislega, og um þær vildi ég fara nokkrum orðum.

Það er spurning þá um það, hvort Alusuisse geti hagnýtt, eins og hv. þm. orðaði það, ákvæðin um óviðráðanleg öfl á þann hátt að fella niður greiðslu á raforku, ef það lendir í verkfalli staðbundnu eða almennu, og neita að hefja greiðslu á ný fyrr en verkfallið hefur verið leyst. Ég geri ráð fyrir, að hv. þm. eigi hér við greiðslu fyrir lágmarksrafmagn eða lágmarksmagn raforku, sem greiða ber, hvort sem raforkan er notuð eða ekki og kemur til skjalanna, þegar orkunotkun bræðslunnar lækkar niður úr því, sem vera mundi við venjulega starfrækslu hennar. Verkfall á Íslandi gæti auðvitað aldrei hindrað Alusuisse í því að greiða fyrir rafmagn, sem bræðslan notar í raun og veru. Svo að farið sé lauslega út í það, hvað í þessu gæti falizt í framkvæmdinni, má því segja, að í fyrsta lagi eru einungis þau verkföll, sem beinlínis lækka orkunotkun bræðslunnar niður fyrir lágmarksmagn, sem geta haft í för með sér hnekki fyrir Landsvirkjun samkv. þessu ákvæði samninganna. Af þessu leiðir, að undir venjulegum kringumstæðum eru það einungis verkföll í bræðslunni sjálfri, sem stöðva sjálfa framleiðsluna þar, sem þarna koma til greina. Það er t.d. engin ástæða til þess fyrir ISAL að draga úr framleiðslu verksmiðjunnar sem neinu

nemi, þótt verkfall verði hjá hafnarverkamönnum eða öðrum, sem stöðvar völuflutninga til eða frá verksmiðjunni, svo að það dæmi sé tekið. Slíkt verkfall mundi yfirleitt þurfa að standa svo mánuðum skipti en ekki vikum, áður en það færi að segja til sín í minnkandi orkunotkun. Bræðslan mundi að jafnaði hafa nægar efnisbirgðir á staðnum, t.d. rúmar alúmíníumsíló hennar alltaf hálfs árs birgðir af því hráefni. Og truflanir á útflutningi þurfa að vera verulegar, svo að tilefni sé til samdráttar á framleiðslunni. Þau verkföll, sem verða í verksmiðjunni sjálfri segja auðvitað fyrr til sín, en samt þurfa þau yfirleitt að standa langan tíma miðað við það, sem hér tíðkast, til þess að skipta nokkru máli um skuldbindingu Alusuisse varðandi rafmagnskaup.

Svo var spurt, hvað Alusuisse gæti gert í því að bera fyrir sig verkföll sem óviðráðanlegt afl, þegar á það félli skylda til þess að greiða fyrir lágmarksmagn raforku. Svarið við því er það, sem í samningnum stendur, að fyrirtækið verður sjálft að sýna fram á það, að það hafi orðið fyrir verkfalli, sem það geti ekki komið í veg fyrir eða bundið enda á með öllum eðlilegum ráðum, sem því eru tiltæk, eins og segir efnislega í 39. gr., og það sé bein afleiðing af þessu verkfalli, að orkunotkun þess fór niður fyrir hið tilskilda lágmark. Það er í gr. 40.03. Fyrirtækið verður líka að sanna það, að það hafi reynt eftir megni að draga úr áhrifum verkfallsins á þessa skuldbindingu sína gagnvart Landsvirkjun samkv. ákvæðum 40.06. Í þessu felst það fyrst og fremst, þar sem félagið er aðili að verkfallinu, að það verður að hafa rekið vinnudeiluna í góðri trú og sýnt fullan samstarfsvilja við verkalýðsfélögin. Ef um allsherjarverkfall er að ræða, liggur það nokkuð ljóst fyrir, að ekki verður ætlazt til þess, að félagið geri miklu meira en aðrir atvinnurekendur, en ef það neitar að gera jafnmikið og þeir, t.d. að veita starfsmönnum sínum svipuð kjör og þau, sem aðrir atvinnurekendur samþykkja í allsherjarverkfalli, mun það vera talið í hæsta máta óeðlilegt. Ef um er að ræða staðbundið verkfall, t.d. hjá starfsmönnum bræðslunnar, má líta til þess, hvort fyrirtækið hafi stofnað til illdeilna við verkamenn sína, t.d. með óviðunandi aðbúnaði á vinnustað, hvort það beitir óeðlilegum samningsaðferðum eða hvort það er að reyna að sveigja kjör þeirra í aðra átt en þá, sem almennt gerist um svipaða vinnu eða þá venju, sem skapazt hefur um bræðsluna sjálfa. Ef um flutningaverkfall er að ræða, mundi félagið ekki geta afsakað sig, ef það hefði t.d. vanrækt að sjá fyrir eðlilegum hráefnisbirgðum í bræðslunni, þ. á m. öllum þeim birgðum, sem fyrirframvitneskja um vinnudeilur gaf tilefni til að safna fyrir, og þannig mætti lengi telja og setja fram ýmis tilvik þessa máls. Í sambandi við fsp. er einnig rétt að benda á, að þegar talað er um eðlileg ráð í samningnum, er átt við það, sem eðlilegt eða sanngjarnt er frá almennu sjónarmiði.

Fyrirspyrjandi eða hv. þm. spurði um það, hvernig aðstaða ríkisstj. væri í sambandi við þessi verkföll, t.d. hvort Alusuisse gæti bent á það, að ríkisstj. gæti leyst málið og aflétt hinum óviðráðanlegu öflum með því t.d. að banna verkfallið með brbl. eða lögum. Því er þar til að svara, að ríkisstj. hefur engar sérstakar skyldur gagnvart verkföllum í bræðslunni fremur en á vinnustöðum yfirleitt. Alusuisse á enga heimtingu á því, að ríkisstj. grípi til sérstakra ráðstafana til að tryggja vinnufrið í bræðslunni. Það er misskilningur hjá hv. þm., ef hann heldur, að samningurinn skyldi hinn samningsaðilann til að leysa úr vanda þess aðila, sem verður fyrir force majeure. Hann sjálfur á að reyna að leysa vandann með eðlilegum ráðum eins og ákveðið er í 40.03 og draga úr áhrifum vandans sbr. 40.06.

Spurt var að lokum um það, hver ætti að leysa úr deilunni um það, hvort Alusuisse hefði gert sitt til þess að afstýra verkfalli eða binda endi á það. Um það mundu fjalla þeir aðilar, sem yfirleitt eiga að úrskurða um deilur milli ríkisstj. og Alusuisse, þ.e. íslenzkir dómstólar, íslenzkur gerðardómur eða alþjóðlegur gerðardómur, eins og samningurinn gerir ráð fyrir. Slík deilumál yrðu metin á sama hátt og önnur sakarefni milli aðilanna í þessu sambandi.

Það mun hafa verið hv. 5. þm. Vesturl., sem vék að því í ræðu sinni, að samningarnir hefðu nú ekki alltaf verið snurðulausir og iðnmrh. hefði á vissu stigi málsins tjáð sér, að hann væri alveg efins um það, að ganga mundi saman með samningsaðilum. Að þessu vék hv. 5. þm. Vestf. í sinni ræðu þar á eftir og spurði þá, hvaða hnútur var það þá, sem þarna var á ferðinni og sem leystist. Vildi hann gjarnan fá upplýsingar um það, og ég skal aðeins víkja að þessu atriði.

Fyrstu samningsdrögin frá hálfu Íslendinga voru, held ég, send Svisslendingum í janúar 1965, þar sem samningsuppkast var formað. Því var svo aftur svarað með samningsuppkasti frá Swiss Aluminium, sem er dags. 21.5. 1965 eða í maí. Við komum svo til Zürich skömmu eftir þetta, þmn. og ég einnig. Ég var kominn þar um sama leyti og þeir komu frá Noregi, þar sem þeir voru að kynna sér og skoða verksmiðju, sem þar var í byggingu hjá Alusuisse og módeltilraunirnar í Þrándheimi. Ég hafði þá skömmu áður en ég fór að heiman fengið þetta uppkast í hendurnar og hafði verið að lesa það undanfarna daga. Ég gerði þá strax fyrirvara um það og óskaði eftir fundi með Alusuisse, og það var 17. júní um morguninn fyrir hádegi, að við Jóhannes Nordal mættum á fundi með Alusuisse. Þótt þessir samfundir þarna væru ekki ætlaðir sem viðræðufundir heldur kynnisferð ísl. þm., óskaði ég eftir þessum fundi og það var til þess að láta ekki undir höfuð leggjast að gera strax fyrirvara um það, að mér mislíkaði í verulegum atriðum samningsuppkastið, sem þeir hefðu sent okkur, sérstaklega að formi til. Það voru nokkur efnisatriði, sem við gerðum fyrirvara um þá þegar, en formið fannst mér einnig þurfa að taka miklum breytingum, og þetta vildi ég láta þá vita strax við fyrsta tækifæri, sem ég hefði til þess, en þegar þmn. kæmi heim, mundum við fara gegnum samningsuppkastið og senda þeim svo grg. okkar um málið að því búnu.

Í gegnum þetta samningsuppkast fór svo þmn. á fundum í júlímánuði, mörgum fundum, lið fyrir lið, gr. fyrir gr., og það var ýmislegt, sem menn höfðu við það að athuga, og upp úr því var samin allvíðtæk grg. um viðhorf Íslendinga til breytinga á þessu samningsuppkasti, og þessi grg. var svo að sjálfsögðu borin undir þmn. áður en hún var send Alusuisse. Og sannast að segja stóðu fyrir dyrum fundahöld við þá

aftur, sem urðu svo í október, 12. og 14. október, og það var það margt í þessu samningsuppkasti, sem ég taldi það veruleg atriði, að ég mun á þessu stigi málsins hafa látið það uppi, að mér sýndist alveg ósýnt um það, hvort samningar gengju eða ekki.

Þegar þeir komu svo hér til fundarhaldanna í októbermánuði, voru það alveg sérstaklega ákvæðin um deilur á milli aðilanna og þau lög, sem fara ætti eftir, og þau lög, sem voru enn í því formi, þrátt fyrir okkar aths., sem ég taldi, að ekki gætu verið þannig. Ég boðaði því forstjóra Alusuisse, Meyer og Müller, til mín upp í iðnmrn. og sagði þeim, að gr. um deilurnar, eins og þær væru í samningunum, gætum við ekki gengið að, og ef það gætu ekki orðið á þeim breytingar, sem ég gerði nánar grein fyrir, þyrftum við ekki að tefja hvorir aðra lengur á neinni samningsgerð. Ákvæði samningsuppkastsins frá þeim um deilurnar var það, að við úrskurð á gildi og áhrifum samninganna skyldi fara eftir grundvallarreglum íslenzkra og svissneskra laga, og ef ekki væru fyrir hendi sameiginlegar grundvallarreglur svissneskra og íslenzkra laga, skyldi fara eftir alþjóðalögum og vitnað til 38. gr. samþykktar Alþjóðadómstólsins. Meyer sagði þá, aðalforstjórinn, að þeir gætu ekki gengið inn á það, að deilurnar ættu að úrskurðast eftir grundvallarreglum íslenzkra laga, og það yrði þá að vera lokið þessum samningatilraunum. Ég man eftir, að ég sagði við hann, að það væri leiðinlegt eftir svo mikið sem við værum búnir að leggja á okkur, en, þó yrði það svo að vera.

Síðan hugsuðu þeir málið nánar, og það var upp úr þessu, sem þeir gengu inn á 45. gr., þar sem segir, með leyfi hæstv. forseta, að samning þennan beri að skýra og túlka og framkvæma samkv. ákvæðum hans og hinna fskj., eftir því sem unnt er, og að öðru leyti sé farið við skýringu, túlkun og framkvæmd, gildi og áhrif samnings þessa að íslenzkum lögum. Þessi niðurstaða kemur fram í frásögn af fundum okkar 12. og 15. okt. Þar segir:

Lagareglur, sem beita á, og ágreiningsmál, niðurstaða í umr.: Fella þarf niður alla 52. gr., sem þá var, gr., sem kvað á um þetta, nema ákvæði í mgr. 52.01 á þá leið, að samninga skuli túlka samkv. efni þeirra, og lagareglur, sem beita á, skuli vera íslenzk lög og þær reglur úr alþjóðarétti, sem við kunna að eiga og eru taldar meginréttarreglur, sem almennt eru viðurkenndar af siðmenntuðum þjóðum.

Þessa fundargerð eða frásögn lagði ég svo fyrir þmn. á fundi 28. okt. Þar er 2. liður fundargerðar svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Tekin til umr. frásögn af fundum fulltrúa íslenzku ríkisstj., Alusuisse og Alþjóðabankans í Reykjavík 12. og 14. okt. 1965. Rætt um ýmis atriði skýrslunnar einkum: 1) Force majeure, sem menn voru sammála um, að æskilegt væri að túlka þröngt, 2) aðstöðu til að nota erlent vinnuafl einkum á byggingartímanum, sem talið var, að ætti að fara eftir hinum almennu reglum, sem um slíkt gilda hér á landi og 3) gerðardómsákvæði, sem talið var æskilegt, að hægt væri að takmarka."

Þessa fundargerð hafa hv. nm. þmn. allir farið yfir og undirskrifað síðan, og þarna kemur það fram, að þegar ákvæðin um grundvallarreglur íslenzkra l., sem eru í þessum kafla, — næsta gr. er um deilur og gerðardóminn — þegar þetta er lagt fyrir þmn., hafa menn ekki annað á því stigi málsins við það að athuga, þegar málið var komið í þetta form, en að það væri æskilegt að takmarka gerðardómsákvæðin, og upp úr þeim aths. var svo sett inn í samningana á síðara stigi málsins sú viljayfirlýsing, sem fram kemur í lok 46. gr., þar sem sagt er, að það sé ekki ætlun aðila samnings þessa að leita til alþjóðlegs gerðardóms til að jafna neina deilu, sem eigi varðar verulegar fjárhæðir eða mikilsverð málefni. Það var með þetta í huga og margt annað, að ég furðaði mig mjög á því við 1. umr. þessa máls, hvernig tekið var á þessum gerðardómsákvæðum og þeim dómum, sem það fékk og ég hafði ekki heyrt af hálfu þeirra þm., sem fjölluðu um þetta mál í þmn., og heldur ekki aðrir hv. þm. höfðu gert aths. við, eftir að þeir höfðu haft samningsuppköstin til meðferðar.

Það má segja, að deilur hafi snúizt einna mest um rafmagnsverðið og svo gerðardóminn, sem ég vék að, og hv. þm. finnst grundvallarverðið of lágt. Það get ég auðvitað vel skilið, að þeir óski eftir að hafa það hærra. En við komumst ekki lengra áleiðis með rafmagnsverðið, eins og ég hef áður skýrt, en vegna þess sérstaklega hafa menn talið, að samningurinn væri óaðgengilegur og ekki hagkvæmur fyrir okkur Íslendinga. Þessu furða ég mig stórlega á. Því ég tel samninginn mjög hagstæðan fyrir okkur Íslendinga með þessu rafmagnsverði, sem í honum er.

Grundvallarverðið, 2½ mill, gefur okkur miklu sterkari og betri aðstöðu til virkjunarframkvæmda en við hefðum ella. Á þetta hef ég lagt mikla áherzlu og bent á, og þær ábendingar, sem fram koma í grg. um það, hafa ekki verið hraktar, en þar er það m.a. tekið fram, að ef litið er á framleiðslukostnað hverrar raforkueiningar með eða án álbræðslu, þá kemur í ljós, að á árunum 1969—1975 mundi viðbótarorkan kosta 62% meira, ef álbræðslan væri ekki byggð, 22% meira á árunum 1976—1980 og 12% á árunum 1981—1985, og yfir allt þetta tímabil mundi raforkukostnaðurinn verða nærri 30% hærri, ef Búrfellsvirkjun væri eingöngu byggð fyrir almenningsnotkun og enginn sölusamningur gerður við álbræðslu. Þessir útreikningar hafa ekki verið vefengdir. Ég hef leiðrétt töflu, sem fylgir þessum útreikningum, um samansafnað fé og samanburð á áætlun nettóhagnaðar Landsvirkjunar í heild með og án orkusölu, sem er á bls. 110—111, vegna þess að fyrstu sex árin er raforkuverðið 3% og reiknað inni í þessum töflum, en skatturinn lægri, sem því nemur. Það þýðir það, að hið samansafnaða fé á 25 ára tímabili verður tæpar 700 millj. kr. í stað 860 millj. á bls. 110, og samanburður á áætluðum nettóhagnaði Landsvirkjunar í heild með og án orku til álbræðslu er 620 millj. kr. á þessu tímabili í staðinn fyrir 700 millj. kr., þ.e. án vaxta, eins og fram kemur á bls. 111.

Menn segja, að þeir fái ekki staðizt þessir reikningar. Það er það eina, sem menn hafa sagt í þessu sambandi, vegna þess að það geti enginn sagt fyrir um kostnaðinn af virkjuninni en um Búrfellsvirkjunina liggja fyrir mjög ýtarlegar áætlanir á bls. 226, og eru þær ekki nema að litlu leyti áætlanir heldur fast verð um það, hvað Búrfellsvirkjunin muni kosta. Það er

fyrst 105 mw. Búrfellsvirkjun, og það er gert ráð fyrir því, að hún kosti 1354 millj. kr. Þar eru tilboðin, sem komin eru, 808 millj. Þau eru föst og búin. Það, sem lokið er við, eru vegir og brýr ofan Ásólfsstaða og undirbúningskostnaður. Það eru 11.5 millj. fyrri liðurinn, 39.5 millj. seinni liðurinn. Sá eini áætlaði kostnaður þarna eru 103 millj., sem enn þá er áætlunarupphæð, kostnaður vegna helztu tækja í spennustöð og vegna rafbúnaðar o.fl., kominn á hafnarbakkann hér. Verk ofan Búrfells, íbúðarhús og helmingur kostnaðar við þjóðvegi. Það eru 103 millj. kr. Það gæti orðið einhver breyting á því. Það er hins vegar skoðun starfsmanna Landsvirkjunarinnar, að þessi kostnaður muni ekki fara fram úr þessari áætlun, hún sé mjög rífleg.

Svo er þess getið, að um 15% af heildarstofnkostnaði verði háður launum skv. kjarasamningum. Annar kostnaður verður á föstu verði og er á föstu verði. Þessi 15% af heildarkostnaðinum eru 182 millj. kr. Það eru sem sagt rúmar 180 millj. kr., sem eru þá háðar verðbreytingum eða háðar breytingum á launum skv. kjarasamningum, og ég hef reiknað með því, að laun gætu breytzt um 50% á þriggja ára tímabili, 50%. Þá fer til þessa um 90 millj. kr., sem þarna hækka, en í áætluninni á bls. 226 er ófyrirséð 137 millj. kr. Þá eru enn eftir 50 millj. kr. til þess að mæta öðrum ófyrirséðum kostnaði. Það eru þess vegna sáralitlar, ef það eru nokkrar, líkur til þess, að þessi virkjun fari fram úr því, sem þarna er gert ráð fyrir og reiknað með. Nú er þessi fyrri partur virkjunarinnar, vegna þess að flutt hefur verið til frá síðara stigi á fyrra, langstærsti hlutinn af framkvæmdunum, en það er á bls. 227 gert ráð fyrir 210 mw. virkjun án vaxta á byggingartímanum á 1660 millj., en þetta var fyrri parturinn eins og hann er nú áætlaður á 1354 millj. Það er þess vegna þarna aðeins um 300 millj. kr. aukning frá fyrra stiginu og yfir á síðara stigið, og það mun vera um helmingur af þessum 300 millj., sem eru vélar, og fyrir þeim liggja föst tilboð í dag, sem standa, og Landsvirkjun á kost á samkv. föstu tilboði. Sem sagt, helmingurinn af þessum kostnaði á seinna stigi virkjunarinnar er þegar fastur, og þá eru að vísu eftir 150 millj. af seinna stigi virkjunarinnar, sem kynni að taka einhverjum breytingum.

Þetta er um grundvallarverðið og áhrif þess á hagkvæmni þessara samninga, en svo segja menn, að það séu allt önnur ákvæði hér um endurskoðun á samningunum, rafmagnsverðinu, heldur en t.d. í Noregi og vitna til þess, að það eigi að endurskoða rafmagnsverðið þar eftir samningum við dótturfyrirtæki Alusuisse á fimm ára fresti, en hér sé bara endurskoðaður reksturskostnaðar eftir 10—15 ár og síðan fari fram endurskoðun á verðinu eftir tilteknum reglum eftir 25 ár. En það verða menn að hafa í huga, að hér er alveg ólíku saman að jafna. Í Noregi er rafmagnið greitt með norskum krónum. Hér er rafmagnið greitt í dollurum, og þessar norsku krónur eftir norsku samningunum eiga að endurskoðast miðað við heildsöluvísitölu sem þeir hafa í Noregi. Það er á ýmsum helztu hráefnum eins og járni og timbri og öðru slíku, sem þeir finna þessa heildsöluvísitölu út, og þá á það að færast eftir þessari vísitölu, en þó ekki nema 60% af heildsöluvísitölunni, sem hefur áhrif á rafmagnsverðið, og eftir þeim upplýsingum, sem ég hef fengið, held ég, að þessi vísitala, sem rafmagnsverðið á að fara eftir, hafi ekki breytzt neitt eða alveg sáralítið á síðustu 10—15 árum í Noregi. En ef við hugsum okkur hins vegar, að við hefðum gert þennan samning fyrir tuttugu árum, — þá var dollarinn kr. 6.50, en er núna 43 krónur, — þá væri rafmagnsverðið komið upp í um 70 aura, 6½ sinnum hækkun á rafmagnsverðinu. Nú er ég ekki að óska eftir því, að slíkar gengisbreytingar eigi sér stað, sem átt hafa sér stað hjá okkur á liðnum tíma, en ég bendi á þetta atriði til þess að sýna, hversu gífurlega mikils virði það er fyrir okkur, að greiðsla fyrir rafmagnið sé í dollurum, í þeirri mynt, sem við eigum að borga erlendu lánin í, og verði einhverjar breytingar á gengi íslenzku krónunnar, þá hefur það út af fyrir sig ekki áhrif á rafmagnsverðið, að svo miklu leyti, sem erlend lán eru og greiðsla í erlendri mynt fyrir rafmagnið.

Við sjáum, hvað þetta hefur mikla þýðingu, ef við setjum upp dæmi í þessu sambandi. Ef reiknað væri nú með 7.8% fjármagnskostnaði, eins og yfirleitt hefur verið reiknað með hér í grg., fyrir vatnsaflsstöðvum og 10% fyrir gastúrbínustöðvum, þá hækka erlendar lánagreiðslur að frádregnum erlendum tekjum þannig, — ef dollarinn hækkaði við skulum segja um 50% eða upp í 64.50 kr., og við hefðum álbræðsluna allt tímabilið, — um 81 milljón króna. En erlendu lánin án álbræðslu mundu á sama tíma hækka um 615 millj. kr. Þetta er auðvitað gífurleg trygging fyrir rafmagnsnotendurna, sem menn hafa alveg gengið fram hjá og ekki rætt um einu sinni og eins, þegar þeir hafa verið að tala um hagkvæmni samninganna og rafmagnsverðsins. En ef það ætti sér nú stað, að dollarinn hækkaði um 50%, þá mundi viðbótarorkan á árunum 1969—1975 kosta 95% meira, nærri tvöfaldast, ef álbræðsla væri ekki byggð með virkjuninni á árunum 1969—1975, og 58% meira á árunum 1976—1980 og 30%, ef reiknað er fram til ársins 1985 skv. þeim áætlunum, sem hér hafa verið gerðar, eða yfir allt þetta tímabil um 56%, ef álbræðslan væri ekki með, en að öðru leyti þyrfti rafmagnsverðið af þessum sökum ekkert að hreyfast. Og segjum, að dollarinn hækki um 100%, sem mönnum finnst nú kannske glannalegt, en ég minnti á, að það er ekki langt síðan hann var kr. 6.50, þá mundu erlendar greiðslur á tímabilinu hækka með álbræðslu um 162 millj. kr., en án álbræðslu um 1231 millj. kr. Þá þyrfti rafmagnsverðið að hækka um 124%, ef við hefðum byggt 70 megawatta Búrfellsvirkjun án álbræðslu og slíkt kæmi fyrir, 124% á árunum 1969—1975, 1976—1980 um 95% og 1981—1985 um 46% eða að meðaltali yfir þetta árabil um 82%. Ég vil vekja athygli á þessu. Á þessu byggi ég mína niðurstöðu, að þessir samningar séu mjög hagkvæmir með þessu rafmagnsverði fyrir okkur Íslendinga. Og þó að mismunurinn á áætluðu kostnaðarverði og söluverðinu til Alusuisse sé ekki mikill á hverja kílówattstund, þá munar þetta miklu, vegna þess að kwst. eru anzi margar, sem á að selja. Við getum reiknað með yfir þúsund gwst., og ein gwst. er ein milljón kwst., og það mundi vera um 4½ millj. mismunurinn á 10.75 og 10.30, sem reiknað er með að kostnaðarverðið sé.

Þm. hafa stundum talað um 10.4 aura. Ég veit ekki í hverju sá misskilningur liggur, en í grg. er gert ráð fyrir, að kostnaðarverðið sé 10.3 aurar, og það er mismunur um 45 aura, sem mundu vera 4½ millj. kr., og það mundi með 7% vöxtum nægja til þess að kapítalísera 65 millj. kr., og ef svo þetta er miðað við afskriftir á 25 árum, og ef við reiknuðum með afskriftum af lánum til virkjunarinnar á 40 árum, sem er nú alveg sanngjarnt, eða samningstímann allan, og það er nú það algenga um afskriftir af slíkum vélum, sem geta alveg eins vel enzt 100 ár eins og 40 ár, eins og ég hef áður tekið fram, þá er kostnaðarverðið 9.9 aurar, eins og gert er ráð fyrir í grg., og mismunurinn væri þá 8.5 millj. kr., og það nægði til að kapítalísera með 7% 120 millj. kr. Þegar á allt er litið og miðað er við hina miklu sölu á rafmagni, sem við höfum strax, og fyrir þetta verð, þá verður þetta okkur í alla staði mjög öruggur samningur og mjög hagkvæmur.

Ég er auðvitað ekki með þessu móti að segja það, að það hefði ekki verið mjög æskilegt að fá hærra raforkuverð, og það liggur í hlutarins eðli, en mér finnst ekki, að menn þurfi að fordæma þann árangur sem hefur náðst.

Menn hafa borið þennan samning saman við norsku samningana án þess að gera sér grein fyrir því, hvaða skuldbindingar dótturfyrirtækið í Noregi tekur á sig um kaup á raforkunni. Það skuldbindur sig ekki nema til tíu ára. Þá getur það sagt upp raforkusamningnum. Hér er fyrirtækið skuldbundið í 45 ár að greiða hina svokölluðu lágmarksorku, þó að fyrirtækið noti hana ekki, þó að álbræðslan verði lögð niður og raforkan yrði ekki notuð. Svo að hér er afskaplega ólíku saman að jafna.

Til viðbótar því, sem ég áðan vék að um gerðardómsákvæðin, þá vildi ég aðeins árétta það, sem ég reyndar hef nú tekið áður fram, vegna þess að því hefur verið haldið fram, að það sé ekkert sambærilegt dæmi um gerðardóm, sem við, stuðningsmenn þessa máls, höfum getað nefnt, jafnvel eftir að maður hefur bent á margar hliðstæður. Að ýmsu leyti er það, sem ég nú skal nefna, mjög hliðstætt því, sem hér er um að ræða, og er í eðli sínu svipað.

1. Á vorinu 1962 var gerð ítarleg endurskoðun á gerðardómsreglum fasta gerðardómstólsins í Haag, The Permanent Court of Arbitration, og þeim var m.a. breytt í það horf, að dómurinn gæti úrskurðað um deilur milli ríkja og einkaaðila, en áður hafði honum einungis verið ætlað að leysa úr milliríkjadeilum.

2. Gerðardómum á vegum verzlunarstofnunarinnar eða alþjóðlegu verzlunarstofnunarinnar í París, The International Chamber of Commerce, sem lengi hefur starfað, var aðallega ætlað það hlutverk að leysa úr viðskiptadeilum milli einkaaðila í mismunandi löndum. Þessi stofnun og gerðardómur hans hefur hins vegar í seinni tíð leyst úr fjölmörgum deiluatriðum milli ríkja og einkaaðila. Ég nefndi dæmið, er þessum gerðardómi var falið að leysa úr deilum út af samningnum, sem Ghana hafði gert við bandarískt álfélag um byggingu álbræðslu í Ghana á árinu 1961.

3. Ameríska gerðardómssambandið, The American Arbitration Association, hefur í vaxandi mæli leyst úr deilumálum milli ríkja og einstaklinga. Nefndi ég það sem dæmi, að Frakkland, Holland og Indland hefðu öll skotið málum sínum við einkaaðila til úrskurðar þessa gerðardóms.

Um atriðin undir 2 og 3 vil ég vitna til eftirfarandi, sem segir um slíka tegund gerðardóma í nýjustu útgáfu af Encyclopædia Britannica, en þar stendur, með leyfi hæstv. forseta:

„Gerðardómar í deilum milli ríkja og þegna annarra ríkja eða einkaaðila og ríkis á sviði erlendra fjárfestingarmála eða milliríkjaviðskipta eða alþjóðlegra viðskipta hafa einnig verið kallaðir alþjóðlegir gerðardómar, þótt venjulegra sé að nota um það hugtakið alþjóðlegir viðskiptalegir gerðardómar. Slík gerðardómsmeðferð hefur oft átt sér stað á vegum International Chamber of Commerce eða The American Arbitration Association, og það felur í sér aðferð skjótrar og hagkvæmrar úrlausnar á sviði viðskipta milli erlendra aðila — in the field of international business — eins og þar stendur."

Þarna er beinlínis verið að segja frá því, að þetta ryðji sér mjög til rúms, gerðardómsmeðferð, einmitt á milli ríkja og einkaaðila, en það hefur verið gert að deiluefni hér og talið óeðlilegt, og því var beinlínis haldið fram strax hér í vantraustsumr. á dögunum af prófessor Ólafi Jóhannessyni, að ef þetta hefði verið milli tveggja ríkja, þá væri í sjálfu sér ekkert við þetta að athuga, en það sem væri við að athuga væri það, að þetta væri milli ríkis og einkaaðila, og fyrir því væru engin fordæmi. Þetta benti ég síðar á, að væri alveg á misskilningi byggt.

4. Ég hafði bent á gerðardómsákvæði, sem íslenzka ríkisstj. hafði fallizt á í samningum við sovézkt verzlunarfyrirtæki í sambandi við olíusamningana. Það er ekki við ríkisstj. Sovét-Rússlands. Það fyrirtæki er að vísu ríkisfyrirtæki, en ekki sovétríki, heldur sjálfstæður aðili. Gerðardómsákvæði þessara samninga hljóða svo:

„Sérhver deila eða misklíð, sem upp kann að koma við framkvæmd þessa samnings eða í sambandi við hann, skal útkljáð af gerðardómi um utanríkisviðskipti í verzlunarráði Sovétríkjanna í Moskvu samkvæmt reglum þessa gerðardóms."

Ég tel í sjálfu sér miklu hæpnara ákvæði að vísa deilu, sem kann að koma upp, til gerðardóms, sem er í landi annars aðilans, og rússneskur gerðardómur fjallar um utanríkisviðskipti. Það er miklu hæpnara. Þetta hefur nú hins vegar ekki komið að neinni sök

5. Ég nefndi dæmi þess, að bandarísk og evrópsk einkafyrirtæki hefðu oft samið við sovézka aðila um, að deilumál þeirra út af viðskiptasamningum skyldu fara fyrir gerðardóm í heimalandi fyrirtækisins eða í óháðu ríki, t.d. í Svíþjóð.

6. Ég nefndi dæmi þess, að Sovétstjórnin sjálf hefði á sínum tíma verið aðili að einu þekktasta gerðardómsmáli, sem upp hefur komið í skiptum ríkja og erlendra einkaaðila á síðari árum, hinu svokallaða Lena Goldfields-máli 1930, en þar var um að ræða deilu út af samningi, sem enskt fyrirtæki hafði gert við Sovétstjórnina um gullgröft þar í landi, og hún var úrskurðuð af gerðardómi, sem sat í London. Þetta gerðardómsmál og úrskurður gerðardómsins er af fræðimönnum talinn hafa verulega þýðingu sem lögskýringaratriði á sviði alþjóðaréttar.

7. Ég nefndi dæmi þess, að franska stjórnin hefði ekki alls fyrir löngu orðið að hlíta úrskurði ensks gerðardóms um skipti sín við gríska skipafélag gegn vilja sínum og að boði eigin dómstóls 1957.

8. Ég nefndi dæmi þess, að í Grikklandi væru yfirleitt gerðir yfirgripsmiklir samningar í sambandi við erlenda fjárfestingu við hvern einstakan aðila á grundvelli fjárfestingarlaga landsins og þá allajafna með gerðardómsákvæðum.

9. Ég nefndi dæmi þess, að ýmis ríki Vestur-Evrópu hefðu gert gagnkvæma vináttu- og viðskiptasamninga við Bandaríkin, þar sem fjárfestingu bandarískra aðila er heitið fyrirgreiðslu og vernd gegn eignarnámi og öðrum harðræðum og það lagt á vald alþjóðadómstólsins í Haag að meta, hvort út af því hafi verið brugðið. Nefndi ég, að á Norðurlöndum hefðu Danir gert slíkan samning.

10. Ég skal svo nefna það dæmi, sem ég hef ekki fyrr vitnað til en vitnar um það sama, sem við erum hér að ræða, að á vegum Sameinuðu þjóðanna var haldin ráðstefna um gerðardóma í viðskiptum milli ríkja og erlendra einkaaðila árið 1958, sem átti að hafa þann tilgang að finna úrræði til þess að efla áhrif slíks gerðardómsfyrirkomulags, þar sem deilan stendur milli ríkis annars vegar og þegna annars ríkis hins vegar. Þessi conference er að vissu leyti svipaðs eðlis og þær ráðstefnur, sem haldnar hafa verið á vegum Alþjóðabankans, og með þeirri niðurstöðu, sem fengizt hefur í samþykktinni um úrlausn deiluaðila ríkis og einstaklinga, sem ríkisstj. hefur nú lagt fyrir þingið.

Það er að vísu sagt svo, að ISAL sé íslenzkt fyrirtæki og það sé það óeðlilega við þetta, að deila milli ISALs, þessa íslenzka fyrirtækis, og t.d. Landsvirkjunar fari fyrir erlendan gerðardóm. Það er nú að vísu í hinu orðinu talað um ISAL sem erlent fyrirtæki, og að efni til er það alveg rétt. Það, sem í raun og veru er um að ræða, er það, að Alusuisse er leyft að byggja og reka álbræðslu í Straumsvík, og það kom mikið til álita, að það yrði engin hlutafélagssamþykkt um þetta fyrirtæki, heldur væri félaginu bara veitt leyfi til þess að reka verksmiðjuna. En þeir óskuðu fyrst og fremst eftir því að hafa þetta í því hlutafélagsformi, sem samningsákvæðin þar um segja til um, vegna þess að það gæti komið til þess, að þeir þyrftu á því að halda að selja einhverja hluti og fá meðeigendur í þetta fyrirtæki hjá sér. En það er hins vegar gert ráð fyrir því, a. m. k. í upphafi, að það sé alveg þeirra einkaeign, og það er vegna þess, að þeir bera ábyrgð á öllum skuldbindingum þessa fyrirtækis gagnvart Landsvirkjun, ríkisstj. og Hafnarfjarðarkaupstað, og ríkisstj. og Alusuisse verða málsaðilar fyrir þeim gerðardómi, sem um er að ræða, þegar málið fer fyrir þennan alþjóðlega gerðardóm, sem ákvæði eru um í samningnum.

Í áliti minni hl. álbræðslunefndar er í raun og veru eðli málsins alveg réttilega skýrt. Þar segir um þetta atriði: „Það er alkunna, að gerðardómsákvæði hafa í mörg ár verið í ýmsum samningum Íslendinga við önnur ríki og varðandi erlend verzlunarviðskipti."

Lúðvík Jósefsson segir þetta í sínu nál.: „Slík ákvæði hafa af öllum verið talin eðlileg, því að þar hefur verið um að ræða hérlenda og erlenda aðila."

Það er það, sem hér er um að ræða. Ábyrgðaraðilinn er erlendur og ríkisstj. er hérlend. Ég held, að Lúðvík Jósefsson hafi ekki getað betur skýrt þetta. „Annar hefur átt eðlilega lögvernd á Íslandi," segir hann, „hinn erlendis. Þessir aðilar hafa skiljanlega komið sér saman um gerðardóm til þess að úrskurða deilumálin." Ég veit ekki, hvað menn vilja hafa þetta skýrar.

Það eru svo nokkur smáatriði, sem ég aðeins vildi að lokum víkja að. Ég man eftir því í umr., að hv. 5. þm. Austf. talaði um, að tollaeftirgjöfin væri um 500 millj. kr. Það mun vera í einhverjum gömlum skýrslum stóriðjunefndar, þegar reiknað var með 35% tolli af öllu aðfluttu efni og vélum til álbræðslunnar. Síðan hafa tollar hjá okkur lækkað á vélum til iðnaðar í 25% og sérstaklega niður í 10%, þegar vélarnar eru til útflutnings. Það væri miklu nær að miða þarna við 10% á vélum, en auk þess er útflutningsatvinnuvegur okkar að verulegu leyti tollfrjáls. Það er enginn tollur á bátum eða skipum, sem keypt eru til landsins, og það er enginn tollur á vöruflutningaskipum og enginn tollur á flugvélum. Á veiðarfærum er, held ég, 2 eða 4% tollur, svo að það væri miklu nær að miða hér við sennilegan meðaltoll útflutningsatvinnuvega okkar, sem er sennilega eitthvað um 5% eða kannske innan við það, og þá er þetta ekki nema nokkrir tugir milljóna króna í þessu dæmi, þegar talað var um 500 millj. kr. eftirgjöf. Svo er stefnt að því að öðru leyti, eins og ríkisstj. hefur lýst yfir, að lækka tolla, halda áfram að lækka tolla á vélum og öðrum varningi, sem fluttur er til landsins.

Menn hafa eðlilega haft mismunandi skoðanir á staðsetningu verksmiðjunnar og tala mikið um, að það sé glæfralegt að staðsetja hana hér í mesta fjölbýlinu, og það hefði átt að staðsetja hana í strjálbýlinu. Ég hef lýst því yfir, að ég hefði verið því hlynntur og var því hlynntur og lét sérstaklega kanna, eins og kunnugt er, eða ríkisstj., — möguleikana á að staðsetja verksmiðjuna í strjálbýli, en á það er hins vegar að líta, að e.t.v. er mesta fjölbýlið hagkvæmasti staðurinn fyrir svona verksmiðju, einmitt frá því sjónarmiði, að hún verði minni sogkraftur á mannafla heldur en annars staðar. Mér er sem ég sjái þessa verksmiðju staðsetta við Eyjafjörð. Hún mundi sennilega hafa dregið að sér afskaplega mikið af fólki einmitt úr sjávarþorpunum og minni stöðunum í kringum Eyjafjörð, bæði austan og vestan. Það hefði svo sem ekki verið vandalaust. Og mannaflaþörfin er miklu minni við þessar byggingar og framkvæmdir en menn vilja vera láta.

Ég vil benda hv. þm. á að veita því sérstaka athygli, að í áætlun Efnahagsstofnunarinnar á bls. 214 er gerð grein fyrir, hvað álbræðslan þurfi mikið við byggingu af mönnum eftir þeirra eigin áætlunum. Og það eru 110 menn 1967 og 285 menn 1968. Þá er á sama tíma gert ráð fyrir 75 mönnum við höfnina 1967 og 75 manns við höfnina 1968, og árið 1969 er þetta 215 manns við álbræðsluna og 75 manns áfram við höfnina, og mesti mannaflinn er þarna yfir sumartímann. En á öðrum stað í grg. Efnahagsstofnunarinnar er vikið að því, hver fjölgun sé á vorin á vinnumarkaðinum og mest í júlí. Svo minnkar hann, þegar kemur fram á haust, og yfir vetrarmánuðina er gert

ráð fyrir, að á þessum árum verði fjölgunin á vorin eða um sumartímann um 8400—8800 manns. Ég held þess vegna, að menn mikli fyrir sér erfiðleikana á vinnumarkaðinum, sem af þessari framkvæmd, álbræðslunni, stafar. Það þarf öll þessi ár miklu meiri mannafla til Búrfellsvirkjunar, og ég held, að hann sé nokkurn veginn sá sami, þótt Búrfellsvirkjun hefði verið eitthvað minni, hún hefði verið virkjuð án álbræðslu eða orðið 70 mw. í staðinn fyrir 105 mw.

Í áætlunum Efnahagsstofnunar er einnig gert ráð fyrir 350 manna aukningu á hverju ári í byggingariðnaðinum. En ég vil vekja athygli á því, að þar liggur hundurinn grafinn í þessu sambandi, að milli áranna 1963 og 1965 er áætlað, að fjölgað hafi um 1470 manns í byggingarstarfseminni, þ.e.a.s. um 735 manns að meðaltali hvort árið. Þetta er auðvitað óeðlilega mikill mannafli, og það mundi ekki skaða, þótt eitthvað minnkaði þessi mannafli þau 2—3 ár, sem verið er að vinna að þessum framkvæmdum við álbræðsluna og virkjunina, Búrfellsvirkjunina. Og það gæti vel verið, að þetta minnkaði líka verulega, ef heppileg framkvæmd verður á því að flytja inn tilbúin hús, eins og mönnum er kunnugt um, að unnið er nú að á vegum ríkisstj. af n., sem þar til hefur verið kosin og var efnt til í samráði við samninga við verkalýðsfélögin, þannig að þessi mikli mannafli gæti af þeim sökum stórkostlega minnkað einmitt á þessum árum, 1967, 1968 og 1969, ef vel tækist til með slíka framkvæmd. En það er alveg óeðlilegt, að mannaflaaukningin í byggingariðnaði haldi áfram að vera 10%, eins og hún er á þessum árum.

Það er misskilningur, að fyrirtækið hér, álbræðslan, sé undanþegin ákvæðum gjaldeyrislaga. Hún situr að því leyti við sama borð og aðrir aðilar, sem hafa erlendan gjaldeyri, bæði flugfélög og skipafélög, að hún hefur heimild til þess að ráðstafa sínum gjaldeyri. Er ekkert óeðlilegt við það og ekki um að ræða nein forréttindi fram yfir íslenzk fyrirtæki í því sambandi.

Um hreinsunartæki hélt hv. 5. þm. Reykv., Þórarinn Þórarinsson, því fram, — það kemur víst fram í nál. 2. minni hl., — að það væri sýnilegt, að ríkisstj. hefði samið af sér, með því að það væri ekki skylt að setja upp hreinsunartæki. Þessu mótmæli ég alveg. Þetta er ekki réttur skilningur á ákvæðum 12. gr., sem fjalla um þessi mál. Þar segir í 12.02:

„ISAL mun gera allar eðlilegar ráðstafanir til þess að hafa hemil á og draga úr skaðlegum áhrifum af rekstri bræðslunnar í samræmi við góðar venjur í iðnaði í öðrum löndum við svipuð skilyrði."

Ef það kemur í ljós, að hér sé einhver hætta á ferðinni, verða þeir að setja upp hreinsunartæki í samræmi við góðar venjur í iðnaði í öðrum löndum, og hv. þm. hafa vitnað til þess, að annars staðar hefðu þeir hreinsunartæki í öllum sínum bræðslum, að ég hygg. Að það skuli vera talið fært að hefja þessa framkvæmd án þess að hafa hreinsunartæki, — sem, eins og réttilega hefur verið tekið fram, eru dýr, — er vegna þess, að það er lítill gróður þarna, og þetta er á opnu svæði, en hættan er langmest, þar sem slíkar verksmiðjur eru reknar í námunda við landbúnaðarhéruð og einkum og sér í lagi í dölum og dalverpum, þar sem loftið sezt að og úrfallið liggur yfir að staðaldri, eins og við sáum t. d. í Suður-Sviss, þar sem Swiss Aluminium á álbræðslu, sem þmn. skoðaði í sumar.

Ég skal nú ekki þreyta þm. meira að þessu sinni, en ég taldi ástæðu til þess að koma þessum aths., sem ég nú hef gert að umtalsefni, á framfæri. Það er sagt, að við eigum ekki að ráðast í þessa framkvæmd, eins og hv. minni hl. álbræðslunefndar, Lúðvík Jósefsson, segir í þskj. 499, vegna þess að aldrei áður hafi þjóðin haft jafngóða og mikla möguleika til mikilla framkvæmda og framfara hér á landi. Þetta er út af fyrir sig mjög ánægjulegur vitnisburður, við skulum segja um viðreisnina, þó að hv. þm. vilji nú kannske segja, að þetta sé þrátt fyrir viðreisn. En við munum, að þegar ríkisstj. tók við á sínum tíma, voru allt aðrir spádómar um atvinnuástandið og möguleikana til lands og sjávar. En þó að okkar möguleikar séu miklir, held ég, að við verðum að gera okkur grein fyrir því, að það dettur engum í hug að draga úr, heldur þvert á móti að efla hina gömlu atvinnuvegi. Við verðum að gera okkur grein fyrir því, að það er eðlilegt og skynsamlegt að gera sérhverjar ráðstafanir á hverjum tíma til þess að auka og efla atvinnulífið, til þess fremur á þann hátt að geta varizt áföllum í okkar stopulu atvinnuvegum til lands og sjávar, þar sem eins og kunnugt er bæði veðrátta og veiði geta brugðizt.

Það hefur líka verið bent á það, að Íslendingar verði, þegar þessi samningur rennur út, um 400 þús. manns, rúmlega tvöföld tala á við það, sem er nú, og í sambandi við rafvirkjanirnar hefur verið talað um það, að þá mundi senn líða að því, að það væri fullvirkjað hér á Íslandi. Ég skal ekki leggja dóm á það. Fáum áratugum síðar væri búið að nota allar okkar vatnsaflsvirkjanir, en á þessum tíma, eða árið 2014, fáum við þó 120 mw. virkjun til okkar nota, virkjun, sem álbræðslan hefur notað fram að þeim tíma, ef við óskum þess sjálfir, því að lengur erum við ekki bundnir til þess að láta þá fá þessa raforku. Og það gæti einmitt komið mjög í góðar þarfir þá að fá þessa virkjun til okkar þarfa, á þeim tímum, er við eigum orðið lítið virkjanlegt afl, ef það er rétt, að svo sé. Og árið 2057, held ég, að það hafi verið, er gert ráð fyrir, að Íslendingar séu orðin þjóð upp á 1 millj. íbúa, og 2118 minnir mig, að áætlanir segi, að Íslendingar verði orðnir 3 millj.

Allt eru þetta atriði, sem eru þess eðlis, að við höfum fulla þörf á því að líta til framtíðarinnar og hagnýta á hverjum tíma alla þá möguleika, sem við höfum, til þess að gera efnahagsstarfsemina í þjóðfélaginu fjölþættari, og eigum við ekki að staldra við á þessu sviði, heldur reyna að nota aðrar auðlindir okkar, sem ýmsar rannsóknir liggja nú fyrir um, þó að þær séu ófullkomnar.

Ég er ekki að segja, að það eigi endilega að vera útlendingar, sem þarna leggi hönd að, það segi ég alls ekki og vil ekki, að það sé sagt, að með þessu hafi ég sagt, að þetta væri bara byrjunin á erlendum atvinnurekstri. Það hef ég ekkert sagt um. Það verður að metast á hverjum tíma. En ég legg áherzlu á það, að við verðum virkilega að huga að okkur og nota okkur sérhverja möguleika umfram þá ágætu og gömlu atvinnuvegi, sem hafa framfleytt þjóðinni fram til þessa, og eins og réttilega hefur verið tekið fram, oft

verið gjöfulir og skilað Íslendingum úr sárri fátækt í góð efni.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Þessar umr. um álbræðslusamninginn eru orðnar alllangar, og hef ég fram til þessa reynt að hlýða á mál manna, eins og ég hef átt kost á, og finna út úr þeim umr. það, sem fram hefur komið í þeim.

Af því, sem fram hefur komið í þessum umr., er það ljóst, að þessi samningur, sem hér er til umr., er ekki eins hagkvæmur og þeir, sem fyrir honum hafa talað, vilja vera láta. Það er greinilegt, að verð það, sem selja á raforkuna fyrir, er það lágt, að lítið má út af bera til þess að það nái því að vera framleiðsluverð. Það hefur verið margrakið hér í umr. og ekki hrakið, að þetta verð á raforkunni er lítið eitt hærra en gert er ráð fyrir, að framleiðsluverðið verði, miðað við þær áætlanir, sem fyrir liggja. Nú höfum við þá reynslu af þeim áætlunum, sem hæstv. ríkisstj. hefur látið okkur í té á hv. Alþ. um ýmsar framkvæmdir, að þær áætlanir hafa ekki staðizt, og í landi, þar sem verð hækkar jafnört og dýrtíð vex jafnmikið, eins og í okkar landi, reynast allar slíkar áætlanir erfiðar og hefur sýnt sig, að þær hafa ekki staðizt í framkvæmd. Þessu til viðbótar kemur það, að vegna samningsins um álbræðsluna verða framkvæmdir við virkjunina við Búrfell að vera hraðari en ella og stærri í sniðum, og enn fremur skapar þessi samningur verulega áhættu í sambandi við sölu á raforkunni til álbræðslunnar. Það gerir það að verkum, að byggja verður fleiri varastöðvar en ella hefði verið, og eins er með annan kostnað við framkvæmdina, hann verður að tryggja betur vegna samningsins en ella hefði verið gert á þessu stigi málsins. Enn fremur eru allir útreikningar hv. stjórnarsinna við það miðaðir, að raforka sú, sem er umfram þarfir Íslendinga í dag, væri óseljanleg á nokkru verði, og þess vegna fá þeir út þær tekjur, sem þeir reikna með.

Í öðru lagi er svo það, að vegna þessa sölusamnings verða Íslendingar sjálfir að fara að virkja fyrr en ella þær virkjanir, sem dýrari og óhagkvæmari eru taldar. Það gerir það að verkum, að tillit þarf að taka til þess, þegar meta á þann ágóða eða á hvaða grundvelli þessi viðskipti fara fram. Þá kemur það einnig í ljós í sambandi við þennan samning, að þessu erlenda fyrirtæki eru ætluð ýmis forréttindi, sem við höfum ekki til þessa veitt íslenzkum fyrirtækjum. Það á að fella niður tolla af öllu því, sem til álbræðslunnar og uppbyggingar álbræðslunnar á að ganga, og nýtur þetta fyrirtæki þess vegna sérréttinda, sem munu valda okkur erfiðleikum í sambandi við atvinnurekstur Íslendinga. Það hlýtur að leiða til þess, þegar erlent fyrirtæki, sem nýtur þessara sérréttinda, er komið hér í landið, að íslenzk fyrirtæki krefjist hins sama, og það verður með öllu óeðlilegt að veita erlendu fyrirtæki sérstaka ívilnun í sambandi við tolla og einnig skattgreiðslu, því að það er ekki gert ráð fyrir því, að þetta fyrirtæki fari að íslenzkum reglum um skattgreiðslu. Þessi tvöfaldi réttur í landinu hlýtur að valda erfiðleikum í framtíðinni, sem stjórnvöld þessa lands eiga eftir að finna fyrir síðar.

Í þriðja lagi hefur svo verið á það bent í þessum umr., að þetta fyrirtæki, þó að talið sé íslenzkt framleiðslufyrirtæki, á ekki að hlíta íslenzkum dómstólum, heldur sérstökum gerðardómi, og það er ljóst af því, sem fram kom í ræðu hæstv. dómsmrh. hér áðan, að það geta orðið æðimörg málin, sem verða matsatriði og gætu þess vegna gengið til gerðardóms, þegar til framkvæmdanna kemur í þessu máli.

Þessi þrjú atriði skilst mér, að séu meginatriði þessa máls, og þetta eru þau þrjú atriði, sem mest hafa verið rædd í þeim umr., sem hér hafa farið fram.

En hver er þá ástæðan til þess, að ekki hefur tekizt betur með samningagerðina heldur en raun ber vitni um? Til þess geta að sjálfsögðu verið margar ástæður. Ég vil samt ekki halda því fram, að þeir aðilar, sem að samningsgerðinni hafa komið, geti ekki staðið sig í samningum eins og aðrir, ef sá samningsgrundvöllur, sem þeir hafa, er sambærilegur. En ástæðan til þess, að samningurinn er ekki hagkvæmari en raun ber vitni Íslendingum, er fyrst og fremst sú auglýsingastarfsemi, sem stjórnarflokkarnir hafa haldið uppi um það, að þeir ætluðu sér að semja.

Það eru nokkur ár síðan það kom fram í umr., bæði á mannfundum og í blöðum, að ljóst var öllum, að ríkisstj. stefndi að því að gera þennan samning. Ég minnist þess, að fyrir einum tveimur árum fóru fram í ríkisútvarpinu undir þættinum „Spurt og spjallað" umr. um þetta mál, en meðal þeirra, sem þátt tóku í þeim umr., var einn af ritstjórum Morgunblaðsins, aðalmálgagns stjórnarinnar, og varaþm. Alþfl., Pétur Pétursson, en ritstjórinn var Eyjólfur Konráð. Það var öllum ljóst, sem hlustuðu á þær umr., hver þeirra vilji var, og það var líka þeim ljóst, sem hlustuðu, að þetta mundi verða grunntónninn í herbúðum stjórnarsinna.

Það leiðir af sjálfu sér, að þeir erlendu aðilar, sem við Íslendinga ætluðu að semja um þetta mál, hafa fylgzt með öllum hreyfingum hér á landi í sambandi við málið og einnig það, hvað hæstv. ríkisstj. og hennar lið var sólgið í að gera þessa samninga. Mér sýnist, að hæstv. ríkisstj. hafi haft uppi það mikinn áróður hér á landi, að hún hafi alveg gleymt því, að einmitt þessi áróður mundi valda henni erfiðleikum í sambandi við samningana, eins og raun ber vitni um. Árangurinn af samningunum er vegna þessa áróðurs ríkisstj. ekki betri en raun ber vitni um, og ljóst er það, að betur þarf að halda á þessu máli framvegis en hingað til hefur verið gert, ef vel á að fara.

Í sambandi við þetta mál vil ég rifja það upp, að sú stefna, sem íslenzka þjóðin hefur fylgt til þessa í sambandi við notkun erlends fjármagns, hefur verið lántaka erlendis, þar sem Íslendingar sjálfir hafa haft ágóðann af rekstri fyrirtækjanna og jafnframt áhættuna. Reynslan hefur sannað það, að þessi leið til fjáröflunar hefur reynzt vel hér á landi. Á þennan hátt hefur okkur tekizt að byggja upp okkar atvinnuvegi og byggja upp okkar þjóðfélag frá því að við fórum sjálfir að fara með mál okkar. Áður fyrr höfðum við haft bitra reynslu af því, hvernig erlent fjármagn var notað og erlend fyrirtæki voru rekin hér á landi, og sú reynsla sýnir okkur það, að við þurfum að fara með mikilli varfærni. Hins vegar hefur reynslan af viðskiptunum um lánsfé sannað okkur sitt ágæti og hjálpað okkur til þess að koma málum okkar áleiðis.

Nú vil ég ekki í þessu máli frekar en öðru fordæma

það, sem mistekizt hefur, og telja, að það geti ekki komið til athugunar síðar meir, þó að mistök hafi einhvern tíma átt sér stað, og þess vegna geti það ekki skeð, að Íslendingar geti hugsað sér, að erlendir menn eigi hér atvinnufyrirtæki, vegna þess að þeir hafi af því slæma reynslu. En ég vil jafnframt undirstrika það, að lítil þjóð verður að gæta sín í skiptum við erlent fjármagn og erlendar þjóðir, ef hún vill halda sjálfstæði sínu. Og það er engin minnimáttarkennd fólgin í því, þó að við viðurkennum það, að þjóð, sem er ekki fjölmennari en íbúar við eina götu í stórborg, getur ekki gert ráð fyrir því, að hún geti verið jafnóhikandi í viðskiptum við aðrar þjóðir eins og stærri þjóðir og auðugri. Eins og minnimáttarkenndin getur verið skaðleg, eins getur of mikið sjálfstraust verið það, því að það er þó um þetta að segja, eins og Einar Benediktsson sagði, að „öfund og bróðerni eru skyld," og það er stutt á milli minnimáttarkenndar og of mikils sjálfstrausts. Íslenzka þjóðin verður að muna það, að hún er lítil þjóð, og hún verður að gæta þess, að erlent fjármagn fái ekki of mikil tök í þjóðlífinu, því að henni er það miklu hættulegra en stærri þjóð.

En hins vegar, ef á að fara inn á þessa braut og taka upp nýja stefnu í þessum málum, því að hin stefnan hefur verið alls ráðandi, verðum við í fyrsta lagi að fara þar með fyllstu varúð, og svo verðum við að gera okkur grein fyrir því, að þessi stefnubreyting verði okkur hagkvæm, þ.e. í fyrsta lagi, að viðskipti, sem við ætlum að gera, séu augljóslega hagkvæm eða í öðru lagi, að þessi stefnubreyting verði til þess að draga úr eða leysa þau vandamál, sem við er að glíma hverju sinni. Þá vaknar spurningin: Gerir þessi samningur, sem við erum að fjalla um nú, gerir hann það?

Það hefur verið sýnt fram á það í þessum umr., eins og ég drap á áðan, að samningurinn er okkur ekki hagkvæmur. Það, sem við fyrst og fremst ætlum að selja með þessum samningi, er vinnuafl. Það er það, sem við ætlum að selja hinum útlenda aðila, sem hér á að fá að reisa atvinnufyrirtækið. Eins og nú standa sakir skortir okkur mikið frekar vinnuafl heldur en hitt, og við getum ekki látið af hendi vinnuafl, til þess að vinna fyrir útlendinga, nema draga úr okkar eigin framkvæmdum. Það kom fram á s.l. ári, að farið var verulega að gera í því að draga úr framkvæmdum íslenzka ríkisins, og það er áframhald á því á þessu ári. En þar eru sem annars staðar mörg verkefni, sem ekki þola mikla bið. Við getum ekki dregið það lengi að halda áfram eðlilegri uppbyggingu í skólum, við getum heldur ekki gert það í samgöngukerfinu, svo að aðeins tvö dæmi séu nefnd. Þetta er heldur ekki eina framkvæmdin, sem á að fara að vinna að hér fyrir erlenda aðila. Þegar ég er að fara á milli míns heimilis og Alþ., sé ég stórar framkvæmdir, sem farið er að hefja uppi í Hvalfirði á vegum erlendra aðila. Þar er líka verið að binda íslenzkt vinnuafl til þess að leysa verkefni, sem ekki eru miðuð við þarfir þjóðarinnar. Ef ganga á langt í þessa átt, hlýtur það að verða til þess, að verkefnin, sem við þurfum að leysa sjálfir, verða óleyst, vegna þess að vinnuaflið er hjá hinum erlendu aðilum. Þess vegna mun þessi samningur verða til þess að auka þennan vanda, en ekki að draga úr honum. Þessi samningur verður heldur ekki til þess að leysa þann vanda á öðrum sviðum, sem við er að fást.

Það eru tvö meginvandamál í okkar þjóðlífi núna. Það er efnahagsmálið og það er byggðajafnvægismálið. Þessi samningur mun verða til þess að auka á þennan vanda, eins og ég mun nú víkja að.

Það er öllum ljóst, að tilflutningur landsmanna í byggð, ef hann er mikill, er mjög erfiður fyrir hverja þjóð, sem fyrir verður. Það er mjög dýrt að flytja byggð sína, koma sér upp heimilum og atvinnutækjum á nýjum stöðum og ganga frá verðmætum annars staðar, sem ekki eru nýtt. Þannig hlýtur það að verða, ef fólksflutningar innan lands fara að verða geysilega miklir eins og nú stefnir því miður að. Ef byggðin dregst hér mjög saman í landinu, þá hlýtur það einnig að leiða til þess, að þjóðarframleiðsla minnkar. Á hinum ýmsu stöðum úti um landsbyggðina er framleitt tiltölulega mjög mikið af útflutningsframleiðslu okkar, og framleiðsla á hvern íbúa þar hefur verið geysilega mikil hin síðari ár. Það hlýtur einnig að fara svo, að ef verulegar eyður koma í landsbyggðina, þá hefur það þau áhrif að lama þrek þjóðarinnar til þess að halda hér uppi sjálfstæðu þjóðfélagi. Þess vegna er þetta mál þegar orðið vandamál og kemur þó til með að verða það enn frekar.

Á síðari árum hefur nokkur iðnaður skapazt úti um landsbyggðina, og útlit var fyrir, að hann mundi verða til þess að draga úr þessum fólksflutningum. Iðnaður okkar hefur notið, eins og kunnugt er, nokkurrar tollverndar, en á hinum síðari árum hefur þetta breytzt mjög, svo að iðnaðurinn nýtur nú, a. m. k. margs konar iðnaður, miklu minni tollverndar en áður var, og úti um landsbyggðina er iðnaður af þessum sökum í verulegri hættu. Það er alveg vonlaust og þarf engan að undra, þó að íslenzki iðnaðurinn, svo ungur að árum og fjármagnslítill eins og hann hefur verið, geti ekki keppt við innfluttan iðnað frá háþróuðum iðnaðarlöndum og löndum, sem hafa mikið kapital í sínum iðnaði. Íslenzki iðnaðurinn þyrfti lengri tíma til þess að búa sig undir þá samkeppnisaðstöðu.

Staðsetning verksmiðjunnar á Norðurlandi hefði orðið annað mál en það er nú, því að þá hefði það lagzt á þá sveif að leysa vandamál, sem erfitt verður við að fást, í staðinn fyrir það, að með þeirri staðsetningu, sem verksmiðjunni er ákveðin, þá verður það til þess, að auka vandann, en ekki að leysa hann. Þess vegna, eins og komið hefur fram í þessum umr. og áður, var um höfuðbreytingu að ræða, er ljóst var, að verksmiðjan yrði staðsett suður í Straumsvík.

En það vandamálið, sem mest er við að fást í okkar þjóðlífi og verður æ alvarlegra með degi hverjum, er verðbólgan og sú dýrtíð, sem er í þessu landi. Það hefur komið fram í umr. hér á hv. Alþ. oft og mörgum sinnum áður, hversu alvarlegt þetta vandamál væri, og ég minnist útvarpsræðu fyrrv. forsrh., Ólafs Thors, þeirrar síðustu, sem hann hélt sem slíkur, þegar hann sagði, að ef ekki tækist að stöðva verðbólguna, þá væri allt annað unnið fyrir gýg. Það er nú öllum ljóst, að það hefur ekki tekizt að stöðva verðbólguna nema

síður sé, og við fjárl. afgr. í vetur sýndum við framsóknarmenn fram á það eins ljóslega og hægt var, hvernig verðbólgan er að grafa undan atvinnu- og efnahagslífi þjóðarinnar og hvernig fjárhagur ríkisins er leikinn af verðbólgunni m. a. á þann veg, að það fé, sem íslenzka ríkið getur varið til framkvæmda minnkar ár frá ári, en rekstrarkostnaðurinn og útgjöld vegna verðbólgu fara síhækkandi. Síðan fjárlagaafgreiðsla fór fram hér á hv. Alþ. hefur haldið áfram að síga á þessa hlið, þar sem gerðar hafa verið ráðstafanir til þess að styðja sjávarútveginn með fjárframlögum, sem löggjöf var sett um hér, og nú er farið að sækja fjármagnið til þess arna með því að fella niður niðurgreiðslur á vöruverði, og því er lýst yfir, að þær vöruhækkanir, sem af þessum ráðstöfunum leiði, verði bættar aftur upp með hækkaðri vísitölu og hækkuðu kaupi. Þess vegna er það augljóst, að þessi vandi, verðbólgan, er að verða æ meiri með hverjum deginum, sem líður, og hver ráðstöfun á fætur annarri er gerð, sem leiðir til þess eins að hraða verðbólgunni ennþá meira, en fleyta okkur aðeins fram hjá þeim erfiðleikum, sem við er að fást í það og það skiptið.

Það verkefni, sem lá okkur því næst, Íslendingum, var að fást við verðbólguna og reyna að finna leið út úr þeim vanda, sem efnahagslíf þjóðarinnar er í. Þessi samningur kemur til með að auka á þann vanda, þar sem spennan verður enn þá meiri en verið hefur einmitt á þeim stöðum, þar sem hún er mest. Hann hlýtur því að verða til þess að auka á vandræðin, en ekki að leysa úr þeim, eins og hefði þó mátt gera ráð fyrir, fyrst horfið var að því ráði að semja við útlendinga um staðsetningu á atvinnufyrirtæki hér í landinu.

En hver er þá ástæðan fyrir því, að þessi samningur er gerður? Ástæðan er fyrst og fremst sú, — og það kom fram hjá hæstv. ríkisstj. og stjórnarflokkunum þegar í upphafi valdatíma þeirra, — að þeir treystu ekki á íslenzka atvinnuvegi og trúðu ekki á land og þjóð til þess að sjá sér borgið. Ég er sannfærður um, að það góðæri, sem hefur verið nú síðustu árin, hefur í raun og veru tafið hæstv. ríkisstj. í því að framkvæma þennan vilja sinn. Það kom greinilega fram hér í upphafi valdatímabils núv. stjórnarflokka, að að þessu stefndu þeir, og þá, eins og í umr. núna, gætti oft og mörgum sinnum þess viðhorfs þeirra, að okkar atvinnulíf væri fallvalt, og þó að nú væri góðæri, þá mundi draga úr því. Þetta hefur greinilega komið fram í þessum umr. öllum. Því hefur verið mjög á lofti haldið, að okkar atvinnulíf væri ekki eins traust og það þyrfti að vera, og þetta átti svo að bæta úr því.

Hins vegar kemur það stundum fram í sambandi við þessar umr. og kom m. a. fram í ræðu hæstv. dómsmrh. hér áðan, að hér væri ekki um stórt atriði að ræða í okkar atvinnulífi, og ég mundi vilja segja, að vonandi yrði það ekki, því að því stærra atriði, sem það er fyrir íslenzkt atvinnulíf, að útlendingar séu þar að verki, því meiri hætta er á ferðum. Það hefur hins vegar sýnt sig, að íslenzkt atvinnulíf hefur komið þjóðinni til þeirra bjargálna, sem hún býr nú við. Íslenzkum atvinnurekendum hefur tekizt að byggja upp atvinnureksturinn með þeirri stefnu, sem ég hef lýst, við batnandi hag, eftir því sem reynsla þeirra hefur orðið meiri og árunum hefur fjölgað, er við höfum ráðið málum okkar sjálfir. Hins vegar er það nú mjög uggvænlegt, að hæstv. ríkisstj. skuli hafa gefizt upp við að ráða við efnahagsmál þjóðarinnar eða ráða fram úr þeim vanda, sem efnahagsmál eru í, eins og hún er nú greinilega búin að gera, og á þann hátt að skapa erfiðleika, sem hægt hefði verið að komast hjá.

Að lokum vildi ég svo segja það, að hæstv. núv. ríkisstj. hefur fengið betra árferði en nokkur ríkisstj. önnur. Þrátt fyrir það hefur hún gefizt upp við að framkvæma stefnu þá, sem hún setti sér í upphafi. Hún hét því í upphafi valdatímabils síns, að atvinnuvegirnir skyldu verða reknir styrkjalaust. Það hefur henni ekki tekist, heldur eykur hún þá styrki ár frá ári. Hún lýsti því yfir, að hún ætlaði að afnema vísitölu á kaup. Hún hefur nú tekið upp vísitölu á kaup, og aðalmálgagn hennar segir frá því, þegar niðurgreiðslurnar eru felldar niður, eins og gert var nú fyrir stuttu, að þetta komi bara fram í kauphækkun í gegnum vísitöluna. Hæstv. ríkisstj. hét því að skipta sér ekki af kjarasamningum. Það hefur engin ríkisstj. gengið jafnbeint í kjarasamninga og núv. hæstv. ríkisstj. Hæstv. ríkisstj. hét því að vera með greiðsluhallalausan ríkisbúskap. Hún hefur fengið meira góðæri og meiri umframtekjur í ríkissjóð en nokkur önnur ríkisstj., en þrátt fyrir það mun greiðsluhalli tveggja síðustu ára vera yfir 300 millj. kr. Og hæstv. ríkisstj. hét því að stöðva dýrtíðina. Dýrtíðin vex nú hraðar en nokkru sinni fyrr og er í raun og veru að verða skrímsli í okkar atvinnu- og efnahagslífi.

Þannig hefur hæstv. ríkisstj. tekizt að fást við þau mál, sem hún setti sér stefnu um, hvernig hún ætlaði að taka á, og henni bar að fást við samkv. því umboði, sem hún hefur, og þeim völdum, sem hún hefur í þessu landi.

Takmark hæstv. ríkisstj. hin síðustu ár hefur verið að ýta sér frá einu skerinu til annars, eftir því hvernig horft hefur í það og það skiptið. En einu hefur hún aldrei misst sjónar á, og það er að sitja áfram í ráðherrastólunum, hvernig sem gengið hefur um stjórn landsins.

Ég lít á þennan samning sem einn þátt hæstv. ríkisstj. til þess að lengja sína lífdaga og ýta sér frá því skeri, sem hún telur sig nú vera að bera að.

Enginn vafi er á því, að ef þessir samningar eiga ekki að verða íslenzku þjóðinni alvarlegir eða valda auknum vanda í þjóðlífi Íslendinga, þá þarf dugmeiri ríkisstj. en hæstv. núv. ríkisstj. er til þess að framkvæma þá. Hún hefur sýnt það, að hún getur ekki leyst efnahagsvandamálin, þegar bezt lætur í ári. Það eitt mundi því hafa nægt til þess, að ég væri andstæður slíkum samningum, sem svo mikinn dug þarf til að framkvæma í skiptum við aðra þjóð, að ég mundi ekki hafa talið það framkvæmd hæstv. ríkisstj., sem ekki hefur tekizt að halda á málefnum þjóðarinnar svo að vel fari, þegar náttúruöflin hafa þó lagt tækifærin upp í hendur hennar.

Ágúst Þorvaldsson: Herra forseti. Í þessu stóra máli, sem hér liggur fyrir, finnst mér, að ég geti ekki

komizt hjá að segja nokkur orð, til þess að mín afstaða komi fram og það þurfi ekki að efast um síðar, hvernig hún hafi verið og af hvaða ástæðum ég hafi greitt atkv. gegn þessu máli. Hvort sem reynslan í framtíðinni kann að leiða það í ljós, að mín afstaða hafi verið rétt eða röng, þá er rétt, að ég geri grein fyrir henni.

Ég var að undrast það í þessu mikla stórmáli, sem hér liggur fyrir, ég held stærsta máli, a. m. k. finnst mér það, sem komið hefur fyrir Alþ. þau ár, sem ég hef haft hér sæti, hversu fáir af liðsmönnum hæstv. ríkisstj. láta til sín heyra hér um málið. Það er einkennilegt, að þeir skuli ekki stíga hér í stólinn og vitna með ráðh. sínum um þýðingu og nauðsyn þessa mikla máls.

Mér fannst, að hæstv. iðnmrh. hafi í byrjun þessara umræðna, við 1. umr., verið með allt að því ósmekklegt orðaval í sambandi við okkur andstæðinga þessa máls, a. m. k. framsóknarmenn, þar sem hann var að tala um það, að formaður Framsfl. hefði lagt beizli við flokksmenn sína. Mér finnst leiðinlegt, að jafnmyndarlegur og prúður maður og hæstv. iðnmrh. er skuli nota slíkt orðaval um andstæðinga sína hér. Þetta á sjálfsagt að merkja það, að við séum allir hafðir í taumi hjá formanni okkar í Framsfl. Ég held, að samkv. sams konar hugsanagangi og þarna er um að ræða og þeirri samlíkingu, sem hæstv. iðnmrh. var með um okkur, að þá mætti samkv. slíkum hugsanagangi segja um hann, að hann hefði bæði mýlt og líka keflað sína liðsmenn, hvað þennan álverksmiðjusamn. snertir, því að fæstir þeirra sjást hér í þingsölum meðan verið er að ræða málið, og varla nokkur þeirra kemur upp orði. Sannleikurinn er auðvitað sá í þessu máli eins og öðrum stærri málum hér, að flokkaböndin eru alltaf sterk, og þau eru það í öllum flokkum. Þau eru það ekki frekar í einum flokki en öðrum, og ég verð að segja það, hvað mig snertir, að mér finnst, að ekki beri að lasta það. Til þess hafa menn valizt saman í flokka, að þeir hljóta, þegar á reynir, að standa saman um mál, ef meiri hlutinn í flokki þeirra hefur komizt að þeirri niðurstöðu, að hann vilji koma því fram hér á hinu háa Alþ. Mér finnst, að ekki beri að lasta þetta, og mér finnst, að flokksforingjar ættu ekki að vera að hafa óvirðingarorð hvorki um forystumenn né óbreytta liðsmenn annarra flokka af þeim sökum, því að slíkt hrín ekki síður á þeim sjálfum og þeirra mönnum.

Íslenzka þjóðin hún hefur alla tíð síðan hún fór að rétta úr kútnum og sækja fram til nýrrar tækni og framfara, þá hefur hún verið framsækin og hún hefur verið nýjungagjörn og fús til framkvæmda. Þetta held ég, að sé talið vera nokkuð áberandi einkenni á þjóðinni í augum þeirra, sem hingað koma og kynna sér þjóðlíf okkar. Þetta er auðvitað gott og blessað, og það hefur sína kosti, en því geta líka fylgt vissar hættur. Það segir svo gamall málsháttur, að kapp sé bezt með forsjá, og að sá, sem hraðar sér, hann getur stundum misstigið sig. Eins og hverjum manni er það nauðsynlegt að þekkja stærð sína og takmarkanir, þá er eins og ekki síður þjóð nauðsynlegt að gera sér grein fyrir stöðu sinni og möguleikum eins og þeir eru á hverjum tíma.

Íslendingar eru smáþjóð. Þeir eru svo agnar lítil þjóð að höfðatölu, þegar miðað er við aðrar þjóðir, að útlendir menn, þeir skilja varla, að svo lítill hópur manna geti haldið uppi sjálfstæðu menningarríki. Við höfum alltaf verið smáþjóð, frá því fyrsta, að landið var numið. Það er talið af fróðum mönnum, að frá landnámstíð og til síðustu aldamóta, þá hafi aðeins 1 millj. manna náð hér fullorðinsaldri, náð tvítugsaldri eða meira, í rúmlega 1000 ára búsetu þjóðarinnar í landinu. Nú er hins vegar þjóðinni talsvert farið að fjölga, en samt er hún sennilega enn fámennari í samanburði við nágrannaþjóðir sínar en hún áður var, því að þær hafa líka vaxið.

Íslendingum, þeim hafa alla tíð gengið illa öll samskipti við aðrar þjóðir, og veldur þar fyrst og fremst smæð þjóðarinnar. Viðhorf annarra þjóða hafa löngum, og er svo enn, verið svipuð því sem viðhorf risans er til dvergsins eða hins fullorðna manns til barnsins, þegar þeir hafa litið til okkar. Eina ástæðan til þess, að á okkur hefur verið hlustað og tillit til okkar tekið, er menningarsaga okkar, varðveizla tungu okkar og sagna frá fornum tímum. Þar hefur íslenzka þjóðin lagt heimsmenningunni til þátt, sem er virtur og metinn af þeim, er kunna skil á slíku. Reynsla þjóðarinnar af samskiptum við aðrar þjóðir fyrr á tímum og raunar í ýmsu tilliti allt fram á þennan dag er þannig, að mér finnst, að tortryggni og varfærni af hendi Íslendinga sé ekki aðeins eðlileg heldur einnig bráðnauðsynleg, a. m. k. að mínum dómi, og hentar vel að muna hið forna heilræði Hávamála: „Gáttir allar áður gangi fram um skoðast skyli, um skyggnast skyli". Það ber okkur að gera, áður en gerðir verði samningar við önnur ríki eða fjársterka aðila í öðrum löndum.

Það sézt bezt á því, hversu smár aðili íslenzka þjóðin er, að fjöldi fyrirtækja og verksmiðja í öðrum löndum hefur fleira fólk í sinni þjónustu en alla verkfæra menn á Íslandi. Það þarf þess vegna engan að undra, þó að ekki geti allir orðið sammála um svo viðurhlutamikið mál eins og það er að leyfa erlendu auðfélagi að reisa og reka hér fyrirtæki, sem á íslenzkan mælikvarða er risavaxið að stærð. Tregða gegn slíku þarf ekki að þýða það, að hún sé sprottin af afturhaldssemi eða andstöðu gegn framförum eins og ég hef bæði heyrt og einnig séð haldið fram, og þeir menn eru stimplaðir afturhaldsseggir, sem ekki gerast talsmenn fyrir slíku fyrirtæki.

Þegar hér hefur verið stofnað til nýjunga í atvinnurekstri af innlendum aðilum, þá hefur það yfirleitt mætt skilningi og stuðningi bæði stjórnmálamanna og almennings. Það má minna á nokkur dæmi um slíkt. Það má nefna Eimskipafélag Íslands, en með því var ráðizt í það að færa siglingar að og frá landinu í innlendra manna hendur. En sú lífsnauðsynlega þjónusta, hún hafði um margar aldir verið í höndum útlendra manna, sem ekki ráku þá atvinnu með hagsmuni þjóðarinnar fyrir augum, heldur sína eigin hagsmuni. Ég hygg, að það muni hafa átt einn mesta þáttinn í efnahagslegri niðurlægingu þjóðarinnar, að hún þurfti að sætta sig við siglingar til landsins af hálfu útlendra manna eingöngu. Þá má nefna áhuga þann og samstöðu, sem verið hefur um flugmálin hér,

og eflingu þess atvinnurekstrar í höndum innlendra manna. Tvær stóriðjuverksmiðjur, Sementsverksmiðjan og Áburðarverksmiðjan, hafa risið hér upp með góðu samkomulagi stjórnmálaflokkanna og almennings. Þá má nefna þau orkuver, sem hér hafa verið reist til þessa, og á síðasta þingi var samkomulag um heimild handa stjórn Landsvirkjunar til að reisa 210 þús. kw. orkuver í Þjórsá.

Ég hef nefnt þessi dæmi til að sýna fram á það, að hér er enginn öðrum fremri um áhuga fyrir framförum og aukinni tækni, og enginn ágreiningur svo að teljandi sé hefur verið hér um stofnun slíkra framkvæmda né heldur um rekstrarform þeirra, þegar þær hafa verið gerðar fyrir innlent fé eða fyrir lánsfé frá útlöndum og íslenzkir aðilar, einstaklingar, félög eða hið opinbera, hafa verið eigendur og stjórnendur slíkra fyrirtækja. Framfaraáhuginn, hefur reynzt einlægur og jafn hjá þjóðinni og samkomulag yfirleitt hjá stjórnmálaflokkunum um það að láta erlenda aðila ekki ná hagsmunaaðstöðu hér í landinu fyrir fjármagn sitt. Þessi afstaða hefur yfirleitt byggzt á þeirri staðreynd, að þjóðin er svo fámenn og auðmagn hennar er svo lítið, að það sé ekki vogandi að hleypa hér inn útlendum atvinnurekendum með stórkapítal.

Stóriðja og stórrekstur útlendra manna hlýtur samkv. eðli sínu og tilgangi að stefna að sem mestum gróða án tillits til hagsmuna þjóðarinnar, og þess erfiðara er að verjast slíku, þar sem þjóðin er fámenn, eins og ég hef áður vikið að, og tiltölulega fátæk, og alltaf hlýtur við slík skilyrði að skapast aðstaða fyrir einhver innlend öfl til hagnaðar af því að styðja eigendur stórrekstrarins. Ef við Íslendingar eigum að geta haldið sjálfstæði okkar og menningararfi, þá verðum við að eiga vakandi og heita þjóðernistilfinningu. Þetta er okkur nauðsynlegra en öðrum vegna fámennis okkar. Þjóðerniskenndin er sterkasta vörnin gegn peningavaldi auðhringa, sem hér geta séð sér leik á borði vegna mikilla orkulinda landsins til að smeygja með samningum, eins og t. d. álbræðslusamningnum, fjötri á okkur efnahagslega.

Það hefur verið sagt í þessum umr., að 25 eða 45 ár séu ekki langur tími í lífi þjóðar, og þetta er satt, en á okkar dögum er reynslan sú og hefur verið sú á okkar tíð, sem nú erum uppi, að atburðirnir gerast ört, og hver áratugur, hvað þá meira, veldur miklu meiri breytingum núna í lífi þjóðarinnar og þjóðanna yfirleitt, ekki sízt hjá okkur hér, heldur en áður var.

Mér hefur skilizt það, að sumir spái því, að á næstu grösum séu nýjar orkulindir, sem muni gera rafmagn ódýrt. Þess vegna sé nú um að gera að flýta sér að ná samningum um álbræðslu hér, og með tilliti til þessara nýju væntanlega ódýru orkulinda, þá megi telja raforkuverð samningsins allgott. Þannig hefur mér skilizt, að röksemdafærsla ýmissa hafi verið. Ekki er að sjá, að þeir útlendu menn frá svissneska alúmíníumfélaginu hafi þessa skoðun, því að þá væru þeir auðvitað ekki að byggja álbræðslu bæði í Noregi og hér, sem knúðar eru með raforku frá vatnsafli, og flytja til þeirra hráefni um hálfan hnöttinn. Þeir hefðu heldur, ef þeir tryðu á það, að ódýr orka frá kjarnorkurafstöðvum væri á næsta leiti, beðið og búið sig undir að taka á móti slíkri orku og byggja slíkar stöðvar, þar sem hráefnið er, og losna þannig við dýra raforku og hina mjög svo dýru efnisflutninga. Ég hygg þess vegna, og mér finnst líta út fyrir það, að þeir trúi ekki mjög mikið á spádómana um ódýrar kjarnorkuknúðar rafstöðvar á nálægum tímum.

Ég álít vera stórhættulegt fyrir okkar litlu þjóð að hleypa inn í landið útlendum atvinnurekendum með stórkapítal til fjárfestingar í landinu, því að það getur aldrei hjá því farið, að slík fyrirtæki hafi margvísleg áhrif á málefni þjóðarinnar, ef ekki beint, þá óbeint á ýmsa vegu, og þá þarf skemmri tíma en 25 ár, að ég nú ekki tali um 45 ár, til þess að slíkt peningavald sem atvinnurekandi og eigandi stóreigna geti ekki á ýmsan hátt sveigt smáþjóðina til afstöðu, sem er fyrirtæki þeirra heppileg. Hjá mannfleiri þjóðum, jafnvel þó að þær teldust smáþjóðir, er slík hætta miklu minni.

Íslendingar eru sem svarar 1 á móti 19 eða 20, þegar miðað er við fólksfjölda Noregs. Allir geta nú séð, hversu miklu hægara það er fyrir Norðmenn að hafa í landi sínu atvinnurekstur erlendra fésýslumanna, þar sem þeir eiga miklu fjölbreyttara atvinnulíf sjálfir heldur en við og eru okkur tvítugfalt fjölmennari. Enda er raunin sú, að þegar Svisslendingar, sem eru að byggja álverksmiðju í Noregi, vilja koma á fót álbræðslu einnig hér og kaupa af okkur til þess raforku, þá semja þeir við íslenzka ráðamenn um miklu hagstæðari kjör fyrir sig en þau, sem þeir urðu að ganga að í Noregi.

Íslenzka ríkisstj. hefur auðvitað viljað fá sem bezta samninga við Svisslendingana, en henni virðist vera það svo mikið áhugamál að koma hér á fót stóriðju á vegum útlendinga, að hún gerir sér að góðu samninga, sem eru verri fyrir íslenzku þjóðina en samningar við sama félagið eru um sams konar mál fyrir norsku þjóðina. Þessi mikli áhugi hæstv. ríkisstj. á því að fá hingað til landsins auðugt stóriðjufélag til að koma upp og reka hér stóriðju er að mínum dómi alleinkennilegur, ekki sízt, þegar á það er litið, hvernig ástatt er í atvinnumálum, þar sem allir atvinnuvegir eiga í vandræðum vegna skorts á vinnuafli og árlega er hér að starfi fjöldi útlendra manna.

Það væri nokkru öðru máli að gegna, ef atvinnuleysi væri eða svo háttaði til, að einhverjar atvinnugreinar mættu þjóðinni að skaðlausu dragast saman. En svo er ekki, a. m. k. fæ ég ekki séð, að svo sé. Og eitt af því, sem ég óttast við erlenda fjárfestingu hér á landi í svo stórum stíl sem verða mun afleiðing af samningnum við hið erlenda auðfélag um stofnun og rekstur álverksmiðjunnar hér, er það, að þegar svo sterkur auðhringur sem hér er um að ræða er farinn að starfa hér á landi, þá getur svo farið, sem skeð hefur í ýmsum löndum, svo sem á Kúbu og víðar, að eignir Íslendinga dragist smátt og smátt úr höndum þeirra sjálfra og í hendur hinna erlendu aðila. Það er eðli fésýslumanna yfirleitt að beita fjármagninu til þess að leggja undir sig lönd og landsgæði og efla vald fjármagnsins til áhrifa í hverju því þjóðfélagi, þar sem þeir eru með það starfandi. Smáþjóðin er í mikilli hættu fyrir slíku, og í raun og veru getur ekkert bjargað frá slíkri hættu annað en vakandi þjóðerniskennd og þjóðarstolt og sjálfstæðisvilji. Þetta þarf allt að fara saman og vera fyrir hendi. Svipa af því tagi

þarf sífellt að hanga yfir höfði þeirra, sem eiga að annast samninga fyrir þjóðarinnar hönd við útlendingana og gæta hagsmuna íslenzku þjóðarinnar.

Mér finnst, að samningur sá, sem hér liggur fyrir og gerður hefur verið af hinni íslenzku ríkisstj. fyrir milligöngu hæstv. iðnmrh., sé ekki gerður af nógu mikilli aðgát um þetta. Mér finnst, að þeir íslenzku ráðamenn, sem þar áttu hlut að máli, hafi ekki verið nógu beinir í baki. Það er eins og þeir hafi beygt sig og teygt sig eftir hinu útlenda fjármagni, það sýnir raforkuverðið, sem þeir hafa sætt sig við. Þeir hafa ekki staðið eins beinir og stoltir gagnvart útlendu gulli og Egill Skallagrímsson, og var hann þó talinn manna fégráðugastur um sína daga. En þegar Egill var staddur í höll hins auðuga og volduga Aðalsteins Englandskonungs, og konungurinn vildi launa Agli vel dygga fylgd og reyna á fégræðgi hans um leið, þá renndi konungurinn digrum gullbaug á sverðsodd sinn og rétti að Agli og ætlaðist til þess, að Egill beygði sig eftir gullinu og tæki við því með berum höndum. En Egill hélt stolti sínu og fullri reisn. Hann dró sverð sitt úr slíðrum og dró til sín fingurgullið Aðalsteins konungs með sverðsoddi sínum. Þannig hélt hinn íslenzki höfðingi fullri reisn sinni og sjálfsvirðingu gagnvart erlendum valdsmanni og lét ekki ginnast til auðmýkjandi viðurtöku fjárins, þótt honum þættu góðir fjársjóðir þeirra tíma og hinn rauði málmur betri en allt annað.

Mér finnst sagan af Agli í höll Aðalsteins eitt af beztu gullkornunum í íslenzkum bókmenntum. Sú saga ætti að vera lesin og lærð í hverjum unglingaskóla þessa lands til að kenna hverri kynslóð að meta meira sjálfsvirðingu sína og þjóðarmetnað en gull, sem að þeim er rétt á sverðsoddi auðhyggjunnar af síngjörnum samningamönnum.

Þrátt fyrir það, þó að ég sé stjórnmálaandstæðingur þeirra hæstv. ráðh., sem mestu hafa ráðið af Íslendinga hálfu um gerð alúmíníumsamningsins eða álsamningsins, þ. e. a. s. hæstv. forsrh. og hæstv. iðnmrh., þá met ég báða þessa menn mikils og veit, að þeir vilja þjóð sinni vel. En mér finnst, að þeir hefðu ekki átt að vera svo bráðlátir til að grípa gullið, sem Swiss Aluminium rétti til þeirra á sverðsoddi sínum. Mér finnst þeir hafi teygt sig of langt til að ná því. Þeir hefðu að mínum dómi átt að rétta fram eftir slíku gulli sverðsodd íslenzkrar varfærni og þjóðarstolts, og þá gæti verið, að samningur sá, sem hér er nú verið að ræða, væri annaðhvort ekki fyrir hendi eða þá hagstæðari en raun ber vitni um.

Eitt af því, sem dregið hefur verið inn í umr. um álverksmiðjusamninginn, bæði hér á hinu háa Alþ. og einnig í blöðum, og átt hefur að sanna fánýti andstöðunnar gegn samningnum og einnig átt að koma afturhaldsstimpli á þá, sem andmælum beita og gagnrýni á álverksmiðjusamninginn, er það, að þeim hefði mjög skjátlazt, sem á sínum tíma beittu sér gegn samningi Hannesar Hafstein við Stóra norræna ritsímafélagið um lagningu sæsímans til Íslands og síðan símalagninguna um landið. Þeir menn, sem stóðu fyrir andstöðu við þann samning og gegn þeirri framkvæmd og beittu sér á móti Hannesi Hafstein í því máli, þeir gerðu það ekki af andstöðu við framfarir, ég fullyrði það, heldur af því, að þeir töldu aðra aðferð til að koma fjarskiptasamböndum á vera betri, ódýrari og meira í samræmi við nýjustu uppfinningar á því sviði. Þeir töldu, að þráðlaust samband væri það, sem koma mundi. Eftir því ætti að bíða, og þess vegna vildu þeir fresta málinu. Þetta var höfuðástæðan fyrir þeirri andstöðu, sem uppi var þá gegn símamálinu, en engin afturhaldsmennska eða hræðsla við framfarir.

Það er ein stétt manna sérstaklega, sem hefur í seinni tíð, — og hefur það einnig komið fram í þessum umr. og sézt einnig um það rætt í blöðum, — verið stimpluð afturhaldssöm á þeim tíma, þegar símamálið var á dagskrá, en það er bændastéttin. Hún hefur verið sérstaklega tekin fyrir og stimpluð sem afturhaldsstétt á þeim tíma að minnsta kosti í þeim umr., sem fram hafa farið. Ég hef bæði heyrt rætt um það og séð um það ritað. Mig langar að fara um þetta nokkrum orðum.

Samkv. samtímaheimildum frá 1905, þegar þetta gerðist, þá komu nokkrir bændur hér til Reykjavíkur til þess að taka þátt í mótmælafundi gegn símasamningnum. Blaðið Fjallkonan birti fréttir af því, hvaðan þessir menn hefðu verið og hvað þeir hefðu verið margir. Hún sagði, að hátt á þriðja hundrað manns hafi komið til Reykjavíkur til þess að mótmæla símasamningnum. Og hún segir, að yfirgnæfandi meiri hl. þessara manna, sem komu, hafi verið úr Gullbringu- og Kjósarsýslu og Hafnarfirði, og svo eru hinir taldir upp og sagt, að úr Rangárvallasýslu hafi verið 34, úr Árnessýslu verið 20 menn, úr Borgarfjarðarsýslu 11 og af Mýrum 24.

Ég hef veitt því athygli, að oftast er það talið, að bændur í Árnes- og Rangárvallasýslum hafi verið höfuðandstæðingar símamálsins, beitt sér mest gegn því og í raun og veru verið einir, sem riðu til Reykjavíkur um sumarið 1905 til að andmæla símasamningnum. Sannleikurinn er sá, eins og sést á því, sem ég hef sagt um þá, sem mættu hér í Reykjavík til þess að andmæla símasamningnum, að þá var meginhluti þeirra úr nágrenni Reykjavíkur og Hafnarfirði og sunnan með sjó. En andófið gegn símasamningnum var fyrst og fremst byggt á því, að menn bjuggust við því, að þráðlausa sambandið væri það, sem koma mundi og verða bæði öruggast og ódýrast, og þess vegna vildu þeir bíða.

Þó að þessir atburðir, sem ég hef hér nefnt, gerðust fyrir mína daga, þá er ég nú orðinn það gamall samt, að ég kynntist ýmsum bændum á mínum yngri árum, sem voru í þessari suðurreið sumarið 1905 til þess að mótmæla símasamningnum, og ég get vel um það borið af persónulegum kynnum mínum af sumum þessara manna, að þeir voru meðal hinna ötulustu framfaramanna og leiðtoga í framfaramálum um sína daga í sínu héraði. Þess vegna þykir mér hart að hlusta á það og lesa um það í blöðunum hvað eftir annað, að þeir hafi verið afturhaldsmenn fyrir það eitt, að þeir, ásamt mörgum mönnum úr öðrum stéttum, vildu láta athuga aðrar leiðir jafnframt símalagningarsamningnum til að koma á fjarskiptasambandi um landið og við önnur lönd.

Það breytir engu í þessu máli, þó að aðrir, þ. e. a. s.

þeir, sem símasamningnum voru fylgjandi, reyndust vera svo heppnir að hafa haft rétt fyrir sér. Báðir málspartarnir vildu landi sínu vel alveg eins og nú í þessu álverksmiðjumáli, og auðvitað eru allir nú í dag á einu máli um að óska þjóð sinni hins bezta í þessu máli og að álverksmiðjusamningurinn, ef hann nær samþykki hér á hinu háa Alþ., sem ekki þarf að efa, — þá vilja auðvitað allir, einnig þeir, sem eru honum andstæðir í því formi, sem hann er, óska þess, að þjóðinni megi reynast hann betur en hægt er nú að gera ráð fyrir.

Í samskiptum við útlendinga er mér varfærnin efst í huga, eins og ég tók fram þegar í upphafi máls míns. Frá þeim tíma, er ég var enn barn að aldri, er mér minnisstætt, hvernig Íslendingar glopruðu út úr höndunum á sér í hendur útlendra auðfélaga t. d. vatnsréttindunum í Þjórsá. Þá voru eigendur vatnsréttindanna í Þjórsá ginntir með útlendu gulli og fögrum framtíðarfyrirheitum um stórkostlegar framkvæmdir útlendinga hér á landi og gullstraumi inn í landið. Þeir voru ginntir á slíkum forsendum til þess að selja þessi miklu vatnsréttindi. Tímanna rás var okkur svo hliðholl í því, að við gátum aftur náð til okkar þessum eignum, en eins og kunnugt er beitti Hermann Jónasson sér fyrir því, að landið keypti vatnsréttindin aftur af þeim útlendu aðilum, sem höfðu náð þeim frá okkur, fyrir að vísu talsvert fé þá, en sem þó var einskis virði samanborið við það að eiga og ráða einir yfir þessum miklu auðæfum.

Þá mætti muna ásókn útlendinga í að ná til sín eignarréttinum á Gullfossi. Þeir höfðu náð honum hálfum og íslenzkir áhrifamenn sóttu fast að koma hinum helmingnum einnig í eigu útlendinga. Það var íslenzk alþýðukona með glóð ættjarðarástar og þjóðernistilfinningar í brjósti, sem bjargaði málinu þannig, að ekki varð skaði og skömm af fyrir okkur. En hvernig var litið á Sigríði Tómasdóttur í Brattholti þá af þeim, sem vildu selja útlendingum Gullfoss allan? Hún var talin sérvitur og fávís að vilja ekki peninga. Það verða margir af gullinu ginntir, en Sigríður í Brattholti vildi heldur hafa fallegasta foss landsins í eigu þjóðarinnar en nokkur þúsund kr. í handraða.

Þau ráð, sem voru runnin frá tilfinningum Sigríðar í Brattholti, þau reyndust þjóðinni drýgri til heiðurs og hamingju en köld ágirnd og auðhyggja hinna lærðu manna, sem stóðu í samningum við fulltrúa erlends peningavalds.

Einar Þveræingur vildi ekki láta Grímsey til útlends valdamanns, þótt í móti væri lofað vináttu og vildarkjörum. Einar hefur með þeim ráðum sínum skapað sér ódauðlegt nafn í Íslandssögunni. Þau Einar Þveræingur og Sigríður í Brattholti eru bæði fulltrúar hins heilbrigðasta og bezta í þjóðarsálinni. Fólk með slíkum hugsunarhætti eru fulltrúar auðhyggjunnar vanir að tala um sem sérvitringa og orð þess eru oft kölluð tilfinningavæl.

Geysir í Haukadal er talinn eitt furðulegasta og stórfenglegasta náttúrufyrirbrigði sinnar tegundar í heiminum. Útlend fésýsluhugsjón þóttist eygja gróðamöguleika í sambandi við Geysi, og hann var seldur útlendingum. Ég man, að mér þótti sárt og mörgum öðrum á mínum æskuárum að þurfa að þola það, að Íslendingar ættu ekkert í Geysi. En svo gerðist það, að íslenzkur maður, Sigurður Jónasson, gat náð Geysi í sína eign, og svo gaf hann landinu þennan heimsfræga hver. Slíkt verk verður aldrei fullþakkað, en sagan mun launa hverjum eftir verðleikum. Nafn Sigurðar Jónassonar lifir þar af þessu verki og fleirum honum til ævarandi heiðurs.

Mér þótti líka hart, þegar ég var ungur, að hin sögufrægu höfðingjasetur, Haukadalur og Bræðratunga í Biskupstungum, þau voru bæði komin í eigu útlendra manna, en sem betur fór voru eigendurnir veglyndir menn, sem létu íslenzku þjóðina fá þessar eignir aftur í sínar hendur.

Ég hef drepið á og rakið þessi dæmi til að sýna, hvað ég m. a. hef í huga, þegar ég tel, að smáþjóðin þurfi að fara varlega í öllum samskiptum við auðmagn erlendra manna. Smáþjóðin íslenzka er veik fyrir fépyngjum auðmanna, eins og þau dæmi, sem ég hefi drepið á, sanna, og flest viðskipti okkar við erlenda fulltrúa eða eigendur peninga hafa okkur þunglega gengið, og við þurfum í slíkum viðskiptum að búa vel um rétt þjóðarinnar til að njóta landsins og gæða þess. Við eigum, fólkið, sem býr í þessu landi, að eiga hér forgangsrétt, og við eigum, að tryggja þann rétt fyrir niðja okkar. Ég óttast, að þegar erlent auðfélag er komið með stóreignir og stóriðju hér inn í land okkar, þá seilist þetta félag eða einstakir menn, sem því eru áhangandi, eftir þeim landssvæðum og landsnytjum og landsgæðum, sem þeim sýnast gróðavænlegastar. Og hverjir eru þá, sem geta hamlað á móti? Það mun hafa hent ýmsar fátækar þjóðir að missa allt það bezta af sínum landsgæðum í hendur útlendra, auðugra manna, og síðan hafa slíkar þjóðir orðið eins konar hjú eða þrælar þeirra, sem fjármagnið eiga og í flestum tilfellum flytja gróðann af eignum sínum í burtu til sinnar fósturjarðar. Margar blóðugar uppreisnir hafa á síðustu áratugum átt sér stað af þessum sökum, þegar hið kúgaða fólk hefur með einhverjum hætti verið að reyna að hrista af sér okið.

Ég minntist áðan á það, að Þjórsá var á tímabili komin í eigu útlendinga, en fyrir framsýna forystu Hermanns Jónassonar náði ríkið vatnsréttindunum í sínar hendur. Það var gæfuverk fyrir þá, sem að því stóðu, og mætti gjarnan halda því á lofti meira en gert hefur verið.

Það er um eitt ár liðið nú, síðan hér var samþykkt á Alþ. að stofna til svokallaðrar Landsvirkjunar og veita henni heimild til að virkja 210 þús. mw. í Þjórsá. Ég var einn af þeim, sem samþ. þetta og tel, að þetta sé gott mál og geti reynzt þjóðinni gagnlegt. Þjóðina skortir mjög raforku, og því er mjög nauðsynlegt að taka dálítið brot af vatnsafli landsins og breyta því í raforku, sem þjóðin getur notað til ljóss og hita og til að knýja stritandi vélar.

Ráðagerðirnar um fyrstu virkjun Þjórsár eru þannig, að þar sé hægt að byrja með 70 mw. aflstöð. Slík virkjun er ekki meira stórvirki en svo, eins og margbúið er að sanna hér í þessum umr., að hún er, miðað við núverandi aðstæður, hlutfallslega minna fyrirtæki en það var á sínum tíma að virkja Sogið. Ég tel, eins og málum þjóðarinnar er háttað í dag með verðbólgu og vinnuaflsskorti, þá hefði verið heppileg-

asta leiðin að virkja í byrjun aðeins fyrsta þrepið af því afli, sem Þjórsá við Búrfell getur gefið og leysa á þann hátt rafmagnsþörf þjóðarinnar, a. m. k. hér á Suðvesturlandi, en bæta þá ef til vill heldur við raforkuframleiðslu í öðrum landshlutum með viðbótarvirkjunum þar.

Þó að ég sé alls ekki mótfallinn stóriðjuframkvæmdum hér á landi, sem lytu yfirráðum innlendra manna, þegar þörf væri fyrir þær vegna atvinnuaukningar og aðstæður væru að öðru leyti fyrir hendi, þá tel ég, að á öðru ríði meira nú, og þess vegna hefðum við ekki átt að virkja meira í byrjun en þau 70 mw., sem fyrsta virkjunarþrepið í Þjórsá við Búrfell gefur. Það hefði leyst raforkuþörfina í bili, og við hefðum getað aukið hæfilega á þann hátt þann vísi að stóriðju, sem við höfum, en eins og allir vita, þá þurfum við að auka áburðarframleiðsluna mjög verulega og gera hana fjölbreyttari. Sementsframleiðsluna mun einnig þurfa að auka, og hér hygg ég að bíði okkar mikið verkefni í þessu landi á næstu tímum að koma upp skipasmíðaiðnaði. En ég hygg, að slíkur iðnaður þarfnist nokkuð mikillar raforku.

Ég tel, að þessi iðnaður, sem ég hef nefnt, áburðar- og sementsframleiðsla og skipasmíðar, gæti staðizt alla samkeppni við aðrar þjóðir eða framleiðendur meðal annarra þjóða, ef raforkuverð til slíkrar starfsemi væri jafnlágt og það er til álbræðslunnar. En það hefur komið í ljós, að verksmiðjan á að fá raforkuna fyrir um 28% lægra verð en Norðmenn selja sama félagi raforku á til álbræðslu.

Ég ætla ekki að segja annað um raforkuverð samningsins en það, að sé þetta verð, sem er 28% ódýrara en í Noregi, hagstætt fyrir okkur, þá get ég ekki annað skilið en alls konar iðnaður, sem notar raforku, hljóti að geta hér lifað og dafnað, ef hann fær að njóta sömu eða hliðstæðra kjara, og ég trúi ekki öðru en forsvarsmenn og eigendur íslenzkra iðnfyrirtækja rísi fljótt upp og krefjist jafngóðra kjara fyrir sín fyrirtæki eins og óskabarnið í Straumsvík á að njóta eða fá.

Það vilja margir efast um, að þótt Þjórsárvirkjun við Búrfell gefi ódýrustu orku, sem hér er hægt að fá vegna hinna hagstæðu virkjunarskilyrða, sem þar eru fyrir hendi, að þrátt fyrir það sé hægt að selja orkuna svo ódýrt sem hér er gert ráð fyrir í álbræðslusamningnum. Eru ýmsar ástæður taldar mæla gegn þeim útreikningum, sem raforkuverðið er byggt á, og nefndar þó nokkuð hærri upphæðir á framleiðsluein-ingu. Um þetta þori ég leikmaðurinn ekki að dæma. Ég skal játa, að ég hef trú á því, að Þjórsá sé góð til virkjunar. Hún er vatnsmesta fljót landsins og hefur gífurlega stórt afrennslissvæði. Hún er að vísu að mestu mynduð af jökulvatni, en ég hygg, að ekki þurfi að óttast vatnsskort. Ýmsir telja þó, að ís og krapastíflur geti valdið truflunum á vatnsrennslinu. Þessa hættu hef ég aldrei verið mjög hræddur við. Ég tel að vísu, að slíkar truflanir séu alls staðar fyrir hendi hér á landi í öllum ám og Þjórsá sé þar engin undantekning. En ég held, að nútíma tækni muni geta minnkað þessar hættur alls staðar, hvar sem rennslisvirkjanir eru gerðar. Til þess að raforkuþörfinni verði fullnægt, þegar ístruflanir verða við virkjunarstaði, eru settar upp svokallaðar vara- eða toppstöðvar, og er þá orkugjafinn venjulega olía. Engin virkjun er nú gerð án slíkrar fyrirhyggju. Ég get ekki annað en látið það koma hér fram, að mér þykir einkennileg sú ráðagerð, sem talað er um í sambandi við fyrirhugaðar toppstöðvar vegna Þjórsárvirkjunar við Búrfell, en það er sú hugmynd að virkja Háafoss í Fossá sem toppstöð. Er talið, að þar sé hægt að fá yfir 100 mw. virkjun, ef ég hef tekið rétt eftir, vegna hinnar miklu fallhæðar, þó að ekki sé vatnsmagn þarna mjög mikið. Ég hygg, að þegar frost og hríðar verða á fjöllum uppi, verði nú fremur lítið úr Fossá, ef ég þekki hana rétt. Þá held ég, að Háifoss sé ekki annað en klakadröngull eða svona eins og grýlukerti í laginu, og Fossá vitanlega botnfrýs. Þetta gerist auðvitað á sama tíma og helzt er hætta á ístruflunum í Þjórsá. Hvernig má það þá gerast, að Háafossvirkjun geti bjargað sem toppstöð? Það væri fróðlegt fyrir mig og aðra leikmenn á þessu sviði að fá skýringar á því. Mér virðist, að heilbrigð skynsemi geti varla skilið, hvernig Háafossvirkjun geti verkað sem toppstöð, þegar ístruflanir minnka orkuframleiðslu Þjórsárvirkjunar, þótt hitt sé auðskilið, að Háafossvirkjun getur gefið mikið afl, þegar vötn eru ófrosin með eðlilegu rennsli og að vel megi trúa því, að slík virkjun geti á sumardögum og við heppileg veðurfarsskilyrði gefið það afl, sem um hefur verið talað.

Reynsla okkar Íslendinga af kostnaðaráætlunum er yfirleitt sú, að þær standast helzt aldrei, og það munar oftast miklu. Ég trúi því öllum slíkum útreikningum varlega, og ég verð að segja það, að þetta skrautlega rósaverk um Háafoss í öllum þessum áætlanagerðum er mjög tortryggilegt í mínum augum, þótt ég vildi gjarnan, að því mætti treysta og trúa.

Þá vil ég segja það um staðsetningu álbræðslunnar, að ég tel, að ríkisstj. hefði átt, úr því að hún var svo ákveðin í að koma hér á fót stóriðju, að nota tækifærið og setja skilyrði um staðsetninguna þannig, að áhallinn í byggðajafnvæginu ykist ekki við álbræðsluna, heldur hefði með stofnun hennar verið eins og tekið dálítið í og hallinn jafnaður að nokkru.

Ég veit, að nokkrar tekjur, sem af álbræðslustarfseminni drjúpa til ríkisins eða þjóðarinnar, eiga skv. frv. um Atvinnujöfnunarsjóð að fara út um land til eflingar atvinnulífinu þar. Þetta er auðvitað betra en ekki neitt. En spá mín er nú samt sú, að þetta komi ekki að sama gagni og því, ef álbræðslan hefði verið staðsett utan þéttbýlisins hér, og svo eru þessar fyrirhuguðu tekjur til Atvinnujöfnunarsjóðs of litlar til að þær geti haft afgerandi áhrif til stöðvunar fólksflutninga frá þeim stöðum, sem koma til með að njóta þeirra.

Sá hluti álbræðslusamningsins, sem er að öllu leyti óaðgengilegastur, er í 46. og 47. gr. hans, þar sem því er slegið föstu, að íslenzkir dómstólar séu ekki þeir einu, sem um ágreiningsmálin fjalla, heldur sé hægt að skjóta þeim til dómstóls erlendis, ef ágreiningur verður. Hvenær skyldi auðhringurinn vilja láta íslenzka dómstóla dæma í málum sínum? Ég hygg, að það kunni að fara svo, að það verði seint, hann muni yfirleitt vilja skjóta þeim annað en til íslenzkra dómstóla. Mér finnst, að með þessu ákvæði sé eins og

Ísland hafi misst hluta af sjálfstæði sínu meðan samningurinn gildir. Þetta er alvarlegasti hluti samningsins, þar sem að eigendur álbræðslunnar eru undanþegnir því að þurfa að hlíta íslenzku réttarfari og úrskurðum íslenzkra dómstóla. Ég skal fúslega játa það, að ég er ekki kunnugur hliðstæðum samningagerðum með öðrum þjóðum, og því spyr ég: Hvar eru dæmi um slíkt annars staðar milli ríkis og erlends fyrirtækis, hvar eru slík dæmi?

Ég hef frá því að ég var unglingur að aldri verið mjög eindreginn þjóðernissinni. Það kannske hljómar illa, en það verður að hafa það, ég segi það eins og það er. Ég hef verið eindreginn þjóðernissinni, og ég treysti útlendu gróðafélagi illa til að fara svo með aðstöðu þá, er það fær með samningnum, að það ekki seilist hér í okkar fámenna landi til eigna og áhrifa, eins og ég áður hef vikið hér að. Og ég tel stóriðju af því tagi, sem hér er um að ræða, ótímabæra vegna þess atvinnuástands, sem er í landinu, og muni hún beinlínis auka á þá hættulegu óðaverðbólgu, sem hér er nú fyrir. Ég tel, að tilraun með slíka stóriðju hefði þó verið hægt að þola, ef til vill með hagstæðari samningum, ef hún hefði verið látin með raunhæfum hætti leysa hluta af byggðajafnvægisvandanum með því að vera staðsett utan mesta þéttbýlisins við Faxaflóa.

Ég hef haldið því fram og er sama sinnis enn, að hver þjóð eigi að verja og varðveita efnahagslegt og pólitískt frelsi sitt og varðveita þannig fyrir alda og óborna frumburðarrétt hvers þegns. Ég tel, að slík þjóðernisstefna þurfi á engan hátt að koma í veg fyrir góð samskipti við aðrar þjóðir, nema síður sé. Engum er nauðsynlegra en smáþjóðinni að fara varlega með fjöregg sitt og koma fram af varfærni gagnvart erlendum ríkjum eða fésterkum aðilum.

Með þessum fáu orðum, þá hef ég nú viljað gera grein fyrir því, af hverju ég hef greitt atkv. á móti frv. um lagagildi samningsins og mun gera enn við þessa síðustu umr. hér í deildinni.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Ég var alveg hættur við það að taka þátt í þessum umr. Ég hafði fylgzt með því, að ekkert hafði á hallað. Hæstv. iðnmrh. hefur staðið fyrir þessu máli og sagt það, sem þurfti að segja. En það var rétt þegar ég var að koma inn í þessa hv. d. áðan, sem hv. 2. þm. Sunnl. sagði: „Við hefðum átt að láta okkur nægja að virkja 70 þús. kw. í Þjórsá og láta okkur nægja þann vísi að stóriðju, sem við nú þegar höfum fengið.“ Og seinni hluti ræðu þessa hv. þm. einkenndist af svo mikilli þröngsýni og innilokunarkennd og rembingi, að ég undrast það, að hv. þm. skyldi eiga slíkt til og tala þannig algjörlega gegn hagsmunum sinna umbjóðenda og þjóðarinnar í heild.

Þessi hv. þm. var að reyna að gera grein fyrir því, hvers vegna hann hefði greitt atkv. gegn frv. Hv. þm. gerir ósköp lítið úr því, þótt hans umbjóðendur og þótt allir, sem raforku fá frá Þjórsárvirkjun, þurfi að greiða allt að því 62% hærra verð fyrir orkuna við það, að ekki er virkjað, þar sem hagstæðast er. Hann gerir ekkert úr því. En allur almenningur í landinu spyr um það, hvort það hafi verið gert, sem hagkvæmast var fyrir þjóðarheildina og fyrir neytendur raforkunnar. Það þýðir ekki að rengja þá útreikninga, sem liggja fyrir í þessum málum með virkjunina, þeir verða ekki rengdir, og það þýðir ekki að slá fram fullyrðingum, eins og hv. síðasti ræðumaður gerði hér áðan, þegar hann var að tala um það, að útreikningar stæðust ekki, allt yrði miklu dýrara en áætlað er.

Sem betur fer vitum við nú hér um bil allir, hvað virkjunin við Þjórsá kostar, vegna þess að þetta verk hefur verið boðið út, og það er búið að taka ákveðnum tilboðum. 80% af virkjunarkostnaðinum er fastur. Það eru aðeins 20% af kostnaðinum, sem gæti breytzt, það er minnsti hlutinn. Af þessu leiðir það, að það er óhætt að reikna með, að virkjunarkostnaðurinn standist og hækki örlítið þótt kaupgjaldið hækki. Það er þess vegna ekkert vafamál, að það er mikill hagnaður í því að ráðast í hina stærri virkjun.

Við getum ekki heldur látið okkur nægja þann vísi að stóriðju, sem við höfum þegar fengið, ef við eigum kost á að gera meira. Við Íslendingar erum fámennir, en sem betur fer, fer þjóðinni mjög fjölgandi. Við, sem viljum virkja á hagkvæmasta hátt og gera stórvirkjun í Þjórsá, við, sem viljum, að álverksmiðja verði byggð hér, við viljum eigi að síður byggja upp aðra atvinnuvegi þjóðarinnar. Það þýðir ekki að segja það, að við viljum hafa álbræðsluna í staðinn fyrir þorskveiðar, eins og einhver hv. framsóknar-þm. sagði ekki fyrir löngu. Við vitum, að við verðum að stunda sjávarútveginn þrátt fyrir þetta. Við vitum, að við verðum að efla landbúnaðinn þrátt fyrir þetta. Og við vitum, að við verðum að efla iðnaðinn þrátt fyrir þetta, og siglingar í lofti og á legi viljum við efla þrátt fyrir þetta. Þetta liggur í augum uppi, og staðreyndirnar eru þær, að atvinnuvegirnir hafa verið efldir á undanförnum árum og að því er unnið þrátt fyrir þetta. Atvinnan er meiri nú en nokkru sinni áður og öruggari, og nú er helzt kvartað um það, að það vanti fólk, það vanti fólk til þess að geta fullnægt eftirspurninni. Ég mundi segja það, að það sé betra, að það vanti aðeins fólk, heldur en að það sé atvinnuleysi, sem við höfum lengi búið við, og það er ekkert nýtt, þótt útlendir sjómenn hafi verið hér á vertíðum. Það er ekki heldur nýtt, þótt færeyskar stúlkur hafi unnið hér í frystihúsum, og þannig gæti þetta orðið enn um skeið, og hefur íslenzka þjóðin ekkert skaðazt á því.

En nú er það svo, að þeir, sem tala um vinnuaflsskortinn, segja: Við viljum nú virkja í Þjórsá, en aðeins 70 þús. kw. Hvað sparast mikið vinnuafl við það, við þá virkjun? Það er talið, að það þurfi um 400 manns við það að virkja 70 þús. kw. og sennilega um 450 manns, ef virkjuð eru 105 þús. kw. Þannig mætti spara um 50 manns. Þá er það álverksmiðjan. Hún tekur vinnuafl, að sagt er, og það er rétt, á meðan á uppbyggingunni stendur. Hefur þetta mál verið rætt hér og fyrir því gerð grein hér í umr., að það er ekki nema lítið brot af þeirri aukningu vinnuafls, sem kemur á vinnumarkaðinn árlega. Vinnuaflsþörfin vex ekki svo mikið, hvort sem virkjað er eða þótt álbræðslan sé byggð, hún vex ekki svo mikið, þegar það er athugað, hvað kemur af vinnuafli á vinnumarkaðinn á hverju ári. Þjóðinni fjölgar um nærri 4 þús.

manns, og það er þessi fjölgun, sem útheimtir það, krefst þess, að stjórnarvöld geri ráðstafanir til að atvinnuvegirnir verði efldir og að það verði atvinna fyrir þetta fólk, sem við bætist.

Nú gætu menn sagt sem svo, þetta er sjálfsagt að hafa í huga, en álbræðslan, við getum verið án hennar. Ég gæti fallizt á það, að álbræðslan leysir út af fyrir sig ekki allan vanda, sbr. það, hversu lítið vinnuafl hún tekur. Hún leysir vitanlega ekki allan vanda. En hún veitir þó atvinnu, þegar hún er fullbyggð, um 450 manns, og mikill gjaldeyrir kemur í þjóðarbúið fyrir hverja vinnandi hönd, sem í verksmiðjunni vinnur. Og verksmiðjan borgar virkjunarkostnaðinn í Þjórsá upp að fullu á 25 árum. Hún borgar virkjunarkostnaðinn upp að fullu á 25 árum og gerir það mögulegt, að innlendir rafmagnsnotendur fá raforkuna á miklu lægra verði en annars væri. Álverksmiðjan gerir það mögulegt, að við getum byggt virkjanir miklu örar á eftir heldur en annars væri, og tekjurnar af álverksmiðjunni, meginhlutinn, fara í framkvæmdasjóð ríkisins til framkvæmda í hinum ýmsu byggðarlögum úti um land. Þjóðin fær vegna álbræðslunnar meiri tekjur miðað við hvern mann, sem við hana vinnur, heldur en miðað við aðra atvinnu, og þótt verksmiðjan sé þannig ekki stór út af fyrir sig, er þetta atvinnurekstur í landinu, sem stuðlar að meiri fjölbreytni í atvinnulífinu og skapar drjúgar gjaldeyristekjur og sjóði til uppbyggingar virkjunum í framtíðinni.

Það er talað um, að við virkjum það hagstæðasta og álverksmiðjan sé látin njóta þess, en síðan munum við verða að fara að virkja þar, sem það er óhagstæðara, og nota það sjálfir og borga hærra verð fyrir. Í dag höfum við virkjað aðeins 2% af vel virkjanlegu vatnsafli í landinu, — aðeins 2%. Virkjunin við Búrfell, 210 þús. kw., er aðeins 4% af þeirri raforku, sem við getum virkjað með mjög góðu móti. Við höfum 3.500.000 kw., sem við getum virkjað á mjög hagkvæman hátt, og það er talið, að sjötti parturinn af þessu sé með virkjunarkostnað 10—11 aurar á kw. Það er talið, að þriðji parturinn af þessum 3.500.000 kw. sé með virkjunarkostnað undir 15 aurum á kw. Og reiknað með því, að íslenzka þjóðin, verði um 400 þús. manns um næstu aldamót, og reiknað með því, að rafmagnsnotkunin á mann verði þá 13 þús. kw., þá er gert ráð fyrir, að við séum búnir að virkja 1/6 af því afli, sem við getum virkjað með góðu móti. Við höfum því af anzi miklu að taka. En í þessari áætlun er gert ráð fyrir mikilli aukningu raforkunnar á hvern mann, því að nú er raforkunotkunin á mann yfir árið ekki nema 3 þús. kw.

Þá er oft rætt um það, að virkjanir fyrir ofan Búrfell og Háifoss geti ekki tekið við, þegar við þurfum að fara að virkja aftur, eftir að virkjunin við Búrfell er ekki lengur fullnægjandi, og ég heyrði hér áðan, að hv. 2. þm. Sunnl. talaði um Háafoss með mikilli lítilsvirðingu. Það er nú eins með okkur báða, að við erum ekki sérfræðingar á þessu sviði og verðum að nota það, sem sérfræðingarnir gefa okkur upplýsingar um, og Háifoss hefur verið nefndur í þessu efni, vegna þess að sérfræðileg athugun hefur leitt í ljós, að þetta væri hentugt og af engu öðru. Og virkjanir fyrir ofan Búrfell, við Hrauneyjarfoss, í Sultartanga og víðar, eru talðar vera mjög hagstæðar, e. t. v. ekki dýrari en við Búrfell, en ef þær verða dýrari þá mjög lítið dýrari.

Hv. 2. þm. Sunnl. sagði hér áðan, að Norðmenn hefðu gert miklu hagstæðari samninga við Svisslendinga heldur en við. Rafmagnið væri miklu betur borgað í Noregi en hér ætti að gera. Swiss Aluminium borgar í Noregi 3.2 mill fyrir rafmagnið á móti 2.5 mill hér og 3 mill til að byrja með, en í Noregi borgar Swiss Aluminium enga skatta fyrstu 10 árin vegna afskriftafyrirkomulagsins, enga skatta. Það eru þess vegna aðeins þessi 3.2 mill sem Norðmenn fá í raun og veru, því að þar greiðast skattarnir eftir því, hverjar tekjur fyrirtækisins eru skv. norskum skattalögum. Hér er þessu öðru vísi varið. Hér er gert ráð fyrir, að í raforkugjald sé borgað 3 mill fyrstu árin og síðan 2.5 mill, en hér á ekki að borga skatt eftir því, hversu tekjurnar verða miklar hjá fyrirtækinu, heldur framleiðslugjald, 20 dollara á tonn.

Frá mínu sjónarmiði er það aðalatriðið, hvað við fáum frá Swiss Aluminium greitt samanlagt fyrir rafmagn og í skatta. Það hefði ugglaust verið hægt að semja um hærra raforkuverð við alúmíniumhringinn, t. d. 3.2 mill eða jafnvel 3.5 mill og lægri skatt, en það var ekki betra fyrir Íslendinga. Það, sem skiptir máli fyrir Íslendinga, er það, hvað við fáum samanlagt. Og ef við reiknum það út, hvað við fáum samanlagt, t.d. segðum, að þetta væri bara raforka, fáum við 3.83 mill, þegar Norðmenn fá 3.2 mill. Og ef við breytum þessu í kwst. til að sjá, hvað við fáum fyrir kwst. í aurum, þá eru það 16.5 aurar á kwst. á meðan framleiðslugjaldið er 20 dollarar, en eftir 15 ár fer framleiðslugjaldið í 35 dollara, og þá samsvarar það 21.5 aurum á kwst. Ég held, að það verði að segjast, að það væri gott raforkuverð, ef við gætum samið um það að virkja stórvirkjun, Dettifoss eða annars staðar, og selja raforkuna úr landi fyrir 16½ eyri eða jafnvel 21½ eyri, og hver hefði ekki viljað gera slíkan samning fyrir ákveðið magn af raforku? Raforkumálastjóri reiknaði út einu sinni, að það gæti verið hagkvæmt að flytja út raforku, ef við fengjum 11 aura á kwst. En hér er ekki um það að ræða. Hér er um miklu meira að ræða, eins og sjá má, og þegar við leggjum þessar tölur niður fyrir okkur, kemur það í ljós, að við fáum meira heldur en Norðmenn samkv. þeim samningi, sem hér er um að ræða. Ég á við verksmiðjuna í Noregi, sem Svisslendingar byggðu þar og reka, en í Noregi eru ýmsar fleiri verksmiðjur, sem búið er að afskrifa, og það er auðvitað meiri hagnaður af þeim.

Ég tel, þegar á allt er litið, að þetta sé svo þýðingarmikið fyrir okkur, að við eigum ekki að vera að mála eitthvað ljótt á vegginn, eins og hv. 2. þm. Sunnl. gerði hér áðan, tala t.d. um það, að okkar þjóðerni stafaði jafnvel hætta af því, að það ætti að dæma eftir íslenzkum lögum samkv. gerðardómi um ágreiningsmál. Það væri náttúrlega mjög slæmt, ef það ætti að dæma eftir öðrum lögum en íslenzkum lögum, en er það nú ekki aðalatriðið í þessu sambandi, að það á að dæma eftir íslenzkum lögum? Og við getum nú deilt um það, hvort það er rétt að vera þjóðernissinni í orðsins merkingu eða ekki, en það er

ekkert deilumál, að við eigum allir að vera þjóðlegir og við eigum að standa vörð um sjálfstæði þjóðarinnar. En þetta tal um réttindaafsal og að við séum að fara illa með okkar sjálfstæði t.d. í sambandi við þennan gerðardóm, sem á að dæma eftir íslenzkum lögum, það er úrelt, og það er ekki eðlilegt fyrir einn hv. þm., þótt hann sé á móti þessu máli, að vera að gefa það í skyn, að við aðrir þm., sem fylgjum þessu máli, viljum ekki standa vörð um þjóðernið og landsréttindin. Og ég verð nú að segja það, að hv. þm. er með aðdróttanir til sinna eigin flokksmanna í sambandi við þetta. Ég man ekki betur en tveir hv. framsóknarmenn sætu hér hjá við atkvgr. í fyrradag, og þá væru þeir meðsekir í því að vilja afsala landsréttindum og setja þjóðernið í hættu og sjálfstæði landsins.

Þetta tal er í fyllsta máta óviðeigandi. Allir íslenzkir þm. vilja standa vörð um sjálfstæði þjóðarinnar, og það vill enginn íslenzkur þm. gera neitt, sem getur skaðað þjóðina. Hitt er svo eðlilegt, að menn geti greint á um ýmis mál og haft skiptar skoðanir, til þess er lýðræðið, til þess er ritfrelsi, málfrelsi og fundafrelsi, og til þess er þingræði, að menn deili og færi fram rök með málunum og á móti, en stóryrði eins og þessi eru alls óviðeigandi, enda hljóta þau að vera sögð í fljótræði.

Hér hafa, eins og ég sagði, tveir hv. þm. setið hjá, framsóknarmenn, og kom mér það í rauninni ekkert á óvart. Það hefði vitanlega verið betra, að þeir hefðu farið alla leið. En þetta sýnir það, að málflutningur og aðstaða hv. framsóknarmanna í þessu máli er ekki sterk, og ég hef tekið eftir því, að það fylgir tæplega hugur máli, þegar þeir eru að tala gegn þessu máli. Og kannske er það þess vegna, sem þeir freistast til að grípa til stóryrða, eins og hv. 2. þm. Sunnl. gerði hér áðan. Og grunur minn er sá, að það séu fleiri framsóknarmenn, sem þykjast heppnir að þurfa ekki að taka afstöðu til þessa máls.

Herra forseti. Ég get svo látið máli mínu lokið. Þetta mál hefur verið mikið rætt, og eins og ég sagði í upphafi máls míns, hefur hæstv. iðnmrh. haldið þannig á þessu máli, að það var vitanlega alls ekki þörf á að bæta þar við. En eins og ég sagði, mér ofbauð þröngsýni, fullyrðingar og fjarstæður hv. 2. þm. Sunnl., og það var þess vegna, sem ég bað um orðið stutta stund.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Síðasti ræðumaður fyrir fundarhléið var hæstv. raforkumrh. Hann er nú ekki mættur og hefur ekki verið mættur, svo að teljandi sé, undir þessum raforkuumr., sem búnar eru að standa í nokkra daga. Hann lét þess getið í byrjun ræðu sinnar, að hann hefði ekki ætlað að taka til máls, það væri ekki þörf á því, þar sem hæstv. iðnmrh. hefði staðið hér fyrir svörum, og ég er náttúrlega sammála honum um það, að þess hafi ekki þurft. En ég kemst ekki hjá því að víkja aðeins að ræðu hans, þó að hann mæti nú ekki, af því að hann fór hinum óviðfelldnustu orðum um einn af prúðmannlegustu ræðumönnum þingsins, hv. 2. þm. Sunnl., sakaði hann um stóryrði, afturhald og annað þess háttar. Ég kalla slíkt alveg furðulegt eftir hina prúðmannlegu ræðu hv. þm., að heyra slíkar ásakanir af hálfu ráðh. Hann hafði það eftir hv. 2. þm. Sunnl., að hann hefði sagt, að hann teldi nóg að virkja 70 þús. kw. í Þjórsá handa Íslendingum sjálfum og meira þyrfti ekki. Hann sneri þannig alveg við orðum hv. þm., sem voru á þá leið, að hann hefði talið réttara að byrja á 70 þús. kw. virkjun í Þjórsá fyrir Íslendinga sjálfa, en halda svo áfram stig af stigi eftir þörfum landsmanna. Þannig féllu orð hv. þm. Og út af þessum ummælum hefur hæstv. ráðh. þessi orð um hv. þm.

Menn skyldu veita því athygli, hvað það er rausnarlegt af hálfu hæstv. ríkisstj. og þar með af hálfu hæstv. raforkumrh., að af allri raforkunni úr Þjórsá, 210 þús. kw., eiga Íslendingar aldrei að fá nema 84. Er það hneyksli, að byrja á 70 mw. virkjun og halda svo áfram? Það er orðið nokkuð lítið, þegar á hitt er litið, hverjar eru till. hæstv. ríkisstj. Nei, Íslendingar eiga aldrei að fá úr Þjórsá nema 84 mw.

Þá segir sami hæstv. ráðh., að ekki verði hætta á því, að allar áætlanir standist ekki, því að 80% af stofnkostnaði Búrfellsvirkjunar séu fastur kostnaður, sem breytist ekki, en hæstv. iðnmrh. var að enda við að segja rétt áður í ræðu sinni, að 808 millj. væru fastur kostnaður. Þessu snýr hæstv. raforkumrh. í 80%. M.ö.o., 800 millj. af 1900 millj. eru 80% eftir reikningi hæstv. raforkumrh.

Þá sagði þessi sami hæstv. ráðh., að raforkan í landinu, sem nú væri framleidd, væri 3000 kw. á mann. Ég geri nú ráð fyrir, að þetta hafi verið mismæli, þó veit ég það ekki, kannske hann haldi þetta. En ef raforkan, sem framleidd er nú í landinu, er 3000 kw. á mann, eins og hann sagði, ætti öll orkan í landinu, sem við framleiðum nú, að vera um 579 millj. kw. Öll ræðan var í þessum dúr.

Þá sagði hann, að álverksmiðjan í Noregi borgaði enga skatta í 10 ár, — enga skatta. Þetta er algerlega rangt. Hún borgar þar skatta alveg í samræmi við norsk lög. Hann sagði, að skattar hinnar væntanlegu álverksmiðju hér á landi færu ekki eftir tekjum þeirra, það væri framleiðslugjald, sem þeir yrðu að borga. Þetta er líka rangt, því að í samningnum er það ákvæði, að þetta framleiðslugjald skuli aldrei fara fram yfir 50% af tekjunum, svo að það er sannarlega bundið við tekjur hér.

Þá sagði þessi hæstv. ráðh., að tveir af framsóknarmönnum hér á hv. Alþ. væru samábyrgir ríkisstj. um afgreiðslu málsins við 2. umr. Þeir bæru ábyrgð á því líka, hv. þm., sem greiddu atkv. með dagskrártill. um að vísa málinu frá. Það er að styðja málið. Og þm., sem sátu hjá, af því að þeir kærðu sig ekkert um að greiða atkv. um málið, eftir að búið væri að drepa frávísunartill., þeir styðja málið! M.ö.o., ef fram kæmi á Alþ. till. um að víkja hæstv. ráðh. frá, væru þeir þm., sem greiddu atkv. með slíkri till., að styðja hann. Svona var allur rökstuðningur hæstv. ráðh. í ræðu hans áðan, eitt reginhneyksli frá upphafi til enda.

Við 1. umr. þessa frv. ræddi ég aðallega fjárhagshlið málsins. Ég ræddi um þær áætlanir, sem þá höfðu verið birtar um byggingarkostnað Búrfellsvirkjunar og um rekstrarkostnað hennar. Ég lagði áherzlu á það þá í ræðu minni, að upplýsingar þær, sem lægju fyrir hv. þm. í þessu máli, væru algerlega

ófullnægjandi og þm. gætu ekki skapað sér rökstuddar skoðanir um það, hversu hagkvæmur orkusölusamningurinn væri fyrir Íslendinga miðað við þær upplýsingar, sem þá lágu fyrir. Ég veit, að aðrar hliðar þessa máls en raforkusamningurinn eru þýðingarmiklar og alvarlegar og verða kannske enn alvarlegri, þegar fram líða stundir. En þó held ég, að það sé engum blöðum um það að fletta, að menn líti allalvarlegum augum á það, hvort raforkan, sem selja á álbræðslunni, er seld með hagnaði eða tapi, og ég ætla, að hæstv. ríkisstj. muni ekki vitandi vits semja við útlend auðfélög um að selja þeim raforku með tapi, enda hefur hún lagt mikinn þunga á það í umr. að undanförnu, að mikill sé gróðinn af því að selja álbræðslunni raforkuna með því verði, sem samningurinn greinir frá. Þess vegna er það, sem þeir hafa birt töflurnar í blöðum og í grg. frv. um gróðann, sem Íslendingar hafi af því að selja raforkuna á þessu verði í 20—25 ár. Ég lít svo á, að þetta atriði, þessi fjárhagshlið málsins, sé a.m.k. eitt af meginatriðum þess, sé grundvöllur, sem verði að vera traustur, og ef þessi grundvöllur bregzt, ef hægt er að færa að því sterkar líkur, að ég ekki tali um sannanir, að raforkan verði seld með tapi, sé þessi grundvöllur hruninn. Ég mun því aðeins ræða um þessa hluti í þessum fáu orðum, sem ég segi, og leitast við að sýna fram á, hversu mikill gróði er hér í vændum af þessum orkusölusamningi, sem hér er verið að ræða.

Ég lagði á það áherzlu við 1. umr. málsins að fá sem beztar upplýsingar í málinu, svo að hægt yrði að sjá þetta sem rækilegast. Þess vegna var það, sem ég beindi nokkrum fsp. til hæstv. iðnmrh. um þessi atriði og óskaði eftir svörum frá honum eða sérfræðingum hans fyrir 2. umr. Hæstv. ráðh. tók því vel, og hann mun hafa lagt fyrir sérfræðinga sína að láta þn. í té svör við þessum spurningum mínum, og auk þess mun hv. 5. þm. Austf. og sennilega fleiri hafa lagt fram spurningar, sem svarað hefur verið. En áður en ég vík að þessum tölulegu upplýsingum, sem nú liggja fyrir, vil ég vekja athygli á örfáum meginatriðum málsins.

Í fyrsta lagi, að ekki hefur verið borið við að rannsaka, hversu mikið mætti selja af umframorku frá Búrfellsvirkjun til Íslendinga sjálfra, t.d. til aukinna iðnaðarframkvæmda, til upphitunar húsa, þar sem ekki er jarðhiti, eða til annarra þarfa Íslendinga. Þó má ætla og er reyndar víst, að sú orka, sem þannig yrði seld Íslendingum, yrði seld á tvöföldu ef ekki þreföldu verði móts við það, sem á að selja álbræðslunni, og væri þó ódýr miðað við verð á raforku nú á tímum.

Í öðru lagi bendi ég á það, að samkv. samningnum verða Íslendingar að tryggja alúmíníumbræðslunni 56 þús. kw. af raforku frá varastöðvum, þegar Þjórsá bregzt eða þegar vélar eða háspennulínur bila. En þó að Íslendingar séu þannig skyldir til að sjá álbræðslunni fyrir 56 þús. kw. af raforku á þennan hátt, á ekki að byggja varastöðvar fyrir nema 40 þús. kw., 16 þús. kw. á að taka frá núverandi raforkukerfi landsmanna handa álbræðslunni, þegar óhöppin vilja til við Búrfell eða annars staðar. Annaðhvort verða Íslendingar þarna að missa af þeirri raforku, sem þeir hafa nú, eða Íslendingar verða að byggja þriðju varastöðina, en ekki er gert ráð fyrir því í þessari kostnaðaráætlun, sem nú liggur fyrir.

Í þriðja lagi bendi ég á það, að í þeim áætlunum, sem við nú höfum, á að verja vegna ísvandamálsins 86 millj. kr. til miðlunar í Þórisvatni, en ekki nema 24 millj. vegna íshættunnar í Þjórsá sjálfri. Ætla ég, að þetta stingi nokkuð í stúf við till. sumra annarra sérfræðinga, sem að þessum málum hafa unnið.

Í fjórða lagi bendi ég á það, að áætlun um svokallaða Háafossvirkjun er mjög lausleg, segja sérfræðingar hæstv. ríkisstj. Þeir segja, að þar muni árskílówatt kosta 775 kr. Þetta mun líklega vera ritvilla hjá hv. sérfræðingum eða þá hafa ruglazt í meðferðinni, þetta eigi að vera 7750 kr. En þeir segja líka, þessir sérfræðingar, að þetta verð á árskílówatti sé enginn mælikvarði á verð hverrar kwst. M.ö.o., þessi áætlun, ef áætlun skyldi kalla, um Háafossvirkjun virðist vera ágizkun ein. Enda væri það svo, að ef hvert árskílówatt í Háafossvirkjun kostaði ekki nema 7750 kr., er Búrfellsvirkjun, þessi ódýrasta virkjun landsins, orðin 10—11% dýrari heldur en Háafossvirkjun. Og ef svo væri, hlýtur maður að spyrja: Hvers vegna er ekki byrjað á að virkja Háafoss fyrir Íslendinga, fyrst virkjun þar er svona ódýr?

Í fimmta lagi sé ég ekki á þeim svörum, sem ég hef fengið í hendur frá sérfræðingum hæstv. ríkisstj., hvort reiknað er með verðbólgu á byggingartímanum eða ekki. Að vísu benti hæstv. iðnmrh. á það í ræðu sinni í dag, að þar væru 137 millj. kr. fyrir óvissum útgjöldum, og skildi ég hann svo, að þetta væri vegna væntanlegrar verðbólgu. Ef það er svo og hitt líka rétt, að 808 millj. kr. af heildarkostnaðinum sé fastur kostnaður, sem ekki breytist, er þessi upphæð, sem hann nefndi og er í svörum sérfræðinganna, í kringum 12% af þeim kostnaði, sem er ekki fastur kostnaður. En þar sem byggingartíminn er 6 ár, mundi einhverjum þykja þetta heldur lítið í lagt að gera ráð fyrir 12% verðbólgu á 6 ára tímabili, því að á s.l. 6 árum var verðbólgan hvað snertir byggingarframkvæmdir 112%. Í þessu sambandi vil ég þó líka drepa á það, að í þessum áætlunum er talað um innlendan fastakostnað. Ég verð að segja eins og er, að ég veit ekki, hvað það getur verið. Hver er þessi innlendi fasti kostnaður, sem verðbólgan hefur engin áhrif á? Ég þekki engar þær framkvæmdir hér í landinu, hvað innlendan kostnað snertir, þar sem verðbólgan hefur ekki haft sín áhrif á. Er það bara það, sem búið er að vinna? Þá má vera búið að verja allmikilli upphæð þarna fyrir austan, ef það er ekkert annað en það.

Í fimmta lagi vil ég benda á það, að árlegur kostnaður af stjórn, eftirliti, gæzlu og viðhaldi Búrfellsvirkjunar og varastöðvanna, sem var í fyrra talinn 1.5% af stofnkostnaðinum, er nú kominn niður í 1% í þessum áætlunum, sem við höfum fengið í hendur. Þessi kostnaður hefur lækkað um þriðjung síðan í fyrra. Ég hef enga skýringu heyrt, hvernig á þessari lækkun getur staðið. Í sívaxandi verðbólgu lækki þessi kostnaður um þriðjung á einu ári. Það kalla ég vel að verið.

Í sjötta lagi bendi ég á það, að í svörum sérfræðinga hæstv. ríkisstj. segir, að olíukostnaðurinn einn við

framleiðslu raforku frá gastúrbínustöðvum sé 55 aurar á kwst. og þennan kostnað áætla þeir 6—7 millj. kr. yfir árið. En ef maður miðar nú við ákvæði samningsins, að Íslendingar skuli láta álbræðslunni í té 56 þús. kw. orku frá varastöðvum, ef orkan bregzt frá Búrfelli, samsvarar þessi upphæð því, að slíkar varastöðvar séu starfræktar 9½ sólarhring á ári. 56 mw. varastöðvar, sem ekki kosta, hvað olíuna snertir, meira en þetta, samsvara að mér sýnist 9½ sólarhring yfir árið. Og hræddur er ég nú um, að þessi áætlun mundi ekki hafa staðizt þennan vetur, sem nú var að kveðja.

Eins og ég nefndi áðan, höfum við fengið í hendur eða a.m.k. ég hef fengið í hendur og sjálfsagt ýmsir fleiri svör hæstv. ríkisstj. og sérfræðinga hennar við spurningum, sem við höfum borið fram um stofnkostnað Búrfellsvirkjunar og rekstrarkostnað og þar með um framleiðslukostnað raforkunnar frá Búrfelli. Þessi svör eru að vísu ekki tæmandi, en þau eru mjög mikilsverð, og í þeim er mikill fróðleikur, og ég tel enga frágangssök fyrir hv. þm. að gera sér allglögga grein fyrir því, hvað raforkan kostar í raun og veru frá Búrfellsvirkjun fullbyggðri, eftir að þessar upplýsingar eru komnar fram, og skal ég þá nefna þá liði, sem fram koma í þessum síðustu upplýsingum hæstv. ríkisstj. og sérfræðinga hennar.

Fullbyggð Búrfellsvirkjun er áætluð 1913 millj. kr. að meðtöldum 40 mw. varastöðvum. Fjármagnið til virkjunarinnar á að fást á eftirfarandi hátt: Erlend lán 1182.5 millj. kr. Innlend lán og framlög 356 millj. Og svo er loks 374.5 millj., sem ég hef engar upplýsingar séð um, hvernig eigi að afla. Mér er tjáð, að það sé hugsað að taka það að láni innanlands, en ég hef ekki þær upplýsingar frá sérfræðingunum. Þannig er heildarupphæðin fengin. Lánskjörin á erlendu lánunum eiga að vera þannig samkv. svörum sérfræðinganna: Lán í Alþjóðabankanum 774 millj. með 6% vöxtum til 25 ára, afborgunarlaust fyrstu 5 árin, en endurgreiðist eftir annuitetsreglu á 20 árum. Samkv. þessu verða afborganir og vextir 67 millj. 493 þús. á ári eða 8.72%. Og þær greiðslur verða óbreyttar árlega a.m.k. til 1993, en það fer eftir hvaða ár lánið er tekið, því að lánað er til 25 ára. Í öðru lagi segja sérfræðingarnir, að ráðgerð séu erlend lán til viðbótar 408.5 millj. með 6.5% vöxtum til 15 ára, afborgunarlaus á byggingartímanum, en það skil ég svo, að séu 3 ár, og verða þau þá endurgreidd á 12 árum eftir annuitetsreglu, og þá er ársgreiðslan af þessum lánum 50 millj. 41 þús. á ári eða 12¼%, og þessar greiðslur munu a.m.k. standa fram til 1985. Þessi erlendu lán nema um 61% af heildarkostnaði Búrfellsvirkjunar. Afborganir og vextir af þeim allt fram til 1985 a.m.k. verða 117 millj. 534 þús. kr. á ári eða að meðaltali 9.94% á ári.

Ég vil skjóta því hér inn út af því, sem hæstv. iðnmrh. sagði hér í dag, hversu þýðingarmikið það væri að fá raforkuna í erlendum gjaldeyri, að þó að gengislækkanir eigi sér stað á Íslandi hækkar verðið á raforkunni í samræmi við það. En þarna kemur það fram, að raforkan, sem við seljum álverksmiðjunni, mun kosta tæpar 113 millj. 950 þús. á ári, en afborganir og vextir af lánunum fram til 1985 a.m.k. eru 117 millj. 534 þús. eða rúml. 4 millj. meiri heldur en allur gjaldeyririnn fyrir raforkuna.

Ég hef þá greint frá ársgreiðslum af hinum erlendu lánum eða 61% af heildarkostnaði Búrfellsvirkjunar. Þá er eftir hinn hlutinn, 39% af kostnaðinum eða 730.5 millj., sem vantar á fullan kostnað. Ég hef engar upplýsingar fengið um það, eins og ég sagði áðan, hvernig á að afla þessa fjár, en ég hef heyrt þess getið, að það muni ætlunin að afla þess innanlands með lánum. Ef fjármagnskostnaðurinn af þessari upphæð verður hinn sami og af erlendu lánunum eða 9.94% á ári af heildarupphæðinni, verður greiðslan af þeim 72 millj. 612 þús. á ári. Og ef það er rétt, að þessa fjár eigi að afla innanlands, hef ég ekki mikla trú á því, að lánin verði ódýrari heldur en hin erlendu lán eða fjármagnskostnaðurinn af þessum hlutanum verði tiltölulega lægri, en af hinum erlendu lánum. Þvert á móti býst ég við, að innlendu lánin verði dýrari og ársgreiðslurnar þar af leiðandi meiri. En þessi ársgreiðsla, 9.94% af upphæðinni, samsvarar því, að tekið sé lán með 6.5% vöxtum til 17 ára, eða lán með 7% vöxtum til 18 ára og ársgreiðslur samkv. annuitetsreglu, og mér þykir ólíklegt, að Íslendingar geti aflað sér innanlands fjármagns á ódýrari hátt en þennan.

Samkv. þessu, sem ég hef nú rakið, verður fjármagnskostnaðurinn allur að fullbyggðri Búrfellsvirkjun ásamt varastöðvum 190 millj. 146 þús. kr. á ári. Og ég vil endurtaka það, að það er ekkert af þessu áætlað af mér nema fjármagnskostnaðurinn af þessum 730 millj., sem ég nefndi áðan. Hitt er allt eftir þeim lánskjörum, sem sérfræðingar ríkisstj. hafa skýrt frá. Við fjármagnskostnaðinn bætist svo kostnaður af stjórn, eftirliti, gæzlu og viðhaldi Búrfellsvirkjunar og varastöðvanna, sem nú er reiknað 1% af stofnkostnaði, og er greint frá því í svörum sérfræðinganna, að það muni verða 19 millj. 300 þús. á ári. Loks kemur olíukostnaður af rekstri varastöðva. Hann er talinn á ári í svörum sérfræðinganna 7 millj. Og þá er upptalinn allur árlegur kostnaður af Búrfellsvirkjun, a.m.k. fram til 1985, þ.e. framleiðslukostnaður raforkunnar, sem fæst frá Búrfellsvirkjun, og þessi kostnaður verður þá á ári 216 millj. 446 þús. Ég endurtek það, að allar þessar tölur, sem ég hef hér tekið upp og skýrt frá, eru teknar upp úr svörum sérfræðinganna til þn., að því einu undanteknu, að fjármagnskostnaðinn af þessum 730.5 millj., sem engar upplýsingar liggja fyrir með hvaða kjörum verða fengnar, hef ég áætlað hinn sama og fjármagnskostnaðinn af erlendu lánunum. Ekkert annað í þessum upplýsingum er frá mér komið.

Auðvitað eru allar þessar niðurstöður á því byggðar, að þessar áætlanir ríkisstj. standist. Þessi árlegi kostnaður, 216 millj. 446 þús. kr., er það, sem framleiðsla raforkunnar kostar á ári frá fullbyggðri Búrfellsvirkjun. Í grg. frv. er skýrt frá því, að raforkan frá fullbyggðri Búrfellsvirkjun verði 1720 millj. kwst. Nú getur hver og einn reiknað meðalverðið á kwst. þegar þessar tvær stærðir eru þekktar. Meðalverðið á hverja kwst. verður þá 12.58 aurar. Skv. samningnum á álbræðslan að fá 1060 millj. kwst. á ári á 10.75 aura hverja kwst. Verður þá tap á hverri kwst. 1.83 aurar eða á ársraforkunni til álverksmiðjunnar 19 millj. 398

þús. Hér má svo bæta því við, að fari stofnkostnaðurinn fram úr áætlun eða fari rekstrarkostnaðurinn fram úr áætlun, verður þetta árlega tap meira. Af þessu tapi leiðir það, að raforkan frá Búrfellsvirkjun til Íslendinga verður dýrari en til álbræðslunnar. Íslendingar fá ekki raforkuna á 10.75 aura handa sér heldur á 15.53 aura. Íslendingar eiga að sitja að raforku frá Búrfellsvirkjun, sem er 44% dýrari en til álbræðslunnar. Ef kostnaður á stjórn, eftirliti, gæzlu og viðhaldi Búrfellsvirkjunar og varastöðvanna verður 1.5% af stofnkostnaði, eins og hæstv. ríkisstj. sagði Alþ. í fyrra, en ekki 1%, eins og nú er sagt, hækkar þetta árlega tap um 9—10 millj. Ef starfrækja þarf varastöðvar til orkuframleiðslu handa álverksmiðjunni í 20 daga á ári í staðinn fyrir 9½, bætast enn við hið árlega tap 6—7 millj. á ári. Að lokum vil ég benda á það, að árið 1976 verða Íslendingar að vera búnir að byggja nýtt 126 þús. kw. raforkuver handa sjálfum sér, af því að þeir selja álverksmiðjunni svo mikla raforku. Ef það raforkuver verður tiltölulega dýrara en Búrfellsvirkjun, verður raforkan þaðan líka dýrari, og þá bætist enn við þetta tap.

Ég ætla, að ég hafi þá sýnt nokkurn veginn fram á, hversu hagkvæmur raforkusölusamningurinn er fyrir Íslendinga. Ég byggi þetta allt saman á gögnunum, sem ég hef fengið í hendur frá fulltrúum ríkisstj. og afhent voru þn., og nú bíð ég eftir því, að þessar tölur verði hraktar.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Það verður að segja, að margt hefur orðið ljósara en áður um þetta mál við þær umr., sem fram hafa farið, enda eru þær orðnar talsvert langar, en það er heldur ekkert einkennilegt, vegna þess hversu þetta mál er allt stórt í sniðum, fjölþætt og grípur inn í margt.

Samt sem áður er enn þá margt óljóst í sambandi við þetta mál, m.a. vegna þess, hvað hæstv. ráðh. hafa verið tregir til þess að ræða efnislega þær bendingar og aths., sem fram hafa komið um einstök atriði málsins. Vegna þess, hve hæstv. ráðh. hafa verið ógreiðir í svörum um ýmis atriði og skotið sér undan því að svara ýmsum þýðingarmiklum atriðum, hefur ekki orðið eins mikið gagn af umr. og ella.

Ég nefni það t.d., sem hv. síðasti ræðumaður gat um og sem er mjög stórfellt atriði í þessu máli, og ég hef ekki enn orðið var við, að hafi verið upplýst í umr.: Hvað er gert ráð fyrir að afla mikils lánsfjár innanlands til Búrfellsvirkjunarinnar? Þetta er þó sannarlega ekki neitt smámál, vegna þess að það, sem dregið verður saman innanlands af fé til þess að leggja í virkjunina, það fé fer sannarlega ekki í annað. Það dregst sannarlega frá því, sem hægt er að leggja í annað. Það er ekkert smáatriði, að það komi fram, hversu mikið meira fjármagn muni þurfa að draga saman í virkjunina á næstu árum, ef álverksmiðjan er með en ef hún væri ekki með og Búrfellsvirkjun hagað samkvæmt því. Stórkostlegar bækur fylgja þessu máli, og einstök atriði geta farið fram hjá mönnum, en ég hef ekki getað komið auga á þetta í þeim fremur en hv. síðasti ræðumaður. Hæstv. ráðh. hafa ekki upplýst þetta hér, og vildi ég fara fram á, að þeir nú á elleftu stund í þessari hv. d. gæfu upplýsingar um þetta.

Ég tók eftir því, að tveir hv. meðmælendur frv. sögðu á dögunum, það var hv. þm. Vesturl., Benedikt Gröndal, og hv. þm. Reykn., Matthías Á. Mathiesen, að það lægi fyrir og væri yfirlýst frá hendi Framsfl., að ef staðsetningin á álverksmiðjunni hefði verið önnur, þ.e.a.s., ef álverksmiðjan hefði ekki verið við Faxaflóa, hefðu þeir fylgt málinu, eins og það lægi fyrir. Þetta er alveg rangfærsla á afstöðu Framsfl., eins og ég hygg, að einhver annar hafi þegar leiðrétt. Að vísu lítum við á það sem mjög þýðingarmikið meginatriði í málinu, hvernig staðsetningunni er háttað og teljum, að miklu minni vandkvæði hefðu verið í málinu, ef það hefði t.d. verið gert ráð fyrir að staðsetja verksmiðjuna á Norðurlandi, t.d. við Eyjafjörð, miklu minni vandkvæði en þau, sem verða. En samt sem áður höfum við ekki farið dult með, að þessir samningar, sem hér liggja fyrir, eru þannig vaxnir, að það hefði ekki nægt til þess, að fylgi okkar hefði orðið við þá, þó að staðsetningin hefði verið önnur og heppilegri frá okkar sjónarmiði séð. Þetta ætlaði ég satt að segja að hefði komið mjög greinilega fram, og ég skil ekkert í því, að hv. þm. skuli vera að hártoga þetta. Ég ætla, að það sé alveg ljóst af málflutningi okkar hér á hv. Alþ., hvernig þessu er varið, og það hefði ekki þurft að fara í neinar grafgötur um það.

Annars vil ég segja það varðandi staðsetninguna, eins og ég hef sagt áður og við fleiri félagar, að við teljum það stórfellda viðbótarhættu í málinu, að staðsetningin er ráðgerð á þessa lund, vegna þess, hvað það gerir miklu torveldara en ella að fást við byggðavandamálið, sem við eigum við að stríða. En það hefði að sjálfsögðu létt mikið baráttuna í því máli, ef verksmiðjan hefði t.d. verið staðsett við Eyjafjörð, og við höfum lagt mikla áherzlu á þetta og aldrei farið dult með. Við drögum það mjög í efa, svo að ekki sé sterkara að orði kveðið, að hæstv. ríkisstj. hafi lagt sig mikið fram til þess að fá þessu framgengt eða sýnt þá snerpu í því, sem hefði þurft að gera, hefði maður verið í einhverjum vafa um þetta, hygg ég, að hann hefði eyðzt eða rokið á brott við ræðu hæstv. iðnmrh. í dag, því að hann lét m.a. þannig um mælt, að ef til vill væri bezt að hafa þetta í fjölmenninu, því að með því yrðu áhrifin af þessu minnst. Síðan talaði hann eitthvað um það, hvað hefði gerzt, ef staðsetning hefði verið við Eyjafjörð, og hvort fólkið hefði ekki þá dregizt þangað úr næstu byggðum. Og því væri verr farið en heima setið. Ég geri ekki ráð fyrir því, að menn, sem hugsa svona, leggi mikið á sig til að skipa þessum málum á þá lund, sem okkur er að skapi, sem hefðum viljað hafa staðsetninguna á aðra lund.

Þessi hugsunarháttur, sem þarna kemur fram hjá hæstv. ráðh., er furðu einkennilegur og fornaldarlegur. Hann minnir mig á, að þegar við ýmsir hér á árunum vorum að byrja að berjast fyrir því að koma upp þorpi á Egilsstöðum á Austurlandi, voru til menn, sem hugsuðu alveg eins og hæstv. ráðh. virðist hugsa, ef taka á þessi orð hans í ræðunni í dag alvarlega, þeir sögðu sem svo: Þetta er hinn mesti háski einmitt fyrir

byggðirnar á Austurlandi, alveg sérstaklega sveitabyggðirnar, því að þær munu tæmast í þetta þorp á Egilsstöðum. Þetta er hinn mesti bjarnargreiði fyrir þessar byggðir, sem þarna á að fara að efna til. Sem betur fór fékk ekki þessi fornaldarhugsunarháttur að ráða þar, því að menn þóttust sjá, að það, sem einmitt vantaði fyrir þessar byggðir, var það, sem nú er farið að kalla byggðakjarna á nýtízkumáli. Það var það, sem fyrst og fremst vantaði til þess að styðja sjálft dreifbýlið. Öll okkar reynsla hefur sýnt, að dreifbýlið þarf að styðjast við þéttbýlispunkt eða byggðakjarna, eins og farið er að kalla þá, og dreifbýlið helzt ekki við, nema hægt sé að koma upp slíkum þéttbýlissvæðum sem víðast í landinu. Hvað er það, sem Norðurland vantar núna helzt? Það vantar nógu öflug þéttbýlissvæði. Það vantar fyrst og fremst borg, borg á Norðurlandi. Það vantar borg við Eyjafjörð. Og það hefði einmitt getað komið til greina, að stóriðja hefði hjálpað til, að upp kæmi borg við Eyjafjörð, voldugur byggðakjarni, sem ekki mundi sjúga merginn úr Norðurlandi, heldur verða fyrst og fremst eins konar hjarta norðlenzkra byggða, eins og sá vísir, sem kominn er að byggðakjarna á Egilsstöðum á Austurlandi, er orðinn hjarta Fljótsdalshéraðs, ef svo mætti að orði komast, og ein þess helzta framtíðarvon, að þarna vaxi upp öflugur byggðakjarni, sem dreifbýlið styðjist við. Það er sannast að segja dálítið einkennilegt að heyra svona fornaldarröksemdir úr ráðherrastóli hér. Það, sem vantar mest víða úti um landið, eru þessir þéttbýliskjarnar, þar sem geta myndazt markaðir, markaðssvæði. Það stendur Norðurlandi mest fyrir þrifum, að þar vantar nógu öfluga markaðskjarna eða markaðssvæði.

Höfuðháskinn í öllu okkar byggðavandamáli er einmitt sá, að það er ekki til nema eitt stórt markaðssvæði á landinu, og þess vegna sækja flestar nýjar framkvæmdir í iðnaði og þjónustu einmitt inn á þetta eina svæði. Það er svo erfitt að fá hjólin til að snúast úti um landið, af því að kaupstaðirnir komast ekki enn sem komið er í þá stærð, að það muni verulega um þá sem markaðssvæði, m.a. til þess að hjólin geti svo snúizt fram, í byggðarlögunum í kring. Það er vafalaust mjög erfitt að koma skrið á þetta, nema með því að byggja upp útflutningsatvinnurekstur á þessum svæðum, því að flutningskostnaðurinn gerir það að verkum, að það er mjög erfitt að keppa þar við iðnað fyrir innlendan markað. Hann hefur sterkari aðstöðu, þar sem markaðssvæðið er stærst og þá hér við Faxaflóa. Þetta er sjálfur kjarni vandamálsins. Þess vegna hefði það vitanlega verið hvalreki, t.d. fyrir Norðurland, ef verksmiðja eins og þessi væri staðsett þar, og ekki bara fyrir þann landshluta, heldur fyrir landið allt, því að þetta er allsherjar vandamál, sem við eigum við að stríða.

Á hinn bóginn er engin sérstök aðkallandi þörf fyrir fyrirtæki eins og þetta einmitt hér við Faxaflóa, og það hygg ég að allir játi. Engin sérstök þörf er nú á því að bæta hér við eftirspurn eftir vinnuafli.

Það er mjög athyglisvert, að þessi hugsunarháttur skuli koma fram hjá hæstv. ráðh., og hann sýnir að mínum dómi mjög eftirminnilega, að þetta mál hefur aldrei horft vænlega í höndum hæstv. núv. ríkisstj., aldrei horft vænlega, að mál af þessu tagi gæti orðið leyst farsællega.

Það er talað um, að í sambandi við byggðavandann, megi mikið hjálpast við þau átök, sem eigi að gera einmitt með fjármunum frá stóriðjunni. En ég held satt að segja, að þessi röksemdafærsla hljóti að vera byggð á einhverri fljótfærni eða á misskilningi, vegna þess að ef við tökum þær upplýsingar, sem liggja fyrir um þetta frá hæstv. ríkisstj. sjálfri, er ljóst, að frá stóriðjunni kemur ekkert til þess að hjálpa til í þessu næstu árin, og það verða þau árin, þegar stríðið verður harðast í samkeppni um vinnuaflið, og sogdælan verður einna sterkust inn á hið mikla þenslusvæði hér við Faxaflóann. Það er sem sé augljóst mál, að á árunum 1966, 1967, 1968 og 1969 kemur ekki ein einasta króna úr stóriðjunni til hjálpar í þessum vanda, ekki ein króna. Svo er ráðgert, að 1970 byrji að koma peningur inn í þetta mál, jafnvægismálið, og þá eigi það að verða 11.3 millj. á árinu 1970 eða sem svarar einum litlum mótorbát, sem þó hefði ekki burði til að fara á síld. Og 1971 komi sama fjárhæð eða sams konar bátur og svo enn 1972 sá þriðji. Þetta er þá það fjármagn, sem á að koma inn á allra næstu árum frá stóriðjunni til að hjálpa til að leysa þennan vanda. Það sem svarar andvirði þriggja lítilla mótorbáta á næstu 7 árum. Svo á þetta að fara eitthvað vaxandi framvegis, en ekki í þeim mæli, að hægt sé að telja það nokkuð, sem munar verulega um í samanburði við það mikla vandamál, sem þarna er við að glíma. Ég tala nú ekki um ósköpin, ef svo ætti á sama tíma að draga úr opinberum framkvæmdum víðs vegar um landið til þess að spara vinnukraft, kannske margfaldar þessar fjárhæðir. Það er þá ekki ástæða til að vera bjartsýnn um, að þetta hafi mikil áhrif, því miður.

Ég minntist á það áðan, að margt hefði upplýstst í þessum umræðum, en ýmislegt væri þó, sem ekki hefði enn komið fram, og nefndi ég dæmi þess. Ég ætla að minnast hér á örfá atriði, sem hefur borið á góma og rifja þau upp, vegna þess að mér er ljóst, að það er að draga að lokum umr. um þetta mál í þessari hv. d.

Ég hef lagt mikið kapp á það í þessum umr. og frá byrjun, er farið var að ræða um erlenda fjárfestingu á Íslandi í sambandi við stóriðju, lagt mikið kapp á að sýna fram á, að það er stórfelldur munur á atvinnurekstri útlendinga og íslenzkra aðila og að atvinnurekstur erlendra aðila getur aldrei gert sama gagn í þjóðarbúinu og atvinnurekstur Íslendinga sjálfra. Og ég vek athygli á því, þegar þessar umr. eru langt komnar í þessari hv. d., að þessu hefur ekki verið mótmælt. Þessu hefur ekki verið mótmælt. Meginatriðin eru þau, að hreinn arður af atvinnurekstri erlendra aðila í landinu rennur út úr landinu, kemur aldrei inn í landið. Enn fremur, að það fjármagn, sem út úr atvinnurekstrinum kemur og á að renna til þess að standa undir afskriftum, kemur heldur aldrei inn í landið, þannig að þau tæki, sem útlendingar eignast hér á þeim grundvelli, sem hér er ráðgerður, hverfa úr sögunni um leið og þau slitna. Eftir verður ekkert að lokum í því hreiðri, sem byggt er á þessa lund. Aftur á móti er atvinnurekstur

Íslendinga sjálfra þeirrar náttúru, að sá gróði, sem þar verður, safnast í fyrirtækjunum og byggir þau upp og verður grundvöllur að meiri og meiri atvinnurekstri í landinu og það fyrningarfé, sem inn vinnst í fyrirtækjunum, rennur einnig inn í fyrirtækin, til þess að þau endurnýi sig og stækki og eflist. Við vitum, að þessir fjármunir, sem koma undir þetta tvennt, gróða og fyrningarfé, eru þeir fjármunir, sem fyrst og fremst hafa staðið undir útþenslu í íslenzkum þjóðarbúskap.

Ég er að vekja athygli á þessu til að sýna það og reyna að fá sem allra flesta til að skilja það, að það er ekki hægt fullum fetum að tala um það sem eitthvert höfuðúrræði í íslenzkum atvinnurekstri að láta erlenda aðila reka hér fyrirtæki á þeim grundvelli, sem hér er gert ráð fyrir, eins og sumir menn gera, eins og t.d. hæstv. forsrh. gerir alveg sérstaklega, því að hann talar um það, sem hér er að gerast, eins og upphaf að einhverju nýju tímabili í atvinnusögu Íslendinga, hliðstæðu t.d. við það, þegar farið var að byggja hér upp sjávarpláss eða sjávarbyggðir og þjóðin hætti að vera eingöngu þjóð bænda og útróðrarmanna. Hæstv. forsrh. talar fullum fetum um það, sem hér er að gerast, eins og upphaf að nýrri öld. Og með þeim málflutningi gefur hæstv. ráðh. og þeir, sem hugsa eins og hann, mjög mikið tilefni til að vara við þeirri hættu, sem er á ferðinni, ef hæstv. ráðh. hefur bolmagn til þess á næstu árum að framkvæma þessa stefnu áfram, ekki aðeins varðandi þetta eina fyrirtæki, heldur fleiri. Hvar verðum við þá staddir eftir nokkra áratugi, ef þessi stefna á að verða jafnöflugur þáttur í okkar þjóðarbúskap á næstunni og t.d. uppbygging sjávarútvegsins með nýtízku sniði hefur orðið, en hæstv. ráðh. ber þetta tvennt saman.

Ég held, að það sé full ástæða til að stinga við fótum og ræða það ofan í kjölinn, hvert verið er að fara, ef þessari stefnu á að fylgja og þessi hugsunarháttur á að ráða ferðinni. Og hæstv. ráðh. skirrist ekki við að reyna hreinlega að hræða menn inn á þessa braut með því að mála hryllilegar myndir af því, sem gæti skeð, ef hér kæmu plágur og nálega hallæri. Og hæstv. iðnmrh. talaði um þá sem kjarkleysingja, sem ekki vilja fara inn á þessa braut, þeir væru búnir að missa kjarkinn, sem vildu halda áfram að byggja upp íslenzkt atvinnulíf á sama grundvelli og gert hefur verið á undanförnum áratugum með þeirri reynslu, sem við höfum haft af því og sannast að segja er ekkert slorleg. Hvað er verið að fara með þessu?

Það er lífsnauðsyn að vekja athygli á þeim grundvallarskoðanamun, — ég vil segja því regindjúpi, — sem staðfest er á milli skoðana þeirra, sem koma fram hjá hæstv. forsrh., og þess hugsunarháttar, sem ég tel mig talsmann fyrir. Ég hef alltaf viljað leggja sterka áherzlu á, að ef farið væri inn á þá braut að leyfa erlendum aðilum að koma hér upp fyrirtæki, væri það sem alger undantekning frá meginreglunni, en ekki stefnubreyting og gert til þess að leysa einhvern tiltekinn vanda eða eitthvert tiltekið vandamál, sem við ættum við að glíma, og þyrftum að grípa til þessa úrræðis, því að önnur betri ráð væru ekki til. Og það er þessi hugsunarháttur og þessi stefna, sem Framsfl. hefur haldið fram, og það vantar ekki, að hann hefur verið ásakaður um tvískinnung fyrir það að standa ekki á gatnamótum og segja, að það kæmi aldrei til greina, að erlendur aðili gæti fengið að setja upp fyrirtæki á Íslandi. Það vantar ekki, að við höfum verið ásakaðir fyrir þetta, og að það væri tvískinnungur að geta hugsað sér, að slíkt kæmi til mála sem undantekning. En það er nú einu sinni svona, að lífið er ekki þannig vaxið, að það sé yfir höfuð annaðhvort um að ræða svart eða hvítt, það sé yfir höfuð annaðhvort um að gera allt eða ekkert, þvert á móti verður sífellt að velja og hafna.

Meginstefna okkar hefur verið eins og ég var að lýsa áðan, þegar ég var að ræða um mismuninn á innlendum og erlendum atvinnurekstri. Við höfum litið þannig á, að ekki ætti að koma til greina lakari kosturinn nema sem undantekning og þá, að sérstök nauðsyn bæri til. En nú er þetta boðað alveg fullum fetum sem framtíðarstefna og þessi framkvæmd sem byrjun á því að feta nýja braut, sem eigi að verða jafnfjölfarin, að því er manni skilst, og þær leiðir, sem hafa reynzt Íslendingum bezt í atvinnuuppbyggingu fram að þessu. Þarna er því regindjúp á milli, þarna kemur svo enn spurningin, sem skynsamlegt er að varpa fram einu sinni enn í þessum umr., þó að það hafi verið gert áður. Spurningin er þessi frá sjónarmiði mínu og sjónarmiði Framsfl.: Er þannig ástatt nú í okkar þjóðarbúskap, að það sé skynsamlegt eða knýjandi að gera undantekningu frá meginreglunni? Og þeirri spurningu vil ég svara neitandi, að það sé ekki ástæða til þess að gera þá undantekningu, sem hér er gert ráð fyrir með alúmínsamningnum.

Ég nefni þá enn fyrst, að okkur vantar ekki verkefni. Því fer víðs fjarri, að okkur vanti verkefni og það heppileg verkefni. Það hefur margsinnis verið bent á, að vinnuaflsskortur er eitt helzta vandamál okkar, og það hefur verið bent á, að í öllum áttum eru menn með nýjar framkvæmdaáætlanir, sem ekki komast áfram, ekki sízt vegna skorts á vinnuafli. Það úir allt og grúir af áætlunum um að gera atvinnulífið fjölbreyttara, sem ekki komast í framkvæmd, m.a. af þessum sökum. Við vitum öll, hvernig ástatt er með ýmsa þýðingarmestu þætti opinberrar þjónustu, opinberra framkvæmda, t.d. í heilbrigðismálum, skólamálum og samgöngumálum, þar sem segja má, að allt sé orðið á eftir og þannig, að það standi eðlilegri þróun í þjóðfélaginu fyrir þrifum, hreinlega fyrir þrifum. Æskan fær ekki skólavist, tæknimenntunin er langt á eftir, það fást ekki peningar til að hrinda henni fram eins og þarf og ekki vinnuafl til þess að sinna því verkefni. Það sama er að segja um heilbrigðismálin og ekki betra. Hvernig er ástatt með vegamál og önnur samgöngumál? Þannig mætti lengi telja.

Okkur vantar ekki verkefni, hvorki í framleiðslugreinum né þjónustugreinum og margt af því, sem kemst ekki í framkvæmd vegna skorts á vinnuafli, er þannig vaxið, að það yrði alveg vafalaust miklu arðgæfara fyrir íslenzkt þjóðarbú en það, sem hér kemur til greina að láta erlenda aðila framkvæma í landinu. Þessu hefur í raun og veru alls ekki verið mótmælt í umr. Þetta hefur verið sagt áður, og því hefur ekki verið mótmælt. Menn endurtaka sömu fullyrðingarnar og halda sig við sama heygarðshornið, en þessu hefur ekki verið mótmælt, en þó er þetta aðalkjarni málsins. Er þá skynsamlegt að setja

upp atvinnurekstur erlendra manna í landinu, þegar á því eru þessir annmarkar, sem ég hef verið að sýna fram á og enginn hefur mótmælt? Er það skynsamlegt, þegar við eigum kost fjöldamargra annarra heppilegra úrræða? Mér sýnist það ekki skynsamlegt. En þá kemur sú spurning, hvort það sé þá eitthvað alveg sérstakt, sem þarf að leysa með þessu, sem knýr menn áfram í dauðans ofboði á þessa lund, til þess að leggja út í þetta, þrátt fyrir alla þá erfiðleika, sem hljóta að verða því samfara í landi, sem býr við dunandi verðbólgu og ofþenslu á vinnumarkaði og annað slíkt. Hvað er það þá, sem rekur menn með slíkum ofsahraða samt sem áður til þess að fylgja því fram? Í raun og veru er ekki nema ein ástæða færð fram af þessu tagi. Ég er búinn að ræða um fagnaðarerindi hæstv. forsrh., sem er af öðrum toga, en hann virðist líta á þetta sem upphaf að stórfelldum framkvæmdum í þessa átt og virðist hafa í grundvallaratriðum aðra skoðun á þessu en ég vil vona flestir Íslendingar. En ástæðan er af því tagi, að það þurfi á þessu að halda til þess að leysa einhvern sérstakan vanda. Varðandi það hafa ekki verið færðar fram neinar röksemdir aðrar en þær, að þetta geri mögulegt að virkja á hagkvæmari hátt en ella væri mögulegt og þjóðin fái með þessum hætti ódýrari raforku en með öðru móti. Þetta er bókstaflega það eina, sem fylgismenn málsins hafa fært fram fyrir utan þennan almenna fagnaðarboðskap um nýja þjóðfélagshætti eða nýja atvinnumálastefnu. En þarna er sá galli á gjöf Njarðar, að það hefur verið sýnt fram á það af stjórnarandstæðingum í þessum umr. á þann hátt, að hæstv. ráðh. hafa ekki getað hrakið, að það eru engar líkur til þess, að Íslendingar geti búið við lægra raforkuverð með því að gera þennan samning en þeir gætu ella gert, þegar litið er nokkuð fram í tímann. Það eru engar líkur til þess. Og þær röksemdir, sem færðar hafa verið fram fyrir þessu af mörgum hv. þm., hafa alls ekki verið hraktar af hæstv. ráðh., og þeir hafa ekkert annað haft fram að færa til svars við þessum röksemdum en að endurtaka fyrri fullyrðingar sínar um hinn mikla hag, sem af þessu ætti að verða.

Hæstv. ráðh. raforku- og landbúnaðarmála mun víst hafa þótt illa ganga að sýna fram á þetta, þann stórfellda gróða, sem ætti að verða af þessu fyrir Íslendinga í lækkuðu rafmagnsverði, og kom hann því til hjálpar hæstv. iðnmrh. og hélt hér ræðu, sem var þó í raun og veru aðeins endurtekningar á því, sem hæstv. iðnmrh. hafði áður tekið fram og notaði sömu tölurnar, sem búið var að hrekja. En niðurstaða hæstv. raforkumálaráðh. varð sú, að á þessu væri stórfelldur sparnaður, og hann nefndi í því sambandi marga tugi prósenta. En ég hef vitnað til þess áður í þessum umr. og vil gera það enn, að þessi hæstv. ráðh. raforkumála hefur látið skoðun sína í ljós áður um þessi efni, og það var í sambandi við það, þegar hér var til meðferðar frv. um virkjunina við Búrfell í maí í vor. Þá hafði hæstv. ráðh. aðra sögu að segja um þessi efni, því að þá sagði hann orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Það verður þá að taka á sig óþægindi og lítið eitt dýrari raforku fyrstu árin, eftir að stórvirkjun yrði gerð, ef það yrði án alúmínverksmiðju, á meðan verið er að byggja markaðinn upp.“

Sem sé, niðurstaða þessa hæstv. ráðh. í maímánuði í vor var sú, að það yrði lítið eitt dýrari raforka fyrstu árin, eftir að stórvirkjunin væri gerð, ef það yrði án alúmínverksmiðju, á meðan verið væri að byggja markaðinn upp. En nú kemur þessi hæstv. ráðh. og segir, að það muni mörgum tugum prósenta á raforkuverðinu. Ég held satt að segja, að það verði að virða mönnum það til vorkunnar, bæði mér og öðrum, þó að þeir taki harla lítið mark á því, sem þessi hæstv. ráðh. segir um þessi efni, og þurfi því ekki að hafa fleiri orð um það.

Varðandi málsatriðin sjálf leyfi ég mér að vísa til þeirra röksemda, sem komið hafa fram af hendi ræðumanna Framsfl., bæði hér við þessar umr. og útvarpsumr. um vantraust á ríkisstj. En þar var sýnt fram á það, svo að ekki stóð steinn yfir steini í ágizkunum hæstv. iðnmrh., að þeir útreikningar, sem hann hafði komið fram með varðandi þessi efni, voru á sandi byggðir, byggðir á áætlunum og ágizkunum, m.a. því að gera ráð fyrir að virkja vatnsafl í framhaldi af virkjuninni við Búrfell, sem engin ákvörðun hefur verið tekin um og engin áætlun hefur verið gerð um nema lauslegt riss á hné sér. Samt sem áður hefur sú virkjun verið sett inn í dæmið, eins og hún væri ákveðin og vitað, hvað hún mundi kosta.

Það er staðreynd, að fáum árum eftir að búið er að virkja við Búrfell, ef álverksmiðjan verður höfð með, verður að leggja út í nýja virkjun handa Íslendingum sjálfum, sem yrði mun óhagstæðari en sú virkjun, sem álverksmiðjan á að njóta. Það mundi þýða í framkvæmdinni, að ef einhver lítils háttar lækkun kynni að verða á einhverju tímabili á raforku, væri þar aðeins raunverulega um lán að ræða, sem yrði að endurgreiða í hærra raforkuverði eftir stuttan tíma. En þó að þessar staðreyndir liggi fyrir og búið sé að hrekja þessa reikninga hæstv. ráðh., halda þeir enn áfram að berja höfðinu við steininn og hamra á því, að það hafi þurft að veita útlendingum leyfi til að byggja álverksmiðjuna til þess að fá hagkvæma virkjun. En það hefur hafzt upp úr þessum umr., að það liggur augljóslega fyrir allra augum, að það þarf alls ekki á slíku að halda. Það er hægt að virkja við Búrfell þá hagfelldustu virkjun, sem Íslendingar hafa nokkru sinni komið í framkvæmd, og gera það án álverksmiðjunnar, og með því móti verður það ekki óhagstæðara en þótt hún sé með. Hvað ætti þá að knýja okkur til þess að leggja inn á þessa braut, fyrst við ekki þurfum þess til þess að fá hagfellda virkjun, fyrst það verður ekki til þess að lækka raforkuverðið fyrir okkur sjálf?

Þá hefur verið rætt um, að þessi álverksmiðja gæti orðið mjög merkileg að því leyti til, að hún yrði upphaf að öðrum iðnaði í landinu. Ég hef leyft mér að spyrjast fyrir um það oftar en einu sinni í þau skipti, sem þetta mál hefur borið á góma, hvaða iðnaður það væri, sem ætti að byggja út frá álverksmiðjunni og hversu stórfelldur hann væri fyrirhugaður eða gæti orðið. En þessu hefur ekki verið svarað. Það hefur ekki verið gefið yfirlit um það, hvaða fyrirtæki það eru, sem þarna ætti að koma upp eða hversu stórbrotin þau væru og hvaða iðnaður úr

alúmíni ætti svo aftur að byggjast á þeim, t.d. hvort það ætti þá að framleiða ýmsa muni úr alúmíni til útflutnings eða hvernig þetta væri hugsað. Ég þori ekki að gerast neinn spámaður í þessu. En ég hef hæstv. ráðh. og þá, sem eru mestir ákafamenn um framgang þessa máls, grunaða um það að gera nokkuð meira úr þessu en rök standa til, og ég byggi það á því, að í Noregi er mjög lengi búið að reka alúmínverksmiðjur og þær mjög stórar. En samt sem áður hefur lítið byggzt þar út frá þeim af iðnaði af þessu tagi. En ég er alveg viss um, að ef það liggur beint við og er auðvelt að gera slíkt, hefði hann verið kominn upp í mjög stórum stíl í Noregi, því að það hefur verið framleiðsla á áli þar, og hún hefur nú um æði langt skeið verið talsvert verulegur liður. Samt sem áður eru lítil brögð að því, að nýjar iðngreinir hafi byggzt þar utan á, en það væri mjög æskilegt og mjög þýðingarmikið, ef hæstv. ráðh. gæfu upplýsingar um það, hvað það er, sem þarna er í uppsiglingu.

Einn er sá þáttur í þessu máli, sem ræddur hefur verið, en samt sem áður er enn mjög óljós, og það er hæstv. ráðh. og hans félögum að kenna. Og það er þátturinn um gjaldeyristekjur. Auðvitað verða gjaldeyristekjur af þessu, því að þarna á að vinna æði margt fólk. Það eru nefndar hér tölur um gjaldeyristekjur, en sannast að segja er ómögulegt að botna í þeim tölum, og það er engin tilraun gerð af hendi hæstv. ráðh. og þeirra félaga til þess að gera þær tölur líklegar eða sennilegar. Þær tölur eru fullkomlega tortryggðar af hendi þeirra, sem vilja líta á þetta mál og vega kosti þess og galla. Það er sagt, að gjaldeyristekjurnar eigi að verða 300 millj. kr., en það hafa verið sett fram hér dæmi, reiknuð eftir því, hve margir eiga að starfa við þetta fyrirtæki samkv. upplýsingum stjórnarinnar sjálfrar, og þeim hefur verið reiknað það ríflegasta kaup, sem til greina getur komið, eins og nú er ástatt í landinu og þar ofan á settu þeir lið úr, sem *mönnum getur dottið í hug, en samt sem áður fá* menn ekki út tölur, sem nálgast nokkuð þessar gjaldeyristekjur, sem hæstv. ríkisstj. gefur í skyn að fljóti af fyrirtækinu. Ég vil því enn einu sinni spyrja hæstv. ráðh.: Á hverju er þessi tala byggð, þessar 300 millj. í gjaldeyristekjur? Á hverju er hún byggð? Við vitum, að gróði af fyrirtækinu á aldrei til landsins að koma, ekki afskriftafé eða neitt þess konar fé. Þeir, sem standa að þessu fyrirtæki, eiga ekkert að flytja inn í landið annað en það, sem þeir nota í vinnulaun og fyrir þjónustu í landinu sjálfu og raforku og skatta. Ekkert annað eiga þeir að flytja inn í landið. Og hvernig er þá þessi tala, 300 millj., fengin? Hvers vegna vill hæstv. ráðh. ekki segja það? Honum ætti að vera ljúft að skjóta sterkum stoðum undir þessa fullyrðingu, en því er það þá ekki gert? Því kemur hann ekki með þær stoðir? Menn undrast þetta og menn undrast líka, þegar hæstv. ráðh. og hans menn eru að bera saman þessi efni, bera fyrirhugaðar gjaldeyristekjur af þessu saman við gjaldeyristekjur af sjávarútvegi okkar, sem er okkar glæsilegasta atvinnugrein. Þar eru feikileg uppgrip, eins og við þekkjum. En þeir segja, að gjaldeyristekjur af sjávarútvegi með öll þau uppgrip, sem þar eru, og þar sem allur ágóði kemur inn í landið og allt afskriftafé og allt, sem af þessu flýtur, kemur inn í landið, séu miklu minni á mann en í álverksmiðjunni, sem aldrei kemur inn með sinn gróða og aldrei afskriftafé sitt eða neitt þvílíkt. Hvað er það, sem álverksmiðjan á að borga hér inn í landið? Vilja ekki þessir hæstv. ráðh. upplýsa það? **(Dómsmrh:** Þetta var sundurliðað allt saman við 2. umr.) Það hefur þá farið fram hjá mér, hreinlega. Ég heyrði aldrei svarað þeim útreikningum, sem hv. 5.þm. Vestf. kom t.d. með varðandi þetta. Og það er *ofvaxið skilningi mínum og ofvaxið skilningi annarra*, að ég hygg, hvernig geta orðið svona miklu meiri tekjur af þessum rekstri, jafnvel þótt skattarnir verði talsverðar fúlgur. Íslenzkir atvinnurekendur borga feiknalega skatta, ekki síður. Á þá að borga þessu fólki, sem vinnur við alúmínverksmiðjuna, margfalt meira en menn hafa við íslenzkan sjávarútveg? Það hefur manni ekki skilizt, að ætti að gera. Ég skil ekki ástæðuna til þess, að verið er að hafa svona plögg á lofti, og hvers vegna verið er að troða skóinn niður af okkar sterkustu atvinnugrein, sjávarútveginum, með því að telja mönnum trú um aðra eins fjarstæðu og komið hefur hér fram í sambandi við útreikninga ríkisstj. um framlag sjávarútvegsins í þjóðarbúið. Ég skil ekki í hvaða skyni þetta er gert, nema það sé þá helzt til þess að undirbúa jarðveginn fyrir stórkostlega miklu meiri framkvæmdum í þá stefnu, sem hæstv. forsrh. talaði. En ráðherra talaði líka um það, hve stopult sé að byggja á fiski, sem syndir í sjónum. Hingað til hafa Íslendingar yfirleitt talið sig hafa góðar líkur til þess að veiða þann fisk, sem syndir í sjónum, og þó að hæstv. forsrh. vilji helzt líta svo á, að Íslendingar séu þannig gerðir, að þeir fái aldrei bein úr sjó, þá stenzt það ekki miðað við reynsluna. Menn hafa hingað til leyft sér það að gera ráð fyrir því, að það þyrfti að veiða fiskinn, hann gengi ekki upp á land og væri samt hægt að gera ráð fyrir því að hafa af honum einhver not. En hæstv. forsrh. virðist víst ekki björgulegt að gera ráð fyrir því að treysta á skepnu, sem syndir niðri í hafdjúpunum. Svo telja þessir menn sig vera bjartsýnismenn og kjarkmenn og aðrir séu haldnir minnimáttarkennd. En hafa menn vitað öflugri minnimáttarkennd en þá að telja ókleift að ná fiski, sem syndir í sjónum en er ekki kominn upp á land? Ég held satt að segja, að Íslendingar hefðu ekki komizt langt, ef margir hefðu hugsað eða hugsuðu eins og hæstv. forsrh. gerir.

Því hefur verið haldið fram, að þetta fyrirtæki væri grundvöllur að öðru meira og mikil þjóðfélagsstoð, en ég hef bent á, að það er einmitt einn höfuðgallinn á fyrirtækjum erlendra aðila, að þau geta aldrei orðið jafngóð og innlend. Það skapast ekki sams konar hreiður, ef maður mætti orða það svo, eins og þegar fyrirtæki innlendra manna eru byggð upp, og ég verð að segja það, að ef þessar umr., sem hér hafa nú orðið og verða framvegis í sambandi við þetta mál, gætu opnað augu Íslendinga og þá sérstaklega unga fólksins á Íslandi fyrir þeim reginmun, sem er á atvinnurekstri erlendra manna annars vegar og innlendra manna hins vegar, tel ég þessar umr. ekki unnar fyrir gýg af hálfu þeirra, sem eru andsnúnir þessu máli, jafnvel þótt þetta mál gangi fram, því að þá mundi ég vilja líta þannig á, að það yrði til þess, að það yrði minni hætta á því en ella, að hugsunarháttur hæstv. forsrh. verði ráðandi hér á næstunni í landinu.

Ég þykist nú vita, að þetta mál muni verða barið fram, og sannast að segja held ég, að það sé langt síðan hæstv. ríkisstj. negldi sig þannig á þetta mál, að hún hafi ekki talið sig eiga afturkvæmt frá því, ekki kjarkmeiri en hún er. Og það hygg ég, að þannig hafi farið fyrir hæstv. ríkisstj. einmitt vegna þeirrar minnimáttarkenndar, sem hún óneitanlega virðist bera í brjósti varðandi möguleika Íslendinga sjálfra til þess að gangast fyrir stórbrotnum framkvæmdum, því að ég hygg, að höfuðmeinsemdin í þessu öllu saman sé sú, að hæstv. ríkisstj. hafi þegar í upphafi máls síns bitið það í sig, að henni væri ókleift að hrinda fram nægilega öflugri virkjun án þess að hengja stóriðju þar aftan í. Hæstv. ríkisstj. hafi of snemma byrjað að opna sig fyrir erlendum aðilum, sem hún ætlaði sér að leita til varðandi lánsfjármagn, of snemma opnað sig í þessu tilliti og látið þá aðila verða vara við þennan hugsunarhátt og þeir svo gengið óspart á lagið og geirneglt ríkisstj. á þá lund, að hún hefur ekki haft manndóm til þess að rífa sig lausa. Og þetta hygg ég, að muni hafa gerzt fyrir nokkrum árum og raunar þegar í upphafi málsins, og nokkuð er það, að allt, sem skeð hefur síðan hæstv. ríkisstj. afhenti alþm. þetta mál haustið 1964 eða rétt fyrir jólin, allt, sem skeð hefur síðan, bendir hreinlega til þess, að þá hafi hæstv. ríkisstj. verið búin að ákveða öll aðalatriði þessa máls, því að hún hefur ekki talið sig geta hlustað á uppástungur um neinar breytingar, hvorki varðandi staðsetningu né annað, sem varðaði höfuðatriði málsins. Þetta bendir eindregið í þá átt, að þá hafi stjórnin þegar í stað verið búin að festa sig á málinu og aldrei getað rifið sig út úr þeim farvegi síðan, jafnvel þó að hún hefði viljað. Og það hygg ég, að muni oft hafa hvarflað að mörgum í stjórnarliðinu, að til þess bæri brýna nauðsyn að rífa sig út úr málinu. En hæstv. ríkisstj. hefur því miður aldrei talið sér það fært. Og ógæfan stafar að verulegu leyti af þeim hugsunarhætti, sem fram hefur komið í þessum umr.

Ég skal nú láta lokið þessu máli. En ég vildi á þennan hátt rifja upp í örfáum orðum nokkur aðalatriði málsins og benda á nokkrar niðurstöður í máli okkar, sem höfum mælt gegn þessu frv., niðurstöður sem eru þýðingarmiklar og ekki hefur verið hægt að hrekja.

Ég vil leyfa mér að vonast eftir því, að hæstv. ráðh. — ég sé nú, að hann er farinn, — svari þeim fsp., sem til hans hefur verið beint og enn er ósvarað, m.a. þeirri, hversu mikils lánsfjár á að afla innanlands til Búrfellsvirkjunarinnar.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Hæstv. landbrh. talaði hér nokkur orð áðan. Ég held, að honum hefði nú verið nær að láta hæstv. iðnmrh. um það að halda uppi vörninni fyrir þessum slæma málstað.

Það er nú búið að minnast á það, sem hæstv. landbrh. sagði, en mig langar til að segja 2—3 orð til viðbótar. Hann margendurtók það í ræðu sinni, að við gætum fengið þetta og þetta og gert þetta og þetta vegna alúmíníumverksmiðjunnar. Sannleikurinn var, að við gátum gert þetta allt saman án hennar. Við vorum ekki í neinum vandræðum með að byggja þetta upp og þurftum ekkert að leita til svissneska auðhringsins til þess. Hæstv. landbrh. sagði orðrétt: „Það vill enginn íslenzkur þm. gera neitt, sem getur skaðað þjóðina," og hann var að ávíta okkur í stjórnarandstöðunni fyrir hitt og þetta, sem við höfum sagt. Það er þá bara þannig með hann, að það góða, sem hann vill gera, gerir hann ekki, og það illa, sem hann vill ekki gera, gerir hann, vegna þess að hann lætur blekkjast af alls konar fortölum, sem honum væri ekki hollt að vera að hlusta á.

Það var alveg sláandi, þegar hann kom að skattamálum Norðmanna og ætlaði að fara að telja okkur trú um, að Norðmenn hefðu samið verr en við. Fyrir utan vitleysuna í þessu, þá gleymdi hann því, sem er höfuðatriðið. Og höfuðatriðið er það, að Norðmenn ráða sjálfir, hvaða skatta þessi alúmíníumhringur á að borga. Það er þeirra Stórþing, sem ræður því og setur skattalög, og eftir þeim verður alúmíníumhringurinn að borga. En hvað er verið að gera hér? Hér er verið að setja skattalöggjöf til 45 ára, og það er Swiss Aluminium, sem ræður með aðstoð 32 þm. hér. Það er verið að setja sérstök skattalög í þessu plaggi, sem liggur fyrir okkur, — skattalög sem eiga að gilda til 45 ára, og það er svissneski auðhringurinn, sem setur þessi lög í samráði við stjórnarmeirihl. hérna, og síðan á Alþ. ekki að geta breytt þessu í 45 ár. Nei, hæstv. landbrh. sagði þetta ekki — eða vill hann ekki minnast á það? Ég veit ekki, hvað á að þýða að vera að reyna að gylla þetta fyrir okkur þm. Hann getur logið að sjálfum sér, það þýðir ekki að ljúga að okkur. Við vitum betur.

Hæstv. iðnmrh. svaraði hér nokkrum orðum því, sem ég hafði sagt hér fyrr, og fór að tala um minnimáttarkennd í því sambandi. Ég vildi nú óska, að það væri aldrei meiri minnimáttarkennd í afstöðu hæstv. ríkisstj. og hennar fylgismanna hér á þingi í afstöðunni gagnvart erlendum auðhring heldur en sá ótti var hjá mér við að það yrði slakað á íslenzkum málstað í sambandi við þessa samninga. Hann talaði um, að við værum dauðhræddir við að semja við erlenda aðila. Við skulum heldur segja, að við værum dauðhræddir að láta þá semja við erlenda aðila. Hvað er það, sem hér hefur gerzt í sambandi við þetta? Ég er hræddur um, að það hafi verið slík minnimáttarkennd á ferðinni, að þeir, sem hafa átt um samninga þessa að sjá, hafi litið þannig upp til auðhringa, af því að þeir voru voldugir og ríkir, að það ætti að semja allt öðruvísi við þá heldur en við einhverja atvinnurekendur hér heima. Af því að þetta félag, Swiss Aluminium, á líklega svona 15 þús. millj. kr. í sínum verksmiðjum, líta þeir þannig á, að það eigi að veita þessu auðfélagi sérstök réttindi hér á Íslandi, — réttindi, sem íslenzkir atvinnurekendur eiga ekki að fá, m. ö. o.: minnimáttarkenndin er slík, að þegar verið er að tala við þetta auðfélag, á það að fá sérréttindi. Það ætti svo sannarlega að vera fært um að bera skatta og annað slíkt á við hvern íslenzkan smáatvinnurekanda hérna, hvort sem hann heitir útgerðarmaður eða verksmiðjueigandi, en allir eru þeir smáir í samanburði við þetta félag. Nei, minnimáttarkenndin er svona, að þegar talað er við einn auðhring þarf að beygja sig í duftið og gefa honum sérréttindi, en aftur á móti, ef íslenzkur atvinnurek-

andi á í hlut, á að leggja sömu kvaðirnar á hann, sem lagðar eru á íslenzkan almenning.

Þá vildi ég út frá því, sem hæstv. ráðh. talaði um í sambandi við verkföllin og annað slíkt, spyrja hann: Vill þessi hæstv. ríkisstj. gefa þá yfirlýsingu, og vill sérstaklega forusta Sjálfstfl. gefa þá yfirlýsingu, að það verði aldrei sett af hennar hálfu og af hálfu þeirra flokka, sem samþykkja þessi lög nú, nein lög, sem banna verkfall við þetta fyrirtæki á Íslandi? Við þekkjum það ósköp vel, hve hrædd þessi ríkisstj. er og ekki sízt hæstv. samgmrh. við þau fyrirtæki, sem eru rík og voldug.

Eitt einasta íslenzkt fyrirtæki, sem er allstórt, eru Loftleiðir. Svo framarlega sem eitthvað vofir yfir um verkfall hjá Loftleiðum, hvað er þá gert hér? Það er tvisvar sinnum núna búið að banna verkföll hjá Loftleiðum. Hvað á þetta að þýða? Er það ekki nógu ríkt til þess að geta borgað það kaup, sem verkamenn heimta? Byggja þeir villurnar fyrir ekki neitt suður á Arnarnesi, forstjórarnir þar? Hvað á það að þýða að láta alltaf undan, ef það er einhver auðugur, sem á í hlut, en vera harðvítugur svo framarlega sem það eru þeir smáu, þeir fátæku. Vilja þessir menn, sem núna gefa þessar yfirlýsingar um, að það sé allt í fínasta lagi með þessa samninga, gefa þá yfirlýsingu, að Sjálfstfl. og Alþfl. muni aldrei standa að því að setja lög, sem banni verkfall við þetta fyrirtæki? Ég vonast til þess, að þeir svari.

Hæstv. iðnmrh. fór að minnast á titil á bók, sem hafði verið gefin út eftir mig „Vort land er í dögun", og þeir hafa allmikið talað um Einar Benediktsson í sambandi við þessi mál. Það er eitt, sem þeir hafa gleymt í því sambandi og það er, að þegar vort land var í dögun, var mótað það orðatiltæki, að Ísland ætti að vera fyrir Íslendinga, og það þurfa þeir að fara að rifja upp, að Ísland eigi að vera fyrir Íslendinga, en ekki fyrir útlendinga.

Hæstv. iðnmrh. kom inn á það, og þar skildi ég svo, að hans góða samvizka væri að slá hann ofurlítið, — hann var að tala um, að það vantaði ráðunaut í iðnmrn. Ég held, að það sé alveg satt, og ég held, að hann hljóti að hafa fundið til þess núna, þegar svissneski auðhringurinn kemur með þrautþjálfaða lögfræðinga, hálærða og hálaunaða, og svo er einhverjum nýbyrjendum att út í það hérna heima að eiga nú að standa í stappinu við þá og láta snúa svoleiðis á sig, að þessir prælkurteisu forstjórar Swiss Aluminium geti ekki á sér setið að hælast um á eftir, hvað þeir hafi fengið góða samninga út úr þessu. Það er eðlilegt, að hæstv. iðnmrh. tali um, að það þurfi ráðunauta, en ég er hræddur um, að það þurfi að ala þá ráðunauta dálítið vel upp, með öðruvísi hugsunarhætti en þeim, sem hefur verið hjá þeim, sem mestan áróður hafa núna rekið, t. d. í Morgunblaðinu, fyrir því að gera þennan samning.

Hæstv. iðnmrh. var mér sammála um það, að ef allt um þryti, yrðum við að reyna að grípa til eignarnámsins, og ég sé nú í Vísi í dag, að það er þegar farið að óskapast út af því, að við skulum vera farnir að hóta hringnum með þessu svona snemma. Það er nú svo sem ekkert þægilegt, hvernig búið er að semja þar. Það er búið að semja um, að við eigum að borga þetta út og yfirfæra það í dollurum undireins til þeirra. Það verða nú ekki gripnar upp hjá okkur undireins 2500 millj. til þess að borga þeim út. Þeir hafa búið nokkuð vel um hnútana þessir Svisslendingar. Svo framarlega sem íslenzk stjórnarskrá ætti þarna að gilda, mundi verða tekið eignarnám með lögum og Hæstiréttur Íslands mundi ákveða þetta, og Alþ. mundi ákveða á hvern hátt þetta yrði borgað. Þessir herrar eiga að fá þetta útborgað allt saman í þeirri mynt, sem þeir óska eftir. Svona er stjórnarskráin sniðgengin í þessu sambandi líka.

Hæstv. iðnmrh. las upp yfirlýsingu frá Alusuisse um, að þeir mundu ekki verða í Vinnuveitendasambandinu, og það átti nú að róa vesalings Alþfl., sem var farinn að fá eitthvert samvizkubit út af því, að e. t. v. kynni hann nú einhvern tíma að hafa eitthvað að segja í verkalýðssamtökum, þannig að það væri réttara að hafa sýnt einhverja ábyrgð í þessu. Og hvað segir svissneski auðhringurinn? Hann segir: Ég ætla ekki að vera í Vinnuveitendasambandinu og ekki að láta ISAL vera í Vinnuveitendasambandinu. Máske það væri reynandi að skrifa annað bréf næst og spyrja þá, hvort þeir ætluðu að borga eitthvað til Vinnuveitendasambandsins, hvort þeir hafi kannske þegar gert samning við Vinnuveitendasambandið um það, að þeir skuli hafa þá fyrir ráðunauta hérna, þó að þeir séu ekki í því, og þeir skuli borga til Vinnuveitendasambandsins eins mikið og þeir menn mundu gera, sem í því væru, rétt eins og Amerikanarnir hafa haft það á Keflavíkurflugvelli. Ætli það komi þá ekki nokkuð í sama stað niður hvað snertir stéttaafstöðuna hérna heima. Við skulum nú segja, að Vinnuveitendasambandið ætti að vera ráðunauturinn fyrir þá, ætli þeir ráðleggi þeim þá ekki að vera jafnharðvítugir og þeir harðvítugustu mundu vera í Vinnuveitendasambandinu við að ganga ekki að eðlilegum kröfum verkamanna? Það er til lítils að ætla að blöffa okkur með svona nokkru. Hins vegar væri annað, ef þeir vildu bæta hérna inn í 3. gr. í lögin, þar sem stæði, að þessum auðhring og hans dótturfélagi hér á Íslandi, ISAL, væri gersamlega bannað að hafa nokkur afskipti af íslenzkum vinnudeilum öðruvísi en ganga að þeim samningum, sem gerðir væru í hvert skipti, og væri bannað að greiða nokkurt fé, hvorki til Vinnuveitendasambandsins né annarra slíkra, svo að ég nú ekki tali um til stjórnmálarekstrar eða blaðaútgáfu eða annars slíks hér á Íslandi. En hitt er svo annað mál, hve mikið þeir færu eftir því, þótt við settum slíkt í lög.

Ég held, að hæstv. iðnmrh. eigi ekki að tala um minnimáttarkennd í sambandi við þessa hluti. Við skulum ekki reyna að snúa því, sem við höfum almennt talið okkar sjálfstæðisbaráttu, upp í það að heita minnimáttarkennd.

Var það minnimáttarkennd að hefja upp Landsbankann á kostnað Íslandsbanka? Var það af því að menn hefðu svona ríka minnimáttarkennd, að menn vildu ekki láta Íslandsbanka hafa seðlaútgáfu, — hálfdanskan hlutafélagsbanka hafa seðlaútgáfuna á Íslandi, — eins og hann hafði fyrst? Var ekki neitt þjóðernislegt í því að vilja ná seðlaútgáfunni í hendurnar á íslenzkum ríkisbanka úr höndunum á hálfdönskum hlutafélagsbanka? Var það einhver minnimáttarkennd, að Alþ. Íslendinga

vildi ekki á sínum tíma semja við Sameinaða gufuskipafélagið? Það hafði tilboð frá Sameinaða gufuskipafélaginu um það leyti sem vissir menn voru að brölta í eins óþjóðlegum hlut og reyna að koma upp Eimskipafélagi Íslands. Sameinaða gufuskipafélagið gerði tilboð. Alþ. anzaði því ekki. Var það minnimáttarkennd? Eða var það minnimáttarkennd, er Jón Þorláksson og aðrir slíkir börðust fyrir því, að við Íslendingar réðum sjálfir fossunum, en það væru ekki útlendingar sem ættu þá? Eða var það eðlileg þjóðernistilfinning? Eða það, að Ólafur Thors stóð á móti því, að Titan fengi sérleyfi hérna 1927 og Tryggvi Þórhallsson og Héðinn Valdimarsson stóðu með honum? Var það einhver minnimáttarkennd gagnvart Titan? Eða væri það einhver minnimáttarkennd að vera á móti því, að enskir togaraeigendur legðu hér upp eða norskir menn hefðu hér síldarsöltun? Eða var það minnimáttarkennd, að við vildum, að íslenzkir atvinnurekendur réðu þessu? Nei, Ísland var nýlenda, og nýlenda þýðir það, að það eru útlendir atvinnurekendur, sem eiga atvinnutækin og hirða arðinn af vinnu verkamannanna og auðlindum landsins og flytja þann arð út úr landinu. Það er að vera nýlenda, og það var út úr þessu, sem við vorum að brjótast, og um það var okkar sjálfstæðisbarátta háð, og þess vegna viljum við ekki stíga sporin inn á nýlendubrautina aftur. Það þarf ekki nema 1—2 svona samninga eins og þessi er, þá er meiri hl. af öllu fjármagni í iðnaði og sjávarútvegi á Íslandi orðinn útlendur. Eftir að þetta væri komið í gegn, er það 33% af fjármagninu í iðnaði og sjávarútvegi, sem er orðið útlent, og ef það kæmu 1—2 svona samningar til, er meiri hl. af fjármagninu í þessum greinum orðinn það.

Hæstv. iðnmrh. sagði í sambandi við mínar spurningar um verkföllin, að ríkisstj. hefði engar sérstakar skyldur. Það er alveg rétt, og það gladdi mig að heyra, að hæstv. ríkisstj. lítur svo á. Ríkisstj. hafði heldur engar sérstakar skyldur gagnvart Loftleiðum, að banna verkföll með lögum hjá þeim. En það, sem þarna kemur til greina, er, að það eru vissar tilhneigingar oft hjá vissum ríkisstj. til að líta svo á, að þær eigi að skipta sér af því, hvort stór atvinnufyrirtæki séu rekin eða ekki. Og þegar þar að auki bætist ofan á, að hagsmunir ríkisfyrirtækja eins og Laxárvirkjunarinnar og annarra slíkra gætu verið þarna í veði, þegar ríkið er þar að auki ábyrgt fyrir Hafnarfjarðarkaupstað, fyrir Landsvirkjuninni, fyrir höfninni, sem þarna er reist, væru það vissir hagsmunir ríkisins, sem kynnu að freista ríkisstj. til þess, ef þeir sæju, að verkfall ætlaði að standa mjög lengi hjá svona félagi, að fara að banna verkfall hjá þessu fyrirtæki. Það stóð a. m. k. ekki á því gagnvart Loftleiðum um árið. Þess vegna erum við hræddir í þessum efnum, og þess vegna þætti mér mjög vænt um að fá slíka yfirlýsingu frá hálfu Sjálfstfl., að hann mundi aldrei standa að löggjöf um að banna verkföll við þetta fyrirtæki.

Hæstv. iðnmrh. svaraði því réttilega, að þegar kæmi til spursmálsins um deilu út af þessu, — alveg eins og ég hafði nú skilið það, — væri að lokum hægt að skjóta henni til alþjóðlegs gerðardóms, og þá erum við komnir út í það, að alþjóðlegur gerðardómur verður farinn að dæma um verkföll hérna á Íslandi, og hvernig stöndum við þá að vígi? Við höfum allt aðrar venjur hér á Íslandi um verkföll en menn hafa í flestöllum löndum Evrópu, sem þessi alþjóðadómstóll ætti að fara eftir. Aðstaða verkamanna hér er yfirleitt miklu sterkari í slíku. Það er bannað með lögum að reyna t.d. að hafa verkfallsbrjóta hér. Það gætu orðið ótal árekstrar í sambandi við útlenda verkamenn, er þetta félag mundi telja sig hafa rétt til að hafa hér og það væri kannske búið að flytja inn undir öðrum kringumstæðum og vildi fá að halda lengur. Það gæti jafnvel komið til, að það yrðu reynd verkfallsbrot í svona verksmiðjum. Allt svo, það þýðir, að við erum farnir að hafa útlend afskipti af þeim vinnudeilum, sem hér eru háðar. Hv. 5. þm. Vesturl. þótti ég hafa verið nokkuð hvass í minni ræðu við 2. umr. Ég hafði skipt í tvennt þeim mönnum, sem ég áleit, að stæðu að því að koma þessu máli í gegn: annars vegar menn, sem ég taldi beina erindreka fyrir erlent auðvald, hins vegar menn, sem vildu vel, en breyttu rangt, af því að þeir áttuðu sig ekki á afleiðingunum af því, sem þeir væru að gera.

Hvað snertir þá menn, sem eru beinir erindrekar fyrir erlent auðvald hér, eru það sumpart menn, sem eru slíkir ofstækisfullir dýrkendur auðmagns, að þeir álíta auðmagn gott, hvaðan sem það komi, bara að fá auðmagn hér inn, hvaðan sem það kemur, það sé gott og blessað. Og þessi áróður hefur verið rekinn svo lengi í Morgunblaðinu, að ég er hissa á því, ef hv. 5. þm. Vesturl., sem sjálfur hefur verið ritstjóri, hefur aldrei orðið var við það.

Í öðru lagi er það því miður til, ekki sízt eins og okkar þjóðfélag er að verða, að það eru til svo lítilsigldir menn, svo peningagráðugir, að bara fyrir þá mola, sem detta af borðum erlendra auðhringa, fara þeir að vinna fyrir þá hér heima, búast við meiri gróða af slíku. Hins vegar hef ég ekki borið brigður á, að þeir menn, og ég hef nefnt tvo af hæstv. ráðh. í því sambandi, sem hér hafa nú því miður úrslitavaldið um að koma þessu í gegn, muni vilja vel, en breyta rangt, af því að þeir átta sig ekki á afleiðingunum af því, sem þeir eru að gera og eru komnir of langt út í þetta. Það er engin tilviljun, að bæði hæstv. iðnmrh. og hæstv. forsrh. hafa sjálfir farið að tala um nauðsyn á hugsanlegu eignarnámi á þessari verksmiðju vitandi þó um erfiðleikana. Og ég minni í þessu sambandi á það, sem hæstv. menntmrh. hefur hvað eftir annað sagt hér, að svo framarlega sem hann og menn hefðu vitað um afleiðingar stækkunar á sjónvarpsstöðinni á Keflavíkurflugvelli, hefðu menn ekki leyft þá stækkun. Menn leyfa þessa hluti, af því að menn gera sér ekki ljósar afleiðingarnar af því, og þegar við hér reynum svo að segja að berja höfðinu við steininn með því að prédika nú yfir þessum mönnum, eru þeir orðnir of langt leiddir í þessu og búnir að ganga svo langt í samningum, að þeir geta ekki farið að kippa hendinni til baka allt í einu. Þess vegna er það, að þeir munu ekki átta sig á, hvað gerzt hefur í þessu, fyrr en þeir sjá afleiðingarnar af því, rétt eins og hefur orðið með sjónvarpið. Hins vegar þurfa þeir ekki að líta langt til þess að sjá spillingaráhrifin nú þegar. Þeir þurfa ekki nema að líta hérna suður í Reykjaneskjördæmið og sjá þau spillandi áhrif, sem þetta er byrjað að hafa núna undireins á kjósendurna og jafnvel allt

upp í suma þm. Sannleikurinn er, að því miður er það svo, að það er verið að ala þannig upp peningahugsunarháttinn hjá þjóðinni, að það er verið að reyna að skapa þá afstöðu hjá mönnum að líta ekki á neitt nema peningana í sambandi við þetta.

Ég tók eftir því, að Alþfl. var eitthvað ofurlítið smeykur, og þó að þetta sé nú heldur lítill plástur, þetta bréf frá Aluminium, sættir hann sig kannske við það. „Litlu verður Vöggur feginn." En hitt efast ég ekki um, að eftir nokkurn tíma muni Alþfl. átta sig á því, hvaða vitleysu hann hefur gert. Það hefur komið áður fyrir hann. Það var líka svo, að fyrrv. formaður Alþfl., hann var eitt sinn forsrh., sagði, þegar hann mælti fyrir Atlantshafssamningnum: „Ef við værum að tala um herstöðvar á Íslandi í sambandi við þetta, mundum við aldrei samþykkja þennan samning." Tveimur árum seinna komu herstöðvarnar.

Ég þykist vita, að svo framarlega sem Alþfl. áttaði sig á því núna eftir nokkurn tíma, að hann hefði gert vitleysu með þessu, kippir hann að sér hendinni og fer að berjast þarna á móti. Svo skulum við bara hugsa okkur, að þessi sami Swiss Aluminium hringur komi með tilboð um að reisa aðra alúmíníumverksmiðju fyrir norðan og nota Dettifoss. Mér er sem ég sjái, að við og Alþfl. berðumst hér af fullum krafti á móti, ef Sjálfstfl. eða meginhlutinn af honum væri með. Skyldi hann þá ekki fá einhverja menn úr Framsókn með sér til þess að geta komið þessu í gegn? Hættan er sú, að þegar við einu sinni erum búnir að opna fyrir þessum erlendu hringum, fari hver þeirra að koma á fætur öðrum. Og hérna var útbýtt í dag frv., þar sem verið er að breyta fyrirtæki, sem ríkið átti að eiga svo að segja eitt fyrir ári, í það að vera fyrirtæki, þar sem einn af stærstu auðhringum Ameríku, — auðhringur, sem varð á síðasta ári einn af 15 auðugustu hringum heimsins, — á að eiga 39% minnst, kannske upp í 49% á móti 51% hjá ríkinu í því hlutafélagi, sem á að mynda um kísilgúrinn. Og það er einmitt sá auðhringur, sem einokar kísilgúrinn í heiminum. Það stendur ekki á því, að það skuli vera opnað fyrir fleiri auðhringum en Swiss Aluminium. Og svo var hv. 5. þm. Vesturl. að óskapast yfir því, að mér skyldi detta í hug, að þessi auðhringur gæti haft einhver pólitísk áhrif hérna á Íslandi með tímanum, en í sömu ræðunni, sem hann hélt, skauzt það upp úr honum, að einn hringur hefði verið að gera samning í Grikklandi, ég held einmitt þessi sami, og hann hefði nú samið um dálítið hærra verð en sums staðar annars staðar, en um leið tryggt sér hugsanleg pólitísk áhrif, sem gætu bætt honum það upp. Hv. forsvarsmönnum þessa frv. er þannig ljóst, að þessir auðhringar verða eitt sterkasta valdið í þeim löndum, þar sem þeir eru komnir inn, og þegar búið er að hleypa þeim inn, getur verið of seint að svipta þá því valdi.

Það hafa ýmsir verið að taka hér dæmið af Noregi. Það þýðir ekki að taka það dæmi til þess að bera saman. Í Noregi er útlent auðmagn milli 5—10% af því fjármagni, sem í Noregi er. Það er eins og það hefðu verið byggð kannske 1—2 hótel hérna á Íslandi með útlendu fjármagni. Ég væri ekkert hræddur um, að sjálfstæðið væri í hættu, þó að einhverjir útlendingar hefðu lagt í að byggja hér 1—2 hótel, sem kostuðu nokkur hundruð millj. En þegar ⅓ fjármagnsins í iðnaði og sjávarútvegi Íslands á að fara að verða útlendur og meira á svo að fara að bætast við, er ég hræddur við þau áhrif.

Við skulum gá að því, hvað verið er að gera með þessu. Við höfum verið að mynda ríki hér á Íslandi, sjálfstætt ríki, lýðveldi. En hvað erum við að gera með þessu? Við erum að mynda svo að segja sjálfstæð ríki, borgríki, hérna rétt fyrir sunnan okkur. Það var myndað eitt slíkt ríki suður á Keflavíkurflugvelli, ekki háð íslenzkum lögum. Það er verið að mynda annað suður í Straumsvík, girða það af og gera það óháð íslenzkum lögum. Alþ. á ekki næstu 45 ár að geta breytt lögum um það svæði og svona á kannske að halda áfram. Við erum að slíta í sundur lögin. Og þegar við slítum í sundur lögin, slítum við og í sundur friðinn. Suður í Keflavík voru þessi lög slitin í sundur til 25 ára og þetta ástand með borgríkið þar hefur staðið nú í 25 ár. Nú á að slíta lögin hvað snertir Straumsvík til 45 ára, skapa borgríki þar. Svona er verið að höggva skarð í varnarmúra lýðveldisins. Svona er verið að svipta Alþ. löggjafarvaldi lengur en nokkur þeirra manna, sem nú situr á þingi, kemur til með að sitja hér.

Ég spurði að því við 2. umr. þessa máls, hvernig væri með lánssamninginn við Alþjóðabankann. Það er ekki farið að gera þann lánssamning enn þá. Mér er sagt, að nú hafi menn verið sendir út til þess að gera þann samning. Er öruggt, að sá samningur fáist með þeim vöxtum, sem hér hafa verið lagðir fyrir okkur? Og hvernig verður með þessa samninga við Alþjóðabankann? Hvaða kröfur kæmi Alþjóðabankinn til með að gera, ef t. d. við ættum eftir að taka að einhverju leyti þennan hring eignarnámi eða hans eignir hér heima? Mér skilst, að þessi hringur eigi að standa sem eins konar tryggjandi gagnvart parti af því láni, sem við tökum til Búrfellsvirkjunarinnar. Á þessi hringur að hafa sérstakt vald í slíku sambandi, sem gæti komið þvert á það, sem Alþjóðabankinn vildi? Við vitum ósköp vel, að Alþjóðabankinn er með harðdrægustu og svívirðilegustu bönkum í veröldinni, sérstaklega hvað snertir þær þjóðir, sem eru fátækar, og reiknar sér háa vexti, okurvexti, eins og hann reiknar okkur. Og við vitum um leið, að hann notar sitt vald pólitískt, eins og hann hefur reynt áður að nota gagnvart Íslandi. Hann hefur áður reynt að beita sér fyrir því, að fyrirtæki, sem við ætluðum að setja hér upp, eins og Sementsverksmiðjan, yrði ekki ríkisfyrirtæki, heldur einkafyrirtæki. Hvernig mundi slíkur banki líta á, ef við ætluðum að gera það fyrirtæki, sem núna er að nokkru leyti reist í samráði við hann suður í Straumsvík, að ríkisfyrirtæki? Mundi hann kannske slá harðvítugar í borðin en hann gerði 1953? Það er rétt, að menn muni þetta um leið og menn eru að ræða þessa hluti.

Hæstv. atvmrh. sagði, að það væru ekki nema 110 menn, sem mundu vinna 1967, þ. e. við að byggja verksmiðjuna. 285 1968 og 215 1969, og það mundu ekki vinna nema 75 við höfnina öll þessi ár þarna suður frá. En hvernig var það í Noregi? Ég er hræddur um, að þmn. hafi fengið þær upplýsingar, að sums staðar hafi unnið 1200 manns við þetta. Það er eins og ekkert af öllum þessum upplýsingum, sem við fáum í þessu sambandi, standi heima.

Ég vil leyfa mér að benda á, þegar menn eru að reyna að draga úr ótta manna í dreifbýlinu við strauminn hingað suður, að 500 eða 600 manna verksmiðja eins og þessi er grundvöllur a. m. k. 5000 manna bæjar, og hún verður grundvöllur að miklu meiru, vegna þess að ástandið er þannig úti um land, að vonirnar, sem vakna við það að geta komizt í þessa vinnu, valda því, að það koma miklu fleiri hingað suður en þeir, sem fá atvinnu við þetta. Menn koma til þess að keppast um að komast í þessa atvinnu, og menn koma til með að hafa nóg að gera til að byrja með, m. a. við að byggja hús og annað slíkt fyrir það fólk, sem kemur suður til að hafa vinnu og fyrir þá, sem vonast til þess að fá vinnu við þetta. Þetta verður miklu meiri straumur en þarf til að skapa 5000 manna bæ í Straumsvík í viðbót við það þéttbýli, sem hér er fyrir.

Ég vil svo leyfa mér að spyrja út frá því valdi, sem meiri hl. hér á Alþ. er að taka sér með því að samþykkja þessi lög: Lítur meiri hl. svo á, að það sé virkilega hægt að gefa íslenzku félagi sérréttindi til 45 ára með lögum frá Alþ.? Lítur hæstv. dómsmrh. svo á t. d., að Sjálfstfl. og Alþfl. gætu með sínum meiri hl. í dag samið við hvaða íslenzkt fyrirtæki, sem væri, um að næstu 45 ár skyldi þetta íslenzka fyrirtæki hafa ákveðin réttindi viðvíkjandi sköttum, sem ekki væri hægt að hagga næstu 45 ár? Líta þeir svo á, að þeir hafi heimild til slíks? Og ef þeir geta samið þannig við eitt fyrirtæki, geta þeir þá ekki samið þannig við 2 fyrirtæki eða 10 fyrirtæki eða 100 fyrirtæki? M. ö. o.: er lagalega séð hægt að semja í dag við hvaða atvinnurekendur á Íslandi sem vera skal um það, að næstu 45 ár skuli þeir hafa þá skatta, sem þar með er ákveðið, og það sé ekki hægt að breyta þeim í 45 ár? Ég vil bara spyrja. Er þetta hægt? Og ég vil gjarnan fá yfirlýsingar um þetta. Við skulum segja, að Alþfl. kæmi hér og mótmælti og segði: Ég álít, að það sé ekki hægt að semja svona við eitt íslenzkt fyrirtæki. Þá vil ég spyrja Sjálfstfl., og við skulum segja t. d., ef Sjálfstfl. væri fyrir meiri hl. á Alþ., mundi hann þá álíta sig hafa rétt til þess að semja við hvaða íslenzkt fyrirtæki sem væri um skatta til 45 ára? Ég vildi gjarnan, að það væri gengið alveg úr skugga um þetta atriði, hvort Alþ. telur sig hafa rétt til þess að semja þannig, og þá vil ég spyrja að öðru: Ef þeir svara mér því, að þeir geti ekki samið þannig og álíta sig ekki geta samið þannig við íslenzt fyrirtæki til 45 ára, álíta þeir sig þá hafa rétt til þess að semja við íslenzkt fyrirtæki, ef viðkomandi íslenzkt fyrirtæki hefur komið sér upp vinsamlegu fyrirtæki t. d. í Bretlandi eða Bandaríkjunum? Gæti t. d. Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna eða hraðfrystihúsaeigendur hér fengið slíkan samning, ef fyrirtæki í Bandaríkjunum hefði eitthvert vinsamlegt samband við þau? Álíta þeir sig hafa rétt til þessa? Er m. ö. o. hægt að tryggja sérréttindi til handa ákveðinna atvinnurekenda eða ákveðinna fyrirtækja til næstu 45 ára á Íslandi? Er það hægt samkv. stjórnarskránni? Stjórnarskráin bannar sérréttindi, svo framarlega sem þau eru tengd við aðal eða annað slíkt, en er þetta hægt? Er hægt að svipta Alþ. löggjafarvaldinu um skatta í næstu 45 ár, þegar í hlut eiga ákveðin fyrirtæki? Getur núv. meiri hl. Alþ. tekið sér þetta vald? Ég er ekki lögfræðingur, hæstv. dómsmrh. er það. En mér virðist þetta einkennilegt. Og ég verð að segja það, að ef þetta er hægt lagalega, upp á hvað er þá verið að bjóða? Er þá verið að bjóða bara upp á það að gera t. d. íslenzka atvinnurekendastétt, ef hún hefur vissa verndara erlendis sama sem skattfrjálsa eða tryggja henni ákveðinn skatt í 45 ár, sem Alþ. getur ekki breytt? Ég vil, að menn viti alveg hreint, hvað þeir eru að byrja á með löggjöf eins og þeirri, sem hér liggur fyrir. Þetta er samsvarandi löggjöf þeirri, sem annars staðar í heiminum hefur leitt til þess, að menn hafa háð sjálfstæðisbaráttuna svona lengi eða menn hafa gert byltingar. Það, að aðall varð skattfrjáls í Frakklandi, leiddi að lokum til þess, að borgararnir og bændurnir og verkamennirnir gerðu byltingu þar. Ég held, að það sé nauðsynlegt fyrir okkur að fá að vita um þetta.

Hæstv. iðnmrh. minntist á, að í Noregi, ef ég man rétt, væru aðeins samningar til 10 ára, hérna hins vegar tryggðum við okkur með að geta selt raforkuna í 45 ár og það ætti að vera svo óskaplega miklu betra. Ég vil nú segja, að ég vildi heldur vera í aðstöðu Norðmanna, að vera bara skuldbundinn þeim til 10 ára og láta þá verða að sækja undir okkur, hvaða verð þeir fengju á raforkunni eftir 10 ár og standa með sína verksmiðju hérna og verða að semja við okkur. Ég held, að það væri þægilegra fyrir okkur. Við þurfum ekki að vera mikið hræddir um, að við komum ekki raforkunni út.

Mér hefur ekki litizt á, hvernig þetta mál hefur verið sótt. Það að reyna að gylla þetta svona gefur mér þá hugmynd, að það eigi að reyna að smækka þjóðina, fá hana til þess að gleypa við svona beitu og finnast eitthvað óskaplega fínt og gott að geta fengið svona auðhring inn í landið. Við erum að veita þessum auðhring íslenzka auðlind til þess að ausa af, 30% af allri landsframleiðslu. Við erum að veita þessum auðhring íslenzkt vinnuafl til þess að græða á. Fyrir þetta eigum við að reyna að skapa þakklæti hjá þjóðinni í staðinn fyrir, að við eigum einmitt að brýna það fyrir þjóðinni, að þessi hringur sé að græða á henni, sé að hagnýta okkar auðlindir. Það væri hreinskilnara að segja það, þó að menn álíti að einhverju leyti, að þeir væru knúðir til þess að gera svona samning, hvaða ástæður sem það svo eru. Við erum að stíga inn á nýlendubrautina aftur með þessu. Nýlendubrautin er það, þegar arðurinn af vinnu verkamannanna og auðurinn, sem sprettur upp af auðlindum landsins, fer út úr landinu. Þess vegna er þetta spor aftur á bak. Við gátum gert svona sjálfir, við gátum líka komið upp alúmíníumverksmiðju sjálfir. Við getum gert þetta allt saman sjálfir, Íslendingar. Við erum alveg orðnir nógu ríkir og voldugir og sterkir til þess. En með þessu, sem nú er verið að gera, fer arðurinn út, en hættan af valdi hringsins verður hér heima. En það allra, allra hættulegasta í sambandi við þetta allt saman er þó það, sem áróðurinn fyrir því, að svona auðhringur sé einhver blessun, getur gert í því að minnka þjóðina, að smækka hana andlega. Það er það hættulegasta.

Skáldin okkar ræddu þessa hluti mjög á fyrsta áratug aldarinnar, Einar Benediktsson, Þorsteinn Er-

lingsson og Stephan G. Stephansson segir í sínum Fossaföllum eftirfarandi: lætur fossinn tala til þjóðarinnar:

„En magnið mitt, en iðjuleysið ekki,
til illra heilla gæti sljóva leitt.
Ég kann að smíða harða þrælahlekki
á heilan lýð, ef mér er til þess beitt.
Ég orðið gæti löstur mesti í landi
og lækkun þjóðar — öðrum þannig fer —
sé gamla Þóris gulli trylltur andi,
sem gekk í fossinn, vakinn upp í mér."

Það er þetta, sem er mesta hættan í sambandi við þetta mál. Það er, þegar verið er að gylla fyrir þjóðinni, hvað það sé dásamlegt að fá útlendan auðhring inn í landið. Það á að reyna að skapa hjá henni þá hugmynd, og sú smitun á sér nú þegar stað suður í Reykjaneskjördæmi, að þetta sé eitthvað, sem hún eigi að þakka fyrir og hún megi helzt ekkert gera, sem þessum auðhring kunni að vera á móti. Í staðinn fyrir að vara þjóðina við, að hvetja hana frá upphafi til þess að standa á verði gegn þessu, — þó að mönnum af einhverjum undarlegum ástæðum kunni að hafa fundizt nauðsynlegt að hleypa honum inn í landið, — *einmitt með því að skapa ekki varðstöðu þjóðarinnar* eru menn óbeint að ganga í þjónustu þessa hrings, þá eru menn óbeint að leiða hættuna af því yfir þjóðina, að þetta erlenda auðvald geti drottnað yfir henni. Þess vegna er, þrátt fyrir allt það tap, sem kann að verða á rafmagnsverðinu, þrátt fyrir alla þá vitleysu, sem þetta skapar í okkar efnahagskerfi, það langsamlega hættulegasta, sem af þessu leiðir, vald þessa auðhrings, sem inn í landið kemur, og sú smækkun þjóðarinnar andlega, sem verið er að berjast fyrir í sambandi við að hleypa þessum auðhring inn.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Stóriðja hefur lengi verið lausnarorðið í framtíðardraumum stórhuga manna á Íslandi. Og vissulega kemur það engum á óvart. Stóriðja er kall hins nýja tíma í atvinnumálum, og á því sviði kemur auðvitað fjöldamargt til greina, bæði steinefni, málmar, óunnin efni og afurðir af sjó og landi og þá ekki sízt stóriðja í matvælaiðnaði. Með hliðsjón af hinum mörgu möguleikum, sem bjóðast, er það vægast sagt einkennileg staðreynd, að á undanförnum árum virðast valdamenn á Íslandi ekki hafa látið sér til hugar koma nema eina tegund stóriðju. Þeir hafa starað sig blinda á frumefnið alúmín. Þar að auki virðist það hafa verið hálfgert trúaratriði í þessum herbúðum, að stóriðju á Íslandi geti engir byggt nema útlendingar.

Glöggt dæmi um þetta einstrengingslega viðhorf er m. a. að finna í skýrslu, sem einn helzti ráðunautur ríkisstj., Jóhannes Nordal, samdi og send var alþm. hér fyrir rúmu einu ári síðan. Þar er einmitt keppzt um að sannfæra menn um, að möguleikar til stóriðju á Íslandi séu nú alveg að renna úr greipum okkar og því megi alls ekki glata þessu tækifæri. Orðrétt segir þar m. a., með leyfi hæstv. forseta, að „lítil líkindi séu til þess að Íslendingum bjóðist annað tækifæri í fyrirsjáanlegri framtíð til að koma upp alúmíniðnaði."

Nú er það svo, að í samningaviðræðum milli tveggja aðila ræður það oftast mestu um skilmála samningsins, að hvaða niðurstöðu aðrir aðilar eða önnur lönd hafa komizt í svipuðum kaupum. En stundum er þessu alls ekki þannig varið. Ef öðrum aðilanum er um það kunnugt, að samningur er einhvers konar sáluhjálparatriði fyrir viðsemjandann og hann ætlar að semja, hvað sem það kostar og hvernig sem kaupin gerast á eyrinni, er aðstaða hans auðvitað allt önnur til að ná hagstæðari samningum, og hann getur þá mótað samningana frá upphafi.

Það mun víst engum dyljast, að í þeim kaupum, sem hér eru til umr., gerþekktu útlendingarnir viðsemjanda sinn og kunnu að nota sér veikleika hans. Hins vegar mun mörgum hafa ofboðið, þegar aðalforstjóri Swiss Aluminium hélt blaðamannafund aðeins einum degi eftir undirritun samninganna og lýsti því yfir sigri hrósandi, að fyrirtæki hans ætti alúmínverksmiðjur um allan heim, en aldrei hefði nokkur þjóð samið við sig um svo lágt raforkuverð. Hann bætti því jafnvel við, að aldrei hefði það áður gerzt í samningum fyrirtækisins við erlent ríki, að stjórnvöld landsins hefðu afsalað sér dómsvaldi í eigin landi. Í sögu fyrirtækisins er samningurinn einstæður að þessu leyti, hafði fréttamaður útvarpsins eftir hinum sigurglaða forstjóra. — Hvað sagði hæstv. dómsmrh.? (**Dómsmrh.:** Hafa þeir gert samninga við önnur ríki?) Þeir hafa gert fjöldamarga samninga áður, þessir aðilar, um byggingu alúmínverksmiðja, og það hefur aldrei komið fyrir, að þetta fyrirtæki næði inn í sína samninga neinu því ákvæði, sem undanskildi þá lögum viðkomandi lands. Það er einmitt það, sem er mergurinn málsins. (Gripið fram í.) Ég er að tala hér um það, að þessi auðhringur hafi aldrei áður gert samninga um byggingu alúmínverksmiðja í öðru ríki, þar sem slíkt ákvæði hefur náðst fram, en vitaskuld mundi slíkt ákvæði ekki nást fram nema í samningum við viðkomandi ríki. Það þarf ekki að taka það fram. Hvort viðkomandi samningar hafa verið við ríkisstj. viðkomandi landa, ja, ég hef að vísu ekki upplýsingar í höndunum um það. En ég geri fastlega ráð fyrir, að svo hljóti að vera í flestum tilfellum. En ég vil taka það fram, að það skiptir að sjálfsögðu ekki neinu máli í þessu sambandi. En það er vissulega mjög raunalegt og nánast broslegt í þessu sambandi og í ljósi yfirlýsingar svissneska forstjórans, sem ég gat hér um áðan, að hæstv. iðnmrh. skuli koma hér í umr. eftir umr. og reyna að útmála þessa samningagerð með mörgum fögrum orðum og langri talnarunu sem einstaklega hagkvæman samning.

Ég vil nú víkja lítillega að nokkrum hagfræðilegum atriðum þessa máls, eins og margir hafa gert á undan mér. Ég hef nú ekki hlustað á ræður þeirra allra og kann nú að vera, að sumt af því, sem ég bendi hér á, hafi áður komið fram, enda má segja, að staðreyndir þessa máls séu aldrei nægilega oft endurteknar.

Það er ein helzta röksemd alúmínmanna, að hagkvæm lausn á raforkumálum landsmanna sé bundin órjúfandi böndum við orkusölu til alúmínbræðslunnar. Eins og kunnugt er, er þessi þrælskipulagða áróðursherferð reist á tveimur mjög svo hæpnum röksemdum. Í fyrsta lagi er því haldið fram, að

Íslendingar hafi ekki bolmagn til þess að leysa raforkumál sín nema í samstarfi við erlendan auðhring og í öðru lagi, að rafmagnsverð til innanlandsnotkunar verði ódýrara með þeim hætti. Alþm. öllum mun um það kunnugt, að á Alþ. í fyrra var samþ. shlj. að virkja Þjórsá við Búrfell, hvort sem rafmagn yrði selt til alúmínbræðslu eða ekki. Jafnframt er það álit sérfræðinga Landsvirkjunar og kemur m. a. fram í alúmínfrv., að Búrfellsvirkjun sé hagstæðasta virkjun á Íslandi fyrr og síðar. Ef Svisslendingum verður selt rafmagn frá virkjuninni, mun hún endast Íslendingum sjálfum í 10 ár héðan í frá, þ. e. a. s. til 1976, en ef Íslendingar nýta virkjunina einir, mun afl hennar endast þeim í 19 ár, þ. e. a. s. til 1985. Það er þá fyrst spurningin: Geta Íslendingar byggt Búrfellsvirkjun einir, án þess að semja við alúmínhringinn? Í frv. ríkisstj. kemur fram, að slík framkvæmd án raforkusölu til alúmínverksmiðju mundi kosta rúmlega 1100 millj. kr. Það væri ⅓ af útgjöldum ríkisins samkv. fjárl. seinasta árs. En á sínum tíma, þegar Sogsvirkjunin var byggð, kostaði hún á við hálf ríkisútgjöldin. Ég held því, að hverjum manni eigi að vera það ljóst og þurfi ekki framar að deila um það, að hér er ekki um það verkefni að ræða, sem Íslendingar geta ekki risið undir. Ég mundi vilja segja um þessi raforkumál, að væri orka Búrfellsvirkjunar í raun og veru svo gífurlega mikil, að Íslendingar hefðu ekki not fyrir nema örlítinn hluta hennar á næstu áratugum, gæti það burtséð frá öðrum atriðum þessa máls, verið skynsamlegt að semja um verulega orkusölu til útlendinga, sérstaklega, ef bygging orkuversins væri slíkt átak, að Íslendingum væri um megn að standa einir undir þeim kostnaði. En nú er þessu alls ekki þannig háttað, eins og við vitum. Búrfellsvirkjun er hlutfallslega lítið átak fyrir Íslendinga eina, og vegna raforkusölunnar er Búrfellsvirkjun orðin ófullnægjandi fyrir landsmenn þegar árið 1975, aðeins 4 árum eftir að framkvæmdum við Búrfell er lokið.

Í þessum umr. hefur mikið verið rætt um raforkuverðið og af þeim upplýsingum virðist það liggja ljóst fyrir, að Íslendingar geti sjálfir reiknað sér rafmagnið frá Búrfellsvirkjun á heildsöluverði um 30 aura kwst. Í Noregi er söluverðið til Svisslendinga um 13.75 aurar. Hér eiga Svisslendingar að kaupa orkuna á 10.75 aura, og samkv. seinustu útreikningum Landsvirkjunar verður kostnaðarverð orkunnar aðeins brot úr eyri lægra, þ. e. a. s. 10.3 aurar. Um þetta atriði hefur nú verið skrifað svo mjög í blöðin og rætt um hér í þessum umr., að ég sé ekki ástæðu til að rökstyðja frekar þá staðreynd, að söluverð orkunnar mun tæpast verða yfir kostnaðarverði og jafnvel sennilega undir. En vegna þess að mér er ekki kunnugt um, að neinn hafi bent á það í þessum umr., þá langar mig til að vekja athygli hv. þm. á þeirri staðreynd, að það virðist vera álit Alþjóðabankans, að raforkuverðið, 10.75 aurar á kwst. eða 2.5 mill, sé alls óviðunandi. Í skýrslu til stóriðjunefndar í des. 1964 segir á bls. 28, með leyfi forseta:

„Í rekstraráætlun Svisslendinga hafa þeir reiknað með raforkuverðinu 2 mill á kwst., en að meðalskattar á Íslandi væru 33% af nettótekjum. Og er þá ekki reiknað með rétti til frádráttar vegna arðgreiðslu til hluthafa.“ Seinna segir: „Alþjóðabankinn lætur í ljós þá skoðun, að þennan grundvöll þurfi að bæta um 0.5 mill, ef framkvæmdin á að vera efnahagslega réttlætanleg. Með hagkvæmari kjörum væru verksmiðjunni veitt óeðlileg fríðindi. Bankinn telur því, að stefna beri að því sem lágmarki, að alúmínbræðslan greiði 2.5 mill á kwst. af raforkunni og skatta, er nemi 33% af nettótekjum.“

Þetta stendur í fyrrnefndri skýrslu. Þetta kemur nú kannske ekki hv. þm. sérlega mikið á óvart. En ég vil þá minna á, að þegar hér er verið að tala um orkusölu til útlendinganna, er verið að tala um orkusölu til 30 þús. tonna verksmiðju, verksmiðju, sem framleiðir 30 þús. tonn af alúmíni á ári. Alþjóðabankinn segir sem sagt, að það sé algert lágmark, að raforkuverðið verði 10.75 aurar á kwst. og 33% af nettótekjum, þ. e. a. s. það, sem seinna var um samið. En það, sem mestu máli skiptir, er það, sem stendur á bls. 30 í þessari sömu skýrslu:

„Alþjóðabankinn hefur lagt áherzlu á, að þau kjör, sem nú hefur verið rætt um að bjóða alúmínbræðslunni, væru réttlætanleg vegna þeirrar þýðingar, sem alúmínbræðslan hefur fyrir fjárhagslega afkomu 1. áfanga Búrfellsvirkjunar. Verði alúmínbræðslan stækkuð í framtíðinni, telur bankinn hins vegar ekki rök fyrir því að bjóða jafnhagkvæm kjör.“

Þetta segir stóriðjunefnd um skoðun Alþjóðabankans, þegar verksmiðjan átti að vera 30 þús. kw. En nú vitum við, að seinna var gripið til þess ráðs að stækka áætlanir um verksmiðjuna upp í 60 þús. tonna verksmiðju. Sem sagt, það hefur gerzt, sem Alþjóðabankinn ræddi um í þessari skýrslu. Það hefur gerzt, að alúmínbræðslan hefur verið stækkuð, og þar af leiðandi telur bankinn ekki vera rök fyrir því að bjóða þau hagkvæmu kjör, sem nú hefur verið samið um. Það kemur sem sagt á daginn, að raforkuverðið er ekki aðeins það lægsta, sem viðkomandi auðhringur hefur nokkru sinni fengið, heldur raunar eitt hið lægsta, sem nokkurn tíma hefur þekkzt í heiminum. Að vísu munu vera til dæmi um sölu á rafmagni fyrir minna verð. En þar að auki kemur það í ljós, að Alþjóðabankinn, helzti ráðunautur ríkisstj., lýsir því yfir, að þeir samningar, sem nú eru gerðir, séu alls óviðunandi og við bjóðum allt of hagkvæm kjör.

Hæstv. iðnmrh. og sérfræðingar hans hafa mjög gumað af miklum gjaldeyristekjum, eins og hv. alþm. er kunnugt, 300 millj. kr. gjaldeyristekjum. Nú hafa aðrir hér á undan mér sýnt fram á, að þessar gróðavonir eru mjög ýktar og óraunhæfar, og sé ég því ekki ástæðu til að endurtaka það. Það er þegar búið að þrátta hér svo mikið um þessar gjaldeyristekjur, sem bersýnilega eru ýktar hjá hæstv. ráðh. En ég vil benda hér á annan áróðursútreikning hæstv. ráðh. og sérfræðinga hans, sem er svo yfirgengilega ósvífinn, að ég fæ ekki betur séð en hann slái öll fyrri áróðursmet og yfirborðsmennsku hæstv. ríkisstj. Þegar alúmínfrv. var lagt fram á Alþ. nú í lok síðasta mánaðar, birti dagblaðið Vísir fréttina með miklum uppslætti, og þar var talað um allt það mikla góðgæti, sem landsmönnum hlotnaðist með verksmiðjunni. Þar er að sjálfsögðu minnzt á skattinn, sem Íslendingar eiga að fá. Þar er einnig talað um hinar miklu

gjaldeyristekjur, og þar segir líka með stórri fyrirsögn: „Álbræðslan mun auka tekjur þjóðarinnar árlega um 1200 millj. kr.“ Þessi speki er höfð beint upp úr alúmíníumfrv. á bls 100, en þar er verið að fjalla um þjóðhagsleg áhrif af byggingu álbræðslunnar. Þar segir sem sagt, með leyfi forseta:

„Reynslan hefur sýnt, að aukning þjóðartekna hér á landi er mjög háð því, hver aukning á sér stað í gjaldeyrisöflun þjóðarinnar. Gjaldeyrisöflunin er á vissan hátt undirstaða annarrar tekjuöflunar, svo sem í formi framleiðslu á innlendum neyzluvörum og hvers konar þjónustu. Reynslan hefur bent til þess, að í grófum dráttum þurfi hrein gjaldeyrisöflun að nema um ¼ af þjóðartekjum. Þetta þýðir m. ö. o., að aukning hreinna gjaldeyristekna skapi svigrúm til allt að fjórfaldrar aukningar þjóðartekna. Þetta hefur komið skýrt í ljós í því, að undanfarin 20 ár hafa öll tímabil ört vaxandi þjóðartekna verið í beinu samhengi við mikla aukningu gjaldeyristekna. Samkv. þessum reikningi má áætla, að álbræðslan skapi svigrúm til aukningar þjóðartekna, er nemi allt að 1200 millj. kr., sem að sjálfsögðu mundi dreifast um hagkerfið.“

Eins og hv. alþm. sjá, er þarna beinlínis gefið í skyn, að þjóðartekjurnar vaxi um 1200 millj. kr. Nú skal ég auðvitað ekki neita því, að þessi fullyrðing kann að eiga sér nokkra stoð í raunveruleikanum, þ. e. a. s., það kann að hafa sýnt sig um innlendan atvinnurekstur, að þjóðartekjurnar séu fjórum sinnum meiri heldur en gjaldeyristekjurnar. En sá hagfræðingur, sem hvíslaði þessum orðum í eyru ráðh., sem væntanlega hefur verið formaður stóriðjunefndar, Jóhannes Nordal, lætur eins og hann viti ekki af því, að gjaldeyristekjur Íslendinga verða í þessu tilfelli aðeins hluti af útgjöldum fyrirtækisins, en allur ágóði þess, allt afskriftafé, rennur út úr landinu og verður því ekki uppistaða í þjóðartekjum, eins og ef innlendur atvinnurekstur ætti í hlut. Nú vil ég ekki trúa því, að hæstv. iðnmrh. hafi látið þetta fara frá sér í grg., ef hann hefur gert sér ljóst, hvílík endemis blekking þessi útreikningur er. Og ég þykist sjá, að hæstv. iðnmrh. hljóti bara að hafa svona lítið vit á hagfræði og hann hafi bersýnilega trúað því, sem einhver ósvífinn sérfræðingur taldi honum trú um. En ég vil spyrja: Hvernig heldur hæstv. ráðh., að við þm., að ég tali nú ekki um kjósendur, getum trúað nokkurri tölu í þessum hagfræðilegu milljónaröðum og kílówattabunum, sem hann hefur slíkt yndi af að vitna til, þegar sýnt er, á hvaða stigi hin tölfræðilega ósvífni er í þessu máli?

Ég geri ráð fyrir, að flestum landsmönnum muni nú orðið ljóst, að með alúmínsamningnum hafa valdamenn landsins gert óhagstæðari viðskipti heldur en dæmi eru til um aðrar þjóðir í hliðstæðum samningum. Auðvitað er nauðsynlegt, að þjóðin geri sér þess grein hve fráleit þessi samningsgerð er frá sjónarmiði íslenzkra efnahagsmála, atvinnumála og raforkumála. En Íslendingar verða um leið að skilja, að þetta mál er ekki aðeins spurning um kílówött, krónur og aura, hér eru í húfi verðmæti, sem ekki verða metin til fjár. Ef Alþ. staðfestir alúmínsamninginn, er það víst, að baráttan gegn áhrifavaldi útlendra auðhringa á eftir að verða eitt örlagaríkasta sjálfstæðismál Íslendinga.

Hér hefur hvað eftir annað verið minnzt á þá staðreynd, að verið er að byggja nýtt borgríki í ríki okkar, ríki sem verður fullkomin hliðstæða hins bandarísku borgríkis í Keflavík. Þar verður bannsvæði fyrir Íslendinga, umgirt tollmúrum með viðeigandi braskarahringi bak við tjöldin, gósenland fyrir smyglara og aðra lögbrjóta, í þessu nýja ríki mun gilda sérstök stjórnarskrá, sú viðamikla og óumbreytanlega löggjöf, sem Alþ. er ætlað að leggja blessun sína yfir. Stjórnendur þessa borgríkis þurfa ekki að lúta íslenzkum lögum og í viðskiptum sínum við íslenzka ríkið eru þeir óháðir íslenzkum dómstólum. Hæstiréttur Íslands kemur þeim ekki við frekar en hver annar saumaklúbbur hér í bæ.

Undanfarna daga hefur hæstv. viðskmrh. og raunar fleiri ráðh. borið á borð ótrúlegustu blekkingar til þess að reyna að réttlæta þá kröfu sína að undanskilja alúmínbræðsluna íslenzku dómsvaldi. M. a. hafa þeir reynt að þyrla sem mestu moldviðri í kringum samning, sem vinstri stjórnin gerði um olíukaup frá Sovétríkjunum, en þar er einmitt gert ráð fyrir því, að gerðardómur í Sovétríkjunum leysi úr ágreiningi, sem rísa kann út af afhendingu olíunnar. Ég held, að það sé hverjum manni ljóst, að út af fyrir sig er það alls ekki óeðlilegt, að sovézkur dómstóll fjalli um ágreining út af afhendingu þessarar margumræddu olíu, að það sé sovézkur dómstóll, en ekki íslenzkur dómstóll, þar sem um er að ræða ágreiningsmál í sovézkri lögsögu. Hið eina óvenjulega við olíusamninginn er hins vegar það, að sovézkur gerðardómur á að skera úr ágreiningsmálum, en ekki almennur sovézkur dómstóll. Auk þess er olíusölusamningurinn gerður milli tveggja fullvalda ríkja og er því einnig að því leyti gjörólíkur alúmínsamningnum, sem er gerður milli íslenzka ríkisins og einkafyrirtækis.

Ýmsir mætir menn, bæði innan þings og utan, hafa snúist til andstöðu við alúmínsamninginn á þeim forsendum, að raforkuverðið sé lágt, í landinu sé dýrtíð og verksmiðjan sé staðsett á Suðurlandi en ekki Norðurlandi. En þeir virðast samt vera þeirrar skoðunar, að rétt væri að hleypa erlendri stóriðju inn í landið, ef skilmálar væru aðrir og betri. Oftast er þá fyrirmyndin erlend stóriðja í Noregi.

Mergurinn málsins er auðvitað sá, að Norðmenn eru að vísu smáþjóð, en Íslendingar eru dvergþjóð. Það er ekki stigsmunur á mannfjölda þessara þjóða heldur eðlismunur. Norska þjóðin er 20 sinnum fjölmennari en Íslendingar. Ef við lítum á allan iðnað á Íslandi, öll frystihús, síldarverksmiðjur, mjólkurstöðvar, sláturhús, áburðarverksmiðju, sementsverksmiðju og yfirleitt allan iðnað á Íslandi, þá er verðmæti þessara fjármuna á núgildandi verðlagi talið um 5 þús. millj. kr. Sú fjárfesting, sem fyrirhuguð er í alúmínbræðslu í Straumsvík, nemur hins vegar um 2500 millj. kr. Hin erlenda fjárfesting er því helmingur af verðmæti miðað við allan þann iðnað, sem til er á Íslandi. Í Noregi er erlend fjárfesting innan við 10% af fjárfestingu í iðnaði. En með þessu eina fyrirtæki væri erlend fjárfesting í íslenzkum iðnaði komin í einni svipan upp fyrir 30%. Aðeins þetta eina fyrirtæki kallar yfir landsmenn margfalda áhættu á við þá, sem Norðmenn hafa nokkru sinni leyft sér að taka. Þetta ætti að sýna svo ljóst sem verða

má, að erlend stóriðja er algerlega ósamrýmanleg íslenzkum aðstæðum. Hún er og verður í æpandi mótsögn við umhverfi sitt. Ég held, að yfirlýsingar aðalforstjórans, sem ég gat um áðan, um hin einstæðu samningsákvæði, sem hvergi annars staðar þekkjast, sé endanleg sönnun um þá sérstöðu Íslendinga í viðskiptum við aðrar þjóðir, sem ávallt verður að virða, en ráðamenn þjóðarinnar virðast vísvitandi loka augunum fyrir.

Í þessum umr. hefur hvað eftir annað verið á það bent, að efnahagslíf landsins muni ekki eflast mikið við, að útlendingar fái tækifæri til að arðræna þjóðina og flytja úr landi milljónagróða, sem skapaður er með íslenzku vinnuafli. Auðvitað hefur íslenzkt atvinnu- og efnahagslíf því aðeins einhvern verulegan hag af stórrekstri í landinu, að eigendur láti ágóðann og afskriftafé renna jafnóðum til frekari uppbyggingar íslenzks atvinnulífs. En því hefur einmitt margsinnis verið lýst yfir af stjórnendum Swiss Aluminium, að þeir hyggist taka ágóðann allan út úr landinu, en ekki nota hann til að eignast fleiri atvinnutæki hér á landi. Aðalforstjórinn lýsti því m.a. yfir í blaðaviðtali nú fyrir skömmu, að það væri ekki ætlunin að koma á fót smáiðnaði, sem grundvallaður væri á alúmíni, en hins vegar gæti komið til greina, að veita einhverja tækniaðstoð. Eins og ég sagði áðan, væri þá fyrst hugsanlegt að starfsemi erlends auðhrings gæti orðið til styrktar efnahagslífi landsins, ef ágóðinn og afskriftafé rynni jafnóðum inn í íslenzkt atvinnulíf. En eins og fram hefur komið, þá mun það ekki verða. Það er ekki ætlunin. Og segi aðeins: Hvílík hamingja, að við erum þó lausir við það! Eða erum við það? Ætli slíkar yfirlýsingar aðalforstjórans hafi í rauninni ýkjamikið gildi, þegar allt kemur til alls. En ég spyr: Gera menn sér ljóst, að verksmiðja eins og þessi, sem er afskrifuð á 25 árum og er 2500 millj. kr. virði og hefur í ágóða hundruð millj. kr. á hverju ári, — verksmiðja, sem er ⅓ af allri fjárfestingu Íslendinga í iðnaði, — gera menn sér ljóst, hvað mundi eiginlega eiga sér stað, ef ágóðinn og afskriftafé rynni jafnóðum í önnur fyrirtæki hér á landi? Þar með hefði það gerzt á fáum árum, að verulegur hluti af íslenzku atvinnulífi væri kominn í eigu erlendra manna.

Í umr. um þetta mál, tel ég, að aldrei sé nægilega minnt á þá staðreynd, að með því að hleypa hinum erlenda auðhring inn í landið eru valdamenn landsins að kalla yfir þjóðina pólitíska íhlutun erlendra aðila, sem aldrei skortir fé á íslenzkan mælikvarða. Sumir virðast þó ímynda sér, að þessir prúðu og kurteisu útlendingar muni standa alla daga með nefið ofan í bræðslupottunum í Straumsvík, en engan áhuga hafa á grautarpotti íslenzkra stjórnmála.

Ég drap á þetta mál í útvarpsumr. fyrir skömmu, og ég vil enn minna á það. Hv. 5. þm. Vesturl., Benedikt Gröndal, kom inn á þetta atriði núna við 2. umr. málsins og spurði þá, hvort frétzt hefði, að erlendir auðhringir í Noregi ættu dagblöð eða byðu fram til þings, eins og hann orðaði það, eða hefðu afskipti af stjórnmálum. Ég býst við, að hv. þm. geri sér ljóst, að fleira gerist á bak við tjöldin, heldur en við hér á Íslandi höfum vitneskju um. En það er reyndar ekki aðalatriði þessa máls. Kjarni málsins er auðvitað sá, eins og ég hef áður getið hér, að erlend fjárfesting er margfalt minni í Noregi heldur en verða mun á Íslandi með tilkomu þessarar alúmínbræðslu. Bara þetta eina fyrirtæki gerir að verkum, að erlend fjárfesting í iðnaði er allt í einu orðin þrisvar sinnum meiri en hún er í Noregi. Þar af leiðandi hlýtur dæmið að líta allt öðru vísi út hér en þar. En þar að auki er þess að gæta, að þar skiptist samanlögð fjárfesting erlendra aðila á fjöldamörg fyrirtæki. Hv. þm. sagði í sinni ræðu, að það mundu vera 98 erlend fyrirtæki í námugrefti og iðnaði Noregs. En hér er það aðeins eitt fyrirtæki, sem kemur til með að hafa feikileg völd í þjóðlífinu, aðeins eitt. Það hlýtur hverjum hugsandi manni að vera það ljóst, að þá stórvaxa líkurnar fyrir því, að fyrirtækið og stjórnendur þess noti sér aðstöðu sína.

Skylt þessu máli er það, að í ályktun flokksstjórnar Alþfl. um alúmínmálið segir:

„Alþfl. telur, að Íslenzka álfélaginu beri að sjálfsögðu að hlíta íslenzkum lögum um skipti við stéttarfélög, en eigi ekki að ganga í samtök atvinnurekenda, iðnrekenda eða annarra sambærilegra aðila og hafa þannig áhrif á kjarabaráttu þjóðarinnar. Er það skilyrði fyrir stuðningi Alþfl. við málið, að svo verði ekki."

Í þessum orðum kemur berlega fram, að Alþfl. gerir sér þess fyllilega grein, að veruleg hætta er á því, að hinn erlendi auðhringur leitist við að hafa áhrif á íslenzk stjórnmál og á kjarabaráttuna sjálfa. Flokksstjórnin viðurkennir þetta berum orðum í ályktuninni. En lausnin á vandamálinu, lykillinn að því, er sá, að hringurinn fái ekki tækifæri til að ganga í atvinnurekendasamtökin. Í eitt skipti fyrir öll hefur verið komið í veg fyrir það, með því að Alþfl. setur það að skilyrði í ályktun, sem hann gerir. Nú vita auðvitað allir, að þetta skilyrði Alþfl. er auðvitað hvergi til nema í heilabúi þeirra, sem sömdu þessa vitleysu. Ef samningurinn verður samþ. af báðum d. Alþ. og síðan staðfestur af forseta lýðveldisins, þá er hann endanlega löggiltur. Daginn eftir getur Íslenzka álfélagið gengið í Vinnuveitendasamband Íslands og setzt í þann heiðurssess, sem því ber þar. Þegar ritari Alþfl., Benedikt Gröndal, hv. þm. Vestlendinga, kemur svo askvaðandi og segir: Hvað á þetta eiginlega að þýða? Alþfl. gerði að skilyrði fyrir því, að hann samþ. samninginn, að þetta gerðist ekki. Hvað gerist, þegar þm. kemur og ber fram mótmælin? Ja, við vitum allir, að það gerist ekki annað en að það verður hlegið að þessum hv. þm. Skilyrði Alþfl. stóð ekki og stendur ekki undir nafni. Auðvitað er það ekkert annað en óskhyggja. Þegar hv. þm., Benedikt Gröndal, reynir svo að sannfæra þingheim um, að þessi auðhringur muni engan áhuga hafa á íslenzkum stjórnmálum, þá er það auðvitað nákvæmlega sama óskhyggjan. Við skulum vona, að það sé rétt hjá hv. þm. En við verðum hins vegar að gera okkur það ljóst, að það er harla ólíklegt, að sú von standist próf veruleikans.

Ég vil hér líka minna á annað atriði, sem ég gat um í útvarpsumr. fyrir skömmu, en er ákaflega mikilsvert í þessu sambandi. Í sérstakri leyniskýrslu, sem ríkisstj. sendi okkur alþm. fyrir rúmu ári og er víst ekki lengur leyniskýrsla og ég hef vitnað í áður, er minnt á það, að

alúmínhringurinn verði að greiða gífurlegt fé í tolla, vegna þess að Ísland sé ekki í Efnahagsbandalagi Evrópu. Í skýrslunni er það sérstaklega tekið fram, — ja, ég finn þetta nú ekki í skýrslunni, enda nokkuð stór skýrsla, — en þar er sérstaklega tekið fram, að hringnum sé það svo mikið kappsmál að koma Íslandi í Efnahagsbandalagið, að hann muni jafnvel fús að hækka raforkuverðið verulega, ef af því gæti orðið.

Hver sá, sem eitthvað fylgist með þróun stjórnmála í Evrópu, veit, að slagurinn um innlimun Íslands í Efnahagsbandalagið er sennilega á næsta leiti, sennilega þegar á næsta kjörtímabili Alþingis. En þegar úrslitahríðin hefst, þá er kominn inn í landið fjársterkur útlendur aðili, sem hefur gífurlegra hagsmuna að gæta, hagsmuna, sem metnir eru á hundruð milljóna kr. Og ég spyr: Dettur hv. þm. Benedikt Gröndal í hug, að hringurinn muni láta málið afskiptalaust? Þessir menn hafa víst áreiðanlega sýnt það nú seinustu dagana, að þeir gleyma ekki viðskiptavitinu heima, þegar hagsmunir þeirra eru í húfi. Ég held við getum leyft okkur að segja, að nokkrar millj. í mútufé eru ekki nema skiptimynt í slíku fjárhættuspili, þar sem milljarðar eru í veði. Efnahagsbandalagsmálið er kannske augljósasta — (**Gripið fram í:** Áttu við mig í þessu sambandi?) Það voru ekki mín orð, enda er mér alls ókunnugt um afstöðu hv. þm. til Efnahagsbandalagsmálsins. En ég var einmitt að segja, að það kynni að vera, að hringurinn mundi ef til vill styðja þá, sem mundu vilja berjast fyrir hagsmunum hans í því máli. Þeir einir fá auðvitað mútufé, sem það mundu vilja þiggja. Hv. þm. veit það jafnvel og ég, að ég mundi ekki trúa slíku á hann. Þetta getur því ekki átt við hann. En eins og ég segi: Efnahagsbandalagið er alvarlegasta dæmið um hugsanlega íhlutun hins erlenda auðhrings, og auðvitað mætti mörg önnur dæmi nefna. Í litlu landi er auðvelt að spinna þræði í allar áttir, og áhrif auðhringsins á íslenzka atvinnurekendur eru vissulega óútreiknanleg.

Ég held ég láti nú staðar numið, enda komið nokkuð fram yfir miðnætti. Það mætti vissulega telja hér fram fjöldamörg atriði enn. En ég vil aðeins minna á kjarna þessa máls, sem ég tel vera þennan: Auðmagn er vald. Erlent auðmagn hlýtur að jafngilda erlendu valdi í landinu. Það er sannleikur, sem hver einasti hv. þm. verður að muna um leið og hann greiðir atkv. um þetta mál.

Björn Fr. Björnsson: Herra forseti. Það er nú kominn nýr dagur og eðlilegt, að bæði ég og aðrir hv. þm., sem höfum verið að störfum í allan dag, séum orðnir nokkuð þreyttir og syfjaðir, þess vegna mun ég nú stytta mál mitt með því að ég mun vera einn af þeim síðustu á mælendaskrá eða kannske síðastur.

Ég vil þá í upphafi geta þess, að ég mun vísa til raka félaga minna, sem þeir hafa borið fram í þessu stórmáli, og þeirra upplýsinga, sem hafa komið fram í ræðum þeirra um ýmis atriði þessa máls. En ég vil aftur á móti lýsa í fáum dráttum minni skoðun á þessu máli og skýra þannig frá forsendum afstöðu minnar eins og hún hefur komið fram með jáyrði mínu við dagskrártill. þeirri, sem flutt var af hálfu framsóknarmanna í þessari hv. d. við 2. umr., en felld var.

Frá fyrstu tíð höfum við framsóknarmenn verið þeirrar skoðunar, og kemur það víða fram í ályktunum flokksþinga okkar á síðustu áratugum, að bezt fari á því, að atvinnurekstur í landinu fari fram á vegum okkar sjálfra. Því megi ekkert það aðhafast, sem geti haft í för með sér skerðingu á dýrkeyptu sjálfstæði okkar eða dregið kjark úr þjóðinni eða lamað sjálfsbjargarviðleitni hennar í þjóðhollu og nytsömu starfi hennar við þá höfuðatvinnuvegi, sem þjóðin er gróin við. Mikill meiri hluti þjóðarinnar er vafalaust þeirrar skoðunar, að framtíðarstefna okkar eigi enn að vera sú að byggja landið vel og hlúa að því, treysta á það og manndóm þjóðarinnar, sem þar býr. Við getum verið fullörugg þess, að það sé okkur jafnan fyrir beztu, sem við vinnum úr skauti náttúrunnar í samstarfi við gróðraröflin. *Sá efnahagsávinningur verði* þjóðinni drýgstur, sem þannig fæst. Hér er að sjálfsögðu átt við höfuðatvinnuvegina, landbúnað og sjávarútveg, svo og þann iðnað fyrst og fremst, þar sem unnið er úr íslenzkum afurðum. Fjölmargt annað á athafnasviðinu kemur vissulega til, en þetta sýnast mér grundvallaratriði. Þessi kenning styðst við reynslu annarra þjóða, þeirra, sem hvað lengst eru komnar. Þær byggja velfarnað sinn og hafa byggt á þeim verðmætum, sem landið sjálft gefur af sér, þeim auðlindum, sem því fylgja og landsmenn sjálfir vinna úr og hafa allan *hagnað af, ef um hann er að ræða.* Okkur hentar vitanlega hið sama, og þetta stendur eðli og allri gerð okkar þjóðar næst. Stefnan á að byggjast á þjóðlegum, rótgrónum grunni að viðhafðri *hæfilegri gætni í stígandi framfarasókn við breyttar* og síbreytilegar aðstæður. Við eigum ekki að láta það henda að apa af flaustri eftir því, sem að berst, né sækja taumlaust í það, sem erlent er, en við skulum vera reiðubúnir að hafa eðlilega og nauðsynlega samvinnu við aðrar þjóðir og þá hvað helzt þær, sem okkur eru skyldar og vinveittar. Þar ber okkur að vera jákvæðir í því öllu, sem bæta má afstöðu okkar í efnahags- og menningarlegum efnum, allt miðist við það að aðhæfa það, sem við tileinkum okkur, hagsmunum landsmanna fyrst og fremst og sérstöðu. Þá má hafa í huga, að nú á tímum standa dyr opnar til hvers kyns nýtilegra úrræða og framsóknar til velfarnaðar bæði í efnahagstilliti og félagslegum efnum. Auknar tæknilegar framfarir gefa svigrúm fyrir fjölbreytilega afkomumöguleika. Hefur breytingin í þessu efni orðið hvað hröðust á síðustu áratugum. Smáþjóð í örri uppbyggingu mitt á fjölförnum samskiptaleiðum annarra þjóða, stærri og umsvifameiri, hlýtur að standa á varðbergi um allt, sem inn flyzt og gæta þess vandlega að semja aldrei svo um aðkomin verðmæti efnisleg eða andleg, að til tjóns kunni að leiða, sem seint kann að bætast eða snúið geti allri *eðlilegri þróun þjóðarinnar við, jafnvel svo að hún* verði ekki lengur greind frá annarri eða öðrum. Hér er okkur vissulega æðimikill vandi á höndum. Hann verðum við að leysa af vandlegri íhugun og taka okkur nægilegan tíma hverju sinni. Umfram allt megum við ekki telja okkur trú um lítilmótlega smæð okkar og vanmátt, þótt við búum við fábreyttari kjör og kannski minni glæsileik en sumar aðrar þjóðir.

Allra sízt mega forustumenn þjóðarinnar láta á sér heyra eða haga sínum athöfnum þannig, að upp komist um vantrú þeirra á getu okkar til eðlilegrar framsóknar af eigin rammleik. Við skulum minnast þess, að óvíða eða hvergi kannske á byggðu bóli er jafnfámennur hópur manna, sem hefur unnið tiltölulega meiri þrekvirki á jafnskömmum tíma í margs konar framkvæmd, þó að oft hafi verið við ramman reip að draga og erfiðleikar verið á ferð. Þessa staðreynd má hafa í huga og þjóðinni er hollt að muna, þegar dreginn kann að vera í efa máttur hennar og hæfni til þess að standa á eigin fótum. Þessi efi sýnist nú á síðustu árum hafa farið í vöxt, og er illt til þess að vita og ekki sízt ef þeir, sem fara fyrir, eru uppvísir að slíkum hugsunarhætti. Við skulum vera fullvissir þess, að nauðsynlega varðstöðu okkar munu aðrar þjóðir okkur vinveittar skilja og meta réttilega, ef við sjálfir höfum fyrirhyggju að sýna hana í verki og lúta ekki að hverju einu, ef það er aðeins af erlendum toga spunnið.

Við Íslendingar stöndum á alvarlegum tímamótum breytinga og jafnvel byltinga, þörfnumst við því fullrar vöku og engu má oftast nær skeika um rétt og þrautþugsuð vinnubrögð. Meira en nokkru sinni fyrr munu viðskipti okkar við erlend ríki marka málefni okkar á næstu árum og áratugum, stórkostlegar framfarir á flestum tæknisviðum og verklegrar þekkingar eiga sér stað víðs vegar um heim allan. Viðleitni þjóða og þörf til samstarfs eykst. Til þessa verðum við að taka skynsamlega og afdráttarlausa afstöðu. Á hólm við slík framtíðarverkefni verður þjóðin að ganga í óskertu trausti á getu sína og framtaksþrótt og með fullri virðingu fyrir sjálfri sér og því starfi, sem hún hefur innt af hendi og vinnur. Við lausn slíkra vandamála í samstarfi við aðrar þjóðir þurfum við fyrst og fremst, eins og ég hef vikið að, að byggja á þjóðlegum grunni, þar sem til fulls er metið gildi sjálfstæðis þjóðarinnar, pólitísks og efnahagslegs, þar sem tunga okkar, saga og þjóðerni er lagt til grundvallar og metið til hinna dýrustu verðmæta okkar og eigi sé gleymt heiðbundnum undirstöðum íslenzks atvinnulífs.

Með hliðsjón af því, sem ég hef hér lítillega rifjað upp, og því máli, sem hér er til umr., hefur Framsfl. jafnan talið, að mikil og margvísleg áhætta geti fylgt fyrir sjálfstæði þjóðarinnar, ef erlendur atvinnurekstur að verulegu marki væri hér í okkar landi og afrakstur hans rynni að miklu leyti úr landinu. Fyrirferðarmikið erlent fjármagn gæti haft alvarlega röskun þjóðlífsins í för með sér. Vissulega kemur hér til greina og er þörf fyrir erlent fjármagn til þess að auka og efla atvinnuvegi landsmanna, en slíkt er að sjálfsögðu að mínu áliti nauðsynlegt að hafa innan hæfilegra marka. Þetta ber vitanlega að meta og vega gaumgæfilega hverju sinni. Framsfl. hefur staðið að því oftar en einu sinni, að erlend lán væru tekin til ýmiss konar stærri framkvæmda, svo sem eins og til byggingar orkuvera, áburðarverksmiðju og sementsverksmiðju, en þegar kemur til samvinnu við erlend einkafyrirtæki, sem hafa ágóðasjónarmið svo að segja ein fyrir augum og reisa vilja stóriðjufyrirtæki hér, þá er komið að því að gæta verður fyllstu varúðar, þá þarf að búa vel um alla hnúta.

Þegar til þess kom, að ljóst var, að samningar milli ríkisstj. og álhringsins væru á lokastigi, samþykkti Framsfl. ályktun, þar sem talið var m.a. rétt, að kannaðir væru möguleikar á uppbyggingu einstakra stærri iðngreina með beinni þátttöku erlends fjármagns samkv. sérstökum lögum og samningi hverju sinni, enda væri nægilegt vinnuafl fyrir hendi og slík atvinnufyrirtæki liður í skipulegri uppbyggingu atvinnuveganna, en mætti aldrei verða til þess, að slakað væri á eða dregið úr að neinu leyti eflingu íslenzkra atvinnuvega. Slík atvinnufyrirtæki yrðu að öllu leyti að lúta íslenzkum lögum, og meginháerzlu bæri að leggja á, að staðsetningu slíkra fyrirtækja væri þannig fyrirkomið, að hún stuðlaði að jafnvægi í byggð landsins. Þess væri og gætt að tryggja efnahagslegan og tæknilegan grundvöll þess, að Íslendingar gætu sem fyrst tileinkað sér þá þekkingu og verkkunnáttu, sem flytjast kynni inn í landið með þessum hætti, þannig að íslenzkur iðnaður gæti á þessu sviði sprottið upp af því fyrirtæki. Í tilefni af samningaviðleitninni og þeim samningum, sem sú viðleitni hefur leitt af sér og nú liggja hér fyrir þessari hv. d., þá lýsti flokkurinn því yfir, að slíkt stórmál mætti ekki afgreiða nema sem lið í heildaráætlun í framkvæmda- og efnahagsmálum þjóðarinnar. Og ekki væru tiltök að hefja þær framkvæmdir við þá verðbólguþróun og vinnuaflsskort, sem íslenzkir atvinnuvegir nú búa við. Eins og sakir stæðu væri því ný stefna í efnahags- og atvinnumálum landsins forsenda þess, að unnt væri að ráðast í stóriðju á þessum grunni. Hið erlenda fyrirtæki ætti engra hlunninda að njóta umfram íslenzka atvinnuvegi og lúta í einu og öllu íslenzkum lögum, og raforkusala til slíks fyrirtækis ætti a.m.k. að standa undir stofnkostnaði virkjunar að sínu leyti. Enn fremur ættu íslenzk stjórnvöld á hverjum tíma að hafa íhlutun um skipun stjórnar verksmiðjunnar, og meiri hluti stjórnenda ættu að vera íslenzkir ríkisborgarar.

Að sjálfsögðu er andstaða mín og minna félaga hér í d. byggð á því m.a., að þessum skilyrðum hefur alls ekki verið fullnægt og síður en svo. Það eru í raun og veru engin þessi skilyrði tekin upp, sem við teljum, að ættu að vera fyrir hendi.

Ég vil aðeins draga fram nokkur einstök atriði, örfá þó, sem mér finnst, auk þess, sem ég hef aðeins áður drepið á, mæla mest gegn staðfestingu hins háa Alþ. á álsamningnum. Yfir efnahagslífi okkar Íslendinga hvílir dimmur skuggi hraðvaxandi verðbólgu og dýrtíðar. Vinnuaflsskortur er í höfuðatvinnugreinum okkar, en þar sem nú á að bæta ofan á þetta vandræðaástand framkvæmdum á vegum erlends auðhrings, sem velta á milljörðum króna, er augljóst, að hefjast mun æðisgengið kapphlaup um vinnuafl. Atvinnuvegir þjóðarinnar munu þurfa að berjast við vaxandi erfiðleika af þessum sökum, en stóriðjan rífa til sín starfskraftana, enda þótt búast megi við verulegum, kannske mjög miklum innflutningi á vinnuafli. Geta af þessu hlotizt óteljandi og illa viðráðanlegir hagsmunaárekstrar og erfiðleikar ótalmargir aðrir. Þenslan í efnahagslífinu mun aukast, og við stöndum lengra frá nauðsynlegri lausn dýrtíðarmála en nokkru sinni fyrr.

Í þessu máli, álbræðsluframkvæmdunum, sækja

stjórnarflokkarnir svo fast fram, að þeim dettur ekki í hug né fá, að því er virðist, skilið, að eins og ástand efnahagsmálanna er hjá okkur, á slík framkvæmd að bíða, og þarfara, enda höfuðnauðsyn að leggja af fyllsta krafti til atlögu við dýrtíðar- og verðbólguvandann. Sannarlega megum við engan tíma missa í því efni. Það er okkar stærsta viðfangsefni í dag. Annað, sem er síður aðkallandi, verður að bíða síns tíma, þar til verðþenslan verður stöðvuð að fullu eða a.m.k. að mestu leyti. Olíuburður á eld hefur jafnan þótt óðs manns æði, ef slökkva þarf.

Þá er það annað atriði samningsákvæða, og það er í sambandi við réttarfarið. Ýmsir félaga minna hafa bent á þetta atriði og hversu lítt það væri þolandi, og sumir hafa talið, að gerðardómsákvæðið í álsamningnum væri eitt út af fyrir sig að þeirra áliti nægileg ástæða til þess að hafna samningnum, þótt ekki kæmi annað til. Skv. 46. og 47. gr. samningsins er ákveðin sérstök og óvenjuleg leið til þess að fá skorið úr deilumálum, sem rísa kunna út af stóriðjusamningunum eða í sambandi við þá. Gilda þær sérstöku reglur um ágreiningsmál á milli svissneska álfélagsins, íslenzka álfélagsins og minnihluta hluthafa annars vegar og ríkisstj., Landsvirkjunar og Hafnarfjarðarkaupstaðar hins vegar, og gildir einu, hvort ágreiningurinn er út af aðalsamningnum, orkusölusamningi, hafnar- og lóðarsamningi eða aðstoðarsamningum. Öll þessi ágreiningsmál eru tekin eða geta orðið tekin undan lögsögu íslenzkra dómstóla. Þessi gerðardómsákvæði álít ég, að lýsi mjög vantrausti á íslenzku réttarfari og íslenzkum dómstólum, og að minni hyggju hljóta þau að byggjast á þeirri ímyndun eða skoðun, að hér á Íslandi sé ekki fullkomið réttarríki. Og það hefur heyrzt og talið staðfest í blaðaviðtali, að aðalforstj. Alusuisse hafi talið, að íslenzkum dómstólum væri vart treystandi til að fara með þessi mál, m.a. og kannske þá aðallega fyrir þá sök, að dómstólana eða dómara í okkar landi skorti reynslu í þeim efnum, sem samningurinn fjallar um. En ég er nú þeirrar skoðunar, að okkar dómarar velflestir, ég tala ekki um hæstaréttardómarar, hafi nægilega þekkingu til þess að fjalla um deilumál, sem væntanlega og sjálfsagt koma upp á milli aðila, og þá ekki sízt milli íslenzkra aðila út af samningsákvæðunum, og ég tel, að það sé í raun og veru alveg út í hött að gera svo lítið úr hæfileikum dómarastéttarinnar í okkar landi, að rétt sé að hafa slíkt ákvæði. Ég tel því, að þetta atriði samningsins sé þess eðlis, að eigi sé hægt að samþykkja það með góðri samvizku.

Það, sem ég hef rakið hér áður, mælir allt gegn álsamningnum, og hvert einstakt atriði, sem ég hef drepið á, má telja, að sé nægilegt í því efni. Samningurinn er þannig í öllum höfuðatriðum, bæði eftir því sem ég hef hér lauslega minnzt á og eftir því sem félagar mínir hafa tekið fram í sínum ræðum undanfarið, að eðlilegast sé, og enda sjálfsagt, að honum verði vísað frá.

Til viðbótar því, sem ég hef hér sagt, vil ég geta um þá kenningu, sem uppi er hér, að okkur sé engan veginn auðið að koma upp stórvirkjun við Búrfell af eigin rammleik eða a.m.k. sé það okkur svo kostnaðarsamt, að við getum ekki búið við. Til þess að vel fari í því efni, þurfi að koma til álbræðslan í Straumsvík. En ég vil alvarlega vara við þessari kenningu í málsmeðferð ríkisstj. Það er rangt og villandi um of að tengja saman þetta tvennt, virkjun Þjórsár til rafmagnsnotkunar til almenningsþarfa á Suður- og Suðvesturlandi, og svo hins vegar álbræðsluna. Þetta eru tvö sérskilin mál. Það er fullsannað, að virkjun Þjórsár við Búrfell er talin mjög hagkvæm og enda hagkvæmasta rafvirkjun hér án þess að um álbræðslu væri að ræða. Og ekki nóg með það. Hið alvarlega og óskiljanlega lága raforkuverð til hins erlenda stóriðjufyrirtækis getur orðið og væntanlega verður til þess að hækka svo um muni rafmagnsverð til okkar fólks á Suður- og Suðvesturlandi og okkar innlendu fyrirtækja, bæði til sveita og við sjó á virkjunarsvæðinu. Þegar af þessu má sjá, að í þessu atriði er ekki annað sýnna, en að samið hafi verið af sér.

Þegar Þjórsárvirkjunarframkvæmd var fyrir þingi í fyrra, landsvirkjunarfrv., og var afgreitt, kom það greinilega fram hjá raforkumálaráðh., að hann taldi Þjórsárvirkjun mjög hagstæða okkur, sem er líka rétt og hann hefur oft tekið fram, og hafði það eftir beztu sérfræðingum, að vel mættum við sjálfir framkvæma hana og án þess að til kæmi atvinnurekstur á erlendra hendi í okkar landi. Taldi hann, að okkur yrði þó hentugra, að álbræðsla fylgdi með. En þegar þess er gætt, sem ég sagði áður, að hið ótrúlega lága og einsdæmis raforkuverð til álhringsins hefði vafalítið í för með sér mun hærra verð til innlendra einstaklinga og fyrirtækja, er enginn vafi á, hvernig þetta málsatriði liggur fyrir. Öll samtenging annars vegar milli Þjórsárvirkjunar og hins vegar álbræðslunnar er því þannig meira en varasöm og út í hött að tengja þessi tvö málefni saman. Það er vissulega kleift fyrir okkur að leggja til atlögu við Þjórsárvirkjunina á fyrsta stigi með 70 megawöttum, og það getum við einir gert og reist af eigin rammleik, en með eðlilegum lántökum heima og erlendis. Eins má þess minnast, að okkur Íslendingum var auðið að hrinda í framkvæmd Sogsvirkjuninni á erfiðustu tímum, það var á árum heimskreppunnar. Hæfileg virkjun í Þjórsá núna, eins og margoft hefur verið tekið fram, er væntanlega ekki umsvifameiri eða erfiðari í framkvæmd en Sogið var á sínum tíma. Er þá illa komið okkar hag, og ég dreg sízt úr því, að nú skuli sambærileg virkjun vera útilokuð nema á undan gangi samningur við erlenda um stóriðjumál, samningur, sem í mörgum greinum er óvarlegur, varasamur, ónákvæmur og um sumt gerður hættulegur, eins og æðioft hefur verið drepið á í þessum umr. Enginn er ég sérfræðingur hvorki um álbræðslu né um raforkumál, en ég hef fyrir mér ýmis orð og skoðanir sérfræðinga eða upplýsingar um áþekka samninga með öðrum þjóðum og svo tilfinningu mína sem Íslendings.

Ég vil leyfa mér að halda því fram, að réttara hefði verið að fresta þessum samningum og sjá til, hverju fram yndi um efnahagsvandann, dýrtíðina og verðbólguna. Þjórsárvirkjun eigum við sjálfir að framkvæma og hefðum átt að leggja í þá virkjun miklu fyrr, svo mikil er rafmagnsþörfin orðin á þessu svæði, sem um ræðir, og vex óðfluga.

Nú má telja víst, að álsamningurinn öðlist lagagildi innan fárra daga, síðan komi hann til framkvæmda. Þá vil ég, þegar svo horfir, óska þess að lokum, að allt snúist nú þetta mál á betra veg, að við Íslendingar þrátt fyrir allt og þó að þunglega horfi, megum njóta velfarnaðar, bættra lífskjara á alla lund og allt megi sem giftusamlegast fara úr hendi þeirra ýmsu forystumanna, sem koma til með að framkvæma samninginn af hendi landsmanna um næsta nærfellt hálfrar aldar skeið.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 76. fundi í Nd., 23. apríl, var fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 21:17 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SvJ, AJ, BGr, BF, BBen, DÓ, EmJ, SJJ, GunnG, GÞG, IngJ, JóhH, JP, JR, MB, MÁM, ÓL, PS, SÁ, SI, SB.

nei: SE, JK, ÞÞ, ÁÞ, BFB, EðS, EÁ, EOl, EystJ, GeirG, HEÞ, VH, HS, HV, IG, LJós, RA.

BP, JSk greiddu ekki atkv.

Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég álít, að það bresti bæði stjórnarfarslega og siðferðislega heimild til þess að ætla að binda þing og þjóð á lagafrv. eins og þetta til 45 ára og álít, að Alþ. framtíðarinnar og þjóðin séu óbundin af slíkri samþykkt, og segi því nei.

Frv. afgr. til Ed.

Á 70. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Það er mitt hlutskipti hér sem iðnmrh. að fylgja úr hlaði hér í þessari deild þessu frv. til l. um lagagildi samnings milli ríkisstj. Íslands og Swiss Aluminium um álbræðslu í Straumsvík. Um þetta mál hafa eins og kunnugt er orðið allmiklar umr. bæði við meðferð málsins í Nd. og eins í sambandi við nýlega afstaðnar vantraustsumr. hér á Alþ., svo að ég geri ekki ráð fyrir, að menn telji þess þörf, að ég, við þessa 1. umr., geri mjög ítarlega grein fyrir efni og einstökum gr. málsins.

Í aðalatriðum er efni frv. að fara fram á lögfestingu á samningi milli ríkisstj. og Swiss Aluminium, sem undirritaður var 28. marz s.l. hér í Reykjavík. Og þessi fylgisamningur, sem ætlazt er til eða óskað er eftir að fái lagagildi, hann fylgir svo frv. á íslenzku og ensku. Aðrir samningar fylgja hér málinu, sem ekki er ætlað að hafi lagagildingu, en hafa verulega þýðingu í sambandi við málið, þ.e. fyrst og fremst raforkusölusamningurinn, og það er samningur um hafnargerð í Straumsvík, og það eru aðstoðarsamningar milli væntanlegs hlutafélags um álbræðsluna og svissneska fyrirtækisins Alusuisse, og það er samningur um framkvæmdatryggingu milli ríkisstj. og Alusuisse, sem einnig hefur verið undirritaður. Einnig fylgja samþykktir og stofnskrá hugsanlegs hlutafélags, ISALs, eða Íslenzka álfélagsins, eins og það er kallað.

Ég vil aðeins leyfa mér að víkja örfáum orðum að meðferð þessa máls, því að það vill svo til, að ég hef sætt nokkurri gagnrýni, bæði fyrr og síðar, um meðferð málsins, og mér hefur nú jafnan fundizt sjálfum, að það væri nokkuð ómakleg gagnrýni, þegar á allt er litið.

Málið hefur átt nokkuð langan aðdraganda, þ.e. fyrir fimm árum síðan, þá var fyrst af páv. hæstv. iðnmrh. skipuð stóriðjun. til þess að athuga möguleikana á stóriðju í einu formi eða öðru. Starfsemi þeirrar n. hneigðist fljótt að möguleikunum á því að ná samningum við erlend fyrirtæki um álbræðslu á Íslandi, eins og fram hefur komið. Það mun svo hafa verið í lok ársins 1964, í nóv., þá afhenti ríkisstj. öllum alþingismönnum ítarlega skýrslu frá stóriðjun. um málið, eins og það þá stóð, og einnig ítarlegar skýrslur frá sérfræðingum frá Raforkumálaskrifstofunni í sambandi við hugsanlegar virkjanir, stórvirkjanir í Þjórsá og á ýmsum öðrum stöðum, og var gerð grein fyrir ýmsum möguleikum og rannsóknum, sem fram höfðu farið á því sviði. Áður en til þessa kom hafði málið verið til umr. oftar en einu sinni í þinginu, og um vorið hafði ég sérstaklega svarað fyrirspurn, sem beint var til iðnmrh. um það, hvað liði þessum viðræðum bæði um alúmíníumverksmiðju og olíuhreinsunarstöð.

Þessi plögg voru á þessu stigi málsins afhent í trúnaði, vegna þess að það var ekki alveg ljóst nema að það kynni að skerða að einhverju leyti viðskiptalega aðstöðu okkar um sum atriði málsins, ef þau lægju þá opinberlega fyrir. Svo var það um áramótin eða strax upp úr þeim, að ég átti viðræður við stjórnarandstöðuna um þátttöku í sérstakri n. til þess að fylgjast með undirbúningi málsins. Sú n., sem var þmn., hóf starfsemi í febrúarmánuði með þátttöku Framsóknarflokksins, 2 fulltr. hans í n. og 2 fulltr. frá stjórnarfl., og svo á síðara stigi málsins komu tveir fulltr. frá Alþb. inn í málið, en sjálfur var ég form. þessarar n.

Þessi n. fylgdist síðan með allri framvindu þessa máls á hinum ýmsu stigum þess. Og það var alltaf hugsun mín og tilgangur og ríkisstj. í heild að vinna að þessum málum, eftir því sem verða mætti, fyrir opnum tjöldum, og í maímánuði lagði ríkisstj. fram ítarlega skýrslu um gang álmálsins þá, og kom hún til umr. hér. Hún var lögð fram 5. maí 1965 og var rædd í þinginu 7. maí.

Á síðast liðnu ári var fyrst að því komið, að hægt væri að fara að forma samninga eða uppkast að samningum, og þá voru Svisslendingum send frumdrög að samningum frá samningamönnum ríkisstj., sem haft höfðu með þetta mál að gera. Síðan bárust svo önnur uppköst frá þeim, og allmargir fundir voru haldnir á síðast liðnu ári, og um alla þessa fundi var þmn. ljóst, og henni var gerð grein fyrir niðurstöðum fundanna. Hún ræddi efni uppkastanna fyrir og eftir fundina, og áður en málið var lagt fyrir Alþ. hafði öllum þm. verið sendir samningarnir í fjölrituðu

formi bæði aðalsamningurinn og aðrir samningar, sem hér fylgja þessu máli.

Það hefur oft verið vitnað til fordæma annarra í sambandi við meðferð þessa máls og ekki sízt Norðmanna, og mér hefur oft fundizt, þegar ég hef verið ásakaður eða ríkisstj. fyrir meðferð þessa máls, að það væri mjög ólíku saman að jafna. Ég hef ekki séð ástæðu til þess að gera það að umtalsefni sérstaklega, en ég vil þó á þessu stigi málsins vekja athygli á því, að um meðferð svipaðra eða hliðstæðra mála hefur verið farið með allt öðrum hætti hjá nágrönnum okkar Norðmönnum, en Svisslendingarnir eiga þar dótturfyrirtæki, hina margumtöluðu Husnes-verksmiðju.

Í stórum dráttum var gangur þess máls sá, að viðræður hófust við franskt fyrirtæki á árinu 1960. Hið svissneska fyrirtæki kom svo inn í þessar viðræður á árinu 1961, og þá var um það að ræða að mynda hlutafélag, norskt hlutafélag, sem hins vegar þessi erlendu fyrirtæki væru meirihlutahluthafar í. Niðurstaðan varð svo sú á síðara stigi málsins, að það varð Swiss Aluminium, sem varð langstærsti aðilinn og allt að því einkaaðili þessa fyrirtækis. Það var gert ráð fyrir því, að það væri 100 millj. norskra kr. hlutafé og að Norðmenn ættu að eiga 50% í því, en útboð á hlutafénu fór í handaskolum og var m.a. ekki stutt af þeim bönkum í Noregi, sem rætt hafði verið við, svoleiðis að það var sáralítið, sem var lagt fram af Norðmanna hálfu. Ég held, að það hafi ekki verið nema eitthvað um 5 millj. kr., og eins og núna standa sakir, held ég, að það sé ekki fjarri lagi, að það sé um 80%, sem Swiss Aluminium á í þessu fyrirtæki.

En þarna áttu sér stað viðræður við bæði Swiss Aluminium og þetta franska fyrirtæki, og það voru í raun og veru gerðir samningar við Swiss Aluminium síðar, samkomulag gert um að stofna þetta hlutafélag og það með leyfi iðnmrh. löngu áður en málið nokkurn tíma kom inn í þingið og meira að segja með þeim hætti, að meðlimum í ríkisstj. var ekki einu sinni kunnugt um það, sem samið hafði verið um.

Það var upphaflega hugsunin, að Kreditbankinn norski aðstoðaði við stofnun þessa félags, en á síðara stigi málsins snerist hann eiginlega öndverður í málinu og taldi samningana allt of óhagstæða, sem er nú allt annað heldur en við höfum heyrt talað um undir meðferð þessa máls, og taldi, að fyrirtækið væri ekki — eins og bankinn sagði, það væri ekki hagkvæmt fyrirtæki miðað við þær upplýsingar, sem bankinn hafði á því stigi málsins.

Eftir þessar aðvaranir bankans varð samkomulag á miðju ári 1962 milli Swiss Aluminium og þeirra aðila, sem hlut áttu hér að máli í iðnmrn., og félagið var svo stofnað 26. júní 1962, og 29. júní var samkomulag undirritað milli iðnmrn. og hins erlenda aðila með fyrirvara um rafmagnsverð, en sá háttur er á hafður, að Stórþingið ákveður það. Svo voru gerðir aðstoðarsamningar milli þessa norska fyrirtækis, sem tilsvarar ISAL hér, en var að langmestum hluta eign Alusuisse, eins og þeir aðstoðarsamningar, sem fylgja þessu máli, en algerlega án vitundar norska iðnmrn., og ég held, að það hafi ekki verið fyrr en ári síðar, að norskum stjórnvöldum varð ljóst um þessa aðstoðarsamninga. Málið var svo fyrst í nóvembermánuði lagt fyrir Stórþingið og afgreitt þar í desembermánuði 1962.

Síðan var farið að hræra alvarlega upp í þessu máli aftur, þegar stjórnarskiptin urðu í Noregi á árinu 1963, og þá var óskað eftir, að Stórþingið fengi sérstaka skýrslu um málið. Það endaði með því, að aðstoðarsamningarnir voru „opphevede", eins og þar segir, þeir voru felldir úr gildi. Ég veit að vísu ekki, hversu mikil áhrif það hefur haft að fella þá úr gildi, en það vakti fyrir þeirri nýju stjórn, sem tók við eftir íhaldsstjórnina, eða samsteypustjórn, sem var um skamman tíma á árinu 1963, að endurskoða þessa samninga, og Trygve Lie tók þá við meðferð málsins úr höndum þess iðnmrh., sem hafði verið. Þegar ég seinast vissi til, — ég hafði samband um þetta mál við sendiherra Íslands í Osló í nóvembermánuði s.l. — höfðu þessir samningar ekki enn verið endurskoðaðir og engin breyting verið á þeim gerð frá því, sem upphaflega hafði verið, hvað sem svo skal verða. Það kemur fram í skýrslunni til Stórþingsins hjá Gerhardsen forsrh., í októbermánuði 1963, að ríkisstj. hafði ekki haft hugmynd um þessa samningagerð, og hann átaldi iðnmrh. fyrir að hafa ekki gert ríkisstj. grein fyrir þeim aðvörunum, sem bankinn hafði haft fram að færa í sambandi við þessi mál, og ekki látið iðnn. þingsins heldur í té vitneskju um þessi mál, sem hann taldi, að hefði orðið til þess, að málið mundi hafa fengið allt aðra meðferð.

Hér er vissulega ólíku saman að jafna um meðferð málsins hér. Ekki einasta hefur ríkisstj. á hverjum tíma vitað um alla meðferð málsins, heldur, eins og ég segi, hafa þm. úr öllum flokkum, stjórnarandstöðunni líka, fylgzt með stig af stigi, hvernig framvinda málanna hefur verið, hvernig eitt samningsuppkastið hefur tekið við af öðru og hvaða breytingum það hefur tekið. Hins vegar verður maður að gera sér grein fyrir því, að þegar lagður er fyrir samningur á milli aðila, innlendra og erlendra, eins og hér er um að ræða, hefur ekki verið hægt að hafa annan hátt á því en þann, sem nú er hafður á, og að óska staðfestingar á slíkum samningi.

Það hefur auðvitað margt komið fram undir meðferð málsins í þmn., sumt hefur verið hægt að taka til greina og leiðrétta og sumt ekki. Það var auðvitað höfuðtilgangur málsins með því, að stjórnarandstaðan fengi aðstöðu til þess að fylgjast með málinu, að hún gæti hreyft aths. undir meðferð þess og látið fram koma ábendingar af sinni hálfu, ef hún óskaði þess, og stundum hef ég lýst því yfir í þmn., að ég mundi beita mér fyrir athugun á því máli, og stundum, að ég gæti ekki við það ráðið. Það er t.d. um staðsetninguna, sem lögð var megináherzla á af hálfu Framsfl. Þegar skýrsla ríkisstj. var lögð fram í maímánuði, var gerð grein fyrir því, að sú athugun, sem fram hefði farið á því að staðsetja verksmiðjuna fyrir norðan, hefði skilað neikvæðum árangri, og ég skal ekki tefja tímann á að fara nánar út í það.

Ég skal nú koma að nokkrum meginatriðum, sem helzt hafa sætt gagnrýni í samningsgerðinni almennt, án þess að ég telji þörf á því að fara út í einstakar greinar samningsins. Og þá langar mig til þess að víkja fyrst að raforkusamningnum.

Það hefur verið gagnrýnt, að raforkuverðið væri allt of lágt. Því hefur verið haldið fram, að það væri bersýnilegt, að það mundi leiða til þess, að almenningur á Íslandi yrði að greiða hærra raforkuverð heldur en ella væri. Það hafa verið gagnrýnd endurskoðunarákvæði samningsins og bæði þau og raforkuverðið hefur verið borið saman við það, sem gerist í Noregi. Nú eru í grg. málsins ítarlegar upplýsingar um raforkuverðið, þar sem það kemur glöggt fram, að raforkuverðið stendur fyllilega undir þeim kostnaði af Búrfellsvirkjun, sem stafar af þeirri stærð, sem er tengd við álbræðsluna. Hitt hefur aldrei verið neitt launungarmál — og eins og þegar menn eru að tala um það núna, að það sé játað, að verðið sé lægra en í Noregi, — það hefur aldrei verið launungarmál, að við höfum átt í erfiðleikum með að fá verðið upp í 2.5 mill, en það voru 3.2 mill í Noregi. Það er ýmis önnur aðstaða að vera með álbræðslu hér á landi heldur en í Noregi, og hefur það haft áhrif á þetta verð. Þetta gefur að skilja, og menn skilja það ekki sízt, ef það er athugað, að þegar um það var rætt við þetta fyrirtæki að staðsetja álbræðsluna við Eyjafjörð, þá töldu fyrirsvarsmenn þess aðstöðuna vera það miklu hagstæðari hér fyrir sunnan heldur en við Eyjafjörð, að rafmagnsverðið yrði þá að vera lægra.

Ekkert er óeðlilegt að hliðstæð rök liggi til grundvallar því, að rafmagnsverðið sé lægra hér heldur en í Noregi, en um þetta hefur að vísu verið nokkur samkeppni, og ég hef vikið að því áður, að Norðmenn leggja mikið kapp á það núna að virkja sín fallvötn og vera búnir að gera það nógu tímanlega svo að þeir lendi ekki í óhagstæðri samkeppni við kjarnorku, sem menn gera sér vonir um, að verði ódýrari innan tíðar, kannske innan 10—15—20 ára, ég skal ekki um það segja. Sama hugsun réði auðvitað afstöðu okkar til þess að reyna að komast að samkomulagi nú og eins nokkur ótti um það, að ef það ekki tækist, væri kannske ekki möguleiki á því seinna að fá menn til þess að hagnýta þá orku hér á Íslandi, sem við getum látið einhverjum stórfyrirtækjum eða stóriðjufyrirtækjum í té.

Ég vildi árétta það, sem kemur fram í grg. á bls. 109, í kaflanum um áhrif byggingar álbræðslu á raforkuverð og afkomu Landsvirkjunar, með leyfi hæstv. forseta:

„Sé við það miðað, að allur stofnkostnaður Búrfellsvirkjunar ásamt varastöðvum verði endurgreiddur á 25 árum með 6% vöxtum, kemur í ljós, að áætlaðar tekjur af rafmagnssamningnum við álbræðsluna munu á þessu tímabili endurgreiða 72% af stofnkostnaði virkjunarinnar. Hins vegar mun álbræðslan aðeins nota 61% af orku virkjunarinnar og 57% af afli hennar."

Framsfl. hafði sett það fram í sínu máli og ályktun, sem miðstjórn flokksins gerði á s.l. vetri, að álbræðslan stæði undir sínum hluta af virkjunarkostnaðinum. En eins og málið liggur núna fyrir, gerir hún töluvert miklu meira en það að standa undir sínum hluta af virkjunarkostnaðinum, eins og þessar tölur bera með sér. Sé litið á þau lán, sem reiknað er með að taka til virkjunarinnar erlendis, munu tekjur af álbræðslunni að mestu standa undir vöxtum og afborgunum af þeim nema fyrstu árin. Við samanburð á tekjum af álbræðslunni, og þá er átt við tekjur af raforkusamningnum eingöngu, og afborgunum og vöxtum af erlendum lánum, kemur í ljós, að vextir og afborganir á 25 ára tímabili nema samtals 2260 millj. kr. en tekjur af álbræðslunni eða rafmagnssölunni 2670 millj. kr. Íslendingar fá þannig hina miklu orku, sem Búrfellsvirkjun framleiðir, til almenningsþarfa án raunverulegra byrða vegna lána í erlendum gjaldeyri.

Það hefur einnig verið gerður samanburður á rafvirkjun með og án álbræðslu og sýnt fram á það, að rafmagnsverðið til almennings þyrfti að vera 62% meira á árunum 1969—1975, ef álbræðslan væri ekki byggð, 22%meira á árunum 1976—1980 og 12% hærra á árunum 1981—1985. Og yfir allt tímabilið er þetta nálægt 30%, sem raforkan þyrfti að verða hærri til almennings.

Um þessa útreikninga hafa verið gerðar þær aths., að fyrstu 6 árin sé hluti af skattgjaldinu færður inn á rafmagnsverðið, og hef ég leiðrétt það. Í stað 700 millj. kr. hagstæðari afkomu Landsvirkjunar með álbræðslu heldur en án hennar, þá eru það um 680 millj. þ.e. án vaxta. Það sem saman safnast með vöxtum á þessu tímabili, yrðu 860 millj. miðað við 700 millj. á 6% vöxtum. Hér munar ekki miklu, en þá er að vísu sagt, þetta fær bara ekki staðizt, vegna þess að virkjunin fer svo mikið fram úr áætlun. Nú vil ég í fyrsta lagi segja það, að fari virkjunin fram úr áætlun, fer hún eins fram úr áætlun að sínu leyti, þó að ekki sé byggð nein álbræðsla, og rafmagnsverðið hækkar þar af leiðandi af þeim sökum einnig til almennings í því tilfelli. En hitt hefur verið sýnt fram á og er sýnt fram á í gögnum málsins, að það er mjög lítil ástæða til þess, að þær áætlanir, sem nú liggja fyrir um kostnaðinn af Búrfellsvirkjun, standist ekki.

Á bls. 226 er gerð grein fyrir stofnkostnaði 105 mw. Búrfellsvirkjunar, og þar er 1. liðurinn, byggingarmannvirki og stíflubúnaður og lagnir og flutningsgjöld o.s.frv., sem er langstærsti liðurinn, 808 millj. Það eru tilboð, sem þegar er búið að taka og eru föst, og sá liður breytist ekki. Vegir og brýr kosta 11.5 millj. Það er búið að vinna. Undirbúningskostnaður er 39.5 millj. Því er lokið. M.ö.o., þarna eru 859 millj., sem ekki breytast. Þá er kostnaður vegna helztu tækja í spennistöðvar vegna rafbúnaðar o.fl. Þau tæki eru komin á hafnarbakkann hér. Verk ofan Búrfells, íbúðarhús og helmingur kostnaðar við þjóðvegi. Það eru 103 millj. Þetta er áætlunarupphæð enn. Það er skoðun bæði hinna amerísku sérfræðinga, Harza fyrirtækisins, rafmagnsfræðinga og verkfræðinga Landsvirkjunarinnar, að hér sé vel í lagt og ekki ástæða til að bera mikinn kvíðboga fyrir þessu. Svo eru stjórn og skrifstofur, eftirlit og verkfræðiþjónusta o.s.frv. áætluð 116 millj. og aðalorkuveituleiðslan 138 millj. Meginhluti kostnaðarins er þegar í föstum tilboðum, en eins og gerð er nánar grein fyrir, er um 15% af heildarstofnkostnaðinum við 1. áfanga háður launum samkv. kjarasamningum, en 15% af þessum 1217 millj. kr. eru 182 millj. kr.

Nú hef ég gert ráð fyrir því að leggja hér vel í. Virkjunin á að framkvæmast á þremur árum. Segjum

bara, að þessar launahækkanir eða laun samkv. kjarasamningum hækki um 50% á þessu tímabili, þá eru það um 90 millj. kr., en ófyrirséður liður í stofnkostnaðaráætlanir nemur 137 millj. kr., þannig að þá eru enn eftir 50 millj. kr. til þess að mæta einhverju öðru, sem kynni að hækka. Það er þess vegna næsta lítil ástæða til þess að telja sí og æ, að það sé enginn grundvöllur fyrir þessu og raforkuverðið verði vegna verðbreytinga allt annað heldur en nú horfir.

Við þetta vil ég svo bæta hinu, seinni áfanganum, þegar gert er ráð fyrir 210 mw. virkjun. Hún á að kosta á byggingartímanum án vaxta 1660 millj. kr., og þá eru varastöðvarnar ekki reiknaðar með, sem þarna er gert ráð fyrir að kosti 120 millj. kr., en þessi kostnaður er fluttur til frá síðara stigi til fyrri áfanga í síðari áætlunum. Mismunurinn er þá 300 millj. kr., ef áætlanir fullnotast, fyrri áfanginn 1354 millj. og síðari áfanginn 1660 millj. Nú er um helmingurinn af þessu vélar, og fyrir þær liggja þegar fyrir föst tilboð, sem ekki breytist verð á, svo að í sambandi við seinni virkjunina er ekki að þessu leyti eftir nema 150 millj. kr.

Þá er að vísu enn eitt atriði, sem menn hafa nefnt. Þessi samanburður er byggður á virkjun Háafoss, 126 megawatta virkjun þar, þannig að við höfum jafnmikla orku í báðum tilfellunum til ársins 1985 og hún hefur verið áætluð tæpar 1000 millj. kr. Menn segja, að það sé ekki nógu fullkomin áætlun, það sé lausleg áætlun, hún geti orðið allt önnur. Það verður auðvitað að ganga inn á það, að sú áætlun er ekkert sambærileg við það, sem ég nú hef verið að greina, og það kynni auðvitað að verða einhver breyting á henni. En menn hafa furðað sig á því, að þessi virkjun væri þá með þessum kostnaði ódýrari heldur en Búrfellsvirkjunin á hverja einingu. Um það liggur hins vegar fyrir, að eðli þessarar virkjunar er fyrst og fremst það að vera toppstöð fyrir eldri Búrfellsvirkjunina, því að þegar að því kemur, að slík virkjun annað hvort í Háafossi eða annars staðar verður byggð, er enn mikil orka ónotuð í Búrfellsvirkjuninni og til þess að nota þá orku til fulls mundi slík virkjun eins og þessi vera sérstaklega hagkvæm.

Að Fossá hefur ekki á þessu stigi verið áætluð hærri er af eftirtöldum ástæðum: 1) Fallhæð í Fossá er rúmlega tvöfalt meiri en við Búrfell. Það þýðir, að á hverja afleiningu í Fossárstöð þarf helmingi minna vatn en í Búrfellsstöð. Það leiðir svo aftur af sér, að skurðir, jarðgöng og pípur verða hlutfallslega miklu þrengri í Fossárstöðinni. 2) Vegna meiri fallhæðar er snúningshraði véla í Fossárstöð meiri en í Búrfellsstöð, en þetta hvort tveggja gerir vélarnar hlutfallslega mun ódýrari. 3) Vegna færri véla er spennistöðin við Fossárstöð einfaldari en við Búrfellsstöð, og ekki þarf heldur að reikna með orkuveitu til Straumsvíkur frá spennistöð við Geithála og ýmsum kostnaði þar og við Írafoss, sem fylgir fyrstu virkjuninni, en ekki næstu og er þegar búið að leggja kostnað í.

Ég held þess vegna, að það sé engum efa undirorpið, að það er til stórhagræðis fyrir allan almenning í þessu landi að selja alúmíníumverksmiðjunni raforkuna, eins og samið er um í rafmagnssamningnum og við því verði, sem þar er um að ræða. Menn furða sig að vísu á því og segja: Það er lítill munurinn, 10.3 aurar er áætlaður kostnaðurinn af rafmagninu, og það á að selja kwst. á 10.75 aura. En kwst. eru bara æðimargar, sem hér er um að ræða, svo að þó að þetta sé ekki há upphæð, munar mikið um það. Það er gert ráð fyrir við skulum segja 1000 gwst., þar sem 1 gwst. er 1 millj. kwst. Bara mismunurinn á áætluðu kostnaðarverði og söluverði er um 4½ millj. kr., en þetta er miðað við afskrift á 25 árum. Ef við miðum við afskrift á 40 árum, sem er í sjálfu sér miklu eðlilegra og miklu vanalegra um slíkar vatnsaflsvirkjanir, er áætlaður kostnaður af Búrfellsvirkjun ekki nema 9.9 aurar kwst., og mismunurinn á kostnaðarverði og söluverðinu er því 8½ millj. kr. miðað við ársnotkunina.

En það kemur meira til. Menn segja, að hér sé hætta á verðbólgu. Á það ber að líta, að menn hafa sagt, að rafmagnsverðið í Noregi sé 28% hærra en hér. En rafmagnsverðið hér á að greiðast í dollurum, og út af fyrir sig tel ég, að það sé mikil trygging í því, en í þeirri mynt eru lánin, sem tekin eru til virkjunarinnar, hin erlendu lán, svo að verði einhver breyting á gengi ísl. kr. í hlutfalli við dollar eða krónan falli, sem er nú meiri hætta á heldur en hitt, hefur það út af fyrir sig lítil sem engin áhrif á raforkuverðið, og þetta tel ég vera alveg ótrúlega mikið öryggi fyrir íslenzka rafmagnsnotendur. Ef við reiknum t. d. með 7.8% fjármagnskostnaði, eins og hér hefur verið gert í grg., í vatnsaflsstöðvunum, og 10% í gastúrbínustöðvunum, hækka erlendar lánagreiðslur að frádregnum erlendum tekjum þannig, ef dollarinn t. d. hækkaði upp í 64.50 eða um 50%. Með álbræðslunni mundu erlendu lánagreiðslurnar allt tímabilið hækka um 81 millj. kr. umfram það, sem við fáum í erlendum gjaldeyri, en án álbræðslu mundu erlendu lánin við slíka gengisbreytingu hækka á 25 ára tímabilinu um 615 millj. kr., og slík hækkun, ef hún ætti sér stað, mundi leiða til þess, að viðbótarorkan á árunum 1969—1975 þyrfti að hækka um 95%. Hún væri 95% meiri, ef álbræðslan væri ekki byggð með, og 58% meiri á árunum 1976—1980 og 30% á árunum 1981—1985, og þetta mundi yfir tímabilið til 1985 nema 56% hærri raforku án álbræðslu heldur en með henni. En nú skulum við segja, að dollarinn hækkaði, krónan lækkaði um 100%. Mönnum finnst það kannske mikið, og ég vildi vona, að til þess kæmi ekki, að það þyrfti 86 kr. í dollarann. En ég minni menn bara á það, að ef við hefðum gert þennan samning fyrir 20 árum og í dollurum, — dollarinn var þá 6.50 kr. og er núna 43 kr. — þá væri verðið komið yfir 70 aura á kwst., bara af þeirri hækkun, sem af því leiddi. Nú vil ég vona, að svo verði ekki, og við skulum öll vona það, að við getum fótað okkur betur í þessum málum og þurfum ekki að horfa fram á slíkar gengisfellingar eins og við höfum þurft að gera fram til þessa. En þó er það svo, að ef dollarinn færi upp í 86 kr., mundu erlendar afborganir á öllu tímabilinu hækka um 162 millj. kr. með álbræðslu, en um 1231 millj. kr. án álbræðslunnar. Og ef sama hrun væri á krónunni og seinustu 20 ár, mundu afborganir hækka um 8124 millj. á þessu 20 ára tímabili.

Sem sagt, hvað sem maður vill nú velta fyrir sér um gengisbreytingar og annað, er aðalatriðið það, að það er mjög mikil trygging í því að hafa greiðslurnar fyrir raforkuna og reyndar skattgjaldið líka í sömu mynt og hin erlendu lán, sem eru verulega stór, til þeirra framkvæmda, sem fyrirhugaðar eru.

Það hefur verið gagnrýnt, að endurskoðunarákvæðin á rafmagnsverðinu væru óhagstæðari hjá okkur. Við eigum ekki að endurskoða né breyta verðinu nema það, sem leiðir af rekstrarkostnaði, sem ég viðurkenni, að er sáralítið eftir 10—15 ár, hvað það nú er. En hins vegar hefur verið sagt, að í Noregi sé heimilt að endurskoða á 5 ára fresti raforkuverðið. Þetta er nú á misskilningi byggt, því að þessi samningur, sem var gerður 1962 í Noregi, eins og ég gerði grein fyrir áðan, hann má ekki breytast fyrr en 1972, fyrsti áfanginn eru 10 ár. Síðan, ef norska Stórþingið breytir rafmagnsverðinu, breytist verðið í samningnum í samræmi við það, en þó aldrei meira en það, sem nemur 60% af heildsöluvísitölu í Noregi. Þessi heildsöluvísitala er miðuð við ýmis meginhráefni eins og járn og timbur og annað slíkt, og þó að norska Stórþingið hækki verðið á kwst. á orkunni í Noregi almennt, má samt sem áður ekki breyta verðinu eftir samningnum nema sem svarar til 60% af hækkun þessarar heildsöluvísitölu. En eftir því sem mér er tjáð, mun hún lítið sem alls ekkert hafa hækkað 10—15 s. l. ár, svo að af þessu hefur engin hækkun á raforkunni stafað. Ef hún er nokkur, er hún sáralítil. Þegar við höfum þetta í huga og eins það, að okkar raforka er greidd með dollurum, þeirra í norskum kr., held ég, að við þurfum ekkert að bera okkur upp undan því, að okkar samningsákvæði séu lélegri en þeirra. Svo er annað, að Alusuisse er skuldbundið til þess að borga okkur þessa raforku allan samningstímann og í dollurum, svokallaða minimumorku, sem gerð er nánar grein fyrir í raforkusamningnum, og það engu að síður þótt álbræðslan hætti störfum og leggist niður af einhverjum ástæðum, við skulum segja, að framleiðslan verði óhagkvæm, og þá eru þeir skuldbundnir til þess að borga raforkuna allan tímann. Í Noregi geta þeir sagt upp raforkusamningnum eftir 10 ár frá því að hann byrjaði, en hins vegar má ríkið ekki segja samningnum upp. Það er skuldbundið til þess að afhenda þeim orkuna í 40 ár. En álbræðslan þar getur hætt að taka orkuna eftir 10 ár, ef það er ekki hentugt að halda því áfram, svo að það er alveg gerólíku saman að jafna samningunum hjá okkur og þeim.

Ég skal svo ekki hafa fleiri orð um þetta á þessu stigi málsins.

Það hefur verið gagnrýnt verulega gerðardómsákvæðið, eins og kunnugt er, og um það urðu töluverðar umr. í Nd. Nokkuð spunnust þessi ákvæði inn í vantraustsumr., eins og menn muna, og í framhaldi af því inn í umr. í Nd., af því að hv. 1. þm. Austf. las þar kafla úr ræðu hv. 3. þm. Norðurl. v., sem um þessi ákvæði fjölluðu.

Ég verð að segja það, að ég hef aldrei getað áttað mig á þeim stóryrðum, sem höfð hafa verið um þetta fyrirkomulag, sem er ákveðið í samningnum, þ. e. að aðilarnir geti skotið málum sínum til alþjóðlegs gerðardóms, þar sem þeir tilnefna hvor sinn aðila og fer þá málið annað hvort til hins alþjóðlega gerðardóms Alþjóðabankans, sem búið er að ræða hér um og mörgum hv. þm. er kunnugt um, eða þá, að forseti Alþjóðadómstólsins í Haag tilnefnir oddamann. Ég get að vísu ósköp vel skilið, að menn segi sem svo: Eitt ríki á ekkert að vera að semja við einkafyrirtæki um að skjóta sínum málum í gerð, einkafyrirtæki, sem hefur atvinnurekstur í landinu. Það er langeðlilegast, að það falli undir dómstólana. Þetta get ég alveg skilið, og þessi sjónarmið komu alveg fram í þmn. hjá okkur, og við ræddum um þetta, ég vil segja nokkuð hitalaust. Það var ekki mikill óstyrkur í mönnum, a. m. k. ekki eins og þeir væru að farga sjálfstæðinu eða lýsa neinu vantrausti á dómstólana íslenzku eða hæstarétt. Tilhneigingin hefur verið nokkuð sterk í þessa átt á síðari árum, sem var óvanalegt hér áður fyrr, að ríki semdi um það, að ágreiningur við einkaaðila færi í gerð, alþjóðlega gerð, og fyrir því hef ég gert nánari grein í Nd., en ég ætla ekki að ástæðulausu, ekki nema sérstakt tilefni gefist, að fara að eyða tíma í að rekja það hér aftur.

Í hinum fyrstu frumdrögum, sem við sendum í janúar 1964, voru þegar uppi þessar hugmyndir um gerðardóm, íslenzkan gerðardóm fyrst og fremst. Annað hvort var að fara fyrir dómstólana eða fara fyrir íslenzkan gerðardóm með tilteknum hætti. Svo var þar hreyft hugmyndinni um þann möguleika að vísa ágreiningsmálum til þess alþjóðlega gerðardóms, sem vitað var þá, að Alþjóðabankinn var að beita sér fyrir, ef hann kæmist á laggirnar. Svo var sú samþykkt gerð, sem hér hefur legið fyrir, hin svokallaða SID-samþykkt, og hún bíður nú eftir fullgildingu en verður ekki raunhæf, kemur ekki til framkvæmda, fyrr en 20 þjóðir hafa fullgilt hana. Endanleg fullgilding liggur víst ekki fyrir enn nema frá fáum þjóðum, en 35 þjóðir hafa undirskrifað hana. En þetta tekur allt nokkurn tíma, þótt allt sé með eðlilegum hætti með fullgildingu á slíkum samþykktum. Ef við lítum á, hvernig það hefur verið hjá Bandaríkjunum, þá hafa þau undirskrifað samþykktina í ágústmánuði, 27. ágúst 1965, minnir mig, þá undirskrifar fjmrh. hjá Alþjóðabankanum samþykktina og svo leggur forsetinn samþykktina fyrir „öldungadeildina," það mun hafa verið 7. febr. í ár, og þar er þessi samþykkt núna. Ég veit náttúrlega ekki, hvaða gangur verður á því máli, en það er ástæða til að ætla, eins og málið hefur verið lagt fyrir af hálfu forsetans, að hún fái afgreiðslu hjá þinginu bandarísku, væntanlega áður en því lýkur núna, og þar með er fullgilding af þeirra hálfu komin á þessu. Þannig gengur þetta, við samþykkt heimildar fyrir ríkisstj. Ríkisstj. biður um heimild Alþ. til þess að mega skrifa undir hana, og það mundi þýða það, ef Alþingi samþykkti þá heimild, að fullgildingin ætti sér stað þegar undirskrift okkar yrði framkvæmd.

Sannast að segja, eftir þessar fyrstu hugmyndir um gerðardóm í þessum málum, þá sendu þeir okkur uppkast, sem var dagsett í maímánuði 1965, 21. maí, og það er eiginlega sem svar við þessu, eftir að margir fundir höfðu átt sér stað á árunum 1964 og svo 1965. Ég fékk þetta uppkast í hendurnar skömmu áður, en ég fór þá utan til þess einmitt að hitta þmn. í Zürich

eða í Sviss til þess að skoða þar álbræðslur með henni, en hún var þá stödd í Noregi og var að kynna sér álbræðsluna í Husnesi og módeltilraunir í Þrándheimi eins og kunnugt er og hafði rétt getað komizt yfir þetta uppkast, þegar ég kom til Zürich. Mér fannst þá ástæða til þess og óskaði eftir því við forstjóra fyrirtækisins að hafa með þeim fund strax, til þess að ég við fyrsta tækifæri gæti gert fyrirvara um það, að mér mislíkaði þetta samningsuppkast. Það var ekki gert ráð fyrir að halda neina samningafundi á þessu stigi málsins, heldur var þetta kynnisför og heimsókn. Við vorum þar Jóhannes Nordal bankastjóri, sem var þarna staddur líka, og ég og mættum á fundi með forstjórum Alusuisse 17. júní. Aðaltilgangurinn var að gera þennan fyrirvara, og hann var einmitt um ýmiss konar form á þessu samningsuppkasti — meira form kannske heldur en efni — en einnig um sum efnisatriði málsins, sem ég skal víkja að síðar. Þetta sagði ég þmn. strax og hún kom, að ég hefði fengið samningsuppkastið áður en við fórum að heiman og mér mislíkaði það. Ég hefði gert fyrirvara um það og sagt þeim, að við mundum fara í samningsuppkastið með þmn., þegar heim kæmi úr ferðinni, og senda þeim svo okkar grg.

Þegar svo þmn. kom heim, þá fórum við í júlímánuði ítarlega í gegnum samningsuppkastið, lið fyrir lið og grein fyrir grein, og síðan var samin ítarleg grg. í ágústmánuði, 11. ágúst, um aths. íslenzkra aðila við þetta samningsuppkast. Þær aths. voru bornar undir þmn. og voru til undirbúnings fundi, sem átti að halda þá með Svisslendingunum í októbermánuði hér í Reykjavík.

Það sem mér mislíkaði m. a. alveg sérstaklega, voru þau ákvæði í uppkasti þeirra um gerðardóm og eftir hverju hann ætti að dæma, því að það var beinlínis tekið fram í gr., sem þá var 22. gr., hvaða lög ættu að vera ríkjandi í þessu sambandi. Þá áttu íslenzk og svissnesk lög að vera grundvallaratriði þessara laga, að svo miklu leyti sem þau væru þá sameiginleg fyrir hendi, og ef þau væru ekki sameiginleg fyrir hendi, þá alþjóðalög. Um þetta ræddum við ítarlega í þmn., og það kemur mjög greinilega fram í aths., sem Svisslendingum voru sendar og þmn., með leyfi hæstv. forseta:

„Í ákvæðum samningsins um ofangreind efni“ — það er grundvallarlög og deilumál — „ætti í fyrsta lagi að koma fram eðlilegur greinarmunur milli efnislegs réttar og réttarfars. Svo virðist sem þetta hafi ekki tekizt í drögunum, þótt skilið sé þar á milli innihalds.

Í öðru lagi er talið, að því er varðar hinn efnislega rétt, sem leggja á til lagagrundvöllinn að samkomulagi aðilanna, að samninginn og fylgiskjölin eigi að túlka og framkvæma í samræmi við íslenzk lög, og geta þá viðeigandi reglur þjóðaréttarins átt við með venjulegum hætti. Það er skoðun fulltrúa ríkisstj., að þróun íslenzks réttar og réttarstofnana réttlæti fyllilega þá staðhæfingu, að Alusuisse ætti að taka það með í reikninginn sem hverja aðra viðskiptalega áætlun í fyrirtækinu, að hagsmunir þessarar verksmiðju yrðu látnir lúta handleiðslu íslenzkra dómstóla, íslenzkra laga.

Í þriðja lagi er talið, að því er varðar dómstóla þá og réttarfar, sem notaðir yrðu til að setja niður hugsanlegar deilur milli aðilanna út af samningnum og fylgiskjölunum, að þekking og vammleysi íslenzkra dómstóla er hafið yfir allan efa um það, að heppilegt sé að leggja þessi mál í þeirra dóm. Af þessu leiðir, að ekki ætti að þurfa að leita til gerðardóms um deilur aðilanna, hvort sem hann er íslenzkur, alþjóðlegur eða annars konar, nema sú leið hafi í för með sér ótvíræða og mikilvæga kosti við lausn deilumála svo sem verulegan sparnað á tíma og fjármunum.“

Og svo er loks eftirfarandi:

„Að lokum er það talið eðlilegt, að aðilarnir hafi það í huga og hagnýti sér til meiri fullnustu en ráðgert er í drögunum. að verið er nú að koma upp stofnun á alþjóðlegum vettvangi einmitt í því skyni að fjalla um deilur af því tagi, sem risið gætu út af samningnum.“

Þar er átt við SID-samkomulagið. Þetta var okkur alveg ljóst, bæði fulltrúum og þmn., og um þetta ræddum við. Þessi grg. var meira að segja lagfærð eftir fund, sem haldinn var í n. og hert nokkuð á atriðum þarna í sambandi við þau lög, sem ættu að ráða, og það var á þessu stigi málsins, — ég verð að segja það, það kom fram í umr. í Nd., — að mér var alls ekki ljóst, hvort ganga mundi saman. Það voru meiri líkur á því, að gengi saman milli Svisslendinga og Íslendinga í þessum málum, þegar þeir komu hér til fundarins 12. og 14. okt.

Þá þegar á fyrsta fundi voru uppi hjá þeim allt aðrar hugmyndir um lagagrundvöll þessa samnings heldur en við höfðum haft uppi í þmn., og ég hafði gert grein fyrir. Þá var það, að ég, — eins og ég sagði frá í Nd., — fór af þeim samningafundi og boðaði til mín forstjórana, herra Meyer og Müller, upp í iðnmrn. og sagði þeim, að ef ekki yrði breyting á þessum greinum, þá gætum við alveg eins hætt þessum samningum þá þegar, hér yrði að leggja til grundvallar íslenzk lög. Um það tjáðu þeir sig algerlega vanbúna, þeir þekktu ekki til íslenzkra laga o. s. frv., o. s. frv., sem ég skal ekki fara að rekja, en mín skoðun var sú, að þeir ættu þá ekki að vera neitt að hugsa um að koma hingað, ef þeir ekki treystu sér til þess að sætta sig við, að farið væri eftir grundvallarreglum íslenzkra laga.

Á einu stigi stóð málið þannig, að hr. Meyer sagði: Ja, þá getum við ekki gengið inn á þetta. Það gat ég ekki heldur, og þar með var þessu lokið.

Hitt var svo annað mál, að meðan á þessum fundum stóð, þá tóku þeir sig á í þessu, og um það segir í frásögn frá þessum fundi, sem báðir aðilar skrifuðu undir:

„Alusuisse viðurkennir, að stjórnarskrá Íslands veitir viðhlítandi vernd gegn raunverulegri eignatöku, og óskar eftir frekari tryggingarákvæðum gegn einstökum eignartökum í skömmtum.“

Um lagareglur, sem beita á, og ágreiningsmál er eftirfarandi niðurstaða:

„Fella þarf niður alla 52. gr. — sem þá var — nema ákvæði í mgr. 52.01 á þá leið, að samninga skuli túlka skv. efni þeirra, og að lagareglur, sem beita á, skuli vera íslenzk lög og þær reglur úr alþjóðarétti, sem við kunna að eiga, þar með taldar meginréttarreglur, sem

almennt eru viðurkenndar af siðmenntuðum þjóðum."

Þetta var svo fellt inn í samningsákvæðið eins og stendur, með leyfi hæstv. forseta, í 45. gr.:

„Samning þennan ber að skýra, túlka og framkvæma samkv. ákvæðum hans og hinna fylgiskjalanna, eftir því sem unnt er, og að því leyti fer um skýringu, túlkun og framkvæmd, gildi og áhrif samnings þessa að íslenzkum lögum og þeim reglum þjóðaréttar, sem við kunna að eiga, þar á meðal þeim grundvallarreglum laga, sem almennt eru viðurkenndar af siðmenntuðum þjóðum."

Og sannast að segja höfum við, sem erum aðilar að alþjóðadómstólnum og Sameinuðu þjóðunum, að mínum dómi ekki aðstöðu til þess að segja, að við getum ekki látið fylgja með, að það megi, eftir því sem við á, beita grundvallarreglum siðmenntaðra þjóða, og sjálfum er mér ekki kunnugt um, að grundvallarreglur íslenzkra laga stríði í einu eða öðru á móti því, sem kallað mundi vera grundvallarreglur siðmenntaðra þjóða.

Þessar niðurstöður samningsviðræðnanna 12.—14. okt. voru lagðar fram á fundi þmn. 28. okt., og þar er um þær bókað í 2. tölul.:

„Tekin til umr. frásögn af fundum fulltrúa íslenzku ríkisstj., Alusuisse og Alþjóðabankans í Reykjavík 12.—14. okt. Rætt um ýmis atriði skýrslunnar, einkum í fyrsta lagi force majeure, sem menn voru sammála um, að æskilegt væri að túlka þröngt. Í öðru lagi afstöðu til að nota erlent vinnuafl, einkum á byggingartímanum, sem talið var að ætti að fara eftir hinum almennu reglum, sem um slíkt gilda hér á landi. Og í þriðja lagi gerðardómsákvæðin, sem talið var æskilegt, að hægt væri að takmarka."

Á næstu fundum ræddum við um takmörkunina á þessu, reyndum að finna form fyrir einhverjum takmörkunum á því, að deilur skyldu fara í gerðardóm. Það reyndist nokkuð erfitt að skilgreina það, hvað væru meiri háttar mál. Og án þess að við treystum okkur til þess að telja upp eða gera á þessu sérstaka skilgreiningu, var gefin þessi viljayfirlýsing í framhaldi af þeim óskum, sem fram komu í þmn., um lok 46. gr.:

„Það er ekki ætlun aðila samnings þessa að leita til alþjóðlegs gerðardóms til að jafna neinar deilur, sem eigi varða verulegar fjárhæðir eða mikilsverð málefni."

Þessu hef ég viljað gera grein fyrir hér, og eins og ég sagði áðan, þá furðar mig ekkert á því, þó að menn kunni að hafa einhverjar mismunandi skoðanir á því og kynnu að hafa haft þá skoðun frá öndverðu, að það væri eðlilegast að hafa engin gerðardómsákvæði. Hitt hef ég ekki getað sætt mig við, þegar hv. þm. fylgjast með svona samningagerð stig af stigi, eins og ég nú hef lýst hérna, og hafa í sjálfu sér ekki neitt sérstakt við það annað að athuga en að gerðardómsákvæðið sé sem takmarkaðast og kannske álitið æskilegast — eins og ég hef sagt og viðurkennt að væri — að viðhafa engin gerðardómsákvæði í þessu, ég hef ekki getað sætt mig við, að það sé svo fundið að þessu á síðara stigi málsins, þegar samningarnir eru lagðir fram opinberlega í þinginu, og sagt að hér sé um eitthvert glapræði að ræða, sem sé vanmat á íslenzkum dómstólum og jafnvel skerði okkar eigið sjálfstæði. Það er þetta atriði, sem ég hef gert athugasemdir við, í sambandi við þær ádeilur og svartsýni, sem fram hefur komið varðandi þennan gerðardóm.

Eins og menn sjá, komu þau sjónarmið fram í sjálfri þmn., að í raun og veru þyrftu þeir ekki að kvarta neitt undan því að hafa engin gerðardómsákvæði, og auðvitað var það skoðun okkar allra, að íslenzkir dómstólar væru fullkomlega nægjanleg vernd, og það er mín skoðun enn, þó að ég hafi ekki talið neitt athugavert við það að ganga inn á gerðardómsákvæðið, þegar það var tryggt, að hann í úrskurðum sínum skyldi fara eftir grundvallarreglum íslenzkra laga.

Ég sagði áðan, að ég skyldi rekja það, hvernig þessi þróun gerðardómsmála hefur verið á alþjóðavettvangi, vegna þess að það er nokkuð kunnugt þegar, en einn af samninganefndarmönnum, Steingrímur Hermannsson, tókst á hendur ferð að minni beiðni í nóv. í vetur til þess að kanna ýmisleg atriði í sambandi við afstöðu Norðmanna, bæði tæknileg atriði og önnur, kannske einmitt sérstaklega tæknileg atriði, því að hann er á því sviði sérfræðingur sem verkfræðingur.

Hann segir í sinni skýrslu til mín m. a., — ég skal ekki fella neinn dóm um það, — að hann hafi átt þar viðræður við ráðamann, sem ég skal ekki nefna á nafn, norskan, og aðspurður kvaðst hann ekki sjá neitt athugavert við ákvæðið um ráðandi lög, „dominent law", eða þau lög, sem fara bæri eftir. Upplýsti hann sem dæmi, að í Noregi giltu í mörgum tilfellum þær reglur, að ef norska ríkið stefndi viðkomandi aðila, slíkum félögum eins og þessum, þá bæri að fara eftir lögunum í heimalandi stefnda, en hins vegar eftir norskum lögum, ef verksmiðjan stefndi norska ríkinu.

Undir meðferð málsins bar allt sem sagt að þeim brunni, að mér sýndist þróunin ganga í þá átt, að það væri næsta eðlilegt og á engan hátt óviðurkvæmilegt að hafa slíkt gerðardómsákvæði í samningnum, og eins og ég margoft hef tekið fram, hef ég engar sérstakar aðvaranir fengið frá einum eða neinum hv. þm. um, að hér væri um varhugavert ákvæði að ræða.

Ég skal svo reyna að fara nokkuð fljótt yfir sögu. Það hefur verið fundið samningnum til foráttu, að það væru sérréttindi í honum. Það hefur verið sagt t. d. um tollamálið, að þeir greiði ekki toll eins og aðrir.

Þetta er alveg rétt. Þetta kom strax fram í skýrslu stóriðjunefndar til ríkisstj., sem send var alþm. öllum í nóv. 1964. Það var alveg ljóst, þegar við byrjuðum viðræður við erlenda aðila, — ég átti þá sæti í stóriðjunefndinni — að það mundi vera alveg vonlaust að fá þá til þess að koma hingað upp á það að greiða tolla eftir tollalögum eins og voru hjá okkur, þar sem þeir hvergi, þar sem þessir aðilar þekktu til sjálfir, höfðu þurft að greiða neina slíka tolla. Annaðhvort höfðu þeir búið við algert tollfrelsi eða sama sem tollfrelsi. Þessu varð að gera sér grein fyrir. Þess vegna var í upphafi talað um það að hafa álbræðsluna í fríhöfn og búa til fríhöfn, sem þá jafnframt gæti gagnað íslenzkum iðnaði og Íslendingum. Af ýmsum tekniskum ástæðum var horfið frá því ráði að setja

upp þessa fríhöfn, en þá hefði þetta auðvitað verið alveg jafntollfrjálst.

Svo hefur verið gert allt of mikið úr þessu tollfrelsi. Það var í einhverjum gömlum skýrslum talið, að tollarnir gætu verið um 500 millj. kr., þá var talað um 30%, 35% og meiri tolla, 35 og 60% tolla á vélum og efni til slíkrar álbræðslu. Tollar á vélum hafa verið lækkaðir síðan hjá okkur niður í 25% og niður í 10%, þegar um er að ræða vélar í sambandi við útflutningsframleiðslu okkar, og hér er aðeins um það að ræða, að aðilinn flytur inn hráefni, vinnur úr því og flytur það út aftur. Það eru engin sérréttindi, að það sé ekki tollað, að það séu ekki greidd af hráefninu aðflutningsgjöld og útflutningsgjöld. Þetta er sú regla, sem viðgengst hjá okkur sjálfum.

Ef við ættum að stilla upp einhverju tolladæmi, þá er í sjálfu sér miklu eðlilegra að spyrja: Hvað borgar útflutningsframleiðslan okkar í tolla? Það er enginn tollur greiddur af skipum, sem flutt eru til landsins, það eru engir tollar greiddir af flugvélum, vöruflutningaskipum eða fiskiskipum. Það eru 2 eða 4% tollar af veiðarfærum til útvegsins, og ég gæti ímyndað mér, að meðaltollurinn, sem útflutningsframleiðslan greiðir, væri kannske eitthvað um 5% eða eitthvað slíkt. Forréttindin í sambandi við byggingarstarfsemina eru nokkrir tugir milljóna, en það eru engin sérstök forréttindi í sambandi við sjálfan reksturinn og framleiðsluna, því að það er almenn regla hjá okkur, að menn greiða ekki tolla af hráefni, sem þeir flytja inn og flytja aftur unnið út.

Það er heldur engin undanþága frá gjaldeyrislögum, sem þetta fyrirtæki hefur. Það lýtur alveg sömu lögum og aðrir aðilar, sem afla erlends gjaldeyris og fá að ráðstafa honum erlendis, en eru undir eftirliti gjaldeyrisyfirvalda. Þetta er byggt á misskilningi.

Það er sagt, að framleiðslugjaldið sé sérréttindi. Það eru í eðli sínu engin sérréttindi, sem felast í framleiðslugjaldinu. Skatturinn er reiknaður í formi framleiðslugjalds og reiknaður eftir íslenzkum lögum og þeim rekstraráætlunum, sem fyrir liggja. Að dómi okkar, sem að þessu unnum á vegum ríkisstj., ríkisstj. sjálfrar, erlendra sérfræðinga, bæði enskra og norskra, sem við höfðum með í ráðum um þetta, þá var þetta talið miklu heppilegra form um skattgreiðsluna, og ég varð þess sérstaklega var sjálfur, þegar ég var á ferð í Noregi í fyrravetur, að menn töldu, að það væri mun heppilegra fyrirkomulag, sem við værum með á skattagreiðslunni heldur en Norðmenn. Við erum þarna með 20 dollara á tonn fyrstu sex árin, og fer það hækkandi upp í 35 dollara, og svo er nokkur tilfærsla á því, að vísu eftir heimsmarkaðsverði á alúmíníum, til og frá, eins og mönnum er kunnugt af gögnum málsins.

Steingrímur Hermannsson, sem eins og ég sagði áðan aflaði upplýsinga um ýmis þessi atriði í Noregi, gerði grein fyrir því, að þær verksmiðjur, — það voru ríkisverksmiðjurnar norsku, — sem höfðu staðið sig langbezt, bezta framleiðsluárið þeirra urðu þær að borga mesta skatta og hefðu náð 18.5 dollurum á tonn, en allar hinar álbræðslurnar borguðu miklu minni skatta og yfirleitt væru þær meira og minna skattfrjálsar meðan á samningstímanum stóð eða á fyrstu tíu árunum. Þar var honum tjáð af viðkomandi aðilum, að þrátt fyrir hærri skattprósentu, 54%, væri það talið fullvíst, að álbræðslur þar mundu sýna sáralitlar tekjur og lítinn sem engan skatt greiða fyrstu tíu árin. Hann segir um þetta atriði:

„Allir, sem ég ræddi við, töldu skattaformúlu okkar góða, og töldu sumir af þeim mönnum, sem til þekktu, samning okkar að þessu leyti langtum fremri þeim norska."

Svo bendir hann á atriði, sem ég hef leiðrétt, og ég held, að menn séu búnir að átta sig á. Það er eftirfarandi:

„Hér hefur verið fullyrt hvað eftir annað, að Norðmenn eignist verksmiðjur útlendinga að samningstímanum loknum. Um þetta spurði ég sérstaklega og fékk þá vissu mína staðfesta, að þetta er algerlega rangt. Aðeins þegar um er að ræða leyfi til virkjana eða annarrar beinnar nýtingar náttúruauðæfa getur norska ríkið yfirtekið fyrirtækið að samningstímanum loknum. Hins vegar eru engin slík ákvæði um iðnrekstur. Þetta er ítarlega staðfest í þeim norsku ritum, sem ég hef fengið."

Ég veit, að mönnum hefur sýnzt sitt hvað um það að efna til slíkra stórra framkvæmda, þegar segja má, að mikill vinnuaflsskortur sé hjá okkur. Ég hef reynt að gera mér grein fyrir því, að það er ekki í sjálfu sér hættan af álbræðslunni, sem bagar hér aðra atvinnuvegi. Við höfum hér vinnuaflsskort eins og er, og það er ómögulegt að neita því, að ef menn athuga þær skýrslur, sem liggja fyrir um þetta frá Efnahagsstofnuninni og kom fram í grg., þá er auðvitað fyrst og fremst ofvöxturinn í byggingariðnaðinum, sem væri þess eðlis, að ástæða væri til þess að athuga hann. Nú er vitað, að sérstök n. vinnur að því á vegum ríkisstj. að athuga möguleikana á innfluttum húsum og svokölluðum verksmiðjuframleiddum húsum. Auðvitað er hugsanlegt, að þetta geti sparað verulega vinnuafl í byggingariðnaði, en aukningin í honum var um 1400 manns á tveimur árum, eða frá 1963 til 1965, sem er 10% og algerlega ónormalt. Og auk þess mætti náttúrlega hnika til á öðrum sviðum, t. d. í fyrirhuguðum framkvæmdum í Hvalfirði. En loksins er á það að líta, að jafnvel á byggingartímanum er vinnuaflsþörfin ekki verulega mikil í sambandi við byggingu sjálfrar álbræðslunnar.

Á bls. 214 í skýrslu Efnahagsstofnunarinnar um mannaflaþörfina kemur það fram, að mesti mannafli árið 1967 er 110 manns við byggingu álbræðslunnar, 1968 285 manns og 1969 215 manns, eftir þeim áætlunum, sem fyrir liggja. En mannaflinn er á þessum árum 75 manns 1967, 195 manns 1968 og 110 manns 1969. Nú er mesti mannaflinn yfir sumartímann, og í annarri skýrslu er bent á það, hve mikil fjölgun á sér stað á vorin á vinnumarkaðinum hjá okkur Íslendingum. Í júlímánuði er á þessum árum, 1967—1969, talið vera 8400—8800 manns fleira á vinnumarkaðinum heldur en í marz og nóvember sömu ár, og kemur það þarna til góða. Svo er höfnin í Straumsvík. Öll þessi ár er talið, að 75 manns þurfi að vinna við framkvæmd hennar. Hitt er svo annað mál, að það er miklu meiri mannfjöldi, sem þarf til raforkuframkvæmdanna. Það er áætlað 565 manns

1967, 565 manns 1968 og 140 manns árið 1969. En við þyrftum mikið af þessum mannafla hvort heldur sem við reistum álbræðslu eða ekki, því að virkjununum getum við ekki frestað.

Hitt held ég, að mönnum sé svo ljóst, að mannaþörfin, sem áætluð hefur verið 450—500 manns, skiptir ekki miklu máli í sambandi við rekstur verksmiðjunnar, þegar hún er komin í full afköst, sem ekki er þó fyrr en árið 1975. Frá 1965—1975 er gert ráð fyrir, að bætist á vinnumarkaðinn í landinu 17000 manns, svo að um það held ég, að sérstaklega verði nú ekki deilt.

Um staðsetningu verksmiðjunnar hefur mikið verið rætt, og um það vil ég ekki annað segja en það, að ríkisstj. hafði það í huga að láta rannsaka og lét rannsaka möguleika á að staðsetja hana fyrir norðan. Það er nánar gerð grein fyrir því í skýrslu stjórnarinnar, sem lögð var fram í þinginu 4. maí 1965, að eftir þá rannsókn þótti ekki tiltækilegt að koma upp verksmiðjunni fyrir norðan og sérstaklega vegna þess, hve erfiðara væri um virkjunaraðstæður þar heldur en hér fyrir sunnan. Til þess að bæta nokkuð úr því hefur svo ríkisstj. flutt frv. um atvinnujöfnunarsjóð, sem búið er að vera í þessari hv. d. og þm. er kunnugt um.

Því hefur stundum verið haldið fram, að við höfum samið eitthvað af okkur um það að setja ekki skilyrði um að hreinsunartæki væru sett upp í sambandi við þessa verksmiðju, en því vil ég alveg mótmæla. Það kemur alveg greinilega fram, að samningsákvæðin um mengun í 12. gr. eru þess eðlis, — það var greinilega tekið fram í skýrslunni í maí í fyrra, og Svisslendingarnir hafa heldur aldrei neitt haft við það að athuga, — að ef það sýndi sig, að hér væri hætta á ferðum, væri þeim skylt að setja upp hreinsunartæki eða gera þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar væru taldar. Það kemur greinilega fram í 12. gr. 02, þar sem segir, að ISAL muni gera allar eðlilegar ráðstafanir til þess að hafa hemil á og draga úr skaðlegum áhrifum af rekstri bræðslunnar í samræmi við góðar venjur í iðnaði í öðrum löndum við svipuð skilyrði. Það var hins vegar álitið, að þarna á Reykjanesskaganum og miðað við þær upplýsingar, sem lágu fyrir um veðurfar og vindáttir, væri ekki ástæða til á fyrsta stigi málsins að setja upp hreinsunartæki, en það eru ákvæði hér um skyldu fyrirtækisins til þess að standa að rannsóknum á hættunni, sem af þessu getur leitt. ISAL skal framkvæma reglulegar athuganir með því að taka með vissu millibili sýnishorn af gróðri, efnum og eignum á fyrir fram ákveðnum athugunarstöðvum í nágrenni við bræðslulóðina í samráði við hlutaðeigandi rannsóknastofnun ríkisstj., að því er varðar möguleg áhrif á grastegundir af reyk frá bræðslunni, og niðurstöður slíkrar athugunar skulu vera tiltækar fyrir ríkisstj. Rannsóknastofnun iðnaðarins hefur þegar verið falið að vinna að þessu og hefur kynnt sér málin, eins og fram kemur í grg., og ég tel, að hér sé þannig um hnútana búið, að það sé enginn vafi á því, að þeir verði að gera þær ráðstafanir, sem taldar eru góðar venjur í iðnaði í öðrum löndum, og þar höfum við það sterk samningsákvæði, að komi það í ljós, að hætta stafi af þessu, þá verði þeir að gera þær fullkomnustu ráðstafanir, sem annars staðar eru gerðar á hverjum tíma til þess að koma í veg fyrir það.

Þegar upphaflega voru teknar upp viðræður um að athuga möguleikana á því að koma á samningum um stóriðju, var það m. a. út frá þeirri hugsun, að það gæti verið nokkuð tvísýnt um framleiðsluaukningu og nýja verðmætasköpun í þjóðfélaginu til þess að mæta hinni miklu fólksfjölgun á komandi árum, ef ekkert væri að gert. Reynsla okkar hafði sýnt það, að á áratugnum 1950—1960 varð um 4½% aukning í sjávarútvegi, landbúnaði og iðnaði. Hefur líklega verið frá 4—5%, og ef við áttum ekki að dragast aftur úr þróun nágrannalandanna í Vestur-Evrópu á þessu sviði, þá var mikilsvert fyrir okkur að geta stuðlað að meiri verðmætasköpun í þjóðfélaginu. Gert hefur verið mikið veður út af þessu núna og sagt sem svo, að það hafi verið miklu meiri verðmætasköpun í okkar framleiðslugreinum, og það er rétt. Samanlagt hefur sem betur fer, verið meiri verðmætasköpun frá árunum 1960—1966 heldur en áratugurinn þar á undan gaf tilefni til að ætla og áætlanir voru fyrir um, en það er fyrst og fremst vegna sjávarútvegsins, því að á sumum þessum árum minnkaði verðmætasköpunin á víxl í iðnaði og landbúnaði, en við höfum, eins og mönnum er kunnugt, átt hvert metárið á fætur öðru í aflabrögðum á undanförnum árum, sérstaklega í sambandi við síldveiðarnar, um leið og byggður hefur verið upp fiskifloti okkar. Engar hugleiðingar um álbræðslu og stórvirkjanir leiða hins vegar til þess, að það sé minnsta ástæða til þess að draga úr, nema síður sé, hinum eldri atvinnuvegum, og miðað við þau lán, sem gert er ráð fyrir að taka á erlendum vettvangi og þær erlendu greiðslur, sem við fáum bæði fyrir raforku og skatta, þær leiða það af sér, eins og greinilega er sýnt fram á í málsskjölunum, að það mun ekki gera aðra fjáröflun, erlenda fjáröflun til annarra atvinnuvega, erfiðari, nema síður sé, eins og nánar er að vikið og greinilega rökstutt. Þvert á móti er ástæða til þess að ætla, að það geti skapast í sambandi við álbræðsluna hér á landi örari iðnþróun á þessu sviði. Ég hef ekki lagt afskaplega mikið upp úr þessu atriði. Menn hafa dregið það mikið í efa og sagt sem svo: hvaða áliðnaður hefur átt sér stað í Noregi, þó að þeir hafi lengi haft álbræðslur?

Eftir skýrslum einmitt um not á alúmíníum eða áli í nágrannalöndum okkar ýmsum, þá kemur það í ljós, að í Danmörku, þar sem álframleiðsla er engin eða lítil, ef hún er nokkur, mér er ekki kunnugt um það, þar eru það 5.4 þús. tonn, sem notuð eru, í Finnlandi 5.5 þús. tonn, en í Noregi 21 þús. tonn á ári. Það er ekki svo lítið. Þessi verksmiðja á að framleiða 60 þús. tonn. Nú getum við auðvitað ekki haft þann markað, sem Norðmenn hafa heima hjá sér. Í Svíþjóð er notkunin 51 þús. tonn. Þeir hafa sínar eigin álbræðslur. Munurinn kemur alveg greinilega fram hjá þessum tveimur Norðurlandanna, þar sem álbræðslur eru, miðað við hin tvö. En eins og ég segi, ég hef ekki verið að gylla þetta, og mig brestur kunnugleika til þess að spá nokkru um þetta, en að þessu er vikið í grg., og það er kunnugt um áhuga íslenzkra iðnrekenda á því að hagnýta sér þau hlunnindi, sem kynnu að vera af því að fá slíkt hráefni framleitt í landinu sjálfu, og geta aðrir betur tjáð sig um það en ég.

Ég skal ekki eyða lengri tíma í þetta mál að þessu sinni og læt þessar almennu hugleiðingar nægja, en leyfi mér svo að leggja til við hæstv. forseta, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og til þeirrar sérstöku n., sem d. mun hafa kosið til þess að fjalla um málið og fjallaði um það í sameiningu við slíka n. í Nd.

Björn Jónsson: Herra forseti. Með þeim samningi, sem hér liggur fyrir og fyrirhugað er að veita lagagildi með því sérstaka frv., sem hér er til umr., er farið út á algjörlega nýjar brautir í viðskiptum þjóðarinnar við erlent fjármagn, það er farið út á nýjar brautir í þróun íslenzkra atvinnuvega og jafnvel að því er snertir réttarfar og lögsögu. Í þessum efnum er um svo stórfelld nýmæli að ræða og líkleg til þess að verða fordæmi fyrir öðrum og meiri aðgerðum í svipaða átt og hér er stefnt í, að það er útilokað, að þetta mál verði réttilega metið með þeim hætti einum að líta á það sem einangrað fyrirbrigði, sem enga hliðstæðu kunni að eignast í framtíðinni. Mat á þessu máli sem einangruðu fyrirbrigði í atvinnulegum og fjármálalegum efnum kemur að mínu viti í annarri röð, eftir að menn hafa reynt að gera sér grein fyrir því, hvernig sú nýja stefna er, sem þetta frv. boðar, og þeim fordæmum, sem þessi samningur skapar.

Það er að vísu svo nú, eftir að mál þetta er komið til kasta Alþ., að þá er mjög reynt til þess, a.m.k. af sumum forgöngumönnum þess, að láta í veðri vaka, að ekki séu uppi hugmyndir um annað eða meira, heldur en þessa einstöku aðgerð, og nú um sinn a.m.k. hafa mjög hljóðnað þær raddir, sem á undanförnum árum hafa verið einna háværastar um það, að alúmíníumsamningurinn ætti aðeins að verða upphaf annars og meira, ætti að vera upphaf tímamóta, atvinnulegra og efnahagslegra, þar sem horfið yrði í ríkum mæli að margháttaðri þátttöku erlendra fjármagnsaðila í íslenzku atvinnulífi.

Morgunblaðið talar nú ekki þessa dagana um stórfyrirtæki erlendra olíuhringa í landinu og alla þá blessun, sem það mundi færa þjóðinni. Það hefur líka um stund leynt áhuga sínum fyrir erlendu áhættufjármagni, eins og það hét á máli þess, í íslenzkum fiskiðnaði og ráðh. tala nú ekki lengur um það, að hér sé aðeins um að ræða mjóan vísi að því að gera Íslendinga að stóriðjuþjóð með tilstyrk erlendra auðhringa, eins og hæstv. forsrh. gerði síðast í áramótaboðskap sínum í Morgunblaðinu. Þetta virðist benda til þess, að svo höllum fæti sem stóriðjumennirnir áreiðanlega telja sig innst inni standa í umr. um þennan samning einan og sérstakan og hagkvæmni hans fyrir þjóðina, telja þeir sig þó bersýnilega standa enn ver að vígi í þeim efnum að sanna þjóðinni nauðsynina á því að leiða erlent fjármagn til öndvegis í íslenzku atvinnulífi og leggja þar með í hættu atvinnulegt og efnalegt sjálfsforræði þjóðarinnar. En hins vegar getur víst fáum blandazt hugur um það, að hugur þeirra, sem nú ráða stjórnarstefnunni er einmitt sá, sem komið hefur nokkuð greinilega fram á síðustu árum í áróðri þeirra fyrir almennri stefnubreytingu varðandi afstöðu til erlends fjármagns, sífelldu tali þeirra um, að núverandi atvinnuvegir okkar væru á svo veikum grunni byggðir, að það væri höfuðnauðsyn að renna þar undir nýjum stoðum og þeim svo stórum og sterkum, að útilokað væri, að við gætum staðið þar einir að verki með okkar fjármagni og fjármagnsmöguleikum, enda getur mönnum varla blandazt hugur um það, að ef það væri nauðsynlegt og sérstaklega hagkvæmt að leysa ákveðið verkefni, í þessu tilfelli raforkuframkvæmdir Suðvesturlands, á þann hátt, sem hér er stefnt að, hlýtur það einnig og ekki síður að koma til álita, og hlýtur reyndar að vera sjálfsagt, að leysa líka önnur fjárhagsleg og atvinnuleg viðfangsefni á líkan hátt. Og þá vaknar spurningin um það, hvar bæri þá að stöðva þá þróun mála, svo að erlendir fjármagnsaðilar yrðu ekki stöðugt stærri hluttakendur og stærri yfirráðasveitir í atvinnulífi okkar og þjóðlífi. Því hafa forgöngumenn þessa máls varla reynt að svara á annan veg en þann, að aðrar þjóðir leyfðu erlendu fjármagni verulega þátttöku í atvinnurekstri sínum og því hlyti slíkt einnig að geta gengið hér og getað reynzt vel hér. En þessir menn vita þó auðvitað eins vel og aðrir, að í þeim efnum skapar smæð okkar þjóðar okkur algjöra sérstöðu, sem gerir okkur á allan hátt ósambærilega við aðrar þjóðir. Eða hvað halda menn t.d. um það, hvaða augum yrði litið á það í Noregi, ef þar kæmi fram hugmynd um að reisa þar í landi með einum samningi 20 alúmíníumverksmiðjur af þeirri stærð, sem hér er rætt um, en slík framkvæmd þar mundi vera hliðstæð þeirri, sem hér er rætt um, ef tillit er tekið til fjölmennishlutfalls þjóðanna og jafnvel enn stærri, ef tekið er tillit til stærðar iðnaðarins í hvoru landinu fyrir sig. Ég held, að það þurfi varla getum að því að leiða, að á slíkt yrði litið þar sem fullkomna fásinnu og algert óráð frá öllum sjónarmiðum séð, jafnvel þó svo væri, að samningakjör út af fyrir sig væru hagstæð og engum sérstökum eða annarlegum skilmálum bundin.

Með þeim alúmíníumsamningi, sem hér liggur fyrir, væri erlendum auðhring heimilað að ráðast hér í fjárfestingu, sem nema mundi 2500 millj. kr. a.m.k. þegar á allra næstu árum, og sú fjárfesting yrði stærri í sniðum miðað við samanlagða fjárfestingu okkar sjálfra í atvinnuvegum, heldur en þekkt er nokkurs staðar í Vestur-Evrópu um erlenda fjárfestingu, en miðað við allan samanlagðan þjóðarauð okkar væri hér um að ræða, að sem svaraði 1/20 hluti hans yrði þá kominn í eigu útlendinga. Útflutningsverðmæti alúmíníumbræðslunnar mundi nema upp undir eða um 1400 millj. kr. á ári, en það svarar til milli fjórða og fimmta hluta útflutnings okkar, eins og hann nú er.

Þó að þetta sé ekki útlistað nánar, er þó auðsætt, að á okkar mælikvarða er hér um að ræða strax í upphafi að gera erlendan auðhring að mjög stórum og mikilvægum þátttakanda í efnahagslífi Íslendinga. Um framhaldið er auðvitað allt óvissara, en það er þó augljóst og ekki umdeilanlegt, að ekki þyrfti að gera marga slíka samninga til þess að svo væri innan tíðar komið, að erlend auðfélög hefðu hér tögl og hagldir á mjög mörgum sviðum atvinnulífsins og um leið á sviði íslenzkra efnahagsmála.

Með slíkum samningi sem þessum væri svo jafnframt því, sem grundvallarreglur okkar, okkar

gætilegu grundvallarreglur varðandi erlent fjármagn, væru þverbrotnar, skapað fordæmi fyrir frambúðarframkvæmd þessarar nýju stefnu, sem stjórnarflokkarnir eru nú að ryðja brautina fyrir, og ég veit það, að þetta er forgöngumönnum alúmíníumsamninganna, a.m.k. mjög mörgum, vel ljóst, a.m.k. hafa þeir af þeim, sem þetta ættu að taka til greina, verið aðvaraðir greinilega um þetta efni.

Hæstv. iðnmrh. vísaði hér mjög til skýrslu Steingríms Hermannssonar, framkvæmdastjóra Rannsóknaráðs ríkisins, en hann hefur mjög unnið að þessu máli, fór m.a. til Noregs á vegum stóriðjunefndar í nóv. s.l. til þess að kynna sér norsk viðhorf og reynslu í sambandi við rekstur alúmíníumverksmiðju, og fyrst hæstv. iðnmrh. hefur svo mjög vitnað til þessarar skýrslu, ætla ég, að mér leyfist einnig að gera það, en um þetta efni, þ.e.a.s. fordæmið, sem yrði skapað með þessum samningum, segir Steingrímur Hermannsson í þessari umtöluðu skýrslu: „Aðspurðir áttu menn", þ.e.a.s. norskir aðilar, sem hann ræddi við um stóriðjumálin, og ég skal ekkert draga undan um þetta efni, sem þarna er sérstaklega fjallað um. „Aðspurðir áttu menn eðlilega erfitt með að gera sér grein fyrir því, hvort hér væri um æskilega framkvæmd fyrir okkur Íslendinga að ræða. Flestir lögðu þó áherzlu á, að mikilvægt væri að fá slíkan iðnað inn í landið, það væri ómetanlegt fyrir framtíðina. Hins vegar vöruðu þessir sömu aðilar við því, að sá samningur, sem nú er gerður, hlyti að vera fordæmi fyrir öðrum skyldum í framtíðinni."

Þeir vöruðu við því. Hér fer ekkert á milli mála um þá skoðun hinna norsku sérfræðinga, að með þvílíkum samningi sé ekki aðeins um einangraða aðgerð að ræða, heldur stefnu, sem verið sé að móta um það, hvaða almennum skilmálum enn frekari fjárfesting erlendra aðila eigi að lúta í landinu í framtíðinni, hvaða stöðu hún eigi að öðlast í fjármála- og atvinnulífinu. Ég tel víst, að þegar hinir norsku sérfræðingar viðhöfðu þessi ummæli, hafi þeim verið orðið fullljóst, að samningarnir við Swiss Aluminium, sem þá voru komnir á lokastig að mörgu leyti og voru í aðalatriðum fullgerðir, væru hvað mikilvæg atriði snertir jafnvel aðalatriði, á allt öðrum grunni reistir, heldur en þeir skilmálar, sem erlend fjárfesting í Noregi á við að búa. En það er ekki kunnugt um annað en að þau fyrirtæki, sem að slíkri fjárfestingu standa þar, lúti yfirleitt eða alfarið norskum lögum og njóti engrar undanþágu eða forréttinda frá þeim skyldum, sem norsk fyrirtæki búa við. Enda mun það vera svo, að sérstök forréttindi erlendra fyrirtækja eða dótturfyrirtækja þeirra, sem er algengasta formið, munu vera næsta vandfundin í Evrópu, og það er því vafalaust, að það er fyrst og fremst gegn þessu, sem verið er að vara í hinum tilfærðu ummælum hinna norsku sérfræðinga. En hér á annan hátt á að hafa.

Aðalsamningurinn við Swiss Aluminium er að meginefni upptalning á undanþágum frá íslenzkum lögum og einnig á margháttuðum forréttindum, sem hringurinn á að vera aðnjótandi í hartnær hálfa öld fram í tímann umfram íslenzk fyrirtæki. Svo að ég geti helztu forréttindanna, þó stuttlega hvers fyrir sig um sinn, eru þau m.a. þessi:

1. Algjört tollfrelsi á öllum innfluttum efnum, vélum og búnaði, sem til byggingar verksmiðjunnar þarf.

2. Algjört tollfrelsi á öllum innflutningi, sem með þarf til rekstrar verksmiðjunnar allt samningstímabilið eða í 45 ár.

3. Algjört frelsi frá hugsanlegum útflutningsgjöldum af framleiðslu verksmiðjunnar.

4. Algert frelsi á ráðstöfun alls þess mikla gjaldeyris, sem verksmiðjan skaffar með þeirri undantekningu einni, að Íslenzka alúmíníumfélaginu er skylt að geyma á Íslandi fé sem svarar til rekstrarkostnaðar fyrirtækisins í 3 mánuði.

5. Algert frelsi til að flytja úr landi allan hagnað sinn og andvirði fyrningaafskrifta.

6. Trygging fyrir hagstæðara gengi en útflutningsgreinar Íslendinga sjálfra njóta að meðaltali, ef um mismunandi gengi yrði að ræða.

7. Réttur til að hafa í þjónustu sinni erlent starfslið, a.m.k. að vissu marki.

8. Trygging gegn öllum hugsanlegum fyrirmælum laga eða reglna, sem veitt gætu innlendum þjónustuaðilum svo sem innflytjendum og skipafélögum vernd gegn keppni útlendinga í sambandi við viðskiptin við Íslenzka alúmíníumfélagið. Hins vegar virðist samningurinn gera ráð fyrir því, að ekkert sé við það að athuga, þó að hinum íslenzku aðilum sé mismunað með greiðslu ýmissa skatta, sem hinir útlendu samkeppnisaðilar í þessum viðskiptum þurfa ekki að greiða. Virðist það t. d. vera svo um söluskattinn.

9. Margvíslegar undanþágur frá ákvæðum laga um hlutafélög.

10. Undanþágur frá flestum ákvæðum íslenzkra skattalaga, þ.á m. frá framtalsskyldu, undanþágur, sem í aðalatriðum eiga að tryggja Íslenzka alúmíníumfélaginu, að skattabyrði þess verði ekki þyngd umfram það framleiðslugjald, sem sagt er, að miðað sé við núgildandi skattalög og núverandi verðlag á alúmíníum.

11. Hringurinn eða leppfyrirtæki hans fær svo, tryggingu fyrir svo til óbreytanlegu raforkuverði í 25 ár a.m.k., hvað sem líða kann breytingum á kostnaðarverði raforku frá Landsvirkjun á samningstímabilinu. Frá þessu eru þó örlítil frávik, sem ekki geta haft teljandi þýðingu, a.m.k. ekki fyrstu 25 árin, en það er aðeins viðmiðun við rekstrarkostnað Búrfellsvirkjunar, sem þar kemur til, að gæti breytt þessu eitthvað lítilsháttar.

12. Undanþágur fyrir Íslenzka alúmíníumfélagið, sem þó er skrásett sem íslenzkt hlutafélag, frá því að lúta íslenzku réttarfari.

Hér er stuttlega yfir málin farið, að því leyti sem undanþágunum við kemur, og er þó hvergi nærri upptalið, því að mörg smærri atriði hef ég ekki minnzt á í þessu sambandi. Meðal forréttinda, sem verður að telja óvenjuleg, eru ákvæðin um mengun, sem hæstv. ráðh. gerði hér að umtalsefni og ég mun koma nánar inn á síðar, en verksmiðjan í Straumsvík er sú eina af 10 álbræðslum þessa svissneska hrings, sem ekki mun hafa hreinsunartæki. En af þessari upptalningu, sem ég hef hér minnt á, þá er strax augljóst, að Swiss Aluminium fær hér algjöra sérstöðu

umfram allan annan atvinnurekstur í landinu og það með margvíslegum hætti, og betri kjör á flestum sviðum, sem máli skipta fyrir hann, heldur en nokkur annar atvinnurekstur í landinu, þ. á m. raforku, sem er mörgum sinnum lægri, heldur en það verð, sem íslenzkur atvinnurekstur verður almennt að búa við.

Þó að ekki sé nánar út í þetta farið, vil ég þó segja, að það liggi strax fyrir sem bein afleiðing af þessu, að Íslendingar, sem atvinnurekstur stunda, verða að þessum samningum gerðum orðnir annars flokks aðilar í sínu eigin landi. Þannig er nú komið fyrir arftökum þeirra, sem eitt sinn bjuggu til kjörorðið „Ísland fyrir Íslendinga". Þetta er fyrirmyndin, sem á að skapa fyrir hið erlenda fjármagn, sem kynni að leita hingað í framtíðinni og hæstv. ríkisstj. og formælendur þessa máls hafa svo mjög gyllt fyrir mönnum, hversu mikla blessun mundi leiða af því.

Ég held, að þessi forréttindaaðstaða hins erlenda hrings sé bæði óþolandi fyrir okkur og vansæmandi fyrir okkur, jafnvel þótt færðar væru fram einhverjar verulegar líkur fyrir því, að um einhvern stundarhagnað eða frambúðarhagnað væri að ræða, jafnvel þótt um það væri að ræða, að einhverjir verulegir molar hrytu af borðum þessa útlenda hrings til Íslendinga. En til þess sýnast mér engar líkur benda. Áætlanir þær, sem eiga að sanna þetta og að nokkru verulegu leyti eru birtar í grg. með þessu frv., um þær er það í heild að segja, að þær eru síður en svo trúverðuglegar og yfirleitt ákaflega áróðurskenndar. Þar er um að ræða ýmist beint villandi forsendur, sem þeir gefa sér, sem þar standa að útreikningum, en í öðrum tilfellum vantar stórlega á, að tillit sé tekið til fjölda þátta, sem máli skipta.

Aðalhagnaður okkar af þessum samningi er talinn standa í sambandi við raforkusöluna til hins svissneska hrings. Þó er það nú viðurkennt, sem reyndar er nýtt, nokkurn veginn nýtt í málinu, að kostnaðarverð raforkunnar frá þeirri virkjun, sem fyrirhuguð er, miðað við áætlanir eins og þær eru nú, sé 10.4 aurar rúmir á móti söluverðinu til hringsins 10.7 aurar. Á þessu hefur orðið athyglisverð breyting frá því í fyrra, þegar hæstv. ríkisstj. eða hæstv. iðnmrh. gaf hér skýrslu um þetta mál, því að þá höfðu sérfræðingar hans reiknað út, að kostnaðarverð raforkunnar frá Búrfelli væri 8.6 aurar kwst., en á þessu eina ári, sem síðan er liðið, hefur þetta færzt upp um 2 aura kwst., — og skyldi það nú ekki geta farið svo, þó að ekki sé nánar út í þetta farið, þegar til lengdarinnar kæmi og reynslan af hinum raunverulega byggingarkostnaði kemur í ljós, að þetta hefði enn hækkað eitthvað ofurlítið?

En sem sagt, miðað við áætlanirnar eins og þær eru nú og sem eru algerar áætlanir að mjög verulegu leyti, eins og hæstv. ráðh. tók hér fram, þá er munurinn ekki meiri en þarna greinir. En ef þetta er reiknað út í stofnkostnaði, þá mundi þetta muna, að mér telst til, 64 millj. kr., sem stofnkostnaður Búrfellsvirkjunar mætti fara fram úr áætlun til þess að söluverð til hringsins og kostnaðarverð stæði algerlega í járnum, og það kemur reyndar líka heima við það, að áætlaður kostnaður Búrfellsvirkjunar er nú talinn skv. allra nýjustu upplýsingum frá sérfræðingum ríkisstj. 1913 millj. og hefur nú hækkað milli 200 og 300 millj. frá áætluninni, sem sérfræðingarnir gerðu í fyrra, sem leiddi af sér útkomuna um 8.6 aura kostnaðarverð á kwst.

Þessar áætlanir um kostnaðarverðið 10.4 aura eru miðaðar við 25 ára afskriftartíma, 6% vexti á byggingartímanum, tvær varaaflstöðvar 40 mw., sem væru reknar í 6—8 daga á ári með 50 aura olíukostnaði. Þá er einnig gert ráð fyrir í þessum áætlunum 24 millj. til ráðstafana ofan Búrfells og seinni miðlunar í Þórisvatni upp í 86 millj. Með þessum hætti verður kostnaðurinn sem sagt 1913 millj., og mætti fara eftir sömu reglum og hæstv. iðnmrh. gefur sér, að virkjunin fari 3.5%, eða um 64 millj. fram úr áætlun, þá mundi kostnaðarverð og söluverð hreinlega standa í járnum. En samkv. þeim venjulegu útreikningsreglum, sem hefur verið beitt til þess að athuga um rekstrarkostnað íslenzkra orkustöðva, munar ekki þessum 65 millj., heldur stendur það þá algerlega í járnum. Það hefur venjulega verið reiknað með 10% á ári í vexti og afborganir, og aflögukostnaður yrði þá samkvæmt þessu rúmlega 191 millj., og af því greiðir hringurinn, þegar verksmiðjan er komin í fullan gang, 110 millj. í arð í hæsta lagi. Við þá tölu er hægt að gera mjög miklar aths., sem lækka greiðsluna verulega, en sem sagt samkv. þessari almennu reikningsaðferð, sem hefur verið notuð, stendur söluverð og kostnaðarverð algerlega í járnum, en mætti muna 64 millj., ef gengið er út frá þeim reikningsaðferðum, sem hér er beitt og ég skal út af fyrir sig ekki neitt fullyrða um, hvort geti staðizt.

Það má sjálfsagt deila um það, hvað miklar líkur séu á því, að eitthvað sé við þessa kostnaðarreikninga að athuga. En ég held, að það sé svo margt, sem bendi til þess, að hér sé ekki allt talið í þessum samanburðaráætlunum, að það sé næstum því útilokað, ef ekki algerlega útilokað, að þessar áætlanir standist.

Það er þá í fyrsta lagi við þetta að athuga, að mjög verulegur hluti, um eða nálægt helmingur af kostnaðarverði Búrfellsvirkjunar er byggður á áætlunum, en aðeins nokkur hluti byggður á ákveðnum tilboðum, og þar gæti samkvæmt okkar reynslu varla verið um að ræða breytingar nema til aukins kostnaðar.

Í öðru lagi gæti verið um að ræða meiri hreyfingar á breytilegum kostnaði á byggingartímanum en áætlað er.

Í þriðja lagi gæti verið um það að ræða, að vextir yrðu hærri en ráð var fyrir gert, en þetta byggir allt á því, að öll lán eða lánin að meðaltali fáist með 6% vöxtum. En um þetta liggja ekki fyrir neinar fullnægjandi upplýsingar. Samkv. upplýsingum forstjóra Landsvirkjunar er ráðgert að afla þess fjár, sem þarf til fyrsta hluta Búrfellsvirkjunar, þ.e.a.s. 1538 millj., með þeim hætti að fá lánaðar hjá Alþjóðabankanum 774 millj. kr. með 6% vöxtum og hjá öðrum erlendum aðilum, sem ekki virðist enn vera fullkomlega frá gengið hverjir verði. En reiknað er þó með, að sá hluti hins erlenda fjár, sem ekki kemur frá Alþjóðabankanum, verði með 6½% vöxtum. En þá er eftir innlenda fjármagnið, sem nemur um 350 millj. rúmum og ekki er vitað neitt um vexti á. En það verður að telja ákaflega ólíklegt, miðað við þau

vaxtakjör, sem hér eru í gildi í landinu, að þar geti verið um 6% vexti að ræða. A.m.k. er mér ekki kunnugt um neinar þær fjárfestingarlánastofnanir eða lánastofnanir almennt, sem láni með þvílíkum kjörum. Og auk þess kemur svo sá hlutinn, sem tilheyrði síðari virkjunaráfanganum, sem ekkert er vitað um, hvernig fjár verður aflað til, og því ekki vitað um vaxtabyrðina, en hún skiptir ákaflega miklu máli í þessu sambandi, ákaflega miklu máli. Mér sýnast því allar líkur benda til þess, að vaxtakjör hvað lánsfé snertir verði meiri en hér er gert ráð fyrir.

Í fjórða lagi er í öllum þessum samanburðaráætlunum, sem gerðar eru, reiknað með tekjum frá Íslenzka alúmínfélaginu eða bræðslunni í Straumsvík fyrir 1040 gwst. á ári. En í raforkusamningnum sjálfum er ekki tryggð sala nema á 900 gwst., en þó eru frá því veruleg frávik, því að í truflanatilfellum og öðru slíku fellur greiðsla fyrir raforkuna niður, og gæti þess vegna verið um það jafnvel að ræða, að sala, a.m.k. sum árin, næði alls ekki 900 gwst., hvað þá 1040. Það fer mikið eftir því, hvað truflanirnar eru miklar. En þó að verksmiðjan við Straum væri keyrð á fullu, aldrei yrðu neinar truflanir af nokkru tagi, þá gæti orkunotkun þessarar verksmiðju samt ekki orðið meiri en 1060 gwst., en þarna er aðeins reiknað með í þessum áætlunum öllum, að þetta geti minnkað niður í 1040.

Ég hygg, að gætnir menn í fjármálum hefðu ekki reiknað í sínum áætlunum með miklu hærri tekjum af orkusölunni til álbræðslunnar við Straumsvík en nokkurn veginn er tryggt með samningunum. Og það er a.m.k. vitað, að í stjórn Landsvirkjunar hefur orðið ágreiningur um þetta atriði, og a.m.k. einn stjórnarmaður hefur talið ógætilegt að reikna með tekjum af meiru en 900 gwst., þ.e.a.s. að gera ráð fyrir því, að það geti orðið meira langtímum saman, en hins vegar truflanirnar kæmu þar á móti.

Það hefur komið fram, m.a. í viðræðum þmn. við sérfræðinga, að truflanir af völdum ísa sérstaklega eru óþekkt stærð, og ég minnist þess frá síðasta fundinum, sem ég mætti á í þmn., að þá nefndi raforkumálastjóri, Jakob Gíslason, að hann teldi að vísu hægt að leggja í Búrfellsvirkjun, en hins vegar væri ísvandamálið algerlega óþekkt stærð. Hins vegar teldi hann það fært vegna þess, að jafnvel þótt raforkuverð færi upp í 13 aura kwst., væri samt um hagstæða virkjun að ræða, og vissulega er það rétt. En ef það færi nú svo, að hann reyndist sannspár um það, að truflanirnar gætu orðið meiri en reiknað er með og orkuverðið færi t.d. bara strax af þeirri ástæðu upp í 13 aura kwst., sjá náttúrlega allir, hversu hagkvæmt það er að selja orkuna á 10.7 aura kwst.

Á sameiginlegum fundi álbræðslunefnda beggja d., þegar málið var í athugun hjá hv. Nd., sagði forstjóri Landsvirkjunar, Eiríkur Briem, og það er orðrétt eftir honum haft: „Reynslan getur sannað, að þörf sé á einni varastöð til viðbótar.“ En ein slík varastöð, sem þarna er átt við, er 20 mw. stöð, sem kostar um 60 millj. kr. Það er líka auðsætt af þeim áætlunum, sem eru um varaþörfina, og þeim skuldbindingum, sem gefnar eru í raforkusamningnum um a.m.k. 56 mw. varaafl til handa álbræðslunni, að til þess að fullnægja því duga ekki tvær 20 mw. varastöðvar, og þyrfti þess vegna, þegar álbræðslan er komin í fullan gang, að ganga á það varaafl, sem Íslendingar hafa fyrir sjálfa sig, ef hægt á að vera að fullnægja samningsákvæðunum um 56 mw. til álbræðslunnar án þess að byggja nýja varastöð. Enda segir sem sagt forstjóri Landsvirkjunar þetta: Reynslan getur sannað, að það sé nauðsynlegt að byggja eina varastöð til viðbótar. — Og þó að ekkert annað komi til, eru foknar því sem næst þessar 64 millj., sem ég gat um, að munaði til þess að kostnaðarverð og söluverð stæði í járnum.

Það bætist svo enn við þau 6 atriði, sem ég hef hér nefnt og gætu breytt verulega þeim dæmum, sem sett eru upp í samanburðardálkinum um hagkvæmni orkusölunnar. Olíukostnaðurinn er t.d. áreiðanlega of lágur í áætlununum. Það er reiknað með 50 aurum, enda þótt vitað sé, að olían kosti núna 55 aura, og það er reiknað með óbreyttu olíuverði um allt viðmiðunartímabilið, en hins vegar vitað, að olíuverð fer stöðugt hækkandi á heimsmarkaði, a.m.k. þegar litið er yfir lengra tímabil, og þess vegna er algerlega óraunhæft að reikna með föstu verði á olíunni.

Þá er reiknað með því, að þessar olíustöðvar, sem eru ákaflega dýrar í rekstri, þurfi aðeins að reka 6—8 daga á ári, og verður það að teljast með ólíkindum miðað við það, að hér er um rennslisvirkjun að ræða og alveg sérstaka og mikla örðugleika í sambandi við ísvandamálið. Þeir sérfræðingar, sem hér dvöldu svo á vegum Sameinuðu þjóðanna við rannsóknir á ísvandamáli í Þjórsá, hafa bent á þörf á miklu meiri aðgerðum ofan Búrfells en gert er ráð fyrir í áætlununum og jafnvel svo að skipti mjög miklum upphæðum.

Þá er loks þess að geta í sambandi við þessar samanburðartölur allar, sem um þetta eru gerðar, að ég fæ a.m.k. ekki betur séð, — ég er að vísu ekki verkfræðingur og alger leikmaður í þeim efnum, — en það sé bundið með samningnum meira af hinu uppsetta afli heldur en verð fæst fyrir gegnum selda orku, því að þar eru skuldbindingar um það að hafa tiltækt ekki aðeins 120 mw. uppsett afl handa álbræðslunni, heldur afl, sem svari til augnabliksgildis 130 megawatta, og utan við orkunotkunartappa á vetrarmánuðunum og lágrennslistímabil, þá er einnig skuldbinding um það, að ofan á þetta skuli koma tiltækt afl, 16% viðbót, 16% ofan á bæði 120 sem það almenna afl, og 16% ofan á 130 sem augnabliksgildi.

Þetta atriði var að mínu viti ekki nægilega skýrt í þmn., og ég vildi vekja athygli á því enn, að þetta yrði athugað betur. Ég hef spurt aðra sérfræðinga en þar voru mættir um þetta, og þeir telja, að það geti vel farið svo, að þetta ákvæði mundi geta þýtt síðar, að við værum raunverulega að ráðstafa afli, ráðstafa orku og afli, sem við annars gætum haft til annarra nota.

Ég hef þá nefnt hér tíu atriði a.m.k., sem gætu gerbreytt flestum eða öllum þeim dæmum, sem hafa verið sett upp um það, að hér standist á söluverð og kostnaðarverð. En þegar talsmenn þessa máls kannske fást að meira eða minna leyti til að viðurkenna það, að hér sé teflt á tæpasta vað, þá er sagt, að þetta sé samt hagkvæmt fyrir okkur, vegna þess að ef

við byggjum ekki álbræðslu, þá sé virkjunarfyrirtækið óhagstæðara fyrir okkur heldur en það er með álbræðslu, jafnvel þótt við seljum orkuna undir kostnaðarverði, og það hafa jafnvel verið búnar til nokkuð háar tölur um þetta, 700 millj. nefndi hæstv. iðnmrh. hér áður. En það er alveg með þessar röksemdir eins og hinar fyrri, að hér er margt, sem ekki er tekið með í reikninginn. Það er í fyrsta lagi, að það skiptir auðvitað langmestu í sambandi við þann samanburð, að hér er gengið út frá hinum fyrri hæpnu forsendum, sem ég minntist á og auðvitað hafa algerlega eins áhrif á þetta samanburðardæmi og hin, og það kannske skiptir höfuðmáli, að allt dæmið er skekkt með því, að það er ekki reiknað með neinum möguleikum fyrir okkur að skapa okkur með neinum öðrum hætti orkumarkað heldur en þeim að selja orkuna til álbræðslunnar. En það er vitanlega mál, sem er að miklu leyti óathugað, hvort ekki gæti verið annar orkumarkaður fyrir hendi í landinu, jafnvel þótt hér kæmi ekki til erlendur auðhringur með sinn stórrekstur.

Ég nefni sem dæmi, og það er kannske okkur nærtækast í þeim efnum, að það hefur verið sýnt fram á það með miklum líkum, ef ekki fullkomnum og fullgildum sönnunum, m.a. af einum færasta verkfræðingi okkar, Gunnari Böðvarssyni, að það væri mjög hagkvæmt fyrir okkur að leysa það orkumál okkar, sem lýtur að upphitun híbýla, með því að taka rafmagnið frá okkar eigin raforku í staðinn fyrir það að flytja inn olíu, og ég hygg, að það sé ekkert ofmælt, að ef að slíkri ráðagerð yrði horfið, þá mundi skapast alveg gerbreytt viðhorf í okkar stórvirkjunarframkvæmdum, bæði markaður, sem þyldi miklu hærra verð en hér er gert ráð fyrir til erlenda hringsins, en væri þó lægri en sá kostnaður, sem við höfum af þessu. Við vitum, að olíuinnflutningur okkar er með stærstu liðum í okkar gjaldeyriseyðslu, og það mætti lækka þennan kostnað um mörg hundruð millj. á ári, ef horfið væri að því ráði að hita þau híbýli í landinu upp með rafmagni, þar sem ekki er aðstaða til þess að koma á hitaveitu, og reyndar sýna útreikningar dr. Gunnars Böðvarssonar, að það eru miklar líkur á því, að raforkan sé hagkvæmari heldur en hitaveita í Reykjavík, þar sem ekki þarf þó annað en bora beint niður í jörðina til þess að fá heitt vatn. En það er auðvitað hægt að búa til ýmsar tölur, ef algerlega ósambærilegir hlutir eru vegnir saman eins og hér er gert, annars vegar reiknað með ákveðnum orkumarkaði sem að vísu er ekki hagstæður, en hins vegar ekki reiknað með neinum orkumarkaði, sem fullir möguleikar eru til að skapa.

Þá eru ýmis smærri atriði, sem ég hef ekki minnzt á, sem varða einnig þetta dæmi. Það er t.d. ekki reiknað með því, sem augljóst er og viðurkennt er af öllum sérfræðingum, að truflanahættan er a.m.k. á fyrri stigum Búrfellsvirkjunar miklu minni, ef við virkjum aðeins fyrir okkur sjálfa, þ.e.a.s., ef aðeins væri farið í 70 mw. virkjun, m.a. vegna þess, að þá væri alltaf fyrir hendi meira vatn til þess að skola út ísinn. Þetta vita auðvitað þessir menn, sem búið hafa til þessar samanburðartöflur, en gera það áreiðanlega vitandi vits að leyna réttum staðreyndum um fjöldamarga þætti í málinu, sem miklu geta skipt. Og loks er svo þess að geta í sambandi við þetta allt, að áætlanirnar, samanburðaráætlanirnar, þær eru allar miðaðar við árið 1985, en upp úr því, vegna þess að við erum búnir að ráðstafa þeirri orku, sem þessi tiltölulega ódýra og hagkvæma virkjun skapar okkur, verðum við að ráðast í dýrari virkjanir, og þegar þess er nú gætt, að það er ekki til nú í landinu virkjanlegt vatnsafl upp á meira en 8000—9000 gwst. á ári, sem hægt er að virkja fyrir verð, sem er undir 15 aurum kwst., þá er það auðsætt, að a.m.k. á næstu áratugum þá hljótum við að þurfa, ef við eigum að geta leyst okkar orkumál, að ráðast í miklu dýrari virkjanir heldur en hér er um að ræða, og þá munu allir geta séð það, hversu hagstæður sá samningur er, sem hér er verið að gera, þegar við þurfum að fara að virkja vatnsafl, sem miðað við nútímaverð kostar kannske jafnvel helmingi eða þrisvar sinnum meira en nú er verið að selja orkuna á til langs tíma.

Það eru ýmis önnur ákvæði raforkusamningsins, sem miklu máli skipta. Eins og ég gat um áðan, þá er verðið svo að segja óbreytanlegt í 25 ár. Eftir 15 ár getur það að vísu breytzt í samræmi við breyttan kostnað Búrfellsvirkjunar frá því sem hann reyndist vera þrjú fyrstu árin, en það er augljóst, að rekstrarkostnaður Búrfellsvirkjunar verður einmitt langsamlega mestur á fyrstu árunum, meðan verið er að komast yfir vandamál af völdum ísalaga og kraps, og það er þess vegna afskaplega ólíklegt, að á fyrstu 15 árunum vaxi út af fyrir sig rekstrarkostnaður Búrfellsvirkjunar og þannig fáist ástæða til þess að hækka raforkuverðið.

En sannast að segja minnist ég þess vel, þegar ég sá skýrsluna í fyrra um stóriðjumálið, að maður rak þá fljótt augun í það, að raforkuverðið ætti að miðast við kostnaðarverð Búrfellsvirkjunar, og ég benti sessunaut mínum á þetta, og hann sagði: Þetta hlýtur að vera prentvilla. Það hlýtur að vera átt við kostnaðarverð Landsvirkjunar. Og auðvitað hefði það verið algert lágmark í sambandi við raforkusöluna, að vatnasvæði Þjórsár, a.m.k. vatnasvæði Þjórsár og helzt allar virkjanir, sem Landsvirkjun virkjar á samningstímabilinu, að meðalkostnaðarverðið frá því væri lagt til grundvallar, þegar sölusamningur var gerður til hringsins.

Hæstv. iðnmrh. var hér áðan að bera saman hvernig Norðmenn gætu breytt raforkuverðinu og vildi gera lítið úr því, sagði m.a., að heildsöluvísitala, sem miðað væri við, hefði sama og ekkert hækkað í 15 eða 16 ár eða var það 10 eða 15 ár? Ég skal nú ekki alveg segja, hvort heldur var. En sannleikurinn er sá, að þessi vísitala hefur hækkað mjög mikið og hækkaði t.d. á s.l. ári skv. frásögn Steingríms Hermannssonar, sem hæstv. ráðh. var með í höndunum, þegar hann sagði þetta, um 6 stig á einu ári, úr 103 stigum í 109 eða um rúmlega 5%, milli 5 og 6%. Ef fleira af því, sem hæstv. ráðh. hefur sett í grg. með frv. og byggir sínar ályktanir á, er á álíka traustum grunni byggt eins og þessar upplýsingar, sem hann hér gaf hv. d., þá gef ég ekki fyrir þær, þá býð ég ekki fé fyrir þær.

Nei, sannleikurinn er sá, að þessar áætlanir allar, sem settar eru upp, og þessar háu tölur, sem búnar eru

til og reynt er að gylla fyrir mönnum með því að áætla tekjurnar fyrir nógu langt árabil o.s.frv., þær hafa ekki, þegar þær eru athugaðar ofan í kjölinn, neitt gildi, ekki einu sinni sem líkindasönnun fyrir því, að hér sé verið að ráðast í hluti, sem séu Íslendingum hagkvæmir. Og allra sízt, þegar þess er gætt, að hér erum við að gera samning um vöru eða vörujafngildi, sem nú er ekki fáanlegt yfirleitt í Vestur-Evrópu, kannske að Noregi einum undanskildum, á minna en milli 20 og 30 aura kwst. á móti rúmlega 10 aurum, sem á að selja hana á hér. En mér er sagt, að meira að segja sá hringur, sem að þessum samningi stendur, hann sé nú þegar með í athugun að byggja verksmiðjur í Vestur-Þýzkalandi, sem fái raforku frá kjarnorkuofnum, en verðið á þeim er eins og ég sagði varla undir 20—25 aurum kwst.

Þá er sagt, þegar þangað er komið flóttanum í sambandi við röksemdafærslurnar, að þetta sé nú kannske ekki út af fyrir sig mjög hagkvæmt, en við séum þó allar götur að nota auðlindir, sem annars færu forgörðum og séu okkur í raun og veru algerlega ónýtar, því að innan fárra ára þá komi kjarnorkan til skjalanna og þá sé fossaflið og vatnsaflið á Íslandi einskis virði.

Ég held, að það sanna í þessu máli sé það, að ekkert liggi fyrir um þetta í dag og meira að segja engin líkindi til þess, að raforka frá kjarnorkuofnum geti orðið samkeppnisfær við a.m.k. betri hlutann af okkar vatnsföllum á næstu áratugum eða jafnvel árhundruðum. Og jafnvel þótt svo kynni að fara, að kjarnorkan yrði meðal stórra þjóða notuð almennt sem orkugjafi, þá eru engar líkur til þess, að það mundi vera hagkvæmt fyrir litla þjóð eins og Íslendinga að reisa svo stórt orkuver, sem þar er um að ræða, því að nú í dag er það ekki til í málinu að reisa kjarnorkuofna nema af slíkri stærð, og það væri algerlega útilokað fyrir okkur a.m.k. næstu hundrað árin að ráðast í slík fyrirtæki fyrir okkur. Þegar þess er gætt, að vatnsafl okkar er engan veginn óþrjótandi, heldur mundi að mestu leyti verða notað á næstu 50—60 árum, það sem vel er virkjanlegt, þá er greinilegt, að við erum að ráðstafa hér náttúruauðæfum, sem við höfum fulla þörf fyrir og munum þurfa að nota undir öllum kringumstæðum á litlu lengri tíma heldur en þessi samningur á að standa eða jafnvel á samningstímabilinu. **(Gripið fram í:** Við fáum það aftur.) Já, já, þá eftir 45 ár kannske, en ekki fyrr. En það er svo aftur eins og ég sagði áðan, að allur samningurinn er af því tagi, að hann verður því óhagstæðari sem lengra líður, og það er einmitt af þeirri ástæðu, sem allt talið er, að það er eins og allt stoppi 1985, það er eins og allt stöðvist þá, töflurnar má ekki gera lengur, vegna þess að þá fara þær að sýna verri útkomu fyrir okkur.

En svo er þetta mál nú botnað þannig í grg. frv., að ef einhver hagnaður yrði, sem menn gera sér nú áreiðanlega ljóst, hversu líklegt er eða hitt þó heldur, þá á hann ekki að koma fram í raforkuverðinu til neytenda, það er alls ekki meiningin, og þannig er fokið um algerlega það, sem hæstv. ráðh. var að segja um 28% lægra verð, ef við réðumst í þennan samning og seldum til álbræðslunnar. Í grg. er þvert á móti skýrt tekið fram, að það komi a.m.k. fullkomlega eins mikið til greina að yfirfæra þennan hagnað á síðari virkjanir, en hann eigi ekki að koma fram í raforkuverðinu skv. þeim till., sem hafa verið uppi fram að þessu í stjórn Landsvirkjunar um raforkuverð til Íslendinga, þá bendir ekkert til þess, að þessi hagnaður, þó að hann yrði einhver, sem ég að vísu álít, að ekki muni verða, hans sjáist stað í raforkuverðinu næstu ár.

Fjárhagslegur ávinningur eða tap af þessum samningi, hann er, eins og menn gera sér ljóst, aðallega bundinn við raforkusöluna og söluna á íslenzku vinnuafli. Ég hef nokkuð gert að umtalsefni og gert grein fyrir mínum skoðunum, hversu hagkvæmur muni reynast okkur samningurinn um raforkusöluna, en vil þá aðeins örlítið víkja að sölunni á vinnuaflinu.

Það er í fyrsta lagi þá þess að geta í sambandi við það, að það virðist vera nokkuð mikið á reiki áætlanir og ágizkanir um það, um hve stórfellda ráðstöfun á vinnuafli er hér að ræða, og það er kannske ekki að undra, þó að þetta sé svolítið á reiki, því að það er samtímis reynt að gera sem allra minnst úr því, að við séum að selja íslenzkt vinnuafl, og reynt er að láta líta svo út sem það séu sem allra fæstir, sem við glötum frá íslenzkum atvinnurekstri, en hins vegar sem mest úr tekjuhorfunum. En í áætlunum, sem um þetta eru, þá er gert ráð fyrir því, að til rekstrar bræðslunnar þurfi 450 manns. Steingrímur Hermannsson segir hins vegar í sinni skýrslu eftir athuganir sínar í Noregi, að þar hafi verið álit manna, að það væri ekki undir 550—600 manns, sem þyrfti í slíka verksmiðju.

Hins vegar benda tölurnar um gjaldeyristekjurnar af sölu vinnuafls og þjónustu til þess, að hér sé um að ræða allt að því helmingi hærri mannatölu heldur en 450 manns. Ég skal ekkert fara út í það að fullyrða, hvort réttara er, en mér sýnist auðséð, að ef tölurnar um gjaldeyristekjurnar af sölu vinnuaflsins eru réttar, þá hljóti hér að vera um að ræða miklu meira vinnuafl en 450 manns, og ég held raunar, að það sé það sanna í málinu, að það kunni að vera út af fyrir sig rétt, að hér sé um upp undir það eins miklar gjaldeyristekjur að ræða eins og gert er ráð fyrir. Ég skal a.m.k. ekkert vefengja það, því að mér þykir sannast að segja miklu líklegra, að þegar allt kemur til alls og athugað er allt það, sem er í kringum svona verksmiðju, allt það vinnuafl, sem þarf til ýmissa óbeinnar þjónustu við þetta fyrirtæki, þá sé hér um stórfellt hærri tölu að ræða eða allt að helmingi hærri en hér er gert ráð fyrir.

Það er auðvitað atriði út af fyrir sig, sem þarfnast rækilegrar athugunar, hvort það geti verið hagkvæmt fyrir okkur að selja útlendingum vinnuafl fyrir það kaup sem gengur og gerist í landinu, við skulum segja vinnuafl, sem lægi einhvers staðar á milli 600 og 1000 manns, og binda það fólk í slíkum störfum. Hagkvæmni þessa í framtíðinni hlýtur nokkuð að byggjast á því, hvaða skoðun við höfum á getu íslenzkra atvinnuvega til þess að skaffa okkur lífvænleg kjör, en reynsla okkar hefur nú verið af því síðustu árin, að við erum nú meðal tekjuhæstu þjóða í heiminum með okkar íslenzku atvinnuvegum, og þetta hefur verið mjög dregið fram m.a. af hæstv. ráðh. Það er ekki

lengra síðan en í síðustu útvarpsumr. frá Alþingi, að hæstv. forsrh. gat um það, að þjóðarauður okkar hefði vaxið frá árinu 1958, minnir mig, um 50%. Hvernig skyldi þessi þjóðarauður hafa skapazt öðruvísi heldur en sem hagnaður af okkar atvinnurekstri? Hann hefur skapazt vegna þess að gróðinn af atvinnurekstrinum, bæði sá beini og óbeini, hefur orðið eftir í landinu, en hefur ekki verið fluttur burt til Sviss eða til annarra landa. Það er auðvitað svo, að við íslenzka atvinnuvegi þá er það ekki aðeins kaupið klippt og skorið, sem kemur til Íslendinga, heldur er það einnig hagnaðurinn, sem atvinnureksturinn skapar, bæði í gegnum skatta og tolla, sem hann greiðir, og gegnum hreinan hagnað af rekstrinum, og það er þannig sem þjóðarauður okkar hefur farið vaxandi. Ég held, að það væri fróðlegt, að þeir menn, sem mest hafa lagt sig fram um að búa til gylltar samanburðartöflur í þessu máli, þeir settu það dæmi upp, hvað þjóðarauðurinn okkar væri líklegur til þess að vaxa mikið, ef við byndum allt okkar vinnuafl í álika arðbærum atvinnurekstri fyrir okkur eins og alúmíníumverksmiðjuna við Straum, og ég er a.m.k. fyrir mitt leyti ekki í neinum vafa um, hvernig það dæmi mundi líta út. Við höfum í einu tilviki reynsluna af hagkvæmni þess að selja vinnuaflið beint út úr landinu, þ.e.a.s. í sambandi við rekstur Keflavíkurflugvallar og framkvæmdir þar, og við vorum einu sinni með þrjú þúsund Íslendinga þar í vinnu. Ég hef engan heyrt halda því fram, að sú verzlun, sá útflutningur á vinnuafli, sú sala á vinnuafli, hafi raunverulega verið þjóðhagslega hagkvæm, en hins vegar vitað, að hún skapaði margan þjóðhagslegan vanda fyrir okkur og margan efnahagslegan vanda.

Ég vil víkja hér örlítið að kenningu forgöngumanna þessa máls um stóru árgangana í sambandi við vinnuaflsþörfina. Ég held, að það, sem hefur verið sagt um þá og hins vegar um vinnuaflsþörf þeirra framkvæmda, sem hér er verið að ræða um, þá sé mjög málum blandað, að ekki sé meira sagt. Ég vil byrja á því að minnast á það, að í grg. eða í töflunum, sem Efnahagsstofnunin hefur gert um þessa stóru árganga, þá kemur greinilega í ljós, ef það er athugað ofurlítið niður í kjölinn, að árgangarnir, sem eru að koma á vinnumarkaðinn núna á næstu árum, eru sáralítið stærri en þeir árgangar, sem við höfum verið að fá til starfa á undanförnum árum. Árið 1962 var aukning atvinnufólks skv. þessum töflum Efnahagsstofnunarinnar tæplega 900 manns, 900 karlar. Árið 1964 voru þeir 945, árið 1965 voru þeir 1062, árið 1966 945, en á næstu árum til 1970, þá fer þessi tala hæst upp í 1198 menn, og þessar tölur eru fengnar með þeim hætti að gera ráð fyrir því, að sama hlutfallstala skili sér á árgöngunum eins og verið hefur að undanförnu, sem er þó ákaflega hæpið, vegna þess að málum okkar er svo háttað, að stöðugt fleiri af ungu fólki, sem skiptir þarna mestu máli, á aldrinum frá 16 til 20 ára, er í skólum eða að undirbúa sig á margvíslegan hátt undir lífið með öðrum hætti heldur en að taka þátt í atvinnulífinu, og þess vegna er líklegt, að þessir stóru árgangar minnki af þeim sökum, en jafnvel þótt við gerðum ráð fyrir alveg sams konar hlutfallstölu eins og þarna er lagt til grundvallar, þá er ekki um neina teljandi stóra árganga að ræða á því tímabili, þegar vinnuaflsþörfin verður mest í sambandi við þessar framkvæmdir, sem hér er fyrirhugað að gera.

Í áætlunum um mannaflaþörfina komast sérfræðingarnir að þeirri furðulegu niðurstöðu, að það jafnvel geti farið svo, að til allra þessara framkvæmda samanlagðra þurfi ekki meira en 670 menn á árinu 1967 og 835 menn á árinu 1968. Hins vegar liggja núna fyrir, voru núna lagðar fyrir álbræðslunefndina, nýjar áætlanir um þetta, sem sýna, að á árinu 1967 er gert ráð fyrir 520 mönnum við Búrfellsvirkjun eina og á árinu 1968 sömu tölu, að vísu ekki alveg allt árið, en meginhlutann af árinu, og væru þá ekki eftir nema eitt eða tvö hundruð menn, sem ættu að vinna við framkvæmdirnar við Straum.

Ég held, að þessar áætlanir séu alrangar. Ég minnist þess í því sambandi, að þegar við í þmn. komum til Husnes í Noregi á s.l. sumri, þá voru þar í vinnu 1250 menn, og vafalaust hafa hundruð manna verið þá einnig í vinnu annars staðar á vegum verktaka við þessar stórframkvæmdir. Að vísu var þarna líka um höfnina að ræða, og það er auðvitað sjálfsagt að geta þess, að þarna í Husnesi var um það að ræða að byggja verksmiðjuna í einum áfanga, og það skiptir auðvitað verulegu máli, ef hins vegar kæmi samanburður um að vinna þetta í fleiri áföngum hér, en ég verð nú að segja það sem mína skoðun, að ég tel ákaflega líklegt, að alúmínhringurinn leitist við að hraða þessum framkvæmdum meira, og það eru í raun og veru opnaðar leiðir til þess í samningnum, það er ekkert, sem bendir til annars heldur en að hann muni hafa beina hagsmuni af því að koma verksmiðjunni í fullan gang fyrr en gert er ráð fyrir, og þess vegna er næsta sennilegt, að framkvæmdir verði hraðari og krefjist miklu meiri mannafla en gert er ráð fyrir.

En reynsla okkar um þessa stóru árganga, sem hafa verið að koma inn á vinnumarkaðinn á undanförnum árum, hefur verið sú, að við höfum þurft á þeim að halda í okkar eiginn atvinnurekstur, og þeir hafa ekki einu sinni dugað okkur. Eins og hæstv. ráðh. viðurkenndi búum við nú þegar við stórfelldan vinnuaflsskort í landinu, og við gerum það þrátt fyrir þessa stóru árganga, sem hafa verið að koma inn á vinnumarkaðinn á þessum síðustu árum. Og ég verð að segja það, að ef maður lítur til þeirra verkefna, sem blasa við í landinu, bæði almennra framkvæmda, sem nú verður að telja, að séu í lágmarki, og til þeirra miklu verkefna, sem við getum haft við okkar hefðbundnu atvinnuvegi, þá eru engar líkur á því, að á næstu árum komum við til með að hafa afgang af vinnuafli til þess að selja útlendingum. Við höfum þurft á þessum stóru árgöngum að halda, og við þurfum þá framvegis, þó að engin stóriðja komi til. Og ég er a.m.k. viss um það, að þessir árgangar skila okkur varanlegri arði í þjóðarbúið, ef við nýtum þá við okkar eigin atvinnurekstur, t.d. að reyna að nálgast það mark, sem fiskimálastjórinn okkar, Davíð Ólafsson, var að tala um núna ekki alls fyrir löngu, að það lægi fyrir okkur að tvöfalda útflutningsverðmæti þjóðarinnar með því að nýta aflann með svipuðum

hætti og almennt gerist meðal fiskveiðiþjóða í Vestur-Evrópu.

Þar fyrir vil ég alls ekki segja það, að stóriðja geti ekki komið til greina undir neinum kringumstæðum fyrir okkur. Ég álít, að þó að okkar heföbundnu atvinnuvegir hafi reynzt okkur vel og betur en stóriðjuþjóðunum hefur reynzt sinn rekstur almennt á undanförnum árum, þá geti það vel komið samt sem áður til greina, að við hverfum að því fyrr eða síðar að taka upp einhverjar tegundir stóriðju, en að mínu viti kemur hún vegna smæðar okkar þjóðar aðeins til greina á íslenzkum eignarréttargrundvelli og ekki í stærra mæli en vinnuafl okkar og fjármagn og fjármagnsmöguleikar standa til á hverjum tíma.

Ég mun nú fara að leitast við að stytta mál mitt, en það er auðvitað margt annað í sambandi við þessa samninga en hin beinu hagsmunaatriði, sem ástæða væri til að ræða um og athuga niður í kjölinn. Ég gat hér áðan um það furðulega fyrirbrigði, að þetta yrði eina verksmiðjan í eigu Swiss Aluminium-hringsins, sem ekki væri skylduð til að setja upp hreinsitæki og látið við það sitja skv. samningnum að kveða svo á, að Íslenzka alúmíníumfélagið skuli vera ábyrgt fyrir tjóni, sem kann að leiða af mengun lofts, skemmdum á eignum og öðru slíku, en um þetta segir á bls. 12:

„ISAL skal bera fulla ábyrgð á hverju því tjóni, sem hlýzt af gastegundum og reyk frá bræðslunni utan við svæðið með ummáli reiknuðu frá miðju bræðslukerasalarins í fyrsta áfanga bræðslunnar, sem sýnt er á uppdrætti 2."

Og síðan er sagt:

„ISAL mun gera allar eðlilegar ráðstafanir til að hafa hemil á og draga úr skaðlegum áhrifum af rekstri bræðslunnar í samræmi við góðar venjur í iðnaði í öðrum löndum við svipuð skilyrði."

Og loks er sagt, að ISAL skuli sjálft framkvæma reglulegar athuganir með vissu millibili á gróðri, efnum og eignum í fyrir fram ákveðnum athugunarstöðvum. Það er hvergi sagt í þessari grein það, sem hæstv. ráðh. var að halda hér fram áðan, að hringurinn sé skyldugur að byggja hreinsitæki við verksmiðjuna, ef tjón verður. Það er aðeins sagt, að hann skuli vera ábyrgur fyrir því, og eftir venjulegum skilningi orða mætti skilja það svo, og ég skil það svo, að það þýði það, að í vissum tilfellum gæti verið um það eitt að ræða, að hringurinn væri skyldugur til þess að greiða tjón, greiða tjónið, sem beint yrði af þessu, án þess að það leiddi til þess, að hann yrði skyldaður til þess að setja upp hreinsitæki, því að um það er ekkert. Ef svo hefði verið, að það væri átt við það, að hringurinn væri skyldugur til þess að reisa hreinsitæki, ef einhver skaðleg áhrif frá bræðslunni kæmu í ljós, því má það þá ekki standa í samningnum? Hvaða ástæða er til þess, að það er þá ekki tekið fram? Það hlýtur eitthvað að liggja á bak við það, og það getur ekki verið annað, sem þarna liggur á bak við, heldur en það, að ef það kostar hringinn minna að bæta tjónið með beinum peningum til þeirra, sem verða fyrir skaðanum, þá á ekki að reisa hreinsitækin. Það kæmi ekki til fyrr en tjónið næmi svo miklu, að það yrði dýrara fyrir hringinn að borga það heldur en að reisa hreinsitæki sem kosta 100 millj. kr., og ég verð að segja það, að það er ekki há upphæð í samanburði við þann rekstur, sem þarna á að fara fram. Þetta er milli 6 og 7% af eins árs útflutningsverðmæti frá álverksmiðjunni við Straum, sem þarna er um að ræða í eitt ár af 45, sem hann á að hafa þarna aðstöðu. Það er ekki heldur sagt, að ISAL „skal" gera allar eðlilegar ráðstafanir til að hafa hemil á og draga úr skaðlegum áhrifum af rekstri bræðslunnar. Það er ekki sagt „skal". Hann „mun gera", það er viljayfirlýsing nánast frá hringnum, að hann muni gera það, en ekki skylda. Og loks er svo ákveðið, að dótturfyrirtæki hringsins sjálft skuli annast rannsóknir með því að taka sýnishorn af gróðri, efnum og eignum, í samvinnu við hlutaðeigandi rannsóknastofnanir. Í Noregi er þetta þannig, að rannsóknirnar eru framkvæmdar af opinberri hálfu, en kostaðar af dótturfyrirtæki Swiss Aluminium, og í því felst auðvitað mikið öryggi, að við framkvæmum rannsóknirnar sjálfir, en treystum ekki viðsemjandanum, sem á fjárhagslega undir því, að rannsóknirnar sýni sem minnstan hugsanlegan skaða. Sú varfærni hefði a.m.k. ekki sakað, að þetta verkefni hefði verið lagt í hendur íslenzkra rannsóknastofnana, en ekki viðsemjandans sjálfs og honum raunverulega þarna selt meira og minna sjálfdæmi um það, hvað út úr þessu kæmi. En það þykja ástæður til þess í Noregi að gera athuganir á þessu í allt að 20 km fjarlægð frá bræðslunum.

Það hlýtur svo líka að vekja athygli, a.m.k. þeirra, sem ekki eru með einhverja glýju fyrir augunum af allri þeirri dýrð, sem af þessum samningi stafar, að þessar rannsóknir á aðeins að binda við gróður, efni og eignir. Það er hvergi minnzt á það, að það eigi að athuga heilsufar fólksins, sem verður að vinna í námunda við þetta fyrirtæki eða í því. Það virðist vera aukaatriði, en hins vegar mundi það þarfnast þarna rannsóknar, ef t.d. Hafnfirðingar hættu að sjá út um gluggana hjá sér vegna þess að glerið yrði matt, en það er kunnugt, að flúorreykurinn hefur þau áhrif á gler, og það er ein af hinum skaðvænlegu áhrifum, sem hann getur haft.

Um það atriði í þessum samningum, sem lýtur að réttarfari og lögsögu, ætla ég ekki að ræða mikið. Við erum svo heppnir að eiga hér í deildinni prófessor í stjórnlagafræðum, og ég a.m.k. tel það ráð fyrir aðra óbreytta dm. að bíða ofurlítið með sína dóma, þangað til þeir hafa leitt saman hesta sína um þau efni hæstv. iðnmrh., sem sjálfur er lögfróður maður, og hv. 3. þm. Norðurl.v. (ÓlJ), en það verð ég þó að segja sem leikmaður í þeim efnum, að undarlega kemur það heim við þær hugmyndir, sem ég hef gert mér um merkingu 2. gr. stjórnarskrárinnar, þar sem segir, að dómendur fari með dómsvaldið, undarlega kemur mér sá samanburður fyrir augu annars vegar og hins vegar sá háttur, sem hér á að hafa, að íslenzkt fyrirtæki, fyrirtæki, sem skráð er íslenzkt skv. íslenzkum lögum, þ.e.a.s. Íslenzka alúmíníumfélagið, að það geti skotið málum sínum til erlends dómstóls. Ég verð að segja, að það er í mínum leikmannsaugum lítið samræmi þarna á milli, og aldrei hafði ég skilið þetta svo, að það gæti verið um útlenda dómendur að ræða, sem ættu að fara með dómsvaldið skv. 2. gr. stjórnarskrárinnar. Um þetta hafa verið höfð sterk orð m.a. af hálfu hv. 3. þm. Norðurl.v., svo sterk orð, að

hann sagði, að undir þetta gæti engin fullvalda þjóð skrifað, en ég mun sem sagt fylgjast af áhuga með þeim umr., sem um þetta fara milli þeirra manna, sem betur hæfir að kljáist um þetta.

En ég vildi leyfa mér í sambandi við þetta sem alger leikmaður að spyrja hæstv. ráðh. um annað atriði, sem ekki hefur borið eins á góma í sambandi við réttarfarið, hvaða þýðingu 35. gr. um meðferð fjárfestinga hafi að því leyti sem þar eru tekin upp efnisákvæði stjórnarskrárinnar um eignarréttarvernd. Hvað á það að þýða að setja inn í 35. gr. samningsins efnislega ákvæði stjórnarskrárinnar um eignarréttarvernd og þjóðnýtingu? Er það kannske gert til þess, að það geti verið úrskurðaratriði fyrir erlendan dómstól hvað sé almenningsheill á Íslandi eða ekki? Er það kannske gert til þess, að ekki verði dæmt eftir þessu ákvæði sem stjórnarskrárákvæði hjá okkur, ef það kynni að fara til erlends dómstóls, heldur sem samningsatriði í þessum samningi, en skv. samningum ber fyrst að líta á samninginn sjálfan. Það gæti þá, sýnist mér, verið hugsanlegt, að þegar stjórnarskrárákvæði eru tekin þannig beint inn í samninginn, þá yrði ekki litið á þau sem slík þar, heldur sem samningsákvæði og gæti þess vegna verið fjallað um þau af erlendum dómstól sem samningsákvæði, en ekki sem stjórnarskrárákvæði í okkar landi. **(Forseti:** Ég vildi nú aðeins spyrja hv. þm., hvort hann hefur nærri lokið ræðu sinni.) Já, ég mun nú reyna að stytta mjög mál mitt. **(Forseti:** Það þyrfti að fara að fresta umr.) Ég hef áhuga fyrir því líka, en ég verð enn að biðja hæstv. forseta að hafa örlitla biðlund með mér. Ég skal reyna að vera eins stuttorður og ég get.

Þessi samningur hlýtur, — svo að ég reyni að fara fljótt yfir það mál, sem ég á eftir, — hann hlýtur að hafa margvísleg áhrif, þjóðfélagsleg, atvinnuleg og efnaleg. Hann þýðir alveg vafalaust, samningurinn og þær framkvæmdir, sem í kjölfar hans mundu koma, stórfelldan straum fólks til þéttbýlissvæðisins hér við Reykjavík, og hann mundi þýða stóraukið kapphlaup um vinnuaflið, sem þegar er ónógt miðað við þau verkefni, sem er að vinna í landinu, og ég vil segja það, að sú friðþægingaraðgerð, sem hæstv. ríkisstj. hyggst gera til þess að jöfnuð séu metin varðandi straum fólksins hingað til þéttbýlissvæðisins um atvinnujöfnunarsjóð, hann nær ekki tilgangi sínum að því leyti og getur aldrei vegið upp á móti því aðdráttarafli, sem slíkar stórframkvæmdir hlytu að leiða af sér. Og slíkar framkvæmdir ásamt stóraukinni samþjöppun fólks hér í þéttbýlinu við Faxaflóa hljóta svo að verða stórkostlegur verðbólguvaldur í efnahagslífinu. En verðbólgan er eins og við vitum eitt mesta vandamálið, sem við eigum við að etja og einn versti þrándur í götu raunhæfra kjarabóta fyrir almenning í þessu landi.

Ég vil svo einnig segja það, að ég tel, að þessi samningur, að tilkoma erlends auðhrings inn í landið muni hafa ýmis önnur áhrif, sem ástæða væri til að ræða hér nákvæmlega um, og ég hef sérstakan áhuga að ræða um, þótt ég hafi ekki tíma til þess nú, og það eru áhrif hans á vinnumarkaðinn að því leyti sem þessi hringur verður áhrifaaðili annaðhvort í samtökum vinnuveitenda í landinu eða við hlið þeirra í kjaradeilum verkafólks. Ég hef áður rætt það atriði þessa máls hér á hv. Alþingi, og tímans vegna þá vísa ég til þess, sem ég hef um það sagt. Ég tel líka nokkurn veginn auðsætt, að þessi hringur eða a.m.k. þeir, sem hann setur fyrir sig til þess að stjórna Íslenzka álfélaginu svonefnda, að þeir mundu fljótlega sem umboðsmenn hringsins fá ýmsar stjórnmálalegar „interessur", sem þeir mundu reyna að rækja til sem mestra hagsbóta fyrir sína yfirmenn. Það má vel vera, að forstjórar Swiss Aluminium standast þá freistingu að skipta sér af íslenzkum stjórnmálum, en reyna að hafa bein eða óbein áhrif á íslenzk stjórnmál í sambandi við rekstur sinn hér og hagsmuni sína hér. En ég treysti ekki leppunum, sem þeir ætla að setja fyrir sig, til þess að reyna ekki það, sem þeir geta til þess að hafa áhrif í þeim efnum. Enda er reynslan sú hvarvetna þar sem hringavald hefur orðið sterkt í atvinnulífinu, erlent hringavald, þá hafa pólitísku áhrifin verið nokkurn veginn í réttu hlutfalli við fjármagnið, sem þeir hafa lagt í atvinnureksturinn, og eru t.d. þjóðir Suður-Ameríku eitt gleggsta dæmið um það.

Eins og ég sagði í upphafi máls míns tel ég þó, að sú stefnubreyting, sem þetta frv. mundi boða, sé algert meginatriði þessa máls, meginatriði, sem hlyti að móta afstöðuna til þess, jafnvel þótt um einhverja stundarhagsmuni væri að ræða, sem ég álít þó ekki vera til að dreifa. Þessa stefnubreytingu í atvinnumálum og viðskiptum við erlent fjármagn, sem það felur í sér að hleypa erlendu fjármagni í stórum stíl inn í landið til beinnar þátttöku í atvinnurekstri í landinu og leyfa því síðan hömlulausan útflutning þess arðs, sem íslenzkt vinnuafl skapar úr íslenzkum auðlindum, þessa stefnu teljum við Alþb.-menn hættulega og höfum varað við og vörum við afleiðingum hennar. Við teljum það vera óhæfu, að erlendum auðhring séu veitt margvísleg forréttindi umfram Íslendinga sjálfa og íslenzkan atvinnurekstur. Við vörum við þeim áhrifum, sem þessi samningur hefur á efnahagskerfið og vinnumarkaðinn í landinu. Við teljum þennan samning á flesta grein óhagstæðan og að því er einstök samningsákvæði snertir vansæmandi fyrir Íslendinga. Við teljum hann engan vanda leysa en vera líklegan til þess að auka á margvíslega erfiðleika og vandkvæði og skapa hættulegt fordæmi. Og af þessum ástæðum leggjum við áherzlu á, að þessi samningur verði felldur hér á hv. Alþ. En það teljum við svo hins vegar algert lágmark pólitísks siðgæðis, að samningurinn yrði borinn undir kjósendur í landinu við þjóðaratkvgr. Hér er um slíka grundvallarstefnubreytingu á mörgum sviðum að ræða, að það er ekki verjandi fyrir nokkra ríkisstj. eða tæpan þingmeirihluta að láta hana koma til framkvæmda án þess að þjóðin öll fái að láta vilja sinn í ljós, né heldur sé það fært fyrir nokkra ríkisstj. eða hæpinn þingmeirihluta að binda hendur þjóðarinnar og réttra stjórnarvalda í hálfa öld fram í tímann með þeim margvíslegu og varhugaverðu skuldbindingum, sem sjálfur samningurinn hefur að geyma. Til slíks hefur hvorki ríkisstj. né þinglið hennar nokkurt umboð frá þjóðinni.

Umr. frestað.

Á 71. fundi í Ed., 25. apríl, var fram haldið 1. umr. um frv.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Hér er um stórt mál að ræða, sem skoðanir manna eru mjög skiptar um. Þó það hafi verið rætt allrækilega í hv. Nd., verður samt sem áður ekki komizt hjá því, þegar það er tekið hér til 1. umr., að koma nokkuð víða við, þó að ef til vill megi að einhverju leyti fara fljótar yfir sögu, vegna þeirra umræðna, sem þegar hafa farið fram um það í hv. Nd.

Ég vil nú fyrst segja það, að ég er andvígur þessu frv. og mun greiða atkvæði á móti því, og býst ég við, að það komi í sjálfu sér engum á óvart. Sú afstaða mín byggist á því, að ég tel þann samning, sem fylgir þessu frv. og með frv. á að lögfesta, hinn svonefnda álsamning, á ýmsan hátt svo óhagstæðan og varhugaverðan, að ég álít hann með öllu óaðgengilegan. Sú afstaða mín byggist einnig á því, að ég tel ekki rétt við núverandi aðstæður og án þess að áður eða jafnframt séu gerðar viðeigandi ráðstafanir í efnahags- og dýrtíðarmálum, að stofna til stóriðju á vegum útlendra manna á mesta annasvæði landsins. Hins vegar byggist andstaða mín við þetta álsamningsfrv. ekki á því, að ég sé að meginstefnu til eða í prinsipinu andvígur stóriðju, jafnvel ekki með beinni þátttöku erlends fjármagns í undantekningartilfellum. Ég er auðvitað ekki frekar en aðrir andvígur stóriðju eða stofnsetningu stærri iðnfyrirtækja á vegum Íslendinga, og ég býst við því, að þeir séu ákaflega fáir, sem slíku eru andvígir. Ég tel út af fyrir sig mjög æskilegt, að grundvöllur atvinnuvega okkar sé breikkaður. Ég tel mjög æskilegt, að við tileinkum okkur aukna tækniþróun og verkmenningu, og auðvitað tel ég mjög æskilegt, að við nýtum okkar orkulindir í auknum mæli til uppbyggingar iðnaði. Ég lít svo á, að æskilegt sé, að sú uppbygging sé hraðari en hún gæti orðið, ef hún ætti að styðjast eingöngu við sparifé landsmanna eða eigið fjármagn. Þá vaknar sú spurning, hvaða leið eigi að fara til að afla fjármagns til slíkra framkvæmda. Það er mín skoðun, að þess fjármagns eigi fyrst og fremst að afla með erlendum lánum þ.e.a.s. að því leyti, sem eigið fjármagn hrekkur ekki til. Það verður jafnan að leggja á það höfuðáherzlu, að atvinnufyrirtæki og atvinnurekstur í þessu landi sé í höndum landsmanna sjálfra, að atvinnufyrirtækin, hvort sem stór eru eða smá, séu eign Íslendinga sjálfra, hvort heldur þau eru rekin af hinu opinbera eða í einstaklingseign og ekkert síður þó að þau verði að byggja upp með atbeina erlends lánsfjár. En þó að þessari meginstefnu verði að fylgja fast fram, er mín skoðun sú, að til greina geti komið í einstökum undantekningartilfellum að byggja upp stóriðjufyrirtæki með beinni þátttöku erlends fjármagns, þegar þannig stendur á, að þau fyrirtæki séu af einhverjum ástæðum Íslendingum ofvaxin, þau séu nauðsynlegur þáttur í atvinnuuppbyggingu landsins og hagstæðir samningar náist við fjármagnseigendur. Þó verður jafnan, að mínum dómi, að sýna ýtrustu varkárni í þessu efni. Það vil ég alveg sérstaklega undirstrika og leggja á það höfuðáherzlu, að hér verði jafnan að fara að með hinni mestu gát, m.a. vegna algerrar sérstöðu Íslands á margan hátt. Og sú uppbygging iðnaðar, sem að mínum dómi ber að leggja höfuðáherzlu á hér á landi og stefna að á næstu árum, er meiri hagnýting og vinnsla sjávarafurða, og kemur auðvitað ekki annað til mála en að sá atvinnurekstur sé jafnan að öllu leyti í höndum Íslendinga sjálfra.

Það hefur verið lögð á það nokkur stund af hálfu andstæðinga Framsfl. að túlka afstöðu flokksins til þessa máls, sem hér liggur fyrir á þá lund, að hann væri yfirleitt andvígur stóriðju og að hann vildi með öllu útiloka þann möguleika, að ný iðjufyrirtæki væru byggð upp með beinni þátttöku útlendinga. Þetta er rangtúlkun á afstöðu Framsfl. Framsfl. hefur að vísu frá öndverðu fylgt mjög fast fram þeirri meginstefnu, sem ég áður gat um, að atvinnureksturinn í landinu væri í höndum landsmanna sjálfra. Það gildir jafnt um stóriðju sem um annan atvinnurekstur. Læt ég því til sönnunar nægja að vísa í nál. fulltrúa framsóknarmanna í Nd. um þetta mál. En því hefur þó nokkrum sinnum verið lýst yfir af flokksþingum framsóknarmanna, að komið gæti til álita að hafa samvinnu við erlenda einkaaðila um tiltekna stóriðju. En alltaf hefur jafnframt verið tekið fram, að sýna bæri fyllstu varúð í slíkum efnum, og auðvitað viljum við fyrst og fremst íslenzka stóriðju, ef á henni eru tök, og fyrst og fremst, eins og ég áðan sagði, leggja höfuðáherzlu á eflingu undirstöðuatvinnuveganna og iðnað í sambandi við þá. Í samræmi við þessa meginstefnu er ályktun, sem aðalfundur miðstjórnar Framsfl. gerði um þessi mál í marzmánuði 1965. Þar taldi flokkurinn rétt, að kannaðir væru möguleikar í þessum efnum, en setti jafnframt ákveðin skilyrði fyrir aðild Íslands að hugsanlegum stóriðjusamningum. Í þessari ályktun segir svo, með leyfi forseta:

„Rétt er, að kannaðir séu möguleikar á uppbyggingu einstakra stærri iðngreina með beinni þátttöku erlends fjármagns skv. sérstökum lánum og samningi hverju sinni, enda sé nægilegt vinnuafl fyrir hendi og slík atvinnufyrirtæki liður í skipulagðri uppbyggingu atvinnuveganna, en megi aldrei verða til þess, að slakað sé á eða dregið úr eflingu íslenzkra atvinnuvega. Slík atvinnufyrirtæki yrðu að öllu leyti að lúta íslenzkum lögum. Megináherzlu ber að leggja á, að staðsetningu slíkra fyrirtækja sé, ef til kemur, þannig hagað, að hún stuðli að jafnvægi í byggð landsins. Þess sé og jafnan gætt að tryggja efnahagslegan og tæknilegan grundvöll þess, að Íslendingar geti sem fyrst tileinkað sér þá þekkingu og verkkunnáttu, sem flytjast kann inn í landið á þennan hátt, svo að slíkur iðnaður geti orðið alíslenzkur sem allra fyrst. Þess sé og jafnan gætt, að erlend fjárfesting verði aldrei nema lítill hluti af heildarfjárfestingu þjóðarinnar. Í tilefni af samningaumleitunum, sem nú standa yfir um alúmínvinnslu hér á landi, lýsir miðstjórnin því yfir, að slíkt stórmál megi ekki afgreiða nema sem lið í heildaráætlun framkvæmda í efnahagsmálum og ekki tiltök að hefja þær framkvæmdir við þá verðbólguþróun og vinnuaflsskort, sem íslenzkir atvinnuvegir búa nú við. Eins og sakir standa er því ný stefna í efnahags- og atvinnumálum landsins forsenda þess, að unnt sé að ráðast í stóriðju. Hið erlenda fyrirtæki njóti engra hlunninda umfram íslenzka atvinnuvegi og lúti í einu og öllu íslenzkum lögum og raforkusala til þess standi a. m. k. undir stofnkostnaði virkjunar

að sínu leyti. Enn fremur, að íslenzk stjórnvöld hafi á hverjum tíma íhlutun um skipun stjórnar verksmiðjunnar og meiri hl. stjórnenda séu íslenzkir ríkisborgarar. Miðstjórnin minnir sérstaklega á, að staðsetning alúmínverksmiðju á mesta þéttbýlissvæði landsins mundi, eins og nú háttar, auka mjög á ójafnvægi í byggð landsins. Að óbreyttum þeim ástæðum felur miðstjórnin framkvæmdastjórn og þingflokki að beita áhrifum sínum þannig, að verksmiðjan verði staðsett annars staðar."

Eftir þessa ályktun, sem bæði var birt í blöðum og útvarpi, gat enginn maður verið í vafa um afstöðu Framsfl. í þessu máli. Í ályktuninni eru sett ákveðin og skýr skilyrði af Framsfl. hálfu, og er þar skemmst af að segja, að í fyrirliggjandi álsamningum er engum þessum skilyrðum fullnægt, nema því einu, að íslenzk stjórnvöld hafi þá íhlutun um stjórn verksmiðjunnar, sem þar segir, að ríkisstj. skipi 2 af 7 stjórnarmönnum og að meiri hl. stjórnarinnar sé skipaður íslenzkum ríkisborgurum. Engu öðru, engu einasta af öðrum þessara skilyrða, sem talin eru í þessari ályktun, er fullnægt í þessum álsamningi. Skal ég gera nokkru nánari grein fyrir því.

Í fyrsta lagi var svo sagt í þessari ályktun, að ekki mætti afgreiða slíkt stórmál, nema sem lið í heildaráætlun í framkvæmda- og efnahagsmálum. Og nú spyr ég: Er því skilyrði fullnægt? Ég svara: nei. Því er ekki fullnægt. Framkvæmdaáætlun ríkisstj., sem svo er kölluð, hefur hingað til a. m. k. ekki verið nema nafnið tómt og á engan hátt hægt að taka alvarlega og á eiginlega ekkert skylt við það, sem kallað er áætlunarbúskapur.

Í öðru lagi var sagt í þessari ályktun, að það væru ekki tiltök að hefja slíka framkvæmd við þá verðbólguþróun og vinnuaflsskort, sem við höfum búið við. Hefur þessari mótbáru og þar með ákvörðunarástæðu fyrir Framsfl. verið kippt í burtu? Hafa ráðstafanir verið gerðar til að hefta dýrtíðina og verðbólguskriðuna? Nei, og aftur nei. Þvert á móti magnast nú verðbólgan, ár frá ári, eins og hver maður veit, já, meira að segja næstum því hægt að segja dag frá degi og er nú jafnvel hraðskreiðari en nokkru sinni fyrr. Þó var því lýst yfir af ríkisstj. á sínum tíma, að hún ætlaði að stöðva verðbólguna og meira að segja því lýst yfir, að ef ekki tækist að stöðva verðbólguna væri allt annað hennar starf unnið fyrir gýg. En allur almenningur veit, að það hefur ekki tekizt að stöðva dýrtíðina, heldur fer hún dagvaxandi, eins og ég áðan sagði, og allur almenningur í þessu landi stynur nú undan dýrtíðarflóðinu. Það þarf ekki að rekja þá sögu lengi, það vita allir, hvernig dýrtíðaraldan leggst nú á húsbyggjendur og hvernig hún leikur þá. Það vita allir, hvernig hún leggst á unga fólkið og hvernig hún leikur það. Það vita allir, að almenningur verður nú dag hvern svo að segja að lengja vinnutímann til þess að hafa í sig og á. Og fyrir launþega, sem ekki eiga þess kost að lengja vinnutíma sinn, verður það æ erfiðara að hafa í sig og á. Framleiðsluatvinnuvegirnir stynja einnig undan ofurþunga verðbólgunnar. Þeir kvarta undan versnandi afkomu, hallarekstri og jafnvel framleiðslustöðvun. Um það liggja fyrir margir vitnisburðir, sem ég skal ekki hér fara að rekja, en það nægir aðeins að minna á það, að nú er svo komið, að höfuðatvinnuvegur þjóðarinnar, sjávarútvegurinn, sem búið hefur við metafla undanfarið og hagstæðari viðskiptakjör en dæmi eru til, er þannig á vegi staddur, að hann verður ekki rekinn nema með stórfelldum uppbótum eða styrkjum, og er í því sambandi þess skemmst að minnast, að nýlega var afgr. á Alþ. frv. um uppbætur til sjávarútvegsins, sem námu 80 millj. kr. Og ráð voru ekki fundin til að afla þeirra 80 millj. kr., og afleiðingin varð sú, að það hefur verið gripið til þess af hálfu ríkisstj. að fella niður niðurgreiðslur, eins og kunnugt er, á fiski og smjörlíki. Það er talið, að vísitalan muni bara af þeim sökum einum hækka um 3—4 stig. Og þessi aðgerð ríkisstj. táknar í raun og veru algera uppgjöf á því að reyna að hafa hemil á verðbólgunni, en hingað til hefur hún þó haft ofurlitla tilburði í þá átt, enda þótt þeir hafi ekki borið árangur. En svo bætir ríkisstj. gráu ofan á svart í sambandi við þessa verðbólgu- og verðþensluþróun, sem átt hefur sér stað, með því að stofna nú til stórframkvæmda á allra mesta þenslusvæðinu og þar sem vinnuaflsskorturinn er langsamlega mestur og tilfinnanlegastur og aðstreymi fólks annars staðar frá mest. Það er nú alveg auðsætt, hvernig þessi framkvæmd hlýtur að verka á verðlagsþróunina. Hún hlýtur að verka á hana eins og olíu væri hellt á eld. Og ríkisstj. hefst ekki handa í því efni að gera um leið viðeigandi ráðstafanir, heldur er eins og stefnulaust rekald, reynir að halda öllu á floti um sinn með bráðabirgðaúrræðum og handahófsaðgerðum. Hvernig halda menn svo, að Framsfl. geti, eftir þá yfirlýsingu, sem hann hafði samþ. og gefið í sinni miðstjórnarályktun í marz 1965, samþ. þetta frv., sem hér liggur fyrir, en þar lýsti hann því yfir, eins og áður er sagt, að ekki væru tiltök að hefja þær framkvæmdir við þá verðbólguþróun og vinnuaflsskort, sem íslenzkir atvinnuvegir búa nú við?

Í þriðja lagi segir Framsfl. í ályktun sinni: Eins og sakir standa er því ný stefna í efnahags- og atvinnumálum landsins forsenda þess, að unnt sé að ráðast í stóriðju. Þetta var þriðja skilyrðið og vissulega ekki hið veigaminnsta. Hefur því skilyrði verið fullnægt? Nei, því fer fjarri. Og þó er þetta auðvitað alveg höfuðatriðið í öllu þessu máli, að við þær aðstæður, sem nú eru hér við Faxaflóa, er ekki tímabært að stofna til stóriðju. Þvert á móti er alveg augljóst mál, að hún hlýtur að spenna upp dýrtíðina og stórauka dýrtíðarvandamálið, en það er einmitt langsamlega stærsta vandamálið, sem við er að glíma í íslenzkum þjóðmálum í dag. Og menn hljóta að spyrja: Hvar á að taka verkafólkið, sem við þessar framkvæmdir á að vinna? Ég skal ekki fara langt út í það — segja aðeins að það benda allar líkur til þess, að ekki verði hjá því komizt að flytja inn erlent verkafólk. Og náttúrlega hlýtur þá um leið sú spurning að vakna, hvers konar verkafólk verður það? En af samningunum liggur það ljóst fyrir, að álfélagið áskilur sér allan rétt í því sambandi og áskilur sér fullan rétt til þess að flytja inn erlent verkafólk eftir þörfum, ef ekki er útvegað íslenzkt vinnuafl.

Fjórða skilyrðið í ályktun Framsfl. var það, að hið erlenda fyrirtæki nyti engra hlunninda umfram ís-

lenzka atvinnuvegi. Og enn spyr ég: Er þessu skilyrði fullnægt með fyrirliggjandi álsamningi? Og ég verð að svara því neitandi og segja, að því fari víðs fjarri. Álfyrirtækinu eru einmitt ætluð stórfelld hlunnindi umfram íslenzka atvinnuvegi. Þar til má nefna tollfrelsi og skattfríðindi, fríðindi, sem íslenzkir atvinnuvegir njóta ekki. Það væri fróðlegt að gera samanburð á því, hvernig íslenzkir atvinnuvegir mundu standa að vígi, ef þeir nytu að öllu leyti sömu kjara og þessu álfyrirtæki eru ætluð. En um þessi fríðindi skal ég nú ekki fara fleiri orðum í þessu sambandi, kem að þeim seinna.

Þá er það fimmta skilyrðið, að álfyrirtækið lúti í einu og öllu íslenzkum lögum, — lúti í einu og öllu íslenzkum lögum. Er því skilyrði fullnægt? Nei, það er vissulega ekki hægt að tala um, að fyrirtæki lúti í einu og öllu íslenzkum lögum, þegar það er tekið undan lögsögu íslenzkra dómstóla. Og ég bara spyr: Hver er sá, sem hér í Ed. vill gera sig að því viðundri að halda því fram, að það fyrirtæki lúti í einu og öllu íslenzkum lögum, sem tekið er undan íslenzku dómsvaldi? Það er annað, hvað gert er í blöðum og hvað þar er fimbulfambað um, en ég ætla að vona, að það fari enginn að heimska sig á því hér uppi í hv. Ed. að halda því fram, að það fyrirtæki lúti í einu og öllu íslenzkum lögum, sem tekið er undan íslenzku dómsvaldi. Og ég verð að segja það, að ég mætti játa alvarlega fáfræði á mig, ef svo reyndist, því að ég mun hafa átt minn þátt í þessu orðalagi á þessari ályktun á sínum tíma, og mér hefur þá illilega skotizt, ef þetta orðalag er ekki nægilega skýrt til þess að láta í ljós það, sem fyrir mönnum vakti, að íslenzkt ríkisvald tæki sem sagt til þess sem íslenzks fyrirtækis og það væri háð íslenzkri löggjöf, háð íslenzku dómsvaldi, háð íslenzkri löggæzlu og framkvæmdavaldi. Það er það, sem felst í því, að fyrirtæki verði í einu og öllu að lúta íslenzkum lögum.

Sjötta skilyrðið í ályktun framsóknarmanna var það, að raforkusalan til hins erlenda fyrirtækis stæði a. m. k. undir stofnkostnaði virkjunar að sínu leyti. Ég leyfi mér að halda því fram, að það sé langt frá því, að það sé hægt að fullyrða það á þessu stigi, að svo muni verða. Það er, eins og ég síðar kannske mun nokkuð koma að, teflt á óforsvaranlega tæpt vað, og raforkuverðið er alveg furðulega óhagstætt miðað við það, hvað sama fyrirtæki hefur greitt fyrir raforku erlendis. En að því kem ég e. t. v. síðar, og um það verður sjálfsagt rætt nánar af öðrum hér.

Loks var svo í sjöunda lagi í umræddri ályktun rætt um staðsetningu verksmiðju, ef til kæmi, og þar var þá lögð höfuðáherzla á, að staðsetningu verksmiðjunnar væri hagað þannig, ef til hennar kæmi og öðrum skilyrðum væri fullnægt, að starfsemi hennar yrði ekki til þess að auka á ójafnvægi í byggð landsins. Það mun nú mála sannast, og það ætla ég að leyfa mér að staðhæfa, að það hefur aldrei verið gerð nein alvarleg tilraun til þess að fá staðsetningu verksmiðjunnar ákveðna með öðrum hætti heldur en raun varð á. Ég vil halda því fram, að það hafi ekki verið gerð nein alvarleg tilraun til þess að fá álverksmiðjuna staðsetta annars staðar en á mesta annasvæði landsins, í Straumsvík við Hafnarfjörð. Ég ætla, að það hafi komið mjög snemma fram í þessum samningaviðræðum, að Íslendingar hafi bundið sig á þann stað, þannig að það hafi ekki framar orðið frá honum horfið.

Þessi skilyrði Framsfl. lágu sem sagt fyrir í marzmánuði 1965. Það hljóta nú allir að skilja, að það var með öllu útilokað, að Framsfl. gæti fylgt slíkum samningum, sem svo að segja í einu og öllu þverbrutu í bága við þau skilyrði, sem hann hafði sett fyrir hugsanlegu fylgi við slíka samninga. Þegar það var orðið alveg ljóst og vitað í desembermánuði s. l., að samkomulag hefði náðst í aðalatriðum og það samkomulag var algerlega andstætt þeim skilyrðum, sem sett höfðu verið í ályktun miðstjórnarinnar í marz 1965, lýsti Framsfl. yfir hér á Alþ. algerri andstöðu við þessa samninga. Að vísu var þá ekki hægt að fara út í einstök atriði samninganna, vegna þess að samningarnir voru þá enn allir á trúnaðarstigi og það var þess vegna augljóslega ekki hægt að tilnefna þau einstöku atriði, sem menn sérstaklega höfðu út á að setja, heldur var samningunum í heild og þeirri stefnu, sem þeir byggðust á, mótmælt þá. Og eftir það gat ekki nokkur maður vaðið í villu og svima um það, hver væri afstaða Framsfl. og hver afstaða Framsfl. mundi verða til þessara samninga. En samt kemur svo hæstv. dómsmrh. og er alltaf annað slagið að láta liggja að því, að hann hafi ekki verið aðvaraður. Hann er að segja það hvað eftir annað eða láta að því liggja, að sér hafi nú eiginlega aldrei verið ljóst, eða a. m. k. ekki almennilega ljóst, hver afstaða Framsfl. mundi verða til þessa máls. Hann lætur að því liggja, að þeir hafi ekki gert sérstakar aths. við einstök samningsákvæði og því hafi hann haft ástæðu til að ætla, að þeir væru nú sammála þessu og sammála öðru o. s. frv. eða hefðu a. m. k. ekki sérstakar aths. að gera við slík einstök samningsákvæði. Þegar litið er til þess, sem ég hef rakið hér allítarlega af sérstökum ástæðum, er auðsætt, að það er ekki hinn minnsti fótur fyrir ummælum, sem ráðh. hefur látið falla í þessa átt, og þá auðvitað því síður fyrir þeim ummælum og túlkunum, sem blöð stjórnarflokkanna hafa um þetta haft.

Ég hef hér sýnt fram á, hvers vegna framsóknarmenn hlutu samkv. öllum forsendum málsins að taka þá afstöðu að vera gegn þessum samningi. Ég vil þá leyfa mér að athuga þessa samninga nokkru nánar og benda á tiltekin atriði, sem að mínum dómi eru varhugaverð og óaðgengileg og eiga að leiða til þess, að þetta frv. sé fellt. Ég vil um leið benda á, að staðsetning verksmiðjunnar er óheppileg með tilliti til atvinnuástandsins í landinu almennt. Hún er, eins og margbent hefur verið á, sett niður á því svæði, þar sem þenslan er alvarlegust og vinnuaflsskortur hefur að undanförnu verið mestur. Hennar er því síður en svo þörf vegna atvinnuástandsins þar, eins og nú standa sakir. Þvert á móti mun hún fyrirsjáanlega stórauka erfiðleika framleiðsluatvinnuveganna á þessu svæði og þá alls staðar a. m. k. í bili, hvað sem síðar verður. Menn geta t. d. rétt ímyndað sér, hvernig sjávarútveginum með þeirri aðstöðu, sem hann hefur í dag, muni ganga að keppa um vinnuafl við stóriðjufyrirtæki, sem styðst við erlent fjármagn. Og menn

geta rétt ímyndað sér áhrif þessa í þeim landshlutum, sem eiga nú þegar í vök að verjast vegna aflabrests og atvinnuleysis og fólkið leitar þegar frá á vinnumarkaðinn hér syðra. Það er auðvitað deginum ljósara, og þarf ekki orðum að því að eyða, að sá straumur hlýtur að stóraukast við þessar fyrirhuguðu aðgerðir. Nei, sannleikurinn er sá, að hvað sem öðru líður í sambandi við þetta mál, er staðsetning verksmiðjunnar óheppileg og óhyggileg frá sjónarmiði heildarinnar og með tilliti til atvinnulífsins, eins og sakir standa í dag. Staðsetning hennar þar mun spenna upp dýrtíðina og raska efnahagskerfinu öllu meira en nokkru sinni er orðið.

Já, hæstv. ráðh. hefur annað slagið verið að kvarta um það, að hann hafi ekki fengið aðvaranir. Hver er nú sannleikurinn í því? Ég vil segja það, að hæstv. ráðh. og ríkisstj. hefur hvað eftir annað fengið sérlega alvarlegar viðvaranir og aðvaranir, og ég skal nefna nokkur dæmi þess. Ég skal nefna það t. d., að 25. febr. s. l. gerði fundur frystihúsaeigenda hér í Reykjavík svofellda ályktun, með leyfi hæstv. forseta:

„Með tilliti til þeirrar aðstöðu, sem útflutningsiðnaður landsmanna hefur með samkeppni á erlendum markaði, lýsir fundurinn yfir sérstökum ótta við ráðagerðir um stórframkvæmdir útlendinga í landinu á sama tíma sem landsmenn sjálfir ráðast í stærri og meiri raforkuframkvæmdir en nokkru sinni fyrr."

Búnaðarþing, sem stóð yfir í marzmánuði s. l., gerði ályktun um málið, sem ég vil líka leyfa mér að lesa með leyfi forseta. Þar segir:

„Búnaðarþing telur fyrirætlanir um byggingu alúmínverksmiðju á vegum erlendra aðila í Straumsvík sunnan við Hafnarfjörð mjög varhugaverðar. Þingið telur mikla hættu á, að slík framkvæmd nú á mesta þéttbýlissvæði landsins mundi auka stórlega á þá spennu, sem er í atvinnulífinu þar. Þessi framkvæmd mundi að öllum líkindum taka ómissandi vinnuafl frá undirstöðuatvinnuvegunum og reisa nýja verðbólguöldu. Fólksflutningar úr öðrum byggðarlögum til Faxaflóasvæðisins mundu fara ört vaxandi öllum til tjóns, ekki aðeins þeim byggðarlögum, sem fólkið yfirgefur vegna ýmiss konar félagslegra vandamála, sem þar myndast, heldur og hinum, sem við fólkinu taka, m. a. vegna húsnæðisvandræða o. fl. Samningar um stóriðju geta að dómi Búnaðarþings því aðeins komið til greina, að stjórn slíkra fyrirtækja verði að meiri hl. í höndum Íslendinga og staðsetning fyrirtækjanna stuðli að jafnvægi í búsetu fólksins í landinu. Einnig verði svo frá samningum gengið, m. a. um orkusölu, að stóriðjufyrirtækin lúti að öllu leyti sömu lögum og reglum og iðnaðarfyrirtæki Íslendinga sjálfra."

Þetta sagði Búnaðarþing. Alþýðusambandið hefur samþ. mótmæli, eindregin mótmæli. Ég hef þau ekki við höndina, en ég hygg, að þau hafi verið kynnt þegar hér á Alþ., og ég efast ekki um, að ráðh. eru þau í fersku minni. Þarna hef ég nefnt þrjár samþykktir, mjög mikilvægra aðila, Búnaðarþings, frystihúsaeigenda og Alþýðusambandsins. Þrátt fyrir þessar aðvaranir segir ráðh., að hann hafi ekki verið aðvaraður og ríkisstj. hafi ekki fengið aðvaranir. En það eru ekki aðeins þessar aðvaranir þessara aðila, sem fram hafa komið, heldur hafa mótmæli borizt hvaðanæva að af landinu með fundarsamþykktum, með undirskriftum o. s. frv. Og þegar ljóst var, hvað hæstv. ríkisstj. ætlaðist fyrir, en áður en þessir samningar voru undirritaðir, var efnt til vantraustsumr. hér á Alþ. Það var aðvörun rétt fyrir slys, en það tókst þó ekki að afstýra því slysi. Samningarnir voru undirritaðir þrátt fyrir þær vantraustsumr., sem þá fóru fram, — voru undirritaðir, þrátt fyrir þær aðvaranir og ábendingar, sem fram komu í þeim vantraustsumr. Jú, þeir hafa svo sannarlega fengið sínar aðvaranir. En stjórnin virðir bara allar aðvaranir að vettugi og vísar þeim á bug með hroka heimskingjans.

Það er einnig athugavert við þessa samninga, að þeir eru gerðir til mjög langs tíma, en ég skal ekki sérstaklega fara að ræða það hér. En þau ákvæði þessara álsamninga, sem að mínum dómi eru sérstaklega varhugaverð og óaðgengileg og ég vil hér nefna sérstaklega, eru ákvæðin um raforkuverðið, gerðardómsákvæðin, skatta- og tollaákvæðin, ákvæðin um fébótaábyrgð ríkisins og hin ófullnægjandi ákvæði 12. gr. um varúðarráðstafanir vegna hugsanlegra skaðlegra áhrifa frá verksmiðjunni.

Ég skal þá fyrst aðeins víkja með örfáum orðum að raforkuverðinu, en það er, eins og reyndar hæstv. ráðh. kom nokkuð að í sinni framsöguræðu s. l. laugardag, samið um nokkurn veginn fast raforkuverð, alveg án tillits til þess, hver raunverulegur stofnkostnaður Búrfellsvirkjunar verður. Þau endurskoðunarákvæði, sem eru í þessum samningum um verðið, eru ófullkomin, eins og hæstv. ráðh. varð að viðurkenna, og tryggja það engan veginn út af fyrir sig, að raforkuverðið verði nægjanlegt til þess að standa undir stofnkostnaði. Ráðh. setti að vísu traust sitt á annað, sem sagt að það lægi nú nokkurn veginn fyrir, hver stofnkostnaðurinn yrði, og nefndi í því sambandi margar tölur. Þær tölur skal ég að sjálfsögðu ekki vefengja, en ég hygg þó, að fyrir utan þær tölur séu ýmsar eftir, sem eitthvað gætu farið fram úr áætlun, og svo er það nú oft svo í ýmsum samningum um verk, að það eru vissir varnaglar í þeim, og reyndin verður nú oft sú, að ef miklar breytingar verða á því samningstímabili, finnst manni, að það vilji hækka það, sem um er samið. Það má vera, að það sé svo þrautbúið um þá samninga og þau tilboð, sem samþ. hafa verið, að slíkt komi ekki til greina. Um það veit ég ekki. Á því hef ég ekki þekkingu, en það hefur skeð endranær. En það liggur fyrir í þessum samningi, að það er gert ráð fyrir orkuverði, sem nemur, eins og þeir kalla, 2.5 mill eða 10.75 aurum á kwst. Þetta orkuverð er mjög lágt miðað við orkuverð annars staðar, svo lágt, að það munu varla vera dæmi um orkuverð svo lágt annars staðar, eftir því sem mér er tjáð. Og víst er um það, að það liggur fyrir, að í Noregi er hliðstætt orkuverð nú 3.2 mill eða 13.75 aurar, og í Ghana er sagt, að orkuverðið til sams konar stóriðju og hér er ráðgerð sé um 11.4 aurar á kwst. Og í Grikklandi urðu mikil átök, eins og kunnugt er, út af hliðstæðu máli þar. Þar hafði á sínum tíma verið samið um raforkuverð, sem nam rúmlega 3 mill, en sá samningur hafði það í för með sér, að stjórnmálalegir erfiðleikar risu þar í landi, sem

leiddu til þess, að samningur þessi var ógiltur, og samið var um mun hærra raforkuverð eða um ca. 4 mill. En samkv. þessu liggur það fyrir, að raforkuverðið í Noregi er um 28% hærra en hér. Og það vill svo vel til, að um þetta þarf ekki að deila, að raforkuverðið hér er lægra en annars staðar, því að í blaðaviðtali, sem aðalforstjóri Swiss Aluminium, Meyer, hafði, þegar hann var hér staddur í sambandi við undirskrift samninganna, sagði hann svo orðrétt eftir útvarpsfrétt:

„Aðspurður sagði Meyer, að rafmagnsverðið hér væri lægra en nokkurs staðar annars staðar þar sem Swiss Aluminium hefði álbræðslur, og t. d. væri rafmagnsverðið í Noregi 3.2 þúsundustu úr Bandaríkjadollar, en hér yrði það 2.5 þúsundustu úr dollar, og er þá miðað við hverja kwst."

Það er þannig ekki um það að deila, að þessar staðreyndir liggja ljósar fyrir. Hitt er svo annað mál, hvort þetta raforkuverð, sem hér er um samið, sé þrátt fyrir það þó að það sé þetta miklu lægra en annars staðar, nægilegt til þess að standa að sínu leyti undir kostnaði við Búrfellsvirkjun. Ég er ekki sérfræðingur í þessum efnum, og ég skal ekkert fullyrða um þessi efni, en það hefur verið bent á það, að ég hygg af sérfræðingum, að Búrfellsvirkjun þyrfti ekki að fara fram úr áætlun nema sem svaraði, að ég hygg, 64—65 millj. kr., þá væri framleiðslukostnaður rafmagnsins kominn upp í þetta umsamda verð eða 10.75 aura á kwst. Og það hefur líka verið bent á það af fróðum mönnum, að hið umsamda orkuverð, 10.75 aurar á kwst., sé ekki aðeins lítið í samanburði við erlent orkuverð, heldur sé það einnig lítið, ef litið er á íslenzkar aðstæður og virkjunarskilyrði í framtíðinni. Um þetta atriði skal ég svo ekki fara fleiri orðum. Ég geri ráð fyrir, að það verði rætt nánar af öðrum en mér hér.

Ég get þó ekki skilizt við þetta alveg án þess að láta í ljós nokkra undrun yfir einum þætti í rökstuðningi ráðh., þegar hann hafði framsögu hér um málið. Að vísu er kannske of sterkt til orða tekið hjá mér að tala um rökstuðning, en hann var mjög að gera því skóna í sambandi við þetta raforkuverð, að það væri svo mikil trygging í því, að það væri ákveðið í Bandaríkjadollurum, og mundu þess vegna gengisbreytingar, sem hér yrðu, hafa það í för með sér, að mér skildist, að þetta gæti allt orðið eitthvað hagstæðara okkur heldur en nú liti út í bili. Nú hefur það verið svo hingað til, að það hefur verið eins konar tabú að minnast á gengisfall, a. m. k. hefur það verið hjá hæstv. forsrh. Hann hefur talið það sérstaklega vítavert að vera að gera því skóna, að það gæti átt sér stað, að gengi íslenzku krónunnar yrði fellt á næstu árum. En nú virðist hæstv. iðnmrh. a. m. k. vera farinn að hugleiða þann möguleika, svo að ekki sé meira sagt. En ég verð nú að segja, að mér finnst vera nokkuð langt að sækja rök til þess að reyna að sýna fram á það, að raforkuverðið sé nú ekki eins óhagstætt og það lítur út fyrir, þegar það er skoðað nú.

Ég vil þessu næst leyfa mér að víkja að skattamálum og tollamálum. Samkv. samningunum á álbræðslan að búa við sérstakar reglur í skatta- og tollamálum. Í stað allra opinberra beinna skatta á hún að greiða fast gjald, framleiðslugjald, en þessi upphæð hefur verið ákveðin þannig, að því er gerð er grein fyrir í grg., að núgildandi skattlagningarreglum félaga hefur verið beitt á rekstraráætlanir bræðslunnar og framleiðslugjaldið fundið út samkv. því. Þetta er nú heldur óeðlileg aðferð til þess að ákveða skatta, að fara þannig eftir áætlunum fyrirtækisins fram í tímann, og ekki mundi nú slíkt verða tekið til greina að því er íslenzk fyrirtæki snertir. En auk þess, og það er auðvitað aðalatriðið í þessu efni, er það svo, að þessir beinu skattar verksmiðjunnar, framleiðslugjaldið fastákveðna, eiga ekki að breytast eftir eða í samræmi við það, sem íslenzk skattalög kunna að breytast á hverjum tíma. Þetta er auðvitað alveg fráleitt sem almenn regla, en auk þess alveg sérstaklega fráleitt vegna þess, hvernig á stendur nú í skattamálum. Sannleikurinn er sá, að þó að skattar hér á landi séu ærið tilfinnanlegir, hafa skattar verið lækkaðir mjög mikið á félögum, þannig að félög búa nú hér við mjög hagstæð skattakjör, og að taka þau skattakjör, sem nú eru, og miða við skatt, sem á að vera svona langt fram í tímann fastur og óbreyttur, er að mínu viti ákaflega óvarlegt. Og ég leyfi mér alveg að efast um það, að um öll þau framtíðarár, sem þetta á að gilda, verði hægt að halda sköttum íslenzkra félaga innan þeirra marka, sem nú er. Enn fremur er þess að gæta, að þessar reglur, sem um þetta eru nú settar í þessu frv., sem annars eru nú æðiflóknar og ekki gott að tala um og ekki gott að útskýra í stuttu máli og gera grein fyrir, hvað í felst, eru þannig frá gengnar, að fyrirtækið á, þrátt fyrir þetta ákveðna fasta framleiðslugjald, aldrei að borga meira en 50% af tekjuafgangi sínum í framleiðslugjöld, þannig að ef fyrirtækið greiðir meira samkv. höfuðákvörðuninni um hið fasta framleiðslugjald, á síðar að athuguðu og rannsökuðu máli og endurskoðuðum reikningum bræðslunnar að endurgreiða þá skatta, sem hún kynni þannig að hafa ofgreitt, — eftir settum reglum að vísu og með nokkrum takmörkunum. Þess vegna er það, að það virðist nú geta farið svo, þrátt fyrir allt, sem gumað hefur verið af þessum sköttum, að þarna yrði aðeins um eins konar lán að ræða, a. m. k. að því er varðaði fyrstu starfsár verksmiðjunnar.

Íslenzka álfélagið er undanþegið aðflutningsgjöldum af efni og tækjum, sem það eða verktakar þess flytja inn til byggingar bræðslunnar. Sama gildir um hráefni, vélar og fleira, sem það flytur inn til bræðslunnar. Í 14. gr. er nú að vísu einnig talað um vistir, en það er sagður þýðingargalli. Nú má það vel vera út af fyrir sig, en ég vil þó benda á, að samkv. 52. gr. í þessum samningum eru íslenzku og ensku textarnir jafngildir, þannig að í öllu falli hefði verið öruggara að leiðrétta þetta. En hvað um það — af öllum skatta- og tollaákvörðunum er auðsætt, að Íslenzka álfélaginu er sköpuð margháttuð forréttindaaðstaða umfram önnur atvinnufyrirtæki í landinu. Þau ákvæði eru að mínum dómi á margan hátt óhagstæð og aðfinnsluverð. Ég skal þó ekki fjölyrða frekar um þau hér, og ég skal ekki vera með neina sérstaka dómhörku um þau fram yfir það, sem ég hef þegar sagt, og það er af því að ég hef nú í raun og veru búizt við því, að ef á annað borð af einhverjum ástæðum yrði talið hag-

kvæmt og menn vildu fá erlenda aðila til þess að byggja hér upp einstök stóriðjufyrirtæki, mundi af þeirra hálfu verða farið fram á tilslakanir af þessu tagi. Og ég verð að segja það sem mína skoðun, að það er þó skárra að skömminni til að veita einhverjar tilslakanir á þessu sviði heldur en að semja um að selja raforku undir kostnaðarverði, ef sú skyldi nú verða raunin á, og semja íslenzka réttaraðila undan íslenzku dómsvaldi.

Í þessum álsamningum er gert ráð fyrir skaðabótaábyrgð íslenzka ríkisins í ýmsum tilvikum. Getur sú bótaábyrgð orðið mjög víðtæk. Ég vil ekki vera að þreyta hv. þdm. á því að vera að rifja upp öll þau ákvæði, sem að þessari fébótaábyrgð lúta. En ég vil aðeins segja það, að náttúrlega er ómögulegt að sjá fyrir eða segja til um það fyrir fram, hvern dilk það getur dregið á eftir sér, a. m. k. treysti ég mér ekki til þess. En undir slíkt er a. m. k. óvarlegt að skrifa.

Í 12. gr. samningsins er ekki gert ráð fyrir því, að byggja þurfi hreinsunartæki til þess að eyða reyk eða gastegundum, sem koma frá verksmiðjunni. Hún er undanþegin þeirri kvöð að byggja slík gaseyðingartæki. Það er þó upplýst, að af 10 álbræðslum Swiss Aluminium verður Straumsvíkurverksmiðjan sú eina, sem ekki er búin gaseyðingartækjum. Ég skal náttúrlega fúslega játa, að ég hef ekki nokkurn minnsta snefil af þekkingu á þessu. En ég verð bara að álykta sem venjulegur leikmaður, að úr því að það hefur þótt þörf á því á 10 stöðum annars staðar og alls staðar þar sem slíkar verksmiðjur hafa verið byggðar að gera kröfu um slíkar öryggisráðstafanir, hefði það verið sjálfsagt að gera slíka kröfu hér einnig. Ég verð nú að hafa það álit á íslenzku nm., sem sömdu um þetta og sem ég hef nú út af fyrir sig mikið álit á, að þeir hljóti að hafa gert kröfu um það, að slíkar varúðarráðstafanir væru gerðar hér, að það væru sett upp slík hreinsitæki hér eins og annars staðar. En það liggur fyrir, að það hefur ekki fengizt tekið inn slíkt ákvæði í samninginn, og þá hlýtur það væntanlega að byggjast á því, að þessir viðsemjendur okkar hafi skorazt undan því að leggja í þann kostnað, sem því er samfara. Ég verð að segja það, að það er nokkuð óvarlegt að semja um það að gera svona hluti, sem menn virðast ekki hafa nokkra minnstu þekkingu á. Ég held, að það sé óhætt að segja, að það hafi komið fram í viðtölum, sem við áttum í þessari sameiginlegu álnefnd við stóriðjunm., að þeir höfðu, eins og skiljanlegt er, ekki nokkra minnstu þekkingu á þessu. Þeir höfðu farið um einhver lönd og talað við einhverja menn og þeir hefðu sagt þeim þetta og þeir hefðu sagt þeim hitt. En það var ekki neitt, sem hægt var á að byggja, og það liggur fyrir eitt sérfræðiálit í þessu efni, — ef sérfræðiálit á að kalla, — ekki vegna þess að sjálfsagt er sú stofnun og sá maður, sem er þar, góður sérfræðingur. En það virðist koma alveg fram í því áliti, að hann hafi ekki nokkra minnstu þekkingu á né möguleika til þess að láta uppi álit um þetta atriði, sem hann er að gefa vottorð um. Þetta vottorð er frá Rannsóknastofnun iðnaðarins á bls. 218. Þar segir í niðurlaginu, með leyfi hæstv. forseta:

„Aðstæður til rannsókna á þessu máli voru engar hér á landi, og varð því að styðjast við reynslu og aðstæður, sem fyrir voru í Noregi og Ameríku. Landfræðilegar og veðurfræðilegar aðstæður eru þar öllu óhagstæðari en hér og ætti það eitt að tryggja, að hættumörkin eru sennilega mun þrengri. Ályktun þessi er miðuð við fyrsta þrep byggingarframkvæmdanna eða 30 þús. tonna bræðslu, vegna þess að þar er óvissan mest. En við rekstur þessa fyrsta þreps er aðstaða til þess að rannsaka nákvæmlega, hvar hin raunverulegu hættumörk liggja, og gera þær ráðstafanir, er reynslan sýnir, að nauðsynlegt sé.“

Það er náttúrlega gott að rannsaka það. En það er nú stundum nokkuð seint að rannsaka eftir á, þegar slys hafa skeð og þegar skaði hefur orðið, því að oft getur skaðinn orðið sá, að ekki verði hann bættur. En ég verð að segja það, að upp úr þessu sérfræðingsáliti er ekkert leggjandi, og það er virðingarvert, að það er orðað þannig, að það ber það með sér, að það er ekki ætlazt til þess, því að þó að vottorðsgefandi segi það ekki berum orðum, að hann geti í raun og veru ekkert um þetta sagt, liggur það þó alveg í því, og það er rétt og heiðarlegt. En ég verð að segja það, án þess að ég hafi nokkurt vit á þessu og vilji vera með nokkra spádóma í þessu efni, að þegar svona er í pottinn búið, hefði vitaskuld verið alveg sjálfsagt að krefjast fyllsta öryggisútbúnaðar, og annað er auðvitað með öllu óverjandi. Það hefði átt að krefjast ekki minni öryggisútbúnaðar en annars staðar tíðkast. Og mér er það alveg óskiljanlegt, að það skuli hafa verið samið um þetta. Sannleikurinn er sá, að 12. gr. gerir að vísu ráð fyrir því, að þetta sé athugað og fylgzt með þessu, og í 12. gr. 2 segir: „ISAL mun gera allar eðlilegar ráðstafanir til að hafa hemil á og draga úr skaðlegum áhrifum af rekstri bræðslunnar í samræmi við góðar venjur í iðnaði í öðrum löndum við svipuð skilyrði.“ Þetta er auðvitað nokkuð matskennt og teygjanlegt. Og hvernig stendur á því, að þarna er verið að tala um, að ISAL muni gera þetta, annars staðar í gr. er nú talað um „skal“? Ég veit ekki, hvort þarna er nokkur munur á. Það kann að vera, að það sé ekki tilætlunin. En allt er þetta þó í einhverjum undanhaldstón.

Síðast en ekki sízt kem ég þá að gerðardómsákvæðunum, sem ég tel nú ein óálitlegustu og ein allra óskemmtilegustu ákvæði þessa samnings, sem hér liggur fyrir. Samkv. 46. og 47. gr. þessa álsamnings er ákveðin sérstök og alveg óvenjuleg leið til þess að fá skorið úr þeim deilumálum, sem rísa kunna út af stóriðjusamningunum eða í sambandi við stóriðjusamningana. Þær sérstöku reglur gilda um ágreiningsmál á milli svissneska álfélagsins, Íslenzka álfélagsins og minni hl. hluthafa annars vegar og svo ríkisstj., Landsvirkjunar og Hafnarfjarðarkaupstaðar hins vegar. Það gildir einu, hvort ágreiningur er út af aðalsamningnum, orkusölusamningi, hafnar- og lóðasamningi eða aðstoðarsamningi. Öll þessi ágreiningsmál eru tekin undan lögsögu íslenzkra dómstóla nema samkomulag verði um annað á milli Alusuisse og ríkisstj., eins og segir í 46. gr. Þar segir að: það eigi fyrst að reyna að jafna þetta með vinsamlegum hætti og það er nú ekkert mikið sagt og ákaflega gott út af fyrir sig að hafa það í samningum, en það er nú náttúrlega ekki nema kurteislegt orðalag, en þar segir svo:

„Ef ekki tekst með slíkum tilraunum að komast að samkomulagi, geta ríkisstj. annars vegar og Alusuisse

hins vegar samið um að vísa deilunni til íslenzkra dómstóla eða íslenzks gerðardóms."

Ég verð nú að segja, að þetta finnst mér alveg furðulegt. Kannske þykist dómsmrh. hafa samið þarna um sérlega gott ákvæði. Í mínum augum er þetta alveg hraksmánarlegt, að íslenzka ríkið skuli gangast undir það að þurfa að semja um að vísa máli til sinna eigin dómstóla. Það hefði sannarlega ekki þurft að taka þetta fram, því að ef samkomulag hefði verið og ef verður, þá getum við náttúrlega vísað til hvaða dómstóls, sem er. En það held ég, að sé nú ekki of mikið sagt, að það sé nokkuð óvenjulegt, að eitt ríki sé að semja um það, að það megi, ef samkomulag verður, nota sína eigin dómstóla. Slík ákvæði þekki ég hvergi nokkurs staðar í nokkrum samningi, ekki einu sinni í viðskiptasamningi. Deilumál þessi öll, sem þarna eru tiltekin, eiga annars, ef þessir aðilar geta ekki komið sér saman um að leggja þau fyrir dómstóla íslenzka ríkisins, að fara fyrir gerðardóm, sem kallaður er alþjóðlegur gerðardómur, gerðardóm, sem sitja á í útlöndum og skipaður skal fulltrúum frá aðilum, en oddamaður tilnefndur af forseta Alþjóðadómstólsins eða aðalforstjóra Alþjóðabankans, ef nægilega mörg ríki fullgilda alþjóðasamninginn um lausn fjárfestingardeilna og Sviss gerist aðili að honum.

Ég hef nú sagt það áður, að þetta gerðardómsfyrirkomulag væri út af fyrir sig ekki athugavert, ef um væri að ræða venjulegan milliríkjasamning. Það er auðvitað mjög venjulegt, að í milliríkjasamningi séu ákvæði um gerðardóma. En hér er nú ekki um venjulegan milliríkjasamning að tefla. Hér er alls ekki um milliríkjasamning að ræða. Hér er ekki um að ræða samning á milli tveggja ríkisstj., heldur samninga ríkisstj., Landsvirkjunar og Hafnarfjarðarkaupstaðar við einkafyrirtæki, svissneska álfélagið og Íslenzka álfélagið. Ágreiningsmál út af slíkum samningum, sem hér á landi rísa, heyra eftir viðurkenndum réttarfarsreglum undir íslenzka dómstóla. Það er á allan hátt mjög óeðlilegt að taka ágreining Alusuisse við íslenzk stjórnarvöld undan lögsögu íslenzkra dómstóla. Hitt er þó miklu fráleitara að taka ágreiningsmál við hið Íslenzka álfélag, sem svo er kallað og sem er skrásett hér á landi sem íslenzkt félag og sem hefur stjórn, sem að meiri hluta til er skipuð íslenzkum ríkisborgurum, undan íslenzku dómsvaldi. Ég verð að segja það, að það er alveg furðulegt að samþykkja slíkt að taka ágreining Íslenzka álfélagsins við t. d. Hafnarfjarðarkaupstað um ókomin ár undan ísl. dómsvaldi. Það eru ekki bara þessir aðilar, sem núna eru í bæjarstjórn Hafnarfjarðar, sem eru að binda sig. Nei, um ókomin ár, 45 ár. Og það er ekki bara núv. stjórn Landsvirkjunar, sem þar er að binda sig, heldur eru nú einmitt ákvæði í 1. um Landsvirkjun, þar sem er heimilt að færa út hennar svið. Samkv. Landsvirkjunarlögunum á t. d. Laxárvirkjunin heimtingu á því að gerast aðili að Landsvirkjun. Þá á líka hún, þegar hún gengur inn í Landsvirkjunina, að vera bundin af þessum ákvæðum. Sem sagt, ágreiningur milli álfélagsins íslenzka annars vegar og sjálfstæðra íslenzkra réttaraðila hins vegar, Landsvirkjunar og Hafnarfjarðarkaupstaðar, á að takast undan íslenzku dómsvaldi og leggjast undir dómsvald útlends dómstóls. Ég verð að segja það, að að mínum dómi er ekki hægt að samþykkja slíkt, og ég verð að endurtaka það, sem ég raunar hef áður sagt um það, að ég tel, að þessi gerðardómsákvæði lýsi vantrausti á íslenzkum dómstólum og íslenzku réttarfari og þau hljóti að byggjast á þeirri skoðun, að hér sé ekki fullkomið réttarríki. Og það hefur í raun og veru líka verið viðurkennt, eins og ég kem máske síðar að, af aðalforstjóra Swiss Aluminium, að þessi gerðardómsákvæði byggist á því, að íslenzka dómstóla skorti að hans mati reynslu í þessum efnum og þess vegna vantreysti hann og hans fyrirtæki þeim til þess að fara með endanlegt ákvörðunarvald í þessum ágreiningsmálum.

Það er nú ástæða til þess og væri vissulega ástæða til þess að staldra við og athuga, hvað hér er verið að gera. Það er sem sagt verið að færa dómsvaldið í tilteknum íslenzkum málum út úr landinu og leggja þau undir útlendan dómstól eða fá þau í hendur útlendri stofnun, alþjóðlegum gerðardómi, ef menn vilja orða það svo, sem þó er auðvitað rangefni. Það er auðvitað ekki hægt að tala um neinn alþjóðlegan gerðardóm í þessu sambandi. Alþjóðlegan gerðardóm er auðvitað því aðeins hægt að tala um, að það sé gerðardómur, sem á að dæma eftir alþjóðlegum reglum, eftir reglum, sem gilda fyrir ríkin og eru eins um alla heimsbyggðina. Þá er hægt að tala um alþjóðlegan gerðardóm, þegar hann leysir úr og skýrir slíkar þjóðréttarlegar reglur. En þegar einn dómur, hvort sem það er gerðardómur eða ekki, á að dæma eftir, eins og það er nú sagt hér í þessum l., í fyrsta lagi a. m. k., eftir íslenzkum l., er náttúrlega ekki hægt að tala um neinn alþjóðlegan gerðardóm. En í þessum samningi finnst mér örla nokkuð mikið á því, að menn rugli saman landslögum og þjóðréttarreglum og geri sér ekki grein fyrir, hver reginmunur þar er á, halda að það sé hægt bara að setja það saman og hvað innan um annað.

Dómsvaldið er þáttur ríkisvaldsins alveg eins og löggjafarvaldið er einn þáttur ríkisvaldsins, og það er auðvitað engu ómerkari þáttur ríkisvaldsins heldur en sjálft löggjafarvaldið. Og ef það má fara svona að með dómsvaldið, flytja það út úr landinu í einstökum málum og fá það í hendur útlendri stofnun, má auðvitað alveg eins fara að með einhverja þætti löggjafarvaldsins. En ég geri ráð fyrir því, að ef menn færu að athuga það og velta því fyrir sér, þætti þeim það furðu fráleitt, ef það ætti að fara að játast undir það, að ákvörðunarvaldi, löggjafarvaldi í tilteknum málum skyldi afsalað í hendur einhverri útlendri stofnun.

Ég hef gagnrýnt þessi ákvæði mjög harðlega. Ég gagnrýndi þau svo sterklega sem kostur var í útvarpsumr. um vantraustið. Einmitt til þess að vekja athygli á þeim og vara við, áður en skrifað væri undir. En þessi ákvæði höfðu þá fyrst fyrir nokkrum dögum borizt mér í hendur og þá afhent sem trúnaðarmál, þannig að þess var ekki kostur að fara ítarlega út í umr. um þau og í raun og veru ekki hægt um þau að ræða frekar en komið var fram um þau í blöðum og almenningi var orðið kunnugt um. En ég vildi einmitt með þeirri ákveðnu gagnrýni, sem ég setti þar fram, vara ráðh. við, áður en samningurinn væri undirskrifaður. Sú aðvörun bar ekki árangur, og samningarnir voru undirritaðir allt að einu. Að vísu er sú undirskrift án allrar skuldbindingar, og enn er fullur kostur fyrir

Alþ. að hafna þessum samningum. Enginn alþm., sem þeim greiðir atkv., kemst hjá því að bera á þeim fulla ábyrgð og taka á sig fulla ábyrgð af þessu, og þeir verða algerlega samábyrgir ráðh. í þessu efni, ef þeir samþykkja þá óbreytta.

Ég sagði í útvarpsræðu minni þetta um samninginn, sem ég vildi mega fá að rifja hér upp, með leyfi hæstv. forseta, og að gefnu tilefni, sem ég mun síðar nokkru nánar að koma:

„Víst er þetta óvenjulegt og óviðunandi, þegar um er að ræða ágreining svissneska hlutafélagsins við stjórnvöld hér á landi. En þá ofbýður manni þó fyrst, þegar gert er ráð fyrir, að sama regla gildi um ágreiningsmál út af samningum við hið íslenzka álfélag, sem svo er kallað, en það félag er látið heita íslenzkt félag, á að skrásetjast hér sem slíkt, á samkv. orðanna hljóðan að fara að íslenzkum lögum og hafa stjórn, sem að meiri hl. til er skipuð íslenzkum ríkisborgurum. Hvernig á ríkið að semja svo um, að ágreiningsmál þess, Hafnarfjarðarkaupstaðar eða Landsvirkjunar við íslenzk hlutafélög séu tekin undan íslenzkum dómstólum og fengin alþjóðlegum gerðardómi til úrlausnar? Fyrr má nú rota en dauðrota. Og hvernig í ósköpunum er hægt að kalla það íslenzkt félag, sem ekki lýtur lögsögu íslenzkra dómstóla? Ég efast eigi um, að ráðh. hafi lagt sig allan fram við þessa samningsgerð, og ég efast eigi um, að hann hafi ýmsu fengið breytt til batnaðar í þessum samningi. Ég tel víst, að hann hafi reynt að fá breytingu á þessum ákvæðum, en það hefur ekki tekizt. Þá hefði hann átt að setja hnefann í borðið og segja: Hingað, en ekki lengra. Undir svona nokkuð er ekki hægt að skrifa fyrir fullvalda ríki, sem vill telja sig í hópi réttarríkja. Það er niðurlægjandi, og í því felst frekleg móðgun bæði gagnvart þjóðinni og íslenzkum dómstólum. Það skiptir ekki öllu máli, hvort ágreiningsmálin verða mörg eða fá. Samningsákvæðið sem slíkt er jafnfráleitt. Ég verð að segja það eins og það er, að ég vorkenni dómsmrh. að þurfa að ganga undir það jarðarmen að undirrita slíkt."

Þetta voru mín orð, minn dómur um þessi samningsákvæði. Meira sagði ég ekki. Jú, að vísu. Ég sagði, að þessi ákvæði hlytu, eins og ég er þegar búinn að rekja, að byggjast á vantrausti á íslenzku réttarfari og tortryggni í garð íslenzkra dómstóla. Og það er í einu og öllu staðfest af aðalforstjóranum svissneska. Ég viðurkenni, að orð mín eru sterk fordæming á þessum ákvæðum. En þau eru að mínum dómi sízt of hörð. Hæstv. dómsmrh. hefur hneykslazt mjög á þessum ummælum mínum, en ég stend fast við þessi orð. Þau eru mitt mat á þessum ákvæðum. Það er mitt mat, að undir svona nokkuð sé ekki hægt að skrifa fyrir fullvalda ríki, sem vill telja sig í hópi réttarríkja. Við það álit legg ég mitt nafn, bæði gagnvart Alþ. og gagnvart seinni tímanum. Hitt skil ég svo vel, að hæstv. dómsmrh. getur sárnað þessi gagnrýni, af því að ég er út af fyrir sig ekki að efa það, að hann telji sig hér hafa unnið gott verk, og hann álíti það, að hann hafi lagt sig þarna allan fram og náð árangri, sem hann telur mikilsverðan. En það er nú einu sinni svona, þegar við búum við lýðræðislega stjórnarhætti, þá verða þeir, sem vinna að þessum málum fyrir ríkisins hönd að sætta sig við, að það, sem þeir gera, sé gagnrýnt opinberlega. Ég fæ ekki heldur séð, að hæstv. dómsmrh. né stuðningsmenn hans hafi getað hrakið eitt einasta orð af því, sem ég sagði í minni útvarpsræðu, ekki eina einustu röksemd mína. Í stað þess hafa þeir svarað út í hött, farið að ræða um allt annað. Það er að vísu ekki nýtt, það er algengt fyrirbæri hjá rökþrota mönnum. Þeir hafa farið að snúa sér að því að ræða um gerðardóm í milliríkjadeilum. Ég hef aldrei haft neitt við slíkan gerðardóm að athuga. Ég býst við því, að ég gæti haldið hér hátt upp í það jafnlanga tölu um slíka gerðardóma og hæstv. dómsmrh. og okkur mundi koma prýðilega saman um þá gerðardóma. Við mundum báðir viðurkenna, að þeir hefðu miklu til leiðar komið og stuðlað að friðsamlegri lausn í deilumálum á milli þjóða. En þetta er bara ekki slíkur gerðardómur, sem hér er um að ræða. Hér er ekki um neinar milliríkjadeilur að tefla. Swiss Aluminium er stórt, en það er þó ekki neitt ríki. Það er meginmunurinn. Og meira að segja er nú farið að tala um gerðardóma innanlands og sagt, að það sé altítt og þekkt fyrirbæri, að menn semji svo um að leysa deilumál sín, sem þeir hafi forræði yfir, með þeim hætti að skjóta þeim til gerðardóms, vegna þess að þeir t. d. telji sig fá úrlausn með skjótari hætti á þann veg. Þetta er alveg rétt. Gerðardómar tíðkast og hafa tíðkazt hér á landi frá fornu fari. Það var í fornöld talað um að leggja mál í gerð. Það er allt annað og enginn hefur verið að gagnrýna slíka gerðardóma. Þeir koma þessu máli hreint ekkert við, þannig að það er alveg sama, hvað langt mál þeir tala, hæstv. dómsmrh. og hæstv. forsrh., um slíka gerðardóma, þá breytir það ekki nokkrum stafkrók í því, sem sagt hefur verið um þessa sérstöku tegund gerðardóma, sem um er að tefla í þessum samningi.

Ég get nú varla verið að eyða orðum að því líka, að það er verið að tala um gerðarákvæði í viðskiptasamningum á milli ríkja. Auðvitað er það þekkt, að það séu gerðarákvæði í viðskiptasamningum. En viðskiptasamningar eru nú bara talsvert annars eðlis heldur en þessir samningar, sem hér liggja fyrir. Það er nú t. d. ekki verið að koma með viðskiptasamninga hingað inn á Alþ. og fjalla um þá hér. Og þeir eru yfirleitt ekki gerðir nema til eins eða í hæsta lagi til tveggja ára í senn, þannig að það er nú nokkuð mikill munur á því.

Það var verið að ræða um það hér, t. d. var viðskmrh. að ræða um það á sínum tíma í sambandi við þennan gerðardóm um lausn fjárfestingardeilna, að hann ætlaði nú að sanna það, að þetta ákvæði í þessum samningum ætti sér glögg fordæmi, vegna þess að gerðardómsákvæði væru í rússneska viðskiptasamningnum um olíuviðskipti. Ég verð nú að segja, að það var heldur óheppilega valið dæmi, bæði vegna þess, sem ég hef sagt um viðskiptasamninga, og eins vegna þess, að það stendur nú nokkuð sérstaklega á varðandi viðskipti við Rússland, þar sem allir vita, að í raun og veru er það ríkið, sem á bak við stendur, og þar er því um milliríkjasamninga að ræða í raun og veru. Og í þriðja lagi hef ég beðið menn að athuga það, hver mundi hafa dæmt í þeim málum, ef ekki hefði verið samið um gerðardóminn, hvaða varnarþing hefði verið í þeim málum út af olíusamningnum, út af olíukaupum við Rússland? Ég held, að það hlyti að hafa verið eftir venjulegum reglum í Rússlandi. A.

m. k. hygg ég það, að ef við gerðum sölusamning um síld og mál risu út af honum, yrði, ef ekkert væri um það samið, sá kaupandi, sem vildi gera rétt sinn gildandi að einhverju leyti út af þeim samningi, að höfða mál hér á landi og sækja það hér. Þessi samanburður, sem menn hafa gripið til í sambandi við olíuviðskiptasamninginn, er náttúrlega svo fjarstæður, að það er ekki hægt að vera að eyða tíma þessarar hv. d. meira en orðið er til þess að fjalla um það, og ég ætla nú bara að vona það, að það verði ekki farið að bera þvílíkan hugsanagraut á borð hér í hv. Ed. Og vona ég, að hæstv. dómsmrh. láti það vera og þeir hæstv. forsrh. og hæstv. dómsmrh. láti viðskmrh. alveg þá eldamennsku eftir. Og skal ég ekki fara fleiri orðum um það og ekki heldur um það, sem hér hefur borið á góma, að menn hafi viljað finna fordæmi fyrir þessum samningum í Efnahagsbandalagssáttmálanum. Það er náttúrlega svo fjarstætt, að það er ekki hægt að ræða slíkt í alvöru og ekki ástæða til að vera að eyða tíma manna í það.

En sem sagt, ekkert af því, sem ég sagði um þennan gerðardóm, sem ákvæði eru um í þessum samningi, hefur verið hrakið. En ég hafði ekkert rætt um það, sem lýtur að milliríkjagerðardómum eða innanlandsgerðardómum eða ákvæði í viðskiptasamningum, og þess vegna var engin ástæða til þess fyrir þessa hæstv. ráðh., sem ég hef hér nefnt, að fara að víkja að þeim tegundum samninga. Ég hef aðeins rætt um þessa tegund af samningi, sem hér liggur fyrir, þar sem ríkið semur við einkafyrirtæki um, að ágreiningsmál á vissum sviðum, bæði á milli þess og einkafyrirtækis og á milli íslenzkra réttaraðila, skuli tekin undan lögsögu íslenzkra dómstóla og fengin í hendur gerðardómi, útlendum eða alþjóðlegum, hvort sem menn vilja heldur kalla það. Það var um þessa tegund samninga, sem ég sagði: „Ég efast um, að í nágrannalöndum okkar séu fordæmi fyrir því, að ríkisstj. semji hliðstæð mál undan eigin dómstólum.“ Ég sagði ekki meira. Ég fullyrti ekki mikið. Mér voru ljós mín þekkingartakmörk, og að það kynnu að finnast einhverjir samningar í nágrannalöndunum, þar sem finna mætti þvílík ákvæði. En ég efaðist um það, og ég efast vissulega enn, því að hvorki ráðh. né aðrir talsmenn álmálsins hafa getað bent á nein hliðstæð fordæmi frá nágrannalöndunum, ekki eitt einasta t. d. frá Norðurlöndunum.

Hæstv. ráðh. var að tala um það í framsöguræðu sinni á laugardaginn, að það færi í vöxt, að samið væri um slíka gerðardóma á milli ríkja og einkafyrirtækja. Má vera, að það hafi farið í vöxt á vissum svæðum í heiminum, en það er ekki hér á Norðurlöndum, það ætla ég að fullyrða. Ráðh. tók upp þessi ummæli mín í Nd. og sagði, með leyfi forseta: „Ég segi bara: Prófessorinn á að lesa betur.“ Ja, hvort ég skal. Ég er einmitt allur af vilja gerður til þess að lesa betur og bara bíð eftir því, að hæstv. ráðh. bendi mér á, hvar ég á að leita að slíku lestrarefni. En það hefur ekki enn verið gert, og mér hefur ekki enn verið bent á neitt fordæmi. Það er þó liðinn nær hálfur mánuður, að ég ætla, frá því að ég skoraði á hæstv. viðskmrh., eftir að hann hafði verið óvenjulega gífuryrtur í þessari hv. d., að benda mér á eitt einasta dæmi frá Norðurlöndum í þessa átt eða frá nágrannalöndunum, skoraði á hann að finna þau. En það hefur ekki borizt svar frá honum enn. Hann hefur ekki fundið þau enn. Og hæstv. dómsmrh. hefur ekki lagt fram nein slík gögn um fordæmi frá Norðurlöndunum. Þó hefur stjórnin vissulega nægilegan mannafla til þess að afla þessara gagna, ef til væru. Hún hefur á Norðurlöndunum ekki aðeins ágæta sendiherra almennt talað, heldur einnig alveg fyrirtaks lögfræðinga. Í Kaupmannahöfn situr Gunnar Thoroddsen fyrrv. prófessor. Í Svíþjóð situr Árni Tryggvason fyrrv. hæstaréttardómari. Í Osló situr Hans G. Andersen þjóðréttarfræðingur. Í London situr Guðmundur Í. Guðmundsson fyrrv. utanrrh. Skyldu nú þessir menn ekki finna fordæmi, ef þeir færu í lúsarleit í þessum löndum? Ætli hæstv. ríkisstj. hafi ekki reynt að leggja fyrir þessa menn, eftir að ég hef sett fram mín andmæli gegn þessum ákvæðum, — ætli hún hafi ekki reynt að fá þá til þess að leita að og benda sér á ákvæði, sem hún gæti svo lagt fram hér og státað af og sýnt fram á það, að ég hefði farið með rangt mál? Reyndar hefði ég nú ekki farið með rangt mál, þó að þeir hefðu getað bent á einstök samningsákvæði, því að ég sagði aldrei annað en að ég efaðist. En það hefur ekki verið hægt að benda á eitt einasta. Setji þeir þessa menn af stað og láti þá leita og sýni þeir fram á, að ég hafi sagt hér of mikið um þetta. Ég efast ekkert um, að þeir hafi þegar látið þessa ágætu menn leita svo vel sem kostur er, en það hafi bara ekkert hafzt upp úr krafsinu. Það stendur sem sagt, að ekkert fordæmi er að finna um þetta á Norðurlöndum. En svo kemur annað til. Hvað sagði aðalforstjórinn Meyer í blaðaviðtali um þetta? Samkv. orðréttri útvarpsfregn, sem birt var 29. marz s.l., sagði hann þetta, með leyfi forseta, um það ákvæði samningsins, að skipaður verði alþjóðlegur gerðardómur til að skera úr ágreiningsmálum, sem hugsanlega gætu risið milli Swiss Aluminium og íslenzka ríkisins varðandi verksmiðjuna, að þessi samningur væri einstæður að þessu leyti. (Gripið fram í.) Já, nú, þeir hafa bara gert samninga við einkafyrirtæki hingað til, og hafa svo ekki einu sinni einkafyrirtækin viljað semja um svona fyrirkomulag. (Gripið fram í.) Þarf nú frekar vitna við? Það er ekkert fordæmi að finna í nálægum löndum. En á eitt einasta fordæmi hefur þó hæstv. ráðh. bent, og það skal viðurkennt, og það er í álsamningi Ghana, sem N'Khrumah gerði á sínum tíma. Ég efaðist ekkert um, að það mætti finna slík fordæmi í einstökum samningum við Afríkuríki, í einstökum samningum við nýfráls Afríkuríki, sem búa við frumstætt réttarfar, en vilja hins vegar geysimikið til vinna að fá erlent fjármagn inn í landið. Ég hef ekki séð þennan Ghana-samning, en ég efast út af fyrir sig ekki um, að þetta sé alveg laukrétt hjá ráðh., að þarna megi finna ákvæði, sem þessu sé hliðstætt, sem hér hefur verið um samið. Hann sagði nú í Nd., hæstv. ráðh., að það væru rangar getsakir hjá mér, að krafan um gerðardóm, að taka málin undan lögsögu íslenzkra dómstóla, byggðist á vantrausti á íslenzkum dómstólum. Og hann sagði þá, hæstv. ráðh., eða lét liggja að því mjög greinilega, að krafan um gerðardóm væri upphaflega komin frá Íslendingum sjálfum, og hann sagði nú það, og ég kem nú að því síðar, eða a.m.k. yrðu orð hans ekki skilin á annan veg en að gerðardómsákvæðin hefðu verið í fyrsta samningsuppkastinu frá Íslendingum. Hitt er svo annað mál,

að það var talsvert annað hljóð í hæstv. ráðh., um þessi efni, þegar hann talaði um þau hér í þessari hv. d.

En hvað sagði aðalforstjórinn, Meyer, um þetta? Samkv. frásögn Alþýðublaðsins af viðtalinu við Meyer sagði hann:

„Í samningum við Ísland er fram tekið, að deilumálum megi vísa í alþjóðlegan gerðardóm, þar sem aðilar tilnefna hvor sinn mann, og ef þeir ekki koma sér saman um oddamann, tilnefni forseti Alþjóðadómstólsins í Haag hann.“ Meyer sagði, að ákvæði um þetta væru ekki í hliðstæðum samningum fyrirtækisins við önnur lönd, en rétt hefði þótt að hafa þetta ákvæði, vegna þess að hér væri því ekki fyrir að fara eins og víða erlendis, að dómstólar hefðu fjallað um mörg deilumál af þessu tagi og hér væru engir dómar í þessum efnum til að styðjast við.“ Þetta sagði Meyer.

Og hvað sagði hæstv. forsrh. í útvarpsumr. um vantraustið? Hann gaf þá skýringu á þessu gerðardómsákvæði, sem mér finnst út af fyrir sig eðlileg, að þar sem Alusuisse tæki hér á sig svo og svo miklar ábyrgðir hefði það gert þessa kröfu um alþjóðlegan gerðardóm. Ég hygg, að þessi skýring sé mjög nærri sanni. Og það kom reyndar fram hjá hæstv. dómsmrh. við umr. hér í þessari hv. d. á laugardaginn með hverjum hætti þessi gerðardómsákvæði væru í raun og veru tilkomin. En í hv. Nd. var hæstv. dómsmrh. aftur á móti ákaflega hróðugur af þessum gerðardómsákvæðum, og hann sagði þar að þau hefðu komið fyrst frá Íslendingum. Þó segir hann líka þar, eins og hér segir, með leyfi forseta:

„Á 10. fundi n. 28. okt.“ — þ.e.a.s. þmn. — „1965, voru rædd gerðardómsákvæði, sem talið var æskilegt, að hægt væri að takmarka, enda væru íslenzkir dómstólar nægileg trygging fyrir Alusuisse. Ég man vel á þessum fundi, að það var sérstaklega hv. 5. þm. Austf., sem taldi gerðardómsákvæðin óþarfa og vildi takmarka þau sem allra mest. Samt sem áður komu ekki fram neinar till. um að taka þau úr uppkastinu. Ég efast þó ekkert um, að honum hefði kannske verið kærara að taka ákvæðin um gerðardóm alveg úr, og það kann vel að vera, að hann hafi látið í ljós skoðun sína um, að það væri æskilegra. Það má segja, að við höfum kannske allir verið á þeirri skoðun. Samt sem áður var nú þessi hugmynd í upphafi sett fram af okkar hálfu.“

Ég verð að segja, að þetta er dálítið mótsagnakennt. Það verður að vísu eilítið skiljanlegra eftir þá ræðu, sem hæstv. ráðh. hélt hér á laugardaginn, þar sem hann skýrði sjálfsagt alveg réttilega, hvernig þessi ákvæði urðu til. Og það er náttúrlega ekki rétt, að þessi gerðardómsákvæði séu sett samkv. kröfu Íslendinga. Það afsanna í fyrsta lagi ummæli aðalforstjórans svissneska, og það er líka viðurkennt nú af hæstv. dómsmrh. í hans framsöguræðu í þessari hv. d. En auk þess mun það sjást með öðrum hætti enn betur, svo sem ég mun koma að síðar.

Hverjum eiginlega ætti að geta dottið það í hug, að Íslendingar hefðu ótilneyddir farið að setja fram svona ákvæði í samningum eins og þessi gerðardómsákvæði eru? Þau eru að mínum dómi fullkomin lítilsvirðing á dómstólum, og ég verð að segja það, að ég tel það alveg vansæmandi að taka íslenzk mál undan lögsögu íslenzkra dómstóla, og það er sérstök ástæða til fyrir okkur Íslendinga að athuga það. Við þjuggum við þær aðstæður, að öldum saman eða allt frá því 1273 og þangað til 1920 urðum við að sækja dóma, — æðsta dómsvald okkar — í annað land, þannig að við höfum af því reynslu. Að vísu reyndust þeir dómstólar sumir hverjir vel, en eigi að síður var þeim áfanga fagnað sem merkum áfanga í sjálfstæðis- og fullveldisbaráttu okkar, þegar íslenzka dómsvaldið var að fullu flutt heim og inn í landið 1920. Þess vegna er það, að ég segi, að undir svona ákvæði sé ekki hægt að skrifa fyrir fullvalda ríki, sem vill telja sig í hópi réttarríkja.

Ef einhver góðborgari tæki t.d. upp á þeim skrýtilegheitum að skríða á almannafæri á Lækjartorgi gegn borgun frá einhverjum mönnum, sem væru svo einkennilega innréttaðir, að þeir hefðu ánægju af því að horfa á hann gera það, er það alveg áreiðanlegt, að hann mundi glata virðingu sinna samborgara við það. En hann mundi eftir sem áður vera maður, hann mundi eftir sem áður njóta alveg fullra mannréttinda. Á sama hátt er íslenzka ríkið vitaskuld eftir sem áður til og alveg eins og áður, þrátt fyrir þennan samning. Íslenzka ríkið er auðvitað fullvalda alveg eftir sem áður, þó að það geri þennan samning. En það hefur að mínum dómi lítillækkað sig með því að gangast undir slík gerðardómsákvæði sem þessi. Ég hef ekki sagt annað og meira en það. Ég hef náttúrlega aldrei ýjað í þá átt, að íslenzka ríkið væri ekki fullvalda eftir sem áður og alveg án tillits til þessa samnings. Ég hef heldur ekkert sagt um það, hvort þessi ákvæði brytu í bága við stjórnarskrána eða ekki. Ég hef ekki minnzt á það einu orði. Það er sjálfsagt út af fyrir sig rannsóknarefni. En vegna aðstöðu minnar tel ég ekki rétt að vera með neinar fullyrðingar um það og hef ekki verið með þær.

Það er fært fram til afsökunar og sagt, að það sé þó bragarbót, að jafnvel þó að þessi gerðardómsákvæði séu slæm eða séu ekki a.m.k. eins og menn hefðu helzt viljað þau, eigi þessi útlendi dómstóll þó að fara eftir íslenzkum lögum, en um það segir í 45. gr. samningsins:

„Samning þennan ber að skýra, túlka og framkvæma samkv. ákvæðum hans, aðalsamningsins og hinna fskj., eftir því sem unnt er, og að öðru leyti fer um skýringu, túlkun og framkvæmd, gildi og áhrif samnings þessa að íslenzkum lögum og þeim reglum þjóðaréttar, sem við kunna að eiga, þ. á m. þeim grundvallarreglum laga, sem almennt eru viðurkenndar af siðmenntuðum þjóðum.“

Þessi réttlæting á þessum ákvæðum, að þetta geri nú ekki svo mikið til um þennan útlenda dómstól, af því að hann eigi að fara eftir íslenzkum lögum fyrst og fremst, kann að hljóma vel í leikmannseyrum. En ég verð að segja það, að í mínum lögfræðingseyrum lætur hún nokkuð einkennilega. Og ég get ekki komizt hjá því að hugsa til þess, hvort mitt aðalstarf sé þá ekki að verða nokkuð tilgangslítið og hvort það mætti ekki spara eitthvað á þeim pósti! Til hvers eru menn að læra íslenzk lög? Til hvers erum við að útskrifa lögfræðinga og til hvers er það gert að skilyrði hér fyrir dómarasæti, að maður hafi lokið

lögfræðiprófi? Það er svo með íslenzk lög, að það er ekki alveg eins auðvelt að beita þeim eins og að skrúfa frá vatnskrana. (Gripið fram í.) Já, sumir gera það, það er alveg rétt, og þurfa ekki að skammast sín fyrir. En sumir kenna líka íslenzkar bækur. En það er ekki svo einfalt að beita íslenzkum lögum, að það sé bara sjálfgefin niðurstaða, ef það er sagt, að íslenzk lög eigi við. Það þarf kunnáttu, sérfræðikunnáttu til þess að beita, skýra og túlka íslenzk lög. Þess vegna er verið að krefjast lögfræðiprófs af mönnum, sem eiga að skipa dómarasæti. Þess vegna höfum við ekki leikmannadóma hér í þessu landi. Og við hvað er átt þarna með íslenzkum lögum? Halda menn, að það sé aðeins átt við sett lög, lög, sem hafa verið sett af Alþ.? Nei, auðvitað ekki. Það er átt við íslenzk lög í víðtækri merkingu, átt bæði við sett lög og réttarvenjur. Hvernig á þessi útlendi dómstóll að hafa þekkingu á þessum reglum? Jú, menn segja náttúrlega, að það verði málflm. látinn flytja þetta fyrir hönd íslenzka ríkisins, og hann geri grein fyrir því. En hvernig þætti mönnum það fyrir íslenzkum dómstólum? Væri það nóg að hafa bara löglærða málflm., en dómararnir væru ólöglærðir? Nú verða þessir dómarar, sem sitja í þessum gerðardómi, e.t.v. löglærðir, en þeir verða bara ekki lærðir í íslenzkum l., og það er nokkuð sitt hvað. Þeir verða lærðir í enskum l., eða þeir kunna að verða lærðir í þjóðarétti, en það er ekki það sama og að vera lærður í íslenzkum lögum. Þessi dómstóll hefur auðvitað engin skilyrði til þess að dæma eftir íslenzkum lögum. Og það er þess vegna nánast blekking, þegar menn eru að gera svona mikið úr því, að það sé eitthvert öryggi í því, að þessi útlendi dómstóll eigi að dæma eftir íslenzkum lögum. Ég hygg, að það sé sannmæli allra, sem til þekkja, að dómsvaldinu íslenzka sé bezt borgið í höndum íslenzkra dómstóla, og ég bara spyr: Vill nokkur halda öðru fram? En það hefur þó örlað á því stundum, að því er manni virðist, í þessum umr., að því hefur verið haldið fram eða verið látið í það skína, að það væri jafnvel betra að fá úrlausn þessa alþjóðagerðardóms, sem kallaður er, heldur en að eiga sitt mál undir íslenzkum dómstólum.

Nei, ég sný ekki aftur með það, að þessi ákvæði um gerðardóminn í þessum samningum eru hraksmánarleg að mínum dómi, og það ættu formælendur þessa samnings að viðurkenna og sjá sóma sinn í að viðurkenna það, en telja svo aftur, að að þeirra dómi væru þá aðrir kostir á samningunum, sem réttlættu það að ganga að þessum varhugaverðu ákvæðum. En sú leið hefur ekki verið farin, heldur hefur þessi samningur allur í heild sinni verið gylltur. Það hefur ekki mátt sjást á þessum samningi nokkur blettur eða nokkur hrukka. Allt hefur átt að vera ágætt. Ja, ég verð að segja: „Miklir menn erum við, Hrólfur minn." Þeir eru slyngir samningamenn þessir menn, sem hafa staðið í því fyrir Íslands hönd að gera þessa samninga, ef þeim hefur tekizt það í öllum atriðum að fá þessa samninga svo hagstæða, að þar séu engir agnúar á. Ég hefði þó satt að segja haldið, að þessir svissnesku aðalforstjórar væru engin flón, og ég hefði haldið, að þeir hefðu æðimikla reynslu í þessum samningagerðum, og ég gæti búizt við því, að þeir væru talsvert harðdrægir og lagnir menn í slíkum samningagerðum, og ég verð að telja það aðdáunarvert, ef íslenzku samninganefndarmönnunum hefur tekizt að ná þannig samningum í öllum greinum, að það sé hvergi blettur eða hrukka á þessum samningum. En það virðist svo, að þannig sé litið á af sumum fyrirsvarsmönnum þessara samninga, því að þeir fást eiginlega ekki til þess að viðurkenna, að það sé þar nokkur agnúi á, vilja jafnvel ekki viðurkenna, að þessi gerðardómsákvæði geri svo sem neitt til.

Ég veit, að það eru til menn, sem gera lítið úr þessum gerðardómsákvæðum, yppta yfir þeim öxlum og telja, að það muni ekki mikið reyna á þau, telja, að ég og aðrir hafi gert of mikið veður út af þeim. Það má vera, að það reyni ekki svo mikið á þau, ég skal engu spá um það. En þau eru samt fyrir hendi. En um þessa menn, sem þannig tala, vil ég segja það, að þeir tala að mínum dómi alveg eins og hreinir óvitar og ég verð að segja það, að þeir hafa ekki einu sinni lært stafrófið í íslenzkri sögu.

Það er alveg furðulegt, að mínum dómi, að það skuli vera til menn, sem geti sætt sig við það að afsala með samningum við einkafyrirtæki, útlendan auðhring, broti af dómsvaldinu, broti af ríkisvaldinu í hendur erlendra aðila. Jafnvel þó að þeir telji sér trú um, að þeir fái einhver fríðindi eða hlunnindi í staðinn. Já, og jafnvel þó að þeir fengju einhvern ávinning í sinn hlut í staðinn í raun og veru, því að það mun hér sannast sem endranær í hverju máli, að þeirra hlutur verður jafnan verstur, sem vilja bera sæmd sína í sjóði. Og það hefur aldrei þótt gæfumerki að vilja selja sinn frumburðarrétt fyrir einn baunadisk.

Ég vil nú benda hér aðeins á 35. gr., þar sem gert er ráð fyrir því, að eignarnám geti átt sér stað á fjárfestingum ISALs. Það eru tekin upp í þessa 35. gr. þau skilyrði, sem þurfa að vera fyrir hendi til þess að það megi fram fara. Og þau eru að sjálfsögðu í samræmi við 67. gr. stjórnarskrárinnar. En nú er spurningin sú, sem ég held, að ekki væri úr vegi fyrir hæstv. ráðh. að athuga, að það skiptir nokkru máli í þessu sambandi, hvaða aðili á að eiga endanlegan úrskurð um það, hvort þessi skilyrði séu fyrir hendi eða ekki. Það stendur að vísu ekkert um það í okkar stjórnarskrá, hver eigi úrskurðarvald um það, en samkv. viðtekinni venju, og að ég ætla stjórnskipunarvenju, eru það dómstólarnir hér á landi, sem segja til um það, hvort lög séu í samræmi við stjórnarskrá eða ekki. Samkv. okkar stjórnarskrá eða samkv. þeim stjórnskipunarvenjum, sem hér hefur verið fylgt, ættu því, ef til þess kæmi, að lög væru sett, sem þjóðnýttu eitthvað af fjárfestingum þessa auðhrings, íslenzkir dómstólar að meta það til fullnaðar, hvort skilyrði stjórnarskrárinnar og þá einnig skilyrði þessa samnings væru fyrir hendi eða ekki. Og ég vil náttúrlega halda þeim skilningi fram á þessu ákvæði. En engan veginn er það nú vafalaust, og þess vegna væri ástæða til þess að spyrja hæstv. ráðh. að því, hver sé hans skilningur á því. Er það hugsanlegt, að þeir t.d., sem héldu því fram, að það væru ekki greiddar fullar bætur fyrir þá framkvæmd eða fjárfestingu, sem eignarnámi væri tekin, gætu skotið spurningunni um það undir þennan alþjóðlega gerðardóm? Ég mundi auðvitað vilja halda því fram, að um það atriði ættu íslenzkir dómstólar einir fullnaðarúrskurðarvald.

En engan veginn er þetta ótvírætt. Ég vil svo segja það um þessa samninga, að þeir eru víða flóknir og torskildir. Ég nenni þar ekki að fara út í neinn sparðatíning, en vil fullyrða, að í þessum samningum úir og grúir af ákvæðum, sem eru torskilin eða geyma vafasöm túlkunaratriði eða jafnvel eru með öllu óskiljanleg.

Ég tel mig hér hafa sýnt fram á, hvers vegna við framsóknarmenn teljum þessa samninga alla óaðgengilega, varhugaverða og óboðlega og ótímabæra, eins og á stendur, hvers vegna við teljum útilokað að samþykkja þá, hvers vegna við teljum, að undir svona samninga sé ekki hægt að skrifa. Um þessa samninga hefur þegar verið fjallað í samvinnunefnd beggja d. Við höfum því þegar athugað það í n. Við teljum því enga ástæðu til, að það fari til 2. umr., og við munum því strax greiða atkv. gegn því við lok þessarar umr.

Við álítum, að þessir samningar muni reynast illa og muni hafa skaðvænleg áhrif. Vera má, að okkur missýnist. Öllum getur skjátlazt, og vera má, að framkvæmdirnar gangi betur en til er stofnað. Og það er út af fyrir sig vel, ef svo verður, þjóðfélagsins vegna. Þá verða dómar manna e.t.v. mildari um hina stórkostlegu ágalla þessara samninga. En kynni menn sér þá einnig þær forsendur, sem afstaða okkar framsóknarmanna í þessu máli byggist á, kvíði ég ekki dómi framtíðarinnar um afstöðu okkar í þessu máli, hvernig svo sem til tekst um framkvæmd þessara samninga.

Herra forseti. Hér gæti ég nú látið máli mínu lokið, ef ekki kæmi sérstakt til, en ég verð nú að bæta nokkru við enn. **(Forseti:** Væri þá ekki rétt að gera það eftir fundarfrestunina?) Það má vera hvort eð vill. **(Forseti:** Það eru flokksfundir, sem byrja núna kl. 4.) Já ég sé nú, að hæstv. dómsmrh. er genginn burtu, ég ætla að tala svolítið við hann á eftir. **(Forseti:** Já, kannske þm. vildi þá fresta ræðunni?) Já. — [Fundarhlé.]

Herra forseti. Mér þykir nú leiðinlegt að þurfa að þreyta hv. þdm. enn um skeið, en ég kemst ekki hjá því að taka til dálítið sérstakrar meðferðar stóra skotið, sem hæstv. dómsmrh. ætlaði upphaflega að fýra af fyrst hér uppi í Ed., en missti úr byssunni í Nd., þ.e.a.s. dylgjunum um það, að álits míns hefði verið leitað um gerðardómsákvæði þessara samninga og ég lagt blessun mína yfir þau. Ég verð nú að segja það, að á dauða mínum átti ég von, eins og hver dauðlegur maður getur jafnan átt, en ekki á þessu. Og ég verð að segja það, að mér hefur sjaldan verið sýnd meiri ósvífni en að bera mér þetta á brýn. Hann sagði í Nd. á dögunum, með leyfi hæstv. forseta:

„En þar við bætist það, að þessi hv. þm. veit, að það var ekki krafa einkafyrirtækisins, að gerðardómsákvæðin voru sett inn í þennan samning. Upphaflega uppkastið, fyrsta samningsuppkastið eða frumdrögin frá Íslendingum gerðu ráð fyrir gerðardómi, og það er meira en ár liðið síðan þau voru sýnd Ólafi Jóhannessyni prófessor, sem fræðimanni á þessu sviði, og hann hafði ekkert við þessar hugmyndir að athuga á því stigi málsins og ekki síðar, sem ég skal koma betur að. Hv. þm. segir, að hann efist ekkert um, að ráðh. hafi lagt sig allan fram við þessa samningsgerð og hann efist ekki um, að ráðh. hafi ýmsu fengið breytt til batnaðar í þessum samningum, hann veit þetta, af því að hann hefur alltaf fylgzt með breytingum, sem orðið hafa á þessum ákvæðum. Þm. í flokkum stjórnarandstöðunnar hafa á hverjum tíma fengið upplýsingar hjá fulltrúum stjórnarandstöðunnar um samningagerðina. Prófessor Ólafur Jóhannesson veit, þegar hann er að tala um, að hann efist ekkert um, að ýmsu góðu hafi verið komið til leiðar, að vissulega breyttust þessi ákvæði mikið undir meðferð málsins og alltaf stig af stigi okkur í hag."

Svo mörg eru þau orð. Það fer ekki á milli mála, hvað hæstv. dómsmrh. er að dylgja um í þessum orðum, sem sagt það, að gerðardómsákvæði fyrsta íslenzka uppkastsins hafi verið lagt fyrir mig og að ég hafi látið í ljós, að ekkert væri við þau að athuga. Raunar verða orð ráðh. ekki skilin öðruvísi en svo, að þá hafi gerðardómsákvæðin verið enn óálitlegri, því að hann segir, að þau hafi breytzt, eins og ég las, stig af stigi og alltaf okkur í hag.

Þegar ég hafði látið skila til hæstv. ráðh. í Nd., að ég hefði aldrei látið uppi álit um þessa samninga og aldrei komið nálægt samningagerðinni, dró hann að vísu nokkuð í land, en þó ekki að fullu, því að í Morgunblaðinu þar á eftir er viðtal við hæstv. ráðh., og yfirskrift þess viðtals er svohljóðandi, sem ég veit þó ekki, hvort hæstv. ráðh. hefur gert eða einhver blaðamaður við Morgunblaðið, en þar segir í yfirskriftinni með feiknalega stóru letri, því stærsta, sem Morgunblaðið á: „Prófessor Ólafur Jóhannesson vissi frá upphafi um gerðardómsákvæðið, en gagnrýndi það aldrei, fyrr en eftir undirskrift álsamninganna." Hvernig finnst mönnum nú þetta, þegar alþjóð veit, að ég gagnrýndi þessi ákvæði harðlega í útvarpsumr., sem fóru fram, áður en samningurinn var undirritaður? Og hvað segir svo hæstv. ráðh. í þessu viðtali? Í Morgunblaðinu segir svo, með leyfi forseta:

„Morgunblaðið sneri sér til Jóhanns Hafsteins iðnmrh. í tilefni af þeim ummælum í forustugrein Tímans í gær, að það væri rangt, sem ráðh. hefði haldið fram, að álsamningarnir hefðu verið bornir undir prófessor Ólaf Jóhannesson, varaformann Framsfl. Um þetta sagði Tíminn, að Ólafur hefði aldrei gefið neitt álit varðandi ákvæði í samningunum, hvorki gerðardómsákvæði né önnur. Iðnmrh. sagði um þessa fullyrðingu Tímans, að áður en fyrsta samningsuppkast Íslendinga hefði verið sent hinum svissnesku samningsaðilum, hefði það verið sýnt prófessor Ólafi Jóhannessyni. Hann var ekki beðinn um sérstaka álitsgerð, en sá samningsuppkastið án þess að láta í ljós nokkrar efasemdir um gerðardómsákvæði þess. Ef prófessor í lögum er sýnt samningsákvæði, sem hann telur vansæmandi fyrir Íslendinga, hvers vegna segir hann það þá ekki þegar í stað? sagði Jóhann Hafstein."

Já, þetta segir ráðh. Ég verð nú að segja það, að það er alveg nýtt fyrir mér, að það sé verið að sýna lögfræðingum svona samningsuppkast bara upp á punt, en það sé ekki ætlazt til þess, að þeir láti í ljós neitt álit á því eða þeir séu spurðir um það. En út af þessum dylgjum hæstv. ráðh. hefur svo Morgunblaðið lagt — raunar dag eftir dag — með viðeigandi skýringum, með hæfilegum viðaukum og stórum yfirskriftum.

Nú dettur mér náttúrlega ekki í hug að fara að kvarta undan skrifum Morgunblaðsins. Mér kæmi auðvitað ekki til hugar að fara að svara Morgunblaðinu hér í þingræðu, og ekki dettur mér heldur í hug að fara að ónotast út í ritstjóra Morgunblaðsins, þó að þeir segi eitthvað miður vingjarnlegt um mig. Það er nú einu sinni þeirra atvinna. Nei, en það verður að gera dálítið aðrar og meiri kröfur til sannleiksmeðferðar dómsmrh., þessa æðsta oddvita íslenzkrar réttvísi og heiðarleika í landinu, heldur en venjulegs Morgunblaðsritstjóra. Og ég segi það alveg hiklaust, að ég tek ekki dylgjum af þessu tagi þegjandi né með þökkum, hvort sem þær eru bornar fram af dómsmrh. eða forsrh. Ég mun svara þeim alveg fullum hálsi, meðan ég er maður til.

En áður en ég vík að sannleiksgildinu í dylgjum dómsmrh., langar mig til að varpa fram þeirri spurningu, hverju máli það eiginlega skipti þessi gerðardómsákvæði í sjálfu sér, hvort ég hef látið uppi eitthvert álit um þau eða ekki. Ég fæ ekki betur séð en að gerðardómsákvæðin eins og þau eru nú hér í þessu frv. séu alveg nákvæmlega jafngóð eða jafnslæm, hvort sem ég hef látið uppi nokkurt álit um þau eða ekki. Nú, það er nú svo, og ég er ekkert hissa á því, að hæstv. ríkisstj. leitar frekar til annarra lögfræðinga en mín, ef hún þarf á áliti að halda, og að gefnu því tilefni, sem hæstv. ráðh. hefur gefið með þessu að fara að spekúlera í álitsumleitun um þetta, þá vil ég bara spyrja: Hefur þessi hæstv. ríkisstj. virkilega ekki leitað álits neinna sérstakra kunnáttumanna í lögum um þessi gerðardómsákvæði? Það hefur um þessa samningagerð fjallað ungur lögfræðingur, ágætur lögfræðingur að mínum dómi, en ungur og ekki reynslumikill. Það hefði verið ástæða til þess, finnst mér, að það hefði verið leitað til einhverra reynslumeiri lögfræðinga í sambandi við þessa vandasömu samningagerð, og er ég ekki þar með að kasta neinum steini að þeim ágæta lögfræðingi, sem mest hefur við þetta fengizt. Það er heldur ekki óþekkt, að það hafi verið leitað álits lögfræðinga, þegar eitthvað svipað hefur staðið á. Ég minnist þess til dæmis, að þegar deilan stóð sem hæst um landhelgissamningana, sællar minningar, þá tók það ekki forsrh. nema einn dag að leggja fram og fá álit um það samningsákvæði frá hv. kollegum mínum við lagadeildina. Hafa þessi gerðardómsákvæði í þessum samningum verið borin undir þá? Hvers vegna hefur ekki álits þeirra verið leitað á þessum samningsákvæðum? Hvers vegna hefur ekki verið leitað til einhverra reyndra kunnáttumanna í lögum hér, eins og t.d. hæstaréttardómara, og þeir beðnir að láta uppi álit á þessum samningum, láta uppi álit á því, hvort þeir séu vansæmandi fyrir íslenzku þjóðina eða ekki? Það hefur oft verið gert. Hvers vegna er ekki snúið sér til erlendra þjóðréttarfræðinga og þeir beðnir um álit á því, hvort þessi ákvæði séu vansæmandi eða ekki. Það eru til nógir fræðimenn. Hæstv. dómsmrh. gæti sjálfsagt snúið sér til t.d. prófessorsins við Kaupmannahafnarháskóla í þjóðarétti, Alf Ross, og fengið hans álit eða Max Sörensens og fengið hans álit eða Castbergs í Noregi og fengið hans álit. Hvers vegna er ekki leitað álits færustu manna um svona samningsákvæði, áður en ráðizt er í svona samningagerð? Það hefði verið eðlilegt. En það hefði litlu skipt, þótt mitt álit hefði verið fengið. Mitt álit er ekki þungt á metunum hjá þessari hæstv. ríkisstj. Það hefði verið ráðlegra fyrir hana að leita til einhverra annarra en mín og reyna að fá álit þeirra. Hvers vegna hefur það ekki verið gert? Það þarf að skýra.

Nei, þessi gerðardómsákvæði hefðu auðvitað verið nákvæmlega jafnill, þó að ég hefði látið uppi eitthvert álit um þau. Tilgangurinn með því hjá hæstv. dómsmrh. að varpa þessu fram í Nd. var því ekki sá að réttlæta þessi samningsákvæði út af fyrir sig, að réttlæta gerðardómsákvæðin. Tilgangurinn var bersýnilega annar, sem sé sá að gera mig tortryggilegan, koma því inn hjá mönnum, að það sé nú ekki mikið að marka mína gagnrýni, ég segi eitt í dag og annað á morgun, eftir því sem vindurinn blæs, að ég sé heldur lélegur pappír, sem lítið mark sé á takandi. Undir því er svo kynt í Morgunblaðinu með viðeigandi hætti, og því miður örlaði á hinu sama í ræðu hjá hæstv. forsrh. í Nd., sem ég þó nenni ekki hér að fara að elta ólar við, en ef hæstv. forsrh. kemur hér upp í Ed. og fer að tala um þetta mál, þá getur vel verið, að ég spjalli við hann um það og fleira.

En þetta er að vísu alþekktur málflutningur að reyna að gera andstæðinginn tortryggilegan. Það er alþekktur málflutningur hjá lélegum málflutningsmönnum, sem hafa lélegan málstað og veikan og vondan, að grípa til þess að hverfa frá því að rökstyðja efnislega það mál, sem þeir eru að flytja, en snúa sér að því í staðinn að reyna að gera andstæðinginn tortryggilegan. Og svo er náttúrlega alltaf hægt í hvíslingarherferðum í bænum að ganga feti framar og láta bæta svolitlu við, t.d. skjóta því að mönnum, að prófessorinn hafi jafnvel tekið fé fyrir þetta álit. Já, vill ekki hæstv. dómsmrh. upplýsa það, hvað mér hafi verið greitt fyrir þetta álit, sem hann telur, að ég hafi látið í té? Það væri þá kannske ekki úr vegi, að hann upplýsti í leiðinni vegna skrifa Morgunblaðsritstjórans um þetta mál, hvaða fúlgur sé búið að greiða lögfræðiskrifstofu hans fyrir meðferð þessa máls.

En aðalatriðið í þessu er auðvitað, hvað er rétt í þessu. Það er rétt, að til mín kom gamall nemandi, Hjörtur Torfason, og átti við mig algert trúnaðarsamtal og bað mig að líta á samningsuppkast, sem leggja átti fram, og bað mig náttúrlega að láta í ljós álit á því, því að til þess koma menn nú til lögfræðinga. En ég vil taka það fram, að ég legg það yfirleitt ekki í vana minn að gefa álit fyrir ekki neitt, og ég hygg, að það séu fáir lögfræðingar, sem gera það. Þegar Hjörtur hafði átt þetta viðtal við mig og ég litið yfir þetta uppkast, þá sagði ég honum, að vegna aðstöðu minnar gæti ég ekki látið uppi álit um efni þessara samninga. Ég sagði honum í annan stað, að ég hefði enga þekkingu á þessari sérstöku samningstegund, sem þarna væri um að tefla. Ég sagði honum í þriðja lagi, að ég áliti út af fyrir sig, að það form, sem þá var á því samningsuppkasti, gæti staðizt. Um þessi svör mín hef ég nú haft samráð við Hjört Torfason, og hann staðfestir, að þetta sé sétt, sem ég þá sagði. En þetta samtal fór fram í algerum trúnaði, og ég legg það ekki í vana minn að segja frá samtölum, sem þannig fara fram í trúnaði, og ég sagði ekki einum einasta, ekki einum einasta lifandi manni frá þessu samtali, — ekki einum einasta flokksbróður mínum — og þó hefði kannske verið eitthvað í þessu samningsuppkasti, sem hefði verið hægt að gera sér

mat úr pólitískt, en ég ætla ekki að fara að ræða það samningsuppkast hér frekar.

Nú hefur hæstv. dómsmrh. rofið þennan trúnað og farið að skýra frá, og þá tel ég mig auðvitað ekki lengur bundinn af neinum trúnaði um þetta mál, en sannleikurinn er sá, að það samningsuppkast, sem lagt var fram í fyrstu af hálfu Íslendinga, var æði frábrugðið þeim samningi, sem nú liggur hér fyrir til staðfestingar, og ákvæðið um úrlausn deilumála var í því uppkasti svo gersamlega annað, að það er í engu sambærilegt við þau ákvæði, sem nú eru í þeim samningi. Ég afhenti auðvitað það uppkast, sem Hjörtur Torfason fékk mér á sínum tíma, strax á eftir, en þegar hæstv. ráðh. hafði snúið sér svona í málinu, þá sneri ég mér s.l. föstudag til Hjartar Torfasonar og óskaði eftir því, að hann léti mér í té þetta fyrsta samningsuppkast. Hann taldi sig eðlilega þurfa að bera sig saman við sína yfirboðara, áður en hann léti það af hendi, og taldi ég það algerlega eðlilegt, og um hádegi s.l. laugardag kom hann með þetta uppkast til mín og sagði mér, að hæstv. dómsmrh. hefði leyft það, og af því að ég segi nú svona frekar lítið til hróss hæstv. dómsmrh. hér, þá verð ég þó að segja það, að það gladdi mig, að hann skyldi samþykkja það. Að vísu hefði ég ekki þurft á því að halda, því að ég mundi alveg fullvel, hvað stóð í þessu samningsuppkasti, þ.á m. um deilumálin, en það er rétt að láta hann njóta þess, sem rétt er. Og ég vil taka það enn og aftur fram, að ekkert af því, sem ég segi hér, má skoða á nokkurn hátt sem nokkurt hnjóðsyrði í garð þess lögfræðings, sem talaði við mig, og ég væni hann ekki á neinn hátt um nokkurt trúnaðarbrot. En til þess að gera hv. dm. alveg ljóst, hvað fyrir mig var lagt, svo og til þess að Alþingistíðindin geymi hlið við hlið þau ákvæði, sem eru í þeim samningi, sem nú skal lögfestur um þetta efni, og hver ákvæði voru um þetta atriði í því samningsuppkasti, sem mér var sýnt á sínum tíma, þá mun ég nú með leyfi hæstv. forseta lesa fyrst ákvæðin í 46. og 47. gr. um þetta, og síðan mun ég í lauslegri þýðingu minni lesa ákvæði 22. gr. uppkastsins, sem mér var sýnt um þetta efni. Ég verð að vísu að biðja afsökunar á því, að ég skuli þreyta hv.þm. á því að lesa 46. og 47. gr., sem ekki þyrfti að gera þeirra vegna, vegna þess að þau eru þeim tiltæk og þeir hafa þau við höndina, en vegna þess að ég vil upp á eftirtímann láta það sjást og standa alveg skýrt í Alþingistíðindum, hvernig þessi ákvæði voru, þá ætla ég að hafa þennan háttinn á, og vil þá með leyfi hæstv. forseta lesa fyrst ákvæðin hér í samningnum eins og þau eru nú, og þá er það 46. gr., sem er svo hljóðandi:

„Ef nokkur deila rís milli aðila samnings þessa og samningsins um framkvæmdatryggingu, milli aðila rafmagnssamningsins, milli aðila hafnar- og lóðarsamningsins eða milli ríkisstj. annars vegar og Alusuisse eða ÍSAL hins vegar varðandi aðstoðarsamningana eða milli minni hluta hluthafa annars vegar og ríkisstj., Landsvirkjunar eða kaupstaðarins hins vegar varðandi skýringu, túlkun eða framkvæmd eða um gildi eða áhrif samnings þessa eða fylgiskjalanna eða varðandi réttindi eða skuldbindingar aðila, þ.á m. sérhvers minni hluta hluthafa að því er grein þessa og 47. gr. varðar, af samningi þessum eða fylgiskjölunum á gildistíma samnings þessa eða að honum loknum, þá skulu slíkir aðilar í góðri trú reyna að jafna ágreining sinn á vinsamlegan hátt. Ef ekki tekst með slíkum tilraunum að komast að samkomulagi, geta ríkisstjórnin annars vegar og Alusuisse hins vegar samið um að vísa deilunni til íslenzkra dómstóla eða íslenzks gerðardóms til endanlegrar ákvörðunar, og náist eigi samkomulag, skal ríkisstj. eða Alusuisse, eftir því sem við á, vísa slíkri deilu til alþjóðlegs gerðardóms skv. ákvæðum 47. gr. Það er ekki ætlun aðila samnings þessa að leita til alþjóðlegs gerðardóms til að jafna neina deilu, sem eigi varðar verulegar fjárhæðir eða mikilsverð málefni."

Og 47. gr.:

„Verði sáttmáli um málamiðlun í fjárfestingardeilum milli ríkja og þegna annarra ríkja, dags. 18. marz 1965 („SID-samþykktin") samþykktur og fullgiltur af ríkisstjórninni og ríkisstjórn svissneska sambandslýðveldisins, án fyrirvara eða skilyrða, ber ríkisstj. og Alusuisse, með beggja samþykki, að leggja í gerð hjá Alþjóðastofnuninni til lausnar fjárfestingardeilum („SID-stofnunin") sérhverja deilu, sem hún á lögsögu yfir og rís út af samningi þessum eða fylgisamningunum, og gildi þá gerðarmálsmeðferð SID-samþykktarinnar og reglur SID-stofnunarinnar. Samkvæmt 25. gr. 2)b) SID-sáttmálans fallast ríkisstj. og Alusuisse á, að litið sé á ÍSAL sem svissneskan þegn í merkingu nefnds sáttmála. Samkvæmt 25. gr. 1) SID-sáttmálans tilnefnir ríkisstj. hér með Landsvirkjun sem ríkisstofnun í merkingu nefnds sáttmála.

Eigi SID-samþykktin ekki við um deilumál, getur ríkisstj. eða Alusuisse leitað alþjóðlegrar gerðar, með tilkynningu til þeirra aðila, sem greinir í 53. gr. samnings þessa, þar sem gerð er grein fyrir máli því, er gerðar er beiðzt um. Slíka gerð framkvæmi þriggja manna gerðardómur, og velur ríkisstj. einn þeirra, Alusuisse annan og ríkisstj. og Alusuisse sameiginlega hinn þriðja. Þriðji gerðardómsmaðurinn skal hvorki vera svissneskur né íslenzkur ríkisborgari. Geti ríkisstj. og Alusuisse ekki komið sér saman um skipan þriðja gerðardómsmannsins, skal hann skipaður,-að beiðni annars hvors, af hendi forseta alþjóðadómstólsins í Haag („alþjóðadómstóllinn"). Skipi ríkisstj. eða Alusuisse ekki sinn gerðardómsmann eða tilkynni ekki hinum aðilanum um skipunina innan sextíu daga, áður en málsmeðferð hefjist, ber hinum aðilanum réttur til að beiðast þess, að forseti alþjóðadómstólsins skipi annan gerðardómsmann, og skipi ríkisstj. og Alusuisse eigi þriðja gerðardómsmann innan sextíu daga, skipar forseti alþjóðadómstólsins hann. Ef forseti alþjóðadómstólsins er annaðhvort svissneskur eða íslenzkur ríkisborgari eða hefst ekki handa af einhverjum ástæðum eða getur það ekki, skal varaforseti alþjóðadómstólsins hafa skipunarvaldið."

47. gr. er nú að vísu nokkru lengri, en ég sé ekki ástæðu til þess að lesa hana lengur, vegna þess að þau atriði, sem hér fara á eftir, skipta ekki máli um þennan samanburð.

Í samningsuppkastinu fyrsta, sem lagt var fyrir Svisslendinga og mér var sýnt, fjallaði aðeins ein gr. um deilumál, það var 22. gr., og hún hljóðar svo í lauslegri þýðingu minni. Það er 1. mgr.:

„Rísi nokkur deila út af samningi þessum eða fylgisamningunum undir A—H, hvort heldur er um

gildi þeirra, framkvæmd eða skýringu, skal henni, ef ekki tekst að ná sáttum með vinsamlegum hætti, vísað til íslenzkra dómstóla til endanlegrar úrlausnar nema hún fari til gerðar eftir 2. eða 3. mgr. þessarar gr. Málsmeðferðin fyrir dómstólunum skal fara að íslenzkum lögum. Mál þessi skulu höfðuð fyrir bæjarþingi Reykjavíkur nema aðilar komi sér saman um annað varnarþing. Alusuisse skal tilnefna lögmann, búsettan á Íslandi, er hafi fullt umboð til að taka við stefnu og fara með mál fyrir félagsins hönd. Fari slík tilnefning eigi fram, má fyrir Alusuisse hönd stefna formanni stjórnar Íslenzka álfélagsins.

2. mgr. Sérhver deila skv. 1. mgr. skal, ef enginn aðili óskar eftir að vísa henni til íslenzkra dómstóla, útkljáð af gerðardómi, er í eiga sæti þrír menn. Formaður gerðardómsins skal vera lögfræðingur, er gegnir dómaraembætti, og skal hann tilnefndur af Hæstarétti. Eftir bráðabirgðaathugun á deilumálinu skal formaður ákveða, hvort hinir tveir gerðardómsmennirnir skuli vera lögfræðingar eða tæknimenntaðir menn. Gerðardómsmenn með lögfræðiþekkingu skulu tilnefndir af Hæstarétti. Tæknimenntaðir menn skulu tilnefndir af stjórn Verkfræðingafélags Íslands. Málsmeðferðin fyrir gerðardóminum skal fara að hætti íslenzkra réttarfarslaga.

3. mgr. Verði uppkast Alþjóðabankans að alþjóðasamningi um lausn fjárfestingardeilna fullgilt af nægilega mörgum ríkjum og af Alþingi og réttum svissneskum stjórnvöldum, er ríkisstj. reiðubúin að ræða þann möguleika við Alusuisse að nota þá aðferð til sátta og gerðar, sem þar er gert ráð fyrir, enda sé um meiri háttar deilumál að ræða."

Þannig hljóðaði þetta ákvæði, sem lagt var fyrir mig. Eins og ég sagði, þá er þetta í lauslegri þýðingu minni. Ef hæstv. ráðh. vill vefengja, að hún sé rétt, þá skora ég á hann að leggja fram upphaflega uppkastið, og reyndar skora ég á hann, hvort eð er, að leggja það fram fyrir n., sem málið fær til meðferðar, því að vissulega er það lærdómsríkt fyrir hana að afla sér vitneskju um það, hvað Íslendingar í upphafi höfðu í huga um þessi mál og hver niðurstaðan hefur orðið, en ég mun að sjálfsögðu ekki fara að ræða önnur ákvæði í þessu uppkasti hér heldur en þetta eina atriði, sem á góma hefur borið, og ég mun ekki rjúfa þann trúnað, sem mér hefur verið sýndur í því máli. En af því, sem ég hef lesið, þá er alveg ljóst, að í fyrsta samningsuppkastinu, sem Íslendingar lögðu fram, uppkastinu, sem mér var sýnt, voru engin, alls engin slík gerðardómsákvæði, sem í samningi þeim eru, sem nú á að lögfesta. Fyrsta aðalreglan og höfuðreglan, sem átti að gilda, var sú, að deilumál öll skyldu útkljáð fyrir íslenzkum dómstólum. Frá þeirri höfuðreglu átti ekki að víkja, nema allir aðilar deilumálsins samþykktu. En þá mátti leggja málið í gerð fyrir íslenzkan gerðardóm, og það var nú ekkert mikið, því að náttúrlega er það regla, að íslenzkir aðilar geta samið um þau mál, sem þeir hafa forræði á, og lagt þau undir íslenzkan gerðardóm.

Í þriðja lagi gaf svo ríkisstj. fyrirheit um að taka til athugunar þann möguleika að nota gerðardómsleið Alþjóðabankans, ef og þegar sá samningur væri fullgiltur af nægilegri tölu ríkja og Íslandi og Sviss, og þá auðvitað með þeim hætti, sem greinir í þeim samningi, sem nú liggur fyrir hv. Nd., þ.e.a.s. með skriflegu samþykki deiluaðila í hvert og eitt einstakt skipti.

Með þessu hef ég algerlega sannað, að það er ekki fótur fyrir fylgjum dómsmrh., enda var hann nú talsvert ábúðarminni, þegar hann talaði um þetta mál hér í þessari hv. d., heldur en hann var í Nd. á sínum tíma og vildi þá fara að draga æðimikið í land að mér virtist og hefur kannske iðrazt þá sinna fyrri orða, en það er svo, eins og hæstv. dómsmrh. veit manna bezt, að iðrunin ein dugar ekki, réttvísin verður að hafa sinn gang fyrir því.

Það er þannig alveg upplýst mál, að hæstv. dómsmrh. hefur farið með rangt mál hér á hv. Alþingi, og það sem verra er, hæstv. dómsmrh. hafði þetta uppkast alltaf í sínum höndum og vissi auðvitað mætavel, hvað í því stóð. Þess vegna fór hann með vísvitandi rangt mál, þegar hann var með þessar dylgjur um mig. Það hefði e.t.v. verið afsakanlegra, ef hann hefði gert það aðþrengdur og í reiðikasti. Aðþrengdur var hann að vísu og rökþrota, en mér er því miður sagt, að hann hafi komið með þetta skrifað og haft þessi orð skrifuð hjá sér heiman að og lesið sína ræðu af skrifuðum blöðum. Slík framkoma og slíkt hátterni dómsmrh., æðsta manns laga og réttar, sem á að standa vörð um réttvísi og heiðarleika í þessu landi, er alvarlegt mál, því að eftir höfðinu dansa limirnir.

Ég ætla annars ekki að hafa nein stærri orð um þetta hátterni hæstv. dómsmrh. Ég tel, að staðreyndirnar, sem ég hef hér gert grein fyrir í þessu máli, séu nægilegur dómur um það og að sú framkoma dæmi sig alveg nægilega sjálf.

Ég skal svo ekki hafa fleiri orð um þennan leiðindaþátt í þessu máli, en ég ætla að sjá, hver viðbrögð dómsmrh. verða, en ég vil minna hann á það, að hann getur sjálfum sér um kennt, að ég hef neyðzt til að rifja þetta hér upp, vegna þess að það var hann, sem fór af stað með þetta og fór að skýra að nauðsynjalausu frá trúnaðarmáli, sem ekki skipti máli um þetta mál, og skýrði vísvitandi rangt frá því.

Herra forseti. Ég skal svo ljúka máli mínu. Það er augljóst mál, að stjórnarsinnar ætla ekki að sinna aðvörunum okkar, þeir ætla að samþykkja þessa samninga óbreytta, þrátt fyrir alla þá stórkostlegu ágalla, sem á þeim eru og við höfum rækilega bent á, og þeir fást ekki heldur til að gefa þjóðinni kost á að segja álit sitt á þessum samningum. Það er því ljóst, að þessir samningar verða samþykktir. Við teljum okkur hafa gert okkar skyldu með því að vara við. Vera má, að framkvæmd þessara samninga fari þrátt fyrir allt betur úr hendi en við höfum trú á. Vegna þjóðarinnar vil ég vona, að svo verði, en hvernig sem fer, munu gerðardómsákvæði þessara samninga um ókomna tíð standa sem óbrotgjarn minnisvarði um þann dómsmrh., sem á því herrans ári, árinu 1966, afsalaði dómsvaldi í tilteknum málum íslenzkra réttaraðila í hendur útlendum dómi.

Gils Guðmundsson: Herra forseti. Það hafa þegar verið sögð mörg orð á báða bóga um þann samning um byggingu og rekstur alúmínverksmiðju, sem hæstv. ríkisstj. hefur gert við svissneskt fyrirtæki og fyrir nokkru lagt fyrir Alþingi í því skyni, að það veiti

þessum samningi lagagildi. Hæstv. ríkisstj. og málsvarar hennar hafa haldið því fram, að þetta sé eftir atvikum góður samningur og þó að eitthvað kunni þar á að bresta, sem þeir gefa nú raunar oftast í skyn, að ekki sé, þá sé það alger hégómi, þegar það er borið saman við allt það hagræði, við öll þau gæði, sem slíkur verksmiðjurekstur erlendra manna leggi Íslendingum í skaut.

Andstæðingar þessa samnings hafa á hinn bóginn fært að því mörg rök, að þetta sé vondur samningur, þetta sé samningur, er sé ósamboðinn frjálsu og fullvalda ríki. Ég ætla ekki að fara langt út í þá sálma að gagnrýna einstök atriði samningsins eða fara að hafa mörg orð um það, hversu óhagstæður hann sé frá fjárhagslegu sjónarmiði. Þetta hafa aðrir gert vel og rækilega bæði við umr. í Nd. og hér nú þegar í þessari hv. d. Og því síður ætla ég að fara langt út í þá sálma, þar sem ég vil lýsa því yfir þegar, að frá mínu sjónarmiði, þá er það að vísu illt, að þessir samningar eru í einstökum atriðum að því er fjárhagsefni varðar meingallaðir, en það er ekki aðalatriðið í mínum augum, að samningamenn okkar hafa í ákafa sínum við það að ná samningum við hið erlenda fyrirtæki, hvað sem það kostaði að því er virðist, samið um til að mynda óeðlilega lágt raforkuverð, boðið upp á mikil tollfríðindi og fleira af slíku tagi. Kjarni málsins frá mínu sjónarmiði er sá, hvort það sé rétt stefna eða röng að gera slíka samninga, hvort það er skynsamlegt eða óviturlegt að heimila erlendum auðfélögum að hreiðra um sig í íslenzku atvinnulífi með stórframkvæmdum þar. Um þetta meginatriði málsins vil ég einkum ræða.

Hitt er svo ekki nema sjálfsagt að undirstrika, að sé grundvallarstefnan röng og háskaleg, þá er hlutskipti fylgismanna samningsins og forsvarsmanna hans þeim mun verra, sem samningagerðin er okkur óhagstæðari, en dóm um þennan samning sjálfan held ég, að enginn hafi kveðið upp á skýrari eða skeleggari hátt heldur en einmitt forstjóri svissneska alúmínfyrirtækisins, herra Meyer. Hann var staddur hér á fundi, eins og hv. alþm. vita, á blaðamannafundi, hinn 29. marz, daginn eftir að þessir samningar voru undirritaðir, og þessi ágæti svissneski forstjóri hann var heldur en ekki hress í bragði og kampakátur á þessum fundi, að því er frá hefur verið skýrt. Þessi hispurslausi og hreinskilni útlendingur kvað sér enga launung á því, að félag hans hefði náð hér einstaklega hagstæðum samningum við íslenzk stjórnarvöld. Hann tók það fram, þessi svissneski forstjóri, og lagði á það mjög ríka áherzlu, að raforkan væri til muna ódýrari hér heldur en í nokkru öðru landi, sem félag sitt hefði viðskipti við, til að mynda 3 aurum ódýrari á kwst. heldur en í Noregi, þar sem raforka væri þó ódýrust í Evrópu, eða hefði verið fram til þessa. Hann kvað félag sitt aldrei hafa náð samningum um það fyrr, að innlendir dómstólar væru ekki látnir fjalla um ágreiningsmál alúmínfélagsins og stjórnarvalda, heldur skyldi alþjóðlegur gerðardómur um það fjalla. Þeir Svisslendingar, sagði forstjórinn, hefðu lagt mjög ríka áherzlu á þetta atriði, þar eð þeir treystu ekki íslenzkum dómstólum sakir reynsluskorts. Loks kvað hann félag sitt spara nærri hundrað millj. kr. á því að þurfa ekki að koma upp tækjum til hreinsunar á eiturefnum frá verksmiðjunni hérlendis, en slíkur hreinsunarútbúnaður væri yfirleitt tíðkaður og hans krafizt í öðrum Evrópulöndum a.m.k. Forstjórinn lét í ljós ánægju með það, að félag sitt hefði fengið inn í samninginn ákvæði um, að ágreiningur um framtöl og skattamál yrði ekki úrskurðaður af íslenzkum aðilum, heldur alþjóðlegum endurskoðunarfyrirtækjum. Loks viðurkenndi hann alveg hreinskilnislega, að fyrirtæki Swiss Aluminium í Noregi yrðu að lúta norskum lögum, þ. á m. að því er varðar tolla, en á þessu sviði væri allt annað uppi á teningnum í þeim samningi, sem nú hefði verið undirritaður hér.

Ég ætla að láta þennan dóm nægja að sinni um einstök atriði þessa samnings, en vil snúa mér að hinu, sem ég tel grundvallaratriði málsins, og það er að svara þessari spurningu: Er það rétt stefna og skynsamleg að semja við erlend auðfélög um stóriðjurekstur á Íslandi? Verði færð rök að því, að samningagerð við erlenda aðila um byggingu og rekstur alúmínbræðslu sé áhættulaus, sé æskileg og sé okkur Íslendingum hagkvæm, liggur þá ekki alveg beint við að halda áfram á slíkri braut og selja fleiri stóriðjufyrirtækjum útlendinga hér á landi? Um það hafa vissulega heyrzt ýmsar raddir á undanförnum missirum, að það eigi ekki að láta hér við sitja, þetta sé í rauninni aðeins upphafið, þar muni fram haldið. Það hefur verið tæpt á því, að fleiri alúmínbræðslur gætu komið til greina og kynni að verða samið annaðhvort við þetta tiltekna fyrirtæki eða önnur um að reisa fleiri alúmínverksmiðjur hér á landi. Nú, það hefur verið töluvert um það rætt, að erlendir aðilar komi hér upp olíuhreinsunarstöð, og loks hefur verið talað um það oftar heldur en einu sinni eða látið að því liggja, að jafnvel aðild útlendinga að fiskiðnaði á Íslandi gæti fyllilega komið til greina.

Ég vil segja það, að sé svo, að öll rök hnígi að því, að stórfelld fjárfesting erlendra auðfyrirtækja í íslenzku atvinnulífi sé ekki aðeins varhugaverð, heldur beinlínis háskaleg, þá ber vitanlega að hafna þessari leið, þá ber vitanlega að láta það ógert að staðfesta þann samning, sem hér liggur fyrir. Ég get ekki annað séð en að það sé nú komið að þeim tímamótum, að um það sé að velja, hvort eigi að fara inn á þessa braut í ríkum mæli eða hvort ekki eigi að fara inn á slíka braut. Ég fæ ekki annað séð heldur en að hér sé um stórkostlegt prinsipmál að ræða og að þessi eini samningur verði í raun og veru ekki skoðaður og metinn réttilega einn saman, heldur verði að líta á málið frá þeim sjónarhóli, hvort stóriðjurekstur á vegum útlendinga er almennt skoðað æskilegur hér á landi eða ekki. Svar við þeirri spurningu ræður algerlega afstöðu minni til þeirrar samningagerðar, sem hér um ræðir. Hitt kemur svo í annarri röð, þótt það skipti vitanlega verulegu máli, hvernig til hefur tekizt um þessa fyrstu samningagerð, hvernig um hnútana hefur verið búið af Íslendinga hálfu.

Enginn hefur mælt gegn því, að við Íslendingar höldum áfram á þeirri braut, sem þegar hefur verið mörkuð, að taka tækni og vísindi í okkar þjónustu, eftir því sem við höfum bolmagn til. Við höfum á síðari tímum byggt hér stór fyrirtæki á okkar mælikvarða, og það er augljóst mál, að við getum með vaxandi fólksfjölda og vaxandi þjóðarauði ráðizt í æ stærri verkefni á ýmsum sviðum, eftir því sem okkur

vex fiskur um hrygg. Það er vitanlega enginn maður andvígur því, að við Íslendingar hagnýtum auðæfi okkar og orkulindir og að við notum til þeirra hluta erlent fjármagn, eftir því sem við getum aflað þess með eðlilegum leiðum, og þá mun okkur vera farsælast eins og áður að fara lánaleiðina, að hún verði aðalleiðin. Við vitum það, að með hverjum áratug, sem líður, ef svo fer fram sem horfir, að þjóðinni fjölgar verulega og hún eflist, þá á henni að geta tekizt að ráðast í æ stærri framkvæmdir fyrir eigið aflafé og það lánsfjármagn, sem hægt á að vera að afla til álitlegra fyrirtækja, og það liggur í hlutarins eðli, að við munum á komandi tímum ráðast í stórframkvæmdir í vaxandi mæli og framkvæmdir, sem vissulega munu ekki kafna undir því nafni að heita stóriðjuframkvæmdir.

Ég skal ekki neita því, að undir sérstökum kringumstæðum getur verið hugsanlegt og jafnvel æskilegt samstarf við erlenda aðila um tiltekin atriði að því er snertir að byggja upp stórfyrirtæki á Íslandi. Fyrir utan fjármagnið, sem ég tel, að við eigum að afla með venjulegum lánaleiðum, þá er það tvennt, sem trúlegt er, að við viljum og þurfum að sækjast eftir og getum e.t.v. og væntanlega aflað okkur án þess að okkur sé þar af neinn háski búinn.

Það er í fyrsta lagi, að við þurfum sjálfsagt í ýmsum greinum á að halda erlendri sérfræðiþekkingu, sérþekkingu, sem útlendir menn geta látið okkur í té a.m.k. í fyrstu, meðan við erum að byggja upp nýjar stofnanir og fyrirtæki, sem ekki hafa verið til í landinu áður.

Það er í öðru lagi, að við kunnum að þurfa á því að halda að ná með samvinnu við erlenda aðila söluaðstöðu fyrir ákveðnar framleiðsluvörur,söluaðstöðu á erlendum mörkuðum. Slík samvinna í sambandi við væntanlegar stóriðjuframkvæmdir okkar Íslendinga á komandi tímum ætti að sjálfsögðu að athugast hleypidómalaust hverju sinni, en þó að athugast gaumgæfilega, og vitanlega ber alltaf brýna nauðsyn til þess að af hálfu okkar Íslendinga verði þannig um hnútana búið í allri slíkri hugsanlegri samvinnu við erlenda aðila, að íslenzku efnahagslífi sé ekki háski búinn af þess konar samstarfi.

En í sambandi við öll slík mál, allt samstarf við öfluga erlenda aðila um atvinnuuppbyggingu á Íslandi, þá ber vitanlega stöðugt að hafa það í huga, að Ísland hefur mikla sérstöðu, það hefur algera sérstöðu vil ég segja að því er snertir smæð þjóðarinnar. Þetta örsmáa þjóðfélag okkar er ekki öflugra fjárhagslega heldur en ýmis erlend stórfyrirtæki. Slík stórfyrirtæki erlend velta mörg hver, býsna mörg, stærri upphæðum heldur en öll íslenzka þjóðin, og sum stórfyrirtæki hafa meiri mannafla í þjónustu sinni heldur en sem svarar öllum verkfærum mönnum á Íslandi. Þessarar sérstöðu okkar verðum við stöðugt að gæta í skiptum við erlenda aðila. Þetta á ekkert skylt við neina minnimáttarkennd eins og stundum er reynt að halda fram, þegar varað er við því, að við getum ekki leyft okkur suma þá hluti, sem miklu stærri og fjölmennari þjóðir geta að skaðlausu eða a.m.k. að skaðlitlu leyft sér. Hér er aðeins verið að líta algerlega raunsætt á staðreyndir, staðreyndir, sem okkur ber skylda til að hafa í huga og gleyma aldrei í skiptum okkar við erlent fjármagn og erlenda menn.

Ég vil fara nokkrum orðum um þá spurningu, hvernig stóriðja og annar meiri háttar atvinnurekstur hefur gefizt í þeim löndum, þar sem mikil brögð hafa verið að fjárfestingu af slíku tagi, og ég mun koma að því síðar, að þar er í öllum tilfellum um að ræða miklu fjölmennari og stærri lönd heldur en Ísland.

Ég held, að það fari naumast á milli mála, að allar þær þjóðir heims, sem búa við góð lífskjör, lífskjör, sem byggð eru á heilbrigðu og traustu efnahagslífi, þau hafa fylgt þeirri meginstefnu að nytja auðlindir sínar sjálfar. Þessar þjóðir, sem lengst hafa komizt á sviði efnahagsmála, þær hafa byggt upp eiginn atvinnuveg fyrir aflafé sjálfra sín og fyrir það lánsfé erlendis frá, sem fáanlegt var hverju sinni með eðlilegu og áhættulausu móti. Þær þjóðir aftur á móti, sem hafa lengst gengið í því að heimila erlendum aðilum margvísleg umsvif og atvinnurekstur innan sinna vébanda, eru, að ég hygg, flestar illa á vegi staddar fjárhagslega, og þar sem erlend auðfélög hafa náð sterkustum tökum á efnahagslífi þjóða, svo sem í Suður-Ameríku og ýmsum nýfrjálsum ríkjum Afríku og Asíu, þá er það ekki aðeins afkoma fólksins og allt efnahagskerfi þessara þjóða, sem er illa á vegi statt, heldur er hið stjórnarfarslega sjálfstæði einnig valt og sums staðar lítið meira heldur en nafnið eitt.

En þó að við lítum okkur nær, þá hygg ég, að við komumst að þeirri niðurstöðu, að jafnvel þau ríki, sem í minna mæli heldur en þessi, sem ég nú nefndi, hafa tekið erlent auðmagn í þjónustu sína á þann hátt, sem hér er ætlazt til með þessum samningi, hafi ekki eflzt eða auðgazt tiltakanlega á þeim hlutum.

Hvað er að segja um fordæmi Íra annars vegar og um fordæmi Norðmanna hins vegar, sem mjög mikið er hampað? Þetta hygg ég, að séu þær tvær vestrænar þjóðir, sem helzt verður vitnað til í sambandi við einhverja töluverða fjárfestingu erlendra aðila. Um Íra hygg ég, að það sé staðreynd, að þar eru lífskjör einna lökust á Vesturlöndum. Útlendingar hafa fest mikið fé í ýmsum fyrirtækjum á Írlandi, ekki sízt í hótelrekstri, og það munu Írar sjálfir viðurkenna flestir, að ég hygg, að þetta hafi ekki orðið þjóðinni til mjög mikillar gæfu, og ég hygg, að ýmsir áhrifamenn þar í landi þeir beiti sér nú eindregið gegn frekari innrás erlendra auðfélaga inn í þennan atvinnurekstur og fleiri tegundir atvinnurekstrar þar í landi og vilji fara ýmsar leiðir til þess að draga úr ofurvaldi þeirra útlendra fyrirtækja, sem fyrir eru í landinu.

En við skulum fara að dæmi Norðmanna, segja fylgismenn þessa samnings. Norðmenn hafa heimilað erlenda fjárfestingu í sínu landi án þess að til skaða yrði, segja menn og kveða jafnvel fastar að orði, að hin erlenda fjárfesting hafi átt sinn þátt í að byggja upp norskt atvinnu- og efnahagslíf. Ég held, að það sé ekkert á móti því að athuga þessa staðhæfingu örlítið nánar. Og þá held ég, að fyrst og fremst beri á það að líta, hversu mikil hin erlenda fjárfesting sé í Noregi miðað við stærð norsku þjóðarinnar og þjóðartekjur, og á hinn bóginn — og þá jafnframt, hversu mikil erlend fjárfesting mætti vera á Íslandi til þess að

nema sama hlutfalli eins og slík fjárfesting er í Noregi. Athugum fyrst fólksfjöldann.

Noregur er að vísu smáríki, en í Noregi búa þó 3 millj. og 700 eða 800 þús. manna. Á Íslandi búa aðeins um 190 þús. manna. Þetta skulum við jafnan hafa í huga, að á móti hverjum einum Íslendingi eru 20 Norðmenn eða því sem næst, móti hverjum 100 Íslendingum 2000 Norðmenn. Og hversu mikil er nú öll hin erlenda fjárfesting í Noregi? Hún mun vera einhvers staðar á milli 8 og 10 af hundraði heildarfjárfestingar í norskum iðnaði, og þess ber þá vitanlega að gæta, að þetta erlenda fé í fyrirtækjum í Noregi, það er ekki komið til á skömmum tíma, ekki á örfáum árum, heldur smám saman á mörgum árum, jafnvel áratugum. Og það er staðreynd, að skoðanir í Noregi eru skiptar um þjóðfélagslegt hagræði af þessari erlendu fjárfestingu í því formi, sem hún hefur stundum verið þar í landi. En er það nú þetta eða er það eitthvað, sem líkist þessu, því hvernig Norðmenn hafa fetað sig áfram í þessum efnum smám saman og stig af stigi, er það eitthvað því líkt, sem ætlunin er að innleiða hér á Íslandi með þeim samningi við hið svissneska félag, sem virðist eiga að verða fyrsti áfanginn á þeirri braut að hleypa erlendum fyrirtækjum inn í íslenzkt atvinnulíf? Nei, hér er um annað og miklu stórkostlegra að ræða, þegar miðað er við stærð þjóðarinnar og efnahagskerfi hennar. Hér er á ferðinni að þessu sinni eitt einasta útlent fyrirtæki, sem ætlar að fjárfesta að því er mér virðist sem svarar 30—40 af hundraði allrar fjárfestingar í íslenzkum iðnaði, og er fiskiðnaðurinn þá með talinn.

Við skulum gera annan samanburð á Íslendingum annars vegar og Norðmönnum hins vegar. Við skulum segja, að erlendir auðhringir leggi jafnmikið fé í atvinnurekstur í báðum þessum löndum og framleiddu fyrir jafnháa fjárupphæð í hvoru landinu um sig. Væri framleiðsla þessara tilteknu útlendu fyrirtækja einn fertugasti hluti af ársframleiðslu Norðmanna, og ef fertugasti hver verkfær maður í Noregi starfaði í þjónustu slíkra fyrirtækja, hverjar væru þá samsvarandi tölur á Íslandi? Þær væru bókstaflega, að þarna væri um að ræða helming þjóðartekna okkar Íslendinga og helming verkfærra manna. Slíkur munur er á stærð þessara tveggja þjóða.

Þegar svo við þetta bætist sá munur, sem er og hefur verið á samningum Norðmanna við erlend fyrirtæki, þau erlend fyrirtæki, sem hafa fjárfest þar í landi, og á þeim samningi, sem hér hefur verið gerður við hið svissneska alúmínfélag og ætlazt er til, að Alþingi staðfesti, þá sést glögglega, að hér er um að ræða alls kostar ósambærilega hluti. Norðmenn hafa samið á þann veg, að þeir hafa svo að segja öll ráð í hendi sér um þróun þessara mála, en verður nú hið sama sagt um okkur Íslendinga, ef þessi samningur, sem hér liggur fyrir, nær staðfestingu Alþingis? Því virðist mér, að fari víðs fjarri. Nei, ég tel, að allar umr. um þessi mál, sem byggðar eru til að mynda á þeirri forsendu, að íslenzka og norska þjóðin séu sambærilegar og til að mynda ámóta öflugar, þær séu fjarri öllu lagi og hin háskalegasta blekking. Erlend fjárfesting í þeim mæli, sem hér er í uppsiglingu, á sér ekki mér vitanlega hliðstæðu í neinu nálægu ríki. Fordæmin finnast að vísu, en við verðum að leita þeirra um langan veg. Auk hreinna nýlendna, þá býst ég við, að slíkra fordæma sé einkum að leita í ýmsum löndum Mið- og Suður-Ameríku, þar sem erlend auðfyrirtæki drottna yfir hag fólksins. Ég held, að það væri ekki öfundsvert hlutskipti að innleiða eitthvað, sem gæti leitt í áttina þá hér á Íslandi.

Þá langar mig til þess að víkja að því, hver sé dómur reynslunnar um erlenda hlutdeild og erlend yfirráð eða erlend áhrif, skulum við segja, í íslenzku efnahags- og atvinnulífi á liðnum tímum. Sú var vissulega tíðin, að Íslendingar máttu reyna það, hver gæfa fylgdi eignarrétti erlendra manna á mikilvægum þætti í þjóðarbúskap þeirra. Ég hef veitt því athygli í sambandi við þær umr., sem fram hafa farið um þetta mál, bæði í blöðum og sömuleiðis í hv. Nd., að ýmsir talsmenn þessa samnings og þá ekki sízt hæstv. forsrh. hafa verið að leita röksemda í íslenzkri sögu sinu máli til stuðnings. Ég held, að það sé í sjálfu sér æskilegt og engin vanþörf á að ræða þetta mál dálítið nánar og leiðrétta tilteknar skekkjur, sem mér virðist að hafi komið fram í þeim umr.

Ég ætla ekki að fara langt aftur í aldir til þess að rekja sögu ófarnaðar þjóðarinnar, meðan hún var háð erlendu valdi og gat hvergi hreyft sig í spennitreyju annarlegra yfirráða. En ég vil í sambandi við þetta atriði málsins minna á dóm sögunnar. Ég hefði haldið, að flestir Íslendingar gerðu sér þess sæmilega ljósa grein, hver var kjarni sjálfstæðisbaráttu okkar á 19. öld, hver var meginstefna þeirra manna, sem þá börðust fyrir íslenzkum yfirráðum á íslenzku landi. En mér virðist, að nú sé ekki vanþörf á að minna á þessa staðreynd, minna á það, að frelsisbarátta okkar á 19. öld var ekki einungis háð um stjórnarfarsleg réttindi. Þar var engu síður barizt fyrir efnahagslegu og menningarlegu sjálfstæði þjóðarinnar, og snarþáttur í allri þeirri baráttu var sá að færa verzlunina á innlendar hendur, að efla íslenzka atvinnuvegi til lands og sjávar. Þeir, sem börðust þessari baráttu, gerðu sér það fullkomlega ljóst, að því aðeins yrði þar sigur unninn, að Íslendingar hættu stig af stigi að lúta forsjá útlendra manna á öllum sviðum, þeir tækju sín málefni í eigin hendur, verzlunina, siglingarnar og allan atvinnurekstur í landinu. Fyrir þessu barðist sú kynslóð, sem Jón Sigurðsson var foringi fyrir, og sú kynslóð, sem tók við merkinu að Jóni Sigurðssyni föllnum, og fyrir því barðist einnig fyrsta kynslóð 20. aldar, menn eins og Skúli Thoroddsen, Bjarni frá Vogi, Benedikt Sveinsson yngri, svo að nokkrir séu nefndir. Og þessum mönnum og samherjum þeirra varð mikið ágengt. Þessari stefnu hefur verið haldið fram síðan með þeim árangri, sem okkur er öllum kunnur. Á þeim rúmum 60 árum, sem eru liðin síðan framkvæmdavaldið fluttist inn í landið, hefur þjóðinni tekizt að byggja upp atvinnuvegi sína. Henni hefur tekizt að tileinka sér í verulegum atriðum nútímatækni og það með þeim árangri, að lífskjör eru í dag betri hér heldur en nokkru sinni áður og betri heldur en í mörgum öðrum löndum, og ég vil segja, að nú séu öll ytri skilyrði fyrir hendi til þess, að við bætum lífskjör okkar og eflum verulega á komandi tíð. Við stöndum í miðri uppbyggingunni, og þótt mörgu hafi þegar verið þokað á réttan veg, bíða

vitanlega fjölmörg verkefni óleyst. Ég ætla ekki að fara út í þau nánar hér. Við vitum, að þau eru hvarvetna, en tvö af þeim nærtækustu og mikilvægustu vil ég aðeins nefna, af því að ég tel, að sá samningur, sem hér er um að ræða, geti haft veruleg áhrif á framgang þeirra, hvernig tekst til um, að þau nái fram að ganga.

Hið fyrra atriði, sem ég vil aðeins nefna, er efling íslenzks iðnaðar og þá alveg sérstaklega fiskiðnaðar okkar. Það hefur verið sýnt fram á það með fullum rökum, að hægt sé með stórbættri nýtingu og aukinni vinnslu sjávarafurða að tvöfalda útflutningsverðmæti þeirra, án þess að magnið sé aukið frá því, sem nú er. Það er einnig ljóst, að á sviði fiskræktar í ám, vötnum, lónum og fjörðum bíða okkar mjög miklir, ég vil jafnvel segja stórkostlegir möguleikar, sem enn eru að mjög litlu leyti notaðir. Þar getur vissulega verið um að ræða framleiðslu á dýrum fisktegundum, laxi og silungi, fyrir stórfé á ári hverju.

Síðara atriðið, sem ég vil nefna í þessu sambandi, er svo baráttan við þann vágest, sem erfitt hefur reynzt að glíma við, baráttan við óðaverðbólguna, sú barátta, sem við verðum að heyja með betri árangri en undanfarið, ef efnahagskerfi okkar á ekki bókstaflega að sporðreisast. En hvaða áhrif hefur nú það alúmínævintýri, sem hér á að stofna til, hvaða áhrif hefur það á verðbólguna, hvernig mun ganga að glíma við þetta brýna viðfangsefni, þegar það bætist ofan á?

Ég vil segja, að að því er þessi atriði bæði snertir, hlýtur framkvæmd þeirra samninga, sem hér er um að ræða, að hafa stórkostleg áhrif. Það er ekki annað sýnna en bygging alúmínverksmiðju samhliða stórvirkjun við Búrfell að verulegu leyti í þágu þeirrar verksmiðju sé hrein og bein ógnun við sjávarútveg og fiskiðnað okkar. Nú þegar, áður heldur en þessar framkvæmdir eru hafnar, er vinnuaflsskortur í sjávarútvegi mjög tilfinnanlegur og háir honum verulega. En hvað mun þá síðar verða? Og að því er snertir hitt atriðið, sem þessi samningagerð hlýtur að hafa stórkostleg áhrif á, verðbólguþróunina, held ég, að öllum sé það ljóst, að nú, þegar farið verður að efna til þeirra stórframkvæmda, sem á að gera í framhaldi af þeirri samningagerð, sem hér um ræðir, hefst á þeim vettvangi þvílíkur hrikadans, að við höfum naumast séð annað eins. Það má geta nærri, hvaða áhrif það hlýtur að hafa, þegar allt verður uppi á teningnum í senn auk okkar venjulegu atvinnuvega, stórvirkjun Búrfells, bygging alúmínverksmiðju í Straumsvík, bygging nýrrar hafskipahafnar hjá Straumi, hernámsframkvæmdir í Hvalfirði og fleira jafnvel af slíku tagi. Öll þessi miklu umsvif og öll þessi mannvirkjagerð er fyrirhuguð á þeim svæðum, þar sem atvinna í dag er þegar yfirfljótanleg og mannekla er eitt allra helzta vandamálið. Það má því ljóst vera, hver örlög bíða þeirra landshluta, þar sem atvinnuhorfur í dag eru lélegar og fólksflótti er ýmist þegar hafinn eða er algerlega yfirvofandi. Ég held, að það sé mikil hætta á því, að mörgum manninum á Vestfjörðum og á Norðurlandi fari að þykja nokkuð löng biðin eftir þeim skildingum, sem eiga að renna þangað í eins konar sárabætur af hinum heldur óverulegu sköttum, sem alúmínbræðslan á að greiða, eftir að hún er komin upp og tekin til starfa. Ég held, að það sé mála sannast, að sú jafnvægislist, sem hér á að fremja með því að staðsetja þessi stórfyrirtæki hér í fjölmenninu, þar sem atvinnan er langmest fyrir, hljóti að kalla á örari fólksflótta til þéttbýlissvæðanna við Faxaflóa heldur en nokkru sinni, og ég er uggandi um það, að alveg á næstu missirum geti þetta allt lagzt á eitt um það, að úr verði svo að segja alger kollsteypa og endanleg röskun byggðajafnvægis í þessu landi.

Sagan um baráttuna fyrir umráða- og eignarrétti á íslenzkum fallvötnum, sem háð var á fyrsta fjórðungi þessarar aldar, er að mínu viti nokkuð glöggt dæmi um það, að þá var hin fjölþætta eða alhliða sjálfstæðisbarátta okkar enn tiltölulega öflug og sigursæl. Ég ætla að víkja að þessu máli stuttlega, af því að ég tel, að það sé á ýmsan hátt skylt því stórmáli, sem hér er um að ræða.

Fossamálið, sem mikið var umdeilt og umrætt á fyrstu tveimur áratugum þessarar aldar, er að mínu viti eitt af fyrstu merkjum þess í nýrri tíð, eftir að við höfðum öðlazt að mestu fullt sjálfstæði, fyrsta merki þess, að forustumenn þjóðarinnar áttu að vera og urðu að vera vel á verði og gjalda varhuga við sókn erlendra auðfélaga til efnahagslegra áhrifa í landinu og til yfirráða yfir dýrmætum aflgjöfum og orkulindum þessa lands.

Þegar í byrjun aldarinnar, áður en menn hér höfðu almennt gert sér ljósa þýðingu fossaaflsins, ljósa þýðingu þess til beizlunar á raforku, tóku erlendir menn og erlend félög að líta íslenzk fallvötn hýru auga og fóru smám saman að afla sér réttinda í því sambandi. Með lögum frá 1907 um takmörkun á eignar- og umráðarétti á fossum á Íslandi, um eignarnám á fossum o.fl. hygg ég, að afskipti Alþ. af vatna- og raforkumálum hefjist hér á landi, a.m.k. svo að nokkru nemi. Þessi fyrsta lagasetning um slík efni var, að því er ég hygg, góðra gjalda verð og töluvert spor í rétta átt á sinni tíð, þótt þar væri ekki nægilega vel og traustlega um alla hnúta búið til þess að koma í veg fyrir brask með fossaréttindi. En árið 1917 var þrátt fyrir takmarkanir þessara laga svo komið, að erlendir aðilar og íslenzkir einkaaðilar, stundum leppar hinna erlendu aðila, höfðu náð eignarrétti á ýmsum mjög mikilsverðum fallvötnum hér á landi. Þá var og mjög um það deilt, hvort og með hvaða kjörum ætti að veita hlutafélögum, sem að mestu voru erlend, lögheimild til þess að virkja fossa hér á landi.

Á þinginu 1917 var skipuð hin svonefnda fossanefnd, en hún skyldi hafa eftirfarandi hlutverk: Að athuga, hverjar breytingar nauðsynlegt sé að gera á gildandi fossalöggjöf, að afla sem ítarlegastra upplýsinga og skýrslna um fossa í landinu og notagildi þeirra, að athuga, hvort tiltækilegt sé, að landið kaupi vatnsafl og starfræki það. Verk þessarar n. var víðtækt og mikið, og þar náðist ekki samkomulag um ýmis veigamikil atriði. Á þinginu 1918 lagði þó meiri hl. n. fram ítarlegt frv. til vatnalaga, frv. um vatnastjórn, frv. um raforkuvirki, vatnsorkusérleyfi o.fl. Ekkert af þessum mörgu frv. og ítarlegu varð útrætt á þessu þingi, en til bráðabirgða var samþ. merk ályktun, sem svo hljóðaði:

„Alþ. ályktar að skora á landsstjórnina að lýsa alla vatnsorku í almenningum eign ríkisins og gera, ef

með þarf, ráðstafanir til þess, að rifting fari fram á gerningum milli einstaklinga eða félaga, er í bága kynnu að koma við þennan rétt þjóðfélagsins."

Um þessi vatnamál urðu miklar deilur á næstu þingum, en það var sýnt, að meiri hl. Alþ. vildi marka eindregna stefnu, þá stefnu, að íslenzka ríkið eignaðist vatnsréttindin og hefði alla fyrirsögn um hagnýtingu þeirra, og þetta náði fram að ganga. Vatnal. voru loks samþ. á Alþ. 1923, og þau eru í meginefnum í gildi enn í dag, enda hinn farsælasti grundvöllur þeirrar þróunar, sem hér hefur orðið í raforkumálum síðustu áratugi.

Ég held, að það sé örðugt að gera sér í hugarlund, hvernig umhorfs væri hér á landi í dag, ef öndverð stefna þessari hefði á öðrum áratug þessarar aldar borið sigur af hólmi. Við hefðum sjálfsagt fengið upp úr því erlenda stóriðju fyrir nokkrum áratugum inn í þetta land. Hér væru trúlega áburðarverksmiðjur, kannske sementsverksmiðjur og e.t.v. alúmínverksmiðjur reknar af útlendum auðfélögum, auðfélögum, sem ættu sín eigin orkuver hérna, við Sogið, við Þjórsá, við Dettifoss og víðar. Þessum framkvæmdum útlendinga hér hefði vafalaust ýmislegt fylgt, svo sem atvinna og peningar. Ég efa það ekki. Fjöldi Íslendinga væri í þjónustu þessara erlendu fyrirtækja. En arðurinn af vinnu þeirra, gróðinn af orkuveitum og iðjufyrirtækjum rynni allur út úr landinu.

Hvernig væri í dag komið atvinnurekstri Íslendinga sjálfra, ef mörg slík stórfyrirtæki hefðu risið hér upp á 2. og 3. áratug þessarar aldar? Hver hefðu þá orðið örlög íslenzks sjávarútvegs og íslenzks iðnaðar, hverjir hefðu orðið þróunarmöguleikar þeirra? Hversu væri háttað hér um menningarlíf og jafnvel stjórnarfarslegt sjálfstæði landsins? Þetta eru spurningar, sem engin leið er að svara, en ég hygg, að við hefðum gott af að leita svara við, hver með sjálfum sér. Og það er sérstök ástæða til að hugleiða þetta nú, þegar ráðamenn hér stefna að því markvisst, að því er virðist, að opna útlendum auðfélögum leið inn í íslenzkt atvinnulíf. Það er sérstök ástæða til að svara þeirri spurningu, hvort á að halda áfram á grundvelli hinnar gömlu sjálfstæðisbaráttu, hvort á að halda áfram að byggja upp íslenzka atvinnuvegi með tilstyrk nútímatækni fyrir eigið aflafé og fyrir það lánsfé, sem fáanlegt er eftir eðlilegum og hættulausum leiðum á hverjum tíma, eða á nú að hverfa frá þessari stefnu, sem ég tel að hafi orðið okkur einkar farsæl og muni verða það í framtíðinni? Á að hverfa frá henni, á að fara að bjóða erlendum auðhringum að nytja auðlindir landsins? Þetta er mergurinn málsins. Það er þetta, sem ég tel að deilan um þessa samninga snúist um öllu öðru framar, hvort hér á að fara inn á algerlega nýja braut eða ekki, því að ef menn segja, að þessi samningur sé góður fyrir okkur og af honum muni margt gott leiða, þá er sjálfgefið, að hinir sömu menn telji rétt og sjálfsagt að halda áfram á þessari braut og semja við næsta auðfélagið að ári og þar fram eftir götunum. **(Forseti:** Má ég spyrja hv. þm., hvað hann eigi mikið eftir af ræðu sinni.) Það er nú ekki mjög mikið. **(Forseti:** Ég var að hugsa um að fresta fundi núna kl. hálfátta.) Dálítið er það þó. **(Forseti:** Já, eigum við þá ekki að fresta ræðunni?) Já, það er einmitt það. — [Fundarhlé.]

Þegar ég gerði hlé á máli mínu um kvöldmatarleytið, hafði ég farið nokkrum orðum um þá reynslu, sem ég taldi okkur Íslendinga hafa haft af erlendri fjárfestingu og erlendri íhlutun í íslenzkt atvinnulíf. Ég mun nú halda áfram, þar sem frá var horfið.

Ef við lítum um öxl og hyggjum að því, hvað sagan kennir okkur um þá farsæld eða þau óhöpp, sem leiðir af atvinnurekstri erlendra manna hér á landi, held ég, að það blasi við fleiri dæmi til viðvörunar heldur en hin, sem hvetja til eftirbreytni. Það er í sjálfu sér ástæðulaust að benda á mörg dæmi um þetta. Ég ætla ekki að fara langt aftur í tímann til þess að rökstyðja þessa skoðun. Það er þó ástæða til að benda á það ástand, sem hér ríkti á 19. öldinni í þessum efnum, þegar erlendir aðilar höfðu margvíslegan atvinnurekstur með höndum hér á landi. Og ég vil ítreka það, að það var einn stærsti þátturinn í baráttu forustumanna okkar á 19. öld fyrir auknu sjálfsforræði að fá þessi réttindi og þessa aðstöðu í hendur íslenzkra manna og íslenzkra aðila. Ég vil jafnframt benda á það, að þáttur útlendra manna í sjávarútvegi hér er ekki sérlega hvetjandi til þess, að við hverfum inn á þær brautir að nýju að fela erlendum aðilum svo og svo mikla hlutdeild í atvinnurekstri hér á landi.

Undantekningarnar frá því, að þar væri um miður heppilega hluti fyrir okkur Íslendinga að ræða, þar sem var útgerð erlendra manna hér, eru að vísu til, en þær eru fáar, og þær voru einkum þær, þegar það gerðist, sem stundum kom fyrir, að röskir og athafnasamir erlendir menn settust hér að og gerðust íslenzkir ríkisborgarar. En að öðru leyti hygg ég, að hér hafi oftar verið um að ræða víti til varnaðar heldur en fordæmi til eftirbreytni.

Ég ætla að láta nægja að benda á eitt dæmi að því er varðar slíkan atvinnurekstur útlendinga, eitt dæmi frá þessari öld, og ég hef valið það dæmi frá Hafnarfirði, þar sem nú er mjög slegið á þá strengi, að Hafnarfjarðarbær muni njóta alveg sérstakra gæða og tekna í sambandi við alúmínverksmiðjuna í Straumsvík og höfnina, sem þar á að byggja, og í sambandi við öll umsvif, sem því hljóta að fylgja. Ég vil vekja athygli á því, að árið 1910 keypti brezkt útgerðarfélag stóra fiskverkunarstöð í Hafnarfirði. Þetta brezka útgerðarfélag hóf síðan útgerð frá Hafnarfirði jafnhliða fiskverkun, sem það hafði þar í stórum stíl, og þessi umsvif hins brezka félags fóru um skeið vaxandi ár frá ári. Þetta félag átti hér og gerði út frá Hafnarfirði um skeið 4 togara, og fleiri enskir togarar lögðu þarna upp afla sinn og um tíma einnig hollenzkir togarar. Þetta fyrirtæki hafði þarna sem sagt mikil umsvif, því að auk þessarar útgerðar og þessara kaupa af erlendum skipum keypti fyrirtækið fisk af Íslendingum í allstórum stíl og var orðið langstærsti atvinnurekandi í Hafnarfirði, þegar það hafði starfað þarna í nokkur ár, og ég býst við, að þetta félag hafi a.m.k. um 4—5 ára skeið verið einhver allra stærsti atvinnurekandi, sem þá var á Íslandi. Hjá þeim starfaði þá verkafólk svo að hundruðum skipti, ég veit ekki hversu mörgum hundruðum, en það skipti

nokkrum hundruðum. Þeir forustumenn þessa félags, og þeir, sem helzt höfðu hér afskipti af málum að því er varðaði reksturinn á Íslandi, voru, að því er mér er sagt, myndarmenn og nutu töluverðra vinsælda sem atvinnurekendur. En þeir þóttu hins vegar býsna einráðir, og þeir voru sérstaklega andvígir öllum afskiptum ríkisvalds af málum, og verkalýðshreyfingin var hreint og beint eitur í þeirra beinum.

Árið 1916, þegar þetta fyrirtæki hafði starfað í 6 ár hér á landi, aðallega í Hafnarfirði, og eftir að dýrtíð af völdum styrjaldarinnar þá fór vaxandi með hverjum mánuði, auglýsti verkamannafélagið Hlíf í Hafnarfirði nýjan kauptaxta fyrir verkamenn þar í bæ. Það var ákveðið í þessum kauptaxta, að kaup karlmanna skyldi vera 40 aurar á klst. og kaup kvenna 30 aurar, og jafnframt var tekið upp ákvæði, sem ekki mun hafa verið áður, um það, að almennur vinnudagur skyldi takmarkaður og þó ekki meira en svo, að hann skyldi vera frá kl. 6 að morgni til kl. 7 að kvöldi. Annar aðalforstjóri fyrirtækisins, sem þá var staddur í Bretlandi, fékk tilkynningu um þennan nýja kauptaxta verkamannafélagsins Hlífar í Hafnarfirði. Hann sendi verkamannafélaginu Hlíf símskeyti um hæl, og í íslenzkri þýðingu er það eitthvað á þessa leið:

„Ég get ekki viðurkennt verkamannafélög. Þau valda öllum löndum tortímingu og leiða verkalýðinn afvega. Það á að borga verkamönnum okkar nægilega vel, svo framarlega sem þeir eru ekki í verkalýðsfélagi."

Og litlu síðar barst verkamannafélaginu Hlíf bréf frá þessum ágæta forstjóra, þar sem segir m.a.:

„Hér með staðfestum við áðurnefnt símskeyti. Okkur þykir leitt, að við getum ekki viðurkennt verkamannafélög og getum því ekki tekið til greina uppástungur ykkar. En þrátt fyrir það munum við taka til alvarlegrar íhugunar kauphækkun handa verkafólki, handa okkar verkafólki, þó með því skilyrði, að það sé ekki meðlimir í verkamannafélaginu. Það er tilætlun okkar, að Hafnfirðingum sé fyllilega goldið fyrir þeirra verk eftir verðleikum, og við teljum líklegt, að það sé kunnugt í Hafnarfirði, að við höfum ekki lagt í vana okkar að skrúfa niður verkalaun. Við erum ekki mótfallnir því að gjalda þeim gott kaup, sem vinna verk sín með trúmennsku, en við erum stranglega mótfallnir því að hækka kaup þeirra, sem ætlast til, að þeim sé goldið fyrir það að gera lítið eða ekki neitt. Að endingu viljum við minnast þess, að verkamannafélög valda að okkar áliti falli flestra þjóða. Við álítum, að því fyrr sem öll verkamannafélög eru niður lögð á Íslandi, því betur sé farið fyrir landið. Ef verkafólk okkar er ekki ánægt með að fela þetta efni algerlega í okkar hendur, án þess að fara í verkamannafélög, verðum við að fá fólk frá öðrum stöðum. Við álítum a.m.k. okkar verkafólk upp úr því vaxið að fara að ráðum slíks félags eftir þær viðgerðir, sem það hefur fengið hjá okkur á umliðnum árum. Á komandi tímum munum við ekki hafa samhygð með meðlimum verkamannafélaga."

Ég ætla nú ekki að rekja hér frekar heldur en ég hef nú gert viðskipti þessa brezka útgerðarfyrirtækis við verkalýðssamtökin í Hafnarfirði, þó að sú saga sé um margt dálítið lærdómsrík. Nú munu margir segja, að það séu breyttir tímar frá því, að þetta var. Það ríki annar hugsunarháttur, bæði hér og erlendis, gagnvart verkalýðsfélögum o.s.frv. En hins er þó að gæta, að það mun alltaf koma fram, þegar um erlenda aðila er að ræða, að þeirra skoðanir og þeirra hugsunarháttur er gjarnan allur annar en Íslendinga, og það er hætt við, að sú verði raunin, ef svo fer, að útlendingar eiga verulega hlutdeild í atvinnulífi á Íslandi, að eitthvað slíkt geti endurtekið sig, þó að í nýrri mynd verði. En ég vil geta þess hins vegar stuttlega, þar sem ég tel, að af því megi líka draga ákveðna lærdóma, hver urðu endalok þessa umsvifamikla og stóra brezka atvinnurekanda í Hafnarfirði. Árið 1922, eftir 12 ára störf hér, hætti þetta fyrirtæki skyndilega og algerlega fyrirvaralaust öllum atvinnurekstri í Hafnarfirði og öllum atvinnurekstri hér á landi. Að sjálfsögðu var þetta mjög mikið áfall fyrir Hafnarfjörð alveg sérstaklega svo og aðrar þær byggðir, þar sem þetta stóra fyrirtæki hafði haft verulegan atvinnurekstur. Og þessi skyndilega breyting, sem þarna varð, hafði það að sjálfsögðu í för með sér, að það varð mjög alvarlegt atvinnuleysi í Hafnarfirði og afkoma bæjarbúa versnaði stórlega. Svo alvarlegt var ástandið um tíma, að það var haldinn almennur borgarafundur í Hafnarfjarðarbæ vegna þess mikla vanda, sem þarna hafði skapazt, og þangað voru boðaðir tveir háv. ráðh. til þess að fjalla um þetta mikla vandamál bæjarfélagsins. Og það var álit fundarmanna, að það steðjuðu slík vandkvæði að bæjarbúum og bæjarfélaginu, að það þyrfti jafnvel að leita á náðir hins opinbera til þess að bæta úr því brýnasta, sem þurfti að gera til þess að halda þarna uppi einhverri atvinnu. Og það er tekið fram, að ræður manna hafi fallið mjög á eina leið um það, að ef ekki yrði úr bætt og það mjög skjótlega, mundu fasteignir stórfalla í verði í Hafnarfirði og væru þegar farnar að falla í verði, fjöldi manns yrði að flytjast búferlum úr bænum, og væri þó næsta ólíklegt, að þeir gætu selt húseignir sínar og aðrar eignir þar, því enginn kaupandi mundi fást að þeim. Með því móti að taka erlend skip á leigu og með ýmsum öðrum ráðstöfunum, sem ég sé ekki ástæðu til að rekja hér, tókst að forða hreinu neyðarástandi í Hafnarfirði í sambandi við þessar stórbreytingar, sem þarna urðu. En það má geta nærri, hvort þetta var ekki alvarlegt áfall fyrir ungt bæjarfélag, sem hafði verið í örum vexti.

Ég held, að þessir atburðir og sömuleiðis stutt og nokkuð snubbótt útgerðartímabil annars brezks útgerðarfélags í Hafnarfirði, Helliersfélagsins, þetta eigi að geta fært Hafnfirðingum og öðrum heim sanninn um það, að það getur verið valt að byggja lífsafkomu sína á duttlungum erlendra atvinnurekenda, þar sem gróðasjónarmiðið eitt ræður og ekki annað. Ég er þess fullviss, að ýmsir gera sér þetta ljóst í Hafnarfirði þegar í dag, og í þessum efnum ríkja í rauninni sömu lögmálin og ríktu fyrir 40 árum, þó að tímarnir séu breyttir á ýmsa aðra lund.

Ég ætla mér ekki þá dul að fara að elta ólar við ýmsar firrur og jafnvel hreinar fjarstæður, sem ýmsir talsmenn þessara alúmínsamninga hafa haldið fram, sérstaklega í blöðum sínum, en einnig nokkuð hér á hv. Alþ. Eina af þessum firrum ætla ég þó aðeins að

gera að umtalsefni dálítið frekar heldur en ég gerði í fyrri hluta ræðu minnar hér í dag. Það er sú staðhæfing, að andstaðan við þessa samninga, andstaðan við þá samninga, sem nú hafa verið gerðir og verið er að leita fullgildingar Alþ. á, sé sérstakur vottur um þröngsýni og afturhaldssemi þeirra manna, sem þar mæla í gegn. Það er reynt með öllu móti að stimpla þá, sem eru andstæðir þessum samningum, sem einhverja afturhaldsmenn og aftur koma því orði á hina, sem fyrir samningunum berjast, að þeir séu sérstakir framfaramenn og sá framfaravilji komi fram í þessu, að þeir séu óhræddir við það að greiða fyrir stóriðjuframkvæmdum á Íslandi. Þessu er hvað eftir annað haldið fram og borið blákalt fram, enda þótt fram á það sé hins vegar sýnt með óyggjandi rökum, að okkar Íslendinga bíða stórfelld verkefni við uppbyggingu okkar eigin atvinnuvega, við uppbyggingu fiskiðnaðar og margvíslegs annars iðnaðar, sem vitanlega verður að einhverju verulegu leyti að bíða enn um sinn og hlýtur jafnvel að gjalda verulegt afhroð vegna þeirrar röskunar, til að mynda aðeins á atvinnumarkaðinum, sem þetta alúmínglæfraspil hlýtur að valda í íslenzku þjóðlífi á komandi árum.

Nei, andstaðan við þessa samninga, sem af talsmönnum hæstv. ríkisstj. og af sumum hæstv. ráðh. sjálfum er talin hliðstæð baráttu ýmissa íhaldssamra afla fyrr og síðar, sem þæfast fyrir þjóðnytjamálum, þessi andstaða er af allt öðrum rótum runnin. Hún er af þeim rótum runnin, að hér er um að ræða að okkar dómi, sem andstæðir þessari samningagerð erum, í fyrsta lagi stórfelldar réttindaveizlur, sem á að veita erlendu auðfélagi, og þær verða á engan hátt bornar saman við það, þegar Íslendingar sjálfir koma sér upp atvinnutækjum eða nýta eigin auðlindir, hvort heldur þeir gera það fyrir eigið fé eða lánsfé. Hér er í raun og veru um það að ræða, sem flokksbróðir hæstv. iðnmrh., Sigurður Líndal hæstaréttarritari, kallaði alveg nýlega öfuga sjálfstæðisbaráttu. Í grein í Morgunblaðinu 23. marz s.l., — sú grein fjallaði að vísu einkum um sjónvarpsmálið, — leggur Sigurður Líndal alveg réttilega áherzlu á, að sjálfstæðisbarátta Íslendinga hafi verið háð fyrir því, að þjóðin heimti yfirráð málefna sinna í eigin hendur, svo að hún gæti ráðið þeim án íhlutunar annarra, og hann segir í þessari grein:

„Sjálfstæðisbaráttan var háð vegna illrar reynslu af því að lúta forsjá og stjórn útlendra manna. Með sjálfstæðisbaráttunni heimti þjóðin ráð málefna sinna í eigin hendur, bæði stjórnvald en einnig yfirráð þeirrar atvinnustarfsemi, sem var í höndum útlendra manna, svo sem verzlunar og siglinga."

Sigurður spyr að greinarlokum, hvort nú eigi að hverfa frá þeirri grundvallarstefnu, sem hingað til hefur ríkt, að Íslendingar ráði málum sínum sjálfir án íhlutunar annarra, m.ö.o., að sjálfstæðisbaráttunni skuli snúið við, eins og hann orðar það.

Þó að þessi ummæli Sigurðar Líndals séu einkum sögð með sjónvarpshneykslið frá Keflavík í huga, fæ ég ekki betur séð en þau eigi nákvæmlega eins við um alúmínævintýrið, enda er það sannast sagna, að þarna eru, þegar lengra er skyggnzt, ákveðin tengsl á milli, hvort tveggja sjónvarpsmálið og alúmínmálið eru af sömu rótum runnin. Þetta eru tvö dæmi, að því er ég bezt fæ séð, um þá vanmetakennd valdamikilla manna í okkar þjóðfélagi nú í dag, vanmetakennd þeirra, sem kemur fram í margvíslegum skiptum þeirra við aðrar þjóðir og skiptum við erlend auðfélög. Þetta eru tvö dæmi um þá ráðamenn, sem eru í þindarlausri leit að móðurskipinu, sem kynni að vilja kasta spotta til litlu doríunnar, íslenzka ríkisins, eða kippa henni jafnvel hreinlega um borð. Nei, saga núv. ráðamanna íslenzkra í skiptum við aðrar þjóðir er þegar vörðuð nægum óhöppum og slysum, þó að ekki bætist fleira við.

Efnahagsbandalagsævintýrið, sem að vísu var stöðvað, a.m.k. í bili, og þó fyrir annarra tilverknað heldur en íslenzkra ráðamanna eða Íslendinga, landhelgissamningurinn við Breta, hermannasjónvarpið, hernaðarframkvæmdirnar í Hvalfirði. Ég held, að það sé meira en nóg komið af þvílíkum hlutum, þvílíkum verknaði, þó að alúmínsamningurinn með öllum sínum háskalegu og niðurlægjandi ákvæðum bætist ekki í þennan hóp. Alþ. hefur að mínum dómi enga siðferðilega heimild til að fullgilda slíka samningsgerð sem þessa, — samningsgerð, sem er niðurlægjandi fyrir þjóðina, felur í sér réttindaafsal og býður margvíslegum hættum heim. Slíkt frumvarp á að fella.

Helgi Bergs: Herra forseti. Ég ætla ekki að þessu sinni að gera að umræðuefni efnisatriði þess samnings, sem liggur fyrir hv. d. til staðfestingar. Ég ætla ekki heldur að þessu sinni að svara ýmsum atriðum úr ræðu hæstv. iðnmrh. frá því á laugardaginn var, sem voru þó nokkur tilefni til, þó færri en búast hefði mátt við. Þetta bíður 2. umr., ef hún verður. Þá mun ég gera ítarlegri grein fyrir ýmsum efnisatriðum málsins, eins og þau horfa við frá mínu sjónarmiði. Ég hef ekki miklu að bæta að svo stöddu við þá ágætu ræðu, sem hv. 3. þm. Norðurl. v. flutti nú síðdegis í dag. En það vill þannig til, að ég hef starfað frá upphafi í þeirri þmn., sem fylgzt hefur með undirbúningi máls þessa í umboði þingflokkanna og sett var á stofn fyrir forgöngu hæstv. iðnmrh. í febr. 1965. Mér þykir eðlilegt, að maður úr þeirri n. geri nokkra grein fyrir viðhorfum sínum til starfa n. og eðlilegt að skýra hér nokkuð frá þeim, ekki sízt vegna þess, að tilefni hafa gefizt til þess í þeim umr., sem fram hafa farið um þetta mál, hér á hv. Alþ.

Það var hlutverk þessarar n. að fylgjast með gangi málsins fyrir hönd þingflokka sinna, afla þeirra upplýsinga fyrir þá, sem nauðsynlegar þóttu til að móta viðhorf til málsins, og gefa ráðh. og samningamönnum bendingar um atriði og viðhorf til þeirra, sem á góma bar. N. hafði hins vegar ekkert ákvörðunarvald, og yfirleitt var ekki leitað eftir því, að fram kæmi í n. ákveðin og endanleg afstaða til einstakra atriða málsins eða málsins í heild, enda átti að leggja málið fyrir hv. Alþ. Nm. óskuðu eftir í n. margvíslegum upplýsingum af ýmsu tagi. Þeir fengu þær upplýsingar ekki alltaf, en ég held, að ég megi segja, að þeir hafi fengið þær upplýsingar, sem þeir báðu um, þegar kleift var að afla þeirra, og hef ég ekki neinar kvartanir fram að færa um það efni. Nm. lögðu til málsins það, sem þeir vissu bezt og réttast, án

tillits til þess, hvort þeir voru fylgjandi einstökum atriðum málsins eða málinu í heild, enda mótaðist auðvitað afstaðan til málsins í heild af einstökum atriðum þess, eftir því, sem þau formuðust. Það voru margvísleg viðhorf og mismunandi viðhorf manna í n., en samvinna nm. var góð. Ég varð ekki annars var, en að hæstv. ráðh. sýndi n. fullan trúnað. Þó að um það sé auðvitað erfitt að fullyrða, hvort hann kann að hafa látið n. í té allar upplýsingar, sem hann hafði sjálfur eða ekki, þá hef ég það þó mjög á tilfinningunni, að nm. nytu trúnaðar hans, og hef ekki ástæðu til að ætla, að hann hafi með neinum hætti viljað blekkja nm. í neinum atriðum. Ég á ýmsar góðar endurminningar um starfið í þessari n. og fáar slæmar. Vinnuskilyrði n. voru að vísu heldur ófullkomin og óðruvísi en við framsóknarmenn gerðum ráð fyrir í upphafi, en samvinnan við hæstv. ráðh., að öðru leyti en því, sem auðvitað skiptir þó mestu máli, að hann fékkst ekki til að fallast á meginatriði okkar sjónarmiða, var í daglegu starfi ákjósanleg, og ég vil gjarnan nota þetta tækifæri til að þakka hæstv. ráðh. fyrir gott samstarf í því daglega samstarfi, sem þar átti sér stað, þó að hann hafi ekki séð sér fært að fallast á þau meginsjónarmið, sem ég og flokksbræður mínir í n. höfðum fram að færa. Það er ekki fyrr en kemur til umræðnanna hér á hv. Alþ., sem mér finnst ráðh. fara heldur ósanngjörnum orðum um nm., og skal ég koma að því síðar.

Þessi þmn. var ekki samninganefnd. Það virðist, að minnsta kosti út á við, vera nokkuð almennur misskilningur, að þmn. hafi tekið þátt í samningum við hina erlendu menn. Þeir samningar voru ræktir af embættismönnum undir stjórn ráðh. og síðar af ráðh. sjálfum ásamt embættismönnum sínum. Árangur þeirra starfa verður auðvitað dæmdur af þeim samningum, sem hér liggja fyrir. Verkin sýna merkin. En ég verð að segja það, að mér hefur oft fundizt einkennilegt, og það hefur valdið mér vonbrigðum, að samningamenn skyldu ekki komast lengra með það, sem þeir vildu ná fram í þessum samningum, en raun ber vitni, vegna þess að ég hef þann skilning, að samninganefndin hafi starfað af dugnaði. Ég hef líka þá tilfinningu, að viðbrögð ráðh. við einstökum atriðum í málinu, einstökum kröfum af hálfu Svisslendinganna, hafi oft verið snörp, en þau nægðu ekki, enda mun málið hafa verið þannig, að ráðh. var ekki reiðubúinn til þess að láta samninga bresta, og þá verður samningsaðstaðan ævinlega veik. Og þá er við ramman reip að draga. Skrif stuðningsblaða hæstv. ríkisstj. sköpuðu ekki hagstætt andrúmsloft fyrir samningaumleitanir hæstv. ráðh. Ég ætla ekki að rekja það að þessu sinni. Ég get stutt þá fullyrðingu dæmum, ef tilefni gefst til þess, en í skrifum blaða hæstv. ríkisstj. komu fram sjónarmið, sem hlutu að vekja þá hugsun hjá viðsemjendum hæstv. iðnmrh., að við mættum til fyrir hvern mun að ná þessum samningum. Strax á fyrsta fundi n. vakti ég máls á því, hvort ekki væri hættulegt fyrir okkur að láta þann skilning skapast hjá viðsemjendunum, að við gætum ekki virkjað án þeirra tilkomu. Þessu var þá eytt, en hér álít ég, að sé að finna nokkurn þátt í þeim skýringum, sem eru á því, að betri árangur náðist ekki, og kemur þá enn til það, að ég varð þess var um þessar mundir, að ýmsir einstaklingar, sem hinir svissnesku samningamenn höfðu samband við, töluðu enn ógætilegar og fóru enn ógætilegar að ráði sínu heldur en nokkurn tíma blöð hæstv. ríkisstj.

Þótt mér finnist viðeigandi fyrir einn úr þessari þmn. að gera störf hennar nokkuð að umræðuefni, ætla ég ekki hér að fara að rekja gang mála í þeirri n. að neinu ráði. Það mundi taka allt of langan tíma og leiða of langt. En það hefur annað komið fram í þessum umr., sem orðið hafa um þetta mál hér á hv. Alþ., sem gefur tilefni til þess að skoða einn þáttinn í starfi n. Hæstv. ráðh., iðnmrh., lét sig hafa það í Nd. að fullyrða það, að okkur, sem í þmn. störfuðum, hefði alla tíð verið kunnugt um gerðardómsákvæðin, án þess að við mótmæltum þeim. Þau ummæli, sem hæstv. ráðh. lét sér um munn fara í þessu sambandi og ég skal örlítið nánar taka til meðferðar síðar, voru bæði ósanngjörn í garð samstarfsmanna hans í n. og algerlega villandi. Framsetning hans á þessu máli hér við þessa umr. í þessari hv. d. var að vísu nokkuð betri, en breytir ekki því, að mér finnst fullt tilefni til að ræða nokkuð um þetta atriði. Ég ætla þess vegna að slá tvær flugur í einu höggi. Ég ætla að rekja svolítið, hvernig þessi ákvæði komu til meðferðar í þmn., og það getur þá verið hvort tveggja í senn nokkur frásögn af starfi n., eins og það gekk fyrir sig, og í öðru lagi svar við ósanngjörnum og villandi ummælum hæstv. iðnmrh. um þetta efni í hv. Nd.

Þar er þá fyrst frá að segja, að skýrsla hæstv. iðnmrh., sem hann flutti sameinuðu Alþ. í maí í fyrra, gat ekki um nein slík ákvæði. Slík ákvæði eða lagagrundvöllur í þessu sambandi yfirleitt höfðu þá, að því er ég get séð í fundargerðum og bezt man, alls ekki komið til umr. í n. Okkur nm., a.m.k. mér, var þá ekki neitt kunnugt um hið fyrsta uppkast, sem ráðh. hafði látið gera af samningi og sem hv. 3. þm. Norðurl. v. gerði að umræðuefni hér í dag. Það leyndarmál geymdi hæstv. ráðh. og samstarfsmenn hans auk hv. 3. þm. Norðurl. v. Við gerðum satt að segja um þessar mundir alls ekki ráð fyrir því, að í samningum þyrftu að vera nein ákvæði um þessi efni yfirleitt, heldur mundi það bara koma af sjálfu sér, að fyrirtæki, sem starfrækt væri á Íslandi, mundi lúta íslenzkri lögsögu, enda hafði það verið tekið fram af hálfu okkar framsóknarmanna á öðrum vettvangi fyrr. Við gerðum alls ekki ráð fyrir neinu slíku um þær mundir, og það studdi þær hugmyndir okkar, að á öðrum fundi þmn. lýsti aðalsamningamaður ríkisstj., dr. Jóhannes Nordal, því yfir, — í öðru sambandi að vísu — að viðsemjendur okkar yrðu að treysta því, að Ísland væri réttarríki. Eftir því sem ég get bezt munað og séð af fundargerðum, komu slík atriði alls ekki til umr. fyrr en á 13. fundi n. En ég vil aðeins fyrst geta um 12. fund n., sem haldinn var 17. júní s.l. í Zürich, þar sem þmn. var stödd í kynnisferð. Ráðh. skýrði þá n. frá því uppkasti, sem hann hafði fengið frá svissneskum viðsemjendum sínum. Hann skýrði mjög lauslega og ég held sáralítið frá efnisatriðum þess, eftir því sem ég bezt man, og það kemur ekkert fram um það í fundargerð, að hann hafi skýrt frá efnisatriðum málsins þá. En hitt var alveg ljóst,

eins og hæstv. ráðh. skýrði raunar frá hér á laugardaginn, að hann var sáróánægður og varð fyrir miklum vonbrigðum af því samningsuppkasti, sem hann hafði fengið í hendur.

Mér virtist þó af því, sem hæstv. ráðh. sagði á þessum fundi, að það, sem hann væri fyrst og fremst óánægður með, væri form samningsins. Ég gerði því á þeim fundi fsp. til ráðh., þar sem ég spurðist fyrir um það, hvort aths. ráðh. við samningsuppkastið snertu formhlið málsins eða efni. Ráðh. svaraði því, að um hvort tveggja væri að ræða. Ég spurði þá ráðh. að því, hvort hann teldi, að efnisatriði samninganna — ég spurði þess að gefnu tilefni — væru í aðalatriðum ráðin, og svaraði ráðh. því játandi, að efnisatriði væru í aðalatriðum ráðin og eftir þá yfirlýsingu — efnisatriði málsins höfðu nú smátt og smátt verið að skýrast — fór það að verða ljósara, að líklegt væri, að þessir samningar mundu enda þannig, að við framsóknarmenn gætum ekki veitt þeim stuðning.

Á 13. fundi n., sem haldinn var 13. júlí, er nm. afhent þetta samningsuppkast. Þá sjá nm. í fyrsta sinn ákvæði um lagagrundvöll, gerðardóm og því um líkt. Þó voru þau ákvæði, sem um gerðardóminn fjölluðu í þessu uppkasti, töluvert öðruvísi heldur en þau eru í þeim samningi, sem nú liggur hér fyrir. Að sumu leyti miklu lakari fyrir okkur Íslendinga, en að öðru leyti kannske líka betri. Þannig var gert ráð fyrir því, að lagagrundvöllurinn væri þau lög, sem væru sameiginleg íslenzkri og svissneskri löggjöf, sem auðvitað var ákaflega óljóst og óviðunandi. En á hinn bóginn var það ekki fram tekið þarna og a.m.k. alveg óljóst, hvort íslenzka fyrirtækið gæti skotið ágreiningsmálum til gerðardóms. En núna, þegar svo virtist sem efnisatriði málsins væru nokkuð farin að skýrast og það fór að verða nokkuð ljóst, þó ekki í öllum atriðum, hverjar mundu verða niðurstöður samningaumleitananna, vaknaði sú spurning hjá okkur, fulltrúum Framsfl. í þmn., hvernig við gætum hagað áframhaldandi starfi okkar í þeirri n. Okkur virtist ljóst af ýmsu, að hæstv. ráðh. vildi gjarnan hafa þessa þmn. starfandi, jafnvel þó að ýmsir nm. væru andvígir samningunum. Á hinn bóginn vildum við ekki, að áframhaldandi starf okkar í n. gæti leitt til einhvers alvarlegs misskilnings um afstöðu okkar til ýmissa meginatriða. Á 14. fundi n., fyrsta fundinum, sem haldinn var, eftir að við höfðum fengið fyrsta samningsuppkastið, sem við fengum í hendur, á fyrsta fundinum, sem haldinn var, eftir að við höfðum fengið það í hendur, óskaði ég eftir því fyrir mína hönd og Ingvars Gíslasonar, að eftirfarandi yrði bókað:

„Við leggjum áherzlu á, að áframhaldandi samningaumleitanir við Alusuisse verði m.a. miðaðar við eftirfarandi:

1. Að staðarvalið fyrir verksmiðjuna verði endurskoðað í því skyni að velja verksmiðjunni stað utan mesta þéttbýlissvæðis landsins, sbr. bókun Gísla Guðmundssonar á fundi 29. apríl s.l.

2. Að verksmiðjufyrirtækið lúti í einu og öllu íslenzkum lögum.

3. Að það gjald, sem verksmiðjan greiðir fyrir raforku, nægi í raun til þess að verksmiðjan standi undir stofn- og rekstrarkostnaði virkjana á hverjum tíma, m.a. með samningsákvæðum um tíða endurskoðun raforkuverðsins. Jafnframt minnum við á nauðsyn þess, að ráðstafanir séu gerðar til þess að koma í veg fyrir, að bygging verksmiðjunnar hafi óhagstæð áhrif á verðlags- og efnahagsþróunina í landinu, en fyrsta skrefið í þá átt teljum við vera, að gerð sé ítarleg áætlun um vinnuafl og framkvæmdaverkefni næstu ára."

Hér óskuðum við, að bókað yrði, að við vildum leggja megináherzlu á þrjú atriði, sem að samningunum lúta, og fjórða atriðið, sem sneri að okkur sjálfum eingöngu.

Um þrjú þessara atriða skal ég ekki ræða að þessu sinni, en ég vek athygli á 2. tölulið þessarar bókunar, þar sem stendur, að verksmiðjufyrirtækið, þ.e.a.s. það innlenda fyrirtæki, sem rekur verksmiðjuna, verksmiðjufyrirtækið lúti í einu og öllu íslenzkum lögum, og eins og hv. 3. þm. Norðurl. v. gerði svo glögglega grein fyrir í dag, hlýtur auðvitað í þessu að vera fólgið einnig það, að það lúti íslenzkri lögsögu. Ég gerði grein fyrir því á þessum fundi, að við legðum þessa bókun fram til þess að koma í veg fyrir, að áframhaldandi þátttaka í störfum n. væri talin þýða fráhvarf frá prinsipafstöðu, sem áður hefði verið gerð grein fyrir. Hvernig tók nú ráðh. þessu? Það segir áfram í fundargerðinni:

„Ráðh. kvað þátttöku í störfum n. ekki bindandi fyrir alþm. um afstöðu til málsins, þegar til meðferðar þess á Alþ. kæmi, heldur aðeins til þess, að allir þingflokkar gætu kynnzt málinu, áður en það kemur til kasta Alþ. Ráðh. kvað vitað, að ágreiningur væri um ýmis prinsipatriði málsins og um það í heild."

Mér finnst nauðsynlegt að minna á þetta, ekki aðeins vegna þess, að það sýnir það ljóslega, að á fyrsta fundi, sem n. hélt, eftir að við höfðum fengið fyrsta samningsuppkastið í hendur, gerðum við grein fyrir þeim meginatriðum, sem við töldum, að mundu ráða okkar afstöðu til málsins. Og í öðru lagi vegna þess, að þar kemur ljóslega fram það viðhorf ráðh. til n., að það sé vitað, að þar sé ágreiningur í grundvallaratriðum og þeir menn, sem þátt taka í nefndarstörfum, séu óbundnir, þegar málið kemur til Alþ.

Ég held, að þegar ég hef gert grein fyrir þessu, hljóti menn að sannfærast um það, að það skortir mikið á, að það sé sannleikanum samkv., þegar hæstv. ráðh. og aðrir gefa það í skyn, að engin aths. hafi verið við þetta gerð, og þó er miklu meira eftir. Nú skal ég halda áfram.

Á 17. fundi n., sem haldinn er 27. ágúst, er þessi þáttur málanna næst til umr. Og áður en ég kem að því að segja frá því, sem þar fór fram, verð ég því miður að minna á það, að við umr. þessa máls í hv. Nd. sagði hæstv. iðnmrh., að ýmsar aths. og bókanir hefðu verið gerðar um ýmis atriði í þmn., en aldrei um gerðardóminn, aldrei um gerðardóminn. Og hæstv. ráðh. sagði áfram orðrétt eftir því, sem ég hef tekið upp úr óleiðréttu eintaki á lestrarsal:

„Það kemur fram á 17. fundi í þmn. 27. ágúst, að þá kvaðst Helgi Bergs ekki hafa sérstakar aths. að gera við fyrirliggjandi uppköst, en taldi orðalag sums staðar fullveikt, t.d. þar sem rætt er um íslenzkt

réttarfar neðst á bls. 4 og efst á bls. 5. En á þessum fundi lagði ég fram grg.," segir hæstv. ráðh. áfram, „sem við vorum að senda Alusuisse um viðhorf okkar til samningsuppkastanna, sem við höfðum farið yfir með þmn. til undirbúnings fundi, sem stóð fyrir dyrum hér á Íslandi á eftir. Í bókuninni stendur: Iðnmrh. tók fram, að hann hefði sjálfur nokkrar brtt. að gera við grg.-uppkastið, m.a. við það atriði varðandi íslenzkt réttarfar, sem Helgi Bergs hafði vikið að. Og allt var það leiðrétt," segir hæstv. ráðh. áfram, „og sett í það form, sem menn sættu sig við og síðar leiddi til sterkari og betri niðurstöðu." Þetta voru ummæli hæstv. ráðh. í Nd.

Hvað segir nú fundargerð 17. fundar um þetta efni? Í fyrsta lagi hlýt ég að vekja athygli á því, að þegar hæstv. ráðh. segir í ræðu sinni, að Helgi Bergs hafi ekki haft sérstakar aths. að gera við fyrirliggjandi uppkast, vaknar strax sú spurning, hvaða uppkast er um að ræða? Það væri að sjálfsögðu nærliggjandi fyrir þá, sem heyra þessa setningu, að halda, að fyrir okkur hafi legið eitt samningsuppkastið enn — mörg voru þau, sem á okkar borð komu — og ég hefði ekkert haft við það að athuga. En það er öðru nær. Í upphafi þessa tölul. fundargerðarinnar, sem hæstv. ráðh. las úr, þó að hann læsi ekki upphafið, stendur: „Uppkast það að grg. af hálfu Íslands, sem útbýtt var á 16. fundi, tekið til umr." Þetta var uppkast, sem Hjörtur Torfason lögfræðingur hafði gert að aths. við þau samningsdrög, sem við höfðum til meðferðar. Ég hafði látið þá skoðun í ljós, að í stað þess að gera aths. við þessi samningsdrög ætti að skrifa önnur ný, svo mörg væru þau atriði, sem þyrftu breytinga við. Á þá skoðun var ekki fallizt, og ég lýsti því yfir, að ég hefði í sjálfu sér ekki aths. að gera við aths. Hjartar — og það er það, sem þarna kemur fram — þó að ég teldi, að sterkara þyrfti að taka til orða neðst á bls. 4 og efst á bls. 5, og nú skulum við athuga, hvað þar segir.

Neðst á bls. 4 og efst á bls. 5 stendur þetta: „Grundvallarlög og deilumál" er fyrirsögn kaflans. „Í ákvæðum samningsins um ofangreind efni ætti í fyrsta lagi að koma fram eðlilegur greinarmunur milli efnislegs réttar og réttarfars. Svo virðist, sem þetta hafi ekki tekizt í drögunum, þó að skilið sé þar á milli innihalds 52. gr. og 53.—55. gr. Í öðru lagi er talið að því er varðar efnislegan rétt, sem leggja á til lagagrundvöllinn að samkomulagi aðilanna, að samninginn og fskj. eigi að túlka og framkvæma í samræmi við íslenzk lög, og geta þá viðeigandi reglur þjóðaréttarins átt við með venjulegum hætti. Það er skoðun fulltrúa ríkisstj., að þróun íslenzks réttar og réttarstofnana réttlæti fyllilega þá staðhæfingu, að Alusuisse ætti að taka það með í reikninginn sem hverja aðra viðskiptalega áhættu af fyrirtækinu, að hagsmunir þess af verksmiðjunni yrðu látnir lúta handleiðslu þeirra. Í þriðja lagi er talið að því er varðar dómstóla þá og réttarfar, sem notfærð yrðu til að setja niður hugsanlegar deilur milli aðilanna út af samningum og fskj., að þekking og vammleysi íslenzkra dómstóla séu hafin yfir allan efa um það, að heppilegt sé að leggja þessi mál í þeirra dóm. Af þessu leiðir, að ekki ætti að þurfa að leita til gerðardóms um deilur aðilanna, hvort sem hann er íslenzkur, alþjóðlegur eða annars konar, nema sú leið hafi í för með sér ótvíræða og mikilvæga kosti við lausn deilumála, svo sem verulegan sparnað í fjármunum. Dregið er í efa, að fyrirkomulag það, sem greinir í drögunum, muni í öllum tilfellum hafa í för með sér slíka kosti."

Það, sem hér er sagt, er það, að það eigi að leggja íslenzk lög til grundvallar og það eigi að láta íslenzka dómstóla dæma um deilumálin. Þessu var ég vissulega alveg sammála að öðru leyti en því, að ég vildi láta taka sterkar til orða. Og ég hafði alveg sérstaklega aths. að gera við það orðalag, þar sem sagt var, að Alusuisse ætti að taka það með í reikninginn sem hverja aðra viðskiptalega áhættu af fyrirtækinu, að verksmiðjan yrði látin lúta handleiðslu íslenzkra dómstóla. Og viti menn. Þetta var hæstv. ráðh. mér alveg sammála um, og eins og hann tók fram, hafði hann gert aths. við sína samningamenn um sama efni. Það er því ekkert um það að villast, að á þessum fundi erum við ráðh. alveg sammála um það, að íslenzk lög eigi skilyrðislaust að vera ráðandi og íslenzkir dómstólar að dæma, nema hentugt þyki og hafi sérstaka kosti að setja málið í gerð.

Hafi ráðh. skilið þetta sem stuðning minn við þau ákvæði, sem nú liggja fyrir, eða stuðning við málið í heild, mætti kannske benda á það, að strax eftir að þetta er bókað eftir mér, er bókað eftir öðrum manni, sem verður víst ekki vændur um það að hafa nokkurn tíma viljað styðja þetta mál.

„Björn Jónsson taldi, að meginatriði þeirra aths., sem nm. hefðu haft við uppkast Alusuisse, kæmi fram í fyrirliggjandi grg.-uppkasti."

M.ö.o.: menn voru sammála um það, að grg.-uppkastið, sem Hjörtur Torfason lögfræðingur hafði útbúið, væri fullnægjandi plagg, enda gerði það ráð fyrir þessum réttarfarsreglum og lögsögu, sem ég hef gert grein fyrir.

Fullyrðing hæstv. ráðh. í lok þeirra ummæla, sem ég hafði eftir honum áðan, um það, að allt hafi það verið leiðrétt og sett í það form, sem menn sættu sig við og síðar leiddi til sterkari og betri niðurstöðu, er svo auðvitað í þessu ljósi ekki nema brosleg. Þetta var það, sem fram kom um þetta mál á 17. fundi n.

Á 19. fundi n., sem er haldinn 28. okt. s.l., kemur þetta fram: „Rætt um ýmis atriði skýrslunnar" — þ.e. frásögn af ýmsum fundum íslenzku ríkisstj., Alusuisse og Alþjóðabankans, — „rætt um ýmis atriði skýrslunnar, einkum force majeure, sem menn voru sammála um, að æskilegt væri að túlka þröngt. 2. Afstöðu til að nota erlent vinnuafl, einkum á byggingartímanum, sem talið var, að ætti að fara eftir hinum almennu reglum, sem um slíkt gilda hér á landi. 3. Gerðardómsákvæðin, sem talið var æskilegt, að hægt væri að takmarka, enda væru íslenzkir dómstólar nægileg trygging fyrir Alusuisse." Þetta var bókað um það.

Svona seint, á 19. fundi n., 28. okt., eru menn, að því er virðist, sammála um það, að gerðardómsákvæðin sé æskilegt að takmarka, enda væru íslenzkir dómstólar nægileg trygging fyrir Alusuisse. En þó er ráðh., þegar þarna er komið, í lok okt., greinilega farinn að linast, því að svo heldur fundargerðin áfram:

„En þessu atriði, sagði ráðh., að Alusuisse legði mjög mikið upp úr, teldi sig ekki geta metið, hvort nægileg trygging væri í meðferð íslenzkra dómstóla einna, og vitnaði til þess, að ljóst væri af samþykkt Alþjóðabankans um gerðardóm í ágreiningsmálum ríkja og erlendra fyrirtækja, að hér væri um alþekkt vandamál að ræða og engin áhætta væri fyrir okkur að sætta okkur við slíkan gerðardóm."

En þetta er skoðun ráðh. sjálfs og bókuð eftir honum einum. Það er því ljóst af þessu, að þá, í lok okt., er enn í gangi full viðleitni af hálfu okkar samningamanna til þess að komast hjá að taka þessi gerðardómsákvæði inn í samningana.

Næsti fundur, 20. fundur n. er haldinn 26. nóv. Þá eru lagðar fram aths. Hjartar Torfasonar lögfræðings við síðasta uppkastið, sem komið hafði frá Svisslendingunum, og þar segir Hjörtur Torfason um 47. *greinina:*

„Ákvæði þessarar gr. um sjálfstæðan gerðardóm eru sem áður sniðin eftir upphaflegum tillögum maí-draganna og þurfa ef til vill frekari breytinga við. Hér veldur það nokkrum erfiðleikum, að réttarfarsreglur skv. Alþjóðabankasamþykktinni verða ekki gefnar út fyrr en eftir áramót, og þykjast því Svisslendingar ekki geta notað þær. Er tilvísun til reglna ICC, efst á bls. 76 þannig til komin. Loks er það ný till. Alusuisse, að úrskurður slíks gerðardóms skuli hafa sömu verkun og dómur íslenzks dómstóls, er væntanlega merkir það fyrst og fremst, að hann verði aðfararhæfur. Þykir mér það heldur óaðgengilegt, enda yrði aðfararhæfið varla virt nema á Íslandi. Hitt er annað mál, að úrskurðir Alþjóðabankagerðardóms yrðu aðfararhæfir í öllum aðildarlöndum samþykktarinnar, og mætti einmitt nota það til að auka áhuga Alusuisse fyrir þeim gerðardómi."

Þessar aths. Hjartar Torfasonar eru dags. 19. nóv. og eru lagðar fram á fundi n. 26. nóv. s.l. Af þeim er það alveg ljóst, að ráðh. og samningamenn hans eru mjög farnir að linast í baráttu sinni við að losna við gerðardóminn. Hins vegar er það líka ljóst, að svo seint sem 26. nóv. var ekki ljóst, hvernig slík gerðardómsákvæði í samningunum mundu verða.

21. fundur n. er svo haldinn 30. nóv., og þá er ekkert rætt um lagagrundvöll eða gerðardómsákvæði, heldur eru önnur málefni til umræðu á þeim fundi, og síðan er enginn fundur haldinn fyrr en 10. des. En 3. des. birtir iðnmrn. yfirlýsingu um, að samkomulag hafi tekizt um öll efnisatriði við Alusuisse. Af þessu er það ljóst, að á seinasta fundi n., sem haldinn er, áður en þessi yfirlýsing er gefin út, er ekki ljóst með hvaða hætti þessi gerðardómsákvæði eiga að vera, og þau eru þar af leiðandi í sínu endanlega formi aldrei lögð fyrir þmn. En þegar yfirlýsing frá rn. kom fram þann 3. des., var að sjálfsögðu ljóst, að öll meginatriði í kröfum og skilyrðum Framsfl. fyrir stuðningi við þetta mál höfðu verið sniðgengin, og þá var heldur ekki eftir neinu að bíða, og við fyrsta tækifæri þar á eftir flutti formaður flokksins yfirlýsingu um afstöðu hans, hér á hv. Alþingi.

Það er af þessu, sem ég hér hef rakið, alveg ljóst, að fram á seinustu stund reyndi hv. ráðh. og samningamenn hans að ná betri samningum um þetta atriði og sanna mörg fleiri atriði, en það tókst ekki, og það var eins og það væri bara einn leikur í þessari skák, sem ekki mátti leika, og það var að láta bresta. En þetta, sem að ég hér hef rakið, ætti að sýna það, svo að ekki verður um villzt, að ummæli hæstv. ráðh. um það, að nm. í þmn. hafi verið kunnugt um gerðardómsákvæði *samningsins, án þess að hreyfa andmælum,* eru gjörsamlega röng og tilefnislaus, og þau eru svo sannarlega ekki í samræmi við drengilegan málflutning, sem ég þó vil gjarnan halda, að hæstv. ráðh. vilji temja sér.

Mér þótti rétt og viðeigandi, að þessi atriði kæmu fram hér við þessa umr. af þeim tveimur ástæðum, sem ég hef gert grein fyrir, bæði vegna þess, að mér finnst eðlilegt, að einn úr þmn. geri nokkuð grein fyrir því, hvernig hún hefur starfað, og svo hins vegar vegna þess, að nauðsynlegt var að leiðrétta hin tilefnislausu og ósanngjörnu ummæli um það efni, sem ég hér hef rakið. Að öðru leyti, herra forseti, skal ég láta umr. um þennan samning bíða síðara tækifæris og skal nú ljúka máli mínu.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Ég bið *hæstv. forseta og hv. þdm. afsökunar á töf á* fundarstörfum hér, sem orsakaðist af því, að ég þurfti að taka þátt í atkvgr. í Nd. Þegar ég kvaddi mér hljóðs, var enginn á mælendaskrá, og ég ætla ekki að lengja þessar umr. nú við þessa 1. umr. málsins. Ég hef hins vegar sitthvað að athuga við margt, sem fram hefur komið, einkum og sér í lagi í ræðum hv. 3. þm. Norðurl. v. (ÓlJ) og hv. 6. þm. Sunnl (HB). Ég skal ekki víkja að því núna, en ég ætla að geyma mér rétt til þess að leiðrétta ýmislegt, sem ég tel leiðréttingar þörf, við 2. umr. málsins og lengi ekki umr. að svo stöddu.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10:7 atkv. og til álbræðslunefndar með 16 shlj. atkv.

Á 75. fundi í Ed., 29. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 434, n. 608, 628 og 635, 629).

Frsm. meiri hl. (Sveinn Guðmundsson): Herra forseti. Frv. til l. á þskj. 434 um lagagildi samnings milli ríkisstj. Íslands og Swiss Aluminium Ltd. um álbræðslu við Straumsvík hefur verið *til athugunar í* sjö manna n., sem vann að málinu með n. frá hæstv. Nd. N. beggja þd. klofnuðu í máli þessu, og mæli ég hér fyrir meiri hl. álbræðslunefndar hæstv. Ed.

Þingnefndirnar fengu til viðræðna við sig helztu sérfræðinga, sem unnið hafa að máli þessu f.h. ríkisstj. Á sameiginlegum fundi n. mættu m.a. Jóhannes Nordal seðlabankastjóri, Eiríkur Briem forstjóri Landsvirkjunar, Hjörtur Torfason lögfræðingur, Brynjólfur Ingólfsson ráðuneytisstjóri og Steingrímur Hermannsson framkvæmdastjóri Rannsóknaráðs ríkisins.

Á fundi með Ed.-nefndinni kom til viðræðu við n. Jakob Gíslason raforkumálastjóri.

Meiri hl. álbræðslunefndar þessarar hæstv. þd. leggur fram álit sitt á þskj. 635.

Ég bið hæstv. þdm. að hafa biðlund, þótt ég verði nokkuð langorður, en ég mun freista þess að hafa bætandi áhrif á þá þdm., sem enn hafa ekki viljað tjá sig fylgjandi þessu þjóðþrifamáli.

Það er ekki óeðlilegt, að menn velti fyrir sér, þegar svo stórir samningar eru gerðir sem hér er um að ræða, hver sé viðsemjandinn og hvaða líkur séu til þess, að hann standi við sína samninga og gefin loforð. Eru svo líkindi til þess, að þessi aðili hafi hug á að beita áhrifum sínum hér á landi til íhlutunar um íslenzk málefni eins og slegið hefur verið fram hér af andstæðingum málsins?

Sviss er lítið land, aðeins 2/5 hlutar af stærð Íslands, innilukt stórveldum á allar hliðar, Þýzkalandi, Ítalíu, Frakklandi og Austurríki. Íbúatala landsins er tæpar 5 milljónir. Þessi litla þjóð hefur ekki beitt vopnum eða ásælzt lönd annarra, heldur kappkostað að sýna ýtrasta hlutleysi allt frá því að hún hlaut fullt sjálfstæði á 17. öld. Svisslendingar hafa á sér mestan alþjóðablæ allra þjóða, enda eru tungumálin þrjú, öll jafnrétthá, þýzka, franska og ítalska. Þjóðin er rík, vinnusöm og viðskipti öll við Svisslendinga talin hin ábyggilegustu.

Fyrirtækið í Sviss, sem hér hefur gengið til samninga við Íslendinga, Swiss Aluminium Ltd., er gamalt og rótgróið hlutafélag, stofnað 1888. Félagið er stofnað til að sannprófa og nýta uppfinningu um rafgreiningu og framleiðslu á áli, en þess má geta í þessu sambandi, að 8% jarðskorpunnar samanstendur af þessu efni. Á sama tíma inniheldur jarðskorpan aðeins 5% af járni.

Á þeim tíma, sem framleiðsla áls hefst í Sviss, byggðu Ameríkumenn einnig álbræðslur, og eru þeir að sjálfsögðu í dag langstærsti framleiðandi þessa málms. Merkilegt er að benda á, að Ameríkanar telja nauðsynlegt, eigi álbræðsla að vera arðvænleg, þá þurfi stærð bræðslunnar helzt að vera með allt að 200 þús. tonna ársafköstum.

Svisslendingar hins vegar hafa byggt sínar álbræðslur miklu minni. Meðalbræðslur þeirra eru jafnvel með niður í 30 þús. tonna ársafköst. Það, sem hér er talið koma til, er meðfædd nýtni og hagleikur Svisslendinga. Er því mikilsvert fyrir okkur Íslendinga að komast í nánari kynni við þjóð, sem getur af hagleik og nýtni boðið stórþjóðum byrginn og framleitt vöru fyrir heimsmarkaðsverð í smærri stíl en hinar stærri þjóðir gera.

Um áraraðir hefur það verið hugsjón beztu og víðsýnustu manna að koma þyrfti upp fjölbreyttari atvinnurekstri á Íslandi til öryggis og bættrar lífsafkomu íslenzku þjóðarinnar. Vísi að stóriðju á Íslandi má telja innréttingar Skúla Magnússonar á miðri 18. öld. Á þess tíma mælikvarða var um stórvirki að ræða, og hugsunin hjá Skúla var að sjálfsögðu sú að nýta hráefni, sem til féll í landinu, íslenzku ullina.

Stórhugur þessa athafnamanns fékk hörmulegan endi, sem ekki þarf að rekja hér, svo kunn er sú saga öllum landsmönnum.

Með virkjun vatnsaflsins hefst raunverulega íslenzk iðnbylting, svo stóran þátt á raforkan í þróunarsögu íslenzku þjóðarinnar. Með virkjun Sogsins var brotið blað í notkun íslenzkra náttúruauðæfa og lagður grundvöllur að uppbyggingu þeirri, sem staðið hefur hin síðari ár. Það er engum vafa undirorpið, að beizlun fossanna hefur lagt grundvöll að margháttuðum framförum í landi okkar. Þetta sjáum við vel, en var það jafnljóst öllum, þegar virkjanirnar hófust?

Það má með sanni segja, að stóriðja hafi skapazt hér á landi í sjávarútvegi. Frystihúsin, síldar- og fiskimjölsverksmiðjur tala sínu máli, og landbúnaðinn eða vinnslu landbúnaðarvara má einnig nefna, svo sem stærstu mjólkurvinnslustöðvarnar. Hið eiginlega hugtak stóriðja, eins og okkur er tamast í dag að tala um hana, þar eigum við hins vegar við rekstur svo sem áburðarverksmiðjuna, sementsverksmiðjuna og nú álbræðslu, sem væntanlega verður einnig að veruleika.

Hugleiðingar um byggingu álbræðslu eru ekki nýjar fyrir okkur Íslendinga. Ég skal þó ekki fara lengra aftur í tímann en til áranna 1950—1953, þegar Hermann Jónasson er raforkumrh. í ráðuneyti Steingríms Steinþórssonar og lætur kynna sér áhuga erlendra aðila fyrir byggingu álbræðslu á Íslandi.

Þetta leiðir af sér, að hér koma fulltrúar frá erlendum álbræðslum til þess að athuga möguleika til slíkra framkvæmda hér á landi. Á þessum árum komu hér Bretar, Kanadamenn og Svisslendingar. Ferðuðust þeir um landið, að Dettifossi, Þjórsá og víðar, flugu yfir vatnasvæði og kynntu sér hafnarmöguleika.

Þrátt fyrir áhuga þáverandi íslenzkra stjórnarvalda á málinu, varð ekki vakinn sá áhugi þessara erlendu aðila á byggingu álbræðslu hér á landi, að framhald yrði á viðræðum.

Árið 1957, í tíð vinstri stjórnarinnar, lætur svo Hermann Jónasson hefja viðræður við ameríska áliðjuhölda, Reynolds, Kaiser o.fl. Til þeirra viðræðna völdust Steingrímur Hermannsson og Vilhjálmur Þór, þáverandi bankastjóri Landsbankans og einn úr forustuliði Framsfl. Hversu mjög sem þessir menn lögðu sig fram, var enn árangurslaust unnið að álbræðslu á Íslandi.

Það, sem næst skeður, eftir því sem mér er bezt kunnugt, er, að íslenzkir iðnrekendur undir forustu Félags íslenzkra iðnrekenda gengu til samstarfs við norræn iðnrekendasamtök, og árið 1960, um sumarið, er hér haldinn norrænn fundur iðnrekenda. Formaður Félags íslenzkra iðnrekenda var þá Sveinn B. Valfells, mikill áhugamaður um íslenzka iðnþróun. Á fundinum sumarið 1960 var rætt af miklum áhuga og velvilja af hálfu norrænna iðnrekenda um orkulindir landsins og uppbyggingu stóriðju á Íslandi, þar sem Íslendingar gætu notið stuðnings hinna Norðurlandanna í einu eða öðru formi.

Í þessum viðræðum kom ótvírætt í ljós, að norskir, danskir og finnskir iðnrekendur töldu lönd sín ekki aflögufær til neinna fjárhagslegra átaka utan síns heimalands. Fulltrúar Svíþjóðar töldu hins vegar ekki útilokað, að frekari viðræður gætu farið fram. Var það svo í byrjun næsta árs, árið 1961, eftir nokkur bréfaskipti við Félag íslenzkra iðnrekenda, að Sveriges Industriforbund bauð flokki Íslendinga til Svíþjóðar, svo að þeir af eigin reynslu gætu kynnt sér stóriðnað Svía, virkjanir og annað, með tilliti til

uppbyggingar stóriðju á Íslandi. Sendinefnd þessari á vegum Félags íslenzkra iðnrekenda var mjög vel tekið, og fékk hún aðstöðu til að kynna sér m.a. raforkuver, fiskiðnað, vélaiðnað og annað, sem til mála gæti komið, að lyft gæti íslenzkum iðnrekstri á hærra stig og orðið íslenzku þjóðinni til bættrar lífsafkomu.

Eftir þessa kynningu var ljóst, að álbræðsla hér á landi mundi henta bezt eins og á stóð til þess að nýta náttúruauðæfi landsins, og gerðu Svíar því sérstaka athugun á því, að hve miklu leyti þeir gætu aðstoðað við byggingu álbræðslu hér á landi.

Síðar kom í ljós, að hér var um of fjárfrekar framkvæmdir að ræða, jafnvel fyrir svo efnahagslega sterka þjóð sem Svíar eru. Eftir að þáv. iðnmrh., dr. Bjarni Benediktsson, hafði fengið í hendur skýrslu yfir þessa Svíþjóðarför, skipaði hann 5. maí 1961 stóriðjunefnd undir formennsku Jóhannesar Nordal seðlabankastjóra, en hann var einn af þeim, sem valinn hafði verið til þessarar ferðar.

Það þarf ekki að rekja þessa sögu lengra. Störf stóriðjunefndar eru kunn m.a. af samningi þeim, sem hér liggur nú fyrir. Ég hef talið rétt að orðlengja nokkuð um aðdraganda þessa máls vegna afstöðu og forgangs íslenzkra iðnrekenda til málsins með tilliti til blaðaskrifa og ummæla, þar sem látið er að því liggja, að álbræðsla eigi ekki tilverurétt og verði til þess, að óeðlileg samkeppni skapist við innlenda iðnrekendur bæði um vinnuna og á tæknisviði, og séu þeir því mótfallnir álbræðslu á Íslandi.

Ég vænti þess, að það, sem ég hef hér sagt, varpi skýru ljósi á afstöðu iðnrekenda til þessa frv., sem hér er til umr. um álbræðslu í Straumsvík, og er mér ekki kunnugt um einn einasta íslenzkan iðnrekanda, sem ekki fagnar þessum áfanga. Meira að segja er mér kunnugt um, að stór-iðnrekendur innan Framsfl. bíða beinlínis með eftirvæntingu eftir því, að þessi draumur framfaramanna rætist.

Notkun áls fer mjög ört vaxandi í heiminum. Sviss er í fararbroddi af Evrópulöndum með 10 kg árlega á hvern íbúa. Málmurinn hefur marga kosti. Hann er léttur, vegur aðeins þriðjung á við járn. Hann veðrast ekki, sé hann rétt blandaður. Hann er góður hita- og rafleiðir. Ál gefur því mikla möguleika í margháttuðum málmiðnaði. Álbræðsla fer nú fram í löndum víðs vegar um heim, þar sem nægjanleg orka er fáanleg til rafgreiningar. Framleiðsla áls í heiminum 1964 nam yfir 6 millj. tonna og hafði tvöfaldazt á tíu árum. Með 60 þús. tonna álbræðslu hér yrði því framleiðslan 1% af heimsframleiðslunni. Langstærstu framleiðendur eru Bandaríkin og Kanada með helming heimsframleiðslunnar. Af Evrópulöndum, miðað við árið 1964, er Frakkland stærst með 316 þús. tonn, Noregur 261 þús. tonn, Þýzkaland 220 þús. tonn og Ítalía 115 þús. tonn. Eftirtektarvert er, ef tekinn er tíu ára samanburður, að þá hafa Evrópulöndin samanlagt rúmlega tvöfaldað framleiðslu sína, en Noregur einn fjórfaldað sína álframleiðslu.

Notkun á áli fer að sjálfsögðu ekki algerlega eftir framleiðslulöndum. Evrópulöndin, sem samanlagt framleiða 1.2 millj. tonna af áli, nota 1½ millj. til sinna þarfa. Noregur sjálfur notar 10% af því áli, sem hann framleiðir. Svíþjóð notar yfir 50 þús. tonn á ári og flytur þar inn 20 þús. tonn. Bretland notar 360 þús. tonn, en framleidd eru í landinu sjálfu aðeins 32 þús. tonn árið 1964.

Af þessu verður okkur ljóst, að markaður fyrir ál liggur ekki fjarlægt okkur, þar sem Bretar einir flytja inn yfir 300 þús. tonn á ári.

Heimsmarkaðsverð áls var að vísu mjög hátt í byrjun eða allt að 50 þús. kr. tonnið, en á árunum 1920—1950 hélzt verðið um 12 þús. kr. Síðan steig verðið nokkuð jafnt til ársins 1955 og hefur verið mjög stöðugt síðan, og er nú 23.500 kr. hvert tonn. Þetta verð er miðað við málminn óunninn eins og hann kemur frá álbræðslunni eða í því formi, sem ráðgert er, að ISAL hafi leyfi til að framleiða hann hér á landi.

Næsta framleiðslustig álvinnslu er að forma málminn á mismunandi hátt til að gera hann hæfan til smíða eða framleiða úr honum fullunna vöru.

Eins og fram kemur í 11. gr. samningsins við Alusuisse þá takmarkast rekstur ISALs við álbræðsluna eina, og hefur félagið ekki leyfi til að takast á hendur vinnslu úr áli né nokkra aðra starfsemi nema sérstaklega sé um það samið. Ef um frekari vinnslu málmsins yrði að ræða hér á landi, þá gæti alveg eins farið svo, að það yrði í höndum Íslendinga eða samstarf tækist við hið svissneska félag Alusuisse.

Í 37. gr. samningsins eru mikilsverð ákvæði svo hljóðandi:

„Alusuisse og ISAL eru reiðubúin til að aðstoða íslenzka iðnaðaraðila við þróun úrvinnslu úr áli á Íslandi með því að leggja fram tæknikunnáttu og aðstoð og með fjárhagslegri þátttöku í slíkum framkvæmdum."

Þarna er beinlínis gert ráð fyrir, að til frekari vinnslu geti komið hér á landi. Það, sem hér kæmi aðallega til greina, er ný aðferð til völsunar á plötum, en slík verksmiðja af minnstu gerð er talin kosta 50 millj. kr. Einnig má ætla, að til greina kæmi verksmiðja, sem formaði alls konar smíðastengur, „prófíla". Er talið, að slík verksmiðja, sem afkastaði 2 þús. tonnum á ári, mundi kosta 100 millj. og þyrfti 70 manna starfslið. Ef það reyndist mögulegt fyrir Íslendinga að koma upp slíkum fyrirtækjum til úrvinnslu á þessum þýðingarmikla málmi, þá má segja, að við stæðum jafnfætis mörgum beztu iðnaðarþjóðum álfunnar. Er ekki að efa, að þetta yrði hin mesta lyftistöng fyrir íslenzkan málmiðnað. Það er heldur ekki að efa, að þjóð, sem á málm í landi sínu, og hefur tök á að nýta hann eins og ég hef nú drepið á, hefur margfalt betri möguleika til að tileinka sér nútíma tækni á mörgum sviðum og á þann veg bæta lífsafkomu þjóðarinnar. Fátækt okkar lands að málmum í jörðu hefur haldið íslenzku þjóðinni í fátækt ekki síður en ánauð erlendra ríkja. Þetta verður þannig yfirunnið af hvítu kolunum, sem nú skulu ekki lengur renna til sjávar án þess að skilja eftir þann auð, sem í þeim er bundinn.

Íslenzkir iðnaðaraðilar hafa þegar fyrirhugað að kynna sér til hlítar á hvern veg sé hægt að hefja frekari úrvinnslu áls, eftir að bræðslan tekur til starfa og möguleikar skapast. Að tilhlutan Alusuisse hefur

nú þegar skapazt möguleiki fyrir nokkra menn úr hópi iðnaðarins að kynna sér úrvinnslu áls, sem ég hér hef drepið á. Er nú svo ákveðið, að 10—12 manna hópur fari til Sviss í boði Alusuisse á næstunni til að kynnast úrvinnslu þessa málms af eigin raun.

Það er fróðlegt að velta því fyrir sér hér, hver verðmætasköpun það yrði, ef öll framleiðsla álbræðslunnar yrði unnin hér í landinu í plötur, stengur og svipað efni til smíða. Segjum, að verð á áli frá bræðslunni yrði eins og heimsmarkaðsverð er nú, 23.500 kr. tonnið. Meðalverð áls í plötum, stöngum og á annan hátt tilbúið smíðaefni er hins vegar 33.500 kr. tonnið eða 10 þús. kr. hærra. Miðað við 60 þús. tonna álbræðslu yrði þá verðmætasköpun 600 millj. og gjaldeyriskostnaðurinn við þetta hverfandi lítill.

Ganga mætti út frá því, að slík framleiðsla sem hér er talað um yrði nokkuð einhæf. Þannig hefur það t.d. reynzt í Noregi, og væri þá mjög nauðsynlegt að hafa aðila, sem er stór á heimsmarkaðinum eins og Alusuisse til að koma framleiðslunni á markað, en að því skal ég koma síðar.

Þegar ráðast á í virkjun, er ekki aðeins um það spurt, hvað orkan frá henni fullnýttri kosti, heldur einnig, hvaða markaðir séu fyrir hendi til að nýta orkuna. Þörfin á slíkri spurningu er augljós, því að jafnvel þótt virkjað sé við hin hagstæðustu skilyrði, þá getur raforkuverðið orðið mjög hátt, ef hæfilegan markað skortir, og því stærri sem virkjunin er, því stærra verður það fjárhagslega vandamál, sem skapast við slíkar aðstæður.

Meginhluta vatnsafls okkar er að finna í jökulánum. Rannsóknir hafa sýnt, eins og fram kom í skýrslum raforkumálastjóra með Landsvirkjunarfrv. á síðasta ári, að jökulárnar verða ekki virkjaðar á hagkvæman hátt nema í stórum virkjunum. Miðað við þann orkumarkað, sem nú er fyrir hendi, fer ekki hjá því, að verðið frá slíkum virkjunum yrði hátt um langt árabil og að eina ráðið til þess að geta fljótt orðið aðnjótandi þessa lága orkuverðs, sem jökulár okkar hafa upp á að bjóða, er að við finnum nýjan orkumarkað, sem geri okkur kleift að komast yfir byrjunarörðugleikana. Sá orkumarkaður fæst með álbræðslunni, og það er fyrst og fremst í þeirri staðreynd, sem hin þýðingarmiklu áhrif álbræðslunnar felast. Með tilkomu hennar hefst örari uppbygging raforkukerfisins og lægra raforkuverð, jafnvel þótt orkan til álbræðslunnar sé ekki seld á hærra verði en gert er ráð fyrir. Þetta kemur greinilega fram í þeim áætlunum, sem gerðar hafa verið, en skv. þeim verður kostnaður viðbótarafls, eins og margoft hefur verið bent á, 28% hærri að meðaltali á tímabilinu fram til 1985, ef ekki er ráðizt í álbræðsluna, og hvorki meira né minna en 62% hærri að meðaltali fyrstu 5—6 árin eftir að Búrfellsvirkjun tekur til starfa. Þessi munur samsvarar 860 millj. kr. rafmagnsnotendum í hag. Að vísu hefur verið á það bent, að þessi hagnaður sé um 200 millj. kr. of hátt reiknaður, vegna þess að gert er ráð fyrir 3 mill í stað 2.5 mill fyrstu sex árin og skattgreiðslur lækkaðar að sama skapi, en þá er mér spurn, hvort 660 millj. séu ekki álitlegur sparnaður fyrir rafmagnsnotendur, og hver hefði skatturinn orðið á þessum fyrstu árum, ef samið hefði verið um hann á sama hátt og í Noregi? Hvaða skattur er yfirleitt greiddur þar? Ég er ekki viss um, að við færum halloka í þeim samanburði. Skv. þeim upplýsingum, sem hægt hefur verið að afla, greiða afskrifaðar norskar bræðslur undir 20 dollurum á tonn, og geta menn þá gert sér í hugarlund, hvaða skattur sé greiddur á afskriftatímabilinu.

Andstæðingar álbræðslunnar vilja gjarnan gleyma þeim ágætu samningum, sem náðst hafa um framleiðslugjaldið, en vitanlega skiptir það öllu máli, hvað fæst í skatta og fyrir raforku samanlagt. Þannig er því haldið fram, að jafnvel í Ghana sé raforkuverðið hærra eða 2.65 mill og því þá jafnvel gleymt, að álbræðslan þar í landi er með öllu skattfrjáls fyrstu tíu árin. Því er haldið fram, að við ætlum að selja raforkuna á rétt um það bil kostnaðarverði, miðað við t.d. 6% vexti og 25 ára afskriftartíma og að öll líkindi séu á, að kostnaður við Búrfellsvirkjun muni fara svo mjög fram úr áætlun, að ekki einu sinni þetta muni standast. Einnig sé þarna verið að selja ódýra orku, sem rétt sé að geyma og nota síðar fyrir hinn almenna markað.

Það hefur þegar verið sýnt fram á, að lítil sem engin líkindi séu á því, að stofnkostnaður Búrfellsvirkjunar fari fram úr áætlun, nema hvað innanlandskaupgjaldi viðkemur á byggingartímanum, þar sem aðeins 15% af kostnaðinum verða háð breytingum og jafnvel vel í lagt fyrir ófyrirséðu. Þess ber að gæta, að föst tilboð liggja fyrir í meginhluta verksins. Einnig hefur verið sýnt fram á, eins og ég gat um áðan, að jafnvel þótt álbræðslan fái raforkuna á sem næst kostnaðarverði, þá léttir hún engu að síður stórlega undir með hinum almenna raforkukaupanda, auk þess sem hún örvar alla þróun í raforkumálum okkar, og ef rétt er að geyma ódýrustu orkuna þar til síðar, er þá ekki rétt að geyma þá næstódýrustu og þá næst-næstódýrustu? Eiga hugarórar um gull og græna skóga eftir langt árabil að verða þess valdandi, að ekkert sé gert í dag? Halda menn, að frændur okkar Norðmenn sjái eftir því, þó að þeir sitji nú uppi með eldri samninga og lægra verð en þeir geta boðið frá nýjum virkjunum í dag? Sannleikurinn er sá, að það er ekki eftir neinu að bíða. Álbræðslan gefur okkur gullið tækifæri til þess að hefja nýtingu vatnsafls okkar, og vonandi tekst okkur að virkja sem mest af því, áður en ódýrari orkugjafar koma til sögunnar.

Áður en ég skil við raforkumálin, vil ég svo að lokum benda á til viðbótar, að í fyrsta lagi eru tekjurnar af álbræðslunni í dollurum og nægja til þess að standa undir öllum erlendum lánum. Íslendingar fá því hina miklu orku, sem Búrfellsvirkjun framleiðir til almenningsþarfa, án byrða vegna lána í erlendum gjaldeyri. Tekjur Búrfellsvirkjunarinnar eru verðtryggðar.

Í öðru lagi: Samningurinn greiðir stórlega fyrir lántökum til virkjunar samtímis því sem Alusuisse tekur að verulegu leyti áhættuna af hinum erlendu lánum, sem aftur þýðir, að lánstraust íslenzka ríkisins er í rauninni ekki notað. Af því leiðir, að hægt er að taka meiri erlend lán til annarra þarfa en ef ráðizt væri í Búrfellsvirkjun án álbræðslu.

Og í þriðja lagi: Eftir 25 ár eru lán Búrfells-

virkjunar að fullu greidd. Eftir þann tíma fást árlega um 100 millj. nettótekjur af álbræðslunni í gjaldeyri.

Mikil hreyfing hefur verið uppi um, að álbræðslan yrði staðsett norðanlands til að koma á jafnvægi í atvinnuháttum landsmanna. Það er áhyggjuefni, hversu mjög fólkið sækir í þéttbýlið, hver einstaklingur hugsar að vísu um sig og fer þangað sem mestir möguleikarnir eru. Þetta er ofur skiljanlegt. Þetta vandamál er mikið, og ekki hægt að koma því á einn eða neinn pólitískan flokk sem ábyrgan aðila. Það, sem hér skeður, er, að landsfólkið velur sér byggð, eftir því sem efni batna, þar sem þægindin eru mest og afkomendur þeirra hafa mesta möguleika til menntunar og lífsþæginda. Það má segja í þessu sambandi, að Íslendingar lifa fyrir sig sjálfa en ekki fyrir heildina. Eins og þessum málum er háttað í dag virðast vera margvíslegir erfiðleikar á snöggum úrbótum. Frjálslyndi okkar getur ekki sett byggðaskorður á fólk. Allir landsbúar verða að hafa jafnan rétt til gæða lands og sjávar. Það finnst vart annað ráð en að skapa fólkinu jafnan möguleika hvar sem er á landinu til menntunar, skemmtunar og ég vil segja, fjölbýlis, en þar vill fólkið búa og starfa.

Stjórnarandstaðan og sérstaklega Framsfl. hefur gert það að skilyrði fyrir framgangi álbræðslusamningsins, að bræðslan yrði staðsett norðanlands. Mér skilst, að þar með væri allri misklíð hjá Framsfl. lokið í þessu máli. Að lítt athuguðu máli er þessi afstaða stjórnmálaflokks, sem vill hafa á sér strjálbýlisstimpil, vel skiljanleg. Málið er hins vegar ekki svona einfalt. Samningur við Svisslendinga hefði aldrei fengizt svo hagstæður sem raun ber vitni, ef bræðslan hefði verið staðsett norðanlands eða við Eyjafjörð. Fyrst og fremst hefðu hafnarmálin haft afgerandi þýðingu fyrir Svisslendinga. Ísvandamálið á Eyjafirði síðasta vetur var eflaust óhagstætt. Að sjálfsögðu geta forsvarsmenn fyrirtækis, sem þarf á svo gífurlegum flutningi að halda sem álbræðslan, ekki samþykkt, að undangenginni reynslu á íslenzkum staðháttum, staðsetningu, þar sem hugsandi er, að lokist vegna ísa. Komið hefur fram, að flutningaþörf 60 þús. tonna álbræðslu sé 240 þús. tonn á ári, og þarf bræðslan því að hafa örugga og góða höfn opna allt árið.

Upplýst er af grg. með álsamningi, að rekstur álbræðslu krefst nokkurs mannafla. Er talið, að byrjunarrekstur ISALs miðað við 30 þús. tonna framleiðslu á ári, krefjist 300 manna, en álbræðsla af fullri stærð, með 60 þús. tonna ársafköstum, þarfnist 450 starfsmanna. Ég man þann tíma, að þetta hefðu þótt ánægjuleg tíðindi. Atvinna verkafólks á Íslandi hefur ekki ætíð verið svo mikil, að menn hafi þurft að hafa af því mestar áhyggjur, að of mikil atvinna væri, en svo virðist nú vera hjá miður rökfimum andstæðingum álbræðslunnar.

Framsfl. er að vísu klofinn, hefur gert það að skilyrði fyrir stuðningi við álmálið, að bræðslan yrði byggð norðanlands eða á Gáseyri við Eyjafjörð. Talsmenn Framsóknar hafa algerlega einblínt á eitt í þessu máli, þ.e., að með álbræðslunni við Eyjafjörð væri skapað jafnvægi í byggð landsins, sem svo er nefnt. Ég hef oft hugsað um þetta jafnvægismál, byggðajafnvægi, eða hvað sem rétt væri að nefna það. Enginn virðist vera fullkomlega ánægður með nafnið. Í stórum dráttum má segja, að Gáseyri við Eyjafjörð með nærliggjandi bæjum sé 1/10 hluti af þéttbýlissvæðinu við Straumsvík með nærliggjandi stöðum. Að setja upp svo stórt fyrirtæki sem 60 þús. tonna álbræðslu, er þarfnast 450 starfsmanna á svo fámennu svæði sem Eyjafjörður er, þarf að sjálfsögðu ekki að vera nein frágangssök. En taka verður tillit til þess, að 450 starfsmenn verður að útvega annars vegar frá þessu svæði eða aðkomufólk. Fyrst er að sjálfsögðu reynt að fá sem mest af fólki til starfa kringum verksmiðjuna. Þetta mundi verka á svona lítinn vinnumarkað sem olía á eld. Ég efa stórlega, að sá myndarlegi iðnaður, sem byggzt hefur upp á Akureyri, þyldi slíkt. Ef bræðslan hefði verið staðsett við Eyjafjörð, hefðu skapazt mikil vandamál og líklega svipuð því og andstæðingar málsins vilja vera láta, að sköpuð séu hér í þéttbýlinu. Ég álít því, að verksmiðjan sé rétt staðsett einmitt til að viðhalda eðlilegu byggðajafnvægi.

Við verðum að muna það í dag, að íslenzka þjóðin er aðeins tæp 200 þús. manns. Það er erfitt fyrir svo fámenna þjóð að standa undir öllum þeim kostnaði, er byggja skal upp í skjótri svipan þau þægindi, sem fólkið eðlilega æskir og þéttbýlið skapar. **(Forseti:** Má ég spyrja hv. þm., hvort hann eigi ekki mikið eftir af ræðu sinni?) Jú, hann á helming eftir. **(Forseti:** Ætli það sé þá ekki rétt að fresta henni núna um sinn. Það verður boðað til annars fundar núna kl. 4, og fundinum verður þá frestað til kl. 5.) — [Fundarhlé.]

Herra forseti. Það síðasta, sem ég ræddi, áður en ég frestaði máli mínu, var að benda á það, að ekki er víst, að það hefði orðið Akureyri til góðs, þótt álbræðslan hefði verið staðsett við Gáseyri. Ég benti á, að Eyjafjarðarsvæðið hefði aðeins 1/10 hluta íbúa af þéttbýlissvæði Straumsvíkur. Með stofnun atvinnujöfnunarsjóðs, þar sem meiri hl. framleiðslugjalds álbræðslunnar rennur til, eru teknar skynsamlegar ákvarðanir til byggðajafnvægis. Með sjóðsstofnun þessari er mörkuð sú stefna, að unnið verði öfluglega að eflingu atvinnulífs í þeim byggðarlögum, þar sem þess er mest þörf. Uppistaða þessa sjóðs verður í framtíðinni framleiðslugjald álbræðslunnar.

Ég tel rétt, sem fram hefur komið, að framleiðslugjald ISALs jafngildi fullkomlega skattlagningu, sem íslenzkum fyrirtækjum er gert að greiða. Hér er hins vegar um að ræða fastagjald, öruggari gjaldstofn, sérstaklega á afskriftatímabili bræðslunnar. Enda er það viðurkennt af öllum, sem um málið hafa fjallað, og ekki síður þeim, sem annars eru á móti álbræðslu. Atvinnujöfnunarsjóður er fram kominn vegna álbræðslunnar, og hún verður því til þess að bæta aðstöðu landsbyggðarinnar gagnvart þéttbýlinu, þótt staðsett verði við Straumsvík. Og án þess að skapa ofþenslu í litlu byggðarlagi, sem yrði, ef stórt fyrirtæki staðsetti sig á slíkum stað. Hér í þéttbýlinu hefur þetta ekki sömu verkanir, eins og ég hef áður bent á.

Það hefur þótt skipta miklu máli hér í sambandi við álbræðsluna, að félag það, ISAL, sem reka skal þessa starfsemi hér á landi, sé ekki meðlimur í samtökum atvinnurekenda. Hér held ég, að gæti nokkurs

misskilnings hjá verkalýðshreyfingunni og þeim, sem telja sig málsvara hennar. Ég vil máli mínu til stuðnings benda á það, að í stofnskrá ISALs er gert ráð fyrir, að 5 af 7 stjórnarmeðlimum félagsins séu Íslendingar. Hverjir þessir Íslendingar verða, get ég að sjálfsögðu ekki sagt um, en óhugsandi er, að til þessa veljist menn, sem yrðu óvinsamlegir íslenzkum verkalýð og íslenzkum hagsmunum. Ósmekklegri orð hef ég ekki heyrt hér á hv. Alþ. en hv. 4. þm. Norðurl. e., Björn Jónsson, viðhafði við 1. umr. málsins í þessari hv. þd., en þessi hv. þm. sagðist treysta betur erlendum forstjórum Alusuisse til að fjalla um þessi málefni hér á landi heldur en þeim Íslendingum, sem þeir eiga samkv. þessum samningi að ráða í stjórn ISALs. Þessi hv. þm. nefndi þessa landsmenn sína erlenda leppa, án þess að vita, hverjir þessir menn yrðu. Og um aðra íslenzka stjórnendur ISALs hafði hann ekki í huga önnur smekklegri ummæli en þeir yrðu fljótt keyptir upp af hinu svissneska auðfélagi, eins og hann kallaði það. Og þessi orð viðhafði þessi grandvari hv. alþm. án þess að vita, hverjir veldust til þessara trúnaðarstarfa af Íslendingum.

Ég mótmæli algerlega þessum áburði hv. þm. og harma, að hann skuli ekki vera hér og hlusta á mál mitt. Segjum nú svo, að ISAL vildi samstöðu við önnur íslenzk iðnfyrirtæki og óskaði inngöngu í Félag ísl. iðnrekenda, sem án efa telst til atvinnurekendasamtaka. ISAL yrði samþ. sem fullgildur meðlimur og áhrif ISALs, hver yrðu þau? Í 24. gr. laga félagsins segir svo:

„Hver félagi greiði árlegt gjald til félagsins, er nemi 1—1 1/8% af samanlagðri launaupphæð starfsfólks við iðnaðarstörf næsta ár á undan. Þó greiði hver einstakur félagi ekki hærra gjald en sem nemur 1/25 hluta af samanlögðum árgjöldum félagsmanna."

Og í 13. gr. félagslaga Félags ísl. iðnrekenda segir:

„Þó getur hver einstakur félagi ekki haft eða farið með meira en 1/25 hluta af öllum atkvæðum félagsmanna." Þetta hámark nú er 55 þús. kr.

Andstæðingar álsamninganna hafa mjög haft á orði, að hæstv. ríkisstj. og sérfræðingar hennar hafi misst alla trú á tveim aðalatvinnuvegum landsmanna, sjávarútvegi og landbúnaði, og sjái ekkert annað en erlent fjármagn og það, að útlendingar séu fengnir til að byggja upp nýja atvinnuvegi í landinu. Þessi rök, sem viðhöfð eru, ná vissulega skammt. Uppbygging sjávarútvegsins undanfarin ár og stuðningur ríkisvaldsins við hann á undanförnum árum sýna bezt, hversu mjög hæstv. ríkisstj. skilur, að það er íslenzkur sjávarútvegur, sem skapar Íslendingum í dag nær allan þann gjaldeyri, sem þjóðin hefur úr að spila. Að draga úr eðlilegum rekstri sjávarútvegsins væri fyrir hverja ríkisstj. á Íslandi það sama og bónda, sem fargaði mjólkurkúnum. Það er einnig rétt, að það komi hér berlega fram, að dugnaður og framsýni íslenzkra útvegsmanna og sjómanna hefur orðið til þess, að íslenzka þjóðin býr nú við betri lífskjör en nokkru sinni fyrr og getur veitt sér frjáls kaup á margs konar erlendum nauðsynjum og ónauðsynlegum varningi án allra hindrana. Að sjávaraflinn hins vegar haldi áfram að aukast ár frá ári og um ókomin ár verði þess megnugur að sjá þjóðinni fyrir öllum þeim erlenda gjaldeyri, sem hún þarfnast, lætur enginn sér til hugar koma. Það verður líka að taka til greina, að þjóðin tvöfaldast á 30—40 ára fresti.

Ég skal leiða hjá mér þá spádóma, sem ræddir hafa verið að undanförnu, að gengið sé um of á fiskstofninn hér við land. Ég tel vafasamt, að leikmenn á þessu sviði geti andmælt beztu sérfræðingum okkar, sem haldið hafa þessu fram. En það er einnig annað, sem hér verður að taka með í reikninginn. Það eru áraskipti að veiðinni. Ef fiskurinn er ekki fyrir hendi í sjónum, gagna góð tæki og árvekni sjómanna lítið. Ört vaxandi þjóð sem Íslendingum er því nauðsyn að hugsa lengra og renna stoðum undir nýjar atvinnugreinar. Það er algerlega óforsvaranlegt af hæstv. ríkisstj. og sérfræðingum hennar að hugsa aðeins um líðandi stund í þessu efni.

Varðandi landbúnaðinn má segja það, að hann hefur ekki getað keppt á erlendum markaði með sínar framleiðsluvörur á heimsmarkaðsverði. Þetta er ofurskiljanlegt, en allir viðurkenna þó íslenzkan landbúnað sem eina sterkustu stoð íslenzks atvinnulífs. Um vissa matvælaframleiðslu má segja, að verðlagi á henni er af öllum þjóðum haldið niðri. Nægileg fæða er grundvallarskilyrði til lífsframfærslu. Þessum framleiðsluþætti er því með ýmsu móti haldið niðri í verðlagi á sama tíma sem verðlag margháttaðrar iðnaðarframleiðslu fer eftir framboði og eftirspurn. Það er engum vafa undirorpið, að ein þjóð sem Íslendingar eiga að viðhalda sínum landbúnaði til innanlandsnotkunar og neyzlu og reyna þar að ná sem beztum árangri þrátt fyrir harðbýli og strjálbýli. Hins vegar er það ljóst, að með þeim lífskjörum, sem íslenzka þjóðin hefur tileinkað sér á undanförnum árum, verður það íslenzkur iðnaður og stóriðja, sem skapa verður þjóðinni þessi umframþægindi, sem sjávarútvegur hefur gert fram að þessu. Sannleikur um álbræðslu í Straumsvík og virkjun Búrfells er sá, að þetta er eitt stærsta átak, sem gert hefur verið til þess að viðhalda og bæta afkomu almennings í landinu.

Hér á hv. Alþ. hefur verið bent á þau gjöld, sem ISAL skal greiða til Alusuisse samkv. sérsamningum milli móðurfélagsins svissneska og ISALs. Á bls. 153 í lagafrv. er samningur um hönnun og byggingu álbræðslunnar. Er svo ráð fyrir gert, að Alusuisse láti ISAL í té öll sín einkaleyfi í eitt skipti fyrir öll og aðstoði við byggingu bræðslunnar með sérþekkingu sinni á þessu sviði. Fyrir þetta skal ISAL greiða 10% af kostnaðarverði bræðslunnar. Í Noregi var þessi upphæð áætluð 11% og eina dæmið, sem fyrir liggur hér á landi, er Áburðarverksmiðjan, en þar nam þessi kostnaður 11%, og létu hinir erlendu aðilar þó Áburðarverksmiðjunni eflaust í té miklu minni þjónustu, svo að ekki sé talað um það, að tæknisk vandamál Áburðarverksmiðjunnar eru óleyst enn í dag, þ.e.a.s. kornastærð áburðarins. Eflaust hagnast Alusuisse vel á þessum 10%, en því aðeins þess vegna, að félagið liggur inni með 70—80 ára reynslu og hefur kostað offjár í tilraunaskyni og til endurbóta. Ég gæti trúað, að þessi upphæð yrði fljót að fjúka, ef við Íslendingar sjálfir ætluðum að byggja álbræðslu og yrðum þá að sjálfsögðu að leita til starfandi verk-

fræðingafyrirtækja hér á landi og erlendis, og spurning er, hvort nokkurt ál yrði framleitt í slíkri bræðslu. Segja mætti mér, ef þennan veg væri farið, að hér byggðist nokkurs konar glerverksmiðja fáum til ánægju og engum til hagnaðar. Ég álít því 10% þóknun til Alusuisse ekki óeðlilega.

Aðstoðarsamningur á bls. 160 milli ISALs og Alusuisse fjallar um áframhaldandi tækniaðstoð og rannsóknarstörf, sem Alusuisse skal láta ISAL í té. Um allan hinn tæknimenntaða heim hefur bókstaflega risið alda hin síðustu ár til aukningar á rannsóknarstörfum í þágu framleiðsluatvinnuveganna. Á síðasta hv. Alþ. var samþykktur mikill lagabálkur um Rannsóknaráð ríkisins og rannsóknastofnanir hinna ýmsu höfuðatvinnuvega þjóðarinnar. Sérstakt gjald var t.d. lagt á íslenzkan iðnað til þess að halda uppi Rannsóknastofnun iðnaðarins. Erlendis er talið sjálfsagt, að stærri fyrirtæki hafi sínar eigin rannsóknarstofur og leggi til af hagnaði sínum stóran hluta til rannsóknarstarfa. Hér er gert ráð fyrir, að Alusuisse hafi með höndum slík störf fyrir ISAL og að ISAL greiði 2.2% af framleiðsluverðmæti sínu fyrir þessa þjónustu. Alusuisse hefur að sjálfsögðu miklar rannsóknarstofur í sínu heimalandi og ver ærnu fé til slíkra starfa. Ef ISAL ætti sérstaklega að koma sér upp fullkominni rannsóknaraðstöðu hér á landi, yrði hér áreiðanlega um mun meiri kostnað að ræða fyrir ISAL. Eflaust geta hér skapazt mörg vandamál fyrir bræðslu ISALs, sem er staðbundin hér á landi, veðrun álmálmsins og að sjálfsögðu óteljandi sérhæfð spursmál. Þetta hljóta allir að skilja, að einhver verkkunnátta og rannsóknaraðstaða verður að vera fyrir hendi. Innifalið í þessu gjaldi er einnig heimild ISALs til að nota öll einkaleyfi Alusuisse, sem félagið nú á og kann að eignast. Þetta ákvæði er hið mikilsverðasta fyrir ISAL. Það er engum vafa undirorpið, að Svisslendingar verða ekki eftirbátar annarra þjóða með endurbætur á vinnslu eða bræðslu áls. Verði bylting í álbræðslu, sem ekki er ólíklegt, eins og iðnþróun almennt flýgur áfram í heiminum, er það afgerandi fyrir ISAL að geta tileinkað sér þær framfarir. Þessi samningur um einkaleyfi og rekstrargjald tekur af öll tvímæli um, að svo verði.

Þá er komið að síðasta atriðinu, sem ég ræði varðandi samskipti ISALs og Alusuisse, aðstoðarsamningnum um sölu áls á bls. 166. Framleiðslu áls og byggingu álbræðslu fylgja mikil tæknisk vandamál. Það geta allir sameinazt um, en ekki er óeðlilegt, að leikmenn geri sér minni grein fyrir vandanum að selja vöruna. Hér er þó um stórkostlegan vanda að ræða, og getum við Íslendingar þar litlu um ráðið. Kaupendur áls í því formi, sem ISAL skal framleiða það, eru tiltölulega fáir í heiminum. Fyrirtæki, sem eru mikils ráðandi á heimsmarkaðinum, hafa því betri möguleika til þess að finna kaupendur fyrir þessa vöru heldur en ein lítil álbræðsla lengst norður í hafi. T.d. hafa Norðmenn ekki getað staðið á eigin fótum. Ríkisálbræðslurnar norsku í Arendal og Sunndalsöre hafa haft sölusamkomulag við kanadíska álframleiðendur til þess að koma framleiðslu sinni á markað.

Sölusamningurinn milli ISALs og Alusuisse gerir ráð fyrir, að hið svissneska álfélag taki að sér sölu á framleiðslu ISALs og fái fyrir það 1½% af söluverðmætinu. Hér á hv. Alþ. hefur þetta sölugjald verið talið óeðlilega hátt. Ekki er að efa það, að Svisslendingar hagnast einnig á þessu gjaldi með þeirri aðstöðu, sem þeir hafa. Annars tækju þeir þetta trúanlega ekki að sér, eða væru nokkur rök fyrir slíku? En ISAL fær einnig hér þau forréttindi, að tryggt er á bezta máta, að framleiðslan seljist.

Það er fróðlegt að gera hér lítinn samanburð á, hvað við Íslendingar greiðum í sölugjald fyrir okkar aðalframleiðsluvörur t.d. lýsi og mjöl. Framleiðendur hér á landi verða að greiða 2% af verðmæti vörunnar í stað þess, að ISAL er gert að greiða 1½%. Sölukostnaður annarrar útflutningsframleiðslu okkar er án efa ekki lægri. Það verður því að álíta, að þessu sölugjaldi, sem ISAL er gert að greiða, sé mjög í hóf stillt og samningurinn sé okkur hagstæður að þessu leyti. Ef horft er nokkuð fram í tímann, þegar álbræðslan hefur byggt sig upp og greitt framleiðslugjald allt frá 12½ dollar til 31½ dollars á tonn, skal gjaldið hækka í 35 dollara á tonn. Að vísu eru mörg ár þar til þetta skeður, en við skulum muna það, að tíminn er fljótur að líða. Og þessar 90 millj., sem 35 dollara gjaldið gerir, fáum við örugglega, því að ganga má út frá því, að heimsmarkaðsverð áls hækki frekar heldur en lækki. Þó er gert ráð fyrir, að gjaldið sé ekki yfir 50% af hagnaði ISALs, og er það sannarlega eðlilegt.

12. gr. álsamningsins fjallar um tjón, sem kynni að hljótast af gastegundum og reyk frá bræðslunni. Ekki er gert ráð fyrir, að þörf sé á sérstökum hreinsunartækjum hér á landi vegna vindasamrar veðráttu. Þó gerir 12. gr. samningsins ráð fyrir, að ISAL sé skylt að hafa hemil á og draga úr skaðlegum áhrifum af rekstri bræðslunnar í samræmi við góðar venjur í iðnaði annars staðar. Ef tjón yrði af þessum sökum á eignum eða hagsmunum manna, ber ISAL fulla ábyrgð og skal bæta tjón að fullu. Einnig ber ISAL í samvinnu við íslenzka rannsóknarstofnun að framkvæma reglulegar athuganir á mengun í nágrenni bræðslunnar. ISAL greiðir þessar rannsóknir.

Á bls. 217 í samningnum er afskrift af skýrslu, sem Rannsóknastofnun iðnaðarins hefur gert varðandi athugun á þessu atriði, sem fram fór á vegum stofnunarinnar að beiðni hæstv. iðnmrh. Þessi skýrsla hefur verið nokkuð vefengd í umr. hér á hv. Alþ., en eins og segir í niðurlagi skýrslunnar, með leyfi hæstv. forseta:

„Aðstæður til rannsókna voru engar hér á landi, og varð að styðjast við reynslu og aðstæður, er fyrir voru í Noregi og Ameríku. Landfræðilegar og veðurfræðilegar aðstæður eru þar öllu óhagstæðari en hér, og átti það eitt að tryggja, að hættumörkin eru sennilega mun þrengri."

Það er góð regla að fullyrða ekki meira en maður getur staðið við, og sú regla virðist viðhöfð hér. En það er líka annar aðili, sem hefur rætt um hættu á mengun frá álbræðslunni. Steingrímur Hermannsson verkfræðingur, forstjóri Rannsóknaráðs ríkisins, hefur farið margar ferðir utan og kynnt sér þessi mál öllu betur en flestir aðrir. Í skýrslu Steingríms

Hermannssonar, dags. 15. nóv. 1965, segir svo um þetta atriði, með leyfi hæstv. forseta:

„Niðurstaða mín er sú, að ekki sé nauðsynlegt að krefjast hreinsunartækja í bræðslunni til að byrja með, en hins vegar sjálfsagt að eiga kost á slíku, ef um tjón yrði að ræða. Jafnframt legg ég áherzlu á, að Svisslendingar verði látnir greiða kostnað við að taka reglulegar prufur svipað og Norðmenn hafa gert og séu til þess valdir sérfræðingar eða rannsóknastofnun."

Hér í þessari samningagerð hefur því verið farið nákvæmlega eftir tillögu Steingríms Hermannssonar.

Í beinu framhaldi af þessu má nefna, að 13. gr. samningsins kveður á um, að ISAL skuli háð öllum öryggis- og heilbrigðisreglum, sem gilda eða sem síðar yrðu lögfestar á Íslandi. Gildi þetta jafnt til öryggis í atvinnurekstrinum, heilbrigði og hreinlæti.

Samkv. hafnar- og lóðarsamningi, sem fylgir aðalsamningnum, er gert ráð fyrir, að bræðslulóðin við Straumsvík verði 37 ha., en ekki verði þó ráðstafað nærliggjandi svæði, þó án sérstakrar skuldbindingar. Gengið er út frá, að Hafnarfjarðarkaupstaður byggi höfnina, en ISAL endurgreiði allan byggingarkostnaðinn ásamt vöxtum á 25 árum.Til þessara hafnarframkvæmda veitir ríkið því engan styrk eða framlag, en samkv. 1. nr. 29 frá 1946 greiðir ríkissjóður 40% af kostnaði annarra hafnarmannvirkja í landinu. Höfnin í Straumsvík verður algerlega undir stjórn Hafnarfjarðarhafnar og verður til afnota fyrir aðra en ISAL, enda skal Álfélagið tilkynna með a. m. k. 5 daga fyrirvara um skipakomur á þess vegum. Eftir að höfnin í Straumsvík er að fullu greidd af ISAL ásamt vöxtum á 25 ára tíma, hefst greiðsla, sem skal ákvarðast með vörugjaldi miðað við flutning um höfnina eða 0.1% af álverði miðað við 60 þús. tonna framleiðslu. Nemur þetta fyrir Hafnarfjarðarhöfn 1.3 millj. kr. á ári, en bæði þetta gjald og eins uppgreiðsla byggingarkostnaðar hafnarinnar á 25 ára tímabilinu greiðist í dollurum og má því segja fullkomlega verðtryggð. Auk þessara hafnargjalda skal Hafnarfjarðarbær fá greitt frá ISAL 1½ millj. í byggingarleyfisgjald og 3½ millj. í gatnagerðargjald. Samkv. lagafrv., sem nú liggur fyrir hv. Alþ., skal ráðstafa framleiðslugjaldi álbræðslunnar svo, að Hafnarfjarðarkaupstaður fái sinn hlut, ¼ hluta fyrstu 9 árin, en 1/5 hluta eftir þann tíma. Hér er því um veruleg hlunnindi og greiðslur að ræða til þessa bæjarfélags, og er þess að vænta, að það verði bænum mikil lyftistöng.

Hv. 5. þm. Reykn. las fyrir þessari hv. þd. við 1. umr. málsins úr fornum ritum, þegar brezkir togaraútgerðarmenn settust að í Hafnarfirði á fyrstu árum þessarar aldar. Þetta var að vísu fróðlegur lestur, en þó hefði ekki skaðað, að með hefði fylgt nokkur lesning um íslenzka togaraútgerð frá Hafnarfirði nú seinustu árin. Sannleikur málsins er sá, að það er fáum bæjarfélögum meiri þörf en Hafnarfirði nú að fá þróttmikinn atvinnuveg, sem veitt gæti fólki stöðuga atvinnu til frambúðar, veitt fjármagni af rekstrinum inn í bæjarkassann og orðið til þess að styðja að mörgum atvinnugreinum í bænum. Ekki er ólíklegt, að hluti þeirra 450 manna, sem koma til að starfa við álbræðsluna, þegar hún er fullbyggð, hafi aðsetur í Hafnarfirði og nágrenni. Þetta orsakar einmitt það, að meira framboð verður í Hafnarfirði á vinnukrafti kvenna og unglinga en nú er. Ganga má út frá því, að talsvert af fjölskyldumeðlimum álbræðslumanna sækist eftir atvinnu utan heimilis og þá að sjálfsögðu fyrst og fremst í Hafnarfirði. Mér hefur einmitt skilizt, að þörf væri fyrir aukið vinnuafl í Hafnarfirði til léttari starfa. Væntanlega á niðursuðuverksmiðjan Norðurstjarnan eftir að hefja aftur vinnslu og tekur hún þá til sín 60—80 konur. Í Hafnarfirði er eina raftækjaverksmiðja landsins, sem þarfnast mjög fólks til léttari starfa. Svo má nefna frystihúsin og margs konar annan iðnað, sem þar er staðsettur. Mín spá er því sú, að það verði ekki sízt öðrum atvinnufyrirtækjum í Hafnarfirði og nágrenni til góðs að fá álbræðsluna til sín.

Eðlilega eru Íslendingar einhver fjársnauðasta menningarþjóð í heimi. Uppbygging höfuðatvinnuvega þjóðarinnar og menningarstofnana hefur gengið með þeim hraða, að einsdæmi verður að teljast. Það má með sanni segja, að þessi kynslóð, sem nú lifir í landinu, hafi byggt yfir sig í víðri merkingu, þótt menningararfurinn sé fortíðarinnar. Öll þau miklu atvinnutæki, sem byggð hafa verið í landinu, krefjast mikils fjármagns til fulls rekstrar. Er ekki að efa, að mörg eru þau atvinnutæki landsmanna, sem byggzt hafa upp undanfarna áratugi, sem hægt væri að reka með meiri hagkvæmni með auknu fjármagni. Jafnframt má benda á það, að aukið fjármagn í rekstri fyrirtækja er í mörgum tilvikum mikið mannsparandi, en í dag er það okkur lífsnauðsyn að spara vinnuaflið. Það er þess vegna ekkert vit fyrir okkur Íslendinga að draga okkar litla fjármagn í svo fjárfrekan rekstur sem álbræðslan er, samhliða því, sem við ráðumst í stórkostlega vatnsvirkjun við Búrfell. Hins vegar er ekki að efa, að það á að verða okkur til mikils góðs, að fá slík atvinnufyrirtæki inn í landið sem álbræðslan er, án þess að festa í því fjármuni þjóðarinnar.

Þegar svo er ástatt með einni þjóð, að hún raunverulega á atvinnutæki, en verður að fara sér rólega með rekstur vegna innlends fjárskorts, verður það vafasamt að leggja út í svo fjárfrekar framkvæmdir sem álbræðslu. Bræðslan við Straumsvík er áætlað að kosti 2500 millj., en framleiðsluverðmæti hennar verði með núverandi verðlagi áls á heimsmarkaði nær 1400 millj. kr. Fjármagnskostnaður slíkrar álbræðslu er mjög mikill miðað við verðmætasköpun, eða nær tvöfaldur. Raunveruleg innlend verðmætasköpun bræðslunnar með 60 þús. tonna framleiðslu verður líklega, þegar frá er dregið innflutt hráefni, alúmín, rafskaut og aðrar rekstrarvörur, sem næst 650 millj. kr., eða tæpur helmingur framleiðslunnar.

Nú er talið, að eftirtekjur af bræðslunni fyrir Íslendinga, gjald fyrir raforku, vinnulaun, framleiðslugjald og annað, sem bræðslunni er gert að greiða samkv. samningnum, sé sem næst 330—350 millj. kr. Eftir því sem bezt verður séð, eru þá eftirstöðvar 300 millj. fyrir vexti og afborgun af 2500 millj. kr. fjárfestingu Svisslendinga.

Mitt mat er eftir þessar hugleiðingar, að fyrir okkur Íslendinga sé það ekki ábatasamur atvinnurekstur að byggja sjálfir álbræðslu, sérstaklega með tilliti til þess,

hversu fjármagn, sem íslenzkur atvinnurekstur hefur til umráða, er af skornum skammti og dýr. Svisslendingar með sitt mikla fjármagn geta hugsað á allt annan veg, þar sem þeir þurfa ekki að reikna sér nema tiltölulega lága vexti.

Tíðrætt hefur hv. alþm. orðið um samanburð við Noreg, sérstaklega við Husnes álbræðsluna. Ef nú er borið saman fjármagn það, sem við þurfum að leggja þessari álbræðslu á Íslandi og svo, hvað Norðmenn urðu að leggja bræðslunni í Husnes, verður fyrst fyrir manni hlutaféð. Reiknað var með, að Norðmenn legðu fram helming þess, 300 millj. kr. ísl. Að vísu tókst þetta ekki, þar sem norski þjóðbankinn treysti sér ekki til þess að ábyrgjast norskt hlutafé að þessu marki, vegna þess að mat bankans var, að bræðslan mundi ekki gefa norskum hluthöfum arð af hlutafé því, sem þeir legðu fram, miðað við arð þann, sem norskir hluthafar þyrftu og krefðust. Við byggingu bræðslunnar í Husnes var gert ráð fyrir því, að um byggingarframkvæmdir og tækjasmíði yrði samið við norska verktaka, þó á samkeppnisgrundvelli. Í reynd var þetta þannig, að samningar við norsk fyrirtæki gerðu ráð fyrir gjaldfresti í allt að 7—8 ár, og fyrirtækin urðu að fara á norskan lánamarkað með þessa samninga og fá þá keypta í norskum lánastofnunum. Hér er hins vegar gengið svo vel frá öllum hnútum, að samkeppnisaðstaða íslenzkra fyrirtækja og verktaka miðast ekki við það, að þau leggi nokkuð fram að láni í framkvæmdum, sem þeir kynnu að taka að sér.

Varðandi rekstur álbræðslanna hér og í Noregi er þetta atriði þó enn táknrænna. Bræðslan í Noregi er talin algjörlega norskt fyrirtæki, þótt hún sé nú að 80% eign útlendinga. Þar sem hún er talin norskt fyrirtæki, hefur hún rétt til að sækja á norskan lánamarkað með allan sinn rekstur. Hér er hins vegar svo frá gengið, að ISAL skal eiga inneign í íslenzkum bönkum, sem nemur, að ég hygg, þriggja mánaða rekstursgjöldum bræðslunnar. Hér er um verulegar upphæðir að ræða, sem væntanlega verður til mikils hagræðis fyrir þá lánastofnun, sem hlýtur þessar innistæður. Við fjármagn til álbræðslu verður þó ekki skilið, án þess að minnzt sé á það, að fátæk þjóð sem Íslendingar hefur ekki úr miklu að spila, ef um áhættusama atvinnuvegi er að ræða. Við teljum þó, að iðnaður sé stöðugur og ekki áhættusamur til jafns við sjávarútveg. Reynsla okkar Íslendinga af margháttuðum stórframkvæmdum er hins vegar sú, að þær skila ekki alltaf arði sem skyldi, svo að ekki sé meira sagt. Dæmin eru viðkvæm og skulu ekki nefnd, en það má með sanni segja, að hér eru Íslendingar að flytja inn í landið erlent áhættufjármagn miklu frekar en hægt sé að tala um, að við séum að leggjast undir erlent stórgróðafélag.

Samningurinn gerir ráð fyrir, að ISAL skipti að öðru jöfnu við innlend þjónustufyrirtæki, bæði á byggingartímanum og eftir að bræðslan tekur til starfa. Á þetta einnig við um flutninga að og frá bræðslunni. Hér eru þessi atriði beinlínis í samningi milli aðila, en í Noregi telst mér til, að um viljayfirlýsingu Alusuisse hafi verið að ræða. Og hver hefur svo orðið reynslan í Noregi? Allir flutningar að og frá bræðslunni fara fram með norskum skipum. Er talið, að það nemi 50 millj. kr. árlega fyrir Norðmenn. Bygging bræðslunnar var að mestu leyti framkvæmd af norskum verktökum, og í dag, þegar Norðmenn hafa hlotið leikni í meðferð tækjanna í álbræðslunni í Husnes, þá eru það aðeins 1 eða 2 erlendir menn, sem starfa við fyrirtækið.

Gerðardómsákvæði samningsins þarf ég ekki að ræða. Til þess eru hér í þessari hv. þd. færari menn, auk þess sem í nál. meiri hl. eru dregnar fram hliðstæður um slík ákvæði, sem ekki verða vefengdar með rökum. Stóriðjunefnd sérfræðinga hæstv. ríkisstj. og hæstv. iðnmrh. hafa unnið mikið starf í sambandi við þessa samninga og við undirbúning málsins. Það er sannfæring mín, að betri undirbúnings sé ekki hægt að krefjast með neinni sanngirni, og þessi framkvæmd öll er því þannig til hagsbóta fyrir alla Íslendinga, hvort sem þeir hafa sitt starf af iðnaði, landbúnaði, sjávarútvegi eða verzlun. Meiri hl. álbræðslunefndar mælir því með, að samningur þessi taki lagagildi.

Frsm. 1. minni hl. (Helgi Bergs): Herra forseti. Sú sérstaka n., sem kosin var til að fjalla um þetta mál í þessari hv. d., athugaði þetta frv. aðallega í samvinnu við tilsvarandi n., sem kosin var í hv. Nd., en hélt einnig einn fund milli umr. hér til könnunar sérstaklega á einum þætti málsins, sem ég vík að síðar. Það varð ágreiningur í n., og hv. 10. þm. Reykv. hefur nú gert grein fyrir áliti meiri hl.

Við í 1. minni hl. leggjum til, að samningurinn, sem um er að ræða, verði ekki staðfestur og frv. verði fellt. Ég skal nú gera grein fyrir ýmsum atriðum, sem þetta álit okkar byggist á. Mörg atriði þessa máls eru nú orðin svo mikið rædd, að ég mun ekki hirða svo mjög um að tína þau öll til, en leitast við að ræða nokkur höfuðatriði málsins.

Afleiðingar óðaverðbólgunnar, sem hér er, verða alvarlegri dag frá degi, svo að grundvöllur fyrir heilbrigðum rekstri atvinnuveganna er smám saman að tærast burtu. Verðlag almennra neyzluvara hækkar um þessar mundir mjög ört, svo sem hverjum manni er ljóst, og dýrtíðarskrúfan er í fullum gangi. Orsakir dýrtíðarþróunarinnar eru að sjálfsögðu margvíslegar, m. a. er þær að finna í hallarekstri ríkissjóðs undanfarin ár, en hallarekstur hjá ríkissjóði á þenslutímum er jafnan alvarlegur verðbólguvaldur. Þessi hallarekstur hefur átt sér stað, þrátt fyrir það að fjárveitingar til opinberra framkvæmda hafa verið skornar niður, en það hefur aftur leitt til þess, að framkvæmdir hér innanlands fyrir erlent lánsfé hafa verið vaxandi, hlutur erlends lánsfjár í framkvæmdum hér innanlands. En erlent fé til framkvæmda í landinu hefur einmitt hliðstæð áhrif á verðlagsþróunina og greiðsluhalli hjá ríkissjóði.

Það hefur verið ákveðið með lögum um landsvirkjun frá síðasta ári að ráðast í miklar virkjunarframkvæmdir við Búrfell. Þessar framkvæmdir verða að einhverju leyti unnar fyrir erlent lánsfé, en þær eru bráðnauðsynlegar og óhjákvæmilegar, og þeim verður alls ekki frestað. En jafnframt eru svo hafnar stórfelldar framkvæmdir á vegum erlendra aðila í Hvalfirði. Það fór ekki hjá því, að ég og aðrir tækju eftir því við 1. umr. þessa máls, að hæstv. iðnmrh. lét þau

orð falla í þessu sambandi, að til að leysa úr þeim vanda, sem skapaðist á vinnuaflsmarkaðinum í sambandi við byggingu álbræðslunnar, mætti m. a. hnika til um framkvæmdir í Hvalfirði, eins og ég held, að hann hafi orðað það. Þetta var mikilvæg yfirlýsing, sem ég álít, að eigi ekki að gleymast og vildi þess vegna vekja athygli á henni, hversu mikið sem menn vilja svo upp úr henni leggja. En nú á með þessu frv. að bæta ofan á þetta, og heimila erlendum aðilum nýjar stórframkvæmdir á sama tíma og þetta stendur yfir og það getur auðvitað ekki dulizt neinum, hvaða áhrif það hlýtur að hafa á efnahagsþróunina í landinu. En meðan þannig er ástatt í efnahagsmálum þjóðarinnar, teljum við, sem stöndum að því nál., sem ég er að mæla fyrir, að stórframkvæmdir á vegum erlendra aðila hér á landi séu ekki tímabærar, hvað sem svo öðru líður.

Við höfum einnig talið það, að ef framkvæmdir af þessu tagi eigi að koma til greina í landinu, eigi þær að vera liður í skipulegri framkvæmd heildaráætlunar um atvinnuuppbyggingu í landinu. Engin slík heildaráætlun liggur fyrir. Framkvæmda- og þjóðhagsáætlun, sem hér kom fram fyrir 3 árum, hefur reynzt pappírsgagn. Hún nær nú í fyrsta lagi aðeins til opinbera sektorsins, sem kallað er, en af þeirri skýrslu, sem nýlega hefur verið flutt um framkvæmd hennar á undanförnum 3 árum, kemur glögglega í ljós, að þar stendur ekki steinn yfir steini. Í sumum greinum hefur verið framkvæmt minna en helmingur af því, sem áætlunin gerði ráð fyrir, í öðrum allt að 70% meira. Það segir sig raunar sjálft, að eins og efnahagsþróunin hefur verið hér á undanförnum árum, hefur hún ekki farið eftir neinni áætlun, hvorki þessari, sem ég var að gera að umræðuefni, né öðrum.

En eins og ég sagði, þessar framkvæmdaáætlanir, sem verið er að tala um, lúta aðeins að opinbera sektornum, þær lúta ekki að neinu leyti að uppbyggingu atvinnugreinanna í landinu. Umr., sem fóru fram hér í fyrradag í hv. Sþ. um atvinnuuppbygginguna á Skagaströnd, leiddu t. d. glögglega í ljós það fálm og ráðleysi, sem er ríkjandi hjá ráðandi öflum í þessu efni. En einn þátturinn í skipulegri uppbyggingu atvinnulífsins er auðvitað skipuleg staðsetning atvinnugreinanna í landinu. Það er ljóst, eins og ég mun koma nánar að síðar, að einmitt hér á þessu svæði landsins þurfum við Íslendingar sjálfir mest á raforku að halda, þar sem fjölmennið er mest. Það verður dýrara fyrir okkur að flytja þá raforku úr öðrum landshlutum. Sama er að segja um vinnuaflið hér á Faxaflóasvæðinu. Hér þurfum við mest á vinnuaflinu að halda. Annars staðar er frekar um það að ræða, að eitthvert vinnuafl gæti verið til ráðstöfunar. En að þessum málum er núna um þessar mundir unnið algjörlega skipulagslaust. Það er engum ljóst, hvert stefnt er í þessum efnum, eins og glögglega hefur komið fram.

Ég skal nú snúa mér að því að ræða svolítið um nokkur atriði í sambandi við þetta mál, nokkur atriði þess samnings, sem frv., sem fyrir liggur, gerir ráð fyrir, að sé staðfestur. Ég ætla fyrst að fara nokkrum orðum um það fyrirkomulag, sem gert er ráð fyrir í sambandi við skattheimtu frá þessari bræðslu.

Það hefur verið valið það form að láta þessa bræðslu borga framleiðslugjald í stað venjulegra almennra skatta til ríkis og sveitarfélaga. Það hefur verið sagt, að þetta form hafi verið valið, vegna þess að það sé einfaldara að hafa eftirlit með álagningu þess og innheimtu, og í öðru lagi vegna þess, að fé komi fyrr inn, þar sem gera megi ráð fyrir því, að fyrstu 10 árin verði lítill eða jafnvel enginn tekjuafgangur á rekstri verksmiðjunnar. Það er alveg ljóst, að þetta fyrirkomulag, ef það væri gegnfært, hefur vissa kosti, og fyrst þegar þessi háttur á skattinnheimtu kom til umr. í þessu sambandi, var gert ráð fyrir því, að þetta mundi verða gegnfært sem aðalregla án tillits til annarra hluta. Síðar var farið að ræða um ýmis frávik frá þessu, svo sem það, að skattar skyldu ekki fara yfir ákveðinn hámarkshluta, að framleiðslugjaldið skyldi ekki fara yfir ákveðinn hámarkshluta af tekjuafgangi bræðslunnar, og einnig þá á móti, að það skyldi ekki fara niður fyrir ákveðið lágmark. Þetta út af fyrir sig er frávik frá þeirri aðalreglu, sem gæti verið, að hefði vissa kosti. Af þessu leiðir t. d. það, að það verður ekki hjá því komizt fyrir íslenzk yfirvöld að gera sér nákvæma grein fyrir afkomu verksmiðjunnar, og þá er hið einfaldara eftirlit, sem átti að vera annað aðalmarkmiðið, auðvitað ekki nema að takmörkuðu leyti uppfyllt.

Sérákvæði um skattgreiðslur eru í sjálfu sér heldur hvimleið, en út af fyrir sig kannske ekki óþolandi í öllum tilfellum, heldur er það eitt af þeim atriðum, sem eðlilegt er að meta hverju sinni. Hér er að vísu um slæmt fordæmi að ræða, vegna þess að það má þá gera ráð fyrir því, að ýmsir aðrir telji, að þeir gætu einnig fengið einhver sérstök kjör um sínar skattagreiðslur, en út af fyrir sig held ég nú samt, að þessi ákvæði um skattamálin séu langt frá því að vera þau verstu í þessum samningum. Og þó að ég telji, að ákvæðin, sem ég nefndi áðan um hámarksskattgreiðslu við 50% tekjuafgang og lágmarksskattgreiðslu, hafi ekki verið til bóta, heldur þvert á móti, þá hafa síðar í þessari samningagerð verið gerðar nokkrar endurbætur á því atriði, þannig að þessi ákvæði, eins og þau liggja fyrir núna, tryggja okkur 20 dollara á tonn í framleiðslugjald, eftir að verksmiðjan er komin í fullan gang.

Hæstv. iðnmrh. vék að því í ræðu sinni hér við 1. umr. þessa máls, að í skýrslu, sem Steingrímur Hermannsson verkfræðingur hefði gefið honum eftir kynnisför í Noregi, teldi hann, að Norðmönnum hefði þótt okkar skattákvæði miklu betri en þeirra og skattar skv. þeim hærri. Mér þykir rétt af þessu tilefni að lesa annan kaflann, sem um þetta fjallar í skýrslu Steingríms. Hann er ekki langur, en hann hljóðar svona:

„Mönnum fannst fróðlegt að heyra um hugmyndir okkar um skatta fyrirtækisins. Aðeins eitt fyrirtæki erlent í Noregi hefur greitt fastan skatt á tonn af framleiðslunni, og eru það kanadísku járnvinnslurnar. Þessu var þó breytt fyrir fjórum eða fimm árum, því að norska ríkisstj. taldi, að skatturinn væri allt of lágur, og var þá tekinn upp skattur skv. norskum lögum, en þó með þeirri breytingu, að hlutfallið á milli innflutts hráefnis og söluverðs var ákveðið.

Ekki bar mönnum saman um það, hvort hér væri

um mikinn skatt eða lítinn að ræða, samanborið við þá skatta, sem slíkt fyrirtæki mundi greiða í Noregi. Að vísu gera norsku skattalögin ráð fyrir skatti, allt að 54% af hreinum tekjum, en hins vegar eru afskriftarreglur það hagkvæmar, að hinn raunverulegi skattur verður ávallt töluvert minni. Sérstaklega er það mjög hagkvæmt, að rafefna- eða rafmálmiðnaðurinn getur afskrifað allt að 25% af nýbyggingu á einu ári, ef tekjur leyfa.

Ivar Brunborg, yfirverkfræðingur Norsk Hydro, taldi, að $20.00 á tonn í skatt væri mjög viðunandi, og vakti athygli á því, að norskar alúmíníumverksmiðjur hafa yfirleitt ekki borgað meiri skatt. Á s.l. ári komust aðeins ríkisverksmiðjurnar í Arendal og Sunndalsöre nálægt slíkri skattgreiðslu. Þær borguðu 130.00 norskar kr. á tonn, sem samsvarar um það bil $18.50.

Allar aðrar alúmíníumverksmiðjur borguðu töluvert minni skatt. Niðurstaðan verður sú, að $20.00 pr. tonn í skatt sé þolanlegt og svipað því, sem gera mætti ráð fyrir, að slík verksmiðja greiddi í Noregi, en hins vegar nokkru hærra en þær hafa yfirleitt greitt."

Þannig var nú sú umsögn, svo mér virðist, að hún hafi kannske ekki verið alveg eins afdráttarlaus og hæstv. iðnmrh. hefur viljað vera láta.

Ég sagði það áðan, að þetta skattafyrirkomulag veitti okkur $20.00 skattgreiðslu á tonn, eftir að verksmiðjan væri komin í fulla stærð. Og í tilefni af því, sem hv. frsm. meiri hl. sagði hér áðan, þegar hann var að tala um 31 dollar og 35 dollara, sem síðar yrðu, þá vil ég taka það fram, að það er í bezta falli einhver von til þess, að það gæti orðið eitthvað meira en 20 dollarar eftir langt árabil, kannske einhvern tíma eftir aldamót. Ég hef ekki orðið þess var, að í umr. fram til þessa hafi verið gerð viðunandi grein fyrir því, hvernig þessi skattaákvæði verka. Við hljótum að komast að raun um, að á fyrstu árum bræðslunnar hlýtur að skapast, miðað við þær upplýsingar, sem fyrir liggja, allveruleg skattainnistæða álbræðslunnar hjá íslenzkum yfirvöldum, sem síðar á að endurgreiðast með vöxtum. Til þess að gera grein fyrir þessu sjónarmiði skal ég aðeins rekja ákvæði samningsins um það, hvernig þessar skattgreiðslur eiga að vera.

Það á að borga framleiðslugjald, sem frá upphafi rekstrarins og þar til verksmiðjan nær fullri stærð, sem væntanlega verður á árinu 1974 eða 1975, verður 12.50 dollarar á tonn. Þaðan í frá og þar til 15 ár eru liðin frá byrjun rekstrarins á að borga 20 dollara á tonn í framleiðslugjald. Þaðan í frá og þar til 15 ár eru liðin frá því, að annar áfanginn tók til starfa, — þetta verður væntanlega tímabilið 1984—1986 eða eitthvað því um líkt, — á að borga 27.50, og þaðan í frá og þar til 15 ár eru liðin frá því, að verksmiðjan náði fullri stærð, 31.25 dollara, og síðan 35 dollara. En fari þetta framleiðslugjald fram úr 50% af tekjuafgangi á einhverju almanaksári, þá verður það, sem umfram er, skattinnstæða, sem ávaxtast með 5% vöxtum, þangað til hún yrði endurgreidd, en takmörk endurgreiðslunnar eru sett við það, að endurgreiðslan á að borgast af framleiðslugjaldinu síðar, en þó þannig, að það má aldrei fara niður fyrir $20.00, eftir að það er komið upp í það. Og ekki niður fyrir $12.50, meðan það stendur í því.

Þetta þýðir það, ef ekki verða breytingar á verði framleiðslunnar, sem hefðu í för með sér breytingar á framleiðslugjaldinu, að endurgreiðslan á skattinnstæðu gæti hafizt, þegar framleiðslugjaldið á að hækka upp í $27.50, og þá gæti sú endurgreiðsla numið $7.50 af hverju tonni. Síðar gæti hún svo numið $11.25, og að lokum gæti hún numið $15.00 þessi endurgreiðsla.

En hvað er nú líklegt, að þessi skattinnistæða gæti orðið um það leyti sem endurgreiðsla hennar ætti að hefjast? Það kemur fram í gögnum málsins, að það er gert ráð fyrir því, að tekjuafgangur bræðslunnar verði mjög lítill fyrstu 10 árin, og skv. þeim gögnum, sem ég hef getað kynnt mér, er ástæða til þess að ætla, að hann muni ekki fara fram úr tvöfaldri lágmarksskattgreiðslunni á neinu þessara ára.

Ef nú væri gert ráð fyrir því, sem ekki virðist óeðlilegt, af þessum ástæðum, að skattinnstæða skapaðist á fyrstu 10 árunum, sem næmi mismuninum á framleiðslugjaldinu, sem greitt var á þessum árum, og þeirri lágmarksskattgreiðslu, sem verksmiðjan á ekki að fara niður fyrir, þá telst mér svo til, að skattinnstæða verksmiðjunnar um það leyti, sem hún byrjaði að endurgreiða skattinnstæðuna, gæti numið um 10 millj. dollara. Þetta er æðimikil upphæð að endurgreiða. Hún yrði fyrst endurgreidd með 7½ dollar á tonn, síðar með 11½ um árabil og þessari endurgreiðslu mundi ekki verða lokið fyrr en eftir aldamót. Ég leyfi mér þess vegna að halda því fram, að það sé borin von, að skattgreiðslurnar geti í raun farið mikið fram úr 20 dollurum. Þetta finnst mér eðlilegt að komi fram, vegna þess að það hefur verið dregið mjög fram af talsmönnum þessa máls, að skattgreiðslan mundi fara upp í 35 dollara, og mér hefur þótt rétt að benda á þessa hlið málsins. Nú er það út af fyrir sig fjarri mér að gera lítið úr því út af fyrir sig, að verksmiðjan borgi 51,6 millj. á ári, ef hún vinnur með fullum afköstum, eftir að hún er komin upp í fulla stærð, en ég tel bara ástæðu til þess, að við gerum okkur ljóst, að við getum ekki heldur gert ráð fyrir því, að það verði miklu meira. Það er sagt, að með þessu móti borgi þessi bræðsla miklu meiri skatta en innlendir framleiðendur gera, og vissulega þætti flestum innlendum framleiðendum svona skattgreiðsla nokkuð há, en á það er að líta, að þeir eru fæstir af þessari stærð, sem þarna er um að ræða, og auk þess er þeim öllum gert að borga tolla af öllum sínum stofnkostnaði.

Það var skýrt frá því í grg. frv. um kísilgúrverksmiðju við Mývatn, sem var samþ. hér fyrir 2 árum, að tollar af slíkri verksmiðju mundu nema um 20% af stofnkostnaði. Hæstv. iðnmrh. vildi nú gera minna úr þessu hér við 1. umr. og sagði, að tollar hefðu verið svo mikið lækkaðir, en svo mikil er lækkun þeirra nú ekki, að það sé a. m. k. ekki óhætt að segja svona 15—20%, sem innlendir framleiðendur mundu þurfa að borga í tolla af stofnkostnaði verksmiðja sinna, og þegar þetta er haft í huga, kemur í ljós, að allur skatturinn, sem bræðslunni er gert að greiða, er svo sem ekki miklu meira en ávöxtun af þeirri tolleftirgjöf, sem hún fær, og svo er að því að gá, að skattgreiðslur verksmiðjunnar eða viðmiðunin við 50%, viðmiðunin, sem tekin er við tekjuafgang verk-

smiðjunnar til skattgreiðslu, er tekin eftir að bræðslan hefur verið látin skila hinum svissnesku eigendum sínum öðru eins og skatturinn getur numið fyrir ýmiss konar þjónustu að viðbættum litlum 250 millj. kr. fyrir tæknilega aðstoð við byggingu verksmiðjunnar. Ég held, að það sé nú ekki of mikið sagt, þó að ég fullyrði, að svona upphæðir séu í litlu samræmi við það, sem hæstv. ríkisstj. hefur þótt hæfilegt að skammta íslenzkum verkfræðingum með brbl.

Ég skal með þessu láta útrætt um skattamálin, en undir lok ræðu sinnar hér áðan ræddi frsm. meiri hl. einn þátt þessa máls á þann hátt, að mér finnst fullt tilefni til að gera athugasemd við það. Hann minntist á það, hversu gott það væri, að í samningi þessum er gert ráð fyrir því í 18. gr., að íslenzk framleiðsla, verzlun og þjónusta eigi að njóta góðs af þessu, og sagði hann í því sambandi, að það væri ólíkt betra en í Noregi, þar sem aðeins væri um að ræða viljayfirlýsingu af hálfu Svisslendinganna. Mér þykir því fullt tilefni til þess gefið, að menn fái fullan samanburð á þessum ákvæðum 18. gr. annars vegar og þeim ákvæðum, sem eru í norska konsessjonsbréfinu um tilsvarandi efni. 18. gr. þess samnings, sem hér liggur fyrir, hljóðar þannig:

„Við byggingu og rekstur bræðslunnar skal ISAL veita forréttindi: a) efnum og framleiðsluvörum af íslenzkri gerð og uppruna, að því tilskildu, að þær séu samkeppnisfærar um verð og gæði við efni og framleiðsluvörur af erlendum uppruna, b) þjónustu frá íslenzkum þjónustufyrirtækjum (svo sem verktökum í byggingariðnaði, skipa- og vátryggingarfélögum), að því tilskildu, að þau séu samkeppnishæf um verð og gæði við tilsvarandi erlend fyrirtæki. ISAL mun leitast við að greiða fyrir kaupum á íslenzkum efnum og framleiðsluvörum og skiptum við íslenzk þjónustufyrirtæki með því að haga þannig til afgreiðslutímum og með skiptingu samninga og undirsamninga og á annan hátt, sem félaginu kann að vera fært, en lokaákvarðanir í þeim efnum skulu vera í höndum ISALs. ISAL og ríkisstj. munu í sameiningu taka til athugunar allar kvartanir, er við og við kunna að berast í sambandi við ákvæði þessarar greinar. Til að efla íslenzka verzlun og þjónustuiðnað, sem verzlar með innflutt efni og framleiðsluvörur, mun ISAL kaupa innflutt efni og framleiðsluvörur af íslenzkum kaupmönnum og umboðsmönnum, ef slík kaup eru samkeppnisfær um verð og gæði við efni og framleiðsluvörur, sem ISAL flytur sjálft inn."

Tilsvarandi ákvæði í leyfisbréfi, sem norska iðnmrn. hefur gefið til þess, að verksmiðjan í Husnes megi leigja afl, eins og það er þar kallað, eða við köllum að kaupa orku, frá ríkisorkuverunum, þar hljóða þessi ákvæði á annan veg. Leyfisbréfið sjálft segir:

„Skv. l. nr. 16 frá 14. des. 1917 leyfist Sör-Norge Aluminium A/S að leigja allt að 130 mw. eða 950 gwst. á ári frá ríkisorkuverunum með þeim kjörum, sem tekin eru fram í fyrirmælum iðnmrn. 26/4 1963. Þau kjör, sem ákveðin eru fyrir leyfisbréfinu, eru:"

Svo koma ýmsir töluliðir. Ég ætla að lesa 5. töluliðinn, sem skiptir máli í þessu sambandi:

„Til byggingar og rekstrar þessa rafbúnaðar, véla o. þ. u. l., sem nauðsynlegur er til nýtingar aflsins, skal nota norskar vörur öðrum fremur, svo framarlega sem þær eru jafngóðar erlendri og fáist afgreiddar nógu tímanlega, og þá er gert ráð fyrir, að samið sé um þær tímanlega og verð þeirra sé ekki meira en 10% hærra en verð erlendu vörunnar að tollum meðtöldum. Forsenda er þó, að verðmunur og tollur til samans sé ekki meira en 25% af verði erlendu vörunnar án tolla. Þegar velja skal milli innlendra tilboða, skal velja það tilboð, sem í er fólgin mest norsk vinna og mest innlend framleiðsla hráefna og hálfunninna vara, þó að það tilboð sé dýrara, þegar það bara ekki liggur utan þeirra marka, sem gilda með tilliti til erlendra vara. Viðkomandi ráðuneyti getur veitt undanþágu frá reglum um að nota norska vöru, þegar sérstakar ástæður gera það nauðsynlegt. Umsókn um undanþágur verður að senda ráðuneytinu fyrirfram ásamt öllum upplýsingum, sem nauðsynlegar eru. Ef ákvæði um að nota norskar vörur eru brotin, getur ráðuneytið hverju sinni lagt á leigutakann sekt, sem rennur í ríkissjóð, að upphæð 15% af vöruverðinu. Ráðuneytið gengur út frá því, að leigutaki reyni með öllum hætti að auðvelda innkaup innlendra vara t. d. með því að skipta upp pöntunum eftir föngum og með því að hnika til með afgreiðslutíma og aðra söluskilmála. Þegar um er að ræða innkaup fyrir yfir 5000 norskar kr. á vöru, sem framleidd er í landinu, verður að gera útboð, ef leita skal tilboða erlendis. Í útboðslýsingu skal greina, að þess sé krafizt, að tekið sé fram í tilboðunum, hvort notuð séu erlend hráefni eða hálfunnin efni og þá í hvað stórum mæli. Öll tilboð skal opna samtímis og bóka athöfnina. Sé samið um vöru fyrir yfir 5000 norskar kr., sem framleidd er erlendis, skal strax tilkynna það ráðuneytinu ásamt öllum upplýsingum, sem nauðsynlegar eru, til þess að ganga úr skugga um, hvort skilmálar séu uppfylltir. Þegar ráðuneytið sér ástæðu til, getur það krafizt upplýsinga um það fyrirfram, hvort leigutakinn hafi í hyggju að kaupa vörur erlendis."

Þannig hljóðar 5. liður skilyrðanna fyrir því leyfi, sem Sör-Norge Aluminium fær til þess að kaupa orku í Noregi. Ég held svo, að menn geti borið þetta tvennt saman, og skal spara mér frekari lýsingar á því.

Ég skal þá koma að því að fara nokkrum orðum um rafmagnsverðið, sem gert er ráð fyrir í þessum samningum og sem mjög mikið hefur verið rætt um, og skal nú, til þess að komast hjá allt of miklum endurtekningum, fara létt yfir þá þætti þess, sem frekast hafa verið ræddir, og aðallega ræða málið frá svolítið annarri hlið en við oftast höfum litið á. Aðalrökin hjá talsmönnum þessa samnings eru þau, að það sé um að ræða mikla hagkvæmni í raforkumálum. Á hinn bóginn er ekki ágreiningur um það, að raforkuverðið er mjög lágt. Ég held, að hæstv. iðnmrh. hafi lýst því yfir í hv. Nd., — ef hann gerði það ekki einnig hérna, — að við höfum orðið að bjóða mjög lágt rafmagnsverð til þess að koma til greina í samkeppninni við aðrar þjóðir, sem vildu bjóða rafmagn. En ef það er svo, virðist mér nú, að ekki sé frítt við, að þarna sé nokkur mótsögn, ef við á annan bóginn verðum að undirbjóða alla aðra í

raforkuverði, en á hinn bóginn á svo raforkusalan að vera hagkvæmasta atriðið í þessum samningi. En hvað um það, reikningar hafa verið birtir um það, hversu miklu hagkvæmara sé að selja þessa orku en að virkja bara fyrir heimamarkaðinn, og ég hef áður gert þá útreikninga svolítið að umræðuefni. Hv. frsm. meiri hl. kom svolítið inn á þetta hér áðan og minnti á þessa frægu tölu 860 millj. kr., sem ávaxtaður þessi sparnaður allur ætti að nema á árinu 1985. Hann viðurkenndi að vísu, að fyrir ábendingu mína hefði þessi tala verið leiðrétt um 200 millj., og sagði, að 660 millj. væru ekki heldur neitt til að slá hendinni á móti. Mig langar að taka þessa tölu svolítið til athugunar, þessa tölu, 660 millj. kr. (Gripið fram í.) Er talan ekki rétt? Nú, 180 eða hvað? Það breytir náttúrlega ekki málinu stórkostlega. Við skulum bara segja, að þetta væru 680 millj. Þessi tala er tilkomin þannig, að allar greiðslur eru framreiknaðar til ársins 1985 og þá bornar saman. Nú er það að sjálfsögðu alkunnugt, að til þess að geta borið saman greiðslur, sem fara fram á mismunandi tímum, þarf að færa þær til sama tíma miðað við þá vexti, sem um er að ræða. Um þetta segir prófessor Árni Vilhjálmsson í bók, sem hann hefur nýlega gefið út á vegum Stjórnunarfélags Íslands, með leyfi hæstv. forseta:

„Til þess að hægt sé að leggja saman stærðir verða þær að vera sambærilegar. Peningastærðir frá ólíkum tímamörkum eru gerðar sambærilegar með því að gera upp virði þeirra á sömu tímamörkum t. d. við upphaf fjárfestingar. Peningastærðir eru þá afvaxtaðar — diskonteraðar — með einhverjum viðeigandi vöxtum, segjum t.d., að þessir vextir væru 10% pro anno — 100 kr. greiðsla á viðmiðunardegi er þá 100 kr. virði, en 100 kr. greiðsla ári síðar hefur virðið 90 kr. 91 eyri á viðmiðunardegi. 100 kr. greiðsla, sem á að falla 2 árum eftir viðmiðunina, hefur virðið 82 kr. og 64 aurar. Með vöxtum og vaxtavöxtum munu 82 kr. og 64 aurar vera orðnar 100 kr. eftir 2 ár. Viðmiðunarmörkin má setja eftir geðþótta. Algengt er að setja þau við upphaf fjárfestingar, og er þá virði framtíðargreiðslu á viðmiðunardegi nefnt núvirði greiðslunnar. T. d. hefur 100 kr. greiðsla, er til fellur eftir 2 ár, núvirðið 82 kr. 64 aurar."

Hér skýrir prófessor Árni mjög glögglega frá því, sem þarna er um að ræða, nefnilega að færa allar greiðslur til eins dags, en hann vekur jafnframt athygli á því, að peningastærðirnar eru þá afvaxtaðar með einhverjum viðeigandi vöxtum, og viðmiðunin er venjulega við upphaf fjárfestingar, og þá er talað um núvirði greiðslunnar. Þeir, sem þessa útreikninga hafa gert í seinni tíð, hafa hins vegar kosið að miða við árið 1985, og þá hafa þeir komizt upp í 680 millj. kr., eftir því sem ráðh. segir nú og vill ekki fallast á töluna 660, sem hv. frsm. meiri hl. var með áðan.

En hvað er þá núvirði þeirra greiðslna, hvað er virði þeirra greiðslna á árinu 1966, sem eru þetta háar á árinu 1985? Miðað við þá 6% vexti, sem hér er rætt um, er núvirði þessarar greiðsluraðar, ef miðað er við 660, 206 millj. kr., og ef miðað væri við 680, væri það um 212 millj. kr. Ég held, að í þessu sé kannske fólgin skýringin á því, hvers vegna það hefur þótt hentugt að miða samanburð þessara greiðsluraða við árið 1985. Nú vil ég í sjálfu sér ekkert gera lítið úr tölu, sem er rúmlega 200 millj. kr. að núvirði, og allra sízt ef það væri víst, að það væri þannig, að þessi sparnaður fengist, en það er því miður mjög óvíst. Það hefur komið fram óvefengjanlega frá sérfræðingum, sem taka verður mark á, eins og t. d. raforkumálastjóranum sjálfum, að það sé mjög mikil óvissa um þetta atriði. Hann hefur látið sér um munn fara tvívegis í mín eyru og í bæði skiptin á fundum með mörgum fleiri þingmönnum, að þrátt fyrir þessa óvissu teldi hann gerlegt að virkja Þjórsá við Búrfell, en hann hefur um leið undirstrikað þessa óvissu, og hann hefur bætt því við, að hann telji þá virkjun hagkvæma virkjun miðað við íslenzkar aðstæður og virkjunarskilyrði. Hann lét þess jafnframt getið, að þegar hann talaði um hagkvæma virkjun, þá ætti hann við þær virkjanir, sem orkan kostaði innan við 13 aura frá.

Í sambandi við þetta þykir mér rétt að rifja það upp, að hæstv. iðnmrh. sagði í ræðu sinni hér við 1. umr. þessa máls, að ef Búrfellsvirkjun færi fram úr áætlun, mundi hún eins gera það, þó að við virkjuðum fyrir okkur eina. Og ekki verður þessu í móti mælt með neinum rökum, en það er þá um leið rétt að benda á það, að með þeim hætti tökum við ekki á okkur að greiða annað en verðhækkanirnar af þeirri orku, sem við notum sjálfir, en ekki hallann á orkusölu til annarra, sem taka tvöfalt meira af þessari orku en við sjálfir.

En ég kem nú að þeirri spurningu, sem ég ætlaði að velta svolítið fyrir mér í þessu sambandi, og það er þessi spurning: Er afkoma þessarar einu virkjunar, Búrfellsvirkjunar, eðlileg viðmiðun um það, hvaða raforkuverð skuli bjóða erlendum fyrirtækjum, sem hér vilja reka orkufrekan iðnað?

Þegar frv. um landsvirkjun var lagt fyrir hv. Alþ. fyrir rúmlega ári, fylgdi því mjög ítarleg grg. Þeirri grg. fylgdi m. a. yfirlit yfir verðdreifingu vatnsafls á Íslandi, sem er mjög athyglisvert gagn. Af því línuriti og þeirri frásögn, sem því fylgir, kemur í ljós, að sú orka, sem við getum virkjað hér á landi við þeim kostnaði, að orkuverðið færi ekki fram úr 13 aurum t. d. — til þess að miða við þá tölu, sem raforkumálastjóri hafði í munni — það orkumagn er ekki svo ákaflega mikið. Það virðist vera svona í kringum 5—6 sinnum meira en það orkumagn, sem nú á að selja með þessum eina samningi, og það er sú orka, sem virkjanleg er með kostnað innan við 13 aura pr. kwst.

Sú orka, sem þarna er um að ræða, mundi ekki endast okkur til eigin notkunar meira en svo sem 30 ár. Og svo erum við fljótt komnir upp í töluvert hærra orkuverð. Það er eðlilegt að spyrja sig þeirrar spurningar, hvaða orkuverði menn hafi yfirleitt gert ráð fyrir í þeim umr., sem hafa orðið um þessi mál t. d. orkusölu til stóriðju á undanförnum árum, áður en þessi samningur, sem hér liggur fyrir núna, kom til sögunnar.

Árið 1962 hélt Verkfræðingafélag Íslands ráðstefnu hér í Reykjavík, sem fjallaði einmitt um raforkumál og hugsanlega stóriðju. Þarna fjölluðu um þetta ýmsir fagmenn, ekki bara á sviði raforkumála og tækni, heldur voru þar ýmsir gestir á þessari ráðstefnu, sem lögðu þýðingarmikil erindi til málanna. Meðal þeirra

var dr. Jóhannes Nordal Seðlabankastjóri, sem hélt þarna erindi — eða hann mun nú víst ekki hafa haldið það, því að hann fór í burtu, en hann lét flytja það fyrir sína hönd, — erindi, sem hét „Um stóriðju og fjármál virkjana á Íslandi." Hann ræðir þar um þrjár leiðir í sambandi við það að koma hér upp orkufrekum iðnaði. Fyrsta leiðin, sem hann ræðir nú aðeins lauslega, er sú, að erlendir aðilar eigi bæði orkuverin og verksmiðjuna, og um það hafa menn lengi verið sammála hér, að ekki kæmi til greina, og sú skoðun kom að sjálfsögðu fram hjá dr. Jóhannesi Nordal líka. Önnur leiðin, sem hann ræddi stuttlega um, var, að Íslendingar eigi sjálfir bæði orkuverið og verksmiðjuiðnaðinn, en síðan segir: „Ég kem þá að þriðju leiðinni," — og það er sú, sem hann gerir mest að umræðuefni, — „að samið verði við erlent fyrirtæki, sem byggir alúmíníumverksmiðju, er geri langan samning, t. d. til 20—25 ára, um kaup á raforku." Og síðan segir um raforkuverðið:

„Í dæmum þeim, sem sýnd verða hér á eftir um afkomu Búrfellsvirkjunar, er árskw. selt á 25 dollara til allra notenda. Eins og fram kemur síðar, er þetta verð, sem gerir mögulegt að reka orkuver samkv. dæmi 1 án greiðsluhalla, ef allur stofnkostnaður er fenginn að láni." Enn fremur segir: „Fyrir alúmíníumverksmiðju eru 25 dollarar á kw. ekki óhagstætt verð, enda þótt ekki sé víst, að um það yrði unnt að semja hér á landi. Alúmíníumverksmiðjur þurfa að ganga stöðugt og hafa því mjög háan nýtingartíma. Miðað við 8 þús. stundir á ári svarar þetta verð til 3.12 mill pr. kwst., en ef miðað er við 100% nýtingu, þ. e. a. s. við 8760 stundir á ári, er verðið á kwst. 2.85 mill."

Þetta sagði Jóhannes Nordal þá. Það er ljóst, að engin verksmiðja getur haft 100% nýtingu, og þess vegna er það verð, sem þarna er reiknað með, mjög nálægt því að vera 3 mill eða 13 aurar. Nú segir að vísu dr. Jóhannes Nordal í þessu, að hann telji ekkert víst, að unnt sé að semja um þetta verð. En á hinn bóginn er það hafið yfir allan vafa, að hann hefur talið þetta eðlilegan reikningsgrundvöll fyrir sínu dæmi. Og enn fremur hefur hann séð ástæðu til þess að geta um það, að langur samningur um kaup á raforku væri t. d. til 20—25 ára. Ég get svo til gamans getið þess, þó að það skipti kannske ekki miklu máli í þessu sambandi, að öll þau samanburðardæmi, sem dr. Jóhannes Nordal reiknar í þessu erindi sínu, eru miðuð við núvirði. Ef hann hefði haldið þeim sið áfram, hefði hann ekki fengið 680 millj. út úr sínu dæmi, heldur ca. 210. En þarna var nú líka verið að semja erindi fyrir fagmenn og ekki til þess að birta í Morgunblaðinu.

Annar maður flutti erindi á þessari ráðstefnu, sem mér þykir rétt að geta um. Það var Eiríkur Briem, forstjóri Landsvirkjunarinnar. Hann gerði í erindi sínu að umtalsefni áætlanir, sem þá lágu fyrir um virkjun við Búrfell og virkjun Dettifoss. Það voru að vísu aðrar áætlanir heldur en nú liggja fyrir, en það breytir ekki því, sem er meginatriði þessa máls. Hann segir um þetta í niðurstöðu sinni: „Eins og áður segir, er orkuverðið frá Búrfelli og Dettifossi 13—14 aurar á kwst., og er þá reiknað með varalínu í báðum tilfellum. Þetta verð á orkufrekur iðnaður að geta sætt sig við." Og náttúrlega ekki síður, ef varalínur yrðu ekki byggðar fyrst í stað og ef hægt væri að ná betri lánskjörum en reiknað er með. Af þessu virðist mér ljóst, að um þetta leyti reiknuðu menn með því, að eðlilegt orkuverð til erlends stóriðnaðar væri 13 aurar. Og ég vil leyfa mér að halda því fram, að það séu ekki nein rök, sem mæli með því, að þessi mörk hafi lækkað síðan. Það sjáum við m. a. af því, að Alþjóðabankinn taldi ekki annað viðunandi en að raforkuverðið væri hækkað upp í 3 mill fyrstu árin a. m. k. með þeim hætti, sem það var svo gert, að flytja af skattgreiðslunni yfir á rafmagnsverðið. Og þegar við lítum á það, sem ég gat um áðan, hvernig verðdreifingin á virkjanlegri vatnsorku er í landinu, sjáum við það, að það að selja orku í svona stórum stíl á minna en svona ca. 13 aura er ekki bara meðgjöf, heldur líka slæmt fordæmi.

Af því að hér hefur oft verið vitnað til þeirrar skýrslu, sem Steingrímur Hermannsson verkfræðingur gaf hæstv. iðnmrh., þegar hann hafði farið kynnisferð fyrir hann til Noregs, ætla ég að leyfa mér að gera það einu sinni enn, enda er full ástæða til þess að láta skoðanir þess ágæta verkfræðings koma fram í sambandi við þetta, vegna þess að hann mun ýmsum þáttum slíkra mála mjög vel kunnugur og öðrum betur. Ég ætla að leyfa mér að benda á það, sem hann segir um þetta efni, sem ég var nú síðast að nefna, nefnilega það fordæmi, sem gefið er með því að byrja að selja orku til stóriðnaðar á 2½ mill eða 10.75 aura. Steingrímur segir í skýrslu sinni um viðtöl sín við Norðmennina:

„Aðspurðir áttu menn eðlilega erfitt að gera sér grein fyrir því, hvort hér væri um æskilega framkvæmd að ræða fyrir okkur. Flestir lögðu þó sérstaka áherzlu á þýðingu þess að fá slíkan iðnað inn í landið. Það væri ómetanlegt fyrir framtíðina. Hins vegar vöruðu þessir sömu aðilar jafnframt við því, að sá samningur, sem nú er gerður, hlyti að verða fordæmi fyrir öðrum slíkum samningum í framtíðinni."

Það er raunar ástæða til þess að minna einnig á það, sem Steingrímur segir í þessari sömu skýrslu um viðhorf Norðmanna til þess raforkuverðs, sem hér er gert ráð fyrir að semja um. Þar segir m.a.:

„Raforkuverðið barst iðulega í tal, og þótti mönnum það verð, sem við höfðum sett upp, lágt. Í Noregi er raforkuverðið ákveðið þannig: Grundvallarverð 1.8 norskur eyrir á kwst., flutningsgjald, sem miðað er við, að vegalengdin sé 50 km, 0.3 norskir aurar á kwst. og skattur 0.2 norskir aurar á kwst., samtals 2.3 norskir aurar pr. kwst. eða 3.2 mill. Jafnframt er gert ráð fyrir því, að raforkuna megi hækka í sama hlutfalli og 60% af heildsöluvísitölu. Hækkun kemur næst til greina 1972, og er talið, að raforkuverðið verði síðan endurskoðað á 5 ára fresti. Heildsöluvísitalan hækkaði á s. l. ári úr 103 stigum og í 109 stig. Þessu atriði kem ég að aftur, þegar ég ræði um endurskoðunarákvæði raforkuverðsins."

Ég skýrði frá því hér við 1. umr. þessa máls, að ákvæðin um lagagrundvöll og úrlausn deilumála hefðu ekki fengið sitt endanlega form fyrr en á allra síðasta stigi þessa máls. Þar er öðru máli að gegna um raforkuverðið. Ég geri ráð fyrir, að flestum, sem

fylgdust með þessu máli, hafi nokkuð snemma verið ljóst, að samningaumleitanirnar mundu bera að þeim brunni, að verðið yrði 2.5 mill. Okkur framsóknarmönnunum í þmn. þótti því alveg nauðsynlegt að koma við ákvæðum um mjög tíða endurskoðun, sem ekki miðaðist aðeins við breytilegan rekstrarkostnað Búrfellsvirkjunarinnar, heldur einnig við breytilegan virkjunarkostnað í landinu, a. m. k. á orkuveitusvæði Landsvirkjunar, sem við gerum okkur væntanlega vonir um, að verði áður en mjög langt um líður landið allt. Þess vegna var einn liðurinn í þeirri bókun, sem við gerðum á 14. fundi n., sem ég skýrði hér frá við 1. umr., þannig, að samningarnir ættu að miðast við það, að það gjald, sem verksmiðjan greiðir fyrir raforku, nægi í raun til þess, að verksmiðjan standi undir stofn- og rekstrarkostnaði virkjana á hverjum tíma, m. a. með samningsákvæðum um tíða endurskoðun raforkuverðsins.

Í þeim samningi, sem núna liggur fyrir, er ekki um aðra endurskoðun á raforkuverðinu að ræða heldur en í fyrsta lagi þá sem á að fara fram eftir 15 ár og aðeins nær til rekstrarkostnaðar sjálfrar Búrfellsvirkjunarinnar, en ekki til neinna atriða í sambandi við virkjunarkostnað eða almennan virkjunarkostnað í landinu og er þess vegna algert smáræði, og svo þá endurskoðun, sem fara á fram fyrst eftir 25 ár. Þar hefur samningurinn að geyma tvær viðmiðanir, annars vegar þá, að orkuverðið geti hækkað um sama hundraðshluta og orkuverðið til Husnesverksmiðjunnar hefur hækkað, eða það geti orðið sem svaraði 1% af verði alúmíns á hvert enskt pund, en eins og nú er gert ráð fyrir að semja, er raforkuverðið lítið eitt hærra heldur en verðið á einu pundi, mjög lítið hærra eða mjög svipað. Og ef alúmínverðið er tekið til viðmiðunar, þá á að taka til viðmiðunar meðalverð undanfarandi þriggja ára. En þess er að gæta, að það eru hinir svissnesku viðsemjendur okkar, sem eiga að ákveða, hvor viðmiðunin er tekin. Það kemur þess vegna ekki að haldi fyrir Landsvirkjun eða okkur Íslendinga, þó að mjög myndarleg hækkun eigi sér stað á þessu tímabili á raforkuverði í Husnesi, ef ekki hefur átt sér á sama tíma stað veruleg hækkun á álverðinu.

Það var eitt atriði, sem ég verð að nefna í þessu sambandi, sem kom fram í ræðu hæstv. iðnmrh. við 1. umr. þessa máls, og ég verð að leiðrétta. Hann gerði lítið úr þeim endurskoðunarákvæðum, sem gilda í Noregi og sem ég var að lýsa áðan, og taldi, að sú heildsöluvísitala, sem við er miðað, hefði ekki hækkað neitt sem máli skipti að undanförnu. Þá vil ég aftur benda á það, sem ég las hér áðan, að bara á s. l. ári hækkaði hún úr 103 stigum og í 109 eða um 6 stig, 6%. Þarna rétt um hundrað eru stigin, og prósentan er það sama, það þarf ekki að fara út í karp um það, eins og stundum hefur verið gert í sambandi við dýrtíðarvísitöluna, og hækkunin á þessu eina ári réttlætir því hækkun á raforkuverðinu sem nemur 3.6%, þegar kemur að endurskoðun á árinu 1972. **(Dómsmrh.:** Ef Stórþingið hefur þá hækkað raforkuna.) Ef Stórþingið hefur þá hækkað raforkuna, segir hæstv. ráðh., og þetta er alveg rétt aths. En í þessari sömu setningu, sem ég benti á hér áðan, þá hafði hæstv. ráðh. víst gengið út frá því, segir Steingrímur Hermannsson, sem athugaði þetta fyrir ráðh., að það sé gert ráð fyrir, að endurskoðun eigi sér stað á 5 ára fresti.

Ég held, að það ætti að vera alveg ljóst af því, sem ég rakti hér áðan um verðdreifingu vatnsorkunnar í landinu, að við verðum mjög fljótt komnir það langt á virkjunarbrautinni, jafnvel bara fyrir okkur sjálfa, að við verðum komnir í þær virkjanir, þó að við byrjum á ódýrasta enda, sem kosta 13—15 aura pr. kwst. Mér er spurn: Hvernig getur okkur verið útbært rafmagn til 45 ára á 10.75 aura, ef við vitum það, að á næstu áratugum þurfum við sjálfir að virkja og þá, m. a. vegna þess, að við höfum látið þessa orku, á eina 13 kannske 15 aura?

Það kom fram í ræðu hv. frsm. meiri hl. áðan, að við ættum að reyna að nota vatnsaflið, áður en það væri orðið úrelt og annað nýtt kæmi í staðinn. Maður hefur heyrt þessa röksemd áður, að alveg á næstu grösum væru aðrar orkulindir, sem mundu gera okkar vatnsorku verðlausa. Hvað er trúlega til í þessu? Hvað segja þeir færustu menn, sem við höfum á þessu sviði? Hvað segir raforkumálaskrifstofan um þetta, sem tekur fullan þátt í störfum Alþjóðaorkumálastofnunarinnar og fylgist á þeim vettvangi með framvindu í orkumálum? Í fskj. með þessu merka Landsvirkjunarfrv., sem ég var að geta um áðan og vitna til, er kafli, sem raforkumálastjórnin hefur skrifað um þetta mál. Hann er stuttur og ég vil — með leyfi hæstv. forseta — leyfa mér að lesa hann:

„Vinnsluverð raforku frá stærstu nýtízku orkuverum, sem kynt eru með kolum eða olíu, er nú í stærstu löndum Evrópu, svo sem Stóra-Bretlandi, 25—30 aurar á kwst. Svo ódýr raforka fæst þó aðeins í allra stærstu orkuverum, svo sem t. d. í Englandi, þar sem í smíðum eru 2000 millj. kw. stöðvar með 500 þús. til 1 millj. kw. vélasamstæðu. Í Danmörku og Svíþjóð er enn ekki farið að byggja svo stórar rafstöðvar. Stærstu vélasamstæður, sem þar eru settar upp til raforkuvinnslu, eru ekki nema 250—300 þús. kw. Og í öllum löndum er enn tiltölulega lítið af þessum stóru og hlutfallslega ódýru samstæðum, en mjög mikið enn í notkun af eldri og smærri vélaeiningum, þar sem vinnsluverð raforkunnar er til muna hærra."

Síðan segir:

„Frá kjarnorkustöðvum Evrópu og Ameríku er raforkuverðið enn þá æðihátt, í kringum 50 aurar á hverja kwst. Hins vegar er reiknað með, að innan skamms, e. t. v. á næstu 10 árum, muni verðið frá stærstu kjarnorkuverunum, sem þá verða tekin í notkun, komast niður í 25 aura pr. kwst. eða þar um kring. Er þá einnig um að ræða 500 þús. til 1 millj. kw. vélasamstæður í orkuverum og jafnframt gert ráð fyrir mjög háum nýtingartíma eða 7 þús. klst. eða þar yfir. Ekki eru miklar líkur á því, að raforka frá kjarnorkuverum fari í náinni framtíð að marki niður fyrir þetta verð, og þetta lága verð fæst aðeins frá mjög stórum vélasamstæðum."

Mér virðist, að með þessu séu af hálfu okkar færustu manna tekin af tvímæli um það, að orkan í fallvötnum okkar er okkur ekki útbær fyrir slikk. Hún er okkur mikils virði til frambúðar, og við eigum að

meta gildi hennar rétt, en ekki bjóða hana á of lágu verði.

Herra forseti. Ég skal nú fara að ljúka máli mínu, og draga saman í stutt mál þau atriði, sem mér virðast mestu skipta í þessu sambandi. Og þá get ég gert það með því að gera samanburð á þeim skilyrðum og skilmálum, sem við framsóknarmenn höfum talið, að þyrftu að vera fyrir hendi í sambandi við samninga af þessu tagi annars vegar og hins vegar á ákvæðum þess samnings, sem liggur fyrir.

Við höfum lagt á það megináherzlu, að við teljum erlenda stóriðju í sjálfu sér enga lausn á atvinnumálum okkar og að slíkt komi því aðeins til greina, að það sé liður í skipulegri framkvæmd heildaráætlunar í framkvæmda- og efnahagsmálum okkar. Núna liggur engin slík áætlun fyrir og ríkisstj. er raunar stefnulaus í atvinnu- og efnahagsmálum. Við höfum lagt á það áherzlu, að slíkur erlendur rekstraraðili hér á landi lúti í einu og öllu íslenzkum lögum og þá auðvitað um leið íslenzkri lögsögu. Nú er hins vegar gert ráð fyrir því að fá útlendan gerðardóm yfir íslenzkt ríkisvald. Ég hef gert grein fyrir því í máli mínu hér áðan, að við yrðum að miða það raforkuverð, sem við seldum fyrir orku í stórum stíl, við virkjunarkostnaðinn í landinu á hverjum tíma. Nú á að miða raforkuverðið til langs tíma við ódýrustu virkjun, sem völ er á í dag. Við höfum talið, að slíkum iðnaði ætti að velja stað í landinu miðað við okkar þjóðarhagsmuni og okkar viðleitni til skipulegrar þróunar byggðarinnar í landinu. Nú á að staðsetja þetta stórfyrirtæki einmitt þar sem þörf okkar Íslendinga sjálfra, eftirspurn okkar sjálfra eftir raforku og eftir vinnuafli er mest. Það er því alveg ljóst, að þessi meginskilyrði eru ekki uppfyllt við þá samningagerð, sem hér er um að ræða. Þess vegna leggjum við til, að samningurinn verði ekki staðfestur og frv. verði fellt. Ég verð enn fremur að benda á það, sem ég nefndi í ræðu minni hér áðan, að þessi samningur felur í sér ákvæði, m.a. þau, sem ég hef verið að ræða, sem eru hættulegt fordæmi fyrir okkur í framtíðinni, raforkuverðið o. fl. og þá ekki síður gerðardómurinn, og af þeirri ástæðu einnig beri að fella þetta frv.

Frsm. 2. minni hl. (Gils Guðmundsson): Herra forseti. Í fjarveru hv. 4. þm. Norðurl. e., Björns Jónssonar, tók ég sæti í hinni svonefndu álbræðslunefnd, og það hefur því fallið í minn hlut að gefa út nál. hér í þessari hv. d. af hálfu okkar Alþb.-manna.

Þetta mál er nú orðið mjög rætt hér á Alþ., og m. a. gerði ég allítarlega grein fyrir afstöðu minni til málsins við 1. umr. þess. Ég ætla því ekki að fara um það mjög mörgum orðum nú en vil þó leggja áherzlu á nokkur atriði, sem ég tel ástæðu til að gera frekari grein fyrir heldur en ég hef áður gert. Það er e. t. v. minni ástæða en ella til þess að fjalla mjög um einstaka smærri þætti slíks máls sem þessa, vegna þess að það er öðru vísi háttað um það heldur en flest þau þingmál, sem við erum venjulega að fjalla um. Hér er ekki um það að ræða að knýja fram lagfæringar á einstökum atriðum þessa máls. Hér er um að ræða, eins og alkunnugt er, fullgerðan samning, þar sem ekki verður breytt einum einasta stafkrók og ekki liggur annað fyrir Alþ. heldur en það að gera annað tveggja að játa eða neita, að fullgilda samninginn eða að hafna honum. Þess vegna má segja, að það sé nú þýðingarminna heldur en ella að vera að elta ólar við ýmis smærri atriði slíks máls, og með tilliti til þessa mun ég eingöngu leggja áherzlu á fáein atriði, sem ég tel höfuðatriði og skipta sköpum um það, hvort menn geta verið með slíku máli sem þessu eða alfarið á móti.

Ég vil þá fyrst ítreka það, sem ég vék nokkuð að við 1. umr. málsins, að ég tel, að það verði ekki réttilega metið sem einangrað mál, ekki réttilega metið án þess að tekið sé tillit til þess, að það er og hlýtur að vera stefnumarkandi á ýmsa lund. Það skiptir sköpum um það, hvort við höldum áfram þeirri stefnu í uppbyggingu okkar atvinnuvega, sem fylgt hefur verið á undanförnum árum og áratugum, að við byggjum þá upp sjálfir fyrir okkar eigið aflafé og það fjármagn, sem okkur tekst með eðlilegu móti að fá að láni til arðvænlegra fyrirtækja. Meginspurningin er þessi: Á að breyta um stefnu í sambandi við uppbyggingu okkar atvinnuvega? Hæstv. ríkisstj. hefur sýnt það greinilega, að hún vill breyta hér um stefnu, og fylgismenn hennar virðast ætla að skipa sér um það og fylgja því sjónarmiði, að nú skuli breytt um stefnu.

Það er ekkert launungarmál, að í herbúðum stjórnarliða hefur á undanförnum missirum verið rætt um ýmislegt fleira í sambandi við erlenda fjárfestingu heldur en þessa samninga við hið svissneska fyrirtæki. Það hefur verið rætt um hliðstæða samninga, sem gætu komið til greina við aðra aðila, og það hefur verið rætt um, að erlendir aðilar kæmu á ýmsan annan hátt inn í íslenzkt atvinnulíf og jafnvel tækju þátt í því að byggja upp íslenzkan fiskiðnað, og fleira hefur verið nefnt í því sambandi. Og ég lít þannig á, að þó að raddirnar um þetta, um stóriðju í öðrum greinum og í ríkara mæli heldur en um er fjallað í þessum samningi, þó að þær raddir hafi nú hljóðnað nokkuð um skeið, sé það af þeirri ástæðu einni, að það þyki hentugt í bili meðan verið er að marka stefnuna, meðan verið er að koma þessu máli fram, að hafa hægt um það, að annað og meira kunni og eigi að fylgja á eftir.

Í ljósi þess, sem um þessi mál öll hefur verið rætt, til að mynda í blöðum stjórnarsinna undanfarin missiri, tel ég, að beri að líta á þetta einstaka mál. Það er í sjálfu sér nægilega stórt út af fyrir sig, en þó er það í rauninni miklu stærra, þegar á það er litið í sambandi við allar þær umr., sem orðið hafa um þá stóriðjudrauma erlendra aðila, sem ýmsir menn hér á landi hafa verið að láta sig dreyma um nú um skeið. M. ö. o., ég lít þannig á, að þessi samningur við Sviss Aluminium sé í fyrsta lagi stefnumarkandi um það, hvort eigi að breyta til að því er varðar uppbyggingu íslenzkra atvinnuvega og hagnýtingu íslenzkra auðæfa. En hann er líka stefnumarkandi um það, á hvaða grundvelli samið kann að verða eða samið verður um hliðstæð atriði í framtíðinni.

Það hefur verið mikið gert af því að gylla það fyrir mönnum í sambandi við þennan samning, að ýmsar aðrar þjóðir hafi að meira eða minna leyti farið inn á þá braut að hleypa erlendu fjármagni inn í atvinnulíf

sitt, og alveg sérstaklega hefur fordæmi Norðmanna verið hampað í því sambandi. Ég taldi mig gera þessu atriði nokkur skil í ræðu minni hér við 1. umr. og skal ekki fjölyrða mjög mikið um það, en vil þó ekki láta hjá líða að minna á það enn þá einu sinni, að við höfum mjög verulega og mikla sérstöðu, þar sem við erum aðeins 190 þús. manna þjóð og getum því í rauninni ekki borið okkur saman við neina nálæga þjóð að því er snertir fólksfjölda eða afl atvinnuvega okkar eða annað, sem máli skiptir í sambandi við slík mál sem þessi. Hitt er svo sjálfsagt að hafa í huga, hver reynslan hefur verið af þeirri leið, sem farin hefur verið fram að þessu, að við byggðum upp atvinnuvegi okkar sjálfir án þess að veita sterkum erlendum aðilum beinan íhlutunarrétt í sambandi við uppbyggingu okkar atvinnuvega.

Ég vil telja, að þrátt fyrir ýmis misstig, sem stigin hafa verið, sé reynslan sú, að við eigum eflaust að byggja á henni og halda þeirri stefnu. Það blasa hvarvetna við okkur ónýttir möguleikar, og ég vil benda á það alveg sérstaklega, að við erum í því efni betur settir heldur en mjög margar og jafnvel flestar aðrar þjóðir. Við eigum í sambandi við okkar tiltölulega stóra land, sem enn er engan veginn hálfnýtt, og í sambandi við auðæfi sjávarins og í sambandi við afl fossanna eigum við varasjóð enn um skeið, sem aðrar þjóðir margar hverjar fjölmennari og þéttbýlli eiga ekki. Og eitt af því, sem við eigum, er raforkan, og það er ástæða til þess að benda á það enn einu sinni, þó að það hafi stundum verið gert áður, að það afl fossanna okkar, sem er virkjanlegt á hagkvæmu eða viðráðanlegu verði, er engan veginn óþrjótandi. Það er ekki meira heldur en svo, að talið er, að þó að ekki komi til annað heldur en hliðstæð þróun í þessum málum, hliðstæð aukning orkunotkunar og verið hefur undanfarin ár, verði öll okkar virkjanlega raforka fullnýtt svona nokkurn veginn á því tímabili, sem sá samningur, sem hér um ræðir, tekur til eða getur tekið til. En þá er þess vitanlega að gæta, að það er mjög mismikið, sem það kostar að virkja fossana okkar, og því verður þess ekki langt að bíða, að sú raforka, sem ódýrust er, verði fullnýtt af okkur Íslendingum sjálfum. Það hafa verið leidd rök að því, að sú raforka, sem getur talizt beinlínis ódýr, verði fullnýtt eftir 20 ár eða svo, jafnvel án allrar stóriðju, án þess að ráðizt sé í það, sem venjulega er kallað stóriðja, þar sem það er staðreynd, að orkunotkun hér og víða erlendis tvöfaldast a. m. k. á hverjum áratug.

Andstaðan gegn þessu máli, þessum samningum, sem hér liggja fyrir, við Swiss Aluminium, það má segja, að hún byggist á tvennu. Ýmsir eru andvígir því að meginstefnu, að hér verði gerð stórfelld breyting á þann veg, að erlendum auðfélögum sé hleypt í áhrifaaðstöðu í íslenzku efnahags- og atvinnulífi, og telja, að hér sé aðeins um fyrsta sporið að ræða í þá átt. Þeir eru því andvígir af prinsipástæðum, að farið sé út á þá braut með slíkum hætti, sem hér er til stofnað. En það eru einnig margir menn í þessu landi andvígir þessum sérstaka samningi, sem hér liggur fyrir, ekki af prinsipástæðum, ekki vegna þess að þeir geti ekki út af fyrir sig hugsað sér það og talið það undir vissum kringumstæðum eðlilegt og jafnvel æskilegt, að erlent fjármagn sé hagnýtt á einhvern þann hátt, að erlendir aðilar fái að byggja hér verksmiðjur. Þeir telja sem sagt, að stóriðja í eigu erlendra manna og raforkusala til þeirra frá íslenzkum raforkuverum geti átt rétt á sér undir ákveðnum kringumstæðum og að uppfylltum vissum skilyrðum, þ.e.a.s. svo framarlega sem viðhlítandi samningar næst um þau efni. Og það eru vafalaust mjög margir menn í landinu andvígir þessum samningi af þeim ástæðum, að þeir telja, að hvorugt sé fyrir hendi, nú sé óheppilegur tími vægast sagt, til þess að efna til slíkrar stórfelldrar fjárfestingar, þegar þannig er ástatt í okkar atvinnulífi, að víðast hvar og þó alveg sérstaklega hér á Suðurlandi er skortur á fólki til flestra eða allra starfa. Það er vinnuaflsskortur á þessu svæði og raunar mjög víða um land, og hér ríkir mikil og vaxandi verðbólga. Öðru máli mundi gegna, telja þessir menn — og þeir eru sjálfsagt margir — og vissulega gegnir öðru máli, ef hér væru erfiðir tímar, þ.e.a.s. atvinnuleysi og samdráttur í atvinnulífi.

Ég skal til þess að stytta mál mitt reyna að taka saman nokkur þau atriði, sem ég tel, að hljóti að ráða úrslitum um það frá sjónarmiði allra þeirra, sem hafa þessa skoðun, að undir vissum kringumstæðum kunni að vera hugsanlegt að efna hér til stóriðjuframkvæmda útlendinga, en þau skilyrði séu ekki fyrir hendi nú. Ég skal taka það saman í stuttu máli, hvaða atriði það eru, sem valda því, að þeir hljóta að vera og eru andvígir þessu máli.

Það er í fyrsta lagi, eins og ég áðan sagði, að tímarnir eru ekki þannig, verðbólgutímar eru ekki þannig, að slíkt sé æskilegt.

Það er í öðru lagi, að menn gagnrýna eðlilega staðsetningu slíkrar verksmiðju og benda þar á það, að með mjög öðrum hætti hafi Norðmenn farið að í þessum efnum, þar sem þeir staðsetja til að mynda hina nýjustu verksmiðju, Husnesverksmiðjuna, að heita má í fámenninu og til þess að efla byggðajafnvægið hjá sér.

Þá hafa menn bent á það og lagt á það áherzlu, algerlega réttilega, að slík stórframkvæmd sem þessi jafnhliða raforkuframkvæmdum og öðrum stórframkvæmdum opinberum hljóti að hafa uggvænleg áhrif á uppbyggingu íslenzkra atvinnuvega, sem suma hverja a.m.k. skortir mjög mannafla og eru að berjast við dýrtíðina, sem allt ætlar að kæfa.

Í fjórða lagi hefur hvað eftir annað verið á það bent, að þessi samningur gerir ráð fyrir því, að hinir erlendu aðilar, sem hér eiga að koma inn í atvinnulífið, eigi að njóta margvíslegra fríðinda umfram innlendan atvinnurekstur. Hér eigi að vera um það að ræða, eins og margoft hefur verið bent á, að það eru veittar undanþágur á undanþágur ofan frá íslenzkum lögum, frá þeim lögum og reglum, sem innlendur atvinnurekstur verður við að búa.

Í fimmta lagi hefur það verið sannað, að raforkuverð samkv. þessum samningi er lægra heldur en annars staðar þekkist, a.m.k. á Vesturlöndum, og það verð er nær óbreytanlegt í 25 ár, hvað sem gerist í raforkumálum okkar Íslendinga, hver sem kostnaður verður við rafvirkjanir okkar eftir 10—15—20 ár.

Í sjötta lagi hafa verið færð að því fullgild rök, að

um sé að ræða í þessum samningi, þar sem eru gerðardómsákvæði hans, afsal á vissum þætti lögsögu og því fylgi í rauninni a.m.k. óbein viðurkenning þess, að ekki sé litið á Ísland sem fullkomið réttarríki.

Ég fullyrði, að andstaða þeirra manna, sem venjulega eru nefndir og eru stjórnarandstæðingar, þ.e.a.s. þm. stjórnarandstöðunnar og ákveðinna fylgismanna þeirra, að andstaða manna við þessa samningagerð í því formi, sem hún er, er mikil. Þessi andstaða nær langt inn í raðir stjórnarflokkanna. Ég ætla ekki að rekja öll þau mótmæli, sem borizt hafa utan af landsbyggðinni, mótmæli gegn þessum samningum. Ég geri ráð fyrir, að hv. alþm. hafi kynnzt þeim nokkuð. Ég skal láta nægja að benda á það, að ýmsir af forustumönnum stærstu landssambanda hafa mótmælt þessum samningum ýmist einróma eða mikill meiri hl. gegn litlum minni hl. Ég minni á hin eindregnu mótmæli stjórnar A.S.Í., en A.S.Í. er, eins og allir vita, fjölmennustu og á marga lund einhver áhrifamestu heildarsamtök í landinu. Og undir þau mótmæli hafa, að því er verkalýðshreyfinguna snertir, tekið fjöldamörg sérsambönd og stór og smá verkamannafélög. Ég minni á mótmæli Búnaðarþings. Ég minni á það, að margir útgerðarmenn hafa mótmælt þessari samningagerð og varað við afleiðingum hennar. Ég minni á það, að í einu af hinum stærstu kjördæmum landsins, í Norðurl. e., hefur farið fram eins konar skoðanakönnun ef svo mætti segja, að því er snertir þetta mál. Og þar hafa nær 500 menn í ýmsum trúnaðarstöðum á sviði félagsmála og stjórnmála mótmælt harðlega þessari samningagerð, og það mun vera á milli 80 og 90% þeirra manna, sem þar gat verið um að ræða og til var leitað. Af þessu og mörgu öðru, sem alkunnugt er, er það ljóst, að meðal íslenzkra kjósenda er mikil og víðtæk andstaða gegn þessu máli, í því formi a.m.k., sem það liggur fyrir samkv. hinum gerða samningi, og þessi andstaða nær langt inn í raðir stjórnarflokkanna. Þegar þannig er ástatt að því er varðar mál, sem er stefnumarkandi, að því er varðar mál, sem markar nýja stefnu í atvinnumálum þjóðarinnar, tel ég, að naumur þingmeirihluti, sem ekki hafði tök á því að leggja þetta mál fyrir í því ljósi, sem það er í nú, þegar kosið var við síðustu alþingiskosningar, og hefur því í sjálfu sér ekki umboð til þess að gera slíkan samning sem þennan, ég tel, að hann hafi ekki siðferðilegan rétt til þess að knýja fram á Alþ. úrslit í slíku örlagamáli. Ég tel, að Alþ. beri að fella þetta frv.

En fari nú svo, að hv. stjórnarsinnar fylgi sinni ríkisstj. fast í því að samþ. frv. með öllum þess göllum, þá tel ég, að það sé lágmarkslýðræðiskrafa í sambandi við slíkt mál sem þetta, að það verði borið undir dóm þjóðarinnar, að það verði lagt undir þjóðaratkvgr. Þjóðin á að segja til um það, hvort hún vill hér breyta til, breyta um stefnu, og hvort hún vill gera það á þann hátt, sem segir um í þessum samningi. Geri þjóðin það, samþykki hún slíkt frv. eða gjaldi því jákvæði að meiri hluta, þá er vitanlega ekkert við því að segja. Þjóðin er hæstiréttur í slíkum efnum eða á að vera það í stórmálum, örlagamálum.

Á það vil ég benda, að það er óvenjulega auðvelt að verða við þessari eðlilegu og sjálfsögðu varakröfu, sem ég tel þetta vera. Nú eru borgarstjórnar- og sveitarstjórnarkosningar á næstu grösum, borgar- og bæjarstjórnarkosningar fara fram núna í næsta mánuði og sveitarstjórnarkosningar svo sem mánuði síðar. Það mundi í rauninni ekki fresta neinu, það mundi í sjálfu sér ekki slá neinu á frest í sambandi við þetta mál, þó að það væri við bæjarstjórnar- og sveitarstjórnarkosningarnar í vor borið undir þjóðina. Við ætlum að virkja við Búrfell hvort eð er, hvort sem þessi samningur við Swiss Aluminium verður gerður eða ekki, og undirbúningsframkvæmdir þar þurfa því ekki að tefjast af þeirri ástæðu, að málinu sé skotið undir þjóðardóm. Aðrar framkvæmdir, að því er varðar til að mynda höfnina við Straumsvík eða framkvæmdir hins svonefnda Íslenzka álfélags, munu ekki eiga að hefjast fyrr en eitthvað síðar, a.m.k. virðist ekki þörf á því, að þær hefjist næstu einn til tvo mánuðina, þannig að ég sé ekki, að það þurfi að breyta neinu frá sjónarmiði þeirra, sem vilja koma þessu máli í höfn, þó að þeir skjóti því undir þjóðardóm. Það er þá ekkert annað heldur en ótti þeirra við dóm þjóðarinnar, sem gæti komið í veg fyrir það og kann að koma í veg fyrir það, að málinu verði skotið undir þann dómstól.

Eins og ég sagði áðan, þá er þetta mál, sem hér um ræðir, á ýmsan hátt ólíkt því, sem er um þau frv., sem við erum að fjalla um daglega. Hér er ekki hægt að breyta einum stafkrók. Með því að lögfesta þennan samning, með því að gera þetta frv. að l., þá er ekki verið að setja nein venjuleg l. Hér eru vitanlega oft sett lög, sem þm. hafa mismunandi skoðanir á að því er varðar einstakar greinar, og þeir leitast við að breyta þeim undir meðferð mála, og jafnvel hefur það oft komið fyrir og hlýtur að koma fyrir, að menn fylgi máli, þó að þeir sjái, að á því kunni nú að vera ýmsir gallar og ekki sízt að þeir gallar muni sennilega koma í ljós, þegar reynslan fer að dæma í málinu. En þá vita þm., að þetta er í fæstum tilfellum svo sérlega háskalegt, því að slíkum lögum er hægt að breyta. Það er hægt að breyta þeim á næsta þingi eða næstu þingum, ef ástæða þykir til og ef svo vill verkast og þörf gerist. Þetta má segja, að sé meginregla um venjuleg frv., að menn geta sætt sig við eitt og annað, vegna þess að þeir vita, að það er hægt og oft gert að breyta lögum, ef í ljós kemur, að það sem leitt var í lög, jafnvel fyrir skömmu, sé á einhvern hátt óheppilegt eða jafnvel skaðlegt.

En hér er engu slíku til að dreifa. Um þetta mál gilda í rauninni allt aðrar reglur. Hér er um það að ræða að staðfesta samning, sem á að gilda áratugum saman, fram á næstu öld, hvað sem í skerst og hversu fegnir sem við eða eftirkomendur okkar vildu gera þar á breytingar eða losna við samninginn, þegar reynsla væri komin á það, hvernig þetta fyrirtæki gæfist. Og af þessari ástæðu ekki sízt þá lít ég þannig á, að það megi ekki minna vera, ef fullnægja á hinu fyllsta lýðræði, heldur en að þjóðin sjálf fái að dæma um þennan samning í þjóðaratkvgr. Ég lít svo á, að þetta sé lágmarkskrafa. Ég vil reyna á það, til þrautar, hvort það sé svo, að hér í þessari hv. d. endurtaki sig sama sagan eins og gerðist í Nd., að búið sé að handjárna svo rækilega alla hv. stjórnarþm., að þeir

geti ekki eða megi ekki ljá því fylgi, að þessari algerlega fyllstu lýðræðislegu aðferð sé beitt, að láta þjóðina segja sitt álit.

Ég vil svo að lokum segja þetta: Ég vara hæstv. ríkisstj. og hv. stjórnarlið við því að knýja þetta mál fram nú í krafti örlítils þingmeirihluta síns. Það er ekki til of mikils mælzt, að þjóðinni sé leyft að segja sitt álit um slíkan samning sem þennan, og þá væri vitanlega einsætt að hlíta þeim dómi, hvernig sem hann yrði.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Það er í raun og veru sáralítið, sem ég þarf að segja í sambandi við ræður stjórnarandstæðinga við þessa umr. Það er ekki vegna þess, að það sé ekki sitthvað, sem mér finnst, að hallist í málflutningi þeirra, en það er eins og ég hafi heyrt sumt af þessu áður, ef ekki flest, og einnig heyrt því svarað, bæði af mér og öðrum, og ég tel, eins og nú er komið, að það skipti þá litlu máli að vera að endurtaka mikið af því sí og æ.

Í lok 1. umr. þessa máls lét ég þess getið, að ég mundi geyma til þessarar umr. að svara sérstaklega ýmsum ásökunum, sem bornar höfðu verið fram í minn garð, og það verður nú fyrst og fremst, held ég, til þess að endurgjalda kurteisina frá þeirri umr., sem ég að þessu sinni hef kvatt mér hljóðs og má ekki minna vera, sérstaklega frá hv. 3. þm. Norðurl. v. og 6. þm. Sunnl. reyndar líka.

Hv. 3. þm. Norðurl.v. tók sér fyrir hendur að reyna að sýna fram á, að það, sem ég hefði áður sagt um afskipti hans af þessu máli, sérstaklega í sambandi við gerðardóminn, væri rangt, ekki aðeins það, heldur ósatt, þ.e.a.s. vísvitandi rangt. Við skulum rifja svolítið upp það, sem ég hef sagt um málið, í fyrsta lagi, að prófessor Ólafi Jóhannessyni hafi verið sýnd frumdrög samningsuppkasts frá Íslendingum. Það er viðurkennt, að það sé rétt. Í öðru lagi, að prófessor Ólafur Jóhannesson hafi þá ekki gert neinar aths. um ráðagerðir og hugmyndir um alþjóðlegan gerðardóm, eins og ég orðaði það, bæði í Nd. og framsöguræðu minni hér, og á því var enginn munur. Það er líka viðurkennt, að þetta sé rétt. Það var alveg óþarfi að gera því skóna af báðum þessum hv. þm., að ég hefði um þetta haft eitthvert annað orðalag hér við fyrri umr. heldur en ég hafði í Nd. og það hafi eitthvað verið farið að draga af mér eða eitthvað á þá leið, sem þeir sögðu, því að efnislega voru það alveg nákvæmlega sömu ummælin, sem ég hafði hér um þessi viðhorf eða afstöðu þm. almennt til þessara gerðardómsákvæða, en í Nd. sagði ég á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Upphaflega uppkastið, fyrsta samningsuppkastið eða frumdrögin frá Íslendingum gerðu ráð fyrir gerðardómi."

Og það er meira en ár liðið síðan þau voru sýnd prófessor Ólafi Jóhannessyni sem fræðimanni á þessu sviði, og hann hafði ekkert við þessar hugmyndir að athuga á því stigi málsins og ekki síðar, sem ég skal koma betur að. Þessi frumdrög voru, eins og ég segi, fyrst og fremst ráðagerðir og hugmyndir, eins og ég hef alltaf greint frá. Ég hef aldrei sagt, að hann eða aðrir þm. stjórnarandstöðunnar beri neina ábyrgð á þessum eða öðrum ákvæðum samningsins. En ég hef furðað mig á og ekki skilið, þegar litið er til allra stóryrðanna og gífuryrðanna nú, af hverju stjórnarandstæðingar skyldu ekki taka sig á fyrr. Í fjórða lagi hef ég aldrei vitnað í neina álitsgerð Ólafs Jóhannessonar, en ég hef spurt, af hverju hann hafi ekki séð ástæðu til þess í öndverðu og síðar undir meðferð málsins að aðvara gegn því, að ráðgert skyldi að semja um gerðardóm af hálfu ríkisins við einkaaðila, úr því að hann telur slíkt nú svo fráleitt og vansæmandi og niðurlægjandi. Þetta eru allt orð, sem hann hefur notað sjálfur. Það er að vísu rétt, að þessi hv. þm. sagði, að hann hefði aldrei sagt, að þetta væri stjórnarskrárbrot eða fullveldisskerðing, þó að aðrir þm. hafi sagt, að það væri bæði fullveldisskerðing og stjórnarskrárbrot, afsal landsréttinda o.s.frv., o.s.frv. Hver er þá hans afsökun? Hún er þessi: Það, sem mér var sýnt, er allt annað en það, sem nú er um samið. Og það var meginuppistaðan í því, að ég hefði verið að gera því skóna, að hann hefði ekki haft neitt að athuga við hlut eða uppkast, sem væri allt annað en nú lægi fyrir.

Hvað var svo þessum hv. þm. sýnt í öndverðu? Hann gerði í sinni ræðu grein fyrir því og komst að þessari niðurstöðu og sagði sem svo: „En af því, sem ég hef lesið," og þá var hann að gera grein fyrir því, sem honum hafði verið sýnt, „er alveg ljóst, að í fyrsta samningsuppkastinu, sem Íslendingar lögðu fram, uppkastinu, sem mér var sýnt, voru engin, alls engin slík gerðardómsákvæði, sem í samningi þeim eru, sem nú á að lögfesta." Og nú skulum við athuga þetta. Hann las hér að lútandi grein í þýðingu sinni, í upphaflega uppkastinu. Og hvað stendur í því, sem þm. las sjálfur? Jú, hann las, að í 1. mgr. 22. gr., ef ég man rétt, stæði, að vísa skyldi deilu, ef sættir ekki tækjust, til íslenzkra dómstóla, nema hún færi til gerðar eftir 3. mgr. þessarar sömu gr. — nema hún færi til gerðar. Það var einmitt það. En hvaða gerð gat þetta verið? Og nú skulum við lesa þýðingu þessa hv. þm. sjálfs á 3. mgr.:

„Verði uppkast Alþjóðabankans að alþjóðasamningi um lausn fjárfestingardeilna fullgilt af nægilega mörgum ríkjum og af Alþ. og af réttum svissneskum stjórnvöldum, er ríkisstj. reiðubúin að ræða þann möguleika við Alusuisse að nota þá aðferð til sátta og gerðar, sem þar er gert ráð fyrir, enda sé um meiri háttar deilumál að ræða."

Stendur ekki þarna í fyrstu frumdrögum, að ríkisstj. sé reiðubúin að ræða þann möguleika að skjóta málinu í alþjóðlega gerð? Menn vissu ekki á þessu stigi málsins, hvernig ákvæðið um hana mundi verða. En alla vega átti það að vera erlendur gerðardómstóll, sem fjallaði um deilu ríkis og einkaaðila. Og furðar menn á því, þó að ég spyrji: Hefði þetta ekki átt að vera prófessornum viðvörunarefni, eins og hann talar nú um, hvílík ósköp það séu að semja um gerð af hálfu ríkis í máli eins og þessu, eins og hér er gert við einkaaðila, um leið og hann lætur þess getið, að í sjálfu sér væri ekkert við það að athuga, ef sá samningur væri við annað ríki? Hér við bætist, að þýðing Ólafs Jóhannessonar á þessari mgr. er ekki nákvæm, og hann óskaði eftir leiðréttingu, ef mér

fyndist svo. Enski textinn er svo, með leyfi hæstv. forseta:

„The Government is prepared to consider with Alusuisse the possibility of taking advantage of course to a tribunal for arbitration."

Hv. þm. talar um að nota „þá aðferð" fyrir „taking advantage of", en „taking advantage of" mætti fremur þýða: hagnýta sér eða nota sér hagræði af. „Advantage" er svo skýrt í The Concise Oxford Dictionary: „better position", betri aðstaða, m.ö.o. hann leitar sér betri aðstöðu, betri aðstöðu þá en hvað? Það er skýrt sem „superiority", eitthvað, sem er fremra öðru, það er skýrt sem „favourable circumstance". Það er hagkvæm eða ákjósanleg aðstaða.

Mér sýnist alveg ótvírætt með hliðsjón af þessu, að miðað við núverandi mat eða viðhorf þessa hv. þm. á því, að ríkið leggi deilu við einkaaðila í alþjóðlega gerð eða hvað sem menn vilja kalla það, megi það undrum sæta, að prófessor við Háskóla Íslands, sem telur slíkt sambærilegt við það að vera mútað til að skríða á fjórum fótum á Lækjartorgi eða eitthvað því um líkt í augsýn samborgaranna, skuli enga hvöt hafa fundið hjá sér til þess að vara, við skulum segja dómsmrh. landsins, við að leggja út í slíkt niðurlægjandi ævintýri fyrir þjóðina, og jafnvel ekki heldur, eftir að þingflokki, sem hann á sæti í, er gefinn kostur á að taka þátt í undirbúningi málsins fyrir Alþ. Ég verð því að leiðrétta dómsniðurstöðu þessa hv. þm. sjálfs af hans eigin málflutningi í öllum meginatriðum. Hann segir sjálfur: „Með þessu hef ég algerlega sannað, að það er ekki fótur fyrir dylgjum dómsmrh." Þetta eru hans orð. En dylgjurnar áttu að vera þær, að ég hefði sagt, að honum hefðu verið sýndar ráðagerðar og hugmyndir um samningsákvæði um alþjóðlegan gerðardóm, eins og nú væri nánar samið um. Hv. þm. hefur hvorki sannað né afsannað neitt, heldur staðfest mínar frásagnir.

Hann segir enn fremur í ræðu sinni, með leyfi hæstv. forseta: „Það er þannig alveg upplýst mál, að hæstv. dómsmrh. hefur farið með rangt mál hér á hv. Alþ. Ég ætla ekki að una dómi þessa hv. þm. eins, en leyfi mér öruggur að leggja það undir dóm annarra þm., hvort þetta fái staðizt miðað við það, sem nú er upplýst í þessu máli.

Og loks segir þessi hv. þm.: „Þess vegna fór hann, þ.e. dómsmrh., með vísvitandi rangt mál, þegar hann var með þessar dylgjur um mig." Frásögnina um þennan dóm þm. birti Tíminn í fimm dálka forsíðufyrirsögn í tveimur línum, nokkru seinna 5 dálka fyrirsögn inni í blaði um það sama sem fyrirsögn við ræðu hv. 6. þm. Sunnl. Þetta var textinn: „Vísvitandi ósannindi dómsmrh." Þessum stóryrðum og staðlausu stöfum vísa ég heim til föðurhúsanna og skal ekki hafa um það fleiri orð.

En svo er eftir annar þáttur þessa máls um gerðardóminn og niðurlægingu okkar af honum og hvernig meðferð málsins hafi verið, og það var nokkuð rakið sérstaklega af hv. 6. þm. Sunnl.

Á síðari stigum málsins og a.m.k. hálfu ári og meira áður en samningurinn var undirskrifaður lágu gerðardómsákvæðin allskýrt fyrir og mjög skýrt fyrir, eftir að komið var fram í okt. 1965. Ég hef sagt um gerðardómsákvæði þessa samnings áður: Ég út af fyrir mig hef ekkert við það að athuga, þó að menn hafi þá skoðun, að ástæðulaust sé að semja um slíkan gerðardóm og þó að menn teldu hann óþarfan, og fyrir því eru færð sterk rök einmitt af samningamönnum ríkisstj. og í samráði við mig í málsskjölum, sem farið hafa á milli Íslendinga og Svisslendinganna. Þetta hef ég ekki haft við að athuga, en ég hef, eins og ég sagði áðan, furðað mig á hinu, að menn telji hér nú um eitthvert glapræði að ræða. Það hefur alltaf í okkar málflutningi verið talið, að það væri ástæðulaust, og við höfum einmitt sjálfir lagt áherzlu á vammleysi íslenzkra dómstóla, eins og ég vitnaði til í fyrri ræðu minni, og þess vegna væri ástæðulaust nema sérstaklega stæði á að hverfa til slíks fyrirkomulags á lausn deilumála, sem í slíkum gerðardómi felst.

Það hefur, eins og ég sagði, aldrei komið nein till. um að fella þetta ákvæði úr samningunum undir meðferð málsins. Það hafa aðeins komið fram aths. í þmn. og á þessum forsendum, eins og ég hef sagt. Menn hafa talið, að það þyrfti ekki á þessu að halda, og það er algerlega rangt, og það er enginn fótur fyrir því, að það sé fyrirvari um það í fundargerð 14. fundar 15. júlí 1965 í bókun Helga Bergs og Ingvars Gíslasonar, sem hv. 6. þm. Sunnl. vitnaði til, þar sem segir: Þeir leggja fram bókun í nokkrum liðum og annar liður segir, að verksmiðjufyrirtækið lúti í einu og öllu íslenzkum lögum. Ég minnist aldrei í sambandi við þennan lið, að hvorki Helgi Bergs né Ingvar Gíslason hafi talað um í þessu sambandi, að það ætti að fella niður gerðardómsákvæðin, og þeir í þmn. og samningan., sem ég hef borið þetta undir, minnast þess heldur ekki, og það er heldur enginn stafur fyrir nokkru um það í bókunum í fundargerðum þmn. Þetta er seinni tíma tilbúningur, að ætla að finna það út, og þetta sagði ég í Nd. og endurtek hér, að í þessu eigi að felast það, að það megi ekki fela erlendum gerðardómi úrlausn mála, að verksmiðjufyrirtækið lúti í einu og öllu íslenzkum lögum. Það getur svo hæglega lotið íslenzkum lögum, verksmiðjufyrirtækið, þó að samið sé um það á milli ríkisstj. og ábyrgðaraðilans, eigandans, sem er erlendur aðili, að deilumál út af rekstri verksmiðjufyrirtækisins, milli þeirra, Alusuisse og ríkisstj. skuli rekið fyrir alþjóðlegum gerðardómi eða sérstökum gerðardómi. Nei, ég endurtek það, að þetta var aldrei túlkað svo í þmn., að í því fælist útilokun á vísun málsins til gerðardóms, sem um skýringu, túlkun og framkvæmd gildi og áhrif samnings á að fara að íslenzkum l. samkv. samningnum, enda fær það almennt ekki staðizt eðli málsins samkv. Það er líka, eins og ég sagði, fyrst og fremst eigandi og ábyrgðaraðili verksmiðjufyrirtækisins, Alusuisse, sem sótt yrði til saka fyrir hinum alþjóðlega gerðardómi, en ekki verksmiðjufyrirtækið. Það er annars vegar ríkisstj. og hins vegar Alusuisse samkvæmt samningum, en ekki verksmiðjufyrirtækið, eins og segir í bókuninni, sem fara mundi með sakarefnið í öllum málum, sem til gerðardóms yrðu lögð samkv. 47. gr. Hins vegar mundu aðrir aðilar að samningnum, sem deiluna varða, geta átt meðalgöngu að gerðinni, og er þetta ítarlega skýrt í grg. málsins.

Hv. 6. þm. Sunnl. vék að þessu í ræðu sinni við 1. umr. og sagði um þetta annað atriði: Ég vek athygli á 2. tölulið þessarar bókunar, þar sem stendur, að verksmiðjufyrirtækið, þ.e.a.s. það innlenda fyrirtæki, sem rekur verksmiðjuna, verksmiðjufyrirtækið lúti í einu og öllu íslenzkum lögum, eins og hv. 3. þm. Norðurl. v. gerði svo glögglega grein fyrir í dag, hlýtur auðvitað í þessu að vera fólgið eitthvað það, að þeir lúti íslenzkri lögsögu. **(Gripið fram í:** Einnig það.) Á það að vera einnig það? Þetta er óyfirlesið, svo að það leiðréttist þá hér með.

En þá er að skýra þá staðhæfingu, sem hann segir, að haldið hafi verið fram af hv. 3. þm. Norðurl. v. líka, að það hljóti að felast í þessu, að það lúti íslenzkri lögsögu. Það var viðurkennt af þessum hv. þm., að það gæti undir vissum kringumstæðum verið eðlilegt, ef Alþjóðabankasamþykktin væri staðfest hér af þinginu, að skjóta deilumálum við fyrirtækið til gerðardóms samkv. þeirri samþykkt. Það lýtur auðvitað íslenzkum lögum, en það er í þessum skilningi ekki lútandi íslenzkri lögsögu. Í þeim skilningi mundu íslenzkir dómstólar ekki dæma það mál, þó að það léki enginn vafi á því og væri ekki í dag í augum þessa hv. þm. neinn vafi á því, að fyrirtækið lyti íslenzkum lögum.

Hv. 3. þm. Norðurl. v. sagðist nú hafa komið með aðvörun og hann hefði sannarlega aðvarað ríkisstj. og hann hefði gert það í vantraustsumr. Voru þær ekki þremur dögum áður en undirskriftir áttu sér stað, ef ég man rétt? En hvernig voru vantraustsumr. nokkrum dögum áður, ég held þremur dögum, — hvernig voru vantraustsumr. til komnar? Eigum við ekki að rifja það svolítið upp? Þær voru þannig til komnar, að ríkisstj. hafði ákveðið að leggja samningana í þessu máli, álbræðslumálinu, fyrir þingið, og það var vitað, hvaða dag það mundi verða, og óskaði ég þess þá við forseta þingsins, að 1. umr. um það mál færi fram í alþjóðaráheyrn í ríkisútvarpinu. Tilkvaddir voru samkvæmt þingsköpum til að ræða um þetta formenn þingflokkanna, og það leizt þeim nú ekki alveg á að það ætti að fara að ræða málið við 1. umr. í ríkisútvarpinu. Þeir sögðu sem svo: Það takmarkar of mikið tímann, og þó er á það að líta, að þá væru eftir tvær umr. í Nd. og þrjár í Ed. eftir 1. umr. um mál eins og þetta. Og það var þá, sem þeim hugkvæmdist að bera fram vantrauststill. og leggja hana fram áður, og það höfðu þeir í hendi sér, og það var, veit ég, rætt á milli formanna flokkanna. Það höfðu þeir að vísu í hendi sér að fara þá leið, og þá gætu þeir auðvitað fengið útvarpsumr. um þá vantrauststill., hún væri borin fram á undan álfrv. Það var þess vegna af þessari einskæru og sérstöku tilviljun, sem þessar aðvaranir frá hv. 3. þm. Norðurl. v. komu loksins fram. En þá, eins og ég segi, var honum búið að vera kunnugt um gerðardómsákvæðin frá því í októbermánuði a. m. k. Eftir að þing kom saman, var mér kunnugt um, að þm. í þmn. gerðu þingflokkum stjórnarandstöðunnar grein fyrir málinu, eins og það þá stóð, og eftir fundinn hér í okt., þegar Svisslendingarnir voru hér, lá þetta mál verulega ljóst fyrir og síðar í samningsuppkasti, sem dags. er 11. nóv. og þnm. fengu sent strax og það hafði borizt hingað. Þá er í öllum meginatriðum form og ákvarðanir um gerðardóminn, eins og það liggur fyrir núna, en þó með nokkrum breytingum til bóta.

Ég skal þá víkja svolítið að þeim breytingum, sem gerðardómsákvæðin hafa tekið í meðferðinni frá þessu fyrsta frv.-uppkasti.

Ég hef getið þess áður, að Svisslendingarnir sendu svar við þessu uppkasti, sem dags. var í jan. 1964. Ég man nú ekki og veit ekki, hvenær þeim var sent það, en svar við þessu, þessum frumdrögum, kom í uppkaststill. Svisslendinga í maímánuði 1965, eins og ég hef hér áður gert grein fyrir. Og ég vil leiðrétta þann misskilning, sem fram kom hjá hv. 3. þm. Norðurl. v., að ég hefði sagt, að ákvæðin um gerðardóminn hefðu stöðugt batnað okkur í vil frá fyrstu frumdrögunum. Það átti ég ekki við. Þetta þarf ekki að vera, og er sjálfsagt ekki hans sök. Ég hef sennilega, fyrst hann hefur skilið það svo, tekið óskýrt til orða um það, en ummæli mín áttu að miðast við tímann frá því að þessi drög frá Svisslendingunum, svörin frá þeim, komu í okkar hendur, því að þau voru í allt öðrum dúr heldur en við höfðum lagt til og ákvæðin eru nú í dag. Þar var gert ráð fyrir gerðardómi, sem átti að úrskurða eftir grundvallarreglum íslenzkra og svissneskra laga, að svo miklu leyti sem þau væru sameiginleg, og ella eftir alþjóðarétti og ákvæðin að öðru leyti verulega miklu óljósari heldur en þau nú eru orðuð. Og það var þess vegna, að þessi atriði voru alveg sérstaklega áréttuð, eftir að þetta uppkast var rætt í þmn., og því gerði ég grein fyrir hér við 1. umr. málsins, þarf því miður að endurtaka nokkuð af því.

Ég skal nú reyna að fara fljótt yfir sögu, en þar var lagt fyrir þmn., eins og hv. 6. þm. Sunnl. gerði grein fyrir, uppkast að svari, sem dags. var 11. ágúst, rétt þar á eftir, í þmn. Þeir höfðu fengið þessi uppköst til athugunar, og þar var m.a. fjallað um þáttinn um grundvallarlög og deilumál og með eftirfarandi hætti, með leyfi hæstv. forseta:

„Í ákvæðum samningsins um ofangreind efni ætti í fyrsta lagi að koma fram eðlilegur greinarmunur milli efnislegs réttar og réttarfars og talað um, að svo virðist, að það hafi ekki tekizt í drögunum, þótt skilið sé þar á milli innihalds. En í þessu fólst fyrst og fremst, að það þyrfti að okkar dómi að ákvarða nánar, eftir hvaða lögum gerðardómurinn ætti að dæma, og það væri allt of óljóst, ef það ætti að vera eftir grundvallarreglum íslenzkra laga og svissneskra laga, að svo miklu leyti sem þau væru samhljóða, og annað kæmi ekki að okkar dómi til mála í þessu sambandi — og á það lögðum við mikla áherzlu — en það væru íslenzk lög, sem hér ætti að dæma eftir, að það væri fyrir fram ákvarðað um efnislega réttinn, hvað sem síðar kynni að verða formað um réttarfarsreglurnar, sem fylgja bæri í sambandi við gerðardómsmeðferðina og nú og síðar hefur verið byggt á, að fari eftir Alþjóðabankasamþykktinni um það efni."

En um þetta sagði í því plaggi, sem lagt var fyrir þmn.:

„Í öðru lagi er talið, að því er varðar hinn efnislega rétt, sem leggja á til lagagrundvallar með samkomulagi aðilanna, að samninginn og fylgiskjölin eigi að túlka og framkvæma í samræmi við íslenzk lög. Það

var þetta, sem er átt við í byrjuninni og verður að leggja áherzlu á. Og geta þá viðeigandi reglur þjóðaréttarins átt við með venjulegum hætti.“

Svo hélt þetta áfram:

„Það er skoðun fulltrúa ríkisstj., að þróun íslenzks réttar og réttarstofnana réttlæti fyllilega þá staðhæfingu, að Alusuisse ætti að taka það með í reikninginn sem hverja aðra viðskiptalega áhættu af fyrirtækinu,að hagsmunir þessarar verksmiðju yrðu látnir lúta handleiðslu þeirra,“ þ.e. íslenzkra dómstóla.

Hv. 6. þm. Sunnl. gat þess, að hann hefði gert aths. um þetta, og þess hefði verið getið, að ég hafi gert það einnig. Þessu ákvæði var breytt. Þetta fór aldrei svona til Svisslendinga. Það fór í plagg, sem dags. er 27. ágúst, og þar er þetta form þannig:

„Það er skoðun fulltrúa ríkisstj., að þróun íslenzks réttar og réttarstofnana réttlæti fyllilega, að viðurkennt sé, að í þessu felist engin sérstök áhætta fyrir hagsmuni Alusuisse.“

Hér er átt við það, að það beri að túlka og framkvæma samninginn í samræmi við íslenzk lög. Þetta er eitt af því, sem leiðrétt var, og svo þetta meginatriði, sem fallizt er á, að lagareglur, sem beita á, eins og segir í frásögninni frá samningnum við Svisslendingana 12.—14. okt., skuli bera íslenzk lög og þær reglur úr alþjóðarétti, sem við kunna að eiga og reglur siðmenntaðra þjóða, eins og stendur í frv.

Hv. 6. þm. Sunnl. sagði, að það hefði aldrei mátt gera einn leik í þessari skák að láta bresta. Þetta er ekki rétt. Ég var búinn að segja það, áður en hann sagði þessi orð, að ég hefði sagt við forstjórana Meyer og Müller, sem ég kallaði sérstaklega til mín af samninganefndafundum, að það þýddi ekki að halda þessum samningafundum áfram nema þessu ákvæði væri breytt í það horf, að hér væri ekki um annað að ræða en að dómurinn yrði að byggja á íslenzkum lögum. Og ég sagði einnig frá því, að Meyer hefði þá sagt, aðalforstjórinn, að hann væri ekki reiðubúinn til þess að ganga inn á það og þá yrði þessu að vera lokið, og á því augnabliki var málinu lokið, en hins vegar voru þá eftir tveir fundir af þessum samningaviðræðum. Um morguninn eftir, — ég hafði svo ekki fleiri viðræður við þá, — gengu þeir inn á orðun þessa ákvæðis, eins og það nú er.

Hv. 3. þm. Norðurl. v. vildi gera lítið úr þessu og meira að segja taldi, að hans aðalstarf að vera að kenna hér íslenzk lög og útskrifa íslenzka lögfræðinga o.s.frv. yrði lítils virði, ef svo einhverjir alþjóðadómstólar ættu að dæma eftir íslenzkum lögum, sem ekkert í þeim kynnu o.s.frv., o.s.frv., ég man nú ekki, hvaða orðalag hann hafði um það. En þetta á nú bara við fleiri heldur en okkur, því að slík ákvæði eins og þessi eru einmitt í Alþjóðabankasamþykktinni, sem ég kalla svo, sem áður er kölluð SID-samþykkt, en við skiljum, hvað við eigum við með þessari Alþjóðabankasamþykkt. Þar segir í 42. gr., með leyfi hæstv. forseta:

„Dómurinn skal kveða upp úrskurð í deilu samkv. þeim lagaákvæðum, sem málsaðilar kunna að koma sér saman um.“

Það er sem sagt gert ráð fyrir því, að þeir komi sér saman um það sérstaklega áður, en ef slíkt samkomulag málsaðila er eigi fyrir hendi, skal dómurinn byggja úrskurð sinn á lagaákvæðum þeim, sem í gildi eru í aðildarríki því, sem hlut á að deilumálinu og þeim reglum alþjóðalaga, sem við eiga. Undir þetta hafa 35 ríki af 80 eða eitthvað svoleiðis, sem eru í Alþjóðabankanum, skrifað.

Hv. 3. þm. Norðurl. v. gerði mikinn greinarmun á því, hvort búið væri að undirskrifa slíkan samning eða fullgilda. Á þessu er ekki mikill greinarmunur, og það er vegna þess, að það felast í þessu yfirlýsingar 35 ríkisstj., og hann tók alveg sérstaklega svo til orða: „Hafa ríkisstj. Norðurlandanna gengið inn á þetta?“ Og það hafa þær gert með undirskrift sinni. Og það er ekki hægt að ætla ríkisstj. þessara landa, að þær séu bara að gera þetta upp á leikaraskap. Það geta að vísu atvik fallið svo, að stjórnarskipti verði og viðhorf breytist og fullgilding verði af einhverjum efnisástæðum aldrei raunhæf. En það verður að ætla, að sú ríkisstj., sem undirskrifar slíkan samning eins og þennan, felli sig við ákvæði samningsins og ætli sér að stefna að því að framkvæma samninginn eða stuðla að því, að samningurinn komi til framkvæmda. Ég held, að það sé enginn Norðurlandaprófessor farinn að segja lausu embætti sínu í kennslu laga þar og þurfi þessi hv. þm. ekki að hafa neinar áhyggjur af starfi sínu í lagakennslunni vegna hliðstæðs ákvæðis í þeim samningi, sem hér liggur fyrir.

Það kemur fram í fundargerð þm.-fundarins, 19. fundar, hinn 28. okt., að menn telja æskilegt, að hægt væri að takmarka gerðardóminn. Það kemur fram í grg., sem send var um viðhorf okkar til málsins og lögð var fyrir þmn., að af þessum röksemdum og vammleysi íslenzkra dómstóla og þróun réttar á Íslandi, sem þar var gerð grein fyrir, leiði, eins og þar segir, að ekki ætti að þurfa að leita til gerðardóms um deilur aðilanna, hvort sem hann er íslenzkur, alþjóðlegur eða annars konar, nema sú leið hafi í för með sér ótvíræða og mikilvæga kosti við lausn deilumála, svo sem verulegan sparnað á tíma og fjármunum. Við þetta er ekki aths. gerð, þvert á móti benti hv. 6. þm. Sunnl. á það, að Björn Jónsson hefði talið, að meginatriði þeirra aths., sem nm. hefðu gert við uppkast Alusuisse, kæmi fram í fyrirliggjandi grg., sem ég nú var að lesa úr.

Svo út af því, að hv. 6. þm. Sunnl. taldi, að það hefði verið ákaflega óljóst, hvað verða vildi um þessi gerðardómsákvæði. En eins og ég segi, lá þetta nokkuð skýrt fyrir í októbermánuði og um miðjan nóv. fengu þeir þetta uppkast sent, sem var dags. 11.11., og ákvæðin voru þá í meginatriðum alveg eins og þau eru nú. Það er að vísu sett inn í ákvæði síðar eftir till. frá mér og í samræmi við óskirnar, sem komu fram frá þmn., að reyna að takmarka þau mál, sem kæmu fyrir gerðardóminn, og það er viljayfirlýsingin, sem ég hef áður vitnað í, í lok 46. gr., held ég, að það sé ekki ætlun aðila að leggja nema meiri háttar mál fyrir dóminn. Það hefði kannske átt að vera sterkara og við reyndum töluvert að formúlera einhverja skilgreiningu um það, hvaða mál ættu að fara fyrir gerðardóminn. Niðurstaðan varð nú sú eftir miklar umr. um það, að það mundi sjálfsagt engum detta í hug að leggja í slíka málsmeðferð nema út af

meiri háttar málum, því að minni háttar mál væru varla þess eðlis, að ástæða væri til að viðhafa hana.

Það er fjöldinn af einstökum atriðum, sem ástæða væri hér til að fjalla um, ef við værum hér á fyrsta stigi þessa máls, en ég ætla að leiða það algerlega hjá mér. Það hefur verið talað mikið um hliðstæður eða fordæmi, hvort þau væru einhver, og þau hafi ekki verið nefnd o.s.frv. Ég hef gert grein fyrir þessu, og það held ég, að hv. þdm. sé ljóst. Það hefur verið birt í blöðum. Í Nd. voru taldar upp eitthvað 11—12 hliðstæður, sem sýndu á einn eða annan hátt gerðardómsmeðferð í málum á milli ríkja og einstaklinga og gerðardóma, sem staðsettir væru í þriðja ríki o.s.frv. Þar voru einnig leidd rök að þeirri vaxandi tilhneigingu, sem er í milliríkjaskiptum um það að koma á gerðardómsmeðferð í deilum ríkja við einkaaðila í fjárfestingarmálum, og skal ég ekki fara að endurtaka það, sem ekki er þörf.

Því hefur verið haldið fram af hálfu þessara tveggja fulltrúa Framsfl., sem ég hef nokkuð vitnað til, að það hafi í raun og veru alltaf verið augljóst um afstöðu Framsfl. í þessu máli, alla vega hafi það verið orðið mjög ljóst svona á miðju sumri, við skulum segja 1965. Framan af mundi ég nú vilja halda, að það hafi nú verið æði óljóst, og ég get ekki varizt því, að mér var alveg ljóst, hvað Framsfl. lagði mikla áherzlu á staðsetningu verksmiðjunnar, og því hef ég gert fulla grein fyrir. En þó taldi ég ekki lengi framan af, að það mundu allir þm. flokksins vera sammála um það að láta á því bresta. Auðvitað voru ýmis önnur atriði eins og í efnahagsmálunum, sem flokkurinn gerði að skilyrði, að það þyrfti að koma á annarri skipan efnahagsmála. Undir meðferð málsins í Nd. voru svo margir fyrirvarar í ræðu formanns flokksins, sem ég gerði að umtalsefni, að það mátti segja, að það var eiginlega á hvaða stundu sem var hægt að snúa við, ef svo hefði nú farið, að vantraustið hefði verið samþ. og hér hefðu orðið stjórnarskipti. Þá held ég, að það hefði verið hægt að nota eitthvað af þeim fyrirvörum til þess að söðla um. Hvernig var þetta svo í desembermánuði? Ég spurði um það í Nd., sagði, að það hefði kvisazt, að 7 af þm. flokksins hefðu setið hjá við atkvgr. í þingflokknum um það að lýsa yfir andstöðunni við samninginn, eins og formaður flokksins gerði í umr. á þinginu þá, og innti eftir því, hvort þetta væri rétt hermt. Ég fékk engin svör, hvorki til né frá. Og sumir hafa sagt, að þetta sé svona og 2 þessir hv. þm., 6. þm. Sunnl. og 3. þm. Norðurl. v., hafi verið í hópi þeirra, sem hjá sátu. Og sumir geta vitnað til annarra framsóknarmanna, sem setið hafa hér á þingi, sem beinlínis er vitað um, að hafa látið í ljósi, að þeir væru fylgjandi þessu máli. Og hvernig fór svo við atkvgr. í Nd.? Sátu þá ekki tveir menn úr þingflokknum hjá við atkvgr. um málið? Ég held, að það hafi verið æði óljóst á mörgum stigum þessa máls um afstöðu þessa ágæta flokks til þessa máls. En það er, eins og ég segi, eitt af því, sem búið er að tala mikið um, og ég mundi nú ekki efna það, sem ég sagði í upphafi, ef ég ekki léti þessum lestri lokið.

Ég tek undir það með hv. 3. þm. Norðurl. v., sem hann mælti í lok ræðu sinnar og mér þótti mjög vel mælt, að hann vænti þess og óskaði þess eða hvernig það var nú orðað efnislega, — að framkvæmd þessa samnings mætti verða til farsældar fyrir land og þjóð. Að mínum dómi er hér um að ræða merkilegt mál, sem margir hafa áður óskað og leitazt við að framkvæma. Í mínum augum stækkar landið, en minnkar ekki við stórvirkjanir og stóriðju. Þjóðarhagur eflist, atvinnugreinar aðrar vaxa, ný tækniþróun færist inn í landið og framtíðin er öruggari komandi kynslóðum.

Bjarni Guðbjörnsson: Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir til umr., um lagagildi samnings milli ríkisstj. Íslands og Swiss Aluminium um álbræðslu við Straumsvík hefur verið allmjög rætt hérna, og fer ekki hjá því, að um töluverðar endurtekningar verði sjálfsagt að ræða, þegar jafnmiklar umr. hafa farið fram, eins og raun ber vitni um. Ég vil samt ekki láta hjá líða að undirstrika nokkur atriði í sambandi við þetta þýðingarmikla mál.

Með samningi þessum er lagt inn á nýjar brautir í atvinnumálum þjóðarinnar. Það hefur verið ríkjandi skoðun og stefna hér á landi, að landsmenn ættu einir að eiga þau atvinnutæki, sem afkoma þjóðarinnar byggist á. Um þetta hefur fram að þessu enginn ágreiningur verið, a.m.k. ekki opinber ágreiningur. Þjóðin hefur staðið saman um þessa stefnu og byggt þar á þeirri staðreynd, að erlent fyrirtæki geti aldrei jafnazt á við innlent fyrirtæki fyrir þjóðarbúið og sjálfstæði þjóðarinnar, og sjálfstæði þjóðarinnar sé margvísleg hætta búin, bæði efnalega og menningarlega, ef erlendir aðilar ráði hér atvinnurekstri að nokkru ráði. Þetta er bæði gömul og ný reynsla okkar Íslendinga og óþarft að ræða það nánar.

Umr. um þetta stórmál hafa verið tvíþættar. Í fyrsta lagi hefur verið rætt um áhættuna af áhrifavaldi útlendinganna og áhrif hins erlenda fjármagns á íslenzk efnahagsmál og atvinnumál. Í annan stað hafa menn rætt um, hvort hér sé um hagkvæman eða óhagkvæman samning að ræða. Stjórnarandstæðingar hafa talið, að hér væri um óhagstæðan samning að ræða og fært að því mörg rök og að samningnum bæri tvímælalaust að hafna, hvernig sem á hann væri litið. En hvaða ástæður liggja nú til þess, að tekin er upp önnur stefna gagnvart erlendu fjármagni en sú, sem þjóðin fram að þessu hefur staðið saman um og reynzt hefur bezt á umliðnum áratugum í baráttunni fyrir óskoruðum yfirráðum yfir atvinnumálum þjóðarinnar og tryggt þjóðinni efnalegt sjálfstæði?

Sú stefna Íslendinga að byggja sjálfir upp atvinnulíf sitt og nýta sjálfir allar auðlindir landsins hefur gjörbreytt efnahagsstöðu þjóðarinnar, skapað efnalegt sjálfstæði og skapað meiri alhliða framfarir en víða með öðrum og fjölmennari þjóðum.

Því hefur verið haldið fram í umr. og tilvitnunum í sambandi við þennan samning, að undirstöðuatvinnuvegirnir gætu ekki á næstu árum veitt nægilegt svigrúm til þess vaxtar á þjóðarframleiðslunni, sem æskilegur er, þess vegna þyrfti að fara nýjar leiðir.

Íslenzkur sjávarútvegur hefur á undanförnum árum orðið að ganga í gegnum ótrúlegar eldraunir, þrátt fyrir það hefur framleiðsluaukningin í sjávarútvegi á undanförnum árum orðið miklu meiri en það, sem ýmsir efnahagsráðunautar hafa talið, að gæti orðið.

Enda þótt gera megi ráð fyrir, að framleiðsluaukning í sjávarútvegi verði ekki eins mikil á næstu árum og verið hefur undanfarið, er þó augljóst, að ef vilji er fyrir hendi, eru mjög miklir möguleikar á því, að útflutningsverðmæti sjávarafurða verði mun meira en nú er, en til þess þarf a.m.k. vilja til að vinna að þessu. Flestar sjávarafurðir okkar eru fluttar út því sem næst óunnar, fluttar út sem hráefni í stað þess að fullvinna þær. Fiskimálastjóri hefur talið í grein, sem hann skrifaði ekki alls fyrir löngu, að tvöfalda mætti útflutningsverðmæti sjávarafla okkar með því að fullvinna hann í stað þess, sem nú er gert. Íslenzkur sjávarútvegur hefur þurft að taka á sig stórkostlegar hækkanir að undanförnu, og nú á einu ári mun allur tilkostnaður m.a. við frystihúsin hafa hækkað um ca. 25%, og allt útlit er fyrir áframhaldandi hækkanir á þessu ári, eins og þróunin í efnahagsmálum blasir nú við. En sé sú skoðun fiskimálastjóra rétt, sem engin ástæða er til að draga í efa, að útflutningur sjávarafurða, sem nú mun vera um 6 þús. millj. kr., geti hæglega tvöfaldazt, ef rétt er á haldið, er sú röksemd haldlaus, að sjávarútvegurinn standi ekki fyllilega að þeim vexti þjóðarframleiðslu, sem ætlazt verður til af honum sem undirstöðuatvinnuvegi þjóðarinnar.

Ég tek ekki undir neinar hrakspár í sambandi við sjávarútveginn af þessu tilefni. Í sambandi við hann eru svo óteljandi möguleikar, að enda þótt afli minnkaði eitthvað, hljótum við að mæta því með aukinni hagræðingu og tækni. Sjávarútvegurinn verður um langan aldur sá atvinnuvegurinn, sem skapar okkur mestan gjaldeyri, þess vegna er það rangt mat, þegar sagt er, að ekki sé hægt að byggja á sjávarútveginum, svo að hægt sé að bæta afkomu þjóðarinnar til jafns við það, sem gerist með öðrum þjóðum.

Samfara því, sem við aukum tækni okkar í fiskveiðum og fiskvinnslu, nýtum betur hráefni, sem á land berst, verðum við að hagnýta okkur fiskimiðin umhverfis landið og þá ekki sízt að fá viðurkenningu á rétti okkar til landgrunnsins. Samfara eflingu sjávarútvegsins kemur að sjálfsögðu að því, að hér rís upp myndarlegur iðnaður í sambandi við stálskipasmíði, og er þess skemmst að minnast nú, að fréttir berast af því, að víða um land sé verið að reisa dráttarbrautir og skipasmíðastöðvar.

Stálskipasmíðin gerir okkur færa um að smíða öll okkar fiskiskip, sem við þurfum á að halda sjálfir, í stað þess, sem við höfum verið að gera á undanförnum árum, bókstaflega byggja upp skipasmíðastöðvar erlendis, eins og átt hefur sér stað t.d. í sambandi við ýmsar stöðvar í Noregi. Á því er enginn vafi, að slíkur iðnaður á hér mikla framtíð og hefur mikið efnahagslegt gildi, auk þess sem við vitum auðvitað sjálfir bezt, hvaða skip hæfa okkur bezt. Margt annað mætti nefna í sambandi við aðra atvinnuvegi svo sem landbúnaðinn. Í sambandi við þann undirstöðuatvinnuveg eru óteljandi möguleikar, svo og iðnaðinn, fleiri og stærri verkefni óunnin en við höfum mannafla til að leysa af hendi. Þess vegna eru það sjálfsagðari verkefni að vinna að og mundu vafalaust ekki skila minni arði í þjóðarbúið heldur en við fáum sem vinnumenn erlendra aðila.

Ég hef hér nokkuð rætt um þá atvinnuvegi, sem ráðunautar ríkisstj. telja, að geti ekki skilað nema 5% aukningu á útflutningstekjum næstu árin. Ég er á mjög gagnstæðri skoðun og tel mig hafa leitt að því nokkur rök, að þessir undirstöðuatvinnuvegir verði færir um að veita okkur aukningu á útflutningstekjum til bættrar afkomu þjóðarinnar á mun æskilegri hátt en með byggingu álverksmiðju. Með byggingu slíkrar verksmiðju, sem hér um ræðir, og staðsetningu hennar hér í mesta þéttbýlinu hljóta að skapast mikil vandamál, enda viðurkennt af öllum, að slíkt hlýtur að verða. Þeir landshlutar, sem búa við atvinnuerfiðleika, verða í mikilli hættu vegna stóriðjuframkvæmdanna, sem soga til sín vinnuaflið, því að hér á mesta þéttbýlis- og þenslusvæðinu hefur atvinna verið svo mikil, að vinnuafl hefur bókstaflega verið á uppboði.

Ég tók eftir því í ræðu hv. frsm. fjhn., 10. þm. Reykv., að hann taldi, að það væru miður rökfimir framsóknarmenn, sem hefðu áhyggjur af því, að hér væri of mikið vinnuafl. Það væri sjálfsagt auðleyst verkefni, það væri ekki áhyggjuefni annarra en miður rökfimra framsóknarmanna þetta ástand, sem hér er. Ég held, að það sé nú eitthvað annað. Mig minnir líka, ef mér er ekki farið að förlast allt of mikið, að ég hafi lesið um það um daginn, að vegna mikillar vinnu og manneklu hér syðra, hafi ónafngreint fyrirtæki þurft að ráða til sín erlenda verkamenn til þess að geta sinnt þeim verkefnum, sem þyrfti að vinna að. (Gripið fram í.) Það gæti nú verið, að þetta benti til einhvers annars heldur en frsm. vildi vera láta. Á Faxaflóasvæðinu vantar yfirleitt alltaf vinnuafl, og undirstöðuatvinnuvegirnir munu ekki geta tekið þátt í því kapphlaupi, sem nú þegar byrjar í sambandi við varnarliðsframkvæmdir í Hvalfirði, virkjunarframkvæmdir við Búrfell og í sambandi við framkvæmdirnar í Straumsvík.

Það virðist því miður yfirleitt ekki koma til greina að staðsetja fyrirtækin annars staðar en í mesta þéttbýlinu. Hér á ég við, að ekki alls fyrir löngu var stofnuð verksmiðja í Hafnarfirði, sem nú hefur því miður orðið að loka vegna skorts á hráefni. Ég held nú samt, að ef ætti að segja allan sannleikann um það ævintýri, yrði það varla gert með þeim orðum, að það væri vegna skorts á hráefni, en það er önnur saga, sem ég skal ekki fara út í. En hitt má benda á, að í sambandi við stofnun þeirrar verksmiðju munu ekki hafa verið athugaðir neinir möguleikar annars staðar, jafnvel þó að þar væri um að ræða betri möguleika heldur en virtust vera í Hafnarfirði.

En það virðist sem það sé þó ýmsum ljóst, að þessar stóriðjuframkvæmdir hér muni hafa óheppileg áhrif á dreifbýlið, því að jafnhliða álmálinu er flutt frv. um atvinnujöfnunarsjóð til að stuðla að jafnvægi í byggð landsins. Ég skal síðar en svo mæla gegn því frv. svo langt sem það nær. En ég held því miður, að gegn þeirri milljarðafjárfestingu, sem kemur til með að eiga sér stað í sambandi við álið, virkjanirnar og varnarliðsframkvæmdir hér syðra, dugi þær 40—50 millj., sem árlega á að ráðstafa nú fyrstu árin, mjög skammt, því að stórframkvæmdirnar dynja svo snögglega yfir allar á sama tíma, að þær koma til með

að verka eins og sogdæla á vinnuafl hjá landsbyggðinni.

Ég held því miður, að menn geri sér ekki almennt ljóst, hvað lítið má út af bregða til þess að fólksfækkunin víða úti um land verði svo mikil, að atvinnulífi verði ekki haldið uppi af fullum krafti. Það er ekki ástæðulaus ótti, þegar verið er að vara við þeim afleiðingum, sem þessi mikla fjárfesting kann að hafa víðar úti um landið.

Þau efnahagslegu áhrif, sem allar þessar stórframkvæmdir kunna að hafa, eru meiri en svo, að við verði ráðið á auðveldan hátt. Það sannar ástand efnahagsmálanna undanfarin ár.

Í samningi þeim, sem hér um ræðir, eru ákvæði varðandi deilumál. Ég skal ekki hætta mér út á þá hálu braut að fara að ræða um þau spursmál, en þessi ákvæði samningsins skulu gilda, hvort sem ágreiningurinn snertir sjálfan aðalsamninginn, orkusölusamninginn, hafnar- og lóðasamninginn eða aðstoðarsamninginn. Öll þau ágreiningsmál virðast tekin undan lögsögu íslenzkra dómstóla nema samkomulag verði milli aðila um að vísa slíkri deilu til íslenzkra dómstóla. Fyrirsvarsmaður Alusuisse gaf þá skýringu á þessu, að Íslendingum væri varla treystandi til að fara með þessi mál, vegna þess að hann taldi okkur skorta reynslu í þessum efnum. Það er með öllu óvenjulegt, að svona sé um hnútana búið hér. Hér er ekki um venjulegan gerðardóm að ræða. Deilan stendur um það, hvort tveir íslenzkir aðilar, tvö íslenzk fyrirtæki, geti, þegar þau lenda í deilum sín á milli, skotið ágreiningi sínum undir erlendan gerðardóm, ef annar hvor aðilinn óskar þess. Íslenzka Álfélagið á að vera skráð samkv. íslenzkum l. og á að njóta hér réttinda með starfsemi sína sem íslenzkt væri. Ef álfélagið lendir í deilum við Hafnarfjarðarbæ t.d. eða Landsvirkjun getur það skotið ágreiningi til erlends gerðardóms, ef það telur sér það hagstætt, og fengið úrskurð um það.

Í sambandi við Búrfellsvirkjun er þeirri röksemd haldið fram, að óhjákvæmilegt sé, að alúmínbræðsla fylgi Þjórsárvirkjun, að bein tengsl séu á milli, að Þjórsárvirkjun og álbræðsla séu samofin og óaðskiljanleg mál. Slíkt eru að minni hyggju haldlítil rök. Þjórsárvirkjun nú er að flestra dómi ekki stærra fyrirtæki en Sogsvirkjunin var á sínum tíma. Ég hef einhvers staðar séð það fyrir þó nokkuð löngu, og það hefur verið endurtekið nú á prenti, og ég hef ekki orðið var við, að því hafi verið mótmælt, að Írafossvirkjunin hafi á sínum tíma, 1953, kostað um 520 millj. miðað við gengi á dollar, eins og það er í dag. Búrfellsvirkjunin, sem er meira en helmingi stærri, er áætluð um 1100 millj. kr. Miðað við þessar tölur var Írafossvirkjunin örlítið hagstæðari en Búrfellsvirkjunin er nú. En Íslendingar eru nú vafalaust miklu betur undir það búnir að ráðast í Búrfellsvirkjun en þeir voru, þegar ráðizt var í virkjun við Írafoss. Þess vegna er það fjarstæða að vera að fullyrða, að Búrfellsvirkjun án álbræðslu sé óhugsandi eða að þetta séu óaðskiljanleg mál. Þjórsárvirkjun er aftur á móti, að því er flestir telja, mjög hagstæð virkjun, og allar líkur benda til, að hið lága raforkuverð til álverksmiðjunnar verði til þess að hækka rafmagnsverð til innlendra aðila a.m.k. fyrst um sinn, þar sem óhjákvæmilegt verður að ráðast í nýja, dýrari virkjun mjög fljótlega.

Ég hef ekkert minnzt á tollaívilnanir og ekki heldur á skattamál. Þetta hefur verið margoft minnzt á, enda er ástæðulaust að vera að fjölyrða um það, því að það verður um hreinar endurtekningar að ræða. En það verður að gera strangar ráðstafanir til þess að ekki verði um ólöglegar ráðstafanir, smygl eða annað slíkt, að ræða í Straumsvík í sambandi við þessa virkjun.

Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr. miklu meira. Ég vil að lokum aðeins taka þetta fram: Með samningi þessum, sem hér liggur fyrir, er farið inn á nýjar brautir varðandi erlent fjármagn, hafnað þeirri stefnu, sem bezt og farsælust hefur reynzt þjóðinni, að Íslendingar sjálfir ættu atvinnutækin, þau, er afkoma þjóðarinnar byggðist á. Í stað þess er farið inn á þá braut, að erlendir aðilar eigi og reki hér atvinnutæki og hirði arð, sem fluttur er úr landi. Íslendingum hefur alltaf gefizt það illa, þegar erlendir aðilar hafa átt hér atvinnutækin. Staðsetning verksmiðjunnar hér í mesta þéttbýlinu mun auka mjög á jafnvægisleysi í byggð landsins. Þessar stóriðjuframkvæmdir samfara miklum varnarliðsframkvæmdum í Hvalfirði koma yfir þjóðina á örstuttum tíma allar í senn og hljóta að verka eins og sogdæla á landsbyggðina, soga til sín vinnuaflið utan af landi. Eftir verða byggðarlög máttvana gegn þessum fjárfestingarframkvæmdum, sem hljóta að auka á dýrtíðina og verðbólguna, þannig að óviðráðanlegt verður með ófyrirsjáanlegum afleiðingum fyrir allt efnahagslíf í landinu. Með samningi þessum er skapað stórhættulegt fordæmi í samningsgerð við erlenda aðila, sem hlýtur að verða fordæmi við aðra skylda samninga í framtíðinni. Íslendingar hafa mikla og góða möguleika á að auka fjölbreytni atvinnuvega sinna með því að nýta auðlindir hafs og lands til hagsbóta fyrir þjóðina alla. Erfiðasta vandamálið okkar í dag eru efnahags- og verðlagsmálin. Dýrtíðin er hraðvaxandi, stórfelld fjárfesting, sem nemur milljörðum kr., á örskömmum tíma hér suðvestanlands mun valda því, að allt vinnuafl fer á uppboð. Undirstöðuatvinnuvegirnir geta ekki keppt um vinnuaflið á þeim markaði af augljósum ástæðum. Allt tel ég að þetta mundi valda þeim óheillaafleiðingum, að seint yrði bætt. Ég vil ekki taka þátt í þeim leik og fyrir því mun ég greiða atkv. gegn því, að samningar þessir verði staðfestir.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Ræða hæstv. iðnmrh. gefur mér nú ekki tilefni til margra aths. Hæstv. iðnmrh. svaraði að mjög litlu leyti þeim aths. og þeirri gagnrýni, sem komið hefur fram af okkar hálfu á þeim samningum, sem hér liggja fyrir. Hann reyndi ekki neitt að svara aths., sem gerðar hafa verið t.d. varðandi raforkuverðið og skattamálin o.fl., sem svo greinilega kom fram, m.a. í ræðu hv. 6. þm. Sunnl. Hann svaraði ekki heldur þeim atriðum mörgum hverjum, sem ég benti á og drap á við 1. umr. málsins, eins og t.d. atriðum um mengunina, þ.e.a.s. gerði enga grein fyrir því, hvers vegna það hefði ekki verið gerð krafa um það af hálfu Íslendinga, að sett væru upp þau hreinsitæki, sem víðast hvar annars staðar munu vera í hliðstæðum

verksmiðjum, og m.a. munu verða, að því er mér er tjáð, í öllum öðrum verksmiðjum, sem Swiss Aluminium hefur sett upp. Hann gerði heldur enga tilraun til þess að svara þeim aths. og þeim spurningum, sem ég bar fram í sambandi við 35. gr. samninganna og ekki gerði hann heldur tilraun til þess að útskýra það, hvernig þessi útlendi dómur ætti að því nánar að fara samkv. 45. gr. að dæma eftir íslenzkum lögum, eftir lögum, sem sá útlendi dómstóll hefur auðvitað enga sérþekkingu á. Það eina, sem hæstv. ráðh. gerði, var að reyna að leiðrétta viss fyrri ummæli sín varðandi það, sem hann hafði sagt sérstaklega um mig, og að ofurlitlu leyti að reyna að réttlæta þau, en sú tilraun var nú mjög þróttlítil, verð ég að segja.

Ég skal nú reyna að eyða ekki mjög löngum tíma í tilefni af þeim aths., sem ráðh. gerði um það atriði. Hann viðurkenndi það nú, að mér hefði aðeins verið sýnt fyrsta uppkast samninganna. En ráðh. spurði enn: Hvers vegna aðvaraði hann ekki þá?

Ja, hvað stóð í þessu fyrsta samningsuppkasti, að því er varðar gerðardóminn, því að um önnur atriði í því uppkasti ræði ég ekki. Ég las greinina upp síðast, 22. gr., í lauslegri þýðingu, eins og ég þá sagði, og í þessari gr. stendur efnislega þetta: Fyrsta aðalreglan er sú, að deilumál skuli útkljáð af íslenzkum dómstóli. Önnur aðalreglan er sú, að deilumálin skuli útkljáð af íslenzkum gerðardómi, ef allir aðilar samþykkja það. Ef allir aðilar samþykkja að ganga fram hjá reglulegum íslenzkum dómstóli, má leggja málin fyrir íslenzkan gerðardóm. Þessari 2. mgr. sleppti nú hæstv. ráðh. í sinni ræðu hér áðan, hvernig sem á því stendur. Svo kemur 3. mgr. og þriðja reglan þessi, að ef þessi SID-samningur verður fullgiltur af nægilegri tölu ríkja og bæði Ísland og Sviss fullgilda hann, lýsir ríkisstj. því yfir, að hún sé reiðubúin að athuga eða ræða þann möguleika að nota eða hagnýta — mér er gersamlega sama hvort orðið er notað — þá leið til sátta eða gerðar, sem í þeirri samþykkt felst.

Átti ég að aðvara gegn þessu? Nei, ég held nú síður. Ef þessi ákvæði væru núna í samningnum, hefði ég ekki nokkra minnstu ástæðu til að gera aths. við þau ákvæði. Ég skil ekki í, að það hefði nokkur haft ástæðu til að gera aths. við þau ákvæði. Það var ekki í þessu fyrsta uppkasti samið um neinn gerðardóm, það var aðeins gefið í skyn, að ríkisstj. væri reiðubúin að taka til athugunar að nota þann möguleika, sem SID-samþykktin býður upp á. Og hvað segir SID-samþykktin? Hún segir, að það verði að samþykkja í hvert einstakt skipti, sem tiltekið deilumál á að leggja fyrir þann gerðardóm, sem þar er um að tefla, og það verði að samþykkja hann skriflega. Þetta er nú æðimikið annað en ákvæðin í þeim samningi, sem nú liggur fyrir. **(Dómsmrh.:** Þú segir það núna, já.) Já, ég segi það núna og hef sagt það alltaf. Hæstv. ráðh. var að tala um, að það hefði ekki legið ljóst fyrir, hvað í samþykktinni mundi vera, þegar þetta uppkast var gert. Þetta hygg ég, að sé nú ekki rétt hjá ráðh., því að samþykktin var, að því er ég bezt veit, alveg fullfrágengin til undirskriftar í jan. 1965, en vitaskuld lá það fyrir áður, hvert efni hennar mundi verða, og auðvitað kom þá ekki annað til mála heldur en að þeir aðilar, sem settu þetta í þetta fyrsta uppkast, vissu fullvel, hvað stóð í henni, hvað mundi standa í henni, þannig að það er ekki hægt að ásaka neinn um það, að hann hafi verið að setja þar ákvæði í þetta uppkast, sem hann vissi ekkert, hvað í fælist. (Gripið fram í.) Já uppkastið. (Gripið fram í.) Þá er nú einhver skekkja komin í tímasetninguna. Ég held, að ráðh. verði að athuga dagsetninguna. Nei, ég held, að það sé nú öruggt. Það liggur þannig alveg ljóst fyrir, að það var ekkert athugavert við þetta ákvæði eins og það var í upphaflega uppkastinu, eina uppkastinu að þessum samningi, sem ég sá, þangað til hann var mér sendur sem trúnaðarmál síðast í marzmánuði.

Hæstv. ráðh. var að reyna að leiðrétta þær dylgjur, sem hann hafði í minn garð í ræðu sinni í Nd., og vildi þá halda því fram nú, að hann hefði þá átt við og verið að tala um fyrsta uppkast að samningnum. Það er auðvitað svo ljóslega rangt, að það tekur ekki tali. Ég held, að það taki því nú varla, að ég sé að þreyta hv. þdm. á því að lesa upp ræðu hæstv. ráðh., en ég hef hana hér í Morgunblaðinu, hún stendur þar. Ég las nú upp úr henni kafla síðast, og ef einhverjir skyldu efast um það, hvað stendur þar, gætu þeir rifjað það upp, svo að ég sé ekki að þreyta hv. þdm. á þeim lestri. En það fór ekkert á milli mála um hvað hæstv. ráðh. var þá að tala. Þungamiðjan hjá honum var þau ummæli, sem ég hafði haft um gerðardómsákvæðin í samningunum í minni ræðu við vantraustsumr. Í vantraustsumr. var ég að tala um gerðardómsákvæði samninganna eins og þeir nú liggja fyrir, og hæstv. ráðh. var í sinni ræðu að tala um gerðardómsákvæðin í þeim samningum, og hann gaf það í skyn alveg ótvírætt, svo að ekki verður um villzt, að þau gerðardómsákvæði hefðu verið sýnd mér. Hann talaði að vísu um fyrsta uppkastið, en hann gaf það í skyn, að þar hefðu verið gerðardómsákvæði og meira að segja gaf það í skyn, að þau hefðu verið sýnu verri heldur en gerðardómsákvæðin eru nú, vegna þess að hann sagði berum orðum, að þessi ákvæði hefðu verið að breytast til batnaðar stig af stigi, og þetta er allt hægt að lesa upp fyrir hæstv. ráðh., þannig að það fer ekkert á milli mála, hvað hann sagði þá. Og hann sagði nú meira, hæstv. ráðh., hann sagði það í þeirri ræðu, að gerðardómsákvæðin og hugmyndin um þau væri upphaflega frá Íslendingum komin.

Í þessari ræðu hæstv. ráðh. við umr. í Nd. eru þrjú ranghermi. Í fyrsta lagi þetta að gefa það í skyn, að mér hafi verið sýnd gerðardómsákvæðin, og gefa það í skyn, að ég hafi með þögninni lagt blessun mína yfir þau. Í öðru lagi það að segja, að gerðardómsákvæðin hafi verið að breytast stig af stigi til batnaðar. Í þriðja lagi það, að gerðardómsákvæðin hafi upphaflega verið komin frá Íslendingum. Það er upplýst í málinu, að allt þetta er rangt og er ekki í samræmi við það rétta í málinu. Hitt gleður mig í sjálfu sér, að hæstv. ráðh. skuli nú segja það bæði beint og óbeint, að hann hafi nú ekki meint þetta, sem hann sagði, að hann hafi ekki viljað gefa það í skyn, að ég hafi látið uppi neitt álit um gerðardómsákvæðin, eins og þau eru nú, eða hafi ekki viljað gefa það í skyn, að mér hafi verið sýnd þau. Hann hafi heldur ekki viljað gefa það í skyn, að gerðardómsákvæðin hafi alltaf verið að batna, heldur hafi hann meint, að þau hafi batnað frá

því sem þau voru verst í þessu svissneska uppkasti, og mér skilst, að hann hafi ekki heldur meint, að gerðardómsákvæðin hafi upphaflega komið frá okkur.

Þetta er í sjálfu sér ánægjulegt, að ráðh. vill þannig með vissum hætti leiðrétta það, sem hann hefur þó áður sagt í þessu, og það er sjálfsagt að taka það að vissu leyti til greina, vegna þess að mönnum getur orðið það á að segja meira heldur en þeir ætla að segja. En þá hefði hæstv. ráðh. að mínum dómi samt átt að koma nokkuð með öðrum hætti fram á eftir, vegna þess að út af þessum ummælum lagði Morgunblaðið, færði þau í stílinn og jók við, og hæstv. ráðh. gerði ekki aths. við þau ummæli og þær dylgjur, sem Morgunblaðið flutti dag eftir dag. Það hefði hann vitaskuld átt að gera, ef hann hefði talið, að hann hefði ekki meint, ekki viljað segja það, sem hann sagði. Það gerði hann ekki, og það, sem kannske er nú enn þá verra og a. m. k. enn þá athyglisverðara í þessu máli, er það, að eftir að ég hafði rækilega leiðrétt þetta hér á þingi, hefur Morgunblaðið ekki sagt eitt einasta orð um þetta. Það hefði þó verið ástæða til fyrir það að leiðrétta þá sín fyrri svigurmæli, og það hefði ekki verið úr vegi fyrir hæstv. ráðh. að hlutast til um það, að Morgunblaðið hefði gert það. (Gripið fram í.) Já, ég efast ekki um það, að Morgunblaðið flytji ræðu hæstv. dómsmrh. á morgun með viðeigandi hætti og reyni þá að gefa viðeigandi skýringar á þeim straumhvörfum, sem orðið hafa í framsögn hæstv. ráðh. um þetta mál. En hæstv. ráðh. kemst ekki fram hjá því, sem hann hefur sagt um þetta mál, og það liggur alveg ljóst fyrir og liggur svo ljóst fyrir í minni síðustu ræðu við 1. umr. málsins, að ég sé í raun og veru ekki ástæðu til þess að vera að endurtaka það hér, vegna þess að þær aths., sem ráðh. gerði hér áðan, högguðu ekki að neinu leyti við þeirri ræðu. Það stendur alveg, sem ég sagði þar, og hæstv. ráðh. gat ekki heldur gert neina alvöru úr því áðan að gera neinar aths. við mína lauslegu þýðingu á 22. gr., enda var það í raun og veru ekki hægt, því að efnislega er þýðingin rétt, þó að það kynni að mega setja einhver orð í staðinn, nota einhver önnur orð á einstaka stað eftir málsmekk manna. En auk þess skoraði ég á hann við 1. umr. málsins að leggja fram þetta fyrsta uppkast af samningunum, ef hann vefengdi mína þýðingu. Ég gerði reyndar meira. Ég skoraði á hann hvort heldur væri að leggja þetta fyrsta uppkast af samningunum fyrir þá n., álnefndina, sem fjallaði um málið. Hæstv. ráðh. átti nú því miður ekkert frumkvæði að því að leggja það uppkast fyrir álnefndina, og á fundi í álnefnd óskaði ég eftir því og áréttaði þessi tilmæli mín um að fá þetta uppkast fram, því að ég leit svo á, að í því væri mikill fróðleikur fólginn fyrir hv. meðnm. mína að sjá þetta uppkast. En svo virtist augljóslega vera, að á þeim fundi væri ég eini maðurinn, sem hefði séð það uppkast. Aðrir hv. þm. og flokksmenn hæstv. ráðh. virtust alls ekki hafa séð það og ekki hafa hugmynd um það, hvað stæði í því uppkasti. En svo einkennilega brá nú við, að hv. nm. virtust hafa mjög takmarkaðan áhuga á því að fá að sjá það uppkast, og minum tilmælum um það að fá það lagt fram í n. var ekki sinnt. Hins vegar lofaði hv. formaður n. að eiga tal við ráðh. og fara þess á leit við hann, að hann sendi hverjum nm. eintak af þessu fyrsta uppkasti. Nú veit ég ekki, hvort hv. formaður hefur gert það, en hitt veit ég, að ég hef ekki fengið neitt uppkast, og má það líka vera óþarfi, en fróðlegt er að vita það, hvort aðrir nm. hafa fengið þetta uppkast.

Ég held — þó auðvitað sé aðalatriðið nú, hvernig þeir samningar eru, sem hér liggja fyrir — að það skipti vissulega máli að athuga það, hvernig samningarnir hafa þróazt stig af stigi, og ekki skiptir það minnstu máli að athuga það, hverjar hugmyndir menn höfðu um þetta í upphafi, þegar af stað er farið, en það var ekki af stað farið út í bláinn, því að vitaskuld höfðu miklar samningaumr. átt sér stað áður en þetta fyrsta uppkast var lagt fram, og það fyrsta uppkast af Íslendinganna hálfu var auðvitað byggt á því, sem fram hafði komið í viðræðum og þeir höfðu einhverja ástæðu til að ætla að væri aðgengilegt fyrir viðsemjendur. Vitaskuld er enginn að finna að því, þótt slíkt fyrsta samningsuppkast hafi tekið einhverjum breytingum. Það má telja í alla staði eðlilegt, að það sé ekki gengið að því óbreyttu. En það hefði í alla staði verið fróðlegt að athuga það, hverjum breytingum það hefur tekið, þetta mál, frá því að það var lagt fram í upphafi af Íslendinga hálfu og þangað til þessi samningur var undirritaður, sem hér liggur fyrir til staðfestingar. En það er ekki mín sök, að það hefur ekki komið fram, heldur þá áhugaleysi hv. nm. á því að fá að sjá það og kynna sér það. Nú skal ég þó láta útrætt um það, en ég verð að segja það, að ég hefði talið það fróðlegt að mörgu leyti fyrir menn að fá að sjá það.

Hæstv. ráðh. gerði heldur lítið úr þeirri aðvörun, sem hefði komið frá okkar hálfu við vantraustsumr., og gaf í skyn, að vantraustsumr. hefðu verið settar fram af annarlegum ástæðum, sem sé þeim, að það hafi verið vitað, að stjórnarflokkarnir mundu fara fram á það, að útvarpað væri 1. umr. um þetta svokallaða álfrv. En þetta er mikill misskilningur hjá hæstv. ráðh. Framsfl. hafði haldið sinn miðstjórnaraðalfund í marzmánuði, 11. marz, ef ég man rétt. Þar hafði hann gert ákveðna ályktun um stjórnmál, og í niðurlagi þeirrar ályktunar var áskorun um þingrof og kosningar. Það var öllum skiljanlegt, sem skilja vildu, að þeirri ályktun mundi verða fylgt eftir með till. á Alþ. um vantraust og þingrof, og þeir gátu ekki verið í nokkrum vafa um það, hæstv. ráðh., að þess mundi von, og ég vil fullyrða, að það var alls ekkert samband á milli kröfunnar um vantraustsumr. og þeirrar hugmyndar, sem hv. stjórnarflokksmenn voru með um að fá útvarpað 1. umr. um álsamninga, og ég hygg, að það hefði ekki verið fyrirstaða á því af okkar hálfu að taka þátt í útvarpsumr. um álfrv., og enn er þess kostur, því að 3. umr. er enn eftir hér. En auk þess kom aðvörun, eins og ég líka sýndi ljóslega fram á, síðast í öllu falli í des. 1965, þegar formaður Framsfl. lýsti afstöðu flokksins hér á Alþ. til þessa máls með þeim hætti, sem þá var unnt að gera það. Það var auðvitað enginn kostur þá að fara að ræða einstök atriði í þessum samningi, vegna þess að þar var um

trúnaðarmál að ræða. Og um þessa samninga er það að segja, að auðvitað létu þm. þeir, sem störfuðu í þmn., flokksmenn fylgjast með í þeim efnum, en þeir voru vitaskuld ekki að afhenda einstökum þm. uppkast að samningum, og ég verð að segja það, að ég sá ekki þessi gerðardómsákvæði fyrr en þau voru send út sem trúnaðarmál til þm. Vitaskuld var mér kunnugt um efni þeirra af þeim skýrslum, sem þm. í þmn. höfðu gefið sem trúnaðarmál.

Eitt af þeim atriðum, sem ég benti nú sérstaklega á í ræðu minni við 1. umr. málsins og óskaði skýringa hæstv. ráðh. á, var 35. gr., sem fjallar um meðferð fjárfestingar, en hún er þannig úr garði gerð, að mér finnst sérstök ástæða til þess, að hún sé nokkuð athuguð, en hún er þess efnis, að upp í hana eru tekin ákvæði úr 67. gr. stjórnarskrárinnar sem skilyrði fyrir eignarnámi. Og skilyrði 67. gr. stjórnarskrárinnar eru þar með gerð að atriði í þessum samningi.

Nú er það viðurkennd venja hér á landi, að dómstólar dæmi um það, hvort lög brjóti í bága við stjórnarskrána og þar með t. d. hvort lagasetning um eignarnám brjóti að einhverju leyti í bága við 67. gr. stjórnarskrárinnar. En það er ekki í okkar stjórnarskrá tekið berum orðum fram, að dómstólarnir hafi þetta úrskurðarvald, heldur byggist það hér aðeins á venju, á réttarvenju. Þess vegna rís sú spurning, hvort ný lög — hvort sett lög — geti breytt þeirri réttarvenju. Það er auðvitað almenna reglan, að lög geti breytt réttarvenju og breyti eldri réttarvenju. Spurningin er, hvort eitthvað sérstakt gildi um venjur, sem fjalla um svona atriði á sviði stjórnskipunarréttarins. Sumir telja, að svo sé ekki. Mjög merkur fræðimaður og mikið „átóritet" í þessum efnum, prófessorinn við Kaupmannahafnarháskóla í stjórnlagafræði, A. Ross, heldur því fram, að slík réttarvenja á sviði stjórnskipunarréttarins hafi ekkert meira gildi heldur en réttarvenja á öðrum sviðum. Þess vegna geti sett lög breytt þeirri réttarvenju alveg eins og hverri annarri réttarvenju. Skv. þeirri kenningu ættu sett lög að geta tekið úrskurðarvaldið af dómstólunum um það, hvort lög brjóti í bága við stjórnarskrána hér hjá okkur, af því að það er ekkert bert ákvæði um þetta í stjórnarskránni.

Nú er ég að vísu ekki á sömu skoðun og þessi mjög merki fræðimaður um þetta. Ég hef leyft mér að halda fram þeirri kenningu, að það ætti sérstakt að gilda um þær venjur, sem ég vil kalla stjórnskipunarvenjur, þ. e. a. s. réttarvenjur, sem hafa beinlínis breytt stjórnarskrárákvæðum, eða réttarvenjur, sem fjalla um afstöðuna á milli handhafa ríkisvaldsins. Þær vil ég kalla stjórnskipunarvenjur og telja, að þeim sé ekki hægt að breyta nema með stjórnarskrárbreytingu. En þetta er mikið vafamál og langt frá því óyggjandi. En ég fæ ekki betur séð en að á þessa fræðilegu spurningu, sem menn vilja kannske kalla, geti reynt í sambandi við þessa samninga, vegna þess að þessi samningur er lögfestur, hann er gerður að almennum lögum, og hann segir, að um atriði, sem varða túlkun og framkvæmd o. s. frv. á þessum samningi, eigi tiltekinn dómstóll að hafa úrskurðarvald. Á þá að telja, að þar með sé úrskurðarvaldið um það, hvort skilyrðum 67. gr. sé fullnægt, að því er varðar framkvæmd á þessum samningi, tekið undan íslenzkum dómstólum og fengið í hendur þessum gerðardómi? Mér skilst, að sú niðurstaða gæti mjög komið til álita, ég segi mjög komið til álita, ef menn aðhylltust kenningar hins merka fræðimanns, A. Ross. Ég vil alls ekki halda þeirri stefnu fram. Ég vil halda því fram, að eftir sem áður og þrátt fyrir þetta ákvæði eigi íslenzkir dómstólar að dæma um það, hvort skilyrðum til eignarnáms, jafnvel þó að væri á eigum þessa félags eða stofnunar, sé fullnægt eða ekki. En vafamál og deilumál getur það sjálfsagt orðið, og þess vegna væri það fróðlegt að fá yfirlýsingu ráðh. þar um, og gæti það hugsanlega haft sína þýðingu einhvern tíma, ef á reyndi.

Það er nú búið að tala svo mikið um það, hvort þetta gerðardómsákvæði, sem er í þessum samningum, sé einsdæmi hér og hjá nálægum þjóðum, að það er ekki ástæða til að fjölyrða um það. Það er auðvitað einsdæmi hjá okkur, og það hefur ekki verið nefnt neitt dæmi, sem afsanni þá staðhæfingu, að þetta sé einsdæmi hjá nálægum þjóðum, og ég hélt nú satt að segja, að það væri eiginlega búið að sýna svo rækilega fram á það, að það væru ekki hliðstæð ákvæði, sem hægt væri að benda á hjá nágrannaþjóðum, að það þyrfti ekki að fara að tala hér nánar um það. Og hæstv. ráðh. gerði það ekki heldur.

Hins vegar sé ég það, að hv. nefndarmeirihl. hefur farið út í þá sálma að telja upp það, sem mér skilst, að hann telji vera fyrirmyndir fyrir þessu ákvæði, sem hér er um að tefla. Að vísu verð ég að segja það, að ég sakna mjög þar eins ákvæðis, sem hér hefur borið á góma í þessum umr., sem sé olíuviðskiptasamninganna við Rússa. Þeir eru horfnir, þeir eru ekki nefndir lengur. Þeir eru úr sögunni, og það er nú gott, en það er þá samt verið með mannréttindadómstólinn og verið að blanda honum inn í þetta.

Ég þykist nú sjá, hvar sú hugmynd á upptök sín, sem sé hjá hæstv. forsrh. í ræðu, sem hann hélt í Nd., en það er nú svona, að það er ekki alltaf það sama að smíða vopnin og nota þau. Það getur verið dálítið hættulegt að smíða vopn og fá þau í hendur mönnum, sem ekki kunna að fara með þau. Og ég held, að það sé ákaflega misheppnað í þessu sambandi að fara að benda á mannréttindadómstólinn sem eitthvert fordæmi fyrir þessu. Og nú dettur mér ekki í hug að fara að ætlast til þess, að hv. nm. meiri hl. fari að leggja nokkurn trúnað á það, sem ég kynni að vilja segja um það atriði, en það vill svo vel til, að ég hef hér í höndunum grein um mannréttindadómstólinn, sem rituð er af Einari Arnalds hæstaréttardómara, þar sem hann gerir nokkuð grein fyrir því, hvers eðlis mannréttindadómstóllinn er, og ég vildi aðeins mega benda á örfá atriði í þeirri grein, með leyfi hæstv. forseta, sem sýna það, hversu fjarstætt það er að vera að tala um mannréttindadómstólinn í þessu sambandi. Þar segir m. a. í þessari grein, sem birt er í Tímariti lögfræðinga 2. hefti 1961 á bls. 116.:

„Samkvæmt því, sem nú var lýst, hafa einungis aðildarríki og nefndin rétt til að leggja mál fyrir dómstólinn. Einstaklingur eða hópur einstaklinga, sem hafa lagt mál fyrir nefndina á hendur aðildarríki,

eiga ekki beinan aðgang að dómstólnum, geta ekki orðið málsaðilar."

Það virðist nefnilega ríkja sá misskilningur eða hefur komið fram, að einstaklingar geti sótt mál fyrir mannréttindadómstólnum. Svo er alls ekki. Einstaklingar geta skotið máli til mannréttindanefndarinnar, en mannréttindanefndin er þá sá hreinsunareldur, að það komast ekki önnur mál fyrir mannréttindadómstólinn heldur en þau, sem mannréttindanefndin vill taka upp á sína arma og bera upp fyrir dómstólnum eða einstök aðildarríki. Og um hvað á svo mannréttindadómstóllinn að dæma? Á hann að dæma eða byggja dóm á landslögum einstakra ríkja? Nei, hann á aðeins að dæma um það, hvort brotið hefur verið í bága við tiltekinn milliríkjasamning, mannréttindasáttmálann. Um þetta segir í sömu grein:

„Mannréttindadómstóllinn er enginn yfirhæstiréttur. Ekki er hægt að áfrýja dómum æðstu dómstóla aðildarríkjanna til hans. Hann dæmir eingöngu um, hvort aðildarríki hafi brotið gegn þeim mannréttindum, sem Evrópusáttmálinn helgar. Hins vegar hafa æðstu dómstólar aðildarríkjanna fjallað um öll þau mál, sem koma til kasta mannréttindadómstólsins, þar sem mannréttindanefndin getur því aðeins tekið mál til meðferðar, að leitað hafi verið til hlítar leiðréttingar í heimalandinu. Má því segja, að mannréttindadómstóllinn dæmi í þessum tilvikum um, hvort úrlausn æðsta dómstólsins sé í samræmi við ákvæði sáttmálans, en ekki, hvort hún hafi verið rétt að landslögum."

Og ekki held ég, að hitt dæmið, sem hv. nefndarmeirihl. nefnir sem hliðstæðu þess gerðardómsákvæðis, sem er í þessum samningi, sé betur valið, þ. e. a. s. dómstóll Efnahagsbandalagsins, en Efnahagsbandalagið er alveg sérstök tegund af milliríkjasamvinnu eins og flestir vita og eins konar millistig á milli bandalaga og bandaríkja, og þar er um að ræða eins konar yfirríkjastofnanir, og allar þær stofnanir byggjast náttúrlega eins og mannréttindadómstóllinn á milliríkjasamningi, en ekki á samningi milli ríkis og einkafyrirtækis eins og hér er um að tefla. Og það sérstaka í Efnahagsbandalagssáttmálanum er það, að hann veitir þessum stofnunum bandalagsins vald til þess að taka ákvarðanir, sem eru ekki aðeins bindandi fyrir ríkið, heldur verður beitt innan ríkjanna beint án milligöngu hlutaðeigandi stjórnar bandalagsríkjanna. Og það er svo með aðild að Efnahagsbandalaginu og öðrum slíkum alþjóðlegum stofnunum, að mörg ríki hafa einmitt tekið upp í sína stjórnarskrá sérstakt ákvæði, sem heimilar þeim aðild að slíkum stofnunum. Slík ákvæði hafa t. d. verið tekin upp í stjórnarskrá Danmerkur, stjórnarskrá Noregs, stjórnarskrá Vestur-Þýzkalands, stjórnarskrá Frakklands, stjórnarskrá Hollands og stjórnarskrá Ítalíu. Ég þekki það ekki og veit það ekki, hvort slík ákvæði eru í stjórnarskrá Luxemburgar og Belgíu. Ég get getið þess líka vegna þess, sem kom fram hér síðast í sambandi við umr. um lausn fjárfestingardeilna, þar sem ég held, að það hafi verið hv. 8. þm. Reykv., sem taldi það, að einn merkur fræðimaður í Noregi, Castberg, hefði haldið því fram, að það þyrfti ekki að gera breytingar á stjórnarskrá Noregs, þótt Noregur gerðist aðili að Efnahagsbandalaginu. Það er rétt, að Castberg hélt því fram. Hins vegar voru margir norskir fræðimenn á annarri skoðun, og það leiddi til þess, að það var gerð breyting á stjórnarskrá Noregs, 93. gr. stjórnarskrárinnar, og þar er þess krafizt, til þess að Noregur geti gerzt aðili í slíku alþjóðasamstarfi eins og t. d. Efnahagsbandalaginu, að ¾ Stórþingsins samþykki. Í Danmörku eru svo enn ríkari ákvæði um þetta, m. a. er heimilt að krefjast þjóðaratkvgr. með tilteknum skilyrðum.

Ég hef, eins og ég sagði síðast, aldrei haldið því út af fyrir sig fram, að þessi samningur, sem hér liggur fyrir, bryti í bága við stjórnarskrána eða að það þyrfti stjórnarskrárbreytingu til að gera hann. Ég hef sagt, að það væri rannsóknarefni. En ég hef hins vegar áður látið uppi skoðun um það, hvort það þyrfti stjórnarskrárbreytingu til þess að Ísland gæti gerst aðili að Efnahagsbandalaginu, og það álit var ekki gert í neinu sambandi við það mál, sem hér liggur fyrir. Þar komst ég að þeirri niðurstöðu, að ef Ísland ætlaði að gerast aðili að Efnahagsbandalaginu, þá mundi þurfa stjórnarskrárbreytingu, og um það flutti ég afmæliserindi í Háskólanum 14. okt. 1962, og sú grein er birt í Tímariti lögfræðinga, 1. hefti 1962, og *ég ætla nú ekki að fara að lesa úr henni hér*, en aðeins, með leyfi hæstv. forseta, benda hér á örfáar setningar, þar sem segir svo:

„Þegar litið er til þess, sem hér hefur verið stuttlega rakið, virðist mér augljóst, að stjórnarskrárbreyting eða sérstök stjórnlagaheimild væri óhjákvæmileg, ef Ísland ætlaði að gerast fullgildur aðili að Efnahagsbandalaginu. Ísland yrði þá að veita stofnunum bandalagsins víðtækt vald til ákvarðana, sem fyrirfram og án nokkurs atbeina íslenzkra stjórnarvalda væri gefið gildi hér á landi. Þar með hefði það afsalað valdi í tilteknum málum, sem stjórnarskráin beint eða óbeint fær handhöfum ríkisvaldsins. Þar sem ekkert uppsagnarákvæði er í sáttmálanum, er vafasamt, að Íslendingar gætu heimt aftur það vald, sem þeir hefðu afsalað. Þvílíkar fullveldistakmarkanir eru að minni hyggju óheimilar nema að undangenginni stjórnarskrárbreytingu eða skv. sérstakri stjórnlagaheimild."

Ég hef aðeins minnt á þessi tvö atriði til þess að sýna enn fram á og undirstrika, hversu það er gersamlega útilokað að benda á fordæmi hér hjá nálægum þjóðum fyrir gerðardómsákvæði samninganna og undirstrika það, að þau dæmi, sem hv. stjórnarstuðningsmenn hafa viljað vera að reyna að nefna í því sambandi og sem rökstuðning fyrir þessum gerðardómsákvæðum svo sem ákvæði í viðskiptasamningi við Rússa, svo sem ákvæði um mannréttindadómstól í mannréttindasáttmálanum og svo sem ákvæði um dómstól í Efnahagsbandalagssáttmálanum, eru á engan hátt sambærileg við þau gerðardómsákvæði, sem hér liggja fyrir. Gerðardómsákvæðin eru allt annars eðlis og miklu víðtækari og byggjast ekki á samningi á milli ríkja heldur á samningi milli ríkis og einkafyrirtækis.

Ég skal svo ekki, herra forseti, hafa þessi orð fleiri. Ég held, að það hafi ekki verið neitt, sem kom fram í ræðu hæstv. ráðh. viðvíkjandi því, sem ég hef áður um þetta sagt, sem gefur mér tilefni til þess að hafa

fleiri orð um þetta, og skal ég þess vegna láta máli mínu lokið, vegna þess að þó að margt mætti segja enn um þetta mál, bæði undirstrika það, sem þegar hefur verið um það sagt, og eins benda á ný atriði í þessu sambandi, þá ætla ég nú ekki að lengja tímann, en það er svo með þessa samninga, að þeir eru, eins og ég hef áður sagt, mjög margbrotnir og flóknir, og það má alltaf finna í þeim ný og ný ákvæði, sem tilefni gefa til umhugsunar og aths.

Alfreð Gíslason: Herra forseti. Þetta stórmál hefur að sjálfsögðu margar hliðar. Ein af þessum hliðum snýr að heilbrigðismálum þjóðarinnar. Þannig stendur á, að verksmiðjurekstur eins og þessi hefur í för með sér mengun á andrúmsloftinu í víðu umhverfi verksmiðjunnar. Þar við bætist svo, að verksmiðjan er staðsett í nágrenni við mesta þéttbýli landsins. Um þessa hlið málsins hefur ekki verið mikið rætt hér, svo að mér sé kunnugt. Þó hefur hv. 3. þm. Norðurl. v. minnzt á þessa hlið málsins, bæði nú í kvöld og fyrr.

Þetta lagafrv. ásamt samningnum, athugasemdum og fylgiskjölum er allmikið rit, 231 bls. Þar er vikið að mörgum þáttum þessa máls og það allítarlega. En um þá hlið málsins, sem ég minntist á, heilbrigðislegu hliðina, er ekki varið miklu rúmi.

Í samningnum er þó fjallað um þetta lítillega í 12. og 13. gr. Í 12. gr. er talað um mengun frá verksmiðjunni, og þar er sagt, að álmfélagið ISAL skuli bera fulla ábyrgð á hverju því tjóni, sem hlýzt af gastegundum og reyk frá bræðslunni, utan við tiltekið svæði.

Þá er enn fremur tiltekið í þessari gr., að félagið skuli bera takmarkaða ábyrgð á hverju því tjóni, sem hlýzt af gastegundum og reyk frá bræðslunni, innan tiltekins svæðis. Hér er m. ö. o. ákveðið, að álmfélagið skuli bæta tjón, en það er ekki á það minnzt, sem þó er öllu þýðingarmeira fyrir okkur landsmenn og það er, að í samningnum standi ákvæði um, að verksmiðjan og félagið skuli firra tjóni.

Þá er í þessari sömu gr., 12. gr., sagt, að ISAL muni gera allar eðlilegar ráðstafanir til að hafa hemil á og draga úr skaðlegum áhrifum af rekstri bræðslunnar, í samræmi við góðar venjur í iðnaði í öðrum löndum við svipuð skilyrði. Þetta er ósköp notalega orðað, en mikið er þetta marklítið orðalag að mínum dómi. ISAL muni gera allar eðlilegar ráðstafanir. Þetta stangast á við staðreyndirnar. Það er ekki fyrirhugað með þessum samningi, að gera allar eðlilegar ráðstafanir til að hafa hemil á og draga úr skaðlegum áhrifum af rekstrinum, bræðslunni. Þvert á móti, það er gert ráð fyrir því að gera það ekki.

Þetta er nú það helzta, sem um þetta efni, heilbrigðislegu hlið þessa stóra máls, er að finna í sjálfum samningnum.

Þá kem ég að öðrum kafla í þessu allstóra riti. Það er kafli, sem er að finna á bls. 217 og 218 og er skýrsla frá Rannsóknastofnun iðnaðarins, og skýrslan heitir „Mengun".

Ég vil nú og í því, sem ég segi hér á eftir, gera þá skýrslu sérstaklega að umtalsefni. Eins og ég sagði, þá er á bls. 217 í þessum gilda bæklingi grein undir fyrirsögninni „Mengun". Greinin er frá Rannsóknastofnun iðnaðarins. Þar er frá því sagt, að iðnmrn. hafi óskað álits Rannsóknarstofnunarinnar á úrgangsefnum og dreifingu þeirra frá áætlaðri álmbræðslu við Straumsvík. Skýrslan er niðurstaða þessarar rannsóknar og greinir frá henni og niðurstöðum hennar.

Það er alkunna, að frá alúmíníumverksmiðjum berast margs konar eiturefni út í umhverfið og valda þar meira eða minna tjóni. Gegn þessum ófögnuði, sem ófrávíkjanlega fylgir þessum verksmiðjum, hefur verið háð hörð barátta síðustu áratugi í öllum þeim löndum, þar sem slíkar verksmiðjur eru, bæði austan hafs og vestan. Og enda þótt mikið hafi áunnizt sums staðar, þá hefur þessum ófögnuði hvergi verið útrýmt með öllu. Það má nú, sérstaklega á síðari árum, draga úr eituráhrifunum til muna með sérstökum útbúnaði í verksmiðjunum, en því miður kostar þessi útbúnaður of fjár.

Þetta vandamál, sem óneitanlega er mikils virði, þar sem það snertir heilsu fjölda manna, skilst mér, að Rannsóknastofnun iðnaðarins hafi átt að rannsaka, rannsaka fyrst og segja síðan álit á.

Ekki efast ég um, að þessi stofnun sé góð og gild og að hún megi ekki vamm sitt vita og vilji vinna sín verk vel. En því meiri undrunar fær það mér, hvernig þessi álitsgerð er úr garði gerð, þessi álitsgerð, sem prentuð er á bls. 217 og 218 undir heitinu „Mengun". Sú skýrsla ber vissulega ekki vott um vandvirkni.

Það er mjög eðlilegt og lofsvert, að íslenzk stjórnvöld skuli vilja fá að vita eitthvað um þetta vandamál, sem órjúfanlega er tengt álmbræðslu. Eitrun andrúmsloftsins og jarðvegsins umhverfis verksmiðjuna skiptir ekki litlu máli þann aðilann, sem ætlar að hleypa slíku fyrirtæki inn í sitt land. En það er harla gagnslítið að vita um eitrið og áhrif þess, ef ekki eru um leið gerðar kröfur um ráðstafanir til varnar hættunni. Till. um slíkar ráðstafanir eiga því heima í álitsgerð eins og þeirri, sem ég hér ræði um, og er raunar höfuðmarkmið slíkrar álitsgerðar.

Ef marka má það, sem segir í sjálfri grg. frá Rannsóknastofnun iðnaðarins, þá hefur alls engin rannsókn farið fram af hennar hálfu í þessu máli. Og hún flytur alls engar ábendingar eða till. um ráðstafanir til þess að verjast eituráhrifum frá verksmiðjunni. Verkefnið er m. ö. o. óleyst og engar kröfur gerðar á hendur verksmiðjunni um nauðsynlegan öryggisútbúnað.

Annað og meira en þetta verður ekki lesið út úr álitsgerð Rannsóknastofnunarinnar. Mér virðist, að þessi stofnun hafi unnið þetta verk sitt með þeim hætti að snúa sér til annars samningsaðilans, Swiss Aluminium Ltd. í Zürich, og fá hjá honum allt, sem til þurfti, tilreitt á bakka. Síðan er þetta borið á borð fyrir iðnmrn., og sjá, það er harla gott, hér þarf ekki frekar vitnanna við.

Það er ekki ólíklegt, ég vil segja næsta mannlegt, að grg., sem þannig er unnin, sé nokkuð einhliða. Þar er

að vísu, ekki skal ég neita því, tæpt á mörgu, en aðeins mjög lauslega, enda tilhneigingin bersýnilega sú í heild að gera lítið úr þessu vandamáli, gera lítið úr því tjóni, sem eiturefnin valda frá slíkum verksmiðjum. Það var aldrei við því að búast, að talsmenn verksmiðjunnar færu að breiða sig út um þá miklu hættu, sem henni er samfara. Það hafa þeir heldur ekki gert, sannarlega ekki. En vegna þess, hversu menguninni í sambandi við álmverksmiðjur eru gerð ófullkomin skil í frv.-bæklingnum, þykir mér hlýða að fara hér og nú nokkrum orðum um það mál. Ég skal stikla á stóru og halda mér við höfuðatriðin ein.

Alúmíníum eða álm, eins og mér fyndist, að ætti að kalla það á íslenzku, er unnið úr hráefni sínu með rafgreiningu við mjög hátt hitastig. Við framleiðsluna er notað bráðið krýolít, sem er samsett efni og inniheldur flúor í mjög ríkum mæli, yfir 50%. Við þessa álmvinnslu myndast margs konar eiturefni, sem berast meira eða minna út í umhverfið, ýmist í formi ryks eða gufu. Á meðal þessara mörgu eiturefna eru tjöruefni og brennisteinssambönd, en þau efnin, sem mestu máli skipta, hvað tjón snertir, eru flúorsamböndin og þá fyrst og fremst flúorvetni. Ég mun því snúa mér eingöngu að flúorefnunum í því, sem ég kann að segja hér á eftir.

Það er algengt í heiminum, að flúorvetni og önnur uppleysanleg flúorsambönd valdi mönnum heilsutjóni og dauða, enda eru þau talin í röð allra sterkustu eiturefna, sem til eru. Sjúkdómseinkennin, sem þessar eiturtegundir valda, geta verið með margvíslegu móti og fara aðallega eftir því, hvernig efnin berast inn í líkamann. Ef áhrifin eru sterk og snögg og verka á líkamann utan frá, erta þau og særa húð og slímhúðir, geta valdið brunasárum á húð og skaddað stórlega slímhúðir, valdið lungnakvefi með hósta og andarteppu og fleiri hastarlegum einkennum. Þessi tegund eitrunar þekkist svo sannarlega í sambandi við rekstur álmverksmiðju. Berist flúorefnin inn í líkamann í gegnum meltingarfarveginn, verða einkennin önnur, aðallega frá innyflunum og valda oft bráðum bana. Ég get þessa, þótt þetta vilji kannske ekki oft til eða jafnvel mjög sjaldan til í sambandi við álmverksmiðjur. Þetta er sú bráða eitrun, sem fylgir sterkum áhrifum flúors.

Hægfara flúoreitrun er til, og hún lýsir sér fyrst og fremst með mjög sérkennilegum breytingum í beinum líkamans og bandvef. Beinin verða eins og mölétin, beinaukar vaxa út úr beinunum hér og þar, og kalk sezt í liðaböndin. Þessu fylgja ýmiss konar þrautir og óþægindi. Þessi tegund eitrunar, sem nefnd er fluorosis, þessi hægfara eitrun, er algeng í sambandi við verksmiðjurekstur. Frægust er þessi tegund flúoreitrunar sem atvinnusjúkdómur í krýolítverksmiðjunum í Danmörku, og það var einmitt landi okkar Skúli Guðjónsson, sem var annar þeirra vísindamanna, sem fyrstir bentu á samhengið milli flúors og þessa sjúkdóms.

Flúorinn og sambönd hans eru, eins og ég hef tekið fram, mjög eitruð. Ef 70 kg þungur maður neytir 5—10 gramma af uppleysanlegu flúorsalti, er honum dauðinn vís innan fárra klukkustunda. Ef flúorvetni í andrúmsloftinu nær því að vera 100 mg í einum rúmmetra, þolir það enginn maður í eina mínútu. Sé magnið fjórum sinnum minna eða 25 mg í rúmmetra, má þola það í nokkrar mínútur. Þessar tölur sýna, hve baneitrað efni hér er um að ræða, og það er einmitt flúorefni, sem mest ber á í sambandi við rekstur álmverksmiðjanna.

Hvað snertir hina hægfara eitrun, má upplýsa það, að ef maður fær í sig 20—80 mg af flúor daglega í 10—20 ár, fær hann örugglega áðurnefndan beinasjúkdóm á háu stigi. Þessi möguleiki er til alls staðar, þar sem flúorefni finnast, og verður að staðreynd, ef aðgæzla er ekki höfð. Hættan á flúoreitrun er víða, miklu víðar en í sambandi við álmverksmiðjur, bæði úti í sjálfri náttúrunni og í sambandi við ýmiss konar verksmiðjurekstur og iðnað. Vegna þess að við búum í eldfjallalandi, má geta þess, að það verður oft tjón af völdum flúorefna, þegar eldfjöll gjósa. Þeirri eitrun höfum við Íslendingar kynnzt í kvikfénaði á eldgosatímum, og var hún kölluð því sérkennilega orði „gaddur", lýsti sér sem beinsjúkdómur hjá skepnunum og tannáta og tannskemmdir. Ég skal ekki ræða þetta frekar, en halda mér við þær flúorskemmdir, sem verða af völdum álmbræðslu.

Allir þeir menn, sem vinna í þessum verksmiðjum, eiga á hættu flúoreitrun, bráða eða hægfara, nema sérstakar ráðstafanir séu gerðar þeim til verndar. Sama og svipað gildir um fólk, sem býr í nágrenni verksmiðjanna. Það verður fyrir óheilnæmum áhrifum, ef strangrar varúðar er ekki gætt, og það að staðaldri.

Ég hef rætt um áhrif flúors og flúorsambanda á heilsu mannanna, en hann er varasamur fleiri lífverum en mönnum. Þannig er hann einnig skaðlegur bæði jurtagróðri og dýrum. Ég átti þess kost nýlega að lesa fróðlega ritgerð eftir norskan prófessor, Håkon Robak að nafni. Greinin ber nafnið „Álmverksmiðjur og skógur" og hefst með þessum orðum, með leyfi hæstv. forseta:

„Blöðin segja öðru hvoru frá tjóni," — þetta gerist í Noregi — „sem orðið hefur á skógi, graslendi og húsdýrum umhverfis nokkrar af álmverksmiðjum okkar. Tjónið hefur stundum verið mjög mikið og hvað skógana snertir jafnvel hrein eyðilegging. Harðast hefur barrskógurinn orðið úti, en lauftré hins vegar orðið fyrir engum eða litlum skemmdum, nema þau stæðu mjög nálægt reykupptökunum. Reynslan í þessu efni hefur þó stundum orðið á annan veg erlendis. Mest hefur eyðileggingin orðið á furuskóginum, en ræktað greni hefur einnig skemmzt mikið á sömu landssvæðum. Það, sem tjóninu veldur, er að langmestu leyti í öllu falli flúor frá reyk álmverksmiðjanna. Í reyknum eru bæði föst og loftkennd flúorsambönd, hin síðarnefndu aðallega flúorvetni. Það dregur ört til sín vatn og breytist í þoku, eftir því sem reykurinn fjarlægist upptök sín og kælist."

Þannig er upphaf þessarar greinar hins norska prófessors. Hann telur, að rokgjörn flúorefni smjúgi inn í barrnálar og blöð gróðursins og skemmi hann með þeim hætti. Hins vegar hafi það flúorryk, sem lendir á jörðinni, lítil áhrif á gróðurinn í fyrstu lotu. Síðar meir geti þau flúorsambönd að vísu sogazt upp í

gróðurinn um ræturnar og valdið tjóni, en til þess þurfi langan tíma.

Það eru til fjöldamargar aðrar frásagnir frá öðrum löndum um skemmdir á ýmsum gróðri af völdum flúors frá þessum verksmiðjum, og virðist ræktaður nytjagróður einkum viðkvæmur, en villtur gróður hins vegar hafa meira viðnám.

Reynsluna af flúormengun íslenzkra grasa höfum við, enda er til hennar vitnað í erlendum fræðiritum um flúoreitrun. Sauðfé, sem á þeim grösum nærðist, veiktist hastarlega, eins og ég tók fram áðan, og féll, og íslenzka orðið „gaddur" er haft að alþjóðlegu heiti á þessum kvikfjársjúkdómi. Sami sjúkdómur þekkist enn í dag og kemst á hátt stig í sauðfé, geitum og nautpeningi, sem étur gróður úr nágrenni verksmiðja, sem dreifa flúorefnum út í andrúmsloftið. Þetta á sér stað enn í dag í sambandi við álmverksmiðjur bæði í Evrópu og í Bandaríkjunum.

Það fer þannig ekki á milli mála, að úrgangsefni frá álmverksmiðjunum eru hættuleg mönnum, dýrum og jurtum og valda þannig tjóni, ef ekki er sérstök gát höfð á. Eitrið er, eins og ég hef margsagt, fyrst og fremst flúor, sem myndast við álmbræðsluna og berst út í umhverfið að meira eða minna leyti. Áhrifin fara eftir magni þess og því, hve lengi það fær að verka. Flúormagn í andrúmsloftinu umhverfis verksmiðjurnar er breytilegt og ýmsu háð. Í fyrsta lagi fer flúormagnið í andrúmsloftinu eftir framleiðsluafköstum verksmiðjunnar. Í öðru lagi fer það eftir möguleikum hennar til þess að hefta reykinn og hreinsa hann og því um leið, hvernig þessir möguleikar eru nýttir. Þá fer flúormagnið einnig mjög mikið eftir staðháttum og þá fyrst og fremst eftir landslagi og eftir veðurfari. Því stærri sem verksmiðjan er, því meir berst af hættulegum efnum frá henni út í andrúmsloftið, eins og ég sagði, að öðru jöfnu. Þannig myndast helmingi meira flúorvetni í 60 þús. smálesta verksmiðju heldur en í 30 þús. smálesta. En það eru, eins og hér hefur komið fram, möguleikar á að draga til muna úr þessari mengun andrúmsloftsins, ef notaður er sérstakur útbúnaður í sjálfum verksmiðjunum. Reykeyðingar- og lofthreinsitæki eru til af ýmsum gerðum, mismunandi góð að vísu og engin þó svo góð enn í dag, að unnt sé með öllu að koma í veg fyrir, að skaðleg úrgangsefni berist út. En það gildir um þennan útbúnað, eins og ég tók fram áðan, að hann er dýr og því dýrari sem hann dugar betur. Landslag og veðurfar hefur að sjálfsögðu mikil áhrif hvað snertir dreifinguna og þynninguna á þessum eiturefnum í loftinu. Í þröngum dölum er hættan meiri en á bersvæði, og vindasöm veðrátta og votviðrasöm dregur úr þeirri hættu, sem útblæstri verksmiðjanna fylgir. Mjög alvarleg slys hafa orðið af völdum verksmiðja, sem framleiða flúor í öðrum löndum. Þau slys hafa einkum orðið í þröngum dölum, þar sem veðurfar er kyrrt. Þar hafa slysin orðið það alvarleg, t. d. árið 1932 í Vestur-Evrópu, að mörg hundruð manna veiktust snögglega af flúoreitrun og tugir manna þar af létust á fáum dögum.

Nú er ástæða til þess að spyrja, hvernig um hnútana verði búið í Straumsvík. Hvað verður gert til þess að hefta útrás eiturloftsins frá verksmiðjunni? Mér skilst, að harla lítið sé fyrirhugað í því efni, að ég ekki segi alls ekki neitt. Í skýrslu Rannsóknastofnunar iðnaðarins á bls. 217 í frv.-ritinu er réttilega á það bent, að magn úrgangsefna sé breytilegt eftir því, hvaða ofnategund er notuð. Síðan er fullyrt í skýrslunni, að í Straumsvík eigi að nota opna ofna svokallaða, það er notað yfir það enskt orð „Prebaked Anodes", en það eru opnir bræðsluofnar, sem öllum ofnategundum fremur hleypa flúorefnunum út í andrúmsloftið. Í þessum ofnum myndast 33 g af flúor fyrir hvert einasta framleitt kg af álmi, og 70% af þeim flúor fer beint út í andrúmsloftið. Verksmiðja, sem framleiðir 30 þús. smál. af álmi á ári, dreifir út í umhverfið hvern einasta dag ársins 1900 kg af flúorsamböndum, 1900 kg á hverjum einasta degi ársins. Þetta fer allt út í nágrennið, nema sérstakur hreinsiútbúnaður sé byggður í verksmiðjunni.

Það eru til aðrar tegundir bræðsluofna en þessir opnu ofnar, sem nota á hér í Straumsvík. Ein tegundin er t. d. svokallaðir Söderbergsofnar, sem mest eru notaðir nú í Noregi og víðar. Það eru lokaðir ofnar og auk þess útbúnir loftsogstækjum, þ. e. a. s. loftsogtæki eru í beinu sambandi við þá. Frá þessum ofnum tapast ekki 70% af eitrinu út í andrúmsloftið, heldur aðeins 40%. Frá þeim tapast aðeins 40% þess flúors, sem myndast, út í verksmiðjusalina og umhverfið. Af þessum Söderbergsofnum eru til nýrri gerðir, sem víða eru nú notaðar í vaxandi mæli. Það eru líka lokaðir ofnar, og frá þeim fer aðeins 30% flúorsins út, en ekki 70% eins og er um þá ofna, sem hér á að nota. En jafnvel þessir ofnar eru taldir ófullnægjandi sem vernd. Jafnvel 30% flúor út í andrúmsloftið er talin of mikil mengun, og því eru flestar verksmiðjurnar nú auk þess útbúnar margbrotnum hreinsitækjum, og það er stöðugt leitazt við síðustu 19—20 árin af félögunum, sem verksmiðjurnar reka, að fullkomna þau tæki sem mest.

Það er sérstök ástæða finnst mér til þess að undirstrika þetta, sem ég sagði, að þeir opnu ofnar, sem hér á að nota og taldir eru fullgóðir í Íslendinginn, eru mjög lítið notaðir í Noregi. Þar eru þessir svokölluðu Söderbergs-ofnar mest notaðir. Þá vitum við það, að verksmiðjan í Straumsvík mun í byrjunarstærð sinni spúa 1900 kg af flúorsamböndum út í andrúmsloftið. Þetta mikla magn af eitri dreifist síðan út um nágrennið með veðri og vindi og mengar jarðveginn og sjóinn í kring, auk þess sem það að sjálfsögðu berst að meira eða minna leyti í menn og skepnur, sem lifa í nágrenni verksmiðjunnar. Nú er mér spurn: Hlýzt tjón af þessu, og ef svo er, hve mikið verður það tjón? Við þessari spurningu fæ ég ekkert svar í þessum stóra frv.-bæklingi. Mér skilst, að landslagið og veðurfarið í Straumsvík eigi að bjarga einhverju í þessu efni, en hve miklu, veit enginn maður nú. Hitt er hins vegar ljóst, að í þessari verksmiðju, verksmiðjunni sjálfri, á að forsóma gersamlega allar ráðstafanir, sem alls staðar annars staðar, að ég hygg, eru nú taldar sjálfsagðar, ráðstafanir, sem draga úr eitrunarhættunni, en eru að vísu dýrar. Ég fullyrti, að þessar nauðsynlegu ráðstafanir væru gerðar alls staðar annars staðar. Það er kannske ekki alveg rétt hjá mér. Ég veit, að þær eru gerðar í Evrópulöndunum og í

Vesturheimi. Ég veit ekkert, hvort þær eru gerðar í álmverksmiðjum, sem kunna að finnast einhvers staðar í Afríku. Um það er mér ekki kunnugt. En þessar ráðstafanir eru dýrar, og það á að spara þær hér á landi og í stað þess að treysta á guð og lukkuna.

1900 kg af eiturefnum á hverjum degi árið um kring og 3800 kg, þegar verksmiðjan verður stækkuð, er það magn, sem hér er um að ræða og munar áreiðanlega um, hvar sem það lendir. Það dylst engum, sem les skýrslu Rannsóknastofnunar iðnaðarins á bls. 217, að þar er reynt að gera lítið úr þessari hættu. Þar er raunar viðurkennd berum orðum alger vanþekking á efninu, í öðru orðinu a. m. k. Ég tel þá játningu góðra gjalda verða. Verra er hitt, ef ekki má með öllu marka þær tölur, sem í skýrslunni eru birtar og eiga að sanna, að öllu sé tiltölulega óhætt. Ég varpa þessari spurningu fram: Getur það verið, að þessi skýrsla sé vilhöll í garð svissneska félagsins? Sumar tölurnar geta bent til þess. Ég fullyrði þetta ekki, en ég segi: Sumar tölurnar geta bent til þess, og ég skal nefna dæmi. Í skýrslunni segir, að heildarmagn flúors, sem fari út í andrúmsloftið, sé 12 kg á hverja smálest álms. Norskur verkfræðingur, Olav Erga frá Þrándheimi, fullyrðir í fræðilegri ritgerð, að það séu um 20 kg flúorsambanda, sem losni út í umhverfið. Hér ber nokkuð á milli, annar segir aðeins 12 kg, hinn segir 20 kg, hvor sem rétt hefur fyrir sér. Þá er það fullyrt í skýrslunni, að hvað heilsufar manna snertir, liggi hættumarkið við 3 mg flúors í 1 rúmmetra lofts. Í mjög merku fræðiriti útgefnu árið 1965 í London og New York er þetta hættumark sett við 2 mg hvað flúorvetni snertir og 2½ mg, þegar um önnur flúorsambönd er að ræða. Hér munar einnig verulega eða um þriðjung.

Jórturdýr þola flúormagn, sem er allt að 30—40 ppm af þurrefni fóðursins, segir í skýrslunni, en í áður nefndu fræðiriti er sagt, að 25 ppm geti nægt til þess að framkalla sjúkdóminn fluorosis hjá grasbítum. Eftir annarri heimildinni er öllu óhætt, þó að magnið sé 30—40 ppm, þ. e. a. s. 30—40 mg í einu kg, en í hinni heimildinni segir, að lægri tala, 25 ppm, geti nægt til þess að framkalla sjúkdóm hjá grasbítum. En hvað sem um þessar tölur er, hlýtur það að vera ljóst, að í skýrslunni er rennt blint í sjóinn í þessum mikilsverðu efnum. Skýrsluhöfundar vita ekkert, hver hætta verður í Straumsvík og nágrenni, og þeir hugga sig við, að nauðsynlegar rannsóknir megi gera síðar, þegar reynslan í Straumsvík er fengin. Ég spyr enn og aftur: Er það ekki nokkuð seint að byrgja brunninn, eftir að barnið er dottið ofan í hann? Ég tel það a. m. k. of seint. Rannsóknastofnun þessari bar að rannsaka málið ítarlega og sjálfstætt, en ekki kasta til þess höndunum, eins og hún bersýnilega hefur gert. Erlend reynsla er mjög mikil og víðtæk á þessu sviði, og úr henni er auðvelt að vinna á hlutlægan hátt, án þess að láta skammta sér eitthvert hrafl, e. t. v. valið verksmiðjueigendunum í vil.

Ég tel, að í þessum samningi við álmfélagið hafi okkar samningamönnum borið að gera vissar lágmarkskröfur þegar í upphafi. Þær kröfur áttu að snerta sérstaklega gerð bræðslukeranna og hreinsiútbúnað. En um þetta skilst mér, að ekkert hafi verið hirt. Eiturloftið á að fá að fara allt út í veður og vind án heftingar, og síðan skal ráðast af vindi, hvað um það verður. Þetta tel ég vera mikla yfirsjón af hálfu okkar samningsmanna. Alls staðar annars staðar eru nú orðið gerðar víðtækar, öflugar ráðstafanir til reykeyðingar, en hér á að vanrækja þetta. Ég veit, að verksmiðjan sparar sér með því mikil útgjöld, og hún gerir það í trausti til landshátta í Straumsvík og í trausti til íslenzkrar veðráttu. En er óhætt að treysta á þessi atriði? Ég efast stórlega um það.

Samkv. skýrslu Rannsóknastofnunar iðnaðarins nær aðalhættusvæðið að mörkum Hafnarfjarðarkaupstaðar. Séu nú tölur færðar til rétts vegar, skv. því, sem ég hef þegar upplýst, verður þessi kaupstaður allur innan hættusvæðisins. Ef skepnur veikjast af gróðri, sem þar vex og það gera þær skv. áliti Rannsóknastofnunarinnar, hvað þá um mannfólkið, sem þarna býr og andar að sér eiturmenguðu lofti? Það bráðveikist líklega ekki, og þó gæti það komið fyrir, ef reykinn t. d. legði frá verksmiðjunni inn yfir bæinn í óvanalega langan tíma samfellt. Hitt er þó miklu líklegra, að Hafnfirðingar fengju flúorinn inn í sig í vægari skömmtum, sem þó gætu með tímanum leitt til sýkingar. Sérstaklega má að sjálfsögðu búast við því, eftir að afköst verksmiðjunnar hafa verið tvöfölduð.

Í grg. Rannsóknastofnunar iðnaðarins segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Það er ekki vitað svo sannanlegt sé, að menn í nágrenni álbræðslna hafi veikzt af völdum flúors."

Þetta er alls ekki sannleikur. Árið 1949 skýrði fræðimaður frá því opinberlega, að fundizt hefðu sjúklegar breytingar í tönnum skólabarna í nágrenni álmverksmiðja í Skotlandi. Þetta hef ég skv. áreiðanlegri heimild. Þetta er sennilega aðeins eitt dæmið um það, að menn sýkist í nágrenni álmverksmiðja. Það er a. m. k. möguleiki, sem alltaf verður að reikna með, að þeir, sem búsettir eru innan 5—10 km fjarlægðar frá álmverksmiðjunni í Straumsvík, geti sýkzt af völdum flúors. Þeir eiga á hættu hægfara eitrun, þessa hægfara eitrun, sem ég lýsti áðan og nefnd er fluorosis. Og svipað má segja um allt kvikt á þessu svæði. Ég skal taka það fram, að vindur á suð-vestan er tiltölulega mjög algengur í Straumsvík og í þeirri átt leggur reykinn frá verksmiðjunni beint inn yfir Hafnarfjarðarkaupstað. Ef við þetta bætist svo það, sem ég hygg vera rétt, að lognstundir ársins séu tiltölulega margar í Hafnarfirði og nágrenni Hafnarfjarðar, þá verður sá tími nokkuð langur á hverju ári, sem eiturloftið berst til Hafnarfjarðar, annaðhvort í logninu eða með suðvestanvindinum. Þá berst eiturloftið yfir Hafnfirðinga í verulegu magni og auðvitað ekki sízt eftir að verksmiðjan hefur verið stækkuð. Þá verður flúormagn í þurrefni fóðurs, sem aflað er í nágrenni Hafnarfjarðar, 30—50 ppm, sem er talsvert yfir hættumarki, og í og umhverfis Reykjavík verður flúormagnið eftir stækkunina 20—30 ppm, sem er alveg á mörkum þess að sýkja búpening. Og ég tel það mjög ólíklegt, að flúormagn, sem er svona mikið, sé hættulaust mönnum, þegar til lengdar lætur.

Ég hef gerzt nokkuð margorður um þetta. Ég hef viljað benda á, að hér verður um stórfellda mengun

andrúmsloftsins að ræða. 1900 kg af flúoreitri og eftir fá ár 3800 kg af sama eitri á hverjum degi berst til og frá með veðri og vindi, mengar jarðveginn og vatnið og berst inn í líkama manna og dýra. Og gegn þessu á fólkið að standa varnarlaust. Sjálfsagðar, kunnar varúðarráðstafanir eru forsómaðar, eða ég hef ekki annað skilið. Og þær eru forsómaðar, af því að þær kosta mikið fé. Að þessu leyti erum við Íslendingar settir skör neðar en aðrar siðmenntaðar þjóðir, sem álmbræðslu hafa. Það er eins og auðhringunum finnist, að þeir þurfi ekki að vanda okkur kveðjurnar frekar en vanþróuðu löndunum. Mér finnst það óskiljanlegur trassaskapur að hafa ekki staðið betur á verði í þessu efni. Og ég tel það nánast ræfildóm að láta bjóða sér slíkt í samningum.

Ég skal nú láta orðum mínum lokið, en bendi aðeins á enn og aftur, að hér er um stórt heilbrigðismál að ræða og kannske miklu stærra heldur en okkur órar fyrir í dag. Það er alkunna, að mengun andrúmsloftsins í þéttbýli nútímans er vaxandi vandamál. Enda þótt reykingum sé kennt um vaxandi tíðleika krabbameins í lungum, þá eru ekki allir á því máli. Margir fræðimenn efast nú um það og vilja kenna öðru um, svo sem ýmiss konar mengun í andrúmsloftinu, eins og t.d. kolsýringi og uppgufun tjöruefna úr asfalti. Hvað um flúorinn, sem berst frá verksmiðjunum, hve miklu tjóni getur hann valdið á mörgum árum í mannslíkamanum? Um þetta veit enginn í dag. Þetta er rannsóknarefni. Við getum allt eins búizt við því, að hér sé á ferðinni miklu stærra heilbrigðislegt vandamál en okkur órar fyrir nú. En sá möguleiki á einmitt að gera okkur varkárari.

Ég læt þá mínu máli lokið. Með réttu, að mínu áliti, hefur álmsamningnum verið fundið margt til foráttu og jafnvel flest, en ég tel þó þetta ekki sízt forkastanlegt, að gera engar teljandi ráðstafanir til verndar heilsu manna. Þau afglöp ein ættu að mínum dómi að nægja þessu frv. til falls.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Hv. 9. þm. Reykv., sem var að ljúka máli sínu, talaði um miklar yfirsjónir af hálfu okkar, sem að því höfum staðið að gera þá samninga, sem hér liggja fyrir. Það er stundum erfitt að meta, hver gerir mestar yfirsjónirnar. Ég ætla ekki að hafa nein stór orð um þessa ræðu, en hún vakti alveg stórkostlega undrun mína, og ég hef ákaflega sjaldan heyrt sérfræðinga, eins og þessi hv. þm. er sem læknir, tala eins gáleysislega og hann gerði. Hvers vegna kom hann ekki fyrr fram með sínar aðvaranir? Hér eiga Hafnfirðingar að detta niður í tugum og hundraðatali steindauðir áður en varir, og röðin kemur að Reykvíkingum næst.

Ég skal spara mér öll stór orð í þessu nú, en ég vil segja það, að ef eitthvert lítið brot er rétt af því, sem þessi hv. þm. hélt fram í sinni ræðu, höfum við Íslendingar til þess rétt samkv. þessum samningi að gera þær ráðstafanir, sem aðrar þjóðir hafa beztar á þessu sviði, til þess að koma í veg fyrir þetta. Og annars staðar er mér ekki kunnugt um, að flúor frá álverksmiðjum yrði mönnum að tjóni, hvað þá banavaldur.

Þessi ræða verður að sjálfsögðu tekin til alveg sérstakrar athugunar. Ef eitthvað bæri á þessu, þá stendur það í samningum þessum, að ISAL mun gera allar eðlilegar ráðstafanir til þess að hafa hemil á og draga úr skaðlegum áhrifum af rekstri bræðslunnar í samræmi við góðar venjur í iðnaði í öðrum löndum við svipuð skilyrði. Ef þetta reynist rétt — og það er af beztu mönnum, sem til þekkja, talið, að hér sé satt og rétt með farið — höfum við í þessari gr. þegar völd til þess, og það liggur fyrir á sínum tíma, áður en álverksmiðjan byrjar byggingu sína 1967 og á að vera tilbúin 1969, að gera kröfu til þess, að þær ráðstafanir séu gerðar, sem hér um ræðir. Það var hins vegar gert ráð fyrir í þessu, vegna þess að þær upplýsingar, sem stóriðjunefnd hafði fengið, og aðrir sérfræðingar, sem að þessu unnu, töldu, að það væri naumast nokkur hætta á tjóni, alls ekki á mönnum, af 30 þús. tonna verksmiðju, alls ekki á mönnum og líklega ekki á gróðri, eins og þarna háttar til, og ekki heldur taldar líkur til þess á skepnum. Talið var, að hægt væri að nota tímann, meðan verksmiðjan væri á þessu fyrsta stigi sínu, til þess að kanna og rannsaka þetta og að öðru leyti að afla meiri upplýsinga en við þegar höfum haft.

Nú má spyrja: Af hverju var þá ekki sett inn í ákvæði um það, að þeir yrðu skyldugir til að setja upp hreinsunartæki? Hv. þm. sagði sjálfur, að í slíkum verksmiðjum annars staðar væri stöðugt leitazt við að fullkomna tæki til að verjast skaðlegum áhrifum flúors, og kunnugt var um, að það hefur tekið miklum breytingum, og það eru til margar tegundir af hreinsunartækjum svokölluðum. Hér er í samningnum ákvæði um það, að þeir eigi að verjast áhrifum þessa í samræmi við góðar venjur í iðnaði í öðrum löndum. Síðan er gert ráð fyrir, að þeir eigi að framkvæma reglulegar athuganir og í samvinnu við hlutaðeigandi rannsóknarstofnun ríkisstj. Auðvitað getum við framkvæmt rannsóknir líka þar fyrir utan sjálfir. Það er ekkert, sem hindrar okkur í því. Og um reglur um öryggi, heilbrigði og hreinlæti segir í 13. gr., að að tilskildum ákvæðum 12. gr. skal ISAL byggja, útbúa og reka bræðsluna og halda henni við í samræmi við núgildandi og síðari lög og reglur á Íslandi varðandi öryggi í atvinnurekstri, heilbrigði og hreinlæti, og skal ISAL í þessum efnum vera háð eftirliti opinberra stofnana, sem ábyrgð bera á framkvæmd á slíkum reglum.

Ég hef haldið því fram fyrr og síðar í sambandi við þetta mál, að ef tilefni gæfist og það væri sannað að beztu manna yfirsýn eða á grundvelli rannsókna, að hér væri einhver hætta á ferðum, yrðu þeir að gera ráðstafanir, setja upp hreinsitæki eða önnur meðul, sem betri eru talin heldur en hreinsitæki eru í dag eða það, sem talið er í samræmi við góðar venjur í iðnaði í öðrum löndum, og þá fyrst og fremst í okkar nágrannalöndum, bæði í Noregi og Evrópulöndum o.s.frv.

Ég skal ekki hafa þessi orð miklu fleiri. Mér fannst ég gæti ekki orða bundizt, eftir að hafa hlustað á ræðu sem slíka og flutta af manni, sem er í þeirri stöðu með þá menntun, sem hér er um að ræða. Ég verð að segja, að fyrir mér hefur opinberazt það, sem enginn áður, hvorki sérfræðingar á þessu sviði né neinir aðrir,

hefur gefið mér eða okkur nokkuð svipaðar upplýsingar um, ekki í líkingu við það, sem hér hefur verið haldið fram. En þetta hefur hér komið fram, og það er að sjálfsögðu ekki um annað að ræða, og því mun ég beita mér fyrir því, ef þetta frv. verður samþykkt, að þessi ræða verði alveg sérstaklega athuguð, og það legg ég megináherzlu á, að ég ætla ekki á nokkurn hátt sjálfur að vefengja neitt, sem þarna hefur verið sagt. Ég er enginn sérfræðingur á þessu sviði, en ef eitthvað af þessu reynist vera rétt eða í námunda við að vera rétt, tel ég alveg hiklaust, að það verði þegar á fyrsta stigi þessarar álbræðslu — og við höfum rétt til þess að gera kröfu til þess eftir samningnum — gerðar þær ráðstafanir, sem aðrar þjóðir hafa og sem hafa getað komið í veg fyrir stórkostlegan manndauða af völdum slíkra verksmiðja.

Ég segi þetta örugglega vegna þess, að þegar rætt var um þetta á sínum tíma og rætt var um að setja verksmiðjuna við Eyjafjörð, töldu þeir, að það leiddi af hlutarins eðli, að þar yrði að gera strax viðeigandi ráðstafanir til þess að verjast áhrifum af flúorgasinu, eða hvað menn nú vilja kalla það, og það væri vegna þess, að þetta væri landbúnaðarhérað, og það gæti orðið mengun í grasinu og grasbítir þar af leiðandi skaðazt af því.

Ég minnist þó ekki í því sambandi, að það hafi verið neitt talað um hættu á mönnum, en það kynni að vera líka, en miðað við þær vindáttir og aðstöðu, sem er við Straumsvík, — og það liggja fyrir mjög góðar upplýsingar um margra ára bil um vindáttir þar og veðurfar, — er ekki sennilegt, að gróðri og skepnum stafi nein hætta af þessum efnum þaðan. Og því var það, að þeir höfðu í sínu samningsuppkasti frá 21. maí, sem ég hef vitnað til, að þeir skyldu gera allar viðhlítandi ráðstafanir í Straumsvík, en væru þó ekki skyldugir til þess að setja upp hreinsunartæki, og ég segi þess vegna, af því að þetta hefur verið strikað út úr fyrri uppköstum, að það hefur einmitt margsinnis verið rætt hjá okkur, að það kæmi ekki til greina og þeir yrðu að gera þær varúðarráðstafanir, sem taldar væru í samræmi við góðar venjur annars staðar, ef fram kæmi skaði af þessu. Ég bæti því við nú, að það liggur í hlutarins eðli, að ef þetta væri satt og rétt, sem hér er sett fram og fróðir menn á þessu sviði mundu staðfesta það, og þeir ekki geta varizt þeirra rökum, og við teldum, að þeir gætu það ekki, þá horfir málið þannig við frá mínu sjónarmiði, að þeir mundu þá vera skyldugir til að gera strax í upphafi þær ráðstafanir, sem annars staðar tíðkast í þessu efni. Mér er ekki kunnugt um annað en að tekizt hafi að koma í veg fyrir tjón nema þar sem, eins og fram kom hjá hv. ræðumanni, sérstaklega háttar til, t.d. í fjörðum eða dölum eða dalverpum, þar sem úrgangsefnin frá verksmiðjunni setjast um kyrrt og sitja mikið um kyrrt og leggjast yfir gróðurinn og fyrst og fremst menga hann. Mundu þau þá kannske í slíkum tilfellum líka geta verið hættuleg mönnum, það skal ég ekkert segja um.

Ég hafði ekkert svarað hv. 3. þm. Norðurl. v. um ákvæði samningsins í 12. gr. Það var nú fyrst og fremst vegna þess, að ég var svo oft búinn að taka það fram annars staðar, og menn verða að virða það mér til vorkunnar eftir allar þessar umr., þó að ég sé ekki að síendurtaka það, sem ég er margsinnis búinn að taka fram og ruglast þá kannske í því, hvort ég hef sagt það í þessari hv. d. eða aðeins í Nd., en ég tel, að þessi ræða hafi gefið tilefni til alveg sérstakrar íhugunar, og fyrir mitt leyti vildi ég mjög hafa óskað eftir því og hefði þótt vænt um, hefði hún verið komin löngu fyrr fram. Og lengi hefur nú hv. þm. haft undir höndum samningana eins og aðrir, og hefði þá verið búið að gefast betur tóm til miklu nánari athugunar á málinu. Svo skal ég ekki segja meira um það.

Um 35. gr. samningsins, sem hv. 3. þm. Norðurl. v. vék að, sá ég ekki ástæðu til að fjalla sérstaklega. Og ég veit ekki, hvort það hefði nokkra þýðingu, hvað ég segði um það atriði, sem hann talaði um, hvaða áhrif þetta kynni að hafa í sambandi við það, hver ætti að dæma um það, hvort þessi lög færu í bága við stjórnarskrána o.s.frv. En ef það mundi verða eitthvað metið síðar meir, þá skal ég ekki draga úr því, að ég er sömu skoðunar og þessi hv. þm. um þetta atriði, þó að ég sé, eins og ég segi, ekki neinn fræðimaður á þessu sviði, og það kunni kannske að orka tvímælis hjá fræðimönnum. En mér er ljúft að láta það í ljós, því að mín skoðun er sú sama sem hann lýsti hér á þessu sviði, að þeirri venju, sem er að helgast hjá okkur á þessu sviði stjórnskipunarlaganna, verði ekki breytt með löggjöf eins og þessari.

Ég skal svo ljúka máli mínu, enda er nú orðið áliðið. Ég hef hlustað á það, að menn hafa tínt til ýmislegt, sem ég hafi ekki svarað. Ég læt mér það í léttu rúmi liggja. En ég hygg, að fátt sé það, ef það er nokkuð af því, sem hér hefur fram komið, að því sé ekki einhvers staðar svarað í þingtíðindunum, ef lagðar eru saman ræðurnar í báðum deildum.

Frsm. 1. minni hl. (Helgi Bergs): Herra forseti. Ég vil ekki láta þessari umr. ljúka, án þess að gera fáeinar athugasemdir við ræðu hæstv. iðnmrh. hér fyrr í kvöld. Hann tilkynnti það í lok 1. umr. og aftur í byrjun ræðu sinnar hér áðan, að hann mundi svara hv. 3. þm. Norðurl. v. og mér.

Hv. 3. þm. Norðurl. v. hefur nú gert því skil, sem að honum sneri, og maður skyldi nú ætla, að ég hefði ýmislegt að segja um þá ræðu, sem tvívegis var tilkynnt, að væri flutt til þess að svara mér. En sannleikurinn er sá, að í ræðu hæstv. iðnmrh. kom ekkert fram, sem hrakti neitt af því, sem ég hafði sagt í ræðu minni við 1. umr. þessa máls, en þá tók ég mér það fyrir hendur að skýra frá því, hvernig ákvæði samninganna um úrskurð deilumála og lagagrundvöll hefðu þróazt, eins og þmn. sá það. Og ég lagði mig fram um það í þeirri ræðu að rekja þetta efnislega eins og það kemur fram í fundargerðum þmn., og ræða hæstv. iðnmrh. ber vitni um það að mínum dómi, að mér hafi tekizt það allvel, því að efnislega hrakti hann ekkert af því, sem ég sagði.

En hins vegar komu fram í ræðu hans nokkur atriði, sem ég vil aðeins gera að umræðuefni.

Í fyrsta lagi sagði hæstv. ráðh., að ekkert það væri í bókun okkar Ingvars Gíslasonar frá 14. fundi n., sem

færi í bága við ákvæði þessa samnings um úrskurð deilumála, gerðardóm o. s. frv. En þar segir, að við leggjum áherzlu á það atriði við áframhaldandi samningaumleitanir, að verksmiðjufyrirtækið lúti í einu og öllu íslenzkum lögum. Og það var ekki annað að skilja á hæstv. ráðh. en hann liti svo á, að þetta skilyrði væri þá algjörlega uppfyllt í þeim samningi, sem hér liggur fyrir.

Í rauninni ætti ekki að þurfa að deila um þetta. Slíku er kannske hægt að halda fram í Morgunblaðinu, en ætti ekki að vera haldið fram á hv. Alþ. Fyrirtæki, sem getur brugið sér í líki svissnesks þegns samkv. 47. gr. þessa samnings, þegar það þarf á að halda, lýtur ekki í einu og öllu íslenzkum lögum. En í 47. gr., tölulið 47.01, segir, að samkv. 25. gr., 2. tölul. d) SID-sáttmálans fallast ríkisstj. og Alusuisse á, að litið sé á ISAL sem svissneskan þegn í merkingu nefnds sáttmála. Ég veit ekki heldur, hvort í rauninni hægt sé að halda því fram í alvöru, að fyrirtæki, sem getur skotið deilumálum sínum við íslenzka ríkið, íslenzka opinbera aðila og fleiri, undir erlenda dómsaðila og þar með skotið sér undan íslenzku dómsvaldi, lúti í einu og öllu íslenzkum l. Þetta virðist mér liggja alveg ljóst fyrir.

Hæstv. ráðh. sagði, að það hefðu aldrei komið neinar till. frá mér eða Ingvari Gíslasyni, hv. 5. þm. Norðurl. e., um það, að fella gerðardómsákvæðin í burtu úr samningsuppköstunum. Mér er nú spurn, var mikið um það í þmn., að þm. legðu fram till. um það, hvað skyldi vera og ekki vera í þessum samningi? Ég verð nú að segja það, að ég man ekki eftir einni einustu. Og hvernig hefur hæstv. ráðh. sjálfur skilgreint hlutverk n. og þeirra manna, sem þátt tóku í störfum hennar? Um það segir í 14. fundargerð:

„Ráðh. kvað þátttöku í störfum n. ekki bindandi fyrir alþm. um afstöðu þeirra til málsins, þegar til meðferðar þess á Alþ. kæmi, heldur aðeins til þess að þingflokkarnir gætu kynnzt málinu, áður en það kæmi til kasta Alþ. Ráðh. kvaðst vita, að ágreiningur væri um ýmis principatriði málsins og frv. í heild."

Ég get nú vel bætt því við þessa yfirlýsingu ráðh., að ég leit þannig á, að hlutverk n. væri nú öllu meira en þetta, nefnilega að láta líka í ljós álit sitt á ýmsum efnisatriðum málsins, þó að ég hafi hins vegar aldrei litið á það sem hlutverk n. að gera till. um, hvað skyldi standa eða ekki standa í samningunum. En um það verður ekkert villzt, eins og ég rakti í ræðu minni við 1. umr. málsins, að frá hálfu okkar í þmn. var staðið fast á því, og hæstv. ráðh. gerði það raunar líka, að hinn erlendi aðili ætti að sætta sig við íslenzkt dómsvald. Ég held, að ég sé ekki að eyða tímanum í að rekja aftur þetta, sem ég rakti í ræðunni við 1. umr. Það liggur fyrir í þingtíðindum, og það kemur fram, að fram á seinustu stund létu þm. í ljósi þessa skoðun. **(Dómsmrh.:** Má ég spyrja, hvaða skoðun?) Þá skoðun, að Svisslendingarnir ættu að sætta sig við íslenzkt dómsvald.

Á 19. fundi n. 28. okt. 1965 stendur m. a. í fundargerð: Rætt um ýmis atriði skýrslunnar, einkum, svo eru tveir tölul., sem ég hleyp yfir. Svo kemur 3. tölul. um gerðardómsákvæðin, sem talið var æskilegt, að hægt væri að takmarka, — þá var að vísu byrjað undanhald, — enda væru íslenzkir dómstólar nægileg trygging fyrir Alusuisse. En undanhaldið hjá ráðh. var meira, vegna þess að hann bætir þá við: Um þetta atriði, sagði ráðh., að Alusuisse legði mjög mikið upp úr þessu ákvæði, og hann teldi sig ekki geta metið, hvort nægileg trygging væri í meðferð dómstóla einna, og vitnaði til þess, að ljóst væri af samþykkt Alþjóðabankans um gerðardóm í ágreiningsmálum ríkja og erlendra fyrirtækja, að hér væri um alþekkt vandamál að ræða og engin áhætta fyrir okkur að sætta okkur við slíkan gerðardóm. Þarna er enn látin í ljós svona seint sú skoðun af hálfu þmn., að íslenzkir dómstólar séu nægileg trygging fyrir Alusuisse.

Og næsti fundur þar á eftir er ekki haldinn fyrr en mánuði seinna, 26. nóv., og þá liggur fyrir nýtt uppkast, sem hefur inni að halda ákvæði, sem eru mjög svipuð, en ekki í því endanlega formi samt, sem þau eru nú, en mjög svipuð því, sem þau eru nú. Þetta uppkast höfðu þm. í n. fengið í hendur líklega 1—2 dögum áður en þessi fundur var haldinn 26. nóv. 1965, og það kemur fram, ekki að vísu í fundargerðinni sjálfri, en í umsögn um þetta uppkast, sem lá fyrir fundinum, að þá er enn verið að tala um, að þetta ákvæði þurfi breytinga við, og undir það var að sjálfsögðu tekið. En þegar þangað var komið, var ekki tóm lengur til neinna hluta í þessu sambandi, vegna þess að 4 dögum seinna er samninganefnd sezt á fund með Svisslendingunum og tveimur dögum eftir það gefin út yfirlýsing um efnislegt samkomulag af hálfu iðnmrn.

Ég vil líka leggja á það áherzlu í þessu sambandi, að samkv. hinni margnefndu SID-samþykkt skulu aðilar báðir samþykkja í hvert einstakt sinn, sem deilumáli er þangað skotið. En ég skil 47. gr. þannig, að ríkisstj. og Alusuisse beri að vísa deilumálum sínum þangað, þegar samningurinn hefur verið fullgiltur af ríkisstj. og ríkisstj. svissneska sambandslýðveldisins án fyrirvara eða skilyrða, eins og þar segir. Og á þessu tvennu er auðvitað mikill munur.

Ég verð að gera aths. við eitt lítið atriði í viðbót. Hæstv. ráðh. fór enn að tala um grg., sem fulltrúar ríkisstj. Íslands gerðu um samningsuppkast frá Alusuisse og dags. er 12. ágúst, grg., sem einu sinni — það var nú í Nd. — var talin bera vott um það, að ég hefði verið þessu öllu ákaflega sammála, þar sem hæstv. ráðh. gerði sig sekan um svolitla ónákvæmni, sem ég vona, að hafi verið óviljandi, en ég gjarnan vildi leiðrétta. Hann sagði frá breytingu, sem gerð hafði verið í tilefni af því, að hann og ég hefðum báðir gert aths. við orðalag í þessari grg. íslenzku samningamannanna, efst á bls. 5. í grg., sem margnefnd er, og sagði, að þessu orðalagi hefði verið breytt, áður en grg. var send Svisslendingunum. Hann las upp hið breytta orðalag, sem ég hef séð áður, en ég vissi, að þessi breyting mundi verða gerð. Orðalagsbreytingin var að sjálfsögðu til bóta, en hún var á þá leið, að í því fælist engin áhætta fyrir Alusuisse, að hagsmunir þess af verksmiðjunni yrðu látnir lúta handleiðslu þeirra, og svo bætti hæstv. ráðh. við, og það var þar sem hann gerði sig sekan um svolitla ónákvæmni, þ. e. a. s. að láta íslenzk lög gilda. Hér er ekki bara um það að

ræða. Hér er ekki bara um það að ræða að láta íslenzk lög gilda, því að þar segir svona: Það er skoðun fulltrúa ríkisstj., að þróun íslenzks réttar og réttarstofnana, og svo hið breytta orðalag, sem ég hef nú ekki orðrétt fyrir mér, að í því felist engin áhætta fyrir Alusuisse að lúta handleiðslu þeirra. Þetta verður ekki misskilið. Það er ekki bara þróun íslenzks réttar, heldur líka réttarstofnana, og það get ég ekki skilið öðruvísi en sem dómstóla.

Þetta voru nú ekki miklar aths., en ég hef nú samt tæmt það, sem ég tel ástæðu til að segja um þann þáttinn í ræðu hæstv. ráðh., sem sneri að því að svara mér, og get ég þess vegna látið máli mínu lokið, því að það var aðeins þetta, sem ég vildi koma á framfæri, en skal ekki á þessu stigi málsins taka upp ný efnisatriði til umr.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 76. fundi í Ed., 30. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: MJ, ÓB, SvG, ÞK, AuA, RJ, EggÞ, PP, JÁ, JÞ, SÓÓ.

nei: KK, ÓlJ, PÞ, AG, ÁB, HjH, GilsG, HB, BGuðbj.

2. gr. samþ. með 11:9 atkv.

Brtt. 629 felld með 11:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GilsG, HB, BGuðbj, KK, ÓlJ, PÞ, AG, ÁB, HjH.

nei: PP, JÁ, JÞ, MJ, ÓB, SvG, ÞK, AuA, RJ, EggÞ, SÓÓ.

3. gr. samþ. með 11:9 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 11:9 atkv.

Á 77. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10:4 atkv.

Páll Þorsteinsson: Herra forseti. Þetta mál er nú komið til síðustu umr. í þessari hv. d. og væntanlega til lokaafgreiðslu hér á hv. Alþ. Ég hef ekki til þessa tekið til máls í þessu máli, en ætla að leyfa mér nú, áður en það hlýtur lokaafgreiðslu, að segja um það nokkur orð. Ég mun aðallega ræða málið almennt, en minna um einstök atriði samninganna, enda hafa þeim atriðum verið gerð mjög rækileg skil af öðrum ræðumönnum, bæði við 1. og 2. umr. í þessari hv. d. og enn fremur við umr. í hv. Nd.

Með þessu máli er mörkuð ný stefna. Og þetta er sérstætt og alvarlegt mál. Það er auðsætt, hvort sem litið er til fortíðar, nútíðar eða framtíðar. Ef við lítum til fortíðarinnar og athugum sögu þjóðarinnar, er auðsætt, að sú stefna, sem tekin er upp með þessu máli, brýtur í bág við það, sem barizt hefur verið fyrir af beztu mönnum þessarar þjóðar á liðnum tíma. Sjálfstæðisbarátta þjóðarinnar var um það fyrst og fremst, að Íslendingar hefðu sjálfir full og óskoruð yfirráð sinna eigin mála, ekki aðeins fullt stjórnfrelsi, heldur og jafnframt að verzlunin yrði færð í hendur íslenzkra manna, að atvinnureksturinn yrði í höndum Íslendinga, að jarðeignir, sem t. d. konungur átti í allríkum mæli á vissu tímabili, kæmust í eigu Íslendinga, og enn fremur hefur verið stefnt að hinu sama í menntamálum þjóðarinnar, að skólarnir yrðu innlendir og algerlega á vegum innlendra stjórnvalda. Þessi saga, sem þannig er mörkuð, er óslitin síðustu aldirnar. Og á grundvelli þeirrar baráttu, sem þessi saga þjóðarinnar lýsir, auðnaðist okkur að stofna lýðveldið árið 1944.

Íslendingar hafa einnig nokkra reynslu af því að gera samninga við aðrar þjóðir, og það mun yfirleitt hafa fengizt sú reynsla af því, að það hefur þótt fagnaðarefni hverju sinni, sem samningstíminn hefur verið útrunninn, og Íslendingar hafa getað losað sig við þau bönd, sem í þeim samningum fólust. Í því efni má minna á t. d. landhelgissamninginn, sem gerður var af Dönum fyrir Íslendinga hönd 1901, að ég ætla, til 50 ára. Það var vissulega fagnaðarefni fyrir íslenzku þjóðina, þegar sá tími kom, að hægt var að losna við þann samning og þau bönd, sem þjóðin var bundin með honum. Og það má enn fremur minna á samninga af öðru tagi, þá samninga, sem í sjálfu sér voru á sínum tíma fagnaðarefni og lyftu þjóðinni eða komu þjóðinni fram á veg alldrjúgan áfanga í baráttu hennar, svo sem sambandslagasamninginn 1918. En sá samningstími, sem var 25 ár, var að ég ætla tæplega hálfnaður, þegar fulltrúar allra flokka hér á hv. Alþ. lýstu því yfir, að að því yrði keppt af þeirra hálfu og þá af stjórnmálamönnum þjóðarinnar í heild að losna við þennan samning að fullu og öllu jafnskjótt og samningstíminn rynni út. Og örlögin voru okkur Íslendingum svo hagstæð, svo mild, að okkur auðnaðist þetta á tímum heimsstyrjaldarinnar, þó að aðrar þjóðir yrðu þá að búa við mjög örðuga aðstöðu og erfið kjör.

Þeir, sem mæla fyrir þessu máli, geta ekki, sem von er til, fundið fordæmi fyrir því úr þeirri sögu, sem ég er hér að drepa á. En þeir hafa þó leitazt við í málflutningi sínum að leita einstakra fordæma úr sögu frá liðnum tíma, og í því sambandi hefur símamálið nokkuð borið á góma. Hv. 5. þm. Reykn. hefur gert þetta atriði nokkuð að umtalsefni í ræðum um þetta mál hér í þessari hv. d. og m. a. vitnað til heimilda, sem bregða nokkuð öðru ljósi á það mál, heldur en þeir hafa viljað vera láta, sem eru formælendur þessa frv. Ég skal ekki lengja umr. með því að endurtaka neitt af því, sem hv. 5. þm. Reykn. hefur sagt, en ég tek undir margt af því, sem fram kom hjá honum um þetta efni. En ég vil aðeins benda á, að símamálið er alls ekki sambærilegt við það, sem nú er verið að afgreiða hér. Landssími Íslands er í eigu Íslendinga sjálfra og undir þeirra stjórn. En hér er stefnt að því að koma á fót stóru, öflugu fyrirtæki í eigu erlendra manna. Og það á ekki að vera neitt stundarfyrirbrigði, þeirra atvinnurekstur, þeirra aðstaða og áhrif hér á landi, heldur á að gera þennan samning til 45 ára og veita þó, að mér skilst, nokkurn umþóttunartíma eftir það tímabil, svo að það er ekki fjarri lagi, að þeir eigi

samkv. þessum samningi að hafa hér meiri eða minni áfskipti um hálfrar aldar skeið.

Þá hefur verið minnzt á fossamálið í þessum umr. Það er rétt, að það var á tímabili deilt mjög um það, á hverra höndum skyldu vera yfirráð yfir fossaaflinu, og ég held, að það sé mála sannast, að við megum allir fagna því, að sú niðurstaða náðist í þeim efnum, sem raun varð á. Og ég hygg, að aðstaða íslenzku þjóðarinnar væri talsvert öðruvísi nú um þessar mundir, hefði niðurstaðan orðið á annan veg, eins og margir málsmetandi menn kepptu að, að yrði.

Það hefur einnig verið bent á það í umr. um þetta mál, að einstakir mikilsmetnir og mikilhæfir Íslendingar hafi á sínum tíma beitt sér fyrir því, að vatnsföllin íslenzku eða sum þeirra yrðu virkjuð með erlendu fjármagni, og hefur nafn Einars Benediktssonar sérstaklega verið nefnt í því sambandi. Ég held, að það sé mála sannast, að þáttur Einars Benediktssonar í þeim málum verði einna sízt til þess fallinn að halda minningu hans á lofti með þeim glæsileik, sem verðleikar hans gera réttmætt. Það er allt annað, sem mun halda nafni Einars Benediktssonar á lofti, jafnvel meðan íslenzk tunga er töluð. Það er sá skáldskapur, sem eftir hann liggur, og stórbrotið ævistarf að mörgu leyti. Og ég verð að segja, að það eru í mínum huga, og ég ætla, að það séu í huga margra fleiri Íslendinga daprar minningar við það bundnar, þegar vatnsréttindin í Þjórsá voru komin í eigu erlendra manna. Og ég tel það einn af hinum minnisverðari dögum hér á hv. Alþ., þegar okkur, sem nú sitjum hér, tókst undir forustu Hermanns Jónassonar að koma vatnsréttindum Þjórsár aftur í eigu íslenzkra manna, í eigu íslenzka ríkisins.

Í sambandi við það, sem forsvarsmenn þessa máls segja um þetta efni, vil ég leyfa mér að fara örfáum fleiri orðum um þátt hins gagnmerka og fræga manns, Einars Benediktssonar, í þessum vatna- og virkjunarmálum Íslendinga. Það er kunnara en frá þurfi að segja, að Einar bar í huga stórar hugsjónir um alhliða framfarir hér á landi og framfarir, sem ekki yrði komið áleiðis öðruvísi en með miklu fjármagni. Þetta kemur mjög víða fram, t. d. í ljóðum hans, án þess að það sé skilgreint eða útfært þar í einstökum atriðum. En þessar hugsjónir Einars voru ekki bundnar við virkjun fallvatnanna eingöngu, heldur var það aðeins einn þáttur í miklu, miklu víðtækari áætlunum. Þær snerust um ræktun landsins, eflingu fiskveiða, bættar samgöngur og virkjanir fallvatnanna. Og þetta mikilhæfa skáld dreymdi ýmsa drauma, sem ekki hafa rætzt og ekki hafa orðið raunhæfir þættir í framfarasókn þjóðarinnar. Einar ritaði t. d. um gullnámur hér á landi, sem mundu auðga mjög íslenzkt efnahagslíf, og ýmis jarðefni, svo sem jarðbiksolíu og hagnýtingu brúnkola, og hann lét sér detta í hug að flytja út ís. Ekkert af þessu hefur reynzt raunhæft, en þetta sýnir aðeins, hve hugsun hans var háfleyg og víðtæk um alhliða framfarir.

Mér er ekki kunnugt um, að Einar Benediktsson hafi nokkurs staðar útfært í einstökum atriðum þessar hugmyndir sínar skýrar og betur heldur en í ritgerðinni „Starfsfé fyrir Ísland", sem hann birti í blaðinu Ingólfi 1914. Þar talar hann um eða gerir grein fyrir því, að Íslendingar þurfi að fá erlent fé til uppbyggingar í landinu, en það eigi að vera lánsfé fyrst og fremst, það sé endurborgað. Og aðalmergurinn málsins, segir hann orðrétt, er sá, að hér þurfa að koma fyrirætlanir — það mundum við nú kalla áætlanir — um margþættar framfarir og gera sér grein fyrir því fyrir fram, í hvaða farvegi þetta fé eigi að renna. Og hann segir:

„Af öllu því, sem nú var nefnt, er auðsætt, hve mikið verk það er, sem fyrir hendi liggur, að rannsaka, hve mikla íbúatölu Ísland gæti borið, en það verður að ganga á undan, áður en því verður svarað rétt, hve mikið starfsfé lands- og hafsvæðið íslenzka gæti ávaxtað og endurborgað eftir venjulegum, evrópskum mælikvarða. Af því, sem að framan hefur verið sagt, er það ljóst, að framleiðsluafl Íslands bæði á landi og sjó er mælikvarði þess, hve mikill fjöldi manna getur lifað hér og hve mikið auðmagn getur ávaxtazt hér. Þjóðin getur vaxið og auðmagnið getur aukizt og hvort tveggja takmarkalaust, en framleiðslumáttur landssvæðisins alls hefur sín takmörk. Af þessu leiðir, að meginhugsjón Íslendinga, efling þjóðernisins, hefur hátt og voldugt mið að stefna til, og aðeins, eins og ástæður horfa nú allar, er ákveðið hlutfall milli möguleikanna og máttarins, milli landsins og þjóðarinnar, sem á að geta ráðið því, hve mikið auðmagn má flytja inn í Ísland."

Síðan gerir hann í þessari ritgerð grein fyrir einstökum þáttum í þessari áætlun, og fer ég ekki út í það. Hann minnir t. d. á, að það megi rækta á Suðurlandsundirlendinu ekki minna en 4000 ferkm. lands, og ef það yrði gert, mundi sá landbúnaður, sem á því ræktunarlandi væri rekinn, einungis geta ávaxtað og afborgað 200 millj. kr. á 10 árum, vitanlega miðað við verðgildi peninganna þá, 1914, en í framhaldi af þessu segir svo Einar Benediktsson orðrétt þessi eftirtektarverðu orð, sem ég vil — með leyfi hæstv. forseta — lesa.

„Næst auðninni, sem þjóðin býr nú við, er samflutningurinn voðalegasta hætta þjóðernisins, eins og þegar hefur verið tekið fram. Ég hef þess vegna ekki byggt 200 millj. kr. upphæðina á Suðurlandi einu, heldur á landsfyrirtækjum um endilangt Ísland. Peninga handa lánsfélögum í sveitunum og peninga handa íslenzkum stórkaupmönnum til að kaupa vöruupplög á þá staði, sem bera bezt bein viðskipti við útlönd, m.ö.o.: peningar, sem draga stórarðinn af íslenzku verzluninni inn í landið, eru það fyrsta, auðfengnasta og landshollasta fé fyrir þjóðernisstefnuna, sem vill grípa yfir og halda fast við landsbygging og hefja þjóðina yfir útlendan vinnukraft."

Ég ætla, að þetta séu alveg nægilega skýrar tilvitnanir til þess að sýna fram á það, að þeir, sem minna á hugsjónir Einars Benediktssonar í sambandi við þetta mál, fá ekki mikla stoð í þeim samanburði. Þannig horfir þá málið við, ef litið er til fortíðarinnar.

En ef við lítum til nútíðarinnar, er fyrst að því að gæta, hvernig háttað er í þjóðfélaginu um þessar mundir bæði í efnahagsmálum og um vinnuafl o. fl., sem margrætt er í sambandi við þetta mál. Ég skal því fara fljótt yfir þá sögu, því að það væri endurtekning, ef ég færi að hafa mörg orð um þessa þætti málsins.

En það er kunnara en frá þurfi að segja, að sú stefna, sem viðreisnarstjórnin á sínum tíma lofaði að fylgja og skrásetti þau loforð í hvítri bók, sem öll þjóðin fékk að gjöf, um að halda verðbólgunni í skefjum og koma atvinnuvegunum á traustan og heilbrigðan fjárhagsgrundvöll, sú stefna er í raun og veru fokin út í veður og vind. Í stað þess er hér í landi verðbólga, sem ógnar í raun og veru öllum atvinnuvegum þjóðarinnar. Þeir eru misjafnlega vel undir það búnir að mæta þessu, sumar atvinnugreinar gefast fyrr upp, en aðrar seinna, en nú er þetta mál þó komið á það stig, að það er enginn atvinnuvegur lengur óhultur fyrir þessari þróun. Vinnuaflsskortur er í landinu, þannig að undirstöðuatvinnuvegir þjóðarinnar eiga mjög í vök að verjast vegna harðrar samkeppni á því sviði, og stöðugt sígur meira og meira á ógæfuhliðina um jafnvægi í byggð landsins. Það mál hefur verið gert nokkuð að umtalsefni hér í þessari hv. d. í sambandi við annað frv., og ætla ég ekkert að endurtaka af því, sem þar kom fram. Allt það, sem þá var sagt, stendur óhaggað, enda byggt á fullkomnum staðreyndum.

Mér hefur borizt í hendur nú alveg síðustu dagana eitt tölublað af blaðinu Degi, sem gefið er út á Akureyri, og þar er í stuttri klausu birt nokkur athugun, sem gerð hefur verið á þróun þessa þáttar í þjóðarbúskapnum síðasta árið. Það er byggt á niðurstöðum Hagtíðinda, sem nýlega eru komin út, um manntalstölur frá 1. des. s. l. Og niðurstöður þessara athugana eru í örstuttu máli þannig, með leyfi hæstv. forseta.

„Bráðabirgðatölur Hagstofunnar um fólksfjölda á Íslandi 1. des. 1965 liggja nú fyrir. Samkv. þeim tölum var fólksfjöldinn 193.215, en á sama tíma árið áður 190.230. Fjölgun á árinu 2985 menn eða nálega 1,6%. Virðist fólksfjölgunin fara heldur minnkandi, því að um alllangt árabil eftir heimsstyrjöldina var hún um og yfir 2% á ári. Í þeim sveitarfélögum, sem nú eru almennt talin til höfuðborgarsvæðisins eða Stór-Reykjavíkur, var fólksfjöldinn samtals 1. des. s. l. 99.960 menn, eða nálega 100 þús. af þeim rúmlega 193 þús., sem landið byggja, og hefur fólkinu á þessu svæði fjölgað um 2091 mann á árinu en um 894 menn samt. á landinu öllu utan Stór-Reykjavíkur. Í Norðurl. e. var fólksfjöldinn 1. des. s. l. 21.102 menn og er fjölgunin 138 á árinu, en eðlileg fólksfjölgun á árinu, 1.6%, hefði verið 335. Þetta þýðir, að nálega 6 af hverjum 10, sem við bættust á árinu, hafa flutzt burtu úr kjördæminu. Á Akureyri var fólksfjöldinn 1. des. s. l. 9.628 og hafði fjölgað um 96 menn á árinu, en eðlileg fólksfjölgun, 1.6%, hefði verið rúmlega 150 manns. Þetta þýðir, að 3—4 af hverjum 10, sem við bættust, hafa flutt burt og þar að auki sem svarar öllum þeim, sem flutt hafa til bæjarins á árinu, en þeir munu vera allmargir."

Þetta eru athuganir byggðar á síðustu tölum Hagtíðinda um þennan þátt þjóðmála.

Nú er stefnt að því að koma hér upp við Faxaflóa stóriðju og virkjun hér á Suðurlandsundirlendinu, fyrirtækjum, sem samtals kosta 4—5 milljarða króna. Það gefur auga leið, hvort það er til að draga úr þeirri þróun, sem ég hef hér drepið á, eða hvort þetta verður til að örva hana, enda skilst mér, að það treysti sér í raun og veru enginn til þess að halda því fram, að það, sem stefnt er að í þessu máli, sé til þess fallið að draga úr aðstreymi fólks á þetta þéttbýlasta svæði landsins eða að snúa við þeirri þróun, sem í þessum efnum hefur ríkt. En þrátt fyrir þetta virðist þingmeirihl. vera einhuga um það að knýja þetta mál fram.

Það kemur fram í nál. um þetta mál, sem lagt var fram í hv. Nd., að frá því hafði verið skýrt opinberlega þegar á árinu 1962 af formanni stóriðjunefndar, Jóhannesi Nordal, í sambandi við þær ráðagerðir, sem nú er verið að gera að veruleika með samþykkt þessa frv., að ein aðalástæðan fyrir þessum ráðagerðum væri sú, „að íslenzkur sjávarútvegur er ekki talinn geta aukið útflutningstekjur sínar nema um 5% í hæsta lagi á ári næstu ár, og slík tekjuaukning hjá aðalatvinnuvegi landsmanna nægir ekki til að tryggja með góðu móti bætt lífskjör og velmegun í landinu. Íslendingar verða því að leita annarra möguleika til að auka útflutningstekjur sínar." Þetta, sem ég las hér, er innan gæsalappa og tekið orðrétt eftir formanni stóriðjunefndar. Þetta var sagt og skrásett 1962.

Nú er það kunnara en frá þurfi að segja, að sá tími, sem síðan er liðinn, hefur fært Íslendingum heim sanninn um, að þessi orð eru ekki á rökum reist, og þær áætlanir, sem gerðar eru eftir þessum forsendum, eru ekki í samræmi við raunveruleikann, því að sem betur fer hefur framleiðsluaukningin í sjávarútveginum verið svo miklum mun meiri síðustu árin en 5% árlega, eins og hagfræðingurinn gerði ráð fyrir. Og nú er svo komið, góðu heilli, vil ég segja, að það eru a. m. k. ýmsir menn í stjórnarliðinu, sem hafa áttað sig á þessu og viðurkenna þetta, að þessi forsenda sé ekki traust til að byggja á.

Ég minni í því sambandi á það, að þessa síðustu daga, meðan þetta stórmál hefur verið á ferðinni hér í gegnum þingið, hefur einn af þm. Sjálfstfl., hv. 11. landsk., Matthías Bjarnason, mælt fyrir till. um eflingu sjávarútvegsins, og í því sambandi, einmitt á meðan þetta mál er hér að fara gegnum þingið, hefur hann lagt vinnu í að afla sér margháttaðra tölulegra upplýsinga um þá möguleika, sem fyrir hendi eru í sjávarútveginum með því að vinna betur úr því hráefni, sem fiskiflotinn dregur að landi. Ég fer ekki að lesa neitt upp úr þeirri ræðu, ég held, að þm. hafi yfirleitt hlustað á hana, en í þeirri ræðu koma fram margar mjög eftirtektarverðar tölur og upplýsingar um þetta mál, sem auðvitað eru þá um leið þungur dómur um þá, sem hafa á undanförnum árum haldið því fram, að gjaldeyrisverðmæti Íslendinga gætu ekki aukizt nema mjög takmarkað af afrakstri undirstöðuatvinnuveganna, sjávarútvegs og landbúnaðar. Hér er þvert á móti sýnt fram á, að í þeim efnum eru mjög miklir möguleikar fyrir hendi.

En þá segja menn: Það er öllu óhætt með að samþykkja þetta mál og ráðast í þau stórvirki, sem hér er stefnt að, vegna þess að við höfum dæmi Norðmanna við að styðjast. — Ef við lítum á það, er fyrst þess að gæta, að þó að Norðmenn séu ekki stórþjóð miðað við stórveldi heimsins, þá eru þeir miklu stærri þjóð en við Íslendingar og með miklu meiri þjóðarbúskap, þegar á heildina er litið, svo að ef við berum

þetta saman og lítum á, hvað erlend fjárfesting er hátt hlutfall af heildarfjárfestingu Norðmanna og sú framleiðsla, sem þar fer fram, hátt hlutfall af heildarframleiðslu norska þjóðarbúsins, er sýnilegt, að með þessu máli er stefnt að miklu stórfelldari afskiptum og áhrifum útlendinga í íslenzkum þjóðarbúskap hlutfallslega við stærð þjóðarinnar en Norðmenn hafa lagt í til þessa. Þess er einnig að geta, að þegar Norðmenn gerðu gangskör að því að laða til sín erlent fjármagn, sem kallað er, og fá erlend fyrirtæki til að byggja upp eða styrkja atvinnulífið í Noregi, var heimsstyrjöldin nýlega um garð gengin. Og þar er ekkert sambærilegt, hvernig aðstaðan í Noregi var eftir síðustu heimsstyrjöld eða þær ástæður, sem við áttum þá við að búa. Íslenzka þjóðarbúið safnaði gróða, en Norðmenn urðu fyrir stórkostlegum áföllum. Atvinnulíf og mannvirki voru að meira eða minna leyti í rústum, og þó að þeir á þeim tíma gripu til úrræða til að rétta við með snöggu átaki atvinnulífið hjá sér og koma af stað uppbyggingu, þá er það ekki sönnun fyrir því, að það sé réttmætt fyrir okkur Íslendinga að fara að dæmi þeirra nú í þessu efni, miðað við allar ástæður hjá okkur.

En nú höfum við með höndum fleira við að styðjast í þessu efni. Hér var einu sinni á ferð bankastjóri frá Noregsbanka, Erik Bronfoss, og hann flutti erindi hér á Íslandi um erlent fjármagn í Noregi. Þetta erindi er prentað í Fjármálatíðindum 1961. Þetta er mjög yfirgripsmikið erindi, þar sem þetta mál í heild er rætt af mikilli þekkingu þessa embættismanns. En það kemur fram alveg skýrt í þessu erindi norska bankastjórans, að ef um það sé að velja að fara lánaleiðina, sem hann kallar, annars vegar, þ. e. a. s. þá leið, sem Íslendingar hafa farið til þessa við að byggja upp atvinnulíf og fyrirtæki hér á landi, eða hins vegar að koma á fót fyrirtækjum með erlendri fjárfestingu, eins og það er oft orðað, segir bankastjórinn alveg skýrt og ákveðið, að það eigi að fara lánaleiðina, ef mögulegt er.

Það kemur einnig fram í þessu erindi, að erlent auðmagn hefur sótt eftir áhrifum og aðstöðu í Noregi, og það áður heldur en hafizt var sérstaklega handa eftir þeim reglum, sem nú gilda um þetta efni þar í landi, þá hafi erlend auðfélög seilzt eftir því að eignast hlut í norskum fyrirtækjum og koma ár sinni fyrir borð í norsku atvinnulífi. Hann segir, að það hafi brezk, bandarísk, kanadísk og þýzk stórfyrirtæki komið sér fyrir í rafefna- og rafmálmiðnaðinum í Noregi og að franskir hagsmunir hafi látið til sín taka í Norsk Hydro, „stærsta fyrirtæki okkar, sem stofnað var raunar að norsku frumkvæði.“ Og hann skýrir frá því, að ýmis annar iðnaður í Noregi, svo sem smjörlíkisiðnaður, hafi verið rekinn á tímabili með þátttöku erlendra auðfélaga. Og þessi maður dregur ekki dul á það, að þessi afskipti erlendra auðfélaga hafi valdið ýmiss konar vandkvæðum í Noregi og það hafi verið reynt með lagaákvæðum að takmarka áhrif þeirra og afskipti í norsku atvinnulífi. Hann segir orðrétt:

„Tilgangur“ — þ. e. a. s. auðfélaganna — „var oftast nær sá að hagnýta sér norsk hráefni og vatnsafl. Einstöku voru stofnsett til að njóta sömu réttinda og innlendir aðilar og komast hjá tollmúrum, svo og til þess að geta sýnt orðið „norskt“ í nafni fyrirtækisins.“

Ég held, að þetta allt megi verða okkur nokkurt umhugsunarefni og eigi að hafa þau áhrif á afstöðu manna í þessu máli, að ástæða sé til, m. a. með tilliti til þessa, að fara gætilega á þeirri braut, sem hér er lagt út á.

Þá kem ég að síðasta þættinum, sem ég ætlaði að fara hér um nokkrum orðum, það er viðhorfið til framtíðarinnar í sambandi við þetta mál. Ég hef áður drepið á það, sem allir hv. þm. gera sér nú ljóst, að verðbólgan er sívaxandi hér í landi og hefur hin margvíslegustu áhrif í íslenzkum þjóðarbúskap. Ein af afleiðingum verðbólgunnar er sú, að áætlanir, sem gerðar eru til skemmri eða lengri tíma, raskast óðar en varir. Verðbólgan veldur því, að engar áætlanir standast, nema örstutta stund. Þessi dæmi höfum við fyrir okkur hér á hv. Alþ., t. d. í sambandi við vegaáætlun og margt fleira, sem við erum að fjalla um. Nú eru í þessum samningi gerðar áætlanir langt fram í tímann, og það er rætt um þær niðurstöður, sem í samningnum greinir, eins og verðlagsgrundvöllurinn hér á landi sé alveg staðfastur. Nú er það auðvitað, að verðbólgan, ef hún heldur áfram að vaxa — og allar líkur benda til þess, að einmitt þetta mál verði til þess að örva þá þróun, en ekki að draga úr verðbólguþróuninni — veldur því, að þær áætlanir, sem gerðar eru einnig í þessu efni, eins og um önnur atriði, standast ekki til langframa. Þeim þarf að breyta óðar en varir. Það er fullkomlega rétt fyrir þá, sem vilja skoða þetta mál rökrétt og ætla sér, að því er virðist, að knýja þetta gegnum þingið, að skoða rækilega þessa hlið málsins.

Eins og ég gat um, þegar ég hóf mál mitt, er með þessu máli mörkuð ný stefna, lagt út á nýja braut í þjóðlífi Íslendinga með því að samþykkja þetta mál, — lagt út á þá braut að leiða erlendan auðhring til sætis í íslenzku atvinnulífi og skipa honum þar allofarlega á bekk. Íslendingar hafa ekki af eigin viðskiptum hér í landi a. m. k. kynnzt starfsháttum og aðferðum erlendra auðhringa, sem betur fer vil ég segja, og það er af mörgum talið, að það sé erfitt að fá yfirsýn yfir starfshætti auðhringanna, eins og þeir haga sínum störfum yfirleitt í heiminum. Og ég hef ekki þá þekkingu til að bera á þessu sviði, að ég skuli út af fyrir sig fara mörgum orðum um það eða fella um það stóra dóma. En ég ætla að leiða til vitnis mann, sem ég hygg, að hæstv. ríkisstj. muni telja málsmetandi, ekki sízt á þessu sviði, og það er sjálfur efnahagsmálaráðunautur ríkisstj., Jónas Haralz. Hann hefur skrifað ritgerð, það var nú raunar áður en hann gekk beint í þjónustu íslenzka ríkisins sem efnahagsmálaráðunautur, en hann mælir eigi að síður af sinni miklu þekkingu á þessu sviði, og ég álít orð hans engu síður gild fyrir það, hvort þau eru sögð nokkrum árum fyrr eða seinna, því að það er fyrst og fremst fræðimaður á þessu sviði, sem talar. Hann hefur skrifað ritgerð um starfshætti auðhringa. Þar kemur ýmislegt fram. Ég skal nú ekki þreyta hv. dm. með löngum upplestri úr þeirri ritgerð, en ég ætla að leyfa mér, með leyfi hæstv. forseta, að lesa örfáar línur úr upphafi ritgerðarinnar. (Gripið fram í.) Hún er birt í Tímariti Máls og menningar, desemberhefti 1947, og þessi maður hefur raunar vikið að sama efni víðar eða

oftar, en það ætla ég nú ekki að gera að umtalsefni í þessari ræðu. Hann byrjar grein sína á þessum orðum, með leyfi hæstv. forseta:

„Enda þótt athygli manna á auðhringunum og hinni geysimiklu og afdrifaríku þýðingu þeirra fyrir hag og stjórnmálaþróun tuttugustu aldarinnar hafi verið vakin fyrir löngu, hefur þó furðulítið áreiðanlegt verið um þá og starfsemi þeirra vitað. Þeir hafa verið eins og voldugar skuggaverur, sem grillt hefur í, og hafa með ótal lítt sýnilegum þráðum ráðið kjörum og lífi milljóna manna, skipað örlögum heilla þjóða. Einstaka sinnum hefur tekizt að draga starfsemi sumra þeirra fram í dagsbirtuna, sýna fram á féflettingu þeirra á almenningi, völd þeirra á stjórnmálasviðinu."

Síðan eru í þessari ritgerð rakin dæmi, sem ég skal nú ekki fara að rekja, sem eru til rökstuðnings þessum almennu orðum fræðimannsins, og í lokaorðum segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Hátterni og siðalögmál þessara auðhringa er í eðli sínu að engu frábrugðið þeim aðferðum lénsherra miðaldanna að setja slár yfir vegi og neyða alla vegfarendur að greiða sér vegskatt eða brúartoll. Og ekki er heldur hægt að gera nokkurn greinarmun á þeim og hinum alþekktu amerísku bófum, sem láta friðsama borgara greiða sér skatt fyrir að fá að ganga óáreittir á götunum."

Ég tek fram, að þetta eru ekki mín orð. Þetta er orðrétt tilvitnun í ritgerð hagfræðiráðunautar ríkisstj. (**Gripið fram í:** Nei, það var ekki hagfræðiráðunautur ríkisstj., sem skrifaði þessa ritgerð.) Jú, efnahagsmálaráðunautur. (**ÓB:** Það eru 19 ár síðan.) Já, ég tók það fram í öndverðu, en hann skrifar hér sem fræðimaður, og orð hans að þessu leyti eiga að hafa sama gildi, hvaða starfi sem maðurinn gegndi á þeim tíma.

Nú er með þessu máli stefnt að því að leiða erlendan auðhring, eins og ég sagði áðan, til sætis í íslenzku atvinnulífi, og það er naumast hægt að gera sér rökrétta grein fyrir áhrifum þess á aðra lund en þá að búast við, að áhrifin af þessu segi til sín smátt og smátt og allvíða í íslenzku þjóðlífi, þegar frá líður. Alþfl. segir að vísu, að hann ætli nú að sjá fyrir þessum þætti mála, því að hann setji bara skilyrði nú þegar fyrir fylgi sínu við þetta mál. Þetta birti Alþýðublaðið fyrir nokkru og er samþykkt miðstjórnar Alþfl. Það sé skilyrði fyrir stuðningi Alþfl. við málið, að álfélaginu beri að sjálfsögðu að hlíta íslenzkum lögum um skipti við stéttarfélög, en eigi ekki að ganga í samtök atvinnurekenda, iðnrekenda eða annarra sambærilegra aðila og hafa þannig áhrif á kjarabaráttu þjóðarinnar.

Nú leyfi ég mér að spyrja út af þessu: Hvernig ætlar Alþfl. að tryggja þetta? Ég fæ ekki komið auga á, að þessi skilyrði séu nokkurs staðar skrásett eða verði lögfest í samningnum, sem hér liggur fyrir. Ég ætla, að ég muni það rétt, að forstjóri Alusuisse, sem var hér á ferðinni og átti viðtöl við útvarpsmenn og blaðamenn, hafi einmitt sagt, að þessi þáttur málsins væri ekki á dagskrá.

Ef þetta er rétt skilið, sem ég ætla vera, að þessi skilyrði séu hvergi bundin inni í samningnum, sem á að öðlast lagagildi með samþykkt þessa máls, þá fæ ég ekki séð, hvernig Alþfl. hugsar sér að tryggja þetta, þegar fram í sækir. Hér er verið að gera samning, sem á að vera bindandi fyrir þjóðina í 45 ár. Nú er það vitað, að mannsævin er takmörkuð, og líkur benda til þess, að við, sem sitjum hér nú og tökum þátt í þessari málsmeðferð, við verðum allir horfnir héðan eftir 45 ár, og það er engin vissa fyrir því, að Alþfl. verði til á Íslandi eftir 45 ár, alls engin vissa fyrir því, og bara miklar líkur fyrir því, að hann eigi ekki svo langa lífdaga. Þá er mér þetta hrein ráðgáta, hvernig Alþfl. ætlar allan samningstímann að tryggja það, að þessum skilyrðum verði fullnægt, því að þó að málið sé kannske ekki á dagskrá við afgreiðslu málsins núna eins og haft er eftir hinum erlenda forstjóra, þá getur það komið á dagskrá á samningstímanum, hvenær sem er. Og þó að jafnvel það dragist eða verði ekki, að þetta álfélag gangi formlega í samtök atvinnurekenda og fari þannig beinlínis að blanda sér í þau mál, sem íslenzku stéttarfélögin hafa afskipti af, skyldi það þá ekki reynast rétt, sem Jónas Haralz segir, að erlendu auðhringarnir þeir séu eins og voldugar skuggaverur, sem grilli í? Ætli það geti ekki verið, að það grilli einhvers staðar í áhrif þessa auðhrings í íslenzku þjóðlífi, jafnvel þótt hann gerist ekki formlegur aðili að atvinnurekendasamtökunum? Og eins og Jónas Haralz segir enn fremur, að hann kunni að hafa lag á því með ótal lítt sýnilegum þráðum að ráða kjörum og lífi manna og hafa áhrif á örlög heilla þjóða.

Nei, það sem stendur á bak við starfsemi auðhringanna, það er alþjóðleg auðhyggja, en það er ekki þjóðernisstefnan, sem Einar Benediktsson talaði um, og ég vitnaði til orða hans hér fyrr í ræðu minni. Það er ekki þjóðernisstefnan, sem vill landsbygging og grípa yfir allt landið með alhliða framförum. Nei, hér er á ferðinni alþjóðleg auðhyggja, og það sem þingmeirihlutinn er að gera með samþykkt þessa máls, það er að opna dyr fyrir þessu valdi inn í íslenzkt þjóðlíf, inn í íslenzkt atvinnulíf. Og reynslan mun nú sýna það, hvort þeir, sem standa að samþykkt þessa máls, kunni ekki síðar að verða fúsir til að opna dyr á fleiri sviðum í sömu stefnu, og ef svo verður gert, þá á þessi samningur, sem hér liggur fyrir, að vera fordæmið. Það er fyrsti stóri samningurinn af þessu tagi, sem Íslendingar gera við erlendan aðila. Þessi samningur hlýtur því að verða skoðaður sem fordæmi, ef áframhald verður á þessari braut, og þá er vert að hafa það ríkt í huga, sem svo rækilega hefur verið rakið hér í þessari hv. d. af öðrum en mér við 1. og 2. umr. þessa máls, hvaða ágallar, hvaða stórfelldir ágallar eru á þessum samningi, þar sem m. a. er gengið svo langt að afsala að nokkru leyti dómsvaldi í hendur útlendinga.

Hvernig sem á þetta mál er litið, þá er það ekki ofsagt, sem ég sagði í upphafi þessara orða, að hér væri um sérstætt mál og alvarlegt að ræða. Það er alvarlegt mál bæði gagnvart nútíðinni og gagnvart framtíðinni og á sér ekki fordæmi í íslenzkri sögu. Og það er sérstætt mál fyrst og fremst vegna þess, að hér á að gera bindandi samning, sem á að öðlast lagagildi til 45 ára. Þeir, sem taka á sig þá ábyrgð að gera þennan samning bindandi til 45 ára, þeir taka jafn-

framt á sínar herðar þá þungu ábyrgð að binda hendur þeirra, sem síðar koma inn í þessa stofnun til þess að ráða málum þjóðarinnar, þegar við höfum lokið okkar starfsdegi hér. Þetta er þung ábyrgð, og hún er sérstaklega þung, þegar þess er gætt, hve naumur sá þingmeirihluti er, sem að samþykkt þessa máls stendur, því að svo naumur er sá þingmeirihluti, að í þessari hv. d. þyrfti ekki nema einn maður úr hópi meiri hlutans að snúast til fylgis við minni hlutann, til þess að málið félli hér með jöfnum atkvæðum. En þeir, sem taka á sínar herðar þessa ábyrgð með svona naumum meiri hluta, þeir ganga einnig svo langt að neita því að leggja þetta mál undir þjóðaratkvæði. Allt þetta, efni málsins og málsmeðferðin, er því þannig, að það er að mínum dómi ekki aðeins réttmætt heldur sjálfsagt að greiða atkvæði gegn þessu máli.

Ásgeir Bjarnason: Herra forseti. Enda þótt hér hafi verið fluttar allmargar ræður um þennan samning, sem hér er til umr., og fram séu komin öll þau rök með og móti þessu máli hér á hv. Alþingi, vil ég samt sem áður með örfáum orðum lýsa minni afstöðu, án þess þó að tefja verulega fyrir þingstörfum að þessu sinni.

Hér er til umr. samningur, sem felur í sér lagagildi samnings milli ríkisstj. Íslands annars vegar og Swiss Aluminum hins vegar um álbræðslu við Straumsvík. Ef vel væri að staðið, gæti þetta mál — og vel væri, ef það væri vel undirbúið, — þá gæti það í höndum þjóðhollra Íslendinga orðið landi og lýð til framdráttar í uppbyggingu landsins og stutt almenning í því að bæta aðstöðu sína, ef vel væri að því unnið á allan hátt. En eins og fram hefur komið greinilega í þessum umr., þá er ekki því til að dreifa í þessu máli. Hér er um stórfelldan nýjan, erlendan atvinnurekanda að ræða í landinu, þar sem er álbræðslan í Straumsvík, og með allri þeirri uppbyggingu samfara þeirri stóriðju, ekki bara nú næstu árin og í framtíðinni, þá verður hér stærri atvinnurekandi erlendur en við höfum hér til haft nokkuð af að segja og þekkjum nokkuð inn á. Þar af leiðir, að höfuðatvinnuvegir þjóðarinnar, landbúnaður, sjávarútvegur og iðnaður, munu eiga erfitt með að keppa um vinnuafl og fjármagn. Eftirspurn eftir bæði faglærðum og ófaglærðum mönnum undanfarandi ár hefur verið mikil, en sú keppni, sem kann að skapast nú, hún mun mörgum reynast erfið, þannig að þessir atvinnuvegir og sú uppbygging, sem átt hefur sér stað í landinu á undanförnum árum, hún hlýtur að ýmsu leyti að eiga í vök að verjast nú í framtíðinni, þar sem hún má sín minna í þessari samkeppni en ella hefði verið.

Virkjun Þjórsár hjá Búrfelli er nauðsynjamál, sem var ekki meira stórvirki en það, að við gætum sjálfir Íslendingar án erlendrar stóriðju leyst það mál í áföngum, án þess að það út af fyrir sig raskaði nokkuð byggðajafnvægi í landinu. Framkvæmdir þessar ásamt stórframkvæmdum, sem þegar eru hafnar í Hvalfirði, kunna að raska verulega byggðajafnvægi landsins frá því sem nú er. Þessi sogkraftur, sem hér myndast í Reykjavík og nágrenni, hann sogar fólk, án þess það kannske vilji, til sín, þannig að landsbyggðin á vissulega í vök að verjast.

Hér var flutt mál um daginn um atvinnujöfnunarsjóð, sem á að vera mótvægi í þessum efnum og á að vera til þess að veita fjármagni út á landsbyggðina, og ég efast ekki um, að í ýmsum tilfellum kann það nokkuð að hjálpa, en getur þó fráleitt í öllum tilvikum stöðvað þann flótta frá dreifbýlinu, því að þar mun meira þurfa til að koma. Þar þarf einlægan vilja og skipulagða þjóðmálastefnu, ef vel á að fara í framtíðinni.

Það er sýnilegt, að samningur þessi, sem hér er til umr., hann verður samþ., og þá á ég ekki aðra ósk landi og lýð til farsældar en þá, að íslenzka þjóðin megi framvegis velja sér þá menn eina til forustu í landsmálum, sem fyrst og fremst trúa á auðæfi landsins og miða gjörðir sínar við það að efla íslenzkan iðnað, fullnýta auðæfi hafsins og síðast en ekki sízt efla landbúnaðinn og græða landið og stuðla að jafnrétti í menntun og velmegun þjóðarinnar í hvívetna.

Takist þjóðinni að velja sér slíka forustu, sem sameinar krafta sína um heill og hag landsmanna almennt, en hugsar ekki um hag auðhyggjumanna fyrst og fremst eins og hæstv. núv. ríkisstj. hefur gert, vona ég, að betur til takist í framtíðinni með framkvæmd þessa samnings en nú horfir, og það er eina von okkar Íslendinga nú á þessari stundu, að þar sem þjóðin fær ekki að segja sitt álit á þessum samningi með þjóðaratkvæðagreiðslu, að hún standi sameinuð um það að skaffa öðrum framsýnni og betri mönnum forustu þjóðmálanna í framtíðinni og þar með meðferð þessara mála svo að betur til takist heldur en við má búast hjá þeirri stjórn, sem nú situr að völdum.

Í þeirri von og þeirri trú óska ég, að þjóðin skilji sitt hlutverk, þegar til kosninga kemur, og velji sér forustu í landsmálum með það fyrir augum, að hún hafi sitt að segja, þótt henni hafi ekki verið gefið tækifæri til að segja sitt álit á þessu máli með sérstakri atkvgr., þá skilji hún sitt hlutverk í næstu kosningum og veiti þar með núv. þingmeirihluta þá ráðningu, sem honum væri fyrir beztu, það er, að hann kæmi aldrei nálægt stjórnarstörfum framvegis.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 10:9 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 675).

48. Framkvæmdasjóður Íslands.

Á 31. fundi í Sþ., 16. marz, var útbýtt frá Nd.:

Frv. til l. um Framkvæmdasjóð Íslands, Efnahagsstofnun og Hagráð [151. mál] (stjfrv., A. 322).

Á 57. fundi í Nd., 21. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Framkvæmdabanki Íslands var stofnaður með 1. nr. 17 frá 10. febr. 1953. Honum voru ætluð ýmis verkefni svo sem nánar er greint frá í þessum lögum, en segja má, að það, sem menn aðallega ætluðu sér að vinna með stofnun þess banka, var að auðvelda lántökur til fjárfestingar, og var verkefni bankans að afla slíkra lána, bæði utanlands og innan. Enn fremur skyldi bankinn greiða fyrir því, að greint yrði á milli fjárfestingarlána og venjulegra rekstrarlána. Flm. eða frsm. málsins af hálfu þáv. ríkisstj., hæstv. þáv. fjmrh., Eysteinn Jónsson, lagði ríka áherzlu á þetta tvennt í skýringum sínum á málinu. Enn fremur var til þess ætlazt, að bankinn yrði til ráðuneytis ríkisstj. í ýmiss konar fjárfestingarmálum. Hann átti að hafa rannsóknarstörf með hendi á þeim efnum. Þá var honum veitt heimild til þess að eiga og verzla með verðbréf og hlutabréf í félögum, sem beittu sér fyrir ýmiss konar framkvæmdum. Einnig var ætlazt til þess, að honum yrði fengin innheimta og umsjá með útistandandi lánum úr ríkissjóði, eftir því sem nánar yrði ákveðið, og enn fleiri verkefni, sem ég skal ekki að svo stöddu gera að umtalsefni. Ætlazt var til þess, að þessi banki hefði samstarf við Seðlabankann með þeim hætti, að Seðlabankanum yrði falin dagleg afgreiðsla bankans með samningi, sem kvæði á um, hverja þóknun Seðlabankinn fengi fyrir þessi störf.

Nú má segja, að þetta hafi farið nokkuð öðruvísi en ætlað var. Samvinnan við Seðlabankann komst aldrei á með þeim hætti, sem fyrirhugað var. Bankinn hefur raunar aflað allmikilla lána, fyrst og fremst erlendis, og veitt þau lán hér aftur, en þó hefur stofnun Seðlabankans eða réttara sagt fullkomin aðgreining hans frá Landsbankanum, sem gerð var í tveimur stökkum á þessu tímabili, fyrst með lögum frá 1957 og svo aftur frá 1961, orðið til þess, að Seðlabankinn hefur í meira mæli en séð varð fyrir, þegar lögin um Framkvæmdabanka voru sett, orðið aðalmilliliður ríkisvaldsins um lántökur, bæði innanlands og utan, svo að segja má, að verkefni Framkvæmdabankans í þessum efnum hafi orðið minna en menn í fyrstu gerðu ráð fyrir. Þá var einnig að því stefnt við stofnun Framkvæmdabankans, að hann lánaði út fé með tvennu móti, ef svo má segja, annars vegar til annarra fjárfestingarsjóða fyrst og fremst, eins og í ríkum mæli hefur orðið til Stofnlánadeildar landbúnaðarins og Búnaðarbankans, en einnig til einstaklinga eða einstakra fyrirtækja, og hefur sú starfsemi orðið mun umfangsmeiri heldur en séð verður, að menn í fyrstu hafi ætlazt til.

Sú breyting, sem á hefur orðið með eflingu annarra fjárfestingarsjóða, bæði Iðnlánasjóðs, Fiskveiðasjóðs, Stofnlánadeildar sjávarútvegsins og landbúnaðarsjóðanna, hefur gert það að verkum, að æskilegt er að koma á meiri samræmingu í þessum efnum heldur en orðið hefur samkv. þeirri þróun, sem skeð hefur eftir setningu l. frá 1953. Þess vegna er það frv. flutt, sem nú er til umr. og nefnist frv. til l. um Framkvæmdasjóð Íslands, Efnahagsstofnun og hagráð. Samkv. því er ætlazt til, að Framkvæmdabankinn breytist í Framkvæmdasjóð Íslands. Þess má geta, að á sínum tíma var nokkuð um það rætt og beinlínis sagt af frsm. málsins í Ed., þar sem málið fyrst kom fyrir, frsm. n. þar, Bernharð Stefánssyni, að deila mætti um, hvort bankanafnið væri í raun og veru rétt, hvort það væri ekki betra að kalla þetta framkvæmdasjóð eða eitthvað slíkt, og það hefur nú orðið ofan á, að sá háttur er upp tekinn. Það er þá fyrst og fremst fyrirhugað nú, að bankinn eða sjóðurinn réttara sagt hafi svo að segja eingöngu skipti við aðrar fjárfestingarstofnanir og einnig við opinbera aðila, ef þeir ráðast í meiri háttar framkvæmdir. En lán til einstaklinga og einstakra fyrirtækja að öðru leyti séu úr sögunni. Það ber því að skoða þetta frv. í nánu samhengi við önnur frv., sem sum eru á dagskrá hér í dag, og einnig tvö, sem eru þegar lögð fyrir þingið, og eitt, sem væntanlegt er. Það er sem sagt frv. um Fiskveiðasjóð Íslands, breyt. á Seðlabankalögunum og um Stofnlánadeild verzlunarfyrirtækja, frv. um Iðnlánasjóð, sem var til 1. umr. hér á síðasta fundi þessarar hv. d., frv. til l. um Lánasjóð sveitarfélaga og væntanlegt frv. um Atvinnujöfnunarsjóð. Öll þessi frv. eru í nánu samhengi og má segja, að afgreiðsla þeirra sé tengd mjög, verði að nokkru leyti að skoðast sem sama málið, þótt mjög margþætt sé.

Til þess að ná betra samhengi og fullri samvinnu milli þessara ólíku aðila, hefur þótt eðlilegast að fá Seðlabankanum meiri ráð yfir Framkvæmdasjóðnum heldur en raun hefur á orðið og raunar enn meiri ráð heldur en jafnvel var ætlazt til samkv. 1. frá 1953, en það ákvæði komst aldrei í framkvæmd, eins og ég áður gat um. En þó er það svo, að Framkvæmdasjóðurinn á að hafa sérstaka stjórn, eins og segir í 6. gr. frv., og er hún í höndum 7 manna, sem kosnir eru með hlutfallskosningum á Alþ. til fjögurra ára í senn, og jafnmargra til vara. En þessi stjórn skal hafa samráð við Efnahagsstofnunina, Seðlabanka Íslands og viðskiptabankana. Sjóðurinn heyrir undir fjmrh. Enn fremur er á það að líta, sem segir í 9. gr., að Seðlabankinn undirbýr fyrir stjórn Framkvæmdasjóðs árlegar áætlanir um lánveitingar Framkvæmdasjóðs og fjáröflun til hans í samráði við fjmrn. og Efnahagsstofnunina. Einnig skal um áætlanir þessar haft samráð við viðskiptabankana og stjórnir opinberra fjárfestingarlánastofnana. Um nánari störf er það svo, að stjórn Framkvæmdasjóðs tekur ákvarðanir um lánveitingar Framkvæmdasjóðs og ráðstöfun á fjármunum hans. Hún tekur ákvarðanir um heildaráætlun, er gera skal á ári hverju um ráðstöfunarfé Framkvæmdasjóðs, bæði eigið fé og lánsfé, og heildarútlán hans og skiptingu þeirra á milli fjárfestingarlánastofnana og einstakra framkvæmda. Og heimilt er henni að setja fjárfestingarlánastofnunum skilyrði um notkun þess lánsfjár, er þær fá úr Framkvæmdasjóði.

Það er ljóst af þessum ákvæðum í 9. og 7. gr., að lán verða ekki tekin til handa Framkvæmdasjóði nema með samþykkt stjórnar sjóðsins, en ætlazt er til þess, að Seðlabankinn í samráði við þá aðila, sem taldir eru í 9. gr., og þá í nánum tengslum við framkvæmdaáætlun ríkisins geri till. um fjáröflun til handa sjóðnum á hverju ári. En úrslitaráðin um lántökur verða hins vegar í höndum sjálfrar framkvæmdasjóðsstjórnarinnar, enda tekur hún ákvarðanir um vexti og önnur

útlánakjör Framkvæmdasjóðs að höfðu samráði við fjmrh. og Seðlabankann og séu vextirnir ekki hærri en Seðlabankinn ákveður vexti hæsta af sambærilegum skuldum. Loks úrskurðar stjórnin reikninga sjóðsins og tekur ákvarðanir um ráðstöfun tekjuafgangs svo og um afskriftir af kröfum sjóðsins.

Aftur á móti er bæði afgreiðsla og dagleg stjórn og meðferð sjóðsins í höndum Seðlabankans, eins og nánar segir í 8. gr. Um reikningshald, endurskoðun útgáfu fjárhagslegra skuldbindinga og annað, er varðar rekstur Framkvæmdasjóðs, fer eftir ákvæðum 1. nr. 10 1961, um Seðlabanka Íslands, svo og reglugerð hans, eftir því sem við getur átt. Það er því ljóst, að bankastjórar Seðlabankans skrifa undir lántökuskuldbindingar af hálfu sjóðsins, þó að það sé sjóðsstjórnin, sem tekur, eins og ég greindi áður, ákvörðunina um það, hvort slík lán skuli tekin.

Það er mat manna, þeirra sem til þekkja, að með þessum hætti muni nýtast betur það fé, sem til ráðstöfunar er hverju sinni, bæði eigið fé sjóðsins, sem er orðið allmikið, og ráðstöfunarfé, sem hann fær með lántökum innanlands eða utan eða með öðrum hætti. Það verði komið í veg fyrir tvíverknað og menn átti sig til betri hlítar á því, hvaða möguleikar séu fyrir hendi hverju sinni um fjárfestingarlán, hvort heldur í landbúnaði, sjávarútvegi eða iðnaði á vegum Atvinnubótasjóðs eða Atvinnujöfnunarsjóðs eða handa sveitarfélögunum samkv. þeim lánasjóði, sem frv. hefur nú verið lagt fram um, sveitarfélögunum til fyrirgreiðslu.

Það er þessi aukna samræming í störfum, sem ég legg mest upp úr, og hygg, að að mestu gagni komi. En þá er einnig á það að líta, að ætla verður, að nokkur sparnaður fáist við rekstur sjóðsins, það verði hægt að komast af með færri menn, þegar sjóðurinn þannig er tekinn í hendur Seðlabankans, en nú, þegar hann er rekinn sem sérstök stofnun. Það er einnig á það að líta, að sum af verkefnum bankans, sem ráðgerð voru 1953, eru nú komin í hendur annarra aðila, bæði Efnahagsstofnunarinnar, ýmiss konar rannsóknarstörf, sem Framkvæmdabankinn hafði komið sér upp sérstakri deild til að annast, en samkomulag varð á milli þessara aðila á sínum tíma um, að Efnahagsstofnunin skyldi taka að sér og koma þannig í veg fyrir tvíverknað, sem ella var viðbúið, að ætti sér stað. Eins er Ríkisábyrgðasjóður nú tekinn við sumum af þeim innheimtustörfum a.m.k., sem Framkvæmdabankanum voru ætluð með 1. frá 1953, þó að hann raunar enn hafi umsjá allmargra lána fyrir hönd ríkissjóðs.

II. kafli frv. fjallar svo um Efnahagsstofnun og er lögfesting á því skipulagi, sem upp hefur verið tekið og staðið hefur nú um nokkurra ára bil. Það er enginn vafi á því, að Efnahagsstofnunin hefur nú þegar orðið að mjög miklu gagni. Það er eðlilegt, að deilt sé um sumar þær ráðleggingar, sem frá henni hafa komið. Þær eru eðli málsins samkv. pólitísks eðlis margar og snerta kjarna deilumála á milli flokka og hagsmunahópa. Framhjá þessu verður ekki komizt, en það ber einnig að viðurkenna, og ég vona, að það sé viðurkennt af öllum, að mjög markverðar athuganir og rannsóknir í efnahagsmálum hafa átt sér stað á vegum þessarar stofnunar, athuganir, sem er mjög erfitt að vera án og hafa orðið til mikillar leiðbeiningar, bæði fyrir ríkisstj., Alþ. og í samningum um ýmiss konar fjárhagsleg efni, kaupgjald og annað slíkt. Það er ætlazt til þess, að Efnahagsstofnunin heyri undir forsrh., sem skipi forstjóra hennar, eins og gert hefur verið fram að þessu. Verkefni hennar er greint í 13. gr., að undirbúa fyrir ríkisstj. framkvæmdaáætlanir og fylgjast með þeim áætlunum, sem gerðar hafa verið, og endurskoða þær, semja þjóðhagsreikninga og áætlanir um þjóðarbúskapinn fram í tímann, að framkvæma aðrar hagfræðilegar athuganir fyrir ríkisstj. svo og fyrir Seðlabankann og framkvæmdasjóðsstjórn, eftir því sem um semst, og vera ríkisstj. til ráðuneytis í efnahagsmálum.

Undir kostnaði við þessa stofnun er ætlazt til, að ríkissjóður, Seðlabanki Íslands og Framkvæmdasjóður standi, eins og hingað til hefur verið, þ.e.a.s. Framkvæmdabankinn í stað Framkvæmdasjóðs samkv. þessu frv., og hefur hver þessara aðila um sig borgað þriðjung kostnaðarins fram að þessu, og geri ég ráð fyrir, að sami háttur verði á hafður í þeim samningum, sem ætlazt er til að komizt á samkv. 15. gr.

Loks er í III. kafla frv. ákveðið að stofna skuli hagráð, er verði vettvangur, þar sem fulltrúar stjórnvalda, atvinnuvega og stéttarsamtaka geti haft samráð og skipzt á skoðunum um meginstefnuna í efnahagsmálum hverju sinni. Í 18. gr. er tiltekið, hvaða aðilar eigi þátt í hagráði. Í því skulu eiga sæti tveir ráðh. tilnefndir af ríkisstj., og skal annar þeirra vera formaður ráðsins. Og þá eiga eftirtaldir aðilar rétt á að tilnefna hver einn fulltrúa og jafnmarga varafulltrúa í hagráð til eins árs í senn. Þarna er um að ræða rétt, sem aðili fær, en ekki skyldu. Það er A. S. Í., BSRB, Farmanna- og fiskimannasamband Íslands, Félag ísl. iðnrekenda, Iðja, félag verksmiðjufólks í Reykjavík, Landssamband iðnaðarmanna, Landssamband ísl. útvegsmanna, Landssamband ísl. verzlunarmanna, Samband ísl. sveitarfélaga, Sjómannasamband Íslands, Stéttarsamband bænda, Stéttarsamband fiskiðnaðarins, stjórnmálaflokkar, sem fulltrúa eiga á Alþ., Verkamannasamband Íslands, Verzlunarráð Íslands, Vinnumálasamband samvinnufélaganna og Vinnuveitendasamband Íslands. Ef verksmiðjufólk stofnar landssamband í stíl við sjómannasambandið, verkamannasambandið og verzlunarmannasambandið, er ráðgert, að það fái tilnefningarrétt á fulltrúa, þ.e.a.s. Iðja heldur þessum rétti einungis á meðan landssamband í þessari grein hefur ekki komizt á. Það má sjálfsagt deila um, hvort þessi talning hér sé alfullkomin. Það gætu e.t.v. komið fleiri aðilar til álita. Þá er að skoða það í meðferð þingsins.

Um þetta hagráð eins og fleira er eðlilegt, að það herðist í reynslu, og það sést í raun og veru ekki fyrr heldur en starfsemi þess er hafin og hefur staðið nokkra hríð, hvort það verður að því gagni, sem til er ætlazt, og hvort það að öllu leyti er rétt skipað eða fundizt hefur rétt form fyrir starfsemi þess strax í upphafi.

Ráðið á að heyra undir viðskmrh. og skal koma saman til fundar, þegar formaður þess ákveður eða minnst 4 ráðsmenn óska. Meginverkefni hagráðs skal

vera að ræða ástand og horfur í efnahagsmálum þjóðarinnar. Efnahagsstofnunin á að leggja fyrir hagráð tvisvar á ári, í apríl og okt., yfirlitsskýrslur um þróun þjóðarbúskapar og horfur í þeim efnum, þar á meðal varðandi framleiðslu, fjárfestingu, greiðslujöfnuð, afkomu atvinnuveganna og verðlags- og kaupgjaldsmál. Þjóðhags- og framkvæmdaáætlanir ríkisstj. skulu lagðar fyrir hagráð. Einstakir fulltrúar í hagráði geta óskað umr. um sérhvern þann þátt efnahagsmálanna, sem þeir telja ástæðu til, að hagráð ræði. Umræðuefnin skulu ákveðin og tilkynnt ræðumönnum með hæfilegum fyrirvara. Skýrslur um umr. í hagráði skal jafnan senda ríkisstj. og sömuleiðis ályktanir, sem gerðar kunna að vera. Hagráð getur kosið undirnefndir úr sínum hóp til þess að fjalla um ákveðna þætti efnahagsmála. Ráðgert er, að störf í hagráði verði ólaunuð. Efnahagsstofnunin á að undirbúa fundi hagráðs og annast skrifstofustörf á þess vegum, en kostnaður við þessa stofnun á að greiðast úr ríkissjóði.

Ég hef þá gert grein fyrir meginefni þessa frv. og sé ekki ástæðu til þess að fjölyrða um það frekar að svo komnu, en legg til, að því verði vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Það eru aðeins nokkur orð, áður en þetta mál fer til n.

Segja má, að í þessu felist ekki neinar stórfelldar breytingar frá því, sem nú er, þó að í þessu sé gert ráð fyrir nokkuð öðru fyrirkomulagi en tíðkazt hefur um sinn að sumu leyti. En þó verða með þessu breytingar, sem ég sé sérstaka ástæðu til að vekja athygli á og sem ég hygg, að þurfi að athuga betur, en enn þá hefur verið gert.

Aðalefni þessa frv. er að breyta Framkvæmdabankanum í Framkvæmdasjóð, að lögfesta Efnahagsstofnunina, eins og hún er, og setja á laggirnar hagráð, sem yrði eins konar umræðuhópur, þar sem fulltrúar frá ýmsum aðilum bæru saman bækur sínar, og kæmi þetta hagráð saman a.m.k. tvisvar á ári.

Um fyrsta liðinn, að breyta Framkvæmdabankanum í Framkvæmdasjóð, vil ég sérstaklega vekja athygli á því, að ef frá því verður gengið á þann hátt, sem gert er ráð fyrir í frv., verður lokað fyrir þær lánveitingar, sem Framkvæmdabankinn hingað til hefur innt af hendi til einstaklinga og fyrirtækja, en eingöngu er gert ráð fyrir, að Framkvæmdasjóðurinn láni til fjárfestingarlánastofnana. Lán til einstaklinga og fyrirtækja falla því alveg niður. En einnig er heimilt eftir þessu að lána til opinberra framkvæmda, en lán til einstaklinga og fyrirtækja falla niður. Ég held það mjög vafasamt, að þetta sé skynsamlegt og þetta fái staðizt, þegar tekið er til athugunar, að ýmsir hafa fengið lán til þarflegra hluta, sem ekki geta komið undir neina af þeim stofnlánadeildum, sem gert er ráð fyrir, að fái lán úr Framkvæmdasjóðnum. Ég nefni t.d. fyrirtæki, sem hafa með höndum samgöngur, veitingarekstur, móttöku ferðamanna og ýmis þjónustufyrirtæki, sem ekki geta flokkast undir iðnað. Ég kem ekki með neina upptalningu á þeim fyrirtækjum, sem þarna geta komið til greina, en þau eru ærið mörg og sjálfsagt í fleiri flokkum en þeim, sem ég hef nú nefnt, og sum af þeim eru býsna þýðingarmikil og þurfa að geta fengið fjárfestingarlán, enda hefur reynslan orðið sú, að þess háttar fyrirtæki hafa getað fengið talsverða fyrirgreiðslu í Framkvæmdabankanum.

Ég nefni líka í þessu sambandi — ég mundi ekki eftir því áðan — fyrirtæki, sem vinna með þungavinnuvélum. Það er mjög vafasamt, að þau gætu komið undir Iðnlánasjóð, að því er mér skilst, eins og framkvæmdum er hagað þar, og þarf að athuga gaumgæfilega, að þau verði ekki útundan í þessu sambandi. Ég hygg því, að það væri skynsamlegt að gera ráð fyrir því, að Framkvæmdasjóðurinn gæti haft rétt og skyldu raunar til þess að lána eitthvað beint til einstaklinga og fyrirtækja, þeirra, sem ekki gætu komið undir fjárfestingarlánastofnanirnar, sem eiga að fá frá sjóðnum peninga.

Þá vil ég nefna, að Framkvæmdabankinn hefur haft með höndum þá starfsemi að taka lán erlendis, bæði fyrir ríkið og ríkisstofnanir, og mér skilst, að þessi Framkvæmdasjóður eigi að gera það framvegis á hliðstæðan hátt og Framkvæmdabankinn hefur gert, hann eigi að taka lán fyrir opinber fyrirtæki og fyrir ríkið, ef það þykir henta. En Framkvæmdabankinn hefur gert meira. Hann hefur einnig tekið lán erlendis og endurlánað fé aftur til ýmissa fyrirtækja innanlands beint, og í þessu efni hefur Framkvæmdabankinn haft með höndum mjög þýðingarmikla fyrirgreiðslu fyrir marga og komið mörgu góðu til leiðar. En mér skilst, að með þessu frv., eins og það liggur fyrir, verði þessi starfsemi alveg útilokuð. Erlendu lánin, sem Framkvæmdasjóðurinn getur tekið, verða annaðhvort að vera opinber lán eða þá lán handa þeim fjárfestingarsjóðum, sem eiga að fá fé sitt frá Framkvæmdasjóðnum, en á hinn bóginn útilokað að Framkvæmdasjóðurinn taki lán erlendis og endurláni það beint til einstaklinga eða fyrirtækja. Gæti það þó verið nauðsynlegt, ef um er að ræða starfsemi, sem ekki fellur undir neinn af fjárfestingarlánasjóðunum. Ég bendi á, að það er mjög varhugavert að loka þessu, eins og mér sýnist gert með þessu frv.

Þá vil ég loks benda á það í sambandi við Framkvæmdasjóðinn, að við höfum haft hér till., framsóknarmenn, í hv. Alþ. eða frv. um að stofna framleiðnilánadeild við Framkvæmdabankann, og var það hugsun okkar, að talsvert fé yrði tekið frá og ætlað til þess að lána til framleiðniaukningar, þ.e. hagræðingar og vélvæðingar og meiri tækni en enn þá er orðin í ýmsum atvinnugreinum. Var það ætlun okkar, að þessi lán yrðu veitt umfram venjuleg stofnlán. Þessi hugmynd er að nokkru leyti tekin upp í sambandi við frv., sem nú er komið frá hæstv. ríkisstj. um Iðnlánasjóð, en ég leyfi mér að benda á, að ég teldi eðlilegt, að inn í þetta frv. kæmi einmitt ákvæði um slíka framleiðnilánadeild í Framkvæmdasjóðnum, þar sem gert yrði ráð fyrir lánveitingum umfram það, sem á sér stað eftir venjulegri reglu úr fjárfestingarlánastofnunum. Mundi þá það einnig verða til þess, að stjórn Framkvæmdasjóðsins og ráðunautar hans mundu taka þessi málefni, þ.e.a.s. framleiðnimálin, hagræðingarmálin og vélvæðingarmálin, fyrir í þessari stofnun og reyna að kryfja þau til mergjar,

ekki aðeins fyrir eina starfsgrein heldur miklu almennara og víðtækara heldur en verður, ef þau eru skoðuð í hverjum stofnlánasjóði út af fyrir sig. Ég tel því, að það væri hyggilegt að taka þessa hugmynd upp og setja ákvæði um þessa deild inn í frv., og leyfi ég mér að beina því til þeirrar hv. n., sem fær málið til meðferðar.

Þá er það II. kaflinn um Efnahagsstofnunina. Ég ætla ekki að fara að ræða nú almennt um efnahagsmálin. Það verður nægilegt tækifæri til þess að gera það á næstunni og ástæðulaust að vera að blanda því inn í þetta mál. En sjálfsagt erum við allir sammála um það, að það þarf einhvers konar ráðuneytisdeild eða einhvers konar stofnun, sem vinnur margt af því, sem Efnahagsstofnuninni er ætlað að vinna varðandi áætlunargerðir og upplýsingasöfnun og annað því líkt. En ég vil leyfa mér að benda á, að eins og þessi málefni hafa þróazt, undirbýr Efnahagsstofnunin ýmsar áætlanir, og m.a. undirbýr Efnahagsstofnunin áætlanir um framkvæmdir ríkisins, og eftir því sem ég bezt veit, er hún farin að undirbúa talsvert mjög sundurliðaðar áætlanir um framkvæmdir ríkisins í samgöngumálum, raforkumálum og fjöldamörgum öðrum málaflokkum. Og þegar inn á þá braut er komið, að stofnun eins og Efnahagsstofnunin vinnur þvílíkt verk og gerir áætlanir um einstakar framkvæmdir í þessu tilliti, sumar framkvæmdir, sem fé hefur verið veitt til á fjárl., aðrar, sem fé hefur ekki enn þá verið veitt til á fjárl., mundi ég fyrir mitt leyti telja skynsamlegt, að inn á þá braut væri farið að hafa þingkjörna stjórn yfir Efnahagsstofnuninni eða a.m.k., að fulltrúar frá þingflokkunum væru í stjórn þessarar stofnunar. Það er að sjálfsögðu eðlilegt, að stjórnarflokkar hverju sinni og ríkisstj. hefði, ef maður gæti orðað það þannig, á sínum vegum meiri hl. í stjórn slíkrar stofnunar, en þar væru fulltrúar frá öllum þingflokkum. Ég rökstyð þetta m. a. með því, að ég tel það brýna nauðsyn, að fulltrúar frá Alþ. ættu þannig ekki aðeins aðgang að, heldur einnig þátt í þeim framkvæmdaáætlunum um opinberar framkvæmdir, sem gerðar eru á hverjum tíma, og ég álít, að þessi mál muni dragast um of úr höndum Alþ., ef þessari stofnun verður stjórnað eingöngu af embættismönnum á vegum ríkisstj.

Það, sem ég bendi nú á, er nokkuð í framhaldi af því, sem vakti fyrir mér, þegar Framkvæmdabankinn var settur á fót upphaflega, því að þá var gert ráð fyrir því, að hann hefði með höndum fjárfestingarlánastarfsemi og áætlunargerð, framkvæmdaáætlunargerð, og bankinn yrði í reyndinni ráðunautur ríkisstj. um fjárfestingarmál, sem raunar varð ekki eins mikið úr og hugsað hafði verið. En þetta var hugsað þannig, að þessi málefni kæmu þar öll undir, og þá var gert ráð fyrir því, að stjórn Framkvæmdabankans hefðu með höndum þingkjörnir fulltrúar, og var það miðað við það að slíta hann ekki úr sambandi við Alþ., vegna þess hvernig verkefni hans áttu að vera. Ég mundi því telja hyggilegt að breyta þessum kafla frv. á þá lund að ætla Alþ. að kjósa eða þingflokkunum að tilnefna stjórn Efnahagsstofnunarinnar. Ég tel talsverða hættu á því, að þessi mál dragist um of, sérstaklega að því er varðar opinberu framkvæmdirnar sjálfar, dragist um of, ákvörðunarvaldið sjálft dragist um of úr höndum Alþ. og yfir til embættismannavaldsins og ríkisstj., ef ekki verður að því ráði horfið. Ég vil biðja hæstv. ríkisstj. að íhuga þetta atriði og n., sem fær þessi málefni til meðferðar.

Loks vil ég segja það viðvíkjandi hagráðinu, að þar er gert ráð fyrir, að margar stofnanir eigi fulltrúa og það verði eins konar umræðuhópur, ef svo mætti segja, sem kemur saman a.m.k. tvisvar á ári. Auðvitað veltur allt á framkvæmdinni um það, hvort þetta verður að gagni eða ekki, en til tjóns getur þetta að mínu viti tæpast orðið eða raunar ekki orðið og því ekki óskynsamlegt að reyna þetta, en það veltur að sjálfsögðu mest á framkvæmdinni, hvaða gagn að þessu verður.

Ég mun ekki á þessu stigi ræða um skipan hagráðsins eða. hvaða stofnunum er ætlað að tilnefna í hagráðið, en tel nú, að þeim ákvæðum sé nokkuð ábótavant. Ég fer ekki út í það hér, en tel, að það sé miklu eðlilegra að skoða það í n., og þá ekki síst, þegar hæstv. ráðh. gat einmitt um það, að þetta gæti verið álitamál og væri einmitt rétt að íhuga það nánar.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Með frv. þessu er lagt til, að Framkvæmdabanki Íslands verði lagður niður, en í staðinn verði stofnaður Framkvæmdasjóður Íslands. Í rauninni er hér ekki gert ráð fyrir ýkjamiklum breytingum, þó að svo virðist við fyrstu sýn, því að gert er ráð fyrir því, að þessi nýi framkvæmdasjóður eigi að taka við öllum störfum Framkvæmdabankans og starfa í öllum meginatriðum, sýnist mér, á svipuðum grundvelli og Framkvæmdabankinn hefur gert. Þó eru gerðar þar á minni háttar breytingar.

Aðalbreytingin, sem í þessu frv. felst að mínum dómi, er sú, að gert er ráð fyrir því að færa það valdsvið, sem hefur verið, og þau verkefni, sem verið hafa hjá Framkvæmdabankanum, þeirri sérstöku stofnun, yfir til Seðlabankans. Að vísu er gert ráð fyrir því, að sérstök stjórn verði fyrir þessum nýja Framkvæmdasjóði, en framkvæmdastjórn sjóðsins á að vera í höndum Seðlabankans. Mér sýnist því, að aðalbreytingin sé þessi, sem ég sagði, að hér er verið að færa yfir til Seðlabankans í öllum meginatriðum þau störf, sem áður voru hjá Framkvæmdabankanum, og það valdsvið, sem hjá honum lá.

Hæstv. forsrh. sagði hér, þegar hann talaði fyrir þessu máli, að hann teldi, að með þessu breytta fyrirkomulagi mundi fást nokkuð aukin samræming í veitingu fjárfestingarlána, og það er greinilegt, sérstaklega, þegar þau önnur frv. eru höfð í huga, sem hér liggja nú einmitt fyrir á dagskrá þessa fundar og fjalla um stofnlánasjóði, að það virðist vera stefnan að tengja meira og meira stofnlánasjóðina og verkefni þeirra beint við Seðlabankann. Og það má vitanlega segja það, að með því að færa meira og meira af þessu valdi yfir til eins og sama aðila, þ.e.a.s. yfir til Seðlabankans, megi búast við því, að meira samræmi yrði þar í störfum heldur en áður hefur verið.

En ég held, að hér sé ekki tekið rétt á málunum. Ég held, að það sé alltaf verið að færa verkefni Seðlabankans lengra og lengra frá því, sem til var ætlazt í

upphafi með Seðlabankann, og frá því, sem í raun og veru eiga að vera grundvallarverkefni Seðlabanka. Seðlabankinn á að vera banki bankanna, eins og sagt hefur verið. Hann á að hafa sín beinu viðskipti við bankastofnanir, og það á að skilja hans verkefni sem allra mest frá hinum venjulegu störfum viðskiptabanka, þ.e.a.s. þeim störfum, sem lúta að því að hafa samband við þá, sem taka lánin eða standa í rekstri með einum eða öðrum hætti. En með þeim breytingum, sem bæði felast í þessu frv. og öðrum þeim, sem flutt eru hér samhliða þessu, um sama efni, er beinlínis verið að draga Seðlabankann meira og meira inn í það að skipta sér af hinum almennu viðskiptabankastörfum eða störfum almennra fjárfestingarlánasjóða. En störf þeirra eru allt annað verkefni heldur en verkefni eiginlegs seðlabanka.

Ég tel, að þessi stefna sé röng og óheppileg. Eins og ég tel, að það sé rétt að reyna að byggja lánakerfið upp þannig, að stofnlánasjóðirnir séu sem mest aðgreindir frá viðskiptabönkunum, eins held ég, að það sé nauðsynlegt að halda Seðlabankanum vel aðgreindum, bæði frá stofnlánasjóðum og viðskiptabönkum. Yfirstjórn hans á peningamálunum á að vera þess eðlis, að hann setur sínar almennu reglur, hefur eftirlit með því, sem hinar einstöku greinar í þessu fjármálakerfi hafa með að gera, en Seðlabankinn á ekki að dragast inn í þessi störf beint. En það er alveg sýnilegt, að ef að því ráði verður horfið, sem stefnt er að með þessu frv. og öðrum þeim stofnlánafrv., sem hér liggja nú fyrir, verður verksvið Seðlabankans að mjög miklu leyti orðið bundið við það að hafa bein áhrif á það, hvernig verður háttað í einstökum atriðum veitingu stofnlána og lána, sem tengjast mjög við hinn almenna rekstur í landinu. Ég held, að Seðlabankinn sé þegar kominn of langt á þessari braut og það eigi ekki að bæta þar við.

Um hitt atriðið, að leggja Framkvæmdabankann niður eða skipta um nafn hans og kalla hann hér eftir Framkvæmdasjóð og láta hann í meginatriðum hafa þau verkefni, sem tilgreind eru í þessu frv., er ekkert sérstakt að segja. Ég held, að þessi sjóður gæti vel komið að góðu gagni og samkv. því formi, sem þessum framkvæmdasjóði er sniðið með þessu frv., væri hægt að bæta nokkuð þær útlánareglur, sem í gildi hafa verið hjá Framkvæmdabankanum, og það væri hægt að auka samræmi meira í veitingu fjárfestingarlána frá því, sem verið hefur, án þess að þörf sé á því að ákveða, að þessi Framkvæmdasjóður skuli vera nokkurs konar deild í Seðlabankanum eða í vörzlu Seðlabankans og raunverulega undir daglegri stjórn hans.

Um önnur atriði, sem hér koma fram í þessu sérstaka frv., sé ég ekki ástæðu til að vera margorður að þessu sinni. Sá kafli frv., sem fjallar um Efnahagsstofnunina, táknar enga breytingu frá því, sem verið hefur, og það nýja hagráð, sem gert er ráð fyrir í frv., að sett verði á fót, það má vissulega segja, að það geti orðið til einhvers gagns, en fremur held ég nú, að það yrði takmarkað, hvað slíkt ráð fengi áorkað, eins og aðstæður eru allar hjá okkur.

Við þessa umr. vildi ég sérstaklega láta þetta koma fram sem mína almennu skoðun. Ég hef ekki á móti því, að Framkvæmdasjóður verði settur á fót með þeim verkefnum, sem mörkuð eru í frv., en ég tel mjög óhyggilegt að blanda honum á nokkurn hátt saman við Seðlabankann og það sé búið að gera of mikið af því að draga Seðlabankann inn í þau verkefni, sem hann á að halda sér frá, og að því leyti til er ég andvígur því ákvæði, sem um það fjallar í þessu frv.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég þakka þeim tveimur hv. þm., sem talað hafa, fyrir þær undirtektir, sem þeir gefa þessu frv. Aths. þeirra eru sumar, einkum hv. 1. þm. Austf., mjög til athugunar að mínu viti. En það, sem hv. 5. þm. Austf. sagði, virtist mér að verulegu leyti hvíla á misskilningi. Það er ekki ætlazt til þess samkv. þessu frv., að Seðlabankinn fari að blanda sér í einstakar lánveitingar. Þvert á móti, ég vil segja, að það sé meginbreytingin, að Framkvæmdasjóður eigi ekki lengur eins og Framkvæmdabankinn gerði áður, að lána einstaklingum og einstökum fyrirtækjum, þannig að það verður samkv. þessu frv. einmitt fylgt því meginboðorði, sem hv. 5. þm. Austf. sagði, að ætti að gilda um Seðlabankann, að hann væri banki bankanna. Hann á þarna einungis að hafa samband við aðrar fjárfestingarstofnanir, og svo að vísu er einnig heimilt að lána fé til meiri háttar opinberra framkvæmda, en það er einnig svo nú, að Seðlabankinn hefur mikil viðskipti við ríkið.

En þá er einnig á það að líta, að sérstök stjórn á að vera fyrir Framkvæmdasjóðnum, og hún á einmitt að taka ákvarðanir um lánveitingar úr honum. Það er ekki á valdi Seðlabankans, það er á valdi stjórnar þessa sjóðs. Svo að jafnvel þó að það væri tekið upp, sem hv. 1. þm. Austf. benti á, að hafa einhverja takmarkaða heimild til lánveitinga handa einstaklingum og einstökum fyrirtækjum, þá mundi Seðlabankinn ekki taka ákvarðanir um það samkv. frv., heldur sjóðsstjórnin. Meginbreytingin er sem sagt þessi, að nú á samkv. frv. öll lánveiting til fjárfestingarsjóðanna að fara beint um þeirra hendur, en Framkvæmdabankinn eða Framkvæmdasjóðurinn á ekki að keppa við þá að svo miklu leyti, sem er innan verksviðs hvers um sig.

Þetta er mikil breyting frá því, sem verið hefur, og mér skildist, að athugasemdir hv. 1. þm. Austf. væru ekki til þess að finna að þessari breytingu, heldur bendir hann á, að fjárfestingarsjóðirnir, jafnvel með þeirri fjölgun þeirra, sem nú er ráðgerð, nái þó ekki yfir allar þær lánveitingar, sem Framkvæmdabankinn hefur hingað til annazt. Þetta er sjálfsagt að athuga nánar. Ég vil þó benda á, að ferðamálasjóður er til og honum er sérstaklega ætlað að greiða fyrir lánum til gististaða. Hvort ástæða væri til að láta hann einnig fá heimild til þess að lána til samgöngutækja eða setja sérstakan sjóð upp í því skyni, fyndist mér vera til athugunar.

Ég vil ekki segja, hvert sú athugun leiðir að lokum, hvort menn vilja hafa heimild til þess að veita úr Framkvæmdasjóðnum lán til fjárfestingar, þar sem enginn fjárfestingarsjóður nær til, hitt held ég, að sé alveg ljóst, og að því fann hvorugur þeirra hv. þm., sem töluðu, að það er ekki heppilegt, að Fram-

kvæmdasjóðurinn keppi beint við fjárfestingarsjóðina, að svo miklu leyti sem þeirra verksvið nær til. Þá verður tvíverknaður. Þá er erfiðara að hafa nauðsynlegt samræmi í störfum og oft viðbúið, að sá, sem ýtnastur er, hrifsi mest til sín, en ekki sé endilega farið eftir því, sem verðugast er samkv. málefnum hverju sinni.

Þetta er að mínu viti megintilgangur frv., að fá þessari breytingu á komið, og hún er ekki til þess að auka valdsvið Seðlabankans eða afskipti hans af lánum einstakra manna, heldur þvert á móti.

Það má að vísu segja, eins og hv. 5. þm. Austf. segir, að samkv. öðru frv., sem hér liggur fyrir, frv. um Fiskveiðasjóð, þá á Seðlabankinn að öðlast aukinn rétt, þ. e. a. s. fá fulltrúa í stjórn Fiskveiðasjóðsins. En ég bendi á, að hingað til hefur hann haft fulltr. í Stofnlánadeild sjávarútvegsins, meira að segja tvo af fimm. Héðan í frá á hann einungis að hafa einn af fimm í stjórn Fiskveiðasjóðs, sem kemur til að taka yfir bæði núverandi Fiskveiðasjóð og Stofnlánadeild sjávarútvegsins.

Það má deila um það, hvort þetta séu aukin áhrif eða ekki, en enga gagnrýni hef ég heyrt á því, að það hafi verið óheppilegt, að Seðlabankinn kæmi við sögu Stofnlánadeildar sjávarútvegsins á þann veg, sem gert hefur verið. Og ég sé ekki neitt óheilbrigt í því, þó að hann á þennan veg eigi þátt í stjórn Fiskveiðasjóðs, heldur þvert á móti mundi ég telja það eðlilegt og æskilegt, að þessir þrír höfuðbankar fari sameiginlega með stjórn þess mikla sjóðs, sem upp rís eftir sameiningu sjóðanna tveggja.

Áhrif Seðlabankans, — fyrir utan daglega stjórn, — aukast í þessum efnum fyrst og fremst með því, að í hans höndum verður sameinuð lántökuheimildin eða lánsfjáröflunin, skulum við segja, og ég held, að það sé á engan hallað, heldur sé það nokkuð sameiginleg skoðun okkar allra, sem höfum fylgzt með þessum málum um alllangan tíma, að það sé rétt, að æskilegast sé, að það séu ekki mjög margir aðilar af hálfu Íslands að leita eftir lánum erlendis.

Það hefur komið á daginn, að lánsfjármarkaðurinn er svo takmarkaður og samband á milli þeirra, sem geta hugsað sér að lána fé til Íslands, svo náið, að það hefur beinlínis reynzt óheppilegt og orðið til truflunar oft, þegar fleiri en einn aðili er að reyna að erja þennan akur. Menn hafa gert það í góðu skyni og sumir hlotið nokkurn árangur, en oftar hefur þetta leitt til vandræða og orðið til örðugleika, og ég segi það alveg hiklaust sem mína skoðun. Ég hef aldrei fjallað um þau málefni beint og ekki komið undir mig að standa fyrir lánaumleitunum, en ég hef ekki komizt hjá því að heyra skýrslugjafir um þau efni og fylgjast með þeim vinnubrögðum, sem höfð hafa verið. Og ég hef eftir þá þekkingu örugga sannfæringu um, að það sé heppilegast, að lánsfjáreftirgrennslan sé sem mest í höndum eins aðila af hálfu íslenzka ríkisins og íslenzkra opinberra stofnana og það sé sameinað sem mest í höndum Seðlabankans.

Það er engin regla án undantekninga. Við skulum játa það, og einokun í þessu er ekki endilega æskileg, en hitt er öruggt, að betra er að hafa þetta í umsjá eins aðila, sem hafi þetta sem eitt af sínum meginverkefnum.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða meira um málið. Ég ítreka það, að mér finnast ábendingar hv. 1. þm. Austf. vera þess virði, að þær séu betur skoðaðar í nefnd. Hinu fæ ég ekki við gert, þó að hv. 5. þm. Austf. sé andstæður einu af meginatriðum frv., en ég hygg þó, að hann sjái við betri skoðun, að hans andstaða er byggð að verulegu leyti á misskilningi.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Það voru aðeins örfá orð í sambandi við það, sem hæstv. forsrh. sagði hér. Hann taldi, að sú skoðun, sem ég setti hér fram, hún hvíldi að verulegu leyti á misskilningi, því að ráð væri í rauninni fyrir því gert í þessu frv., að ekki væri verið að auka við valdsvið Seðlabankans eða afhenda honum hér á þennan hátt nein sérstök störf, því að það væri gert ráð fyrir því í frv., að stjórn Framkvæmdasjóðsins, hún hefði valdið í sínum höndum í sambandi við lánveitingarnar. Og því vildi hæstv. forsrh. í rauninni segja, að það væri beinlínis gert ráð fyrir því að fara eftir þeim meginsjónarmiðum, sem fram hefðu komið í minni ræðu og væri mín skoðun um það, hvernig ætti að koma þessum málum fyrir.

En ég held nú, að þessi skoðun hjá hæstv. forsrh. fái illa staðizt. Í 6. gr. frv. stendur skýrum orðum: „Seðlabankinn undirbýr stjórnarfundi og á þar fulltr.“ Í 8. gr. frv. stendur enn fremur: „Seðlabankinn skal hafa lokið gerð reikninga Framkvæmdasjóðs eigi síðar en 1. marz ár hvert og hafa afhent þá stjórn sjóðsins til úrskurðar. Sjóðurinn skal greiða af tekjum sínum allan kostnað af rekstri hans.“ Og enn fremur segir: „Að öðru leyti en segir í 7. gr. er umsjá og rekstur Framkvæmdasjóðs í höndum Seðlabankans, er hefur á hendi bókhald hans og daglegan rekstur, svo og skýrslugerð alla.“

Það, sem ég meinti með aðvörunarorðum mínum í þessum efnum, var það, að reynslan er auðvitað sú, að sú stofnunin, er hefur með höndum daglegan rekstur ákveðins sjóðs, allar fjárreiður og bókhald og undirbýr þar alla stjórnarfundi og á þar fulltrúa, það hlýtur auðvitað verða sú stofnunin, sem ræður langsamlega mestu um það, hvernig haldið verður á málefnum þessa sjóðs.

Stjórn sjóðsins verður væntanlega skipuð mönnum, sem ekki geta sinnt þar daglegum störfum. Stjórnarmeðlimir mæta á fundum stöku sinnum, en vitanlega verður það sú stofnunin, sem hefur á hendi daglegan rekstur sjóðsins, sem ræður mestu um gang mála. Og verði nú einnig horfið að því ráði, sem hæstv. forsrh. tók hér undir í sambandi við athugasemd, sem hv. 1. þm. Austf. gerði hér um að heimila þessum Framkvæmdasjóði að lána í vissum tilfellum til einstaklinga, verði horfið að því ráði, hvert eiga þá þessir menn að leita, ef ekki til þess, sem hefur á hendi daglegan rekstur sjóðsins, og reka sín mál fyrir þeim aðila eins og fyrir venjulegum viðskiptabanka? Og hvert eiga þeir aðilar að leita, opinberir aðilar, t. d. á vegum sveitarfélaga, sem vilja sækja um lán til meiri háttar framkvæmda hjá sér úr þessum sjóði? Hvert eiga þeir að leita nema til þess aðila, sem hefur á höndum daglegan rekstur sjóðsins, en það er Seðla-

bankinn? Með þessu er í framkvæmdinni þannig komið, að áhrifavöld Seðlabankans yfir þessum málum, sem hér um fjallar, eru auðvitað orðin allt önnur og meiri en þau hafa verið. Spurningin er aðeins þessi: Er það æskilegt, að við breytum Seðlabankanum smátt og smátt í það, að hann taki á móti ýmiss konar fulltrúum, ýmist fulltrúum einstakra fyrirtækja eða opinberra aðila, hlusti á greinargerðir þeirra um þeirra framkvæmdaáætlanir og skrifi lánabeiðnir þeirra og standi í því að undirbúa fundi, sem síðan eiga að taka ákvarðanir um lán til þessara aðila?

Það er ekkert um það að villast, að það er uppi sú tilhneiging hjá forustumönnum Seðlabankans, að þeir virðast vilja taka að sér þessi verkefni. Það er af því, sem þeir leggja það til, að þeir fái t. d. fulltrúa í stjórn hins nýja Fiskveiðasjóðs, sem hér hefur borið á góma. Þar með er fulltrúi Seðlabankans kominn beint inn að því borðinu, þar sem gengið verður frá því, hvaða einstaklingar skuli fá lán úr þeim sjóði.

Ég álít, að í þessum efnum sé verið að fara út fyrir þau verkefni Seðlabankans, sem honum voru í upphafi mörkuð og eru hin eiginlegu verkefni seðlabanka alls staðar. Og við þessu vildi ég vara fyrir mitt leyti.

Ég get hins vegar tekið undir það, sem hér kom fram hjá hæstv. forsrh., að við mundum allir verða sammála því, að það færi eins vel á því, að einn banki stæði í fjáröflun fyrir Íslendinga á erl. peningamarkaði. Ég hef lengi verið á þeirri skoðun, að það væri einmitt eðlilegt verkefni Seðlabankans að taka erl. lán fyrir ríkið. Og ég sé ekkert við það að athuga, að það sé verið að auka á valdsvið hans frá því sem áður var að því leyti til. En hitt held ég, að sé óheppilegt að blanda verkefnum þessa fyrirhugaða framkvæmdasjóðs og annarra stofnlánasjóða saman við þau verkefni, sem eiga raunverulega að tilheyra Seðlabankanum. Þar held ég, að eigi að skilja á milli. En að öðru leyti er ég ekki andvígur þeirri breytingu, sem felst í þessu frv., að leggja Framkvæmdabankann að forminu til niður, en stofna þennan Framkvæmdasjóð. Ég sé ýmislegt fremur hagstætt við það, en ég er á móti því að hafa það fyrirkomulag á í sambandi við samtengingu hans við Seðlabankann, sem frv. gerir ráð fyrir.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Ég hef lítillega kynnt mér þetta víðtæka frv., sem hér liggur fyrir, með gaumgæfni hlýtt á ræðu forsrh., sem hann flutti hér því til útskýringar, og einnig hlustað á hans svarræðu. Mér finnst þó, að það standi örugglega fast, að með þessu frv. er aftur verið að færa ýmsa þætti viðskiptamála, sem áður var stefnt að að aðgreina sem mest frá Seðlabankanum sjálfum, þegar hann með löggjöf var aðgreindur frá þjóðbankanum, einmitt með það fyrir augum að fjarlæga hann frá þjóðbankanum sem viðskiptabanka og aðgreina hlutverk þeirra, þá sé nú verið að færa ýmsa viðskiptaþætti aftur undir Seðlabankann eða þá að minnsta kosti í námunda við verksvið hans og inn á verksvið hans. Ég held, að það sé alveg öruggt, að með þessu frv. sé það gert. Og hafi breytingin með seðlabankalögunum stefnt í rétta átt, þá held ég, að þetta frv. að þessu leyti stefni í ranga átt. Hafi aðgreining þarna á milli verið æskileg, þá sé rangt að færa aftur ýmsa þætti viðskiptamálanna undir Seðlabankann á ný. Ég er alveg sammála hv. 5. þm. Austf. um þetta, og ég held, að hann hafi ríka ástæðu til þess að halda því fram, að með frv. um Framkvæmdasjóð sé einmitt stefnt í þessa átt. Ég er þessari tilhneigingu andvígur.

Ég held líka, að það sé rangt að færa alla meginþætti efnahagsmálanna yfir til Seðlabankans, í hendur eins eða tveggja manna, sem þar ráða ríkjum og í raun og veru ekki að fullu með löglegum hætti, stjórnin er ekki einu sinni skipuð með fyllilega löglegum hætti. Það ætti nú að sjá fyrir því að minnsta kosti, að stjórn Seðlabankans væri fullskipuð, áður en allir meginþættir efnahagsmála Íslands eru færðir í hendur þeirrar stofnunar. Ég óttast meira að segja, að það sé verið að gera þessa stofnun að eins konar yfirríkisstjórn Íslands í efnahagsmálum. Mér finnst eiginlega allt stefna í þá áttina.

Um II. kaflann hefur það réttilega verið sagt, að það sé í raun og veru aðeins verið að lögfesta þar ákvæði um stofnun, sem til sé, en ekki að breyta samsetningu hennar, svo að neinu máli skipti. Efnahagsstofnunin hefur sjálfsagt verið og er nauðsynlegt rannsóknartæki fyrir ríkisstj., henni eru falin verkefni á vegum ríkisstj. í samræmi við grundvallarsjónarmið stjórnarstefnunnar á hverjum tíma, auk þess sem þessi stofnun er fyrst og fremst kannske sett á fót sem eins konar meltingarfæri fyrir Efnahagsstofnunina í París. Og það getur vel verið, að það sé líka nauðsynlegt hlutverk.

III. kaflinn er um hagráð. Hann er sjálfsagt ekki mjög þýðingarmikill, en ég sé ekkert á móti því, að þarna sé stofnaður umræðuklúbbur um þjóðmál, eins konar málfundarfélag, þar sem þátttakendur séu ýmis félagasamtök í þjóðfélaginu, sem þýðingu hafa. Hef ég ekki annað um þennan kafla að segja en það, að mér finnst nokkuð handahófslega tilnefndir aðilar, sem eiga að vera þarna þátttakendur. Ég sé t. d., að þarna er nefnt Félag ísl. iðnrekenda og Landssamband iðnaðarmanna, en hvorugt þeirra verkalýðslandssambanda er nefnt, sem til eru á þessu sviði, iðnaðarmálasviðinu. Nefni ég þar til Landssamband byggingarmanna og Málm- og skipasmíðasamband Íslands. Hvorugt þeirra er talið með í þessum félagsskap, en hins vegar er nefnt eitt stéttarfélag, sem starfar á iðnaðarsviðinu innan verkalýðssamtakanna.

Ég tók eftir því, að hæstv. forsrh. sagði, að þetta stæði kannske til breytinga, ef betur þætti fara, og ég minni á það hér strax við 1. umr., að mér þykir a. m. k. þessara tveggja sambanda á sviði iðnaðarins vant, en þau eru einmitt viðsemjendur Landssambands iðnaðarmanna á þessu sviði þjóðmálanna eða efnahagsmálanna.

Þetta frv. fer nú til nefndar og verður þar athugað, en ég held, að megintilhneigingin, að færa aftur ýmsa þætti viðskiptamála yfir til Seðlabankans, þar sé stefnt rangt, svo framarlega sem rétt hefur verið stefnt, þegar Seðlabanki Íslands var stofnaður og aðgreindur frá viðskiptabankanum, Landsbanka Íslands.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Mál þetta liggur nú ljóst fyrir. Það er greinilegt, að menn hafa á því mismunandi skoðanir, en þrætur um það fram og aftur eru auðvitað þýðingarlausar. Ég vildi þó vekja athygli á því, að það fær ekki staðizt, að verið sé að hverfa frá þeirri stefnu, sem mörkuð hafi verið með löggjöfinni um Seðlabanka, þegar hann var aðgreindur frá viðskiptabönkunum.

Í fyrsta lagi minni ég á það, að enn stendur í lögum, og ég hef ekki heyrt skýringu á því, af hverju því lagaboði hefur ekki verið fylgt, sannast að segja. Það stendur í l. nr. 17 frá 1953: „Seðlabanki annast dagleg afgreiðslustörf fyrir Framkvæmdabankann gegn hæfilegri þóknun." Þetta er í 20. gr., þannig að öll sú fyrirgreiðsla eða samband við almenning, sem hv. 5. þm. Austf. sagði, að væri óheppilegt að dregin yrði inn í Seðlabankann samkv. þessu lagaboði, sem við nú gerum till. um, allt þetta er í lögum nú þegar. Og það hefur ekki verið sagt, að þessir aðilar eigi að semja um það, að afgreiðslan eigi að vera í Seðlabankanum. Það er sagt, að hún eigi að vera það. Það á einungis að semja um þóknunina. Við vitum, að það eru sennilega persónulegar ástæður, sem þarna hafa komið til og valdið því, að lagaboðinu hefur ekki verið framfylgt. En með því, sem nú er lagt til, er í raun og veru einungis verið að fara í það horf, sem löggjöfin ætíð hefur ætlazt til, að haft yrði. Menn geta sagt, að það sé óheppilegt eða óheppilegt ekki, en það er ekki rétt, að það sé verið að breyta til frá því, sem löggjöfin nú segir til um.

Það er rétt, sem hv. 5. þm. Austf. sagði, að auðvitað getur það haft töluverða þýðingu, hvar menn eiga að koma og fá afgreiðslu sinna mála og hver á að undirbúa fundi og annað þess háttar. Ég vefengi þetta alls ekki. En löggjöfin er nú þegar eins og hún er, og breytingin frá því, sem nú er, er einmitt þessi, að Framkvæmdasjóðurinn á að verða banki fjárfestingarsjóðanna og ekki hafa bein skipti við einstaklingana.

Nú benti hv. 1. þm. Austf. á það, að eins og til háttar með fjárfestingarsjóði, sé þetta ekki að öllu leyti heppilegt, vegna þess að þarna falli eitthvað niður á milli. Það er að vísu minna en hann vildi ráðgera, því að hann minntist ekki á Ferðamálasjóðinn, en það er rétt, sem hann gat um, að samkv. núgildandi löggjöf, þá skilst mér, að það sé enginn fjárfestingarsjóður til, sem veiti fé í samgöngutæki. — Stórvirkar vinnuvélar, það má deila um, hvort þær komist undir Iðnlánasjóð eða ekki.

En eins og sessunautur minn, hæstv. iðnmrh., skaut að mér, úr þessu er auðvitað hægt að bæta með samningum við viðskiptabankana, ef Framkvæmdasjóður eða Seðlabankinn vildi endurkaupa af þeim víxla, sem færu í stofnlán í þessu skyni, hvort heldur í samgöngutæki eða stórfelldar vinnuvélar. Þennan hátt er hægt að hafa á, og það er sjálfsagt hægt að fara fleiri leiðir í því. En ég játa að ábending hv. 1. þm. Austf. um það gat, sem þar er, hún var rétt, og það þarf að átta sig betur á því, hvernig það mál skuli leysa, hvort það á að leysa með mjög takmarkaðri lánaheimild til handa einstaklingum eða á annan veg, eins og hæstv. iðnmrh. benti mér á.

Þetta er auðvitað ekki stórt atriði varðandi þessi mál í heild. Eftir skýrslu, sem fyrir liggur í nýkominni ársskýrslu Framkvæmdabankans fyrir 1965, þá hefur hann á árunum frá 1955—1965 alls veitt lán fyrir rúmar 1708 millj. Þar af sýnist mér, að þau lán, sem núverandi fjárfestingarstofnanir ekki taka til, af þeim, sem hér eru talin, og það eru eingöngu samgöngurnar, séu einungis 46 millj. rúmar af röskum 1700 millj., svo að þótt hér sé um þýðingarmikið atriði að ræða, þá er þetta sáralítill hluti af öllu því fé, sem farið hefur í gegnum Framkvæmdabankann fram til þessa og væntanlega fer í gegnum hendur Framkvæmdasjóðs héðan í frá. En það skulum við játa, að það verður auðvitað alltaf meiri þörf fyrir stórvirkar vinnuvélar, það verður meiri þörf fyrir stóra bíla og annað þess háttar, eftir því sem vegir batna og samgöngur stöðugt aukast og ef til vill fyrir lán út á flugvélar og slíkt.

Hv. 5. þm. Austf. og raunar hv. 5. þm. Vestf. líka töldu, að þarna væri verið að taka undir Seðlabankann störf, sem væru annarleg. Hv. 5. þm. Vestf. minnti á það, að meiri háttar opinberar framkvæmdir kæmu þarna undir ákvörðun þessarar sjóðsstjórnar. En það er nú þegar tekið fram einmitt í l. um Seðlabankann frá 1961, í 3. gr. 4. tölulið, þar sem sagt er, að hlutverk Seðlabankans sé að annast bankaviðskipti ríkissjóðs, þannig að það er ekkert nýtt. Það má að vísu segja, að þarna komi einstök sveitarfélög líka til varðandi meiri háttar opinberar framkvæmdir. Það mundu þá vera meiri háttar hafnarframkvæmdir, hitaveituframkvæmdir og annað slíkt, sem ekki eru daglega teknar ákvarðanir um.

Eins er í lögunum um Seðlabankann nú þegar sérstakur kafli um Stofnlánadeild sjávarútvegsins, þar sem er ætlazt til að gera grein fyrir lánum til einstaklinga, svo að hér er ekki um að ræða neitt nýtt í lögum Seðlabankans til þess að hann geti hrifsað vald til sín. Það, sem er verið að leggja hér til, er eingöngu í samræmi við það, sem þegar hefur verið í lögum og ég legg áherzlu á. En munurinn verður sá, að einstaklingslánin úr Framkvæmdasjóði hverfa, annaðhvort með öllu eða að langsamlega mestu leyti, og í stað þeirra kemur, að jafnað verður einu sinni eða tvisvar á ári milli fjárfestingarsjóðanna því fé, sem er fyrir hendi, og þá ákvörðun tekur nefnd kosin af þinginu, að vísu að heyrðum till. Seðlabankans, en úrslitavaldið á skiptingu milli sjóðanna er í höndum þessarar nefndar, en ekki Seðlabankans. En jafnvel þótt Seðlabankinn hefði þar einhver úrslitaáhrif, þá er það einmitt eins og ég segi: Þessi sjóður á að vera banki fjárfestingarsjóðanna alveg eins og hv. 5. þm. Austf. lagði áherzlu á að væri tilgangur Seðlabankans. Ég held, að við megum þess vegna ekki líta of kreddubundnum augum á þetta og halda, að hér sé verið að fara út fyrir einhver almenn lögmál. Þetta er í samræmi við það, sem löggjöf hér hefur verið, frá því að Seðlabankinn hóf sína starfsemi.

Eysteinn Jónsson: Það er aðeins til þess að benda á, að þessi liður, lán til samgangna, sem hæstv. forsrh. benti á í yfirliti Framkvæmdabankans um lánveitingar, gefur ekki tæmandi hugmynd um þann vanda, sem ég benti á og kemur af því, að ýmis starfsemi

fellur utan við stofnlánastarfsemina, ef engu verður breytt í frv. Í öðrum liðum er áreiðanlega eitthvað af slíkum lánum einnig, eins og t. d. í því, sem flokkað er undir iðnað eða annan iðnað í þessari skýrslu. Ég er ákaflega hræddur um, að ýmislegt af því, sem þar er, mundi ekki verða talið koma til greina hjá Iðnlánasjóði. Enn fremur er þarna um að ræða talsvert af þjónustufyrirtækum allmargvíslegum og fyrirtækjum, sem annast dreifingu, og það getur orðið mjög mikið af álitamálum í þessu sambandi. Ég hygg, að menn muni fljótlega reka sig á, að það veldur hinum mestu vandkvæðum, ef þetta verður afgreitt eins og það er, og mér þykir vænt um að heyra, að hæstv. forsrh. vill taka undir, að þetta verði athugað í n. ásamt öðru, sem ég nefndi. Ég vildi benda á þetta, og einfaldasta leiðin í þessu hygg ég að væri sú að skoða í n. löggjöf Iðnlánasjóðs, Fiskveiðasjóðs og Stofnlánadeildar landbúnaðarins, skoða þessi ákvæði og líta síðan yfir lánveitingar Framkvæmdabankans um nokkur ár, en upplýsingar um þær, hvert einasta lán, eru prentaðar í ársskýrslum sjóðsins, þannig að þá fæst hugmynd um, hversu víðtækt vandamál þarna er um að ræða.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 28 shlj. atkv. og til fjhn. með 28 shlj. atkv.

Á 68. fundi í Nd., 12. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 322, n. 451 og 469).

Frsm. meiri hl. (Jónas G. Rafnar): Herra forseti. Frv. á þskj. 322 um Framkvæmdasjóð Íslands, Efnahagsstofnun og hagráð felur í sér þrjú meginatriði. Lagt er til í frv., að Framkvæmdabanki Íslands verði lagður niður og við eignum hans og skuldbindingum, eins og þær verða 1. janúar n. k., taki ný stofnun, Framkvæmdasjóður Íslands. Eins og fram er tekið í grg., sem fylgir frv., er þessi tilhögun í samræmi við þær breytingar, sem fyrirhugað er, að verði á fyrirkomulagi fjárfestingarlánastarfseminnar í landinu.

Framkvæmdabanki Íslands var stofnaður með l. nr. 17 frá 10. febr. 1953. Hlutverk bankans var, eins og segir í 2. gr. l., að efla atvinnulíf og velmegun íslenzku þjóðarinnar með því að beita sér fyrir arðvænlegum framkvæmdum, sem gagnlegar eru þjóðarbúinu og styðja þær. Skal starfsemi bankans í meginatriðum miðuð við það að stuðla að auknum afköstum í framleiðslu og dreifingu. Í 7. gr. l. er svo nánar tiltekið, hvernig bankinn leysir hlutverk sitt af hendi.

Eins og fram kemur í reikningum Framkvæmdabankans fyrir árið 1965, hefur bankinn haft yfir miklu fé að ráða. Á hans vegum voru þá erlend lán um 1240 millj. kr., mótvirðissjóður um 376 millj. kr. og eigið fé bankans yfir 300 millj. Hreinar tekjur bankans voru 26.5 millj. Í beinum útlánum hafði bankinn um 1700 millj. kr., og skipting lánsfjárins á milli atvinnugreina er tilgreind í ársskýrslu bankans. Það er því ljóst, að Framkvæmdabankinn er og hefur verið öflug stofnun. Með frv. er lagt til, að ný stofnun, Framkvæmdasjóður Íslands, taki við af Framkvæmdabankanum og veiti fjármagni sínu eingöngu til fjárfestingarlánasjóða og meiri háttar opinberra framkvæmda í stað þess að lána beint til fyrirtækja, sem Framkvæmdabankinn hefur að mestu leyti gert. Framkvæmdasjóðurinn mun þannig koma til með að sjá Fiskveiðasjóði og Stofnlánadeild landbúnaðarins og Iðnlánasjóði fyrir fjármagni til endurútlána, einnig veita lán til Atvinnujöfnunarsjóðs og fleiri stofnana, sem lána og koma til með að veita atvinnurekstri landsmanna stofnlán. Sjóðsstjórnin, sem skipuð verður 7 mönnum kosnum með hlutfallskosningu af Alþ., tekur ákvarðanir um ráðstöfun á því fjármagni, sem sjóðurinn hefur yfir að ráða hverju sinni, en ber að hafa samráð við Efnahagsstofnunina, Seðlabanka Íslands og viðskiptabankana.

Eins og ég hef drepið á, hefur verulegum hluta af fjármagni Framkvæmdabankans verið ráðstafað beint til atvinnufyrirtækja, t. d. til vinnslustöðva landbúnaðar og sjávarútvegs. Einnig hafa fjöldamörg iðnaðarfyrirtæki fengið þar lán á undanförnum árum. Nú er út frá því gengið, að sjávarútvegurinn sæki stofnlán sín til Fiskveiðasjóðs til bátakaupa, fiskvinnslustöðva og tækjakaupa, iðnaður til Iðnlánasjóðs, landbúnaður til Stofnlánadeildar og annar atvinnurekstur til sinna eigin stofnlánasjóða. Framkvæmdasjóðnum er ætlað það hlutverk fyrst og fremst að sjá þessum stofnlánasjóðum fyrir fjármagni og nýtur í því sambandi þess fjár, sem Framkvæmdabankinn hefur haft yfir að ráða, og einnig getur hann notfært sér heimildir til lántöku, eftir því sem ástæður þykja til.

Fjhn., þ. e. a. s. meiri hl. hennar, flytur í nál. brtt. við frv. á þá leið, að telji Framkvæmdasjóður nauðsyn bera til að veita lánsfé til þarfa, sem ekki falla undir starfssvið neins fjárfestingarlánasjóðs, skuli honum heimilt að lána það annarri lánastofnun, er annist endurlán. Með þessu ákvæði er ætlunin að tryggja það, að atvinnurekstur, sem notið hefur lána frá Framkvæmdabankanum, verði nú ekki afskiptur, ef bankinn hættir beinni útlánastarfsemi til fyrirtækja. Má í því sambandi t. d. benda á samgöngur, er ná til stærri vinnuvéla. M. ö. o. er hér átt við þann atvinnurekstur, sem ekki hefur beinan aðgang að lánum úr starfandi fjárfestingarlánasjóði.

II. kafli frv. fjallar um það, að komið verði upp stofnun, sem annist m. a. undirbúning áætlunargerða fyrir ríkisstj., samning þjóðhagsreikninga og hagfræðilegar athuganir.

Í III. kaflanum er lagt til, að ríkisstj. og heildarsamtök launþega og atvinnurekenda tilnefni fulltrúa í ráð, svonefnt hagráð, þar sem fjallað verði um meginstefnuna í efnahagsmálunum hverju sinni. Eins og fram kemur, hefur fjhn. athugað frv., og meiri hl. hennar leggur til, að það verði samþ., þó með þeirri breytingu, sem ég hef gert efnislega grein fyrir.

Umr. frestað.

Á 70. fundi í Nd., 15. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv.

Frsm. minni hl. (Einar Ágústsson). Herra forseti. Þegar þetta mál var síðast hér til umr. í hv. d., hafði

mér ekki unnizt tími til þess að skila nál., og var málinu þess vegna vinsamlegast frestað af hæstv. forseta. Nú liggur þetta nál. fyrir á þskj. 469, það er útgefið af mér ásamt hv. 1. þm. Norðurl. v., og mun ég leyfa mér að fylgja því úr hlaði með aðeins örfáum orðum.

Efni þessa frv., sem hér um ræðir, er í þrennu lagi, og má nú segja, að það séu ekki neinar stórvægilegar breytingar, sem lagðar eru til með þessu frv. I. kafli frv. fjallar um það, að stofna skuli framkvæmdasjóð, sem á í öllum veigamiklum atriðum að koma í staðinn fyrir Framkvæmdabanka Íslands, sem samkv. þessu frv. á að hætta allri starfsemi frá 1. jan. n. k. II. kafli frv. fjallar um Efnahagsstofnun. Hann er í raun réttri ekkert annað en lögfesting á því ástandi, sem verið hefur síðan árið 1962, er þessi stofnun var sett á laggirnar. III. kafli frv. fjallar um nýja stofnun, sem á að heita hagráð. Það er að vísu nýmæli, en engri meginbreytingu hygg ég þó, að það nýmæli valdi, því að þarna er aðeins um að ræða samkomu 20 eða 21 aðila, sem eiga að hafa samráð og skiptast á skoðunum um efnahagsmálin, en er ekki fengið neitt vald til framkvæmda í hendur. Ég hygg, að það sé ekki illa til fundið, að þeir aðilar, sem taldir eru upp í III. kafla l., komi saman og hafi samráð og skiptist á skoðunum. Það er sjálfsagt mjög æskilegt, en ég er ekki viss um, að það sé ástæða til þess að lögfesta slíka fundi. Það má vel vera, að þess þurfi og sjálfsagt spillir það ekki, en ég hygg, að ef hæstv. ríkisstj. hefði boðið þeim aðilum, sem þarna eru upptaldir, til slíkra funda, hefðu þau boð verið þegin með þökkum, án þess að nein lagaskylda væri til þess að þiggja þau boð.

Meiri hl. fjhn. þessarar hv. þd. hefur lagt til eina breytingu við frv. á þskj. 451, þ. e. breytingu við 2. gr. frv., að þar komi ný mgr., og ég vil strax í upphafi geta þess, að öll n. er þessari breytingu út af fyrir sig algerlega sammála, þó að menn kunni að greina eitthvað á um það, hversu langt hefði átt að ganga í þeirri breytingu, og mun ég leyfa mér að koma örlítið að því síðar. En við, ég og hv. 1. þm. Norðurl. v., höfum leyft okkur á þskj. 469 að leggja til, að það verði gerðar nokkrar frekari breytingar á þessu frv. heldur en sú ein, sem hv. meiri hl. hefur þegar borið fram og talað hér fyrir.

Ég vil nú leyfa mér að gera grein fyrir tveim af þessum breytingum, sem ég tel minni háttar, en engu að síður eiga þó fullan rétt á sér, en ætla svo, með leyfi hæstv. forseta, að fara örfáum orðum í lokin um þá 3. brtt., sem við gerum.

Við 6. gr. frv. leyfum við okkur að bera fram brtt. 6. gr. fjallar um stjórn Framkvæmdasjóðs. Þar segir, að stjórn sjóðsins skuli vera í höndum 7 manna, sem kosnir eru hlutfallskosningu af Alþ. til fjögurra ára í senn og jafnmargra til vara. Þessi ákvæði eru hliðstæð þeim, sem gilda um Framkvæmdabankann og aðra banka nú, en brtt. okkar er í því fólgin, að við 6. gr. verði bætt 3. mgr., sem hljóði þannig: Sjóðsstjórn heldur að jafnaði fund einu sinni í mánuði, en skylt er formanni að boða til aukafundar, ef tveir eða fleiri stjórnarmenn æskja þess. Þessi mgr. hefur fallið niður eða verið felld niður úr Framkvæmdabankalögunum, þegar þeim var breytt yfir í lög um Framkvæmdasjóð, og við sjáum ekki ástæðu til þess að fella þessa breytingu niður. Miklu fremur teljum við ástæðu til þess að halda henni og tryggja þannig rétt þess minni hl., sem hugsanlega kann að myndast í stjórninni, til þess að geta krafizt fundar, ef honum þykir ástæða til, eins og algengast mun vera. Þetta er önnur brtt.

Hin brtt. á þskj. 469 er við ákvæðin um Efnahagsstofnunina. Það er við 15. gr. frv., þar sem fjallað er um stjórn stofnunarinnar, en í 15. gr. segir:

„Ríkissjóður, Seðlabanki Íslands og Framkvæmdasjóður í sameiningu greiða kostnað af starfsemi Efnahagsstofnunarinnar. Þessir aðilar fara með stjórn hennar. Skulu þeir gera með sér samning um stjórn stofnunarinnar og fjármál."

Við leggjum til, að þessir tveir síðustu málsl. falli niður, en í þeirra stað komi: Stjórn stofnunarinnar skal skipuð 5 mönnum. Séu 4 þeirra tilnefndir af þingflokkunum einn af hverjum, en hinn fimmta skipar ríkisstj. og sé hann formaður stjórnar.

Sú tilhögun, sem ráðgerð er samkv. frv. hæstv. ríkisstj., gerir, eftir því sem mér skilst ráð fyrir því, að sama regla um stjórn stofnunarinnar verði gildandi eftir lagasetninguna og fyrir. En við, sem stöndum að nál. á þskj. 469, teljum, að hér sé um svo þýðingarmikla stofnun að ræða, að það sé full ástæða til þess, að þingflokkarnir eigi aðild að stjórn hennar. Ég tel, að þessi breyting sé mjög eðlileg. Efnahagsstofnunin er stofnun, sem vinnur að úrlausn efnahagsmálanna fyrir alla, og það er mjög eðlilegt, að þingflokkarnir allir eigi jafnan rétt til þess að eiga aðild að stjórn hennar. Og ég treysti því, að það þyki ekki ósanngjörn till. og hún fái góðar undirtektir hér.

Hv. meiri hl. fjhn. hefur lagt nokkra áherzlu á það í nál. sínu, að sú breyting, sem gerð er á Framkvæmdasjóði, þegar Framkvæmdasjóður er stofnaður, ef svo má segja, á rústum Framkvæmdabanka eða tekur við af Framkvæmdabanka, sé með þeirri breytingu, sem lögð er til, þ. e. að sjóðurinn láni eingöngu opinberum fjárfestingarlánastofnunum og til meiri háttar opinberra framkvæmda, miði að því að færa tilhögun þessara mála í það horf, sem upphaflega hafði verið ráðgert með lögum um Framkvæmdabanka. Ég hygg, að þetta sé ekki alls kostar rétt. Ég held, að mér sé óhætt að segja það, að það hafi í upphafi, við stofnun Framkvæmdabankans, verið jöfnum höndum gert ráð fyrir því, að Framkvæmdabankinn lánaði opinberum sjóðum og að hann lánaði einstaklingum, enda hefur þessi orðið raunin allt það tímabil, sem Framkvæmdabankinn hefur starfað. Hann hefur lánað fjárfestingarsjóðum landbúnaðarins í einu lagi það, sem þangað hefur átt að fara, en jafnhliða því hefur hann lánað einstaklingum samkv. umsóknum til Framkvæmdabankans sjálfs, eftir því sem stjórn bankans hefur talið ástæðu til. Ég hygg því, að það sé ekki alls kostar rétt að fullyrða það, að með þeirri breytingu, sem hér er ráðgerð, sé verið að stefna að því að framkvæma málin á þann hátt, sem alltaf hafi staðið til frá öndverðu.

Við þá breytingu, sem var gerð á frv. frá því, sem verið hefur um bankann, leiddi það, að sumir þeir aðilar, sem höfðu átt aðgang að Framkvæmdabank-

anum um lánsfé til sinna framkvæmda, féllu alveg niður, þar sem þeir ekki áttu eða eiga neinn aðgang að þeim fjárfestingarlánasjóðum, sem til greina kemur, að Framkvæmdabankinn láni til. Þetta var mjög óheppilegt, og var strax bent á þetta hér við 1. umr. með þeim afleiðingum, að meiri hl. n. hefur, eins og ég áður sagði, tekið inn þá breytingu, að slíkir aðilar geti leitað til annarra lánastofnana og farið fram á það, að þær annist lánsútvegun hjá Framkvæmdasjóði fyrir sína hönd. Ég hefði nú talið eðlilegra satt að segja, að gamla fyrirkomulaginu hefði verið haldið, að menn ættu sjálfir aðgang að Framkvæmdasjóðnum til þess að sækja um þau lán og þeir gætu túlkað mál sitt beint fyrir stjórn þess sjóðs í stað þess að þurfa að bæta þarna við einum aukamillilið, en segja má, að þetta hafi ekki nein úrslitaáhrif. Aðalatriðið er vitanlega það, að nú er búið að taka inn möguleika fyrir þessa aðila til þess að fá lán úr Framkvæmdasjóði. Lántakar eru vanir því, að það sé fyrirhafnarsamt að fá lán til framkvæmda sinna, og ég geri ekki ráð fyrir því, að lántakendur telji eftir sér þau spor aukalega, sem liggja til þessa milliliðar, en hvað við það vinnst, sé ég hins vegar ekki.

Þó að þessar breytingar, sem ég hef nú lítillega minnzt á, séu skaðlausar a. m. k., jafnvel kannske til bóta sumar hverjar, hygg ég, að óhætt sé að segja, að þær valdi engum straumhvörfum. Hér er ekki verið að fjalla um neitt nýtt fjármagn, og hér er ekki í neinum aðalatriðum verið að ræða um nýja ráðstöfun þess fjármagns, sem fyrir hendi hefur verið. En á þskj. 469 höfum við, sem að minnihlutaálitinu stöndum, leyft okkur að bera fram brtt., sem ef samþ. yrði mundi valda verulegum straumhvörfum, vil ég segja, og hafa mikil áhrif í lánastarfsemi landsmanna. En þar á ég við þá brtt., sem er nr. 2 á okkar þskj., þar sem við gerum ráð fyrir því, að við hinn nýja Framkvæmdasjóð verði stofnuð ný deild, sem beri nafnið framleiðnilánadeild.

Það hefur oft verið undirstrikað hér á hv. Alþ. að undanförnu, hversu mikil nauðsyn okkur Íslendingum væri á því að auka hina svokölluðu framleiðni, og rök hafa verið leidd að því, að framleiðsluaukning okkar á undanförnum árum eigi ekki nema að nokkru leyti rót sína að rekja til framleiðniaukningar og fólksfjölgunar. Hún eigi að verulegu leyti rætur sínar að rekja til þess, að aflabrögðin hafa verið óvenjulega mikil, og svo hins, að fólk hafi lagt á sig enn þá meiri vinnu heldur en oft áður til þess að afla verðmætanna. Ég hygg, að um það þurfi ekki að fara mörgum orðum, það séu allir hv. þdm. sammála um það, hver nauðsyn okkur sé á því að auka þessa framleiðni. Sú aukning þarf að koma til í öllum höfuðatvinnugreinunum. Við höfum séð talsverða tæknibyltingu í fiskveiðum á undanförnum árum, en þó hygg ég, að hún sé fyrst og fremst í síldveiðunum. Ég hygg, að aðrar fiskveiðar séu hér eftir sem áður stundaðar á nokkurn veginn sama grundvallarháttinn og gert hefur verið lengi.

Í frystihúsunum þarf að koma til hagræðing, aukin hagræðing, meiri framleiðni. Það hefur verið veitt nokkurt framlag á undanförnum árum til þess að koma slíkri hagræðingu við, til þess að auka þessa framleiðni í frystihúsunum, en eftir þeim upplýsingum, sem ég hef um það, þá mun það áreiðanlegt, að það eru ekki nærri öll frystihúsin, sem hafa getað notað þetta fjármagn til þess að auka framleiðnina, til þess að koma við meiri hagræðingu, heldur hafa þau orðið að taka það í reksturinn almennt, sem uppbót á fiskverðið.

Iðnaðurinn þarf líka á framleiðniaukningu að halda. Sú stefna að lækka tollana á innfluttum vörum gerir vaxandi kröfur til iðnaðarins og kallar á meiri aðstoð honum til handa. Skylt er að viðurkenna, að aðstoð hins opinbera til iðnaðarins hefur nokkuð verið aukin. T. d. er það góðra gjalda vert, sem gert var árið 1963, þegar iðnlánasjóðsgjaldið var stórhækkað, enda þótt segja megi, að það fjármagn komi nú raunar frá iðnaðinum sjálfum. Þá skal ekki heldur gleyma þeirri hækkun á ríkisframlagi til Iðnlánasjóðs, sem nú er ráðgerð og er á leiðinni í gegnum hv. Alþ., enda þótt sú aðstoð mætti vera meiri og þyrfti að vera meiri, ef samræmis væri gætt við aðra atvinnuvegi. En ég hygg, að ekkert af þessu, þó að þetta sé allt saman gott út af fyrir sig, þá sé það ekki nóg, heldur sé þörf á því, að atvinnuvegirnir, þessir sem ég nú hef nefnt, og það gildir raunar að nokkru leyti um landbúnað líka, að þeir ættu kost á því að sækja til sérstakrar stofnunar um lán, sem væru alveg sérstaklega í því skyni veitt að auka framleiðnimöguleikana og koma við frekari hagræðingu í hinum ýmsa rekstri.

Frv. um þetta atriði hefur verið fyrir hv. Alþ. nú nokkra hríð, flutt í Ed. af nokkrum þm. Framsfl. og er að vísu ekki útrætt, en okkur, hv. 1. þm. Norðurl. v. og mér, þótti það eðlilegt, að freista þess að fá afgreiðslu þessa frv. með því að taka það inn sem breytingu við það frv. hæstv. ríkisstj., sem hér er til umr., þegar nú stendur fyrir dyrum að breyta til hvort sem er, að leggja niður Framkvæmdabankann og að stofna þess í stað Framkvæmdasjóð.

Þær brtt., sem ég er hér að tala um, skýra sig að verulegu leyti sjálfar, og ég skal ekki teíja tíma hv. deildarmanna með því að fara að fara nákvæmlega út í það, hvernig þær eru uppbyggðar, hér er um sérstaka framleiðnilánadeild við Framkvæmdasjóðinn að ræða. Tilgangur deildarinnar er að veita atvinnuvegunum lán umfram þau, sem fáanleg eru hjá stofnlánasjóðum, í því sérstaka augnamiði að bæta framleiðnina með aukinni véltækni, fullkomnara framleiðsluskipulagi og hagræðingu. Og síðan er talið upp, hvaða starfsfé þessi deild eigi að hafa undir höndum.

Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir framlagi frá ríkissjóði, sem eigi að vera 10 millj. á ári næstu 10 ár, nema þá að hærra framlag verði ákveðið í fjárl. Og í öðru lagi, að Seðlabankinn tryggi sölu skuldabréfa, sem þessi sjóður gefur út vegna deildarinnar, að upphæð 40 millj. kr. á ári næstu 10 ár. Og svo í þriðja lagi lán umfram það, sem greinir í 2. tölulið, sem þessi deild gæti þá tekið innanlands eða utan með ríkisábyrgð, allt að 300 millj. kr.

Aðrar brtt. á þskj. 469 skýra sig algjörlega sjálfar. Þær fjalla aðeins um framkvæmdaratriði. Þetta er meginbreytingin.

Mér finnst, að það væri ekki illa til fundið, að hv. Alþ. gerði þessa breytingu, fyrst á annað borð er farið

að hreyfa við þessum málum, og ef sú breyting væri gerð, væri virkilega hægt að segja, að hér hefði nokkurt mál verið á ferðinni, en eins og frv. er óbreytt, tel ég, að það breyti í rauninni ákaflega litlu.

Frsm. meiri hl. (Jónas G. Rafnar): Herra forseti. Það eru aðeins nokkrar athugasemdir út af brtt. á þskj. 469 frá hv. 11. þm. Reykv. og 1. þm. Norðurl. v.

Fyrsta brtt. fjallar um það, að inn í frv. komi ákvæði um það, að sjóðsstjórnin skuli að jafnaði halda fund einu sinni í mánuði og að skylt sé að boða til fundar, ef tveir eða fleiri stjórnarmenn æskja þess.

Ég held, að þessi brtt. sé raunar óþörf, vegna þess að út frá því má væntanlega ganga, að fundir í stjórn Framkvæmdasjóðsins þurfi ekki að vera ýkjamargir á hverju ári. Þarna verður um allt annað skipulag að ræða, heldur en var áður hjá Framkvæmdabankanum, sem þurfti að afgreiða fjöldamargar beiðnir, sem til bankans bárust. Nú verða þetta miklu færri aðilar, sem koma til með að beina umsóknum sínum til þessa nýja sjóðs, heldur en áður leituðu til Framkvæmdabankans. Ég held því, að það sé ástæðulaust að fara að setja þessi ákvæði, sem lagt er til, inn í frv.

Þá vil ég gera þá aths. við 2. brtt., að með henni er beinlínis horfið frá því meginsjónarmiði frv., að Framkvæmdasjóðurinn láni eingöngu til fjárfestingarlánasjóða og til meiri háttar opinberra framkvæmda, þar sem lagt er til í þessum brtt., að sjóðurinn komi til með að lána beint til fyrirtækja svonefnd framleiðnilán.

Í þessu sambandi er ástæða til þess að benda á það, að í nýjum l. um Iðnlánasjóð, sem afgreidd voru að ég held frá hv. Ed. í gær, þar er gert ráð fyrir því, að Iðnlánasjóður komi til með að veita svonefnd hagræðingarlán, þ. e. a. s. viðbótarlán við hinar almennu lánveitingar bankans, og þessi lán verði með betri kjörum og til lengri tíma heldur en almennt gerist. Til þess að geta sinnt þessu verkefni sínu hefur Iðnlánasjóður heimild til þess að taka allt að 100 millj. kr. lán, og ég geri einmitt ráð fyrir því, að Iðnlánasjóður muni fá lán hjá Framkvæmdasjóði, m. a. til þess að hafa fé til endurlána í þessu skyni.

Á það má minna í þessu sambandi, að sjávarútvegurinn kemur áfram til með að geta sótt um lán til Fiskimálasjóðs, eins og verið hefur, og er því ekki eingöngu bundinn við Fiskveiðasjóðinn. Það vita allir, að Fiskimálasjóður hefur ekki haft eins strangar útlánareglur og aðrir fjárfestingarlánasjóðir, þannig að þegar sérstaklega stendur á, opnast þar möguleiki fyrir sjávarútveginn til þess að fá fyrirgreiðslu.

Í sambandi við tal um hagræðingu, — það er mikið rætt um alls konar vinnuhagræðingu, hún er að sjálfsögðu nauðsynleg, — má einnig benda á það, að í sambandi við sjávarútveginn voru samþ. lög hér á hv. Alþ. í byrjun þessa mánaðar, þar sem gengið er út frá því, að ríkissjóður leggi fram hvorki meira né minna en 50 millj. kr. nú á þessu ári til framleiðniaukningar frystihúsa og annarra endurbóta í framleiðslu frystra fiskafurða, og gert er ráð fyrir því, að Stofnlánadeild sjávarútvegs úthluti þessu fé. Þá liggur það einnig fyrir, að út frá því má að sjálfsögðu ganga, að atvinnuleysistryggingarnar haldi áfram að lána til atvinnufyrirtækja, bæði á sviði sjávarútvegs, iðnaðar og landbúnaðar, og sá fyrirhugaði Atvinnuaukningarsjóður mun einnig að sjálfsögðu hlaupa undir bagga með fyrirtækjum, þar sem þess er talin þörf og þar sem lánveitingar úr öðrum sjóðum eins og Fiskveiðasjóði og hinum almennu fjárfestingarlánasjóðum, hrökkva ekki til.

Í þriðja lagi er lagt til á þskj. 469, að gera þá breytingu, að þingflokkarnir tilnefni hver sinn manninn í Efnahagsstofnunina. Á það má benda í þessu sambandi, að frv. gerir raunar ráð fyrir því að lögfesta það fyrirkomulag, sem gilt hefur í sambandi við þessa stofnun. Og ég vil segja, að þetta fyrirkomulag hafi út af fyrir sig reynzt svo vel, að það sé nú engin ástæða til þess að gera þar á neina breytingu. Ég legg því til, að brtt. á þskj. 469 verði felldar.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Það er að vísu eitt gott við þetta frv. Það er loksins tekin ákvörðun um að leggja niður Framkvæmdabankann. Hann hefur lengi verið óþarfur, og það hefði bara verið gott, að um leið hefði verið stigið nokkurt spor fram á við til þess að reyna að skipuleggja okkar þjóðarbúskap nokkru betur. Mér sýnist að vísu, að í einstaka atriðum, sem lagt er til með þessu frv. hæstv. ríkisstj., vaki að vísu eitthvað slíkt fyrir henni, en þetta er svo óljóst og óákveðið og yrði auðsjáanlega mjög óákveðið um alla framkvæmd á því líka, að ég held, að það sé mjög óheppilegt, eins og það er þarna sett fram. Það er gengið út frá því í 13. gr. frv., að það skuli semja áætlanir um þjóðarbúskapinn fram í tímann, og þetta verkefni er falið Efnahagsstofnun, sem nú á loksins að leiða í lög. Og sú efnahagsstofnun er látin vera algerlega stofnun innan ríkisstjórnarkerfisins. Alþ. kemur þar hvergi nærri. M. ö. o.: Það verður eingöngu embættismannastofnun, sem Alþ. hefur ekkert með að gera.

Ef einhver hugsun væri í þessu, að það ætti að útbúa áætlanir um þjóðarbúskapinn fram í tímann, hlýtur það að vera sú hugsun, að það væru ekki aðeins útbúnar áætlanir t. d. til eins árs í senn, heldur áætlanir fram í tímann, við skulum segja til 4—5 ára eða jafnvel lengur.

Nú er það gefið mál, að ef maður fer inn á þá starfsaðferð, sem er mjög skynsamleg og hæstv. ríkisstj. hefur tekið upp í sambandi við framkvæmdaáætlanir sínar að nokkru leyti, þ. e. við þrengri verkefni ríkisbúskaparins, ef maður ætlar að fara inn á það að útbúa áætlanir um þjóðarbúskapinn í heild, t. d. 4—5 ár fram í tímann, verða menn að reikna með því, að á sama tímabili geti orðið stjórnarskipti. Það þýðir m. ö. o., að ef menn ætla að útbúa áætlun, sem á að verða svo að segja leiðbeiningin og höfuðstefnan í öllum þjóðarbúskap Íslendinga t. d. næstu 5 ár, er alveg óhjákvæmilegt, ef slíka áætlun á að útbúa, að bæði stjórnarandstaða og ríkisstj. hafi þar nokkurt samstarf um. Við vitum, hvernig slíkt er. Við skulum bara hugsa okkur, að á miðju slíku 5 ára tímabili yrðu stjórnarskipti. Þá er búið að festa svona og svona mikið af fé í alls konar fyrirtækjum, sem átt hefur að koma upp, og ef það er eingöngu ríkisstj., sem að þessu hefur staðið, geta menn vel búizt við því, að sú

stjórn, sem við tekur, stöðvi þetta allt í einu og byrji á einhverju allt öðru. M. ö. o.: Það gæti farið mikið í súginn og yrði að mörgu leyti ákaflega ópraktískt fyrir þjóðarbúskapinn, að þannig væri unnið. Þess vegna er það skynsamlegt, að þegar um áætlanir er að ræða fram í tímann, sé haft um þær samstarf á milli ríkisstj. og stjórnarandstöðu.

Ég hef flutt hér um alllangt skeið frv. um Áætlunarráð ríkisins, sem að ýmsu leyti en miklu ákveðnar reynir að setja þessa hugmynd út í lífið. Það frv. liggur líka fyrir þessu þingi, 27. mál, þskj. 93, og í þessu frv. frá mér var gengið út frá því, að það væri skipað af hálfu ríkisstj. 9 manna ráð. 4 menn skyldu vera tilnefndir af þingflokkunum, 4 menn skyldu tilnefndir af aðalsamtökunum í landinu, Alþýðusambandi Íslands, Stéttarsambandi bænda, Landssambandi ísl. útvegsmanna og Félagi ísl. iðnrekenda. Með þessu móti átti að tryggja, að þingflokkarnir annars vegar og helztu samtök verkamanna, bænda og atvinnurekenda hins vegar ættu þarna fulltrúa. Það var til að tryggja samhengið í starfi þessarar n. Auðvitað hefði ríkisstj. þarna oddamann og formann, og þessi n. skyldi eingöngu vinna að því að undirbúa áætlanir í hendur ríkisstj., en ríkisstj. ræður síðan, hvernig hún gerir úr garði það, sem hún leggur fyrir Alþ.

Með því að vinna að þessu með svona móti, er hægt að tryggja samhengi og þar með nokkurt öryggi í framkvæmd svona áætlana. Að svona áætlunum er nú unnið svo að segja alls staðar í Evrópu, ekki bara í sósíalistískum löndum, heldur löndum eins og Frakklandi, Noregi og víðar. Og það er engin spurning um það, að í landi eins og okkar, þar sem ríkið hefur í sífellu svona mikil afskipti af efnahagsmálum þjóðarinnar og raunverulega á vissan máta stjórnar þeim, verður óstjórn á þessu, meðan þessi háttur er ekki tekinn upp.

Ég þykist að vísu gera mér nokkra grein fyrir, hvernig þarna er allt í pottinn búið. Það er vitað mál, að Sjálfstfl. hefur verið dálítið smeykur, af því að honum hefur fundizt það lykta of mikið af sósíalisma, en þar er um mikinn misskilning að ræða. Það er ekki hægt að stjórna nútíma atvinnulífi öðruvísi heldur en með því að gera slíkar áætlanir, og það er ekki heldur hægt að stjórna því, án þess að það sé slíkt öryggi í sambandi við samningu slíkra áætlana, og við það, að það sé haldið áfram að vinna að þeim, hvort sem pólitísk stjórnarskipti verða eða ekki og að stjórnarandstaða á hverjum tíma hafi nokkuð með þetta að gera og ég tala nú ekki um þau voldugu samtök í landinu, sem í raun og veru marka jafnvel enn þá meira en stjórnmálaflokkarnir þróunina í þessum efnum. Ég held þess vegna, að það hafi verið rangt af hæstv. ríkisstj., þegar hún undirbýr þetta frv., að taka ekki dálítið meira tillit til þeirra till., sem áður hafa legið fyrir í þessum efnum.

Ég held, ef ég veit rétt, og ég held mig vita það, að Alþfl. hafi yfirleitt verið mjög hlynntur því, að það væri gengið alllangt í sambandi við samningu slíkra áætlana og í sambandi við að koma upp slíkum áætlunarráðum. Við vitum það, að Alþfl. hefur lengi barizt fyrir slíku. Það var strax hér í gamla daga, 1934, þegar hann í fyrsta skipti tók þátt í ríkisstj. á Íslandi, þá var það hans höfuðbaráttumál, og í því máli vann hann sinn stærsta pólitíska sigur, sem hann hefur nokkurn tíma unnið í sinni sögu, að koma á slíkum áætlunarbúskap á Íslandi. Þá var það Framsfl., sem eyðilagði það í þeirri ríkisstj., að slíkt yrði gert.

Þegar vinstri stjórnin var mynduð 1956, var eitt af því, sem ákveðið var í þeim stjórnarsáttmála, að unnið skyldi að því að koma slíku áætlunarráði á, og bæði Alþb. og Alþfl. stóðu saman að till., sem þá komu fram í sambandi við afgreiðslu á bankamálunum, að komið yrði upp slíku áætlunarráði eða stofnun, sem hefði það vald og verkefni, sem áætlunarráði almennt er ætlað. Þá var það Framsfl., sem hindraði, að slíkt yrði gert. Hins vegar hafa nú eftir 7 ára stjórnarandstöðu Framsfl. hvað eftir annað komið fram yfirlýsingar m. a. frá hans formanni um, að flokkurinn væri mjög hlynntur því, að slíkum áætlunarbúskap væri komið á. Og ég leyfi mér að spyrjast fyrir um, hvort það er ekki rétt skilið hjá mér, að Framsfl. hafi lært það af langri reynslu, sem hann því miður hvað eftir annað hefur komið í veg fyrir, að það sé ekki ætlandi að ætla að reyna að stjórna nýtízku atvinnulífi á Íslandi án þess að koma slíku kerfi á. Ég held, að hvað Sjálfstfl. snertir, sé þetta í raun og veru bara leifar af gamaldags íhaldssemi, að ganga ekki inn á það að koma upp svona stofnunum. Flokkar samsvarandi Sjálfstfl. hafa þegar gert þetta mjög víða úti í Evrópu, og það er mjög misráðið að gera ekki ráðstafanir til þess, að það sé hægt að koma á samvinnu um slíkt nú þegar hér heima. Ég held, að það ætti þess vegna mjög alvarlega að athuga það, hvort ekki gæti orðið við framhald annaðhvort þessarar eða næstu umr. samkomulag um það að gera þarna breytingar á.

Ég man það að vísu vel, að hæstv. ríkisstj. lýsti því yfir, þegar hún tók við völdum, að hún mundi ætla að láta atvinnulífið yfirleitt eiga sig og skipta sér ekki af því, atvinnurekendur og verkamenn ættu að koma sér saman um laun og ríkisstj. mundi ekkert skipta sér af neinu slíku. Það væri alveg mál atvinnurekenda og verkamanna. Í mörg ár hefur hæstv. ríkisstj. alltaf þverbrotið þetta prinsip sitt, og að miklu leyti hefur það verið rétt af henni, því að það er alveg óhugsandi fyrir eina ríkisstj. að ætla að láta efnahagsmál þjóðarinnar, sem eru raunverulega aðalmálin, sem til umr. og afgreiðslu eru, láta þau afskiptalaus. Og þetta hefur jafnvel farið út í þær öfgar hjá hæstv. ríkisstj., að í staðinn fyrir að álíta, að atvinnurekendur og verkamenn ættu einir að koma sér saman um kaupgjald í landinu og hún ætti hvergi að koma þar nærri, hefur hún í fyrsta lagi farið að koma mjög nærri þessum málum, þannig að hún hefur raunverulega verið einhvers konar þriðji samningsaðili við alla kaupgjaldssamninga, en hún hefur bara stigið enn þá lengra skref, sem ég svona sem gamaldags fylgjandi þingræðis er frekar smeykur við, því að hún hefur álitið, að það ætti að fara að útkljá meginið af löggjafarmálum þjóðarinnar, sem um efnahagsmál fjalla, í sambandi við kaupgjaldssamninga verkamanna og atvinnurekenda. Og þar finnst mér nú satt að segja vera stigið nokkuð stórt spor út fyrir veggi þessa þings. Þó að menn hafi oft neyðzt til þess á

tímum tiltölulega slæmra stjórna að reyna að knýja fram ýmis góð mál í sambandi við slíka kaupgjaldssamninga, væri mjög órétt að gera það að slíku prinsipi, að öll góð mál væru alltaf drepin á Alþ. og sem mest af slæmum málum sett í gegn, til þess að ætla síðan verkalýðshreyfingunni að brottnema þau slæmu mál, þegar til kaupgjaldssamninga komi og knýja fram eitthvað af þeim góðu málum.

Þegar hæstv. ríkisstj. er nú farin að álíta, að svona mikið þurfi að hafa við um samninga milli verkamanna og atvinnurekenda, sýnist mér það nú vera einsætt, að þegar um er að ræða höfuðstefnuna í sjálfu atvinnulífinu, áætlanirnar hvað snertir, hvað gera skuli á næstu árum og jafnvel áratug, ætti þó sannarlega að leyfa atvinnurekendum og verkamönnum að koma þar eitthvað nærri og ég tala nú ekki um þingflokkana. Eins og hins vegar þetta er í II. kafla þessa frv., er það eingöngu Efnahagsstofnunarinnar, sem sé eingöngu nokkurra embættismanna ríkisins. Ég skal að vísu viðurkenna, að þessi árátta er mjög rík í nútímaþjóðfélagi að fara að draga meir og meir úr höndum Alþ. og þinganna yfirleitt stjórnina á þessum málum og flytja þetta til embættismanna, en þetta er engan veginn góð tilhneiging. Og ég held, að við eigum að hindra, að slíkt sé gert að höfuðstefnu. Ég álít þess vegna, að þarna eigi að gera mikla breytingu á. Ég sé að vísu, að hv. þm. Framsfl. í félmn. eru þarna með nokkrar brtt., sem að vísu eru til bóta, en stíga samt ekki nærri því nógu langt í þessum efnum.

Í III. kaflanum er lagt til að koma upp hagráði. Þar eiga fulltrúar atvinnurekenda, verkamanna og ýmissa fleiri stofnana og samtaka að eiga sína fulltrúa. Þetta kvað eiga að vera 21 manns ráð. Reynslan af svona stórum ráðum er sú, að þetta verður — ja, mér liggur við að segja kjaftasamkoma í bezta falli. Það er að vísu hægt að gera svona ráð að vettvangi til að berjast á og knýja fram atkvgr. og annað slíkt og reyna á ýmsan hátt að hafa þar áhrif og koma fram með mál og þess háttar, það er hægt að gera það, en það er í raun og veru ekki slíkt, sem okkur sérstaklega vantar. Alþ. og fleiri slíkir vettvangar eru til. Það, sem við þurftum að hafa, var einmitt ráð, þar sem t. d. þingflokkarnir og sterkustu samtökin í landinu gætu talað saman.

Það er reynsla okkar hér á þingi, að það sé óheppilegt að hafa n., sem eru öllu fjölmennari en 5—7—9 menn, það séu n., sem geti unnið, það séu n., sem geti starfað vel, og höfuðstarfsnefnd Alþ., fjvn., er skipuð 9 mönnum. Ég held þess vegna, að það hefði verið miklu skynsamlegra að blanda nokkuð þarna saman. Í staðinn fyrir þetta fjölmenna hagráð hefði heldur átt að setja stjórn í þessa Efnahagsstofnun, sem var skipuð t. d. 9 mönnum, eitthvað svipað því, sem ég hafði lagt til með áætlunarráðið. Ég held, að þá yrði miklu hentugri og skynsamlegri stjórn á þessum efnum. Ég segi þar með ekki, að það sé ekki hægt að tala við þá aðila, sem lagt er til í 18. gr., að haft verði samstarf við.

Í 5. gr. míns frv. um áætlunarráð var einmitt lagt til, að til þess að skapa sem bezta samstöðu meðal þjóðarinnar og hagnýta sem bezt þekkingu og hugvit einstaklinga skuli ársfjórðungslega boðað til fundar með fulltrúum frá einmitt flestöllum þessum stofnunum, sem getur um í 18. gr. þessa stjfrv. M. ö. o.: það er ákaflega hægt að láta Efnahagsstofnunina, ef hún fær sæmilega stjórn, kveðja til ráðuneytis við sig ársfjórðungslega og gefa tækifæri til að spjalla við sig þessum fulltrúum þessara stofnana. Ég held, að þetta væri miklu skynsamlegra fyrirkomulag heldur en það, sem lagt er til í þessu stjfrv., eins og það hér liggur fyrir. Þá vil ég líka segja hitt, að ef áætlanir um þjóðarbúskapinn á að undirbúa af einni stofnun fyrir ríkisstj., eiga að vera fyrirmæli um það, á hvern hátt hæstv. ríkisstj. á hverjum tíma leggur slíkar áætlanir fyrir Alþ. Ég hafði í 8. gr. míns frv. nákvæm fyrirmæli um þetta. Ég held, að það hefði verið skynsamlegra að taka nokkurt tillit til þeirra hugmynda, sem áður hafa komið fram í þessum efnum. Það hefðu fengizt með því móti betri stofnanir, sem hefðu tryggt betra samhengi í efnahagsstefnu þjóðarbúskaparins, og ég skal vissulega viðurkenna, að það eru enn þá alveg möguleikar til þess, ef hæstv. ríkisstj. og hennar fylgismenn vildu verða við því að gera þarna breytingu á.

Ég vil í sambandi við þessi mál enn fremur rétt minnast á það, sem hér er alltaf öðru hvoru mjög mikið til umr., það eru mál dreifbýlisins. Við erum hér með Framkvæmdasjóð, einn nýjan sjóð til viðbótar við aðra, og í Ed. er verið að fjalla um frv. um Atvinnujöfnunarsjóð, sem kemur bráðum til okkar. Það eru ótal sjóðir í þessum efnum, en sannleikurinn er, að ef við ætlum að gera eitthvað í því að rétta dreifbýlið við, þá verður það ekki gert bara með einhverjum svona sjóðamyndunum. Það verður ekki gert með öðru en sjálfri yfirstjórninni á þjóðarbúskapnum, með því raunverulega að snúa straumnum við. Það þarf miklu róttækari ráðstafanir heldur en verið er að gera með þessum sjóðum. Það er sjálf yfirstjórnin á þjóðarbúskapnum, sem þarf að miðast við það að hindra, að Íslendingar safnist allir smám saman hérna við Faxaflóann. Og það verður ekki gert með því að veita smálán í þetta skiptið til þessa og hitt skiptið til hins, sem einhverjar hungurnefndir utan af landi næla út, þegar þær koma hingað til Reykjavíkur, heldur verður það gert með því, að yfirstjórnin á sjálfri stefnunni miðist við það, að hafa áhrif í þessa átt.

Ég verð að segja, að mér þykir það mjög leitt, að það skuli ekki hafa verið tekið tillit til þess við samningu þessa frv., að Alþ. ætti að hafa þarna nokkru meira um að segja. Þessi árátta, að ætla að sameina allt vald hjá nokkrum embættismönnum ríkisstj., er mjög óheppileg, og við vitum svo, hvað þetta kemur til með að þýða í praksis. Þetta kemur til með að þýða það, að þessi stofnun ríkisstj., sem er einvörðungu á hennar vegum, undirbýr allar mögulegar áætlanir, hún leggur þetta fyrir ríkisstj. og stundum kannske fyrir einhverja stofnun eins og stjórn Framkvæmdasjóðsins og ýmissa annarra slíkra sjóða, og þá er raunverulega búið að gera hlutina, og fulltrúar Alþ. hafa hvergi komið þarna nærri. Síðan er komið með þetta niður í þing, og síðan er þetta barið í gegn, jafnvel þó að svo og svo margir af þeim, sem ríkisstj. fylgja, séu máske mjög óánægðir með þessa

afgreiðslu. En þeir hafa í raun og veru aldrei komið þarna nærri, þingflokkarnir sem slíkir hafa ekki að þessu unnið, þeirra fulltrúar hafa ekki haft aðstöðu til að ræða þetta áður, og þetta miðar þá allt saman að því að auka valdið hjá embættismönnunum og hjá ríkisstj. og draga úr valdi Alþ. og gera Alþ. meir og meir að tómri afgreiðslustofnun.

Þetta er mjög óheppileg þróun. Það liggur við að manni finnist stundum, að Alþ. sé í raun og veru að verða eins konar ráðgefandi þing fyrir ríkisstj. og þar með búið. Það kemur vart fyrir lengur við afgreiðslu frv., sem lögð eru fyrir, a. m. k., þegar bjórinn eða refirnir og minkarnir eru undanteknir, — að þm. stjórnarflokka fái í raun og veru að njóta nokkurs persónufrelsis. Þeirra persónuleiki er svo að segja þurrkaður út. Flokkavaldið, sérstaklega þegar um stjórnarflokka er að ræða, er að verða svo geigvænlegt í okkar þjóðfélagi, að sjálft Alþ. sem slíkt líður undir því. Og mér sýnist, að með þeim ráðstöfunum, sem hérna er verið að gera, þá sé verið að halda áfram á þessari braut. Ég mun ekki að þessu sinni gera brtt. við þetta frv. en sjá, hvernig fer um það og brtt., sem fluttar eru við þessa umr. En ég vildi eindregið mælast til þess, ef hæstv. ríkisstj. leggur nokkuð upp úr því yfirleitt að reyna að hafa samstarf við stjórnarandstöðu um efnahagsmálin í þjóðfélaginu, að þá verði undir 3. umr. reynt að koma sér saman um einhverjar viðtækari brtt. en þær, sem nú liggja fyrir.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 71. fundi í Nd., 18. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 451 samþ. með 29 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
3.—5. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 469,1 felld með 19:13 atkv.
6. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
7.—12. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 469,2 felld með 20:13 atkv.
13.—14. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 469,3 felld með 20:13 atkv.
15. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
16. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
17.—20. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
21.—23. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og kaflafyrirsagnir samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 72. og 73. fundi í Nd., 19. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 75. fundi í Nd., 22. apríl, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 517).

Enginn tók til máls.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 76. fundi í Nd., 23. apríl, var fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 69. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 71. fundi í Ed., 25. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Frv. þetta hefur þegar hlotið samþykki í hv. Nd., og voru menn þar sammála um meginatriði þess, þó að um einstök atriði kæmu fram nokkuð skiptar skoðanir.

Meginefni frv. er það, að Framkvæmdabankanum er breytt eða hann lagður niður, ef menn vilja heldur kjósa það orðalag, en í hans stað er stofnaður Framkvæmdasjóður Íslands, sem raunar á að lúta sérstakri stjórn, eins og nánar er gerð grein fyrir í 6. gr. frv., en dagleg afgreiðsla og meðferð mála sjóðsins verður í höndum Seðlabankans. Þetta er að nokkru leyti það fyrirkomulag, sem ætlazt var til í fyrstu, að haft yrði á um afgreiðslustörf Framkvæmdabankans, þó að aldrei yrði úr þeim samningum, sem lögboðnir voru um þessi efni í upphaflegu lögunum um Framkvæmdabankann.

Frv. er í nánum tengslum við önnur frv. um framkvæmdasjóði, sem nú liggja fyrir þinginu, og er ætlazt til þess, að sá háttur verði á hafður, að Framkvæmdasjóður Íslands afli fjár, sem síðar verði úthlutað til framkvæmdasjóðanna, er aftur á móti láni það fjármagn, er þeir hafa yfir að ráða, til einstaklinga eða fyrirtækja, eftir því sem atvik standa til. Um þetta höfuðatriði frv. var enginn ágreiningur í hv. Nd., og er þess vegna óþarfi að ræða það nánar. Hins vegar var á það bent, að eins og frv. upphaflega var lagt fram, var hugsanlegt, að nokkur starfræksla, sem áður hafði getað fengið fyrirgreiðslu í Framkvæmdabankanum, mundi nú ekki njóta sams konar aðstöðu, og var bætt úr því með ákvæði, sem rýmkaði nokkuð starfsmöguleika lánastofnana til fjárfestingarláns og lánsmöguleika Framkvæmdasjóðsins.

Þá er í II. kafla frv. fjallað um Efnahagsstofnun og þar með lögfest það fyrirkomulag, sem á hefur verið hin síðari ár, og eru menn út af fyrir sig sammála um þann hátt. Það var þó á það bent, að æskilegt hefði verið, ef tryggð hefðu verið nánari tengsl Efnahagsstofnunarinnar fyrst og fremst við Alþ., en þá er þess að gæta, að einmitt slík tengsl geta með hægu móti átt sér stað fyrir milligöngu hagráðs, sem um fjallar í III. kaflanum, en í þessu hagráði eiga sæti m. a. fulltrúar þingflokka og ýmissa stofnana, sem nánar eru taldar upp í 18. gr. Menn hafa mismunandi mikla trú á því, að hve miklu gagni þetta hagráð verði. Þeir, sem þar eru svartsýnastir, ef svo má segja, telja þó, að það geti aldrei gert neinn skaða, í versta tilfelli verði það eins konar umræðufundir. Hinir, sem eru bjartsýnni í þessum efnum, vilja trúa því, að þarna geti skapazt vettvangur fyrir mikilsverðar og hagnýtar umræður

ýmissa aðila í þjóðfélaginu um hagfræðileg og efnahagsleg vandamál.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta frv. að svo stöddu, en ég leyfi mér að leggja til, að málið verði afgr. til 2. umr. og vísað til hv. fjhn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til fjhn. með 14 shlj. atkv.

Á 75. fundi í Ed., 29. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 76. fundi í Ed., 30. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 517, n. 619 og 631, 632).

Frsm. meiri hl. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Fjhn. hefur haft frv. þetta til meðferðar, en eins og nál. þau, sem útbýtt hefur verið, bera með sér, hefur hún ekki getað náð samstöðu um afstöðu til málsins. Við, sem að meirihlutanál. á þskj. 619 stöndum, leggjum til, að það verði samþ. óbreytt, en tveir hv. nm., þeir hv. 1. þm. Norðurl. e. og hv. 6. þm. Sunnl., hafa skilað minnihlutaáliti og flutt brtt. við frv. á þskj. 632.

Efni þessa frv. er þríþætt. Í fyrsta lagi fjallar það um Framkvæmdasjóð Íslands, sem gert er ráð fyrir að taki við meginhluta þeirra verkefna, sem Framkvæmdabankinn nú hefur með höndum. Í öðru lagi er starfsemi Efnahagsstofnunarinnar lögfest samkv. frv. Og í þriðja lagi eru í frv. ákvæði um stofnun hagráðs.

Svo sem hæstv. forsrh. gat um í framsöguræðu sinni við 1. umr. málsins, var frá upphafi gert ráð fyrir því, er Framkvæmdabankinn var stofnaður, að starfsemi hans yrði í nánum tengslum við sjálfstæðan seðlabanka, sem þá var gert ráð fyrir að stofna. Sem dæmi um þetta má nefna 20. gr. gildandi l. um Framkvæmdabanka Íslands, sem hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta: „Seðlabankinn annast dagleg afgreiðslustörf fyrir Framkvæmdabankann gegn hæfilegri þóknun.“ En árið 1951 var skipuð milliþn. í bankamálum, sem gera skyldi till. um nýskipan peningamála, m. a. stofnun sjálfstæðs seðlabanka, en aldrei varð samkomulag um lögfestingu þeirra till., sem n. gerði, en hins vegar voru Framkvæmdabankanum falin ýmis verkefni, sem eru eðlilegt verkefni seðlabanka og hlutu því að flytjast til hans, þegar hann var stofnaður með lögum frá 1961. Jafnframt annaðist bankinn þjóðhagsreikningagerð og var ríkisstj. til ráðuneytis í efnahags- og fjárfestingarmálum, en þessi verkefni voru svo síðar falin Efnahagsstofnuninni, sem nú er ráðgert að lögfesta. Sem dæmi um verkefni, sem Framkvæmdabankanum var falið að gegna skv. gildandi l. um hann, má nefna, að í 7. gr. núgildandi l. um Framkvæmdabankann stendur m. a.: „Að efla sparifjársöfnun og verðbréfaviðskipti og stuðla að öðru leyti að þróun heilbrigðs markaðs innanlands fyrir lánsfé til langs tíma.“ Og í öðru lagi stendur í sömu gr. l., þar sem talin eru verkefni bankans: „að afla lánsfjár erlendis til framkvæmda, sem eru í samræmi við tilgang Framkvæmdabankans“ o. s. frv. Hvort tveggja þessara verkefna heyrir eðlilega undir Seðlabankann, þannig að það er ljóst, að frá upphafi var gert ráð fyrir því, að Framkvæmdabankinn yrði í nánum tengslum við Seðlabankann, þó að það kæmi aldrei til framkvæmda. Þannig, að löggjöf sú, sem nú er í gildi um Framkvæmdabankann, er, hvað sem öðru líður, algerlega úrelt og ekki í samræmi við framkvæmd þeirra verkefna, sem honum voru ætluð samkv. löggjöfinni, eins og hún er í dag. Jafnframt þessu frv. hefur svo verið lagt fram frv. um Fiskveiðasjóð Íslands, sem hæstv. sjútvmrh. mælti fyrir áðan, en það gerir ráð fyrir sameiningu Fiskveiðasjóðs og Stofnlánadeildar sjávarútvegsins, og ætti það að vera augljóst, að sameining þessara tveggja fjárfestingalánastofnana sjávarútvegsins í tengslum við þá viðskiptabanka, er aðallega lána til útvegsins, er skynsamleg ráðstöfun, sem ætti að tryggja samræmdari nýtingu þess fjármagns, sem á hverjum tíma er hægt að ráðstafa í þessu skyni, en nú er.

Ég fjölyrði svo ekki meira um þann kafla frv., sem fjallar um Framkvæmdasjóð. Ég tek undir það með hæstv. forsrh., að það er raunar smekksatriði, hvort sagt er, að Framkvæmdabankinn sé með þessu lagður niður eða að breytt sé um skipan þeirra verkefna, sem hann nú gegnir.

Annar meginkafli þessa frv. fjallar um Efnahagsstofnunina. Það var stofnun, sem umdeild var á þeim tíma, er henni var komið á fót. Þá var því haldið fram af sumum aðilum, að hér væri í rauninni um óþarfa stofnun að ræða, vegna þess að Hagstofa Íslands gæti vel haft með höndum þau verkefni, sem Efnahagsstofnuninni voru falin. Ég tel út af fyrir sig, að þetta hafi verið á misskilningi byggt, því að þau verkefni, sem Hagstofan hefur gengt og er ætlað að gegna, eru talsvert annars eðlis en þau verkefni, sem Efnahagsstofnunin hefur frá upphafi haft með höndum. En hvað sem því líður, hygg ég, að sá ágreiningur, sem upphaflega var um það, hvort Efnahagsstofnunin væri nauðsynleg eða ekki, sé nú úr sögunni, þannig að allir séu í rauninni sammála um, að hún gegni mikilvægu hlutverki, og á hin myndarlega forstaða núv. forstjóra Efnahagsstofnunarinnar, Jónasar Haralz, vafalaust mestan þátt í því. Hef ég ekki orðið var við það í seinni tíð, að sá ágreiningur, sem áður var um nytsemi þessarar stofnunar, væri enn við lýði. Hins vegar virðist samkv. þeim till., sem gerðar hafa verið af hv. minni hl. fjhn. og einnig voru bornar fram í Nd., vera skiptar skoðanir um það, hvernig Efnahagsstofnuninni skuli stjórnað, þannig að í þessum till. er lagt til, að Alþ. kjósi stjórn stofnunarinnar. Að mínu áliti er þessi till. að talsverðu leyti byggð á misskilningi á eðlilegum verkahring þessarar stofnunar, því að starfsmenn þessarar stofnunar geta ekki verið stjórnmálaráðunautar og hlutverk þeirra ekki stjórnmálalegs eðlis.

Í rauninni er það þannig, að þau hagfræðilegu viðfangsefni, sem Efnahagsstofnuninni eru falin, eru ekki stjórnmálalegs eðlis. Hagfræðin er í sjálfu sér ekki tengdari stjórnmálum en hvaða vísindagrein önnur, eins og t.d. efnafræði. Hún fjallar um orsakasamhengi efnahagsmálanna, og þekking á því sam-

hengi getur vissulega að mínu áliti verið mjög nytsöm og nauðsynleg við lausn ákveðinna raunhæfra viðfangsefna og getur haft sín áhrif á viðhorf manna til slíkra mála, en í rauninni er hagfræðin ekki tengdari stjórnmálunum heldur en t.d. efnafræðin, og væri jafnmikil ástæða til þess, að Alþ. kysi t.d. stjórn efnafræðilegra rannsóknarstofnana, en slíkar till. hafa, svo að mér sé kunnugt um, ekki komið fram. Hins vegar er auðvitað eðlilegt, að stjórnmálaflokkarnir hafi aðstöðu til þess að fylgjast með því, hvernig þau störf, sem unnin eru á þeim vettvangi, séu af hendi leyst, eins og við á um allar mikilvægar, opinberar stofnanir. En það tel ég, að í rauninni sé tryggt með þeim tengslum, sem þetta frv. gerir ráð fyrir, að verði á milli Efnahagsstofnunarinnar og væntanlegs hagráðs, en gert er ráð fyrir því, að allir starfandi stjórnmálaflokkar eigi fulltrúa í hagráði, og mun ég þá að síðustu víkja að III. kafla frv., sem fjallar um hagráð.

Hliðstæðum stofnunum hefur verið komið á fót í flestum eða öllum nágrannalöndum okkar, og eru áhrif þeirra á þá stefnu, sem hverju sinni er rekin í efnahagsmálum þar mjög mikil og jafnvel oft raunverulega meiri en löggjafarsamkomu og ríkisstj., þó að að formi til séu þær að vísu yfirleitt aðeins ráðgefandi aðilar. Ekki mun ágreiningur um það, að fyllilega sé tímabært að koma slíkri stofnun á fót hér á landi, en hins vegar hefur það verið gagnrýnt af sumum hv. stjórnarandstæðingum, að störf þau, sem hagráði eru ætluð, séu of laust mótuð í þessu frv. Ég er í hópi þeirra, sem lengi hafa haft mikinn áhuga fyrir því að koma þessari stofnun á fót og tel, að hún geti gegnt mikilvægu hlutverki, ef rétt er á haldið. Mundi ég því sízt vilja gerast dragbítur á neitt, er verða mætti til þess að efla hana. Samt tel ég þá stefnu hyggilega, sem í þessu frv. er mótuð, en hún er sú að fara af stað í þessu efni í smáum stíl og nánast í tilraunaskyni, því að það er grundvallarskilyrði fyrir því, að störf stofnunar af þessu tagi komi að gagni, að fyrir hendi sé vilji hjá forustumönnum þeirra hagsmunasamtaka, sem hlut eiga að máli, að vinna að þeim stéttarlegu sérhagsmunum, sem þeir eru fulltrúar fyrir, á málefnalegan hátt.

Það ætlast enginn til þess af stéttarsamtökunum, að þau létti vandanum af því að stjórna landinu af ríkisstj. og þeim þingmeirihl., sem hún styðst við hverju sinni. En til þess að vissulega nauðsynlegt samstarf ríkisstj. og stéttarsamtaka geti borið jákvæðan árangur, þarf það hugarfar að vera ríkjandi hjá stéttarsamtökunum að vilja vinna að hagsmunamálum sínum í samræmi við efnahagslegar staðreyndir í þjóðfélaginu, en ekki í trássi við þær. Þetta hugarfar hefur ekki verið fyrir hendi hér á landi í nægilega ríkum mæli, svo að ekki sé meira sagt. Pólitísk spákaupmennska hefur átt allt of rík ítök innan hinna mikilvægustu stéttarsamtaka, þannig að meiri áherzla hefur verið lögð á það að knýja fram eitthvað, sem gæti skapað stjórnarvöldum vanda og þannig haft áhrif á stjórnmálaþróunina, heldur en hitt, að raunhæft mat sé lagt á þá möguleika, sem fyrir hendi eru hverju sinni, til þess að bæta hag viðkomandi stétta og aðgerðum hagað í samræmi við það. Innan verkalýðshreyfingarinnar hafa hugmyndir, sem svöruðu e.t.v. til þeirra aðstæðna, sem voru fyrir hendi um s.l. aldamót, en ekki eru í samræmi við þjóðfélagslegar aðstæður nú, í allt of ríkum mæli sett svip sinn á kjarabaráttuna. Þetta hefur m.a. komið fram í því, að einblínt hefur gjarnan verið á það að knýja fram sem hæsta kauphækkunarprósentu í þeirri sjálfsblekkingu, að samsvarandi raunhæfar kjarabætur hlytu að nást með slíku. Þetta gat átt við miðað við þær þjóðfélagslegu aðstæður, sem fyrir hendi voru um s.l. aldamót, þegar atvinnurekendur höfðu vegna innlendrar og erlendrar samkeppni ekki aðstöðu til þess að velta kauphækkunum, sem þeir sömdu um, yfir í verðlagið, en urðu að greiða þær af eigin ágóða. Nú eru aðstæður aðrar, svo að árangur af þeirri kjarabaráttu, sem á þessum grundvelli hefur verið háð, hefur fyrir verkalýðinn orðið hinn hörmulegasti eins og skýrslur um þróun kaupmáttar launa frá því í lok síðari heimsstyrjaldar, sem oft hafa verið birtar hér í þskj., eru órækt vitni um. Stórfelldar kauphækkanir hafa að vísu oft verið knúðar fram, en þar sem allir endar voru að öðru leyti lausir í þeim kjarasamningum, sem gerðir voru, runnu þeir á fáum vikum út í sandinn, þannig að eini árangurinn varð rýrt verðgildi peninga, en allur herkostnaður verkalýðsins í mynd tapaðra vinnudaga varð fyrir gýg.

Vissulega hafa þess sézt merki síðustu missirin, svo sem m. a. kom fram í júnísamkomulaginu 1964, að forustumenn verkalýðsins óháð stjórnmálaafstöðu þeirra séu að átta sig á því, að nýjar leiðir í kjarabaráttunni til samræmis við breyttar þjóðfélagslegar aðstæður séu vænlegri til árangurs en það að hjakka alltaf í sama farið. En sú þróun er þó meira hægfara en æskilegt er. Að ég nefni þetta, sem ég býst að vísu ekki við, að allir hv. þdm. séu mér sammála um, er ekki gert af löngum til þess að fara að hefja hér neinar almennar stjórnmáladeilur, en að mínu áliti er þetta einmitt kjarni málsins í sambandi við ágreining um það, hvað stór verkefni sé hægt og skynsamlegt að fela hagráði að svo stöddu. En hvað sem því líður, má þó að mínu áliti vænta þess, að þær viðræður og málefnaleg athugun, sem gert er ráð fyrir með till. þessa frv. um stofnun hagráðs, megi verða til þess að flýta fyrir því, að sá hugsunarháttur skapist hjá forustumönnum hinna ýmsu stéttasamtaka, sem er skilyrði fyrir því, að slík stofnun geti hér á landi gegnt svipuðu mikilvægu hlutverki og hliðstæðar stofnanir gera í nágrannalöndunum. Í trausti þess leggur meiri hl. fjhn. til, herra forseti, að þessar till. og frv. í heild verði samþ.

Frsm. minni hl. (Helgi Bergs): Herra forseti. Þetta frv., sem hér liggur fyrir, eins og fram hefur komið, lýtur að þrennu. Í fyrsta lagi því að stofna Framkvæmdasjóð Íslands, sem komi í staðinn fyrir núverandi Framkvæmdabanka, sé undir sérstakri stjórn og í vörzlu Seðlabankans. Í öðru lagi lýtur það að því að skapa lagagrundvöll fyrir störf Efnahagsstofnunarinnar, en lagalegan grundvöll fyrir starfi þeirrar stofnunar hefur fram að þessu skort alveg. Í þriðja

lagi er svo gert ráð fyrir stofnun hagráðs, sem kallað er, sem sé vettvangur fulltrúa stjórnarvalda, atvinnuvega og stéttarsamtaka til þess að skiptast á skoðunum um efnahagsmálastefnuna í landinu.

Ég þarf ekki að fara mörgum orðum um þetta frv. Við, sem að nál. minni hl. stöndum, álítum, að þessi þrjú lagaatriði, sem ég hef nefnt, séu eðlileg og væntanlega til bóta. En á hinn bóginn eru nokkur einstök atriði frv., sem við teljum, að ætti að breyta, og brtt. um það flytjum við á þskj. 632.

Samkv. 1. um Framkvæmdabanka Íslands eru föst ákvæði um það, hvernig bankaráðið skuli halda fundi, og um heimildir einstakra bankaráðsmanna til þess að krefjast bankaráðsfunda. Við teljum, að þessi ákvæði séu eðlileg og nauðsynleg og eigi ekki síður við um sjóðsstjórnina, sem tekur við verkefni bankaráðs Framkvæmdabankans, og 1. brtt. okkar lýtur að því að taka upp í 1. um Framkvæmdasjóð Íslands þessi ákvæði, hliðstæð ákvæði þessum úr 1. um Framkvæmdabanka. Við teljum enn fremur eðlilegt, að í stjórn Efnahagsstofnunarinnar séu fulltrúar frá þingflokkunum til þess að efla samband þingsins við þessa þýðingarmiklu áætlunarstofnun. Hv. frsm. meiri hl. virtist ekki vera okkur sammála um þetta, en eigi að síður lét hann í ljós skoðun, sem að mínum dómi hefði átt að nægja honum til stuðnings við þessa till., því að hann gerði einmitt að umtalsefni nauðsyn þess að skapa traust tengsl á milli stjórnmálaflokkanna eða þingflokkanna og Efnahagsstofnunarinnar. Ég er þeirrar skoðunar, að það verði ekki með öðrum hætti betur gert en með samþykkt þeirrar brtt., sem er 3. tölul. á þskj. 632.

Fyrr í vetur fluttum við nokkrir þm. héðan úr Ed. frv. um stofnun framleiðnilánadeildar við Framkvæmdabanka Íslands. Þetta frv. höfðum við flutt áður hér á hv. Alþ., og þá hafði það sofnað í n. Nú virtist allt útlit fyrir það, að það mundi gera það á nýjan leik. Þegar á hinn bóginn liggur nú fyrir frv. um það, að stofna Framkvæmdasjóð Íslands, sem komi í stað Framkvæmdabankans, þykir okkur eðlilegt að gera ráð fyrir því í 1. um Framkvæmdasjóðinn, að þessi deild verði til. Og við höfum því tekið upp í 2. tölulið brtt. okkar efnisatriði frv. okkar um framleiðnilánadeildina. Ég geri ráð fyrir, að hv. þdm. sé kunnugt um meginefni þess, og skal ég ekki rekja það. Það var til umr. hér á sínum tíma, en ég vil vekja athygli á því, að fjhn. sendi frv. í vetur til umsagnar ýmissa aðila. Ef ég man rétt, var það sent fjórum aðilum. Það var sent Búnaðarfélagi Íslands, Fiskifélagi Íslands, Iðnaðarmálastofnun Íslands og Seðlabankanum. Umsagnir hafa ekki borizt frá Seðlabankanum né heldur frá Fiskifélaginu, en frá Búnaðarfélagi Íslands og Iðnaðarmálastofnun Íslands hafa borizt umsagnir, sem báðar eru jákvæðar. Í umsögn Búnaðarfélags Íslands segir, að á fundi stjórnar Búnaðarfélagsins þann 12. apríl hafi erindi þetta verið tekið fyrir og gerð um það eftirfarandi bókun:

„Lagt fram frá fjhn. Ed. Alþ. frv. til l. um framleiðnilánadeild Framkvæmdabanka Íslands. Óskar n. umsagnar Búnaðarfélags Íslands um frv. Stjórn Búnaðarfélags Íslands mælir eindregið með samþykkt frv. þessa og leggur áherzlu á, að efld sé lánastarfsemi landbúnaðarins og annarrar framleiðslustarfsemi."

Í umsögn Iðnaðarmálastofnunar Íslands, sem líka er jákvæð, segir svo í niðurlaginu, ég skal ekki þreyta hv. þdm. á að lesa það allt, vegna þess að það er líka prentað sem fskj. með áliti okkar í minni hl., en í niðurlaginu segir:

„Á því getur vart leikið vafi, að lánastarfsemi, sem hefði þann tilgang að auðvelda stjórnendum hagræðingaraðgerðir í fyrirtækjum sínum, mundi bera árangur. Óbeinu áhrifin, sem fólgin væru í hvatningu til stjórnenda um að bæta rekstur sinn, yrðu þar án efa þung á metunum. Að þessu athuguðu virðist æskilegt, að stofnað sé til lánastarfsemi í anda ofangreinds frv."

Þannig hafa borizt jákvæðar umsagnir um þetta frv. frá Búnaðarfélagi Íslands og Iðnaðarmálastofnun Íslands. Frá Seðlabankanum og Fiskifélaginu hafa ekki borizt umsagnir, og ég skal ekki leiða neinum getum að því, hverjar kunna að vera skoðanir þeirra aðila um þetta efni, en þessar jákvæðu umsagnir, sem ég hér hef gert grein fyrir, styðja með sama hætti að samþykkt þeirra brtt., sem hér liggja fyrir í 2. tölul. á þskj. 632, eins og þær lúta að meðmælum með samþykkt frv., þar sem efnislega er hér um sömu ákvæði að ræða.

Að svo mæltu vil ég leyfa mér, herra forseti, að mæla með samþykkt brtt. okkar í minni hl., sem eru á þskj. 632, og með samþykkt frv. svo breytts.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 632, 1 felld með 11:8 atkv.
6. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
7.—12. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 632, 2 felld með 11:8 atkv.
13.—14. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 632, 3 felld með 11:8 atkv.
15. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
16.—23. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Á 78. fundi í Ed., 2. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 688).

---

49. Seðlabanki Íslands.

Á 31. fundi í Sþ., 16. marz, var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um breyt. á l. um Seðlabanka Íslands, nr. 10 29. marz 1961 [153. mál] (stjfrv., A. 326).

Á 57. fundi í Nd., 21. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Flutningur þessa frv. stendur í beinu sambandi við flutning frv. um Framkvæmdasjóð, Efnahagsstofnun og hagráð. Í því frv. er gert ráð fyrir því, að Seðlabankanum sé falin varzla og rekstur Framkvæmdasjóðsins, og er þess vegna nauðsynlegt að gera hliðstæðar breytingar á einni gr. í Seðlabankal. Þetta og þetta eitt er tilgangur þessa frv., og er óþarft að fara um það fleiri orðum.

Að svo mæltu leyfi ég mér, herra forseti, að leggja til, að málinu verði vísað til hv. fjhn. og 2. umr.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 58. fundi í Nd., 22. marz, var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 29 shlj. atkv. og til fjhn. með 31 shlj. atkv.

Á 73. fundi í Nd., 19. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 326, n. 452).

Enginn tók til máls.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 74. fundi í Nd., 20. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Á 75. fundi í Nd., 22. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 76. fundi í Nd., 23. apríl, var fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 69. fundi í Ed., s.d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 71. fundi í Ed., 25. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Þetta frv. er komið frá hv. Nd. og er eins konar fylgifrv. frv. um Framkvæmdasjóð Íslands. Í því frv., sem var til 1. umr. rétt áðan í þessari hv. d., er gert ráð fyrir því, að hinn nýi Framkvæmdasjóður sé í vörzlu Seðlabankans, en með aðskildum fjárhag og bókhaldi. Þess vegna er nauðsynlegt að gera smávægilegar einfaldar breytingar á Seðlabankalögunum í samræmi við þetta, og það eitt er efni þessa frv.

Að svo mæltu leyfi ég mér, herra forseti, að leggja til, að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til fjhn. með 14 shlj. atkv.

Á 75. fundi í Ed., 29. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 76. fundi í Ed., 30. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 326, n. 620).

Frsm. meiri hl. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Þetta frv. er í rauninni fylgifrv. við frv. það, sem nú hefur verið afgreitt. Í frv. um Framkvæmdasjóð o.fl. er gert ráð fyrir, að Seðlabankinn gegni þar ákveðnum verkefnum og þarf því breytingu á Seðlabankal. í samræmi við það. Við, sem að meirihlutanál. á þskj. 620 stöndum, leggjum því til, að það verði samþ. óbreytt, en aðrir nm. í fjhn. hafa um það óbundnar hendur.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Á 78. fundi í Ed., 2. maí, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 689).

---

50. Háskóli Íslands.

Á 36. fundi í Nd., 17. des., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 60 7. júní 1957, um Háskóla Íslands [100. mál] (stjfrv., A. 214).

Á 39. fundi í Nd., 10. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Í frv. þessu eru ákvæði um, að stofnuð skuli fjögur ný prófessorsembætti við Háskóla Íslands, þrjú í heimspekideild, þ.e.a.s. í ensku, í almennri sagnfræði og í Norðurlandamálum, einkum dönsku, og eitt í lagadeild, í réttarsögu. Ríkisstj. samþykkti á s.l. ári að beita sér fyrir skipulegri fjölgun prófessora og annarra kennara við háskólann á 10 ára tímabili í samræmi við áætlun, sem háskólaráð hafði samið um nauðsyn-

lega fjölgun kennaraembætta við stofnunina á 10 ára tímabili. Fyrsta embætti samkv. þessari 10 ára áætlun hefur þegar verið lögfest, og á ég þar við prófessorsembætti í lífefnafræði, sem stofnað var með l. nr. 72 1964, og hefur það embætti þegar verið veitt. Með þessu frv. er lagt til, að stofnuð verði þau fjögur prófessorsembætti, sem áætlunin gerir ráð fyrir að stofnuð yrðu til ársins 1966.

Ég skal nú gera nokkra grein fyrir þessari áætlun í heild. Rétt er að taka fram þegar í upphafi, að hér er um að ræða áætlaða kennaraþörf í þeim deildum, sem nú starfa við háskólann. Ef komið yrði á fót nýjum deildum eða tekin upp kennsla í nýjum greinum, mundi það auka kennaraþörfina umfram það, sem gert er ráð fyrir í 10 ára áætluninni.

Nú munu innritaðir í háskólann um 1100 stúdentar. Ekki stundar þó allur sá fjöldi samfellt nám við háskólann, og er erfitt að fullyrða um, hversu margir helga sig námi að öllu eða mestu leyti. Óhætt er þó að fullyrða, að í flestum deildum verður það æ fátíðara, að menn vinni samhliða námi. Hefur þetta fyrst og fremst tíðkazt við B.A.-nám í heimspekideild, en eftir að það nám var aukið og endurskipulagt á s.l. hausti, má gera ráð fyrir, að það verði framvegis mun fátíðara þar. Áætlað hefur verið, að stúdentatala háskólans þrefaldist á næstu tveim áratugum, og er þá miðað við reynslu liðinna ára og fjölda nemenda í menntaskólum, áætlaða fólksfjölgun og mat á auknu aðstreymi í menntaskólana. Við áætlun á kennaraþörfinni næstu 10 ár hefur verið höfð hliðsjón af þessu mati á stúdentafjölguninni. Prófessorsembættin, sem gert er ráð fyrir að stofna, eru alls 32. Er gert ráð fyrir mestri fjölgun í verkfræðideild, eða 15 nýjum prófessorsembættum, 7 í læknadeild, 4 í heimspekideild, 3 í lagadeild, 2 í guðfræðideild og 1 í viðskiptadeild. Þá er gert ráð fyrir stofnun 49 annarra kennaraembætta, þ.e.a.s. dósentsembætta og lektorsembætta. Þar er fjölgunin langmest í læknadeild, eða 33 ný kennaraembætti, 5 í verkfræðideild og 5 í lagadeild, 4 í heimspekideild og 2 í viðskiptadeild. Alls eru því hin nýju kennaraembætti, sem áætlunin gerir ráð fyrir að stofna á þessu 10 ára tímabili, 81.

Þá skal ég fara nokkrum orðum um nauðsyn þeirra embætta, sem þetta frv. gerir ráð fyrir.

Um stofnun prófessorsembættis í ensku er það að segja, að enska er nú orðin höfuðtungumálið af þeim erlendu tungumálum, sem kennd eru í íslenzkum skólum. Til háskólans sækir mikill fjöldi enskukennara háskólamenntun sína, og er því nauðsynlegt að leggja sérstaka rækt við enskukennslu í háskólanum. Fleiri stúdentar hafa lagt stund á ensku sem aðalgrein eða aukagrein en nokkra aðra grein til B.A.-prófa. Tekin hafa verið um það bil helmingi fleiri stig í ensku í þessum prófum en þeim greinum, sem næst koma, þ.e.a.s. mannkynssögu og dönsku. Á síðari árum hefur enskukennslunni í háskólanum verið haldið uppi af einum dósent, einum sendikennara frá British Council og einum skiptiprófessor í bandarískum bókmenntum. Þetta kennaralið er of fámennt og nauðsynlegt, að forstöðumaður enskukennslunnar sé prófessor, er geti skipulagt heildarstarfsemina.

Um stofnun prófessorsembættis í Norðurlandamálum, einkum dönsku, er það að segja, að danska er ein þeirra greina, sem mest er lögð stund á í B.A.-námi. Er það eðlilegt sökum náinna menningartengsla við hin Norðurlöndin og þá fyrst og fremst Danmörku og hins, að danska er fyrsta erlenda tungumálið, sem kennt er í íslenzkum skólum og við hlið ensku annað aðaltungumálið, sem þar er kennt. Undanfarin ár hefur kennslunni verið haldið uppi af sendikennara og stundakennara. Þetta er ófullnægjandi. Mikill hörgull er á dönskukennurum, og er án efa bezta ráðið til þess að bæta úr þeim skorti að efla og bæta aðstöðuna til dönskunáms við háskólann. Þess vegna er gert ráð fyrir því, að stofnað verði prófessorsembætti í dönsku, en jafnframt mun haldið áfram að halda uppi kennslu í norsku og sænsku, og von er á sendikennara í finnsku næsta haust. Í þessu sambandi má geta þess, að samkv. hinni nýju reglugerð, sem sett var um B.A.-námið á s.l. ári og kom til framkvæmda við upphaf yfirstandandi skólaárs, er gert ráð fyrir því, að hægt sé að ljúka meistaraprófi í Norðurlandamálum hér við háskólann.

Um prófessorsembætti í almennri sagnfræði er það að segja, að sagnfræði er meðal fjölsóttustu námsgreina til B.A.-prófs, og auk þess er sagnfræði kennd til kandidats- og meistaraprófs. Að undanförnu hefur sagnfræðikennsla við háskólann verið í höndum aukakennara. Með hliðsjón af því, hversu margir leggja stund á sagnfræðinám við háskólann, og hinu, að hörgull er á hæfum kennurum í sagnfræði í skólum landsins, virðist fyllilega tímabært að koma á fót prófessorsembætti í almennri sagnfræði.

Um prófessorsembættið í réttarsögu er það að segja að síðustu, að íslenzk réttarsaga er óplægður akur. Þótt gera verði ráð fyrir, að nýr prófessor í réttarsögu mundi annast nokkra kennslu í öðrum greinum lögfræðinnar en réttarsögunni, yrði hér fyrst og fremst um að ræða rannsóknarstarf eða svo ætti að vera a.m.k. Á sviði íslenzkrar réttarsögu er um að ræða mjög mikilvæg rannsóknarefni, sem fram að þessu hefur ekki verið nægilega sinnt. Það gleymist of oft, að íslenzk lög þjóðveldisaldar eru dýrmætur fjársjóður við hlið fornbókmenntanna og verða hiklaust talin eins og þær meðal helztu andlegra stórvirkja norrænna manna. Það hlýtur fyrst og fremst að teljast menningarskylda Íslendinga að hafa forustu um rannsóknir á þessum menningararfi, og ætti það að vera höfuðhlutverk nýs prófessors í réttarsögu.

Að síðustu skal þess getið, að í fjárl. fyrir yfirstandandi ár er gert ráð fyrir fjárveitingum til allra þessara embætta. Ég vona því, að þetta frv. hljóti skjóta og góða afgreiðslu hér á hinu háa Alþ. Embættin mundu þá verða auglýst laus til umsóknar þegar eftir samþykkt frv. og í þau skipað, þegar hæfir menn hafa um þau sótt.

Að svo mæltu leyfi ég mér, herra forseti, að leggja til, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Það er alltaf að vísu mjög ánægjulegt, þegar háskólinn sýnir einhvern

áhuga á því að efla sig, og þess vegna er það fagnaðarefni, að þetta frv. skuli vera hér fram komið, þó að ég áliti hins vegar, að það þurfi ýmissa athugana við. Það er engum efa bundið, að það er ákaflega mikil þörf á aukningu starfsmanna við háskólann, en spurningin hlýtur að verða um leið, á hvaða sviðum við leggjum mesta áherzlu á að láta þá aukningu fara fram. Hér er lagt til, að það séu tekin upp 4 ný embætti. Þrjú af þessum embættum eru raunverulega fyrst og fremst miðuð við beina kennslu, að búa menn undir kennslu, það er sem sé þáttur háskólans sem eins konar kennaraskóla fyrir gagnfræðaskólana, sem þar er fyrst og fremst verið að hugsa um. Ég er því sammála út af fyrir sig. Það er nauðsynlegt bæði með enskuna og dönskuna að efla hana, en alveg sérstaklega er þó nauðsynlegt, að sú almenna sagnfræði sé meir tekin upp við skólann en verið hefur. Sannleikurinn er, að frá upphafi vega, frá því að byrjað var að kenna Íslandssögu hér, hefur það verið stór galli á háskólanum, að það hefur ekki verið kennd mannkynssaga við hliðina og kennd á það háu stigi, að það væri ekki bara ætlað mönnum, sem væru að hugsa sér að verða kennarar við gagnfræðaskóla og menntaskóla, heldur líka mönnum, sem væru að búa sig undir að rækja líka Íslandssöguna og rannsaka hana frá vísindalegu sjónarmiði. Sannleikurinn er, að þorra þeirra manna, sem útskrifast sem kandidatar í Íslandssögu, skortir vissan hlut, þegar þeir hafa ekki lært mannkynssögu um leið og sérstaklega sögu Evrópu eða sögu Norðurlanda, þannig að það er nauðsynlegt að taka tillit til þess, þegar prófessorsembætti er stofnað í almennri sagnfræði, að það sé ekki eingöngu hugsað til að búa menn undir að verða mannkynssögukennarar í æðri skólum, heldur líka að styðja að því, að þeir, sem læra Íslandssögu til þess að verða vísindamenn eða kennarar seinna meir, hafi meiri hugmynd um mannkynssöguna, því að Íslandssagan er sannarlega í vissri snertingu við hana. Það hefur verið stórkostlegur galli á öllum þeim rannsóknum, sem fram hafa farið til þessa, að undanteknum 2—3 mönnum, hve þá hefur skort þekkingu á mannkynssögunni til að hafa hliðsjón af því við rannsóknir á Íslandssögu. Það er þess vegna rétt að taka mjög undir þetta, og hefði frekar mátt auka þar um meira en einn mann heldur en hitt.

Þá er lagt til að koma upp sérstöku prófessorsembætti í réttarsögu. Ég verð nú að segja, að mig undrar, að það skuli ekki hafa verið fyrir löngu af hálfu háskólans stofnað til slíks. Háskóli Íslands hefur átt einhvern færasta mann, sem uppi hefur verið á Norðurlöndum, einmitt í réttarsögu, prófessor Ólaf Lárusson, og lét hann mestallan tímann, sem hann kenndi við háskólann, vera í að kenna allt aðra þætti lagavísinda, sem hann vissulega var allra manna færastur um, og hefur kennt flestum þeim mönnum, sem nú eru sýslumenn, lögfræðingar og trúnaðarmenn íslenzka ríkisins. En það var synd að taka hann frá því að fá að halda áfram rannsóknum íslenzkrar réttarsögu og íslenzkrar sögu almennt, m.a. vegna þess, að hann var sá maður af öllum Íslendingum, sem var bezt að sér í því tímabili, sem stundum er kallað eitt myrkasta tímabil Íslandssögunnar, en að mörgu leyti eitt af okkar glæsilegustu tímabilum, en svo óþekkt, að það er hverfandi lítið rannsakað, sem sé 14. og 15. öldin. Það ber þess vegna að fagna því, að það skuli nú stofnað til þess að taka upp prófessorat eingöngu í réttarsögunni, og er þó tekið fram í þessu, sem hér kemur frá háskólanum, að þessi maður eigi nú að kenna hitt og þetta annað um leið. Ég tel það illa farið. Við ættum að geta hugsað það hátt öðru hvoru, sérstaklega ætti háskólinn að geta það, að það væri hægt að láta menn, fyrir þó ekki hærri laun en prófessorsembættin hafa, gefa sig að vísindalegum rannsóknum í þessum efnum og hirða lítt um annað, máske hafa 1 eða 2 tíma á viku til að halda fyrirlestra, en fyrst og fremst að rannsaka hlutina.

Það hefur verið undirstrikað þarna á bls. 4, og hæstv. menntmrh. kom inn á það í sinni framsögu, hve merkilegt stórvirki okkar gamla germanska réttarskipun væri, eins og hún hefði birzt í Grágás og í þeim gömlum lögum, eins og þau voru sett upphaflega í þjóðveldinu. Sannleikurinn er, að þetta er ekki aðeins hliðstætt rómverskri réttarskipan, rómversk réttarskipan á sér fleiri hliðstæður en okkar. Íslenzk réttarskipan er hvað það snertir alveg einstæð í veraldarsögunni, vegna þess að hún er táknræn fyrir tímabil, sem var á undan þeirri rómversku réttarskipan. Rómverski rétturinn yfirleitt er táknrænn fyrir þann tíma, sem ríkisvald er orðið til og orðið þar ráðandi í mannfélaginu. Íslenzk þjóðveldisréttarskipan, eins og hún var í upphafi og eins og hún er að miklu leyti varðveitt í Grágás, — ef menn kunna að lesa hana þannig, að menn aðskilji það, sem er gamalt og nýtt, hafa menn þar raunverulega einu lögin, að undanteknum nokkrum litlum leifum, sem til eru frá þeirri gömlu germönsku réttarskipan, sem var til, áður en ríkisvaldið kom til sögunnar, frá ættarsamfélaginu, eins og það var árþúsundum saman, áður en ríkisvald var myndað. Þannig er um að ræða, þar sem okkar gamla réttarsaga er, einhverja einstæðustu réttarskipan í heiminum. Þar sem við höfum eitthvað dálítið líkt, er það mestmegnis hjá þjóðum, sem voru þá ekki farnar að skrifa sín lög, enda fórum við sjálfir ekki að skrifa þau fyrr en tæpum 200 árum eftir að við stofnuðum okkar þjóðfélag, settum okkar lög, því að raunverulega var „lög" nafnið á okkar þjóðfélagi þá. „Í órum lögum" var táknið um, að menn tilheyrðu okkar mannfélagi. Og þær þjóðir, sem helzt hafa varðveitt nokkuð af slíku, voru fyrst og fremst Indíánarnir, Grikkir fyrir daga Sólons, Rómverjar fyrir 510 f. Kr., þannig að það er hverfandi lítið, sem er varðveitt yfirleitt af þessu stigi mannfélagsins, nema íslenzka réttarskipanin. Þarna er stórfellt rannsóknarefni, sem við hefðum vissulega átt að leyfa mönnum, sem væru færir um það, að gefa sig að í miklu, miklu ríkara mæli en gert hefur verið fram að þessu. Það er verið að tala þarna um, að það þurfi að vera eitt helzta verkefni prófessors í réttarsögu utan almennrar rannsóknar að hlutast til um að kynna lögskipan þjóðveldisaldar fyrir erlendum fræðimönnum.

Því miður er nú ástandið þannig, að erlendir fræðimenn hafa verið yfirleitt betur að sér um þessa hluti en íslenzkir, að örfáum undanteknum, og við

höfum ekki gert sérstaklega mikið upp á síðkastið að því að kynna þetta fyrir erlendum fræðimönnum, eins merkilegt og það er og eins nauðsynlegt og það hefði verið, sérstaklega eftir fall nazismans, að reyna að þurrka ofur lítið alla smánina, sem nazismanum tókst að setja á allt það, sem germanskt var, með því að reyna að gera dálítið meira að því en gert hefur verið að kynna einmitt þennan forngermanska rétt, eins og hann var, og það, sem glæsilegast var við þá forngermönsku hefð, eins og hún birtist einmitt hér á Íslandi á þjóðveldistímanum, en ekki eins afskræmt og það var í kenningum nazistanna.

Ýmsir þeir menn, sem bezt hafa rannsakað okkar réttarsögu, að nokkrum prófessorum í Reykjavík og Kaupmannahöfn undanteknum, voru þýzkir menn, og sá þeirra, sem margt hefur skrifað þarna einna bezt og nánasta samvinnu hafði við Jón Sigurðsson um það, var Konrad Maurer. Og það, að Konrad Maurer sem prófessor í Leipzig og víðar hafði þennan áhuga á þessum málum, stafaði m.a. af því, að faðir hans, Georg Maurer, prófessor í München og seinna meir ríkisstjóri í Grikklandi að tilhlutun þeirrar alþjóðanefndar, sem hlutaðist til um að setja ríkisstjóra þar, — Georg Maurer var einhver bezti fræðimaður, sem uppi hefur verið um forngermanska réttarskipan og skrifaði um rannsóknir á allri forngermönsku réttarskipaninni, eins og hún lagði sig, alveg fram til borga- og bæjaskipunarinnar á 12., 13., 14., 15. öld. Öll fornöld og miðöld er rannsökuð af þessum manni, af Georg Maurer, þannig að hans vísindarit í þessum efnum eru alveg einstæð. Þetta var háborgaralegur prófessor. Það er m.a. hann, sem sýnir fram á, hvernig jörðin hafi verið sameign hjá þeim fornu germönsku ættflokkum, og endurskapar í sínum vísindaritum eins og hægt er myndina af þessari forngermönsku réttarskipan, sem kemur alveg heim við hreppaskipanina íslenzku, eins og yfirleitt það, sem kallað er á þýzkunni Markverfassung, sem er grundvöllurinn fyrir fyrirkomulagi hjá bændasamfélögum í Þýzkalandi allt fram á tíma lénsskipulagsins og lengi vel á tímum lénsskipulagsins. Þessi maður hefur skrifað ein 10—12 bindi, en ástandið er þannig hér á Íslandi, að af öllum þessum ritum Georgs Maurers, eins bezta fræðimanns í þessum efnum, föður Konrads Maurers, sem vekur áhugann hjá honum fyrir að stúdera Íslandssöguna svona, — ekki eitt einasta af þessum ritum er til við neitt safn á Íslandi, hvorki landsbókasafn, háskólabókasafn né annars staðar. Svona er búið að vísindalegum rannsóknum á Íslandi í dag.

Ég hef sjálfur reynt ofur lítið að fást við að stúdera þessi mál og reynt að athuga, hvernig um þetta væri statt hér heima, og svona er ástandið. Og ég veit því miður ekki til, að neinn maður á Íslandi eigi heldur þessi rit. Maður þarf að fara til annarra landa og bókasafna í öðrum löndum til þess að geta séð rit, sem eru skyldust íslenzkri réttarsögu af öllu, sem til er í veröldinni. Og svo og svo mikið af öllum þeim mönnum, sem útskrifast úr háskólanum, lögfræðingum og annað slíkt, hafa ekki hugmynd yfirleitt um neitt af þessu. Það er þess vegna vissulega ekki sízt ástæða til, að þeir prófessorar, sem settir eru í réttarsögu, fái tækifæri til þess að rannsaka það stórkostlega, sem íslenzk saga hefur að geyma hvað þetta snertir, og gera Íslendingum sjálfum ljóst, hvað þeir eiga í þessum efnum, og ekki sízt háskólanum. Það er ákaflega gott að hafa um leið gott samstarf við erlenda fræðimenn. Því miður hefur það verið svo, að nú eftir stríð er eins og það hafi fallið slíkur blettur á allt germanskt, að það þurfi mikla atorku til þess að hreinsa það af öllu því, sem á það hefur verið kastað, og við þurfum að vinna að því.

En ég held, að við verðum að setja markið dálítið hærra en þeir prófessorar við háskólann gera, sem leggja hér fyrir okkur á Alþ., hvernig eigi að skipa kennara og háskólaprófessora. Mér lízt satt að segja ekkert á þessa 10 ára áætlun, sem háskólinn leggur hér fyrir. Ég man nú ekki, hvað það var kallað, fyrirkomulagið, sem var hérna á skömmtunartímunum, þegar hverjum var úthlutað eftir því, sem verzlunin hans hafði verið áður, en það er eitthvað svipað, sýnist mér, með skömmtunarfyrirkomulagið milli deildanna í háskólanum, og virðist það hæst í kollinum á þeim hv. prófessorum enn þá að hafa þann hátt á, sem þá þótti tíðkast milli verzlunarfyrirtækja í Reykjavík, þegar harðast var skammtað. Það er auðséð, að það á að fjölga í hverri deild út af fyrir sig þannig, að það sé ekki verið að gera upp á milli deildanna. Eins og nokkrum lifandi manni detti í hug að það þurfi að fjölga í guðfræðideild. Eins og þeir geti ekki setið með þá prófessora, sem þeir hafa. Eins og það þurfi að bæta við 2 prófessorum þar. Ég held það væri nær að koma upp prófessorati í goðafræði — norrænni goðafræði. Það virðist vera eitthvað meira að rannsaka þar, því að maður sér nú ekki, að þeir þori mikið að rannsaka guðfræðina kristnu, þeir sem hérna eru. Það ætti þá að vera einhver frjáls hugur, að þora að líta á það frá vísindalegu sjónarmiði. Ég held, að norræna goðafræðin væri þá eitthvað nær og allur skyldleiki hennar og uppruni hennar og eitthvað skemmtilegra að fást við. Ég held sem sé, að við eigum ekki að hafa skömmtunarfyrirkomulag á þessu, heldur eigum við að auka deildirnar eftir því, sem þörf er fyrir íslenzk fræði og íslenzkan metnað og íslenzka þekkingu.

Það er fyrst og fremst eitt, sem við verðum að setja okkur í þessu sambandi og okkur ber skylda til fyrst og fremst að hugsa um. Það er gott og það er sjálfsagt að auka það, sem við þurfum, í verkfræði, læknisfræði og öllu slíku. En það er fyrst og fremst eitt, sem er okkar skylda sem Íslendinga, og það er að auka rannsóknir, vísindastarfsemi og kennslu í íslenzku fræðunum. Og hvernig dirfist háskólinn að leggja fyrir okkur 10 ára plan í þeim efnum? Hann leggur fyrir okkur till. um lögfestingu prófessorsembætta 1964—1973, og í heimspekideildinni er það í ensku, í mannkynssögu, í dönsku og í almennri heimspeki. Þetta eru þau 4 prófessoröt, sem á að skapa fram til 1974 eftir till. prófessora háskólans. Þetta segi ég að sé til skammar — til skammar fyrir Háskóla Íslands, að koma með þetta svona fram. Og það væri til skammar fyrir Alþ., ef það afgreiddi þetta svona.

Það, sem við þurfum að setja þarna inn, — ef ég fer ekki rétt með það, leiðréttir hæstv. ráðherra mig, þá held ég, að nú séu 2 prófessorsembætti í íslenzkri sögu, 2 prófessorsembætti í íslenzkum bókmenntum

og 2 prófessorsembætti í íslenzku máli. Þarna er það fyrst og fremst, sem við þurfum að bæta við. Okkur veitir ekkert af því, að það væru fjórir prófessorar í Íslandssögu. Við skulum ganga út frá því, að við erum ekki að setja þá bara fyrst og fremst til að kenna, við erum að setja þá til að rannsaka og til þess að skrifa og til þess að rita bækur, sem almenningur getur lesið, líka þeir menn, sem stúdera við háskólann. Ég held, að það mundi ekki veita af fjórum prófessorum í Íslandssögu. Hvernig er statt nú sem stendur með Íslandssögu t.d. á 19. og 20. öld? Ég vona, að hv. þm. séu mér sammála um, að það hafi eitthvað gerzt á 20. öldinni, eitthvað ofur lítið, það sé ekki alveg laust við, að það hafi eitthvað gerzt á Íslandi, kannske tiltölulega meiri atburðir en á mörgum öldum áður, að þróunin á Íslandi hafi verið hraðskreiðari en jafnvel á þúsund árum áður, t.d. hvað snertir það tæknilega og ýmislegt annað slíkt. Og hvað mikið er kennt við háskólann af Íslandssögu á 20. öld, — hvað mikið? Mér er næst að halda, að það sé ekki neitt. (Gripið fram i.) Ja, er það til 1914? Ég hélt kannske, að það hefði komizt til 1918. (Gripið fram í.) Já. En m. ö. o.: Ég er hræddur um, að jafnvel þó að það eigi að vera kallað, að það sé til 1918, þá sé það raunverulega engin kennsla sem heitir í þessu. En frá 1918 fram undir 1960, þau ár eru ekki til við Háskóla Íslands. Við hvaða háskóla sem er í Bandaríkjunum, Bretlandi eða hvar sem er getur hvaða stúdent, sem í þann háskóla fer til þess að stúdera t.d. sögu, hann getur tekið sína stóru ritgerð, ég tala nú ekki um Roosevelt, ég tala nú ekki um síðasta stríð, hann gæti tekið það úr stjórnartíð Kennedys. Saga er um leið og hlutimir hafa gerzt, og öll saga 20. aldarinnar er enn þá ekki tekin fyrir við Háskóla Íslands og heldur ekki gerðar neinar ráðstafanir til þess, að meira að segja þau frumstæðustu plögg, sem nauðsynleg eru, séu til, til þess að geta rannsakað þetta seinna. Það er á hverjum degi enn þá tækifæri til að leggja grundvöll að rannsóknum á Íslandssögu. Þau tækifæri eru að hverfa líka með hverjum deginum sem líður. Það lifa enn þá menn og hafa lifað fram á þennan dag, sem búa yfir ákaflega mikilli þekkingu um þetta og háskóli í hverju einasta landi mundi hagnýta sér á þann hátt að hafa við þá viðtöl, taka inn á stálbönd, geyma og annað þess háttar. Hér hverfur þetta allt saman, þannig að bráðum, eftir svona 20—30 ár, fara menn að rífast um það, sem flestir okkar mundu vita, að eru staðreyndir í dag, en fyrir tilviljun eru hvergi skráðar eða prentaðar. Við verðum að gá að því, að ein af dýrmætustu sagnaheimildum fyrir sögu liðinna alda hafa verið sendibréfin. Það eru þau, sem hafa gert mönnum fært að skyggnast á bak við tjöldin í þessa hluti. Sendibréfin á síðari hluta 20. aldarinnar verða varla til, vegna þess að menn skrifast ekki lengur á, sízt um slík stjórnmálaleg efni. Menn tala í síma og taka það ekki á segulband, þannig að hver prófessor í sögu síðari hluta 20. aldar á Íslandi, sem hefði einhverja tilfinningu á sínu efni, mundi reyna þegar að hlutast til um, að gerðar væru margvíslegar ráðstafanir til þess að varðveita um ókomin ár heimildir vegna sögunnar, sem nú er að gerast, en nú er bara ekki hugsað um. Og svo lifum við þá hluti, að vegna þess að háskólinn hefur ekki rannsakað einu sinni tímabil eins og við skulum segja Valtýskuna og tímabilið núna fyrstu tvo áratugina á þessari öld, ekki einu sinni það, þá lendum við í slíkum hlutum, sem nú hafa gerzt í sambandi við Hannesar Hafsteinssögu Kristjáns Albertssonar. Í staðinn fyrir vísindarit fær maður hrein áróðursrit í þessum efnum. Í stað þess að íslenzka ríkið sjái til þess, að háskólinn hafi prófessora, sem rannsaka hlutina, eru hinir og þessir menn, sem sjá til þess, að hinir og þessir embættismenn vinni að því að semja meira og minna rangfærð áróðursrit um þessa menn.

Það er ekki vansalaust fyrir þjóð, sem kennir sig við sögu og á fyrst og fremst sína frægð úti í heimi fyrir bókmenntir og sögu, að haga sér svona eins og við gerum gagnvart okkar íslenzku fræðum við háskólann. Við eigum að bæta við tveim prófessorum í íslenzkri sögu, við eigum að gera það sama í íslenzkum bókmenntum. Það er ekki til neins fyrir okkur að ætla að standa á því, eins og við gerum, að íslenzkar bókmenntir að fornu og nýju þoli samanburð við flestallar bókmenntir stórþjóða hvað gæði snertir, og tíma ekki að hafa nema eina einustu tvo prófessora starfandi við Háskóla Íslands, eiga ekki einu sinni til bókmenntasögu fyrir meiri hlutann af okkar bókmenntasögutímabili. Og sama gildir að mínu áliti um okkar málssögu, þó að ég geti ekki þar talað um af þekkingu. Ég efast ekki heldur um það, að þar sé líka mikill vettvangur fyrir þá, sem vildu og fengju tækifæri til þess að gefa sig að þeim rannsóknum.

Ég held þess vegna, að þegar þetta mál nú fer til n., sem ég á sæti í, ættum við að taka það til alvarlegrar umr., og ég vona, að það mundi mæta skilningi hjá hæstv. ríkisstj. líka, að Alþ. hefði ekki síður frumkvæði í þessum efnum heldur en Háskóli Íslands og Alþ. liti á það sem skyldu sína til þess að halda uppi virðingu okkar þjóðar inn á við og út á við og okkar menningar að fjölga sérstaklega prófessorum í þessum íslenzku fræðum við Háskóla Íslands. Við þurfum ekki að skella því öllu saman á í einu, þannig að fjárl. færu um koll á því, þó að það væri æskilegast að setja þá alla strax og fjárl. mundu að mínu áliti standast það. Við gætum sett þau smám saman á þetta árabil, sem Háskóli Íslands hefur sleppt að ætla að auka nokkuð kennslu í íslenzkum fræðum eða rannsóknarefna vísindastarfsemi, og ég vona, að hæstv. ríkisstj. mundi ekki hafa neitt á móti því.

Mér til mikillar ánægju hef ég getað fylgzt með því nokkuð, að áhuginn fyrir íslenzkum fræðum úti um allan heim fer sívaxandi, og hvar sem okkar bækur eru þýddar nú og gefnar út, stækka sífellt upplögin af þeim. Ég sá nýlega getið um það, — ég held, að það hafi verið í Morgunblaðinu, — að Penguin væri að gefa Njálu út í 50 þús. eintökum. Njáls saga var gefin út ásamt Egils sögu, Gunnlaugs sögu ormstungu og Laxdæla sögu í rússneskri þýðingu fyrir 8 árum í 50 þús. eintökum og er fyrir löngu ófáanleg. Nýlega var verið að gefa fyrri hlutann af Njálu út á rúmensku, og nýlega er búið að þýða Njáls sögu á ungversku. Áhuginn hjá þeim sósíalistísku þjóðum, ekki síður en þeim borgaralegu þjóðum, sem nær okkur búa, fer vaxandi fyrir þessum dýrgripum okkar, m. a. vegna

þess, að sá boðskapur, sem þessar Íslendingasögur okkar hafa að flytja, er svo sérstæður í okkar heimi, eins og hann er orðinn, að þegar menn fara að kynnast þeim, uppgötva þeir heim, sem þeir hafa ekki þekkt áður. Við höfum svo sérstakar aðstæður, Íslendingar, eins og ég kom inn á í upphafi míns máls, að það hefur engin önnur þjóð slíkar í veröldinni. Þær hafa flestar verið það óhamingjusamar að glata þeim, vegna þess að það leið svo langt milli þeirrar svokölluðu hetjualdar, þeirrar aldar, þegar hetjusögurnar og hetjukvæðin verða til, en þjóðirnar ekki enn þá kunna að skrifa, að það týnist allt saman, og hjá germönsku þjóðunum sá kristnin um það, sérstaklega hjá þjóðverjum og slíkum, að eyðileggja allt slíkt. En við Íslendingar aftur á móti vorum svo heppnir, að við vorum svo miklir diplómatar, þegar við tókum kristnina, að við héldum áfram að vera heiðnir í lund og varðveittum þess vegna okkar heiðnu bókmenntir, og meira að segja kristnu munkarnir voru það heiðnir, að þeir skrifuðu þær upp, þannig að við einir allra germönsku þjóðanna varðveittum þess vegna þessa dýrgripi. Og við höfum fram á þennan dag, — ég skal ekki segja, hvað sjónvarpið kann að gera við þá kynslóð, sem nú vex upp, — en við höfum fram á þennan dag lifað að meira eða minna leyti í þessum heimi, sem Íslendingasögurnar skópu, vegna þess að enn þá á aldri þeirra, sem nú eru komnir á minn aldur, var það sjálfsagt, að menn læsu þær allar sem börn. Þess vegna haldast þessi tengsl enn sem komið er í þessari kynslóð, tengslin frá upphafi okkar þjóðveldis, og þess vegna þarf þessi kynslóð að sjá til þess, þegar hættan er á því, að öll þessi tengsl slitni hjá þessari þjóð, að a. m. k. í Háskóla Íslands verði séð til þess, að hvað snertir stúdíum og vísindalegar rannsóknir á þeim íslenzku fræðum sé þarna unnið myndarlega að. Og við, sem hrúgum upp embættum á öllum sviðum þjóðfélagsins, og sérstaklega miklu af óþörfum og skaðlegum embættum, eins og efnahagsráðunautunum og öðru slíku, ættum að sjá sóma okkar í því að setja þá a. m. k. 3—6 prófessorsembætti í viðbót í íslenzkum fræðum. Ég vil þess vegna leyfa mér að vona, að ef okkur í menntmn. tekst að verða sammála um að reyna að betrumbæta þá áætlun, sem háskólinn hér hefur lagt fram, mætum við miklum skilningi frá hálfu íslenzkrar ríkisstj.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Það kom greinilega fram í ræðu hv. síðasta ræðumanns, hv. 3. þm. Reykv., að hann er stuðningsmaður þessa frv., sem hér er flutt, og þakka ég þann stuðning. Að öðru leyti var meginefni ræðu hans að leggja áherzlu á, að í þeirri 10 ára áætlun háskólans, sem þetta frv. er einn þáttur í að framfylgja, sé ekki gert nægilegt ráð fyrir aukningu heimspekideildarinnar eða aukningu kennslukrafta og rannsóknarstarfa í íslenzkum fræðum. Í sambandi við þetta vildi ég með fáeinum orðum láta tvenns getið.

Ég hef margoft í ræðu og riti lýst þeirri skoðun minni, að ég tel rannsóknir og kennslu í íslenzkum fræðum vera meginskyldu háskólans. Ég tel þá deild, sem fjallar um íslenzk fræði, eiga að vera og hljóta að vera kjarna háskólans. Að sjálfsögðu ber brýna nauðsyn til þess, að haldið sé uppi fullkominni kennslu í læknisfræði, í lögfræði, í hagfræði, verkfræði og öðrum slíkum greinum, en í þeim efnum geta Íslendingar þó aldrei orðið brautryðjendur, og segja má líka, að í þeim efnum hafi Íslendingar ekki sérstökum skyldum að gegna, a. m. k. ekki nema gagnvart sjálfum sér, þ. e. gagnvart þeim mönnum, sem þurfa starfsins vegna að kunna góð skil á þessum fræðum. En á sviði íslenzkra fræða hafa Íslendingar ekki aðeins skyldum að gegna gagnvart sjálfum sér, heldur gagnvart heiminum öllum, gagnvart heimsmenningunni, því að þar er um að ræða rannsókn á þeim skerf, þeim eina stórvægilega og mikilvæga skerf, sem Íslendingar hafa lagt fram til heimsmenningarinnar. Ef Íslendingar telja það ekki skyldu sína að halda uppi rannsóknum á því sviði, geta þeir ekki búizt við því, að nokkur önnur þjóð telji slíkt vera skyldu sína. Ég tel það því vera sjálfsagðan hlut, að lögð sé á það áherzla, að rannsókn í íslenzkum fræðum og sú deild, sem það annast, eigi að vera kjarni háskólans, sú deild hans, sem megináherzla sé lögð á að efla. Að þessu leyti erum við hv. 3. þm. Reykv. algerlega sammála.

En það, sem ég vil taka fram í því sambandi, er, að ýmislegt hefur verið gert til þess að efla þær rannsóknir á undanförnum árum, og vil ég í því sambandi minna á stofnun Handritastofnunar Íslands, sem komið var á fót nú fyrir nokkrum árum. Þar starfa 6 menn að rannsóknum á þessu sviði, á íslenzkum handritum, og þó að þessi stofnun sé sjálfstæð, ekki í beinum skipulagstengslum við háskólann, var með stofnun hennar um að ræða stórfellda aukningu á rannsóknarstarfi á þessu sviði. Þeir menn, sem þar vinna, hafa enga kennsluskyldu, heldur er allt starf þeirra helgað rannsóknum á þessu sviði, og sú starfsemi hlýtur mjög að aukast, hlýtur að aukast stórkostlega, þegar að því kemur, að Íslendingar fá afhent handritin úr dönsku söfnunum, eins og danska þjóðþingið hefur þegar samþ., þótt nokkur dráttur muni verða á afhendingu þeirra dýrgripa. Allir munu verða sammála um, að þegar þar að kemur, muni verða að auka stórlega rannsóknaraðstöðu og rannsóknarstarf á vegum Handritastofnunarinnar.

Hitt atriðið, sem ég vildi taka fram að gefnu þessu tilefni, þó að það sé ekki í beinum tengslum við frv., sem hér er flutt, er, að ríkisstj. hefur ákveðið að skipa í samráði við háskólann n. til þess að fjalla um alhliða aukningu og eflingu háskólans á næstu árum. Geri ég ráð fyrir því að skipa þessa n. nú einhvern allra næstu daga. Verður hún væntanlega skipuð 5 mönnum, sumpart beinum fulltrúum ríkisstj. og sumpart fulltrúum tilnefndum af háskólanum. Verkefni þessarar n. á að vera að kanna rækilega, á hvaða sviðum sé nauðsynlegast og æskilegast að auka og bæta starf háskólans á næstu árum eða jafnvel áratugum, og ekki aðeins fjalla um þarfir háskólans til aukinna kennslukrafta, heldur einnig um byggingarmál háskólans, sem brýna nauðsyn ber til að taka til gaumgæfilegrar athugunar. Ég læt þessa getið hér til að undirstrika, að jafnvel þó að fyrir liggi 10 ára áætlun háskólans, sem þetta frv. er einn þáttur í að framfylgja, er ekki þar með sagt, að í þessari 10 ára áætlun um kennarafjölgun við háskólann sé fólgið allt

það, sem stjórnarvöldin annars vegar, háskólinn hins vegar hafa að segja um nauðsynlega eflingu háskólans á næstu árum.

Ég gat þess í framsöguræðu minni, að þessi kennarafjölgun væri eingöngu miðuð við starfsemi þeirra deilda, sem nú starfa í háskólanum, og þá kennslu, sem nú fer þar fram. Verkefni þeirrar n., sem ég mun skipa nú alveg á næstunni, verður einmitt að rannsaka það alveg sérstaklega, á hvaða sviðum nauðsynlegast sé og æskilegast, að háskólinn færi út kvíarnar, og hvað nauðsynlegt sé m. a. í byggingarmálum, til þess að slíkt geti orðið. Ég vona, að ein af niðurstöðum þessarar n. verði sú, að heimspekideild háskólans eða deild norrænna fræða í háskólanum verði stórefld frá því, sem verið hefur. Í því efni er ég sem sagt algerlega sammála um öll meginatriði, sem fram komu í ræðu hv. 3. þm. Reykv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til menntmn. með 23 shlj. atkv.

Á 62. fundi í Nd., 31. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 214, n. 402).

Frsm. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Menntmn. hefur rætt frv. þetta, sem gerir ráð fyrir fjölgun prófessorsembætta við Háskóla Íslands um fjögur. Er það í samræmi við áætlun um fjölgun prófessorsembætta í þeim greinum, sem kenndar hafa verið við háskólann undanfarið, en ríkisstj. hefur lýst samþykki sínu við þessa áætlun og flytur frv. í samræmi við hana.

Til viðbótar því, sem í frv. er, þótti n. ástæða til að ræða málefni háskólans almennt, og var það gert á allmörgum fundum. Á þeim fundum mættu m. a. til að taka þátt í umr. með n. og veita upplýsingar hæstv. menntmrh. og rektor háskólans. Í þessum umr. í menntmn. kom fram mikill áhugi nm. á að efla Háskóla Íslands, bæði aðstöðu hans og kennsluhætti, svo og að auka vísindastarf innan hans. Kom fram í þeim upplýsingum, sem veittar voru, að við háskólann eru mörg vandamál og mikil, sem leysa þarf, ef hann á að verða í næstu framtíð sú stofnun, sem við óskum eftir.

Í menntmn. var tekið undir þá skoðun, sem hæstv. menntmrh. lét í ljós í framsögu og aðrir þm. tóku undir, að háskólinn ætti sérstaklega að verða miðstöð íslenzkra fræða, bæði innanlands og utan, og væri rík ástæða til þess fyrir Alþingi að leggja áherzlu á að efla þá deild skólans. Í þessu sambandi varð menntmn. sammála um að leggja til eina breytingu á frv., þá, að fjölgað skuli um eitt prófessorsembætti til viðbótar í íslenzkum fræðum við það, sem áður hafði verið lagt til. Það er hugmynd mn., að hinn nýi prófessor eigi að kenna íslenzka nútímasögu og eigi sú kennsla ásamt þeim rannsóknum, sem henni fylgja, jafnan að ná fram undir líðandi stund, eftir því sem framast er unnt.

Ástæða er til að minnast þess, að íslenzk fræði eru að sjálfsögðu það, sem okkur ber að stunda öðru fremur við háskóla okkar. Í því sambandi er einnig ástæða til að minnast ummæla hæstv. forsrh. í ræðu hans til þjóðarinnar á gamlárskvöld s. l., er hann hafði það eftir víðreistum ambassador, að frægð Íslands, svo sem hún er í heiminum í dag, sé ekki síður byggð á afrekum síðustu kynslóða heldur en þeim forna bókmennta- og menningararfi, sem okkur er ætlað að varðveita. Augljóst er, að aukin áherzla á samtímasögu muni gera hverri kynslóð kleift að læra af hinum næstu, sem á undan fóru. Flestir munu hafa rekið sig á, hversu erfitt það er fyrir unga menn, sem vilja leggja stund á eða kynna sér t. d. stjórnmála- eða atvinnusögu síðustu áratuga, að afla sér gagna eða fá nokkra aðstoð við slíkt nám.

N. telur því, að það væri góð og viðeigandi viðbót við frv. að stofna nú til prófessorsembættis í íslenzkri nútímasögu og að með því verði fyllt skarð, sem verið hefur í starfsemi háskólans.

Það er því till. menntmn., að frv. verði samþ. með þeirri einu breytingu, sem lýst er í þskj. 402.

ATKVGR.

Brtt. 402 samþ. með 23 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Á 64. fundi í Nd., 1. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 428).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 59. fundi í Ed., s.d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 60. fundi í Ed., 4. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Þetta frv. er komið frá hv. Nd. og var samþ. þar með shlj. atkv. fyrir fáum dögum, eftir að hv. menntmn. þeirrar d. hafði einróma mælt með samþykkt þess og raunar gert á því eina breytingu, sem ég skal gera grein fyrir á eftir.

Í þessu frv. felst það, að stofnuð verði þrjú ný prófessorsembætti við heimspekideild háskólans, þ. e. a. s. embætti í ensku, almennri sagnfræði og í Norðurlandamálum, einkum dönsku, og auk þess eitt embætti í lagadeild, í réttarsögu.

Stofnun hinna þriggja embætta í heimspekideild stendur í nánu sambandi við endurskipulagningu B.A.-námsins við háskólann, en ný reglugerð um B.A.-námið var gefin út s. l. sumar, og var framkvæmd þeirrar nýju reglugerðar hafin á s. l. hausti. Með þessari reglugerð er B.A.-námið aukið mjög verulega frá því, sem átt hefur sér stað hingað til, og er það höfuðtilgangur aukningarinnar og skipulagsbreytingarinnar, að háskólinn skuli framvegis taka að sér að fullmennta kennara til kennslu í íslenzkum framhaldsskólum.

Í hugvísindagreinum fer hið aukna B.A.-nám fram innan heimspekideildar, en í raunvísindagreinum inn-

an verkfræðideildar. Þegar þessi ákvæði verða komin til fullra framkvæmda, hefur sú mikla breyting orðið á íslenzkri kennaramenntun, að háskólamenntun framhaldsskólakennara er þá einnig komin inn í landið og háskólinn hefur þá tekið það verkefni að sér. Það er kunnara en frá þurfi að segja, að fyrir nokkrum árum samþykkti Alþingi ný lög um kennaraskólann, sem bæði juku mjög verkefni hans og bættu skipulag hans, ekki hvað síst með þeim hætti, að skólanum var heimilað að brautskrá stúdenta, þannig að þau kennaraefni, sem vilja halda áfram námi til háskólanáms, geta búið sig undir háskólanám í kennaraskólanum og síðan haldið áfram í öllum deildum háskólans. En með þessari nýju B.A.-reglugerð frá því í sumar er opnaður sérstakur möguleiki fyrir kennaraefni að halda áfram á sínu sérsviði, þ. e. að öðlast háskólamenntun sem framhaldsskólakennarar innan vébanda háskólans.

Enska er það erlenda tungumálið, sem aðallega er lögð stund á í B.A.-deildinni. Danska er það mál, sem þar kemur næst, og almenn sagnfræði er veigamikil kennslugrein þar. Þess vegna hefur þótt nauðsynlegt, að kennsla þessara höfuðgreina sé í höndum prófessors.

Um prófessorsembættið í lagadeild, réttarsöguembættið, er það að segja, að réttarsaga er ein mikilvægasta grein íslenzkrar lögfræði og sagnfræði. Þar eru geysimörg rannsóknarverkefni óunnin, og hefur því þótt eðlilegt, að efnt verði til sérstaks prófessorsembættis á því sviði.

Stofnun þessara fjögurra embætta er liður í svonefndri tíu ára áætlun háskólans um fjölgun háskólakennara. Háskólaráð gekk frá þessari tíu ára áætlun á árinu 1964, og hefur ríkisstj. samþ. að beita sér fyrir framkvæmd hennar.

Fyrsta embættið skv. þessari áætlun hefur þegar verið lögfest, prófessorsembættið í lífeðlisfræði, sem var lögfest á árinu 1964. Þau fjögur embætti, sem þetta frv. gerir ráð fyrir, voru fjögur næstu embætti í áætluninni, og gert ráð fyrir, að þau yrðu stofnuð á árunum 1964—1966.

Hv. Nd. gerði þá breytingu á frv., að bætt var inn í það ákvæði um eitt prófessorsembætti enn í heimspekideild háskólans, í sagnfræði, og kemur það fram í áliti hv. menntmn. Nd., að sú d. hefur ætlazt til þess, að þeim nýja prófessor yrði sérstaklega falið að annast kennslu í íslenzkri nútímasögu. Mundi ég líta þannig á, ef þetta ákvæði næði fram að ganga, að menntmrn. væri skylt að auglýsa embættið sem kennslu- og rannsóknarembætti í íslenzkri nútímasögu.

Ég vona, að með þessu móti sé meginefni þessa frv. skýrt, og leyfi mér þess vegna að leggja til, herra forseti, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Ég vil láta í ljós ánægju mína yfir þessu frv. Það felur í sér, að það hefur verið orðið við óskalista, sem fram hefur verið lagður af hálfu háskólaráðs um fjölgun kennaraembætta við háskólann. En eins og hæstv. menntmrh. gerði grein fyrir, var áætlun um nauðsynlega kennarafjölgun við háskólann næstu tíu árin gerð að till. háskólaráðs og send ráðuneytinu á árinu 1964. Sú áætlun er birt hér með þessu frv. sem fskj., og sést þar, hver kennaraembætti það eru, sem gert er ráð fyrir, að stofna þurfi til við háskólann á næstu tíu árum. Þá skýrslu eða áætlun er að finna hér á bls. 6 í þessu frv.

Nú hefur hæstv. menntmrh. lýst því yfir, sem hann hafði raunar áður gert á öðrum vettvangi, að ríkisstj. hefði samþ. að beita sér fyrir framkvæmd þessarar áætlunar. Ég vil þakka honum fyrir þessa yfirlýsingu hér, og það verður að álíta, að sú yfirlýsing ráðh., sem hann þannig flytur í nafni ríkisstj., jafngildi nokkurn veginn samþykkt Alþingis að þessu leyti og lögum, þannig að það verður að gera ráð fyrir, að á næstu tíu árum verði fylgt fram og farið eftir þessari áætlun, sem hér hefur verið lögð fram, og kennaraembætti stofnuð, svo sem þar er ráð fyrir gert. Að sjálfsögðu er það ljóst, að stofnun þeirra embætta kostar allmikið fé, en menn verða að horfast í augu við það, að ef þeir ætla að hafa háskóla, sem geti með nokkru móti haldið til jafns við aðra erlenda háskóla, kostar það mikið fé.

Eins og hæstv. menntmrh. gerði grein fyrir, að ég held hér áðan, var þetta frv. lagt fram í Nd. fyrir jól s. l. ár, en hefur verið nokkuð lengi á leiðinni í gegnum deildina, og hefur þar tekið þeirri breytingu, sem hæstv. menntmrh. drap á, að hv. Nd. hefur ekki aðeins fallizt á óskir háskólans í þessu efni, heldur hefur hún sýnt þá miklu rausn að bæta við óumbeðið einu prófessorsembætti. Ég vil í sjálfu sér vona, að það sé upphaf og tákn nýrrar stefnu í þessum efnum, að það muni framvegis verða svo, að það muni frekar verða haldið að háskólanum að taka við kennslukröftum og kennsluembættum heldur en að hann þurfi að óska eftir því. Þó er ég ekki alveg viss um, að það sé rétta leiðin í þessum efnum. Ég held, að háskólinn muni að öðru jöfnu vera bezt um það bær, hver nauðsyn er hverju sinni á kennaraembættum og hvort aðstaða er fyrir hendi þar til þess að veita móttöku nýjum kennaraembættum, og á þeim grundvelli er þessi áætlun byggð, sem háskólaráð hefur gert, að það hefur talið, að það væri heppilegast að hverfa frá því handahófi, sem óneitanlega hefur því miður ríkt nokkuð oft í sambandi við fjölgun kennaraembætta við háskólann, og í stað þess væri horfið að þeirri skipun, að kennaraliðið væri aukið eftir skipulegri áætlun og þörfum og sú áætlun væri gerð fyrir lengri tíma í senn. Ég álít það mjög skynsamleg vinnubrögð.

Ég held, að það þurfi að efla háskólann með skipulegum hætti og þá líka kennaraliðið. En sjálfsagt er að taka því með miklu þakklæti, sem að er rétt í þessum efnum, án þess að eftir því hafi þó verið sérstaklega óskað. En skv. till. menntmn. Nd. hefur verið gerð sú breyting á þessu lagafrv., að í stað þess að eftir frv. upphaflega áttu að vera 12 prófessorar í heimspekideild, skuli þeir nú vera 13. Og um þessa till. segir menntmn., með leyfi hæstv. forseta: „Í þessu sambandi varð n. sammála um að leggja til eina breytingu á frv., þá, að fjölgað skyldi um eitt prófessorsembætti til viðbótar í íslenzkum fræðum. Er það hugmynd nm., að hinn nýi prófessor eigi að kenna íslenzka nútímasögu og eigi sú kennsla ásamt þeim rannsóknum, er henni fylgja, jafnan að ná fram undir

líðandi stund. Aukin áherzla á samtímasögu á að gera hverri kynslóð kleift að læra af hinum næstu, sem á undan fóru."

Ég vil leyfa mér að skilja þessa brtt. á þá lund, að það sé hér fjölgað um einn prófessor við heimspekideild, en að verkefni hans hljóti að sjálfsögðu að fara eftir nánari ákvörðun heimspekideildar, því þó að það hafi komið fram sem hugmynd og sé sett fram sem hugmynd nm. í nál., að þeir hafi gert sér þær hugmyndir, að þessi prófessor ætti fyrst og fremst að annast kennslu og rannsóknir í samtímasögu, þá getur sú hugmynd vitaskuld ekki verið bindandi í þessu efni. Ef það ætti ekki að vera meiningin að gefa deildinni þannig færi á að ákveða þetta nánar, eftir því sem hún telur þörfina vera, vil ég leyfa mér að mælast til þess, að hv. n., sem fær þetta frv. til meðferðar, sendi það háskólaráði og heimspekideild sérstaklega til umsagnar.

Ég fellst náttúrlega alveg á þá hugmynd, að það geti verið æskilegt að koma upp kennslu og rannsóknum í samtímasögu og kenna söguna alveg fram til dagsins í dag. En ég get ekki varizt því að ímynda mér, að það geti verið nokkrir erfiðleikar á því að kenna þá sögu með hlutlægum hætti, og eitt er víst, að vel verður að vanda til vals á þeim manni, sem á að gera grein fyrir þeim atburðum, sem eru að gerast í dag og hafa verið að gerast á alveg næstliðnum árum, og gera það á þann veg, að engum þyki á sig hallað eða tortryggni vakin upp í sambandi við það.

Ég hefði nú kannske búizt við því, að hæstv. menntmrh. mundi gera öllu ýtarlegri grein fyrir þessu mikla máli heldur en hann gerði í sinni framsögu hér. E. t. v. hefur hann gert það á sínum tíma, þegar hann lagði málið fyrir hv. Nd. En eins og þetta frv. ber með sér, er það aðeins um fjölgun kennaraembætta við háskólann, og sú áætlun, sem háskólaráð hefur látið frá sér fara um þetta efni, fjallar aðeins um fjölgun kennaraembætta við háskólann. En ég er þeirrar skoðunar, að það þurfi að efla háskólann alhliða og við eflingu háskólans komi jafnframt til greina og athugunar mörg önnur atriði jafnframt kennarafjölguninni. Kennarafjölgunin er að vísu nauðsynleg, og hún er skilyrði fyrir ýmsum umbótum, sem gera þarf á starfsemi háskólans, en jafnframt er þó mjög nauðsynlegt að efla háskólann að mörgu öðru leyti með skipulegum hætti.

Sem betur fer, eru augu flestra landsmanna, að ég hygg, að opnast nú fyrir því, hver nauðsyn það er að efla háskólann. Mönnum verður það æ ljósara með hverjum deginum, að framtíð þjóðar og lífskjör hennar eru að verulegu leyti undir því komin, að vísindastarfsemi í landinu sé með fullkomnum hætti og vísindastarfsemi sé efld og æðri menntun sé efld, eftir því sem kostur er. Þetta er öðrum þjóðum ljóst, vegna þess að hvarvetna, þar sem ég þekki til, er í vaxandi mæli lögð áherzla á það að efla háskóla viðkomandi þjóðar með risaskrefum, og í því sambandi er ekki lengra að fara en til Norðurlandanna. Hvert Norðurlandanna keppist nú við að efla þá háskóla, sem fyrir eru, og reisa nýja háskóla. Eru í þeim löndum, a. m. k. sumum hverjum og að ég ætla flestum, starfandi sérstök áætlunarráð, sem vinna að áætlunargerð um skipulega uppbyggingu akademískrar menntunar í viðkomandi landi. Og það má vitaskuld fara lengra en til Norðurlandanna. Stærri þjóðirnar og stórveldin leggja á þetta efni aukna áherzlu með hverju ári, og hinar nýfrjálsu þjóðir, sem eru að stofna sín ríki, láta það verða eitt af sínum fyrstu verkum að stofna til háskóla. Vitaskuld er sama þörfin hér sem þar á því að efla Háskóla Íslands, og þetta skilur þjóðin nú, og þetta vill þjóðin nú. En vitaskuld verður ekki hjá því komizt í þessum efnum fremur en öðrum að sníða sér nokkuð stakk eftir vexti. Þó að vilji sé fyrir hendi, er getan oft takmörkuð. Þess vegna verður að samræma þetta tvennt svo vel sem kostur er, viljann og getuna, og úr því að það er ekki hægt að framkvæma allt, sem vilji stendur til, verður að velja og hafna, flokka verkefnin og taka þau fyrst, sem mest þörfin er á. En til þess að þetta sé hægt, verður að semja áætlun um alhliða uppbyggingu háskólans, og sú áætlun verður að ná nokkuð fram í tímann.

Það er ekki ástæða til að vanþakka það, sem á ýmsan hátt hefur vel verið gert við háskólann af hálfu ríkisvaldsins. En að ýmsu leyti hefði þó mátt betur gera. Það er t. d. svo, að þegar háskólinn var stofnaður, var varið af heildarútgjöldum fjárl. yfir 3% til háskólans. Núna er sú upphæð, sem varið er til háskólans, ekki nema 0.85% af heildarútgjöldum fjárlaga. Vitaskuld dettur mér ekki í hug að halda því fram, að þetta megi taka sem algilda mynd í þessu efni, vegna þess að fjárl. hafa vitaskuld tekið mjög miklum breytingum frá því, sem var 1911, og það eru komnir inn í fjárl. margir þættir, sem þá voru þar ekki. En ég held, að þó að tillit sé tekið til þeirra breytinga, sem orðið hafa á fjárl. að þessu leyti, sé ekki hægt að halda því fram, að það sé hlutfallslega og að tiltölu í fjárl. gert eins vel við háskólann nú og það var að sínu leyti og af miklum vanefnum á þeim árum, sem háskólinn fyrst tók til starfa. Háskólabyggingin þótti gerð af miklum glæsibrag í sinni tíð, en þó var það svo, að þegar hún var byggð og tók til starfa árið 1940, var hún ekki ætluð nema fyrir 600 stúdenta. Það var ekki gert ráð fyrir hærri stúdentatölu í því sambandi. En nú er staðreyndin hins vegar orðin sú, að stúdentar við háskólann eru orðnir yfir 1100. Það gefur þess vegna auga leið, að þar muni vera nokkur þröng á þingi og það muni vera erfitt að koma fyrir þeirri starfsemi, sem komast þarf fyrir í þeim húsakynnum háskólans, sem nú eru. Að vísu hafa nokkrar endurbætur verið gerðar í því efni, en þó því miður allt of litlar. Nokkrar endurbætur eru ráðgerðar, eins og t. d. bygging handritastofnunar, og þar er gert ráð fyrir kennslurými og lestrarsölum, og kemur sú endurbót að sjálfsögðu að góðu gagni, þegar þar að kemur, en þó er víst, að hún er hvergi nærri fullnægjandi.

Eitt af því allra nauðsynlegasta í sambandi við háskólann er gott vísindalegt og sérfræðilegt bókasafn. Því miður hefur háskólinn aldrei eignazt það bókasafn, sem honum þyrfti að tilheyra. Þar er að vísu bókasafn, en það er hvergi nærri svo vel úr garði gert sem vera þyrfti. Sé það bókasafn t. d. borið saman við bókasafn, sem fylgir þeim smæstu háskólum öðrum,

sem við þekkjum, þá mun það bókasafn þó ekki vera nema um það bil ⅓ þeirra safna, sem þar eru fyrir hendi. Og um áratugaskeið var það því miður svo, að það var engin sérstök fjárveiting ætluð af allsherjarvaldsins hálfu til háskólabókasafns. Það var ekki fyrr en, ef ég man rétt, fyrir 2 eða 3 árum, sem upp var tekin sérstök fjárveiting til háskólabókasafns í fjárl., 150 þús., ef ég man rétt. Sú fjárveiting er að vísu góðra gjalda verð og ber að þakka hana, en hún er langt frá því að vera fullnægjandi.

Það er fleira, sem þyrfti endurbóta við í sambandi við háskólann og þeir þekkja náttúrlega gerst, sem hans málum eru kunnugastir, þ. á m. er aðstaða stúdenta með ýmsum hætti. Hana þyrfti að stórbæta, m. a. til þess, að þeir hefðu meiri og betri aðstöðu en þeir hafa nú til ýmiss konar félagsmálalegra iðkana.

Það mætti nefna mjög mörg fleiri atriði, sem renna stoðum undir það, að háskólann þurfi að stórefla á næstunni, mörg fleiri atriði en þessi, sem ég hef hér nefnt, að fjölga þyrfti kennurum, bæði til þess að annast kennslu og þó sérstaklega rannsóknir viðvíkjandi þeim greinum, sem þegar eru kenndar við háskólann, en háskólinn á samkv. sínum lögum að vera hvort tveggja í senn kennslustofnun og vísindaleg rannsóknarstofnun. Ég hygg, að það sé hægt að segja það, að háskólinn hafi rækt fyrrnefnda atriðið fullkomlega sæmilega, en hins vegar hefur ekki verið fyrir hendi sú aðstaða við ýmsar deildir háskólans, sem hefði þurft að vera til þess, að hann hefði getað rækt með sóma hinn þáttinn í sínu hlutverki, sem sagt rannsóknirnar. Rannsóknaraðstöðuna við háskólann hjá ýmsum deildum þarf að stórbæta á næstu árum, ef við eigum ekki að verða stórkostlega eftirbátar annarra í þeim efnum. En auk þess þarf, eins og ég hef drepið á, að stórauka húsnæði háskólans og það þarf að bæta bókasafn hans stórkostlega, eins og ég líka drap á, og það þarf að bæta aðstöðu stúdenta með ýmsum hætti. En auk þess þarf að efla háskólann á þann veg, að það þarf að bæta við mörgum nýjum kennslugreinum á næstu árum. Slíkt er nauðsynlegt, bæði vegna þess, að það er auðséð, að stúdentafjöldi fer stórhækkandi á næstu árum, og það er æskilegt, að þeir geti í vaxandi mæli átt kost á því að nema sína sérfræði við Háskóla Íslands. Auðvitað verða þeir eftir sem áður á ýmsum sviðum að sækja sérmenntun sína til annarra landa, það er sjálfsagt og í sjálfu sér æskilegt, að þeir geri það, en í vaxandi mæli verða þeir að eiga þess kost, að geta numið sína sérfræði við háskólann hér, og af þeim sökum þarf að fjölga kennslugreinum stórkostlega, bæði á sviði raunvísinda og á sviði hugvísinda, og það þarf ekki aðeins að gera það með tilliti til þeirrar stúdentafjölgunar, sem fram undan er, heldur líka vegna þess, að þarfir þjóðlífsins kalla sífellt á fleiri sérmenntaða og tæknimenntaða menn í nýjum og nýjum greinum, á nýjum og nýjum sviðum.

Þess vegna verður í sjálfu sér ekki deilt um það, geri ég ráð fyrir, að það þurfi að stórefla háskólann á næstu árum. En eins og ég áðan drap á, þá er ekki sama, með hvaða hætti er að því unnið. Ég held, að það þurfi að gera með skipulegum hætti, en ekki af neinu handahófi. Þess vegna var það, að á síðasta Alþ. flutti ég ásamt nokkrum öðrum flokksbræðrum mínum till. hér á hv. Alþ., sem var svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta.

„Alþ. ályktar að skora á ríkisstj. að láta semja í samráði við háskólaráð áætlun um skipulega eflingu Háskóla Íslands á næstu 20 árum. Áætlunin skal síðan lögð fyrir Alþ. til samþykktar.“

Þessari till. var vísað til n. á sínum tíma, en þaðan kom hún aldrei aftur. Ég held, að það þurfi að vinna að eflingu háskólans eitthvað á þá lund eða eftir þeim leiðum, sem á er bent í þessari till. Ég held, að það þurfi að vinna að þeirri áætlunargerð, sem gera þarf, bæði háskólaráð, sem þekkir þarfirnar allra aðila bezt, og menntmrn. eða ríkisstj., sem verður að segja til, hvað er framkvæmanlegt í þessu efni. Án samvinnu þessara aðila um áætlunargerðina er hún í sjálfu sér ekki mikils virði. Þó að háskólaráð geri eitt út af fyrir sig slíka áætlun, þá er það hvergi nærri fullnægjandi. Sú áætlun er fyrst og fremst eins og eins konar óskalisti, sem ekki er vitað að hve miklu leyti verður framkvæmdur eða hægt er að framkvæma, vegna þess að þegar háskólaráð semur þannig sinn óskalista, þá hefur það af eðlilegum ástæðum ekki augun á því, hvað sé í raun og veru hægt að framkvæma frá sjónarmiði ríkisvaldsins. Þar verður ríkisvaldið líka að koma til, þannig að ef hald á að vera í slíkri áætlun, þá þurfa báðir þessir aðilar að leggja sitt af mörkum til hennar. Til þess svo að það sé tryggt, að slíkri áætlun sé fylgt og á grundvelli hennar sé unnið, þá þarf einmitt, eins og gert er ráð fyrir í þeirri þáltill., sem við fluttum á síðasta Alþ., að leggja áætlunina fyrir Alþ. til samþykktar og þá væntanlega í lagaformi. Þá er lagður grundvöllur að skipulegri uppbyggingu og eflingu háskólans, og það eru þau skynsamlegustu vinnubrögð í þessu efni, held ég, sem hægt er að hafa. Hitt er miður heppilegt, eins og það hefur verið, að það er af einhverju tilefni eða handahófi rokið í að gera hitt eða þetta í sambandi við háskólann, stofna kannske til þessa kennaraembættisins nú, án þess að það sé litið á alhliða þarfir háskólans, ákveðin einhver bygging nú, án þess að gerð sé athugun á því, hvernig vinna á að heildarhúsnæðismálum háskólans. Ég veit, að háskólaráð vinnur að sjálfsögðu að athugunum á þessu efni. En það er ekki nóg, vegna þess að atbeini ríkisvaldsins þarf einnig til að koma, og þess vegna er það báðum aðilum fyrir beztu, að þeir standi saman að þessari áætlunargerð.

Þó hér sé út af fyrir sig allvel af stað farið með því frv., sem hér liggur fyrir um fjölgun kennaraembætta, þá er það, eins og ég hef lauslega og með fáum orðum sýnt fram á, ekki nema einn þátturinn í uppbyggingu og eflingu háskólans. Það þarf jafnframt að taka til athugunar húsnæðismálin, aðstöðu kennaranna alla, aðstöðu stúdentanna, bókasafnsmálin og kennslugreinar, svo að fátt eitt sé nefnt. Ég held þess vegna, þó að af einhverjum ástæðum þætti ekki við eiga að samþykkja þá þáltill., sem við framsóknarm. fluttum um þessi mál, að hæstv. menntmrh. ætti að beita sér fyrir, að unnið væri að málum háskólans og eflingu háskólans eftir þeim leiðum og með þeim hætti, sem gert var ráð fyrir í þeirri þáltill. Með því hygg ég, að

skipuleg uppbygging háskólans á næsta áratug sé bezt tryggð. En hitt verða menn að gera sér ljóst, að það er engan veginn fullnægjandi lausn í málum háskólans sú kennarafjölgun, sem þetta frv. fjallar um, og sú kennarafjölgun, sem áætlunin fjallar um og hæstv. ráðh. gaf yfirlýsingu um áðan, að ríkisstj. mundi beita sér fyrir að framkvæma. Það þarf mjög margt annað til að koma.

Háskóli er stórt nafn, og það er óhjákvæmilegt að kosta miklu til, ef við ætlum að reyna að halda nokkuð til jafns við aðrar þjóðir í þeim efnum. Og í því sambandi verðum við að gera okkur grein fyrir og horfast í augu við það, hversu geysilega ör þróunin er í þeim efnum hjá nágrannaþjóðum okkar og öðrum menningarþjóðum heimsins nú. Slík uppbygging kostar mikið fé. En ég er þeirrar skoðunar, að það fé muni skila sér með ekki lakari hætti en önnur þau útgjöld, sem ríkið stendur undir. Ég held og, að það sé vaxandi skilningur fyrir því, að sú fjárfesting, sem varið er til að byggja upp æðri menntun í landinu, og verður þá vitaskuld að haldast í hendur sú almenna menntun, sem er nauðsynleg undirstaða, sé ein bezta fjárfesting hverrar þjóðar, að það sé, þegar rétt er á litið, ein allra bezta fjárfesting og muni skila einum bezta arðinum, og að of mikill sparnaður í þeim efnum sé einn allra óskynsamlegasti sparnaður, sem menn geta gripið til. Ég hef í sambandi við þetta mál viljað leyfa mér, hæstv. forseti, að undirstrika þessi atriði, nauðsynina á alhliða eflingu og uppbyggingu háskólans og með hverjum hætti að mínum dómi eigi að vinna að þeim málum, og hef í því sambandi viljað minna á þá þáltill., sem við fluttum um þetta efni á sínum tíma, og það er von mín, að það verði horfið að því fyrr en síðar að hefja uppbygginguna einmitt á þeim grundvelli, sem þar var lagður.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til menntmn. með 14 shlj. atkv.

Á 76. fundi í Ed., 30. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 428, n. 621, 630).

Frsm. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Menntmn. hefur haft til meðferðar frv. það, sem hér liggur fyrir, og eins og álit n. á þskj. 621 ber með sér, er n. sammála um að mæla með frv., en einstakir nm. hafa þó áskilið sér rétt til að flytja eða fylgja brtt., og hefur brtt. verið lögð fram á þskj. 630 frá þremur nm. Að því kem ég síðar.

Efni þessa frv. er að bæta við fjórum nýjum prófessorsembættum í heimspekideild. Stofnun þriggja þessara nýju embætta, í mannkynssögu, ensku og Norðurlandamálum, einkum dönsku, er liður í 10 ára áætlun háskólans um eflingu hans. Í hv. Nd. tók frv. þeirri breyt. frá því, sem það var upphaflega, að bætt var þar við prófessorsembætti í samtímasögu. Fyrir þessu embætti var ekki gert ráð í 10 ára áætluninni. Háskólinn sér samt ekki ástæðu til annars en fagna frumkvæði hér á hv. Alþingi um það, að stofnuð séu embætti við hann í greinum, sem æskilegt er að efld sé kennsla í, og kemur þetta viðhorf bæði fram í erindi, sem háskólaráð hefur sent menntmn., meðan málið var þar til meðferðar, og ég mun kynna hér á eftir, og í erindi heimspekideildar til n., sem ég mun einnig kynna. Hins vegar hlýtur háskólinn að leggja á það áherzlu, að stofnun þessa embættis verði ekki á neinn hátt til þess að tefja framgang 10 ára áætlunarinnar, og þótt háskólinn hafi að mínu áliti síður en svo ástæðu til þess að vantreysta núverandi hæstv. menntmrh. né hæstv. ríkisstj. í því efni, mundi ég samt við þetta tækifæri eindregið óska eftir því að fá staðfestingu hæstv. menntmrh. á því, að þessi ákvörðun hæstv. Alþingis verði ekki á neinn hátt til þess að tefja framgang áætlunarinnar.

Við Íslendingar höfum oft hælt okkur af því að vera söguþjóð, og mun háskólinn því sízt af öllu óska að bregða fæti fyrir það, að sögukennsla við hann sé efld. Hins vegar finnst mér rétt að vekja athygli hv. þdm. á því, að starfandi er prófessor í nýrri tíma sögu við háskólann, en það er prófessor Þórhallur Vilmundarson. Ég tel það miður farið, að við undirbúning þessa máls hefur ekki verið haft samráð við hann og raunar við hvorugan söguprófessorinn, sem við heimspekideildina starfar. Söguprófessorarnir hafa hins vegar sent menntmn. erindi út af embætti þessu, og tel ég rétt að kynna það hv. þdm. ásamt þeim erindum, sem ég áðan nefndi að borizt hefðu frá háskólaráði og heimspekideild, og vil ég nú, með leyfi hæstv. forseta, lesa þessi erindi upp, það tekur ekki langan tíma.

Háskólaráð hefur skrifað nefndinni þannig, dags. 15. apríl 1966:

„Háskólaráð er þakklátt fyrir þann áhuga, sem hv. Nd. Alþingis hefur sýnt á nauðsyn á fjölgun prófessora við háskólann með því m. a. að samþykkja stofnun eins prófessorsembættis til viðbótar þeim fjórum embættum, sem hið upphaflega frv. til l. um breyt. á háskólalögum mælti fyrir um.

Háskólaráð fulltreystir því, að stofnun prófessorsembættis þess í heimspekideild, sem hér um ræðir, muni ekki að neinu leyti tefja fyrir lögfestingu þeirra prófessorsembætta, sem háskólinn hefur þegar óskað eftir eða mun óska lögfestingar á nú á næstunni. Er hér fyrst og fremst átt við prófessorsembætti skv. áætlun háskólans um fjölgun embætta áratuginn 1964—1973, þ. á m. embætti í læknisfræði og þjóðhagfræði, er stofna skal samkv. þeirri áætlun á árinu 1966, svo og prófessorsembætti í kvensjúkdómum og fæðingarhjálp og röntgenfræðum í læknadeild. Í þessu sambandi er einnig rétt að benda á, að þess mun verða óskað nú á næstunni, að prófessorsembætti í heimspeki, sem skv. áætluninni skyldi stofna 1971, verði lögfest þegar á þessu ári. Stendur það í sambandi við endurskoðun, sem nú hefur farið fram á skipan kennslu í heimspekilegum forspjallsvísindum. Þá má enn benda á, að heimspekideild hefur talið óhjákvæmilegt, að stofnað yrði prófessorsembætti í málvísindum og almennri bókmenntasögu. Má þykja víst, að af hálfu heimspekideildar hefði verið óskað eftir stofnun þessara þriggja embætta á undan embætti í sagnfræði, ef notið hefði við frumkvæðis háskólans í þessu máli.

Enn er á það að líta, að áætlunin um fjölgun prófessorsembætta tekur aðeins til fjölgunar embætta í þeim greinum, sem þegar er fengizt við kennslu í. Nú er unnið að athugunum um að stofna til kennslu í félagsfræði, og háskólinn hefur fyrir nokkru lagt til, að hafin verði kennsla í náttúrufræði, og er mjög brýn þörf á að stofna til prófessorsembætta í þeim greinum hið allra fyrsta. Þá er einnig í athugun stórfelld viðbót við starfsemi verzlunardeildar að öðru leyti og verður þeim breytingum ekki fram komið nema með mikilli aukningu kennslukrafta. Mætti svo lengi telja.

Háskólaráð telur vissulega mikilvægt, að prófessorsembætti verði stofnað um það rannsóknarsvið, sem greinir í nál. menntmn. Nd. Hins vegar ber að benda á, að athuganir skortir á starfsemi þessa prófessors, afmörkun starfs hans gagnvart öðrum embættum í sagnfræði og könnun á kennsluefni í því sambandi o. fl. Þarf slík athugun að sjálfsögðu að fara fram í háskólanum, áður en embættið er auglýst laust til umsóknar. Þá eru skiptar skoðanir um það, hvort embættið eigi að vera í nútímasögu, miðað við hugmyndir um rannsóknarsvið prófessorsins, og hafa komið fram ákveðnar skoðanir um, að það eigi fremur að vera í stjórnvísindum (statsvetenskap, political science), en hugmyndir um kennslu í þeirri grein hafa oftar en einu sinni verið settar fram af einstökum mönnum í háskólanum. Telur háskólaráð eðlilegast, að þetta atriði verði gagngert kannað, áður en embættið er auglýst laust til umsóknar eða ráðstafað með öðrum hætti, og verði svo um hnúta búið af hálfu Alþ., að heimilt sé að hafa embættið í stjórnvísindum, ef það telst haganlegra. Þótt embættið yrði í stjórnvísindum, mætti það allt að einu tilheyra heimspekideild.

Háskólaráð leyfir sér að óska þess, að í nál. eða í framsögu verði lýst sams konar fyrirvara um þetta embætti og fram kemur um hin prófessorsembættin fjögur, og lýtur að því, að heimilt sé að nota fé það, er lagt sé til embættisins, um allt að þriggja ára bil til þess að styrkja efnilega menn, sem til greina kæmu sem umsækjendur, til framhaldsnáms.

Að lokum vill háskólaráð taka undir þá hugmynd, að hér við háskólann verði komið á fót sagnfræðilegri rannsóknarstofnun.

Virðingarfyllst,
Ármann Snævarr
rektor."

Þetta var erindi háskólaráðs. Frá heimspekideild hefur komið fram svo hljóðandi erindi:

„Heimspekideild Háskóla Íslands fagnar því, að lagt hefur verið fram á Alþ. frv. til laga um breyt. á lögum nr. 60 7. júní 1957, um Háskóla Íslands. Þetta frv. felur í sér, að stofnuð verði þrjú ný prófessorsembætti við deildina (í ensku, í almennri sagnfræði og í Norðurlandamálum, einkum dönsku). Sömuleiðis fagnar deildin þeim áhuga á íslenzkum fræðum og málefnum háskólans, sem fram kemur í því, að Nd. Alþingis — að till. menntmn. — hefur samþ., að stofnað verði prófessorsembætti í íslenzkri samtíðarsögu.

Deildin vill þó skýrt taka fram, að stofnun slíks embættis kæmi að litlu haldi, nema búið yrði á sómasamlegan hátt að fyrirhuguðum prófessor. Þess vegna telur deildin óhjákvæmilegt, að fé verði árlega varið til söfnunar-, útgáfu- og rannsóknarstarfs eftir till. sagnfræðiprófessora heimspekideildar.

Jafnframt leggur deildin áherzlu á, að tryggt verður að vera, að stofnun hins síðastgreinda embættis orki á engan hátt til seinkunar á framkvæmd áætlunar háskólans um kennaraþörf.

Þá bendir deildin á, að stofnun prófessorsembættis í samtíðarsögu bætir aðeins að litlu leyti úr þeirri þörf, sem nú er á auknum kennslukröftum í Íslandssögu og stafar af endurskipan náms í deildinni. Sýnt er, að nauðsynlegt verður að stofna lektorsstarf (í 22. launaflokki) í Íslandssögu á næsta ári, jafnvel þótt hið nýja prófessorsembætti verði stofnað.

Loks vill deildin benda á, að nauðsyn ber til þegar á þessu ári að stofna prófessorsembætti í heimspeki og á allra næstu árum verður ekki hjá því komizt að stofna prófessorsembætti í almennum málvísindum og almennri bókmenntasögu. Till. um lektors- og dósentsstörf mun deildin gera, jafnskjótt og framkvæmd hins nýja námsskipulags leiðir í ljós þörf á slíku."

Þetta var erindi heimspekideildar, og þá er að síðustu erindi til menntmn. frá söguprófessorunum við háskólann, þeim Þórhalli Vilmundarsyni og Guðna Jónssyni, en það hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Jafnframt því sem við undirritaðir prófessorar í íslenzkri sögu við Háskóla Íslands þökkum þann áhuga á efling íslenzkra sagnfræðirannsókna, er að baki býr fram kominni till. á Alþingi um stofnun prófessorsembættis í íslenzkri nútímasögu, viljum við leyfa okkur að taka fram, að við teljum brýnni þörf á að sinna íslenzkri nútímasögu á annan veg en gert er ráð fyrir í framkominni till. á Alþingi: með gagnasöfnun, útgáfu frumheimilda og sérrannsóknum á margvíslegustu sérsviðum, sem fráleitt er að hugsa sér, að geti orðið eins manns verk. Þess vegna leyfum við okkur að leggja til við hv. Alþingi, að fé, sem svarar einum prófessorslaunum, verði árlega varið til slíks frjáls söfnunar-, útgáfu- og rannsóknarstarfs eftir till. sagnfræðiprófessora heimspekideildar. Mætti þar finna kjörin viðfangsefni ungum og efnilegum fræðimönnum, er orðið gætu styrkþegar (stípendíatar) hæfilegan tíma í senn. Gæti slík fjárveiting þannig orðið upphaf að íslenzkri sagnfræðirannsóknarstofnun (historisk institut), en þess háttar stofnanir eru hvarvetna við erlenda háskóla höfuðstoð og aflvaki sagnvísinda."

Þetta var erindi þeirra prófessoranna Þórhalls Vilmundarsonar og Guðna Jónssonar.

Þó að ég telji réttmætt, að komið sé til móts við þessi erindi með heimildarákvæðum í lagabreytingu þeirri, er nú er verið að gera, hef ég þó ekki séð mér fært að bera fram brtt. þess efnis eða standa að öðrum brtt., fyrst og fremst með tilliti til þess, að vegna þess, hve þingstörfum er langt komið, er hætta á, að öllu málinu yrði stofnað í hættu, ef frv. væri endursent Nd. Hitt mundi ég þó leggja áherzlu á að fá yfirlýsingu um frá hæstv. menntmrh., ef hann sæi sér

fært að verða við slíkri ósk, sem ég veit að bæði háskólaráð og heimspekideild standa að baki, að embætti þetta verði ekki auglýst til umsóknar nema að höfðu samráði við þessa aðila. Ekki getur verið álitamál, að ef stofnun embættis þessa á að ná tilgangi sínum, verður að fást í það hæfur maður. Ég skal hér ekki láta í ljós neina skoðun á því, hvort völ er á slíkum manni nú. En þar sem háskólinn verður að bera ábyrgð á þessum starfsmanni sínum sem öðrum, hlýtur hann að leggja á það áherzlu, að samráð sé við hann haft, áður en embættið er auglýst, og ekki verði í það skipað, fyrr en völ er á hæfum manni í það að dómi háskólaráðs og heimspekideildar. Þetta er það, sem ég legg mesta áherzlu á.

Hvað viðvíkur brtt. þeirri, sem borin hefur verið fram af þremur hv. menntmn.-mönnum á þskj. 630, þá tel ég efnislega, að hún sé réttmæt, þótt ég mundi að vísu kjósa, að sú heimild, sem þar mundi verða lögfest, væri á breiðari grundvelli en í þessari till. Hitt finnst mér gefa auga leið, að ef hæstv. menntmrh. sér sér fært að gefa yfirlýsingu um það, að í þetta embætti verði ekki skipað nema að höfðu samráði við háskólaráð og heimspekideild, þá megi vænta þess, að því fé, sem sparast við það, að ekki er í embættið skipað, verði á einn eða annan hátt ráðstafað með tilliti til þess að undirbúa stofnun þessa embættis. M.a. kæmi það fyrst og fremst til greina að styrkja efnilegan ungan mann til þess að búa sig undir slíkt embætti, þó auðvitað án skuldbindinga um það, að hlutaðeigandi fái embættið, og að öðru leyti til þess að skapa skilyrði fyrir því, að þessu embætti megi gegna þannig, að háskólanum og þjóðinni megi verða til sóma.

Þar sem fyrir liggur þingvilji um það, að til þessa embættis verði stofnað, mundi ég að öllu óbreyttu treysta því, að möguleiki verði á því að fá því til leiðar komið með samstarfi milli stjórnarvalda, háskólans og fjárveitingavaldsins hverju sinni. Hins tel ég ekki hægt að vænta, að á það verði fallizt, að þeim fjármunum, sem hér er um að ræða, verði ráðstafað til einhvers alls annars en í þágu þessa embættis.

Ef hæstv. menntmrh. sæi sér fært að gefa yfirlýsingar hér að lútandi, mundi ég telja óþarft í rauninni að samþykkja þá till., sem fram hefur verið borin á þskj. 630, og mundi þá vilja beina þeim tilmælum til hv. flm. hennar, — þó að ég, eins og ég áður hef sagt, sé henni í rauninni efnislega samþykkur, — að hún verði tekin aftur, því að verði hún felld, finnst mér það frekar verða til að torvelda það að fá því til leiðar komið, meðan ekki er skipað í þetta embætti, að þeim fjármunum, sem við það sparast, verði ráðstafað í samráði við háskólaráð og heimspekideild með tilliti til þess að undirbúa stofnun embættisins.

Hæstv. forseti. Að öðru leyti leggur n. til, að þetta frv. verði samþykkt.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ég skal að gefnu tilefni af hálfu hv. frsm. menntmn. lýsa yfir eftirfarandi:

Það mun ekki að neinu leyti tefja framgang eða framkvæmd tíu ára áætlunarinnar um fjölgun kennaraembætta við háskólann, þótt Alþ. samþykki það ákvæði í þessu frv., sem lýtur að stofnun nýs prófessorsembættis í sögu við heimspekideildina.

Sams konar yfirlýsingu gaf ég í Nd. og endurtek hana með ánægju hér.

Þá skal ég einnig taka skýrt fram, að embættið mun ekki verða auglýst laust til umsóknar nema að höfðu ýtarlegu samráði við háskólann, þ. e. háskólaráð og heimspekideild. Áður en embættið verður auglýst laust til umsóknar, mun ég hlutast til um, að háskólinn athugi og láti í ljós skoðun sína á starfssviði hins nýja prófessors og afmörkun á rannsóknar- og kennsluverkefni hans gagnvart öðrum sagnfræðiprófessorum háskólans. Í embættið verður að sjálfsögðu ekki skipað, nema því aðeins að umsókn frá hæfum manni hafi borizt samkvæmt þeim lagareglum, sem nú gilda um prófessorsembætti við háskólann. Ef svo fer, að ekki berst umsókn frá manni, sem þar til kjörnir aðilar lögum samkvæmt telja hæfan til að gegna embættinu, og ef tilmæli berast um það frá háskólanum, að fjárveiting, sem væntanlega verður tekin í næstu fjárl. til þess að launa þennan nýja prófessor, verði notuð t.d. til þess að styrkja unga menn, sem hug hefðu á því að búa sig undir þetta prófessorsembætti, en líkar óskir hafa borizt frá háskólanum að því er varðar hin þrjú embættin, sem þetta frv. fjallar um, mun ríkisstj. taka þau tilmæli til vinsamlegrar athugunar.

Gils Guðmundsson: Herra forseti. Frv. það, sem hér um ræðir, er, eins og gerð hefur verið grein fyrir, um nokkra fjölgun prófessorsembætta við Háskóla Íslands. Það var enginn ágreiningur um það í menntmn. þessarar hv. d., að efling háskólans væri nauðsyn, og í rauninni var alger samstaða um málið að öðru leyti en því, að við nokkrir nm. vildum sinna ákveðnum tilmælum, sem fram höfðu komið í sambandi við eitt af þeim embættum, sem ætlunin er að stofna.

Upphaflega var þetta frv., að því er ég hygg, í algeru samræmi við þá áætlun, sem háskólaráð hefur samið um eflingu háskólans og fjölgun embætta við háskólann.

En svo bar það við, að hv. menntmn. Nd. tók rögg á sig og bætti við einu prófessorsembætti í samtímasögu. Út af fyrir sig verð ég að lýsa því yfir, að ég tel, að þetta beri vott um æskilega hugarfarsbreytingu hjá hv. Alþ., þegar um er að ræða frumkvæði frá því um eflingu háskólans, því að mér hefur virzt, að það hafi heldur borið á hinu allt of lengi, að Alþ. hefur verið í tregara lagi til að efla þessa æðstu menntastofnun þjóðarinnar og sízt farið í því efni fram úr þeim rökstuddu till., sem jafnan hafa legið hér fyrir frá háskólanum sjálfum, og út af fyrir sig ber að fagna því.

Hins vegar verð ég að segja, að þetta mál bar að því leyti dálítið einkennilega að, að mér er kunnugt um, að um þessa breytingu var ekkert samráð haft við háskólann eða stofnanir hans, ég hygg ekki við háskólaráð, heimspekideild og örugglega ekki við háskólakennara, sem kenna sögu. Og ég veit, að sá háskólakennari, prófessor Þórhallur Vilmundarson, sem kennir einmitt seinni tíma sögu, frétti um þessa

breytingu á skotspónum, ef svo má segja, hann frétti fyrst um það, þegar skýrt var frá þessari breytingu í þingfréttum útvarpsins.

Það liggur einnig fyrir, að þetta embætti var ekki á áætlun háskólaráðs um fjölgun prófessorsembætta við háskólann. Þó að þetta mál sé þannig til komið eins og ég lýsti og að vísu með dálítið undarlegum hætti að því leyti til, að það skuli ekki áður eða jafnhliða því, sem það fær meðferð í hv. Nd., vera a. m. k. borið undir þær stofnanir háskólans, sem þar ættu um að fjalla, er þetta allt að einu, að því er ég tel, gleðilegur vottur um það, að alþm. hafi hug á því í ríkara mæli væntanlega en stundum áður að efla þessa bráðnauðsynlegu og mikilvægu menntastofnun.

Það hefur nú komið í ljós, eins og kannske var ekki óeðlilegt, að innan háskólans eru nokkuð skiptar skoðanir um það, hvort þetta, sem hér er lagt til í frv., er heppilegasta leiðin til að ná því marki jafnvel, sem að er stefnt með brtt., og hv. frsm. menntmn. hefur gert skýra grein fyrir því, að skoðanir eru þarna skiptar og lesið upp þær álitsgerðir, sem fyrir liggja. En í stuttu máli má segja, að það sé fram komið, að sagnfræðiprófessorarnir báðir, Þórhallur Vilmundarson og Guðni Jónsson, æskja eindregið eftir því, að í stað nýs prófessorsembættis að svo stöddu í samtímasögu verði komið á stofn eða heimspekideild gert kleift að hefja gagnasöfnun og nokkra úrvinnslu í sambandi við þessi efni og þannig gæti komizt upp vísir að sagnfræðistofnun, sem ynni að slíkri heimildasöfnun og heimildakönnun undir stjórn prófessora. Til þess að sinna slíkum verkefnum mætti ráða um skemmri eða lengri tíma unga efnismenn, einn eða fleiri eftir atvikum og eftir því sem fé hrykki til. Afstaða annarra prófessora í heimspekideild var í stuttu máli sú, að hér væri ekki um neitt val að ræða. Annaðhvort væri að taka því, sem þarna byðist, prófessorsembætti, ellegar að um ekki neitt væri að ræða í staðinn. Það má segja, að háskólaráð æski eftir hvoru tveggja, prófessorsembætti og sagnfræðistofnun, og þó virðist mér, að það komi fram í umsögn háskólaráðs, að sé um tvennt að velja, annars vegar prófessorsembætti og hins vegar aðstöðu til sagnfræðirannsókna með öðrum hætti eða sagnfræðistofnun, hallist það frekar að því að velja sagnfræðistofnunina.

Í menntmn. þessarar d. kom það fram, að ýmsir nefndarmanna höfðu verulega tilhneigingu til að styðja það sjónarmið, sem kemur fram í umsögn sagnfræðiprófessoranna, að það liggi nokkurn veginn í augum uppi, að það væri eðlilegra að byrja á því í þessu efni að safna heimildum og gögnum um síðari tíma sögu, síðan kæmi úrvinnsla heimildanna og síðast væri þá að því komið, að skipulögð háskólakennsla gæti farið fram á grundvelli þeirrar heimildasöfnunar og þeirra rannsókna, sem þá lægju fyrir. Enn fremur var á það bent í n., að það er engan veginn vandalaust fyrir þann mann, sem yrði skipaður prófessor í samtímasögu, að gegna því starfi þannig, að ekki stæði um það meiri eða minni styr. Þar er um að ræða svo viðkvæmt mál, að þar verður vissulega að fara mjög varlega, einkum að því er varðar það að fara að leggja út af hlutum, sem eru e. t. v. enn deilumál, jafnvel pólitísk deilumál, og mikið álitamál, meðan þau eru ekki komin í nægan fjarska. Þetta var nm. yfirleitt ljóst, og ég vil eindregið vara við því, að í þessu efni verði gálauslega að farið. Ég geri ráð fyrir því, að ef þetta embætti verður stofnað, verði þetta sjónarmið mjög haft í huga, að þarna er um afar vandasaman og viðkvæman hlut að ræða og mikil spurning, hversu nálægt samtíðinni er hægt að ganga í því að kenna sögu um atburði, sem enn eru mjög umdeildir og umdeilanlegir.

Niðurstaða af þessum hugleiðingum okkar þriggja nm. í menntmn. var sú, að við leggjum hér fram brtt. á þskj. 630, sem við teljum að fari mjög svo hóflega millileið milli þess sjónarmiðs, sem mótaði ákvörðun hv. Nd. um nýtt prófessorsembætti í nútímasögu Íslands, og hins sjónarmiðsins, að byrja á hinum endanum, byrja á því að afla heimildanna og gagnanna og fara að vinna úr þeim, áður en prófessorsembætti verði stofnað. Við leggjum sem sagt til, að aftan við frv. komi ákvæði til bráðabirgða, aðeins í heimildarformi, sem heimili að fresta um allt að 5 ára skeið veitingu prófessorsembættis í íslenzkri nútímasögu, en meðan það embætti sé óveitt, fái heimspekideild Háskóla Íslands að verja árlega fjárhæð, sem nemur einum prófessorslaunum, til að láta safna gögnum og efna til rannsókna í íslenzkri nútímasögu.

Það kom fram hjá hv. frsm. menntmn., að í rauninni sé hann efnislega sammála þessu ákvæði til bráðabirgða og þeirri millileið, sem þar er farin. En hann lagði áherzlu hins vegar á, að það mætti ekki stefna frv. sjálfu í hættu, og vitanlega skal ég taka undir það, að það er alls ekki vilji okkar flm. þessarar brtt., að það verði gert. Hins vegar get ég ekki látið hjá líða að segja það, að mér finnst þess vera farið að gæta óskyggilega mikið nú á þessum síðustu dögum, að menn rísa upp, sérstaklega frsm. nefnda eða meiri hl. nefnda, og lýsa því yfir, að ef farið yrði að lagfæra eitt eða annað í frumvörpum, jafnvel sem allir eru sammála um að væri til bóta að breyta, gæti það stofnað málunum í hættu og þau kunni þá að daga uppi. Þetta er orðið afar hvimleitt, en það kemur nú fyrir í hverju málinu á fætur öðru. Ég fæ ekki séð, að þótt þessi brtt., þessi mjög svo milda millileið, sem er í algeru heimildarformi, yrði samþ. hér í þessari hv. d. og málið þyrfti með þessari litlu breyt. að koma til einnar umr. í hv. Nd., þyrfti það að stofna framgangi þessa máls í hættu. Ég vona að minnsta kosti, að Háskóli Íslands eigi það marga formælendur hér á þingi, að engum detti í hug að bregða fæti fyrir jafnstórt mál og þetta, þó að þessi litla brtt., þar sem mjög svo vægilega er í sakirnar farið, verði samþ. Ég tel, að hér sé um heppilega málamiðlun að ræða og hún hvort tveggja í senn ætti að ná algerlega þeim tilgangi, sem vakti fyrir hv. Nd., með því að ákveða, að stofna skuli prófessorsembætti í samtímasögu, en það verði einnig hægt að koma allverulega til móts við þær mjög svo eðlilegu og ég vil segja skynsamlegu og á allan hátt æskilegu tillögur, sem prófessorarnir í sögu hafa gert í sambandi við þetta mál, þ. e. a. s. að byrja á gagnasöfnuninni, úrvinnslan komi næst, en kennsla í fræðunum komi síðast.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Ég skal ekki efnislega fara að ræða þetta mál, enda þótt ég sé persónulega mjög lítið hrifinn af þeirri breytingu, sem var gerð á stjórnarfrv. varðandi prófessorafjölgun, þar eð ég tel, að það eigi að fara að tillögum háskólans um þetta efni. En það, sem ég vildi aðeins upplýsa hér, er, að þessi brtt. fær ekki staðizt, vegna þess að heimspekideild háskólans hefur að sjálfsögðu ekkert fjárveitingavald og það er ekki hægt að heimila henni að veita fé til ákveðinna hluta, hvorki henni né neinni annarri stofnun. Hefði þetta átt að gerast, hefði það orðið að vera heimild til handa ríkisstj., og þá kemur það enn til viðbótar, að það er að sjálfsögðu ástæðulaust og óeðlilegt að hafa í frv. sem þessu, vegna þess að það er fjárlagamál, og er eðlilegt, að gert verði upp það dæmi, þegar fjárlög verða afgreidd, hvort Alþ. þykir heppilegt að fara þá leið, sem hv. flm. þessarar till. telja rétt að fara. Ég skal ekkert fetta fingur út í þeirra rök eða efnislegan málflutning varðandi það atriði, að það geti verið heppilegra að hafa þennan hátt á, að verja fé til rannsókna heldur en að skipa prófessor. En ég tel nauðsynlegt, að þetta komi fram hér, þar eð mér sýnist, að till. sé þess eðlis að þessu leyti til, að það sé gersamlega útilokað á þinglegan hátt að samþykkja hana.

Alfreð Gíslason: Herra forseti. Það eru aðeins fáein orð, sem ég ætlaði að segja í sambandi við þetta mál.

Ég var meðal þeirra, sem fögnuðu þeim áhuga, sem hv. menntmn. Nd. sýndi málefnum háskólans, þegar hún fjallaði um þetta frv. Eins og segir í nál. frá þessari hv. n., hefur hún ekki aðeins rætt um fjölgun embætta við háskólann, heldur hefur hún og fjallað um stöðu skólans almennt og framtíð hans. Það er einnig sagt frá því, að hæstv. menntmrh. og háskólarektor hafi mætt á fundum n. og tekið þátt í umr. þar. Kom fram, að því er segir í nál., mikill áhugi n. fyrir því að bæta aðstöðu háskólans og kennsluhætti alla og að efla vísindastarfsemi innan hans.

Það er í tilefni af þessu, að ég stend hér upp og leyfi mér, fyrst hæstv. menntmrh. er nú staddur hér í þessari d., að beina til hans einni spurningu sérstaklega. Við vitum, að það er ekki nægilegt að fjölga embættum við skólann. Það þarf einnig að skapa kennurunum aðstöðu til þess að sinna störfum þar með sóma. Einstakar deildir háskólans eru áreiðanlega misjafnlega settar hvað þetta snertir, en það er ein deild, eða hluti úr deild kannske réttara sagt, sem er sérstaklega illa sett í þessu efni, svo illa sett, að það er naumast, eins og sakir standa, nokkur grundvöllur til kennslu. Ég á hér við tannlæknadeildina. Eins og hv. þdm. muna, var það mál lítillega rætt í Sþ. á s. l. hausti, en þá vildi það til, að loka varð algerlega þessari deild fyrir nýstúdentum. Nú er mér ekki kunnugt um annað en að ástandið hvað þetta snertir í háskólanum sé nákvæmlega það sama enn í dag og að við blasi, að enn verði á hausti komanda að loka deildinni fyrir nýjum nemendum. Það er þess vegna, að ég leyfi mér að standa upp og ræða þetta mál háskólans sérstaklega, því að ég tel þetta ekki aðeins eitt af brýnustu vandamálum hans, heldur að nokkru leyti einnig vandamál þjóðarinnar allrar, vegna tannlæknaskortsins, sem ríkir hér á landi. Það er ekki nóg, að þessari deild, tannlæknadeildinni, hafi á s. l. hausti verið lokað og að útlit sé fyrir, að henni muni verða lokað enn um óákveðinn tíma, heldur veit ég ekki betur en ástandið sé svo slæmt, að nokkrir nemendur, sem nú eru í miðju námi þar, verði að hrökklast úr deildinni. Þeim mun að vísu hafa verið útveguð vist við útlenda háskóla. En það er ekki nóg að útvega nemendum vist, þeir verða að hafa efni á að dveljast við slíka háskóla erlendis. Og ég held, að á því hafi strandað og strandi hjá þessum ungu mönnum, sem eru við nám í Háskóla Íslands og verða, að því er ég bezt veit, að hrökklast þaðan. Þeim er vísað í útlegð, en hafa þar litla möguleika til að lifa.

Þetta vildi ég láta koma fram og beina þeirri spurningu til hæstv. menntmrh., hvort þetta vandamál háskólans hafi verið rætt í hv. menntmn. Nd. og hvort nokkur ákvörðun hafi verið tekin þar um þetta mikla vandamál.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Það vandamál tannlæknadeildar, sem upp kom á s. l. hausti, hefur verið til athugunar í háskólanum og menntmrn. í vetur, og ég lít þannig á, að full lausn hafi fengizt á þeim vanda, sem við var að etja á s. l. hausti. Tannlæknadeildin tók þá að vísu ekki við neinum nýjum nemendum að forminu til, en þeir stunduðu hins vegar nám í læknadeildinni í þeim greinum, sem eru kenndar á fyrsta ári í tannlæknadeild, og sama fjölda og að meðaltali hefur verið tekinn í deildina undanfarin ár mun verða veitt formleg innganga í tannlæknadeildina nú einhverja næstu daga, þannig að þeir munu geta haldið áfram reglulegu tannlæknanámi á næsta hausti. Þeim nemendum, sem augljóst var, að ekki yrði hægt að sjá fyrir síðari hluta kennslu í tannlæknadeildinni, en eru þar nú, hefur öllum verið útveguð námsvist erlendis, þannig að þeir geta haldið áfram námi sínu algerlega ótruflaðir, og auk þess hafa verið gerðar ráðstafanir til þess, að þeir fái sérstaklega fjárhagslega fyrirgreiðslu, þannig að þeim verði unnt að stunda námið.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Út af þeirri brtt., sem hv. 5. þm. Reykn. og tveir aðrir hv. þdm. flytja hér, vil ég taka fram, að ég hef í sjálfu sér tilhneigingu til þess að fylgja þeirri brtt. og tel hana á margan hátt eðlilega, ekki hvað sízt þegar tillit er tekið til þess, með hvaða hætti til þess embættis var stofnað, sem hér er um að ræða. En samt sem áður tel ég mér ekki fært að fylgja henni og mun greiða atkv. á móti henni, og það er af þeirri ástæðu, að ég tel mig hafa ástæðu til þess að ætla það, að ef sú brtt. yrði hér samþ. og málið þess vegna þyrfti að fara til Nd., væri því teflt í tvísýnu, og það tel ég raunar hafa komið fram og fengið hér nokkra staðfestingu í ummælum þeim, sem hæstv. fjmrh. hafði hér áðan. Ég tel líka, að með yfirlýsingu hæstv. menntmrh. sé tryggt, að þetta embætti verði ekki auglýst nema að höfðu samráði við háskólaráð og heimspekideild og að áður en það kemur til framkvæmda fari fram gagnger athugun á verksviði prófessors þessa. Ég tel raunar, að þrátt fyrir þá ráðagerð, sem fram kemur í nál. frá hv. menntmn.

Nd., hljóti háskólaráð og hver deild að hafa mjög mikið svigrúm til þess að skipta verkefnum á milli prófessora og breyta verkefnum þeirra eftir því, sem aðstæður breytast og þörf kallar á, vegna þess að svo er yfirleitt til hagað um embætti prófessora við Háskóla Íslands, a. m. k. í heimspekideild og lagadeild og að ég hygg í guðfræðideild, að þar eru embættin í lögunum ekki bundin við ákveðnar kennslugreinar, heldur er það á valdi háskólaráðs og deilda að haga því með þeim hætti, sem bezt þykir henta. Ég mun þess vegna, úr því sem komið er, greiða þessu frv., eins og það nú liggur fyrir, atkv. mitt, en verð því miður að greiða atkv. á móti þessari brtt., enda þótt ég geti fyllilega tekið undir það, sem kom fram hjá hv. 5. þm. Reykn., að það er náttúrlega nokkuð óeðlileg aðferð og óvenjuleg og einkennileg í garð þess prófessors, sem hér á nánast hlut að máli, að fara að samþykkja slíkt nýtt prófessorsembætti á hans tiltekna kennslusviði, án þess að hafa nokkurt samráð við hann. Ég býst við, að hver og einn geti séð sjálfan sig með það, að honum mundi þykja nokkuð nærri sér höggvið, ef þannig væri að farið.

Frsm. (Ólafur Björnsson): Hæstv. menntmrh. gaf yfirlýsingu um það í fyrsta lagi, að stofnun þessa embættis mundi á engan hátt verða til þess að tefja framgang 10 ára áætlunar háskólans. Í öðru lagi gaf hann yfirlýsingu um það, að þetta embætti yrði ekki auglýst og í það skipað, nema að höfðu samráði við háskólaráð og heimspekideild. Þetta voru þau tvö atriði, sem ég lagði megináherzlu á í framsöguræðu minni áðan. Enn fremur lýsti hann því yfir, að hann mundi styðja að því, að fé því, sem sparaðist, meðan embættið væri óveitt, yrði að einhverju meira eða minna leyti varið til undirbúnings stofnunar embættisins, svo sem að styrkja efnilegan mann til að búa sig undir það. Ég hefði kannske óskað, að slík yfirlýsing yrði fyllri, en ég vænti þess og treysti því, að í því efni verði fullt tillit tekið til óska háskólans, heimspekideildar og sérstaklega söguprófessora hans, þegar að því kemur. Með tilliti til þessa mun ég, samkv. áður sögðu, ekki sjá mér fært að styðja þá brtt., sem hér hefur verið borin fram. Ég sagði að vísu áðan, og ég lít þannig á, að kjarni till. hafi verið þess efnis, að ég væri henni sammála að efni til. Hitt er alveg rétt, sem hæstv. fjmrh. benti á, að á henni er formgalli, og að mínu áliti er hún of þröng. Og með tilliti til þess, að ég tel, að málinu væri stofnað í allt of mikla hættu að senda málið aftur til Nd., þá verð ég, — og í því efni tek ég undir með hv. 3. þm. Norðurl. v., en ég var raunar öllu sammála, sem hann sagði, — því miður að greiða atkv. gegn þessari till. og tel það í rauninni miður farið, að hv. flm. hafa ekki talið sér fært að verða við tilmælum mínum um að taka till. aftur, því að það, að till. verði felld, þó að það sé á þeim grundvelli, sem fram hefur komið bæði hjá mér og hv. 3. þm. Norðurl. v., torveldar það frekar en hitt einmitt, að fært verði að koma til móts við óskir söguprófessoranna í þessu efni.

Gils Guðmundsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð í tilefni af þeim ummælum hæstv. fjmrh., að brtt. okkar þremenninganna á þskj. 630 fái ekki staðizt, vegna þess að á henni sé formgalli. Ég á nú að vísu örðugt með að deila við hinn lögfróða mann um þetta, en mér sýnist þó, að till. geti örugglega staðizt. Það sé í rauninni ekki um annað að ræða í henni en að það séu lagafyrirmæli um, að ríkisstj., menntmrh. eða menntmrn., skuli sjá um annað tveggja, að þetta embætti verði stofnað ellegar þá að heimildarákvæðin verði hagnýtt á þann veg, að fjárveiting, sem svarar einum prófessorslaunum, meðan embættið er óveitt, verði tekin upp á fjárlög, rn. hefði þá þetta ákvæði til bráðabirgða á bak við sig, og þá sæi ég ekki annað en hæstv. fjmrh. yrði að gera svo vel, hann kæmist ekki upp með neitt múður, þar sem menntmrh. hefði þessa lagagrein að baki sér, hann yrði að taka upp einar 240 þús. kr. á næstu fjárlög og gera svo vel að reiða það fé af hendi. En ef mönnum hins vegar sýnist nú svo, að það sé vegna formgalla, að ekki sé hægt að samþ. þetta bráðabirgðaákvæði, þá er auðvitað hægurinn hjá að breyta þarna lítils háttar orðalagi. Mér skilst, að það væri þá helzt þannig, að menntmrn. heimilaðist að fengnum till. heimspekideildar háskólans að verja o.s.frv., þannig að vegna þessa atriðis, spurningarinnar um form, sýnist mér, að það þurfi ekki að stranda á því, að menn geti fylgt þessari till.

Umr. frestað.

Á 77. fundi í Ed., s.d., var fram haldið 2. umr. um frv.

Jón Þorsteinsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð, sem ég vildi segja hér í tilefni af því, að ég er meðflm. að þeirri till., sem hér hefur valdið deilum. Ég lít svo á, að það hafi verið allmikið fljótræði af hv. Nd. að samþykkja þar fjölgun prófessorsembætta í sögu, sem ætlað er, eftir því sem skýrt hefur verið frá, í samtímasögu eða nútímasögu. Að sjálfsögðu hafa þeir Nd.-menn aðra skoðun á þessu en ég. En maður þekkir nú orðið svo mörg dæmi þess, að mál eru snemma á þingtímanum lögð fram í annarri hvorri d. og bíða svo þar afgreiðslu, þangað til mjög skammt er til þingloka, að þau eru afgr. til seinni d., og ef síðari d. hefur hug á annaðhvort að breyta þeim eða gera einhverjar endurbætur á þeim breytingum, sem fyrri d. hefur gert, er jafnan viðkvæðið, að það sé ekki hægt, vegna þess að málið sé í hættu, og ég hygg, að það sé einmitt miklu almennara með mál, sem fyrst eru lögð fram í Nd., en koma svo til Ed. á síðustu vikum eða síðustu dögum þingsins. Og ég hef eins og aðrir þm. oft beygt mig fyrir þessum rökum. Menn hafa haft áhuga á að gera brtt., en þeim hefur jafnan verið tjáð, að það væri að stefna viðkomandi máli í hættu, og þess vegna hafa menn oft látið þetta ógert. En ég lít svo á, að það sé ekki endalaust hægt að viðhafa svona vinnubrögð og að það komi að því, að það verði að spyrna við fótum og taka upp betri vinnubrögð í þessum efnum. T.d. í þessu máli er það ekki þannig, að við, sem erum flm. þessarar till., viljum afnema og fella úr gildi þá breyt., sem Nd. hefur gert, heldur er það þannig, að við komum

allmikið til móts við sjónarmið þeirra Nd.-manna eða förum í því efni eins langt og við frekast treystum okkur til að gera, og ég vil ekki trúa því að óreyndu, þó að maður heyri þær fregnir frá Nd.-mönnum, að ef við leyfum okkur hér að fara að breyta þessu aftur, verði málið stöðvað. Ég vil ekki trúa því að óreyndu, að þessi till. okkar, ef hún yrði samþ. hér í Ed., gæti ekki fengið hljómgrunn í Nd. Við erum eiginlega á hverjum degi að fjalla hér um frv., sem hafa verið endursend í Nd., og það hefur ekki orðið neinn ágreiningur. Við höfum verið mjög frjálslyndir að samþykkja, ef þeir hafa breytt frv., sem upphaflega er lagt fyrir Ed. og er breytt í Nd. aftur, — þá höfum við samþ. þær breytingar. Ég tel þess vegna, að það sé ekki nein goðgá í því fólgin, að þessi till. væri samþ. og látið reyna á undirtektir Nd. undir þá till., sérstaklega líka með tilliti til þess, að það er bráðnauðsynlegt að fara að taka upp önnur vinnubrögð, eins og ég sagði, og gefa aðvörun um, að svona verði ekki unnið að málum framvegis.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 630 felld með 12:5 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 78. fundi í Ed., 2. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 690).

---

51. Verðlagning landbúnaðarvara.

Á 4. fundi í Sþ., 18. okt., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um verðlagningu landbúnaðarvara á verðlagsárinu 1965—1966 [26. mál] (stjfrv., A. 26).

Á 8. fundi í Nd., 28. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér er til umr., er flutt til staðfestingar á brbl., sem út voru gefin 11. sept. s.l. um verðlagningu landbúnaðarvara á verðlagsárinu 1965—1966.

Ekki varð hjá því komizt að ákveða verð búvöru að þessu sinni með brbl., þar sem 6 manna n., sem áður hefur ákveðið verðið, var ekki starfhæf. 6 manna n. hefur unnið að verðlagningu búvöru frá 1943. Hefur hún oftast orðið sammála um verð vörunnar til bóndans og einnig heildsölu- og smásöluverð. Þegar samkomulag hefur ekki náðst í n., hefur ágreiningsatriðunum verið vísað til yfirnefndar, en yfirnefndina skipa l. samkv. einn fulltrúi, sem fulltrúar bænda í 6 manna n. kjósa, og einn fulltrúi, sem fulltrúar neytenda í 6 manna n. tilnefna, en hagstofustjóri er oddamaður í n. Lög um verðlagningu búvöru voru endurskoðuð 1947 og aftur í árslok 1959 og voru þá endurbætt og útflutningstryggingin lögtekin. Við verðlagningu landbúnaðarvara er fundinn grundvöllur fyrir verðlagningunni með því að finna út stærð meðalbúsins í landinu. Meðalbúið hefur stækkað allmikið á þeim rúml. 20 árum, sem l. um 6 manna n. hafa verið í gildi. Stækkun búanna hefur orðið örari síðustu árin vegna aukinnar ræktunar og aukinnar tækni með bættum vélakosti. Verðlagningin skal miðast við það, að kjör bænda verði ekki lakari en kjör sjómanna, iðnaðarmanna og verkamanna. Reiknaðar hafa verið út tekjur meðalbúsins svo og þau gjöld, sem eðlileg eru í sambandi við búrekstrinn. Bændur hafa oft fundið að því, að verðgrundvöllurinn væri ekki réttur, að útgjöld meðalbúsins væru raunverulega meiri en tekið er tillit til í útreikningum um verðið. Enginn vafi er á því, að bændur hafa oft haft rök að mæla, enda almennt viðurkennt, að 3 síðustu árin hafi verðgrundvöllurinn verið mikið lagfærður og að bændur hafa því í seinni tíð unað betur hag sínum en áður. Skekkjur hafa oft komið í verðgrundvöllinn, vegna þess að sjálfsagðar hækkanir voru ekki teknar til greina, og má þá sérstaklega nefna haustið 1957, þegar búvöruverðið var hækkað um aðeins 1.88%, eftir að kaupgjald hafði hækkað á verðlagsárinu um 16—17% og ýmsir rekstrarvöruliðir búsins einnig mikið hækkað, sem hefði átt að taka tillit til. Til ársins 1960 gerðu l. ráð fyrir því, að verðbreytingar ættu sér stað aðeins einu sinni á ári, þ.e. í byrjun verðlagsársins 1. sept. ár hvert. Þegar kaup hækkaði í sept. eða okt. og rekstrarvörur hækkuðu, eftir að verðið hafði verið ákveðið, urðu bændur að bíða með verðhækkanir allt að því heilt ár eða þar til næsta verðlagsár byrjaði. Þetta voru vitanlega ekki góð kjör á þeim tímum, sem verðhækkanir og kauphækkanir voru eins og ætíð hefur verið árlega frá því, að l. voru sett.

Með breytingu l. 1960 var ákveðið, að tillit skyldi tekið til hækkunar á rekstrarvöruliðunum og kauphækkunum ársfjórðungslega. Var það mikil leiðrétting frá því, sem áður hafði verið. Hefði verið eðlilegt, að breytingar væru teknar til greina mánaðarlega. En Framleiðsluráði landbúnaðarins hefur fundizt erfitt að reikna út breytingar á birgðum og ákveða nýtt verð með stuttum fresti.

Mikilsverðasta breyt. á l. um verðlagningu búvara 1960 var verðtryggingin, sem bændur fengu með útflutningsuppbótunum. Útflutningstryggingin hefur gert fært að greiða bændum fullt 6 manna nefndar verð, sem ekki tókst áður, meðan bændur báru sjálfir hallann af því, sem út var flutt.

Útflutningsuppbæturnar hafa oft verið gerðar að umtalsefni. Þykir ýmsum, að ríkissjóði sé bundinn þungur baggi með þessu lagaákvæði. Útflutningsuppbætur urðu á síðasta verðlagsári 184 millj. kr., og er gert ráð fyrir, að á yfirstandandi verðlagsári fari það nokkuð yfir 200 millj. Útflutningsuppbæturnar geta þó aldrei farið yfir 10% af heildarverðmæti landbúnaðarframleiðslunnar. Er það vissulega hemill, sem kemur í veg fyrir, að sú upphæð, sem varið er í þessu skyni, hækki úr hófi fram. Niðurgreiðslurnar eru orðnar háar og þungar í skauti fyrir ríkissjóð. Það er misskilningur, sem stundum kemur fram, að niður-

greiðslurnar komi bændunum einum við og séu jafnvel nokkurs konar styrkur til þeirra. Það er þó ljóst, að niðurgreiðslurnar eru gerðar af efnahagslegum ástæðum í því skyni að hafa hemil á verðlaginu og dýrtíðinni.

Það er ástæðulaust að gera lítið úr því framlagi, sem íslenzkur landbúnaður nýtur. En það er einnig varasamt að mikla það fyrir sér, sem til landbúnaðar er varið, og halda því fram, að til landbúnaðarins megi rekja mestan þann vanda, sem við er að stríða hverju sinni í dýrtíðar- og efnahagsmálum. Það hefur oft verið til þess vitnað, að aðrar þjóðir verji miklum fjárhæðum til landbúnaðarins og jafnvel tiltölulega meiru en Íslendingar gera. Um leið og þetta er sagt, er sjálfsagt að viðurkenna, að brýna nauðsyn ber til að finna leiðir til þess að lækka framleiðslukostnað landbúnaðarvara. Það ber brýna nauðsyn til þess að vinna nýja og betri markaði fyrir þær búvörur, sem út eru fluttar. Það ber brýna nauðsyn til að vinna úr landbúnaðarvörunum innanlands og gera þær þannig verðmætari, áður en þær eru fluttar út. Verði það gert, mun sá vandi, sem um er rætt í sambandi við landbúnaðinn, fara minnkandi og hverfa, þegar tímar líða.

Framleiðslan í landbúnaðinum hefur aukizt verulega vegna mikillar ræktunar, aukins vélakosts og góðæris. Mjólkurframleiðslan ætti að miðast að mestu leyti við þarfir landsmanna. Það er óhagstætt að flytja út mjólkurafurðir. En í góðæri getur orðið nokkur umframframleiðsla, eins og nú á sér stað. Ég hygg þó, að það sé almenn skoðun bænda, að nauðsyn beri til að haga framleiðslunni í samræmi við það, að ekki þurfi að flytja út mjólkurafurðir sem nokkru nemur. Er margt, sem bendir til, að vöxtur mjólkurframleiðslu verði minni næstu árin en verið hefur. Bændur keppa nú að því að auka kjötframleiðslu og er það áreiðanlega, eins og sakir standa, miklu heilbrigðara fyrir þjóðarbúið, að svo verði. Meðgjöf með sauðfjárafurðum á erlendum markaði er miklu lægri en með mjólkurafurðum. Möguleikarnir til þess að fá betri markaði fyrir sauðfjárafurðir eru einnig miklu meiri en á öðrum framleiðsluvörum landbúnaðarins. Að þessum málum er nú unnið og það haft í huga, að sauðfjárframleiðslan muni aukast mikið á næstu árum. Bændur munu einnig vinna að því, að framleiðslan verði fjölbreyttari, þannig að neytendur hafi meira úrval, og þær raddir, sem tala um innflutning á kjöti, hjaðni. Það kemur vitanlega ekki til mála að flytja inn erlent kjöt. Það eru nógir möguleikar til þess að hafa innlent kjöt af bezta tagi á markaðinum, og þar sem bændur hafa nú fullan hug á því, mun þess ekki langt að bíða, að breyting sjáist í þá átt. Með því að stuðla að bættum hag landbúnaðarins með ræktun, eins og gert hefur verið seinustu árin með fullkomnum vélakosti og tækni, er augljóst, að búin stækka og möguleikar landbúnaðarins verða meiri og betri en fyrr. Landbúnaðurinn mun þróast og eflast, eftir því sem ræktunin eykst og framleiðslan vex. Framlag ríkisins til ræktunarmála mun halda áfram um langa framtíð, enda er ræktunarframlagið ekki miðað við hagsmuni hvers einstaklings, heldur verði það framlag í varasjóð fyrir framtíðina, sem þjóðin öll mun njóta góðs af. Framlög til útflutningsuppbóta munu ekki verða um alla framtíð, en hljóta þó að vera um sinn, þar til landbúnaðurinn er kominn á það stig, að framleiðslan geti truflunarlaust gengið með því að njóta innanlandsmarkaðsins og þess verðs, sem næst á erlendum mörkuðum.

Ég er sannfærður um, að sá tími kemur, að landbúnaðarvörur verða fluttar út úr landi með góðum árangri, þótt ríkissjóður leggi ekki fram fé til þeirra mála. Þegar það er haft í huga, er vitanlega sjálfsagt að halda áfram að auka framleiðslu þeirra vara, sem hagstæðast er talið að flytja út, og auka ræktun og framfarir í landbúnaði. Fólkinu fjölgar, neytendahópurinn stækkar, tæknin verður meiri og framleiðslukostnaðurinn lækkar. Þetta styrkir aðstöðu landbúnaðarins og verður til þess, að allir, einnig þeir, sem nú efast um gildi landbúnaðar á Íslandi, verða sannfærðir um, að gullið, sem grafið er úr íslenzkri gróðurmold, er þjóðinni jafnmikils virði og þau verðmæti, sem aðrir atvinnuvegir veita.

Lög þau, sem ákvarða reglur um verðlagningu landbúnaðarvara, urðu ekki framkvæmd á þessu hausti, vegna þess að Alþýðusamband Íslands neitaði að tilnefna fulltrúa í 6 manna n., eins og l. gera ráð fyrir. Er óskiljanlegt, hvernig á því stendur, að Alþýðusambandið tók þessa afstöðu. Haustið 1964 varð fullt samkomulag um verðlagningu búvara. Fulltrúar neytenda og bænda sömdu um það verðlag, sem bóndinn skyldi fá. Það varð einnig samkomulag um heildsöluverð og smásöluverð. Það varð fullt samkomulag um dreifingarkostnaðinn haustið 1964, en oft er talað um, að hann sé óeðlilega hár. Þar sem samkomulag náðist á fyrra ári, er erfitt að skilja, hvers vegna Alþýðusambandið skarst úr leik, áður en á það reyndi, hvort samkomulag gæti orðið á þessu hausti. Út af fyrir sig er þýðingarlaust að ræða um það, hvers vegna Alþýðusambandið fór þessa leið og afsalaði sér þannig réttinum til þess að hafa áhrif á verðlagið í haust. Það, sem máli skiptir, er framhaldið í þessum málum. Brbl., sem gefin voru út til þess að bjarga málinu, miðast við það ástand, sem brotthlaup Alþýðusambandsfulltrúans úr 6 manna n. skapaði.

Það er almennt álitið, að tekizt hafi að leysa hnútinn með brbl. á sanngjarnan hátt, þannig að bændur geti unað sínum hlut og neytendur geti ekki með réttu talið, að boginn hafi verið spenntur of hátt.

Samkv. 1. gr. brbl. er kveðið svo á, að á verðlagsárinu 1965—1966 skuli byggt á verðlagsgrundvelli, er Hagstofa Íslands reiknar eftir verðlagsgrundvelli haustsins 1964. Við laun bónda og sjúkrasjóðsgjald bætist geymd hækkun samkv. bókun í fundargerðabók 6 manna n. 24. febr. 1965 og við það hvort tveggja skuli bætt viðbót, sem er að hundraðshluta jöfn þeirri hækkun, er verður á bótaupphæðum almannatrygginga á síðari hluta árs 1965. En bótaupphæðir þessar miðast við þær hækkanir, sem orðið hafa á kaupi verkamanna. Með þessari viðmiðun var bóndanum tryggð hækkun búsafurða að þessu sinni. Þá er gert ráð fyrir samkv. 1. gr., að við aðkeypta vinnu bætist hlutfallsleg hækkun. Við fjárhæðir vinnuliða þannig reiknaðar bætist verðlagsuppbót, sbr. ákvæði 4. gr. l. nr. 63 1964 um verðtryggingu launa. Aðrir útgjaldaliðir verðlagsgrundvallar 1964 skulu færðir fram til verðlags á hausti 1965 og eftir þeim reglum, sem

gilda, þegar grundvelli hefur ekki verið sagt upp. Sama gildir um tekjuliði verðlagsgrundvallar. Verð á ull og gærum í verðlagsgrundvelli 1965—1966 skal vera meðalútflutningsverð þessara afurða 1964—1965 að frádregnum áföllnum kostnaði, er útflutningur á sér stað samkv. mati Hagstofunnar. Þá er Hagstofan hefur reiknað verðlagsgrundvöll landbúnaðarvara samkv. 1. mgr. þessarar gr., afhendir hún hann n. þeirri, er um ræðir í 2. gr. frv., til frekari meðferðar.

Samkv. 2. gr. skal skipa þriggja manna n. til þess að færa verðlagið út samkv. þeim grundvelli, sem Hagstofan hefur fundið. Í n. þessari eiga sæti ráðuneytisstj. landbrn., forstjóri Efnahagsstofnunarinnar og framkvstj. Framleiðsluráðs landbúnaðarins. N. varð sammála um verð á einstökum vörum til bóndans. Hún varð einnig sammála um heildsölu- og smásöluverð. Meðalverðhækkun til bænda varð samkv. þessu 11.2%. Var verðhækkunin allmiklu meiri á kjöti á kostnað mjólkurverðsins.

Eins og fram kemur, er ljóst, að verðlagið á þessu hausti er í samræmi við það verð, sem ákveðið var með samkomulagi haustið 1964. Þær verðhækkanir, sem orðið hafa á rekstrarvörum og kaupgjaldi á verðlagsárinu, hafa verið teknar til greina og bóndinn því fengið það bætt. Fáir munu hafa ætlazt til, að haldið væri á málunum á annan veg. Þar sem samkomulag varð um búvöruverðið milli framleiðenda og neytenda á s.l. ári, verður að ætla, að almennt sé litið svo á, að verðlagningin að þessu sinni hafi verið sanngjörn fyrir báða aðila, framleiðendur og neytendur.

Eins og áður er að vikið, voru brbl. út gefin til þess að leysa vanda, sem boðið var heim með því að gera 6 manna n. óstarfhæfa. Það er yfirlýstur vilji ríkisstj. að gera tilraun til að koma aftur á samstarfi milli framleiðenda og neytenda um verðlagningu landbúnaðarvara. Þess vegna hef ég skrifað Stéttarsambandi bænda, Framleiðsluráði landbúnaðarins, A.S.Í., Sjómannafélagi Reykjavíkur og Landssambandi iðnaðarmanna og mælzt til þess, að þeir skipi fulltrúa í n., sem hefur það verkefni að finna samkomulagsgrundvöll um verðlagningu landbúnaðarvara framvegis.

Þeir aðilar, sem hér eru nefndir, skipuðu áður fulltrúa í 6 manna n. Líklegt er, að ríkisstj. skipi 7. manninn, sem verði þá jafnframt formaður n. Bændasamtökin hafa nú þegar tilnefnt fulltrúa af sinni hálfu, og Landssamband iðnaðarmanna held ég að hafi einnig tilnefnt fulltrúa í n. Ekki er að efa, að Alþýðusambandið og Sjómannafélag Reykjavíkur munu einnig tilnefna fulltrúa í n., og getur n. væntanlega bráðlega tekið til starfa.

Það er mikið atriði, að samkomulag verði um endurskoðun þeirra l., sem verðlagning landbúnaðarvara byggist á. Það er nauðsynlegt, að skilningur verði gagnkvæmur milli framleiðenda og neytenda. Sanngirni þarf að ráða á báða bóga. Það er von mín, að svo geti orðið og á þessu þingi megi takast að afgreiða löggjöf, sem verðlagning landbúnaðarvara verði byggð á eftirleiðis.

Ég legg til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. landbn.

Ágúst Þorvaldsson: Herra forseti. Hæstv. ríkisstj. hefur ekki nú á þessu ári brugðið vana sínum fremur en fyrri daginn, því að hún hefur sett þjóðinni hinar og þessar lífsreglur með brbl. Valdaferill þessarar hæstv. ríkisstj. hefur mjög einkennzt af þess háttar vinnubrögðum líkt og var hjá sensorum og ráðsmönnum í öldungaráði hins forna Rómaveldis, en af sögunni mun flestum vera kunnugt, hvernig fór þar um þingræðið. Brbl.-ástríða hæstv. ríkisstj. hefur verkað þannig, að þingræðið hefur hér beðið alvarlegan hnekki, því að Alþ. er að verða eins og bandingi í höndum ráðherravaldsins íslenzka. Ég tel, að slíkt sé illa farið. Alþ. ætti að gera uppreisn gegn þessu brbl.-fári. Þm. eru stundum varla komnir heim til sín á vorin, þegar þingi hefur verið slitið, þegar farið er að gefa út brbl. Það er Alþ. og Alþ. eitt, sem á að setja þjóðinni lög. Stjórnir lýðræðisflokka ættu aldrei að nota heimild stjskr. um setningu brbl. nema um mjög brýna nauðsyn væri að ræða.

Hér eru nú á ferðinni brbl., sem sett voru í sumar um eitt viðkvæmasta vandamálið í þjóðfélaginu, þ.e. verðlag landbúnaðarvara og þar með ákvörðun um, hverjar skulu vera tekjur meðalbóndans hér á landi næsta ár. Hæstv. landbrh. hefur nú gert hér grein fyrir þessu frv. og málinu í heild frá sínu sjónarmiði, og ætla ég nú að leyfa mér að fara um þetta nokkrum orðum frá mínu sjónarmiði.

Eins og kunnugt er og hæstv. landbrh. rakti hér áðan, hefur sá gangur mála lengi staðið, að verðlagning landbúnaðarvara og ákvörðun um kaup og kjör bænda hefur farið þannig fram, að 6 menn, 3 frá stéttarsamtökum bænda og 3 frá hálfu neytenda, hafa samið um verðið á grundvelli þeirra lagafyrirmæla, að bændur skuli hafa sambærileg kjör við aðrar vinnandi stéttir. Ef ekki varð samkomulag í 6 manna n., skar yfirdómur úr, einn frá hvorum aðila, bændum og neytendum, með hagstofustjóra sem oddamann. Bændur hafa þannig um langa tíð orðið að una úrskurði um verð á framleiðsluvöru sinni, þegar ekki samdist um þau mál við neytendur í 6 manna n. Þessi skipan, sem þannig hefur verið í verðlagningarmálum landbúnaðarins, hefur óneitanlega haft sína kosti, þó að hún hafi einnig haft sína galla. Og ég get játað það hreinskilnislega, að ég hef viljað halda í þetta fyrirkomulag og láta það reyna sig til þrautar. Ég er að eðlisfari friðsamur maður og mér hefur fundizt, að í þessu fyrirkomulagi væri fólgin leið til friðsamlegrar lausnar hverju sinni, enda hefur líka oftast orðið þannig raunin á. Og ég hef talið einnig og ekki síður lagt mikið upp úr því, að með þeim samningum og viðræðum og skýringum og kynningu á högum og kjörum stéttanna, bænda annars vegar og hins vegar verkamanna, sjómanna og iðnaðarmanna, hlyti að eflast skilningur og velvilji og vinátta milli þessa fólks, sem þarna var raunverulega verið að semja fyrir. En slíkan skilning og vináttu og samstarf þessara stétta hef ég alltaf viljað efla og sannast sagna alltaf álitið, að þær ættu í sameiningu að hafa sterk og varanleg áhrif á stjórn þjóðmálanna, ekki sízt á það, hvernig því fjármagni er varið, sem framleiðsluatvinnuvegir þjóðarinnar og vinnan er undirstaða að. Mér urðu það þess vegna mjög sár vonbrigði, þegar ég frétti það, að A.S.Í. hefði skipað fulltrúa sínum í 6 manna n. að

hætta störfum þar og hverfa úr n. Ég ætla ekki að ræða þann þátt í þessu, sem óneitanlega hlýtur að koma inn í umr., en um það, að hér er vitanlega um brot á l. að ræða, því að ég veit ekki til, að þar hafi verið nokkurt ákvæði um það, að aðilar, sem þar áttu sæti, gætu hætt störfum, þegar þeim sýndist, í þessari n. En ég skal leiða hjá mér að ræða þetta atriði. En með brottför eins aðila úr 6 manna n. er vissulega í bili hruninn sá samstarfsmöguleiki milli þessara stétta, sem þarna áttu hlut að máli, sem fyrir hendi var og a.m.k. stundum reyndist þeim til mikilla heilla. Ég vona, að sá tími komi aftur, að þráðurinn verði tekinn upp að nýju í einhverju formi, og mér skildist á því, sem hæstv. landbrh. sagði hér áðan, að þá væri nú verið að undirbúa það, að þetta gæti orðið. Ég skal játa, að ég var ekki alltaf ánægður með það, sem fékkst til handa minni stétt, bændastéttinni, út úr þessum samningum og úrskurðum yfirdóms. Það er svo langt frá því, því að þessi lög voru vitanlega ekki fullkomin frekar en annað, og ég er ekki að tala um það, að ekki megi búa til eitthvað betra. En ég vil ekki trúa því, og ég hef ekki heldur heyrt neitt um það, að upp hafi komið neinn svo djúpstæður ágreiningur milli þeirra tveggja samningsaðila í 6 manna n., að af þeim sökum þyrfti upp úr að slitna starfi fulltrúa Alþýðusambandsins, enda var brotthlaup hans ekki samþykkt af allri stjórn Alþýðusambandsins, því að hún var skipt í afstöðu sinni um það mál.

Það er staðreynd, sem öllum er kunn, að þar sem tveir aðilar sitja að samningum, má hvorugur búast við því að fá allar sínar óskir uppfylltar. Engin óvild finnst mér af þeim sökum þurfa að spretta á milli samningsaðila. Frjálsir menn hljóta jafnan að meta og virða rétt hver annars, án þess að til óeirða dragi eða samningsslita. En það er komið sem komið er í þessu máli nú að sinni, og þýðir vissulega ekki um það að sakast að svo stöddu. En nú er það þannig, að bændastéttin ein allra stétta í landinu hefur engan rétt til neinna samninga um sín kjör. Ég veit, að bændastéttin er friðsöm og hógvær og seinþreytt til vandræða. En hvort hún getur unað núverandi ástandi og þeim lagaboðum, sem þessi brbl. fela í sér, það veit ég ekkert um og skal ekkert um það ræða. En það hlýtur að verða fjallað um þessi mál af stéttarsamtökum bændanna, og á þeim vettvangi verður þeirra viðhorf mótað, þegar þeim, sem þar ráða og hafa þar forustu fyrir, þykir tími til kominn.

En þá ætla ég að víkja nokkuð að þætti ríkisvaldsins í þessu máli. Mér er vel ljóst, að hæstv. landbrh. og auðvitað ríkisstj. í heild komst í mikinn vanda, þegar 6 manna n. var gerð óvirk, og ég tel víst, að það hafi kostað ríkisstj. allmikil heilabrot og umþóttun, hvernig við þessum vanda bæri að snúast. Ég hefði talið eðlilegt, úr því að svona fór, að einn fulltrúi rauf 6 manna n., að ríkisstj. hefði þá leyst verðlagningarmálið a. m. k. til bráðabirgða á þann hátt t. d. að reyna að fullskipa n. að nýju og þá með einhverjum hlutlausum aðila í stað fulltrúa Alþýðusambandsins, t. d. sem Hæstiréttur hefði tilnefnt eða tekið sæti í eða þá í öðru lagi, ef hún hefði ekki séð sér fært að fara þá leið, þá hefði ríkisstj. sjálf tekið upp í þetta skipti samninga við Stéttarsamband bænda um verðlagsgrundvöllinn. En slíku samstarfi og samningum við Stéttarsamband bænda var vikið til hliðar, en í staðinn gefin út þau brbl., sem það frv. hefur að geyma, sem hér er nú til umr.

Hvernig eru þá þessi brbl.? Ég hef séð í málgögnum hæstv. landbrh., að því hefur verið haldið fram, að bændur spyrðu ekki um neitt annað í þessu máli en það, hvaða verð þeir fengju, allt annað stæði þeim á sama um, og nú væru þeir ánægðir, því að verðið væri ágætt, og mér skildist á ráðh. hér áðan, að hann teldi, að þetta væri svo, bændur mættu vel við þetta una. Ef þetta væri nú rétt um bændastéttina, að hún spyrði nú ekki um neitt annað en það, hvort hún hefði fengið þarna sæmilegt verð, virðist mér í því liggja fullyrðing um það, að hún sé búin að tapa stéttarvitund sinni og metnaði, og þá teldi ég nú satt að segja, að það væri illa komið, ekki einasta fyrir bændastéttinni sjálfri, heldur líka fyrir íslenzku þjóðinni allri, ef þessi elzta stétt og undirstöðustétt þjóðfélagsins væri búin að tapa öllum metnaði og orðin sinnulaus um sjálfstæði sitt og heiður og fegin hverju því, sem í hana væri slett, jafnvel þó að það teldist vera nóg í bili miðað við kaupgjald og tekjur við sambærileg störf í landinu. En nú er í þessu tilfelli ekki slíku til að dreifa, og mun mega færa fyrir því margvísleg rök, m. a. þau ummæli, sem hæstv. landbrh. lét falla á fundi hér í Reykjavík í sjálfstæðiskvennafélaginu Hvöt núna fyrir nokkrum dögum, en þar sagði ráðh. samkv. því, sem eftir honum er haft í dagblaðinu Vísi, — ég las ræðu ráðh. þar, — þá segir þar, með leyfi hæstv. forseta, að ráðh. hafi mælt svo í ræðu sinni:

„Verðgrundvellinum er í engu breytt. Hlutur bænda er á engan hátt bættur frá því haustið 1964."

Ef þessi ummæli eru rétt eftir ráðh. höfð, — en ég vil nú efast um, að hann hafi sagt þetta, því að mér fannst koma allt annað fram hjá honum áðan, en ég hef nú ekki séð, að hann hafi leiðrétt þessi ummæli í blaðinu, — að hann telji bændur standa í sömu sporum og í fyrra á sama tíma og allar aðrar stéttir telja sig hafa fengið og samið um verulegar kjarabætur sér til handa, m. a. t. d. um vinnutímastyttingu, sem talin er vega rúmlega 9% sem kjarabót fyrir utan allt annað, sem þetta fólk hefur samið um. Ég vil t. d. til sönnunar máli mínu um það, að bændur telji sig ekki hafa fengið það, sem þeim bar, geta þess, að launaúrtak, sem gert var hjá viðmiðunarstéttunum, sýndi, að þær höfðu á s. l. ári haft að meðaltali 161700 kr. í árstekjur. Hins vegar var bóndanum ætlað í kaup samkv. verðlagsgrundvellinum s. l. verðlagsár 147502 kr. Þarna er nú mismunur upp á rúmar 14 þús. kr., sem hallast á, að bændur hafi haft sama kaup og viðmiðunarstéttirnar, og þetta tel ég verði að bæta og leiðrétta fyrir bændastéttina. Fleira mætti auðvitað til tína, þó að ég sleppi því hér.

Samkv. þessum brbl., sem hér eru nú til umr., eru búnar til nýjar viðmiðunarreglur fyrir Hagstofuna til þess að reikna laun bænda út eftir. Þessar reglur eru í 1. gr. frv., en þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Afurðaverð til framleiðenda landbúnaðarvara á verðlagsárinu 1965—1966 skal byggt á verðlagsgrundvelli, er Hagstofa Íslands reiknar eftir verðlagsgrundvelli haustsins 1964, sem hér segir: Við laun bónda og sjúkrasjóðsgjald bætist geymd hækkun samkv. bókun í fundargerðabók 6 manna n. 24. febr. 1965, og við

það hvort tveggja leggst viðbót, sem er að hundraðshluta jöfn þeirri hækkun, er verður á bótaupphæðum almannatrygginga á síðari hluta árs 1965, vegna ákvæða 3. gr. l. nr. 20 1965, um breyt. á l. nr. 40 1963, um almannatryggingar. Við aðkeypta vinnu bætist viðbót, sem er hlutfallslega hin sama og nefnd hækkun á bótaupphæðum almannatrygginga. Við fjárhæðir vinnuliða, þannig reiknaðar, bætist verðlagsuppbót, samkv. ákvæðum 4. gr. l. nr. 63 1964, um verðtryggingu launa."

Á þennan hátt eru laun bænda miðuð við hækkun á bótum almannatrygginga að því er tekur til lasburða fólks, en þau lög eru aðeins heimildarlög, og er þetta ákvæði m. a. af þeim ástæðum bændum hættulegt, ef þau yrðu áfram látin gilda til viðmiðunar, því að ríkisstj. getur og hefur það í hendi sinni að láta þennan bótalið almannatrygginga ekki hækka, en leysa þann þátt með einhverjum öðrum hætti. Með leyfi hæstv. forseta ætla ég að lesa þá gr. um breyt. á l. nr. 40 30. apríl 1963, um almannatryggingar, sem fjallar um þetta atriði, en þar segir svo: 84. gr. orðist svo:

„Nú verður breyting á grunnkaupstaxta verkamanna við almenna fiskvinnu, og er þá ráðh. heimilt að fengnum till. Tryggingaráðs að breyta upphæðum bóta samkv. l. þessum í samræmi við það. Ráðh. setur með reglugerð ákvæði um framkvæmd þessara l. að fengnum till. Tryggingastofnunarinnar."

Samkv. þessu er ráðh. heimilt að fengnum till. Tryggingaráðs að breyta upphæðum bóta samkv. þessum l. í samræmi við þá breytingu, sem orðið hefur á grunnkaupstaxta verkamanna í fiskvinnu. Það er þess vegna sýnilegt, að með þetta getur ríkisstj. eða hlutaðeigandi ráðh. farið nokkurn veginn eftir sínu eigin höfði, og þá yrði bændum, held ég, lítið gagn að þessu viðmiðunarákvæði, sem er frá mínu sjónarmiði einnig afar einkennilegt ákvæði til þess að reikna út eftir því kaupgjald heillar framleiðslustéttar, sem rekur áhættusaman og vandasaman atvinnurekstur, sem gert hefur og gera mun þjóðinni kleift að búa í landinu, að kaup slíkrar stéttar skuli miðast við ákveðna tegund bótagreiðslna Tryggingastofnunar ríkisins. Væri fróðlegt að fá að heyra það, af hvaða ástæðum sú leið var valin.

Þær eru margar hugmyndirnar og flestar alleinkennilegar, sem ýmsir í stjórnarflokkunum, bæði innan ríkisstj. og utan hennar, hafa um það, hvers konar meðferð bændurnir verðskuldi og hvernig þjóðin eigi að losna við þá. Eitt af síðustu dæmunum um þann hugsunarhátt, sem þar er ríkjandi hjá ýmsum, er það, að á aðalfundi Verzlunarráðs Íslands talaði hæstv. viðskmrh. mjög einkennilega um landbúnaðarmálin og setti fram þá hugmynd, að rétt væri að íhuga, hvort ekki ætti að flytja inn sams konar landbúnaðarvörur og hér eru framleiddar. Enn fremur talaði þarna framkvstj. Verzlunarráðsins, Þorvarður J. Júlíusson, og sagði m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Hinar miklu niðurgreiðslur og ríkjandi fyrirkomulag á fjárfestingarmálum landbúnaðarins veldur hvort tveggja offramleiðslu, sem nauðsynlegt er að binda enda á. Í því skyni þarf að endurskoða lög, sem hér að lúta, og enn fremur kæmi til álita fjárhagsaðstoð ríkisins við flutninga á staði með góð atvinnuskilyrði eða sérstakar lífeyrisgreiðslur til þeirra, sem hætta vilja búrekstri. Eðlilegast væri, að till. til úrbóta kæmu frá landbúnaðarsamtökunum sjálfum."

Þegar ég las þetta, get ég ekki neitað því, að mér varð hugsað til þeirrar hugmyndar, sem einu sinni kom upp og mikið var rædd hér á landi á sinni tíð eða raunar hjá stjórnvöldum á þeim tíma, en það var þegar farið var að tala um það að taka alla íslenzka bændur upp og flytja þá yfir til Jótlands og setja þá niður á Jótlandsheiðar. Það er eitthvað svipaður hugsunarháttur, sem býr á bak við svona ummæli á fundum eins og það. (Gripið fram í.) Ja, það var ekki annað en bændastétt á Íslandi á þeim tíma.

Ég verð að segja það, að bændur eru litlir karlar orðnir, ef þeir taka bljúgir og auðmjúkir við öllu þessu, sem að þeim er rétt, bæði þessum brbl. og svona fleipri eins og því, sem ég gat hér um og vitnaði til.

Þessum brbl. er ætlað að gilda verðlagsárið 1965—1966. Hvað hefur ríkisstj. hugsað sér, þegar þau missa gildi sitt, hvað hefur hún þá hugsað sér að tæki við? Þetta er spurning að vísu, sem landbrh. hæstv. hefur nú þegar, má segja, svarað, því að hann hefur hér getið um það, að hann sé að undirbúa nefndarskipun til þess að endurskoða lög um þessi mál. En nú skyldum við hugsa okkur, að starf þeirrar n. færi út um þúfur og út úr því kæmi ekki neitt jákvætt. Hvernig á þá að haga þessum málum? Á þá að halda því áfram að halda bændunum einum allra stétta í landinu ófrjálsum og atkvæðislausum um sín kjaramál, þegar allir aðrir hafa frjálsan samningsrétt? Getur ekki farið svo, að þessi lög verði vakin upp þá að nýju og sú afturganga látin ráða um kaup og kjör bænda aftur að næsta ári og hver veit hvað lengi? Ég verð að segja það, að ekki teldi ég slíka skipan mála hæfa vel né vera góðan viðurgerning af hálfu þjóðarinnar við bændur landsins, og það væri heldur lítið höfðinglegt athæfi af ríkisstj., ef sú yrði raunin, og meiri hl. stjórnar Alþýðusambandsins að hafa átt upptökin að slíku.

Hæstv. landbrh. ræddi í ræðu sinni áðan nokkuð um það og gerði nokkurn samanburð á því, að bændur hefðu borið miklu skarðari hlut úr býtum á árunum 1957—1958 en þeir nú gerðu. Ég vil nú minna á það, sem gerðist eftir 1958, þegar hæstv. núv. ríkisstj. setti vísitöluna á jarðræktarframlögunum fasta, þannig að hún stóð föst í 4 ár, og á því mun bændastétt landsins hafa tapað tugum millj. kr. Ég vil líka minna á það, að í hitteðfyrra fór í úrskurð til yfirdóms verðlagning eða verðlagsgrundvöllur landbúnaðarafurða, og það er sannað mál, að bændur vantaði þá 20% upp á það, að þeir fengju það, sem þeir áttu þá rétt á að fá. Ég vil enn fremur minna á það, að á síðustu árum hafa vextir hækkað gífurlega og sérstakur skattur verið lagður á bændastéttina, sem nemur nú orðið a. m. k. 10—12 millj. kr. á ári, sem þeir greiða í sérstakan skatt, sem þeir ekki þurftu áður að greiða, svoleiðis að ég held, að það sé alveg óþarfi fyrir þennan hæstv. ráðh. að hælast nokkuð um af því, hvað hann og hans meðstjórnendur í hæstv.

ríkisstj. hafi verið landbúnaðinum þarfari en þeir, sem áður fóru með völd.

Ég þykist nú með þessum fáu orðum hafa gert nokkuð grein fyrir afstöðu minni til þessa frv. og þeirra brbl., sem á dagskrá eru, og ég hygg, að sú afstaða, sem ég hér hef reynt að gera ljósa grein fyrir, styðjist við sams konar afstöðu samherja minna hér á Alþ. Það þarf þess vegna ekki að vænta af okkar hendi stuðnings við þessi brbl. En við teljum, að sem fyrst þurfi að tryggja bændastéttinni með lögum fullan rétt til áhrifa og samninga um sín kjaramál og teljum skyldur ríkisstj. og Alþ. að hafa stéttarsamtök bændanna með í ráðum um það, hvernig þessi mál verða leyst. Og þar ber fyrst og fremst að færa bændum aftur og tryggja þeim til frambúðar þau sjálfsögðu mannréttindi, að þeir hafi samningsrétt um afurðaverð sitt og lífskjör.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Í þeim ræðum, sem nú hafa verið haldnar um þetta mál, hefur verið vikið að því, bæði af hæstv. ráðh. og eins af hv. síðasta ræðumanni, að tildrög þessa máls, þeirra brbl., sem hér eru til umr., séu þau, að Alþýðusamband Íslands lagði svo fyrir fulltrúa sinn í 6 manna n., að hann skyldi hætta þar störfum. Þetta er alveg rétt, að þessa afstöðu tók A. S. Í. og færði allgild rök fyrir þeirri ákvörðun sinni með þeirri tilkynningu, sem strax á eftir var send hæstv. landbrh. og Framleiðsluráði landbúnaðarins og svo einnig fyrir kurteisissakir samstarfsmanni okkar í 6 manna n., fulltrúa Sjómannafélags Reykjavíkur, Sæmundi Ólafssyni. Þessum aðilum var send þessi ákvörðun Alþýðusambandsins, þegar eftir að ákvörðunin var tekin, ráðh. auðvitað fyrstum manna.

Alþýðusambandið skorast ekki undan neinni ábyrgð af því að hafa valdið því, að þetta dæmalaust góða og eftirsjónarverða kerfi um verðlagningu landbúnaðarvara var lagt niður við trog og slátrað á s. l. hausti rétt fyrir sláturtíð. Þó held ég, að A. S. Í. rísi undir þeirri ábyrgð, því að það hefur farið fé betra.

Það hefur ekki heldur verið svo að heyra fram að þessu, að fulltrúum bænda og samtökum þeirra hafi verið þetta kerfi svo kært eða þeir talið það fullnægja öllu réttlæti, þangað til nú. Ég veit ekki betur en, eins og hæstv. landbrh. vék að, sífellt hafi verið uppi kröfur frá bændum og fulltrúum þeirra um, að grundvöllurinn fyrir verðlagningu landbúnaðarafurða væri ófullnægjandi bændastéttinni og ranglátur. Og það var meira að segja á s. l. hausti, eftir að búið var að breyta grundvellinum hvað eftir annað, að bændur sögðu honum upp. Hann var ekki ágætari en það fram á síðustu stund, sem þetta kerfi gilti. Enn fremur hafa þessi verðlagsmál bændastéttarinnar verið tekin til umr. á þingum Stéttarsambands bænda hvað eftir annað, og hvernig hefur afstaða Stéttarsambandsþingsins verið? Svo, að það hefur nærri staðið í járnum. Þetta er þess vegna kerfi, sem hefur verið mjög umdeilt af bændastéttinni, og það er þess vegna alveg víst, að það er mikill hluti bændastéttarinnar, sem er Alþýðusambandinu þakklátur fyrir það að hafa rofið tilveru þessa kerfis með því að leggja fyrir fulltrúa sinn að hætta störfum, því að með því er málið tekið til endurskoðunar á ný og getur ekki orðið til annars en að bændastéttin taki upp fyllstu réttmætar kröfur sínar um beina samningsaðild við þann aðila, sem ábyrgastur er í þessu máli, en það er ríkisvaldið á hverjum tíma, sem heldur um alla þræði þess máls og á að bera ábyrgð á lausn þess á hverjum tíma, haldi til streitu, fylgi eftir vagni sinna stéttarsamtaka, þeim fulla rétti, að bændur og bændur einir eigi samningsréttinn óskoraðan um lífshagsmunamál sín. Og þess vænti ég, að þeir láti ekki úr greipum sér ganga það tækifæri til þess að halda þessum fullkomlega réttmætu kröfum fram nú, þegar Alþýðusambandið hefur lagt það upp í hendurnar á þeim að gera það.

Það hafa verið hafðar uppi fullyrðingar og sleggjudómar um það, hvað hafi vakað fyrir Alþýðusambandinu með þessari ákvörðun sinni. Sumir hafa sagt, að þetta hafi verið fjandskaparbragð gegn bændum, þegar þeir hafi verið að slíta þarna ágætu samstarfi við bændastéttina, og aðrir hafa sagt, að þetta hafi verið gert af pólitískum ótuktarskap við blessaða ríkisstj., til þess að koma henni í lítt leysanlegan eða óleysanlegan vanda. Hvort tveggja er hugarburður. Í þeirri samþykkt, sem miðstjórn A. S. Í. gerði um þetta mál, er málið ekki sveipað neinum hjúp. Það er sagt þar greinilega frá, hvað valdi því, að A. S. Í. telji ekki svara tilgangi sínum lengur að eiga fulltrúa í 6 manna n. Þess vegna vil ég með leyfi hæstv. forseta lesa þessa ályktun A. S. Í., sem hér er talið grundvallaratriði fyrir dagskrármálinu. Sú ályktun er svohljóðandi:

„Á undanförnum árum hefur efnahagsstefna sú, sem fylgt hefur verið, grafið smám saman undan störfum 6 manna n. þeirrar, sem fjallar um verðlagningu landbúnaðarvara. Raunverulegt verksvið n. hefur sífellt verið að þrengjast, en stöðug hækkun á verðlagi landbúnaðarafurða hefur að meginhluta til orðið sjálfkrafa afleiðing af verðbólgustefnu stjórnarvalda. Högum bænda er nú svo komið, að því fer víðs fjarri, að unnt sé á réttlátan hátt að leysa ýmis brýnustu fjárhagsleg vandamál þeirra með verðlagningu landbúnaðarvara einni saman, en 6 manna n. hefur ekkert vald til þess að fjalla í heild um stefnuna í landbúnaðarmálum. Munurinn á verði því, sem bændur fá fyrir landbúnaðarafurðir, og því, sem neytendur verða að greiða, er mjög mikill, og er það krafa A. S. Í., að ítarleg og hlutlaus rannsókn verði látin fara fram á öllum sölu- og dreifingarkostnaði landbúnaðarvara og það sérstaklega kannað, hve mikill hluti hans stafi af fjárfestingarframkvæmdum og hvað af beinum og óhjákvæmilegum sölu- og dreifingarkostnaði. Það er því ekki því til að dreifa, að neytendur og framleiðendur landbúnaðarvara hafi með ríkjandi skipulagi nein úrslitaáhrif á ákvörðun verðlags landbúnaðarvara. Í þeim efnum ræður ríkisvaldið úrslitum, og er það hvorki rétt né æskilegt, að verkalýðssamtökin leggi þar hönd í milli og taki á sig hlutdeild í þeirri ábyrgð á lausn verðlagsmála landbúnaðarins, sem ríkisvaldið á, eðli málsins samkvæmt, að bera gagnvart bændastéttinni.

Þá verður ekki hjá því komizt að minna á, að þátttaka A. S. Í. í 6 manna n. byggðist í öndverðu á sterkum samstarfsvilja, er þá varð vart milli hagsmunasamtaka verkamanna og bænda. En nú virðist

nokkur breyting hafa orðið á í þeim efnum, sbr. þá ákvörðun forráðamanna Mjólkursamsölunnar og Mjólkurbús Flóamanna að ganga í Vinnuveitendasamband Íslands. Með því var alvarlegt skref stigið í þá átt að skipa hagsmunasamtökum bænda í andstæðingaraðir verkalýðssamtakanna í kjaramálum.

Með vísun til framanritaðs ákveður miðstjórn A. S. Í. að eiga ekki lengur aðild að störfum 6 manna n. og felur því fulltrúa sínum í n. að hætta þar störfum. Er það ósk miðstjórnar, að hagsmunamálum bænda verði farsællega til lykta ráðið með réttlátara fyrirkomulagi en því, sem nú hefur gengið sér til húðar og er jafnóviðunandi framleiðendum og neytendum."

Þetta var ályktun A.S.Í. og sá rökstuðningur, sem rétt þótti að láta fylgja til viðkomandi aðila með þessari örlagaríku ákvörðun A.S.Í.

Nú brá svo við, að þegar þessi tilkynning hafði verið birt, sagði aðalmálgagn stjórnarinnar eða Morgunblaðið, að þessi ályktun A.S.Í. væri svo óljós, það virtist bara ekki geta skilið hana, hún væri svo óljós. Hverjum finnst þarna óljóst talað? Er ekki talað skýru máli? Má ekki skilja fullvel þessa ályktun? Ég veit það ekki. Ég held, að hún hafi skilizt úti um alla landsbyggðina af öllum mönnum öðrum en íslenzkufræðingunum á ritstjórnarskrifstofum Morgunblaðsins kannske. En ef það skyldi nú vera á rökum reist, að þessi ályktun væri ekki fullskiljanleg, skal ég gera tilraun á kennaravísu til þess að gera hana skiljanlega.

Ég tel, að þessi ályktun túlki það fyrst og fremst, að það sé skoðun A.S.Í., að hag bænda sé ekki lengur hægt að bæta með verðlagningu landbúnaðarafurða einni saman og þess vegna þurfi að móta þar nýtt kerfi. Það er alveg gefinn hlutur a. m. k., að það hefur ákaflega mismunandi áhrif á lífsafkomu bóndans í sveitinni, hvað verðið er, hvað verðið hækkar. Nokkur verðhækkun getur haft ákaflega lítil áhrif á hag smábóndans, og í fæstum tilfellum bjargar nokkurra prósenta hækkun á landbúnaðarverði hag smábóndans. En á sama tíma getur stórbóndinn haft prýðilega lífsafkomu og haft enga þörf fyrir hækkun á afurðaverði sínu til þess að geta bjargazt og lifa við góð lífskjör. Samt sem áður er kerfið svo, að það á að bjarga hagsmunum þessarar stéttar með því að hækka yfir í einni heild landbúnaðarvöruverðið hjá þeim, sem hjálpar þarf kannske, til einskis bjargræðis, en hinum rétt hjálp á ríkisins kostnað með niðurgreiðslum og útflutningsuppbótum og hækkuðu verði, án þess að þeir þurfi nokkuð á því að halda. Þetta er vitlaust kerfi. Þetta leysir ekki þennan vanda, margfaldar hann að óþörfu og leysir ekki brýnustu þörfina, sem bæta þarf úr. Þetta held ég, að allir sjái. Má skilja þetta fyrsta atriði í ályktun A.S.Í.? Er það skiljanlegt?

Verðhækkanirnar eru sjálfkrafa afleiðing verðbólgustefnu viðreisnarstjórnarinnar, er það, sem við fullyrðum í annan stað, og A.S.Í. telur sér ekki skylt að vera að bera fyrir sína kæru ríkisstj. ábyrgð á því. A.S.Í. ber ekki ábyrgð á stefnu ríkisstj., sem leiðir til þeirrar verðbólguþróunar, sem á sér stað í landinu.

Þriðja atriðið í ályktun okkar er það, að bændur og neytendur hafi ekki nein úrslitaáhrif um verðákvörðun þessara vara. Það hefur ríkisstj. sjálf. Neytendur áttu þarna 3 menn í 6 manna n. Þegar ágreiningur varð þar á milli, komu engin úrslit nema fyrir tilstuðlan og eftir uppkveðnum úrskurði fulltrúa ríkisstj. með oddaaðstöðu, og það má geta nærri, að hver sem sá embættismaður er, getur hann aldrei gengið gegn yfirlýstri stefnu ríkisstj. um það, hvaða meginákvörðun þarna skuli taka. Hann er fulltrúi ríkisstj. og getur ekki, hvaða persónulegar skoðanir sem hann hefur, gengið um þann úrskurð sinn gegn stefnu ríkisstj. Það er því ríkisstj., sem talar gegnum þennan tilnefnda embættismann, hversu réttlátur sem hann er, og ber ég engar sakir á þann góða embættismann. Hins vegar hefur það fengið að reyna sig í öðrum tilfellum, að sams konar gerðardómskerfi, úrslitavald eins manns um afurðaverðlagningu heillar stéttar, hefur fengið að reyna sig og gefizt illa, eftirminnilega illa, eða muna menn ekki, þegar embættismaður ríkisstj., oddamaður í verðlagsráði sjávarútvegsins, kvað upp það verð, sem samkv. útreikningum vísindalegum ætti að verða á síld? Bjarni Bragi Jónsson hét hann í því tilfelli. Og þetta var vísindaleg niðurstaða, auðvitað eftir ákvörðun ríkisstj. Og ríkisstj. átti að bera ábyrgð á hans gerðum, svo sannarlega, en ekki hann persónulega. Og þetta leiddi til þess, að sjómannastéttin taldi sér svo eftirminnilega misboðið, að skipstjórar og skipshafnir, síldveiðiflotinn allur sigldi heim að stjórnarráðsdyrum. Svona gafst þetta kerfi þar.

Bændur eru hins vegar að barma sér yfir því oft og bændafulltrúar, að þeir hafi nú allra manna lengst þolað gerðardómsfyrirkomulag, þolað það, án þess að það hafi veitt þeim fullkomin réttindi móts við aðrar stéttir. Þetta er engin dyggð, ef satt er, þetta er aumingjaskapur, og væri kominn tími til að hrista af sér slenið, til þess að una ekki ranglátu skipulagi að þeirra eigin dómi.

Ég hef þetta hér svart á hvítu fyrir mér, að þetta er ekki rangtúlkun á afstöðu vissra bændafulltrúa. Hér segir í tilkynningu frá Stéttarsambandi bænda:

„Stjórn Stéttarsambands bænda harmar það, að lögbrot miðstjórnar A.S.Í., er hún neitaði á síðustu stundu að tilnefna mann í 6 manna n.," — það er nú alrangt, við neituðum ekki að tilnefna neinn mann, n. var fullskipuð, og þurfti ekki að tilnefna neinn, — „hefur nú leitt til þess, að bændastéttin er svipt öllum samningsrétti og aðstöðu til að hafa áhrif á verðlagningu búvaranna og er þannig áhrifalaus um ákvörðun launakjara sinna á þessu hausti. Stéttarsamband bænda hefur alltaf hlýtt ákvæðum framleiðsluráðslaganna um verðlagningu búvaranna, enda þótt þau hafi ekki tryggt bændastéttinni til fulls sambærileg kjör við aðrar stéttir."

Þeir eru að státa af því, að þeir hafi unað fyrirkomulagi, sem ekki hafi veitt þeim réttlæti, ekki hafi gefið þeim rétt til jafns við aðrar stéttir. Ég legg þeim þetta ekki út til lofs, heldur þvert á móti, frekar til lasts. Þeir hafa kannske ætlað að blíðka eitthvað hæstv. ríkisstj. með þessu og það hafi verið tilgangurinn með þessu blaðri, en annars stóðu ekki efni til þess að vera að barma sér yfir því að hafa búið við gerðardómsfyrirkomulag og það hafi verið ranglátt, en þeir hafi nú samt sem áður unað því.

Þarna einmitt í þessari tilvitnun var vikið að því, að

A.S.Í. hafi brotið lög. Það er rétt, að ég skjóti inn í skýringum mínum á því, hvernig það er nú grundað. Jú, það heyrðist fyrst frá hæstv. landbrh., sem ég veit nú ekki til, að sé neinn lögfræðingur eða hafi neitt dómsvald í landinu, að A.S.Í. væri lögbrjótur, líklegast bara, að það væri tugthússök að hlýða ekki því að vera í 6 manna n. Já, ætli það hafi ekki orðið einhverjum fleirum en mér svona hálfbumbult af þessari strembnu kenningu? Ég hygg það. Lögbrot að láta ekki mann sinn starfa áfram í 6 manna n. Það er víst hafið yfir allan vafa, að það er ekki borgaraleg skylda að gegna störfum í 6 manna n. Og hvað segja lögin? Þau segja ekki, að A.S.Í. skuli starfa í 6 manna n. til þess að ákveða verð á landbúnaðarvörum. Nei, þau segja, að A.S.Í. ásamt fleiri aðilum þar tilnefndum eigi rétt á því að tilnefna mann til ákveðinna starfa. Og hvað gerðist nú? Það gerðist það eitt, að Alþýðusambandsstjórnin ákvað að kalla tilnefninguna aftur. Og þegar tilnefningin hafði ekki átt sér stað eða var tekin aftur, var enginn aðili, hvorki hæstv. ráðh. né nokkur annar, sem gat neitt haft á móti því, að þessi tilnefning væri niður fallin, og þar með hafði ráðh. ekki lengur heldur þennan mann í n. Við höfðum ákveðið, þegar við sáum ekki, að það svaraði lengur tilgangi sínum, að nota ekki tilnefningarréttinn og létum hann niður falla. Þetta var allt og sumt. Og ég skora á þá menn, sem halda því enn þá fram, bæði hv. síðasta ræðumann og ráðh., að setja okkur nú í tugthúsið eða láta okkur sæta einhverjum viðurlögum fyrir að vera lögbrjótar, en skrifa okkur ekki bréf og biðja okkur um að taka nú þátt í því að búa til ný og betri lög, eins og gert hefur verið. Það er fátítt að biðja lögbrjóta að gegna fyrir sig löggjafarstarfi. En það er það, sem nú hefur skeð.

Í fjórða lagi, svo að ég víki nú aftur að hinni torskildu ályktun A.S.Í. og haldi áfram með útlistun mína á því plaggi, höldum við því fram, ja, ég held með eins skýru orðalagi og nauðsynlegt er, að sívaxandi hluti verðsins, sem neytendurnir greiði fyrir landbúnaðarafurðir, fari í milliliðakerfið, og skyldi það vera rétt eða rangt? Ég held, að það sé alveg óumdeilanlega rétt. Af kunnugum mönnum úr röðum bændasamtakanna hefur því verið haldið fram, að í milliliðakerfið til dreifingar landbúnaðarvara muni fara alls um 700 millj. kr. á ári. Ég veit ekki, hvort þessi tala er rétt áætluð. Þetta er áætlunartala þeirra. En svo mikið er víst, að hvort sem þetta eru 600 eða 700 millj. kr., er það stór upphæð, og veit ég vel, það vitum við í A.S.Í., að það verður ekki komizt hjá því, að í þessa þjónustu, dreifingu landbúnaðarvara, fari mikið fé. En hitt er annað mál, að þetta er svo stór upphæð, ef hún er rétt, að það er réttmæt krafa frá hendi neytenda og fulltrúa þeirra, að það sé rannsakað á óhlutdrægan hátt, hvort þessi dreifingarkostnaður þarf nauðsynlega að vera svona gífurlegur eða hvort það sé hægt með einhverjum ráðstöfunum að draga úr honum. Það er réttur neytenda óumdeilanlega, og honum verður haldið fram. Og ég er alveg viss um það, að þar eigum við samleið með íslenzkri bændastétt, að hún vill líka og hún á einnig og ekki síður rétt á því að fá að vita, hvort dreifingarkostnaður íslenzkrar landbúnaðarvöru er við hæfi eða hvort hann gæti lægri orðið. Og það eru hagsmunir bænda engu síður en neytenda, að dreifingarkostnaðurinn væri sem minnstur. Enda hafa bændur hiklaust tekið undir þessa kröfu A.S.Í.

En nú munu menn spyrja: Hefur fulltrúi A.S.Í. og Sjómannafélagsins og Landssambands iðnaðarmanna, þ. e. a. s. fulltrúar neytenda í 6 manna n., hafa þeir ekki átt þess fullan kost að rannsaka þetta ofan í kjölinn, hver væri dreifingarkostnaðurinn, hver væri dreifingarkostnaðurinn hjá Mjólkursamsölunni, Mjólkurbúi Flóamanna og öðrum mjólkurbúum, hjá Sláturfélagi Suðurlands o. s. frv.? Svarið er: 6 manna n. hefur farið fram á að fá þetta rannsakað. Það var aðeins sýndur litur á því með miklum undanbrögðum að setja í þetta menn. Þeir fengu í 1—2 ár að líta í þetta, í vissa þætti að því er snertir reikninga mjólkurbúanna, en ekki í heild, og hjá Sláturfélagi Suðurlands hefur ekki fengizt að rannsaka neitt. M. ö. o., fulltrúum neytenda í 6 manna n. hefur verið neitað um alla forsvaranlega aðstöðu til þess að rannsaka milliliðakostnaðinn, og það eitt hefði nægt til þess, að menn með mannslund létu ekki bjóða sér það að vera hafðir fyrir tusku ríkisstj. í verðlagsmálum landbúnaðarafurða, en hafa engan rétt til þess að rannsaka þau mál, sem þeir áttu að kveða upp þýðingarmikla úrskurði um.

Ég álít, að þessi samtök, samtök fólksins, geti með engu móti staðið gegn kröfum um, að hlutlaus rannsókn, t. d. sem ráðh. hefði sett af stað út af þessari eðlilegu kröfu bæði bænda og neytenda, að þeir hefðu ekki hina minnstu ástæðu né nokkurn rétt til að neita slíkri hlutlausri rannsókn. Ef það er svo, sem ég vil vænta, að þarna sé enginn eyrir umfram nauðsynlegan tilkostnað í dreifingarkerfinu, á það að vera þeirra ósk fyrst og fremst, þeirra nauðsyn, að fá þessa rannsókn fram. Tregðan bendir hins vegar í þá átt, að þeir telji, að ekki hafi verið haldið svo vandlega um hvern eyrinn í þessum dreifingarkostnaði, að þeir vilji láta þessa rannsókn fara fram. En hitt skil ég ekki, að hæstv. landbrh. skuli ekki fyrir hönd þessara stétta beggja, sem standa að þessari kröfu, láta slíka rannsókn fara fram, því að ég hef ekki orðið neins var í þá átt. Og enn síður get ég skilið það, að annar stjórnarflokkurinn, Alþfl., sem hefur þá mörkuðu landbúnaðarstefnu núna, að því er yfirlýst er, að landbúnaðurinn skuli ekki vera þjóðinni dýrari en nauðsynlegt sé og það skuli allra ráða leitað til þess að draga úr þeim kostnaði, lækka afurðaverðið og sitthvað með t. d. innflutningi erlendrar búvöru o. s. frv., að hann skuli ekki taka undir kröfuna um rannsókn á milliliðakostnaðinum í dreifingarkerfi landbúnaðarvaranna í landinu, þar sem áreiðanlega getur verið um stórar upphæðir að ræða. Ef stefna Alþfl. væri raunhæf í þessum málum og alvara fylgdi, skil ég ekki annað en hann hefði tekið undir þessa kröfu og knúið rannsóknina fram innan ríkisstj., ef tregða hefði verið í hæstv. landbrh. í því efni. En þetta hefur ekki gerzt. Og held ég þó, að það sé mjög viðtækur, almennur hljómgrunnur í sveitum og kaupstöðum fyrir því, að þessi hlutlausa rannsókn verði látin fara fram, n. verði skipuð með fullkomnu rannsóknarvaldi til þess að rannsaka bókhald allra dreifingarfyrirtækjanna og ganga úr skugga um það, hvort þarna sé engu að

óþörfu eytt og hvort milliliðakostnaðurinn verði ekki þar af leiðandi of mikill, að bændur fái of lítið annars vegar fyrir sínar afurðir og neytandinn borgi að óþörfu hátt verð. Hið sanna á að koma í ljós í þessu. Ég skal engar dylgjur hafa hérna í frammi um það, hvort þarna er um óhóflegan milliliðakostnað að ræða. Ég stend að kröfu um það, að hlutlaus rannsókn fari fram á þessu, og það varðar bæði framleiðslustéttina, bændurna, og neytendurna í kaupstöðum landsins.

Sú viðleitni, sem hefur verið sýnd til rannsóknar á þessu, hefur strandað á því, að ekki hafa fengizt gögn, sem þurfti, ekki frjálsræði til þess að skoða bókhald og annað. Það eitt t. d., að það er orðið upplýst, að stórfyrirtæki þau, sem stofnað hefur verið til í dreifingarkerfinu, kosta of fjár, og þau hafa verið afskrifuð á mjög skömmum tíma, bara það, hvernig afskriftarregla er sett upp gagnvart þessum tugmilljóna eða hundraða milljóna fyrirtækjum í fjárfestingu, hvernig hún er ákveðin, skiptir neytandann og bóndann miklu máli. Á örskömmum tíma hafa verið skrifaðar niður mjólkurbúðir Mjólkursamsölunnar, svoleiðis að þær standa núna margar — þær munu vera um 46 talsins í Reykjavík — reikningslega á hundraðkalli. Hvernig hafa þær skrifazt niður í þetta verð? Með því að afskriftir hafa verið reiknaðar inn í verðlagið svo ríflega, að þetta hefur skeð. Hverjir hafa borgað það? Neytendurnir, eða þá að bændur hafa fengið of lágt verð. Þetta hefur gerzt á óeðlilega skömmum tíma. Er þá ekki nauðsynlegt að hafa þessar búðir? Nei, þar að auki kemur svo það, að síðan þetta kerfi var sett upp, hefur orðið gerbreyting. Það eru nú heimtaðar slíkar umbúðir um mjólk, að það er hægt að selja mjólkina hvar sem er í viðurkenndri matvöruverzlun með tilskilin kælingartæki. Það er því e. t. v. ekki þörf á neinni sérstakri mjólkurbúð í Reykjavík, nema ef Mjólkursamsalan eða samtök bænda vildu hafa nokkrar slíkar búðir til þess að kontrólera sjálf, hvað væri hægt að hafa milliliðaþóknunina þar í smásölunni lægsta. Það ætti því að vera mögulegt, að kaupmenn, sem annast matvöruverzlun í Reykjavík, byðu í það að annast smásöludreifinguna á mjólk, og ef þeir yrðu jafnlágir eða lægri en þær fáu búðir, sem þyrfti þarna til kontróls, treystu sér til, ættu þeir jafnan rétt á að fá það, láta samkeppnina spreyta sig. Ég trúi ekki öðru en samkeppnisflokkurinn, Sjálfstfl., vildi gjarnan láta kaupmannastéttina spreyta sig á þessu.

Hvað ætti svo að gera við mjólkurbúðirnar, sem reyndust óþarfar? Það ætti að selja þær fyrir tugi millj. og skila bændum og neytendum andvirði þeirra að jöfnu. Það væri full ástæða til þess. Þær eru reknar að óþörfu héðan af. Þær voru nauðsyn í upphafi. Þá var aðstaðan slík, að það var ekki hægt að sjá borgarbúum fyrir örugglega heilsusamlegri neyzlumjólk nema með sérstökum ráðstöfunum, og það var gert vegna fólksins. En nú eru breyttar aðstæður, því getur enginn neitað. Og þá á það að vera eitt atriði í endurskoðun þessara mála að taka tillit til þeirra breytinga.

Ég held, að það þurfi ekki að rekja miklu fleira um þetta til þess að sýna það og sanna, að allar forsendur, upphaflegar forsendur fyrir þátttöku alþýðusamtakanna í verðlagningu framleiðsluvara eru nú svo gerbreyttar, að þær mega fyllilega heita brostnar. Þetta er skýringin á því, að A. S. Í. leyfði sér að leggja fyrir sinn mann í 6 manna n. að fella þar niður störf, nota ekki lengur heimildina til þess að taka þátt í þessu starfi, þessum eina þætti margþætts starfs. Það var hvorki af fjandskap við bændastétt landsins né heldur að við værum að reyna að bregða fæti fyrir hæstv. ríkisstj.

Það er nú auðheyrt á málflutningi fulltrúa bænda, að þeir saka ekki fulltrúa A. S. Í. um það að hafa verið sér a. m. k. fjandmaður nr. 1 í þessu starfi, því að öll þeirra eftirmæli um hann eru — það er eftirsjá, það má heyra eftirsjá í tóninum. Og svo mikið er víst, að fulltrúi A. S. Í. í þessu starfi hefur viljað gæta beggja hags, launþeganna í bæjunum og einnig vera sanngjarn í garð bændastéttarinnar, og hann er ekki sakaður um það að hafa verið þeirra fjandmaður, enda væri það ekki hægt.

Þegar menn tala um það, að nú hafi samstarf bænda um þessi þýðingarmiklu mál verið rofið, skil ég ekki, hvernig menn hugsa. Fulltrúi A. S. Í. var ekki settur í hóp bændafulltrúanna í þessum málum. Nei, með l. var þessu skipað þannig, að það skyldi sett upp samningaborð. Fulltrúar bænda skyldu vera annars vegar við samningaborðið, en svo skyldu koma fulltrúar frá neytendum hins vegar við samningaborðið og vera andstæðingar bænda, skyldu vera andstæðingar bænda í þessum samningamálum, rétt eins og atvinnurekendur og verkamenn og þeirra fulltrúar eru settir hvorir sínu megin við borð sem gagnstæðir aðilar.

Ég verð að segja það hreinskilnislega, að A. S. Í. undi því frekar illa að vera samkv. l. sett sem andstæðingur bændastéttarinnar í þessum málum, allra helzt eftir að svo skipaðist nú, að tveir af fulltrúum neytendanna voru stuðningsmenn ríkisstj., sem ráku stefnu í efnahagsmálum, sem leiddi til sífelldra verðhækkana á þessum vörum sem öðrum. Hver var afstaða þessara stjórnarfulltrúa meðal neytendanna, þessara tveggja, og A. S. Í.-fulltrúinn var þar á milli þeirra? Þegar bændafulltrúarnir settu upp og rökstuddu hækkandi kröfur, settu fram kröfur um hækkaðan grundvöll, þá var afstaða stjórnarsinnanna a. m. k. alltaf þessi: Setjum upp annan grundvöll og lækkum hann, stillum upp lækkunarkröfu. Það stóð til að gera þetta í haust, það vissum við vel. Þegar bændur höfðu sagt upp grundvellinum og fóru fram á hækkun, sögðu stjórnarfulltrúarnir: Nú skulum við setja fram annan, sem er lægri en sá, sem gilti árið 1964. Fulltrúa A. S. Í., sem vildi gæta sanngirni, langaði ekki til að taka þátt í þessum leik. Og svo átti bilið að verða sem mest milli krafna bænda og milli fulltrúa neytendanna. Til hvers? Til hvers að hafa þar sem mest bil? Til þess að það væri ákaflega rúmur möguleiki hjá hæstv. landbrh. að höggva þarna á strenginn mitt á milli eða einhvers staðar á milli og segja, að ef bændur mögluðu við hans niðurstöðu, gegnum náttúrlega oddamanninn, — ja, þið getið nú ekki möglað mikið undan þessu, því að ekki ætlaði fulltrúi A. S. Í. ykkur betri hlut. Þeir, neytendafulltrúarnir, vildu hafa það svona lágt, en við teljum sanngjarnt, að þið fáið miklu meira.

Sjá menn nú ekki, að það var lítt gerlegt fyrir A. S. Í. í viðbót við allt annað, sem ég hef áður gert grein fyrir, um breytta aðstöðu á allan hátt, það var ekkert fýsilegt fyrir fulltrúann frá A. S. Í. einmitt, sem vildi vera sanngjarn í garð bænda, að sitja þarna áfram, og það bar engum frekar skylda til þess að bera bæði vandann, sem kynni að berast að höndum ríkisstj. með þessu tiltæki okkar, og ábyrgðina á því að ákveða búvöruverðið með einhverjum hætti, heldur en ríkisstj. sjálfri og einni.

Það eru óaðskiljanlegir þrír meginþættir í verðlagningu landbúnaðarafurðanna og þar með ákvörðuninni á lífskjörum bænda. Það er í fyrsta lagi, skulum við segja, verðlagið á landbúnaðarvörunum. Í annan stað útflutningsuppbætur og í þriðja lagi niðurgreiðslur. Verðlagið er endanlega ákveðið, ef í odda skerst, af ríkisstj.valdinu, og það sér hver maður, að ákvörðun um niðurgreiðslur og útflutningsuppbætur eru ákvarðaðar af ráðandi stjórnarstefnu á hverjum tíma. Allir þættirnir eru þess vegna í höndum ríkisstj., og hún á að bera ábyrgð á þeim. Ekki hafa neinn fulltrúa frá A. S. Í. til að þurrka sér á og bera ábyrgðina af sér með.

Mér datt það ekki í hug, að hæstv. ráðh. eða ríkisstj. í heild kæmist í neinn óleysanlegan vanda, þó að A. S. Í. hætti að láta sinn mann starfa þarna, mér datt það ekki í hug. Víst vissi ég, að ríkisstj. er oft ráðlaus og ráðvillt, en ég gerði henni ekki það upp, að hún væri svo ráðlaus. Hafði ráðh. nokkra möguleika? Jú, það var nefnt hér af hv. síðasta ræðumanni, hv. 2. þm. Sunnl., Ágúst Þorvaldssyni, að það hefði engum dottið í hug, að fulltrúi A. S. Í. yrði bættur með t. d. fulltrúa frá Hæstarétti. Ég hygg, að það hefði alls ekki verið svona óhugsanleg leið. Hann hafði þann möguleika, en sá möguleiki, sem ég taldi, að ráðh. hefði fyrst og fremst og ég hélt áreiðanlega, að hann mundi nota, var sá, að þegar 6 manna n. væri óstarfhæf, mundi hann snúa sér til bændasamtakanna og segja: „All right, lögin eru ekki lengur virt. Nú tek ég upp þá aðferðina, sem ég tel eðlilegasta og bændurnir eiga rétt á, þegar lög ekki fyrirskipa annað, þ. e. frjálsa samninga milli fulltrúa ríkisstj. og fulltrúa bændasamtakanna, frjálsa samninga milli þessara réttu aðila“. Og svo hefði deilulaust, ef samningar hefðu náðst, verið búið að leysa þetta mál einmitt við það, að það var leyst úr viðjum óeðlilegrar löggjafar. Það var ekki ætlunin að setja hæstv. ráðh. í meiri vanda en þetta. Hann átti þess kost að taka upp lausn á málinu með mjög eðlilegum hætti og þannig að fullnægja ótvíræðum rétti bændastéttarinnar. En hann gerði þetta ekki. Hann notaði ekki þessa aðferð. Ég veit ekki, hvort nokkrar kákviðræður hófust milli hans og fulltrúa bænda, en svo mikið er víst, að hann hélt því ekki til streitu að leysa málið á þennan sjálfsagða hátt og greip til brbl. og miðaði þar ekki við þær breytingar, sem hefðu orðið á hinum almenna vinnumarkaði, en það var þó það atriðið í gamla skipulaginu, sem ég hygg, að óumdeilanlegast hafi verið, að kjör bænda skyldu vera á hverjum tíma ekki lakari en vinnustéttanna við sjávarsíðuna. Og það er grundvöllur, sem út af fyrir sig er algerlega samþykktur af Alþýðusambandinu og við viljum standa á framvegis, að þetta sé tengt saman, að þau lífskjör, sem hin sterku almannasamtök verkalýðsins við sjóinn og á sjónum móta og ákveða í samningum við atvinnurekendur, verði einnig grundvöllur undir lífskjörum bændastéttarinnar. Nei, þetta var einmitt í brbl. ekki sett sem viðmiðun, heldur kjör gamalmenna og öryrkja. Það þótti betur hæfa. Ég sé ekki hina minnstu skynsamlegu ástæðu til þess að víkja frá þessu meginatriði sem grundvelli, því að það er eitt hið sjálfsagðasta, sem verkalýðsstéttin hefur löngu viðurkennt, að sé réttmætt. Ég álít, að það sé óeðlilegt, og er sammála síðasta hv. ræðumanni eða 2. þm. Sunnl. í því, að það eigi ekki að miða afurðaverð bændastéttarinnar eða breytingar á verðlaginu við breytingar á bótum til öryrkja og gamalmenna samkv. tryggingalögum.

Þessi afstaða A. S. Í., sem ég nú hef lýst, að ég vilji, að hagsmunir bænda fylgist með hagsmunum og lífskjörum fólksins, sem hefur stéttarsamtökin sem sitt vopn til þess að bæta þau, tekur af öll tvímæli um það, að afstaða A. S. Í. til bændastéttarinnar er ekki breytt og sízt af öllu í fjandsamlegt horf, en það hafi blásið óðruvísi vindar frá vissum samtökum bændanna, og eiga þó bændur sjálfsagt enga sök á því. Í hvert skipti, sem verkalýðssamtök eru að fara fram á hækkað kaup eða bætt lífskjör, er verkalýðshreyfingin þar með að beita sér fyrir bættum lífskjörum bændastéttarinnar, og það veit bændastéttin vel. Og hvernig stóð s. l. vor? Þá voru verkalýðssamtökin einmitt í deilu við atvinnurekendur um það að bæta lítillega lífskjör verkamanna og þar með bænda. Fengum við þá ekki einhverja samúðaryfirlýsingu frá samtökum bændanna um, að okkur væri árnað heilla í því starfi að bæta lífskjör verkamanna samkv. samningum og þar með bændastéttarinnar? O, nei, ekki aldeilis. Þrátt fyrir allt hjalið um, að menn vilji áframhaldandi samvinnu verkamanna og bænda, kom önnur kveðja. Það kom sú kveðja, að nú væru Mjólkursamsalan í Reykjavík og Mjólkurbú Flóamanna gengin yfir í fjandmannaraðirnar og farnir að borga peninga í sjóði atvinnurekendasamtakanna í landinu til þess að reyna að brjóta okkur niður. Þetta var kveðjan. Og svo segjast menn vera alveg hissa á því, að A. S. Í. haldi ekki áfram samstarfi, sem ekkert samstarf hefur verið, því að við höfum verið settir samkv. l. sem andstæðingar bænda við samningaborð. Við vitum vel, að þetta fjandskaparbragð var ekki bruggað okkur af bændastétt landsins. Þessu skeyti var að okkur beint, einmitt þegar við stóðum mitt í deilu, af fáum forustumönnum þessara samtaka, sem hafa slitið öllu sambandi við sitt fólk og fara ekki að þess ráðum og eru þannig ekki lengur orðnir nein bændasamtök. Það mun vera í fleiru en þessu atriði einu, sem forustumenn þessara samtaka hafa ekki leitað ráða hjá bændum. En þrátt fyrir þetta ætlum við ekki að troða neinar illsakir við bændastéttina, hún er ekki sek í þessu máli. Hún hefur ekki rofið neitt samstarf við verkalýðssamtökin, og við viðurkennum enn, að hún á að njóta þeirra lífskjara, sem okkur tekst í verkalýðsfélögunum að afla okkar umbjóðendum. Bændur eiga að njóta þeirra bættu lífskjara í hækkuðu afurðaverði, hvernig sem þeim málum verður skipað.

Ég skal nú láta mínu máli fljótlega lokið. Ég skal aðeins taka það fram, að ég lít á þessi brbl. sem ófullnægjandi úrlausn á þessum viðkvæmu vanda-

málum eins og sagt var hér áðan. Þessum málum hlýtur að verða skipað til frambúðar með nýrri lagasetningu eða með því að hæstv. ríkisstj. taki upp þann eðlilega hátt, án lagasetningar að tilnefna menn til beinnar samningsaðildar í sínu umboði við samtök bændanna. Og ég held, að sé erfitt fyrir hæstv. ríkisstj. að standa gegn þeirri kröfu, ef sú verður sameinuð krafa bændasamtakanna, að þau heimti beina samningsaðild við ríkisvaldið á hverjum tíma.

En það er rétt, sem hæstv. ráðh. sagði hér áðan í framsöguræðu sinni, að hann hyggst setja á laggir n. til þess að endurskoða þann lagagrundvöll, sem ákvörðunin um verðlag landbúnaðarafurða skuli hvíla á. Hann hefur fyrir réttri viku sent A. S. Í. svohljóðandi bréf, með leyfi hæstv. forseta:

„Það er yfirlýstur vilji ríkisstj., að samstarfi verði aftur komið á milli framleiðenda og neytenda um verðlagningu landbúnaðarvara til bænda svo og heildsöluverð og smásöluverð og þessir aðilar geti komið sér saman um skipan þessara mála til frambúðar. Fyrir því vill rn. óska þess, að A. S. Í.“ — lögbrjóturinn, — „tilnefni nú mann af sinni hálfu til þess að taka sæti í n., er hafi það verkefni að leita eftir samkomulagsgrundvelli milli framleiðenda og neytenda, sem afurðasölulöggjöfin yrði síðan byggð á. Ráðuneytið hefur farið þess á leit, að Sjómannafélag Reykjavíkur, Landssamband iðnaðarmanna, Stéttarsamband bænda og Framleiðsluráð landbúnaðarins tilnefni fulltrúa til að taka sæti í n. þessari, einn frá hverjum aðila nema tvo frá Stéttarsambandi bænda.“

Hæstv. ráðh. upplýsti, að sumir þeirra aðila, sem þetta bréf hefur verið sent, hafi þegar tilnefnt menn til þessa starfs til þess að endurskoða l., og væntir þess, að A. S. Í. og Sjómannafélag Reykjavíkur brygðust einnig vel við í því efni. Svo skal ég taka fram, að þegar landssamtök svona eins og Stéttarsamband bænda, Landssamband iðnaðarmanna og A. S. Í. eru sett til slíks starfs, finnst mér nú og hefur alltaf fundizt óeðlilegt, að svo kæmi þar inn eitt félag í A. S. Í., Sjómannafélag Reykjavíkur, og hefði þar einnig fulltrúa. En svona hefur þetta verið frá einhverjum góðum og gömlum dögum Alþfl. í ríkisstj. Og með því að sá maður, sem þeir hafa haft í þessu starfi, hefur tekið starfið mjög alvarlega og er maður, sem hefur mikla þekkingu á þessum málum, tel ég, þó að ég telji þetta óeðlilegt út af fyrir sig, ekki rétt af A. S. Í. að beita sér gegn því. En óeðlilegt er þetta. Það væri alveg óeðlilegt líka, ef eitthvert einstakt stéttarfélag í Stéttarsambandinu ætti svo við hliðina á því að tilnefna fulltrúa, eða sá háttur hafður á hjá Landssambandi iðnaðarmanna. Ég teldi eðlilegra, að skipun þessara mála eða rannsóknin, sem þarna er fyrir höndum, undirbúningsstarfið að nýrri löggjöf, yrði falið landssamtökum einum og þá t. d. Stéttarsambandi bænda, og segjum, að það eigi að hafa tvo fulltrúa, A. S. Í., Landssamband iðnaðarmanna og BSRB, svo að það fjölmenni launastétta, sem þar er innbyrðis skipulagt í landssamtökum, ætti þarna einnig fulltrúa. Það teldi ég eðlilegra. En nú hefur þetta verið svona lengi, og þarna er um ágætan mann að ræða frá Sjómannafélaginu, ef hann verður fyrir valinu að segja. Ég bara bendi á þetta, að þessi skipun manna er dálítið út í hött eða svona skothend að vissu leyti.

Ég ítreka að síðustu kröfu Alþýðusambandsins um hlutlausa rannsókn á milliliðakostnaðinum í dreifingu landbúnaðarvara og tel, að sú rannsókn þurfi í raun og veru að liggja fyrir, áður en lokaákvarðanir eru teknar um þessi þýðingarmiklu mál. Nefndin, sem ríkisstj. setti í þessu máli í haust, þriggja manna nefnd, hefur gefið víðtækar upplýsingar um, hver milliliðakostnaðurinn sé, en ekkert um það vitanlega, hvað hann verði að vera. Yfirleitt er niðurstaða nefndarinnar sú, að milliliðakostnaðurinn í landbúnaðarvörudreifingunni sé um 50% ofan á verð það, sem bændur fá. Þeir telja, að þessi dreifingarkostnaður sé að því er mjólkina varðar um 48%. Hyrnumjólkin var, þegar þessar tölur voru gefnar út, kr. 12.21 lítrinn, og af því verði fá bændur kr. 8.25 fyrir lítrann. Vinnslu- og dreifingarkostnaðurinn, umbúðaverð og önnur útgjöld eru kr. 3.96 á lítra eða 48% ofan á það verð, sem bændurnir fá. Neytendurnir borga hins vegar kr. 7.50 fyrir lítrann í búðunum, en kr. 4.71 af heildarverðinu fellur að mestu á neytendurna með greiðslu söluskatts, sem ríkisstj. tekur af landslýðnum. Að langmestu leyti borga neytendurnir þetta með söluskattgreiðslunni.

Nú, kjötið, sem enginn hefur fengið að glugga neitt í, hvernig hinn nauðsynlegi dreifingarkostnaður myndist þar, enginn. Þar er milliliðakostnaðurinn 51%. Óniðurgreitt verð á 1 kg af súpukjöti var, þegar þessar tölur voru gefnar út af nefndinni kr. 81.85. Af þeirri upphæð munu bændur fá 54.12 kr. móti 81 kr. fyrir kg. Slátrun, heildsölukostnaður og smásöluálagning, söluskattur og annar milliliðakostnaður er hins vegar 27.73 kr. á kg., 27.73 kr. á kg., eða 51% ofan á það verð, sem bændurnir fá. Verður hann að vera svona mikill, eða er hægt að lækka hann? Er það ekki rannsóknarefni, sem bændur og neytendur eiga jafnan kröfurétt á? Nú, þegar kemur að neytendunum, lítur dæmið út svona frá þeim. Af kjötverðinu greiða neytendurnir 64.55 kr. fyrir kg í verzlununum, og 17.30 kr. koma í niðurgreiðslum, sem ríkið tekur að mestu leyti af neytendum landsins með söluskatti.

Kartöflurnar, við skulum halda, að það yrði heldur minni dreifingarkostnaður á þeim, en hann er hæstur, það er 53% milliliðakostnaður þar. Að vísu er þar um að ræða vöru, sem nokkur skemmdarhætta er á, það skal játað. Nú, en þetta er svona, þar er milliliðakostnaðurinn 53%. Það eru engar niðurgreiðslur nú af kartöflum og kg kostaði, þegar tölurnar voru gefnar út, 11.70 kr. eða eitthvað um 12.00 kr. í verzlununum. Af þeirri upphæð fá framleiðendur kartaflanna 7.65 kr. fyrir kg, en heildsölukostnaður, smásöluálagning, söluskattur og annar milliliðakostnaður er 4.05 kr. á kg eða 53% ofan á verðið, sem bændurnir fá. Smásöluálagningin, ég skal upplýsa það, hún er 1.42 kr. á kg, og núna er yfirleitt dreifingin á kartöflunum þannig framkvæmd, að þeir fá valdar kartöflur, og þær settar í 5 kg bréfpoka, og fyrir það er borgað allt svo 5 sinnum 1.42 kr. Smásöluálagningin er 1.42 kr. á kg, og það er borgað fyrir að rétta 5 kg poka fram yfir borð án áhættu, þar kemur ekki áhætta vegna þessarar vöru til greina. En þegar þessi hæstv. ríkisstj. hóf

valdaferil sinn, hvað kostaði kg af kartöflum þá? Það kostaði 1.45 kr., þ. e. a. s. 3 aurum meira en smásöluálagningin á kartöflum nemur nú ein, 3 aurum meira.

Og svo er það blessað smjörið, sem liggur nú í tugtonna tali í landinu óselt og verður að borga stórfé með úr landinu eða gefa það á innlendan eða útlendan markað, hvort sem mönnum þykir betur hæfa. Raunverulegt verð á smjörkíló er núna 187.56 kr. Auk þeirrar niðurgreiðslu, sem áður hefur verið nefnd á nýmjólkinni, nemur niðurgreiðslan á smjörkíló 84.96 kr., en útsöluverð í búðum á smjöri er 102.60 kr. Raunverulega verðið er þannig 187.56 kr.

Þessar tölur sýna það, að dreifingar- og milliliðakostnaðurinn að því er varðar landbúnaðarvörur er gífurlegur, um það er ekki hægt að deila, og það er tvímælalaus réttur bændastéttar og neytenda, að það sé rannsakað, hvort hann geti minni verið, og þar með, að úr því fáist annaðhvort hækkun á afurðaverði til bænda eða lækkun á verðinu til neytenda eða minnkuð niðurgreiðsla frá hendi ríkisstj., og allra hagur og þar með ríkisstj. sjálfrar ætti að vera, að þessi rannsókn færi fram. En hvers vegna fer hún ekki fram? Hvers vegna skipar ekki hæstv. ráðh. n. með fullu rannsóknarumboði í þetta bráðnauðsynlega hlutverk? Af hverju er hikið? (Gripið fram í.) Er þetta síður rannsóknarefni en margt annað? Ég spyr fulltrúa bænda. (Gripið fram í.) Vafalaust margt. Og það er sjálfsagt af mér og öðrum að bera fram kröfur um það, eftir því sem þeir telja ástæðu til. En ég segi: Það er réttmætt að krefjast rannsóknar á þessu.

Ég tók eftir því í framsöguræðu hæstv. landbrh. áðan, að hann sagði, að það hefðu heyrzt raddir, sem töluðu um innflutning kjöts, en þetta væri fjarstæða. Nú, hverjir halda nú þessari fjarstæðu fram? Hverjir halda nú þessari fjarstæðu fram? Þessir menn, sem halda þessari fjarstæðu fram, þeir skyldu þó ekki eiga sæti í ríkisstj. með hæstv. landbrh., og aðgerðarleysið í þessu máli stafi kannske af því, að hún sé ekki algerlega heilleg, að hún sé ekki heilleg stefna ríkisstj. í landbúnaðarmálum? Að það sé ekki alveg hreint eins og hægri og vinstri hönd starfi saman að framkvæmd þeirrar stefnu, þar sem hæstv. landbrh. er annars vegar og hæstv. viðskmrh. hins vegar, heldur sé það eins og segulskaut togist á.

Ég get ekki betur séð en að þessar raddir, sem tala um innflutning kjöts, sem hæstv. landbrh. stimplar sem fjarstæðu, ég veit ekki til, að aðrir hafi gert sig fremur að talsmanni fyrir henni en sessunautur hæstv. landbrh. í ríkisstj., viðskmrh. Og það er ekki von á góðu, á vitlegum aðgerðum eða röggsamlegum, eða að þeir þori að hlusta á sjálfsagðar kröfur um eitt eða annað, þegar ástandið er svona, að einn ráðh. segir þetta og annar hið gagnstæða. En þannig er ástandið á blessuðum bænum, þar sem hæstv. ríkisstj. Íslands gætir húsbóndavaldsins.

Nú skal ég hvorki ergja hæstv. ríkisstj. né hv. fulltrúa bændasamtakanna, sem líta á Alþýðusambandið sem sinn fjandmann í þessum málum, meira eða með lengra tali í þetta sinn og læt hér staðar numið, en lýk máli mínu með því að segja: A. S. Í. óskar einskis fremur en að eiga samstarf við bændastéttina og vill þá vænta þess, að samstarfsviljinn frá bændastéttinni komi í ljós í einhverju öðru en að punga peningum í sjóði andstæðinga okkar, vinnuveitendasamtakanna í landinu. Við mundum vilja vænta þess í framtíðinni, og við óskum einskis annars en að einmitt aðgerðir A. S. Í. verði nú til þess að leysa af hólmi bráðgallað, stórgallað og óhæft skipulagskerfi um sölu og dreifingu landbúnaðarvara og leiði til endurskoðunar á þeirri löggjöf, og annaðhvort komi upp úr því ný og betri löggjöf, hagstæðari bændum og neytendum, eða að bændur fái sinn sjálfsagða rétt, óskoraðan samningsrétt um lífskjaramál sín.

Umr. frestað.

Á 9. fundi í Nd., 1. nóv., var fram haldið 1. umr. um frv.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Mér þykir það nú miður, að hv. 5. þm. Vestf., Hannibal Valdimarsson mætir ekki hér í d. í dag og hv. 2. þm. Sunnl. er ekki enn mættur, en það voru þessir tveir hv. þm., sem tóku til máls hér á fimmtudaginn var og ræddu um það frv., sem hér er til umr., til staðfestingar á brbl. um verðlagningu landbúnaðarvara fyrir árin 1965 og 1966. Að vísu er það ekki svo margt, sem þarf að svara þessum ræðumönnum, að það sé ástæða til að tefja málið af þeim sökum, jafnvel þótt hvorugur þeirra mætti. En ég vildi leyfa mér að gera smávegis aths., sem þessir hv. þm. geta þá lesið á eftir og notfært sér við 2. umr. málsins.

Mér fannst það alls ekki gott, þegar hv. 2. þm. Sunnl. var að tala um að gera uppreisn út af þessum brbl. Hann var að tala um það, að ríkisstj. gæfi út allt of mikið af brbl. Ég býst við, að hv. 2. þm. Sunnl. og hans flokksbræður yrðu í nokkrum vandræðum með að svara því, hvernig hefði átt að leysa þetta mál, verðlagningarmál búvörunnar, á s. l. hausti, án þess að grípa til útgáfu brbl. Ég held, að allir hv. þm. geri sér grein fyrir því, að það var enginn annar möguleiki fyrir hendi. Lög um 6 manna n. voru ekki lengur virk. Verðlag þurfti að fá á búvöruna. Hvernig sem það hefði borið að, hefði orðið að grípa til brbl. Ég held, að allir hv. þm. geti þess vegna verið sammála um, að það hafi verið fljótræði hjá hv. 2. þm. Sunnl. að fordæma brbl.-fyrirkomulagið alveg í heild, enda eru ekki gefin út brbl. nema meiri hl. Alþ. standi að baki þeim, og núv. ríkisstj. hefur ekki gefið út brbl. nema brýna nauðsyn hafi borið til til þess að bjarga verðmætum eða koma hlutum í lag, sem ekki voru í lagi. Ég held, að brbl.-fyrirkomulagið geti þess vegna notazt vel, þegar því er beitt á réttan hátt, eins og nú hefur verið gert. En í byrjun fengu þessi lög anzi slæmar viðtökur hjá sumum hv. framsóknarmönnum og Tímanum, og það stóð til að reyna að æsa bændur gegn þessum l. Vissulega var það reynt, en það tókst ekki, og það var þess vegna óþarfi fyrir hv. 2. þm. Sunnl. að segja sem svo hér við umr. um daginn, að hann vissi ekki, hvernig bændur mundu yfirleitt taka þessum l. Hv. þm. veit það vel, að bændur taka þessum l. vel, enda þótt þeir viti það, að þessi löggjöf bætir ekki hag þeirra fram yfir það, sem aðrar stéttir hafa fengið. Og það hef ég áður sagt. Þessi lög bæta ekki hag bænda umfram það, sem aðrar stéttir hafa fengið á þessu ári, vegna þess að þau eru miðuð við

þann samkomulagsgrundvöll, sem fékkst haustið 1964. Þessi lög eru sett með það fyrir augum, að það sé sanngirni, sem verður ofan á, og það sé á engum níðzt, að boginn sé ekki spenntur of hátt í sambandi við verðlag búvörunnar, en það er einnig tryggt, að hlutur bóndans er ekki fyrir borð borinn. Og þegar bændur hafa athugað þetta, láta þeir ekki segjast, þótt hv. framsóknarmenn á Alþ. eða ritstjóraskrifstofan reyni að æsa þá til óþurftarverka. Bændur verða þess vegna ekki með í uppreisnarleiðangri út af þessu máli.

Hv. þm. sagðist vera friðsamur. Það veit ég, að hann er í eðli sínu og hefur yfirleitt mjög góða framkomu hversdagslega og oftast hér á hv. Alþ. líka og er oftast prúður í ræðumennsku. En það hefur komið fyrir, að hann hefur kannske ekki talað, þegar nauðsyn bar til, en meira þegar ekki var nauðsynlegt að tala, eins og hann gerði í þessu máli.

Þá hygg ég, að hv. framsóknarmenn viti það, að í sambandi við undirbúning þessara l. var talað við fulltrúa bænda í 6 manna n. og einnig þá fulltrúa neytenda í 6 manna n., sem enn voru til viðtals. Og það var reynt að leysa þetta mál sem mest með samkomulagi. Og ég hygg, að það út af fyrir sig, sá undirbúningur, sem varð fyrir þessa löggjöf, hafi nú einnig verið grundvöllurinn að því, að það er friður um löggjöfina meðal bænda og meðal neytenda, því að það sjá allir, sem vilja kynna sér þetta mál, að þarna hefur verið farinn meðalvegurinn, sú leiðin, sem sanngjörnust var.

Hv. framsóknarmenn hafa að því fundið, að það skuli vera miðað við bætur almannatryggingarnna, þegar um það var að ræða að bæta bændum þeirra hlut í sambandi við kauphækkanirnar. Og það hefur verið talað um, að það væri lítilfjörlegt fyrir bændur, að þeirra hlutur væri miðaður við þær bætur, sem gamalmenni og sjúklingar fá. Ég hef nú ekki heyrt bændur sjálfa tala í þessum tón. Ég veit miklu frekar, að bændur eru það skynsamir og hafa það mikla reynslu og reyndar vita það, að almannatryggingarnar tryggja gamalmennum og sjúklingum fyllstu bætur og þeir, sem með þessi lög fara, hafa aldrei látið sér til hugar koma að snuða gamalmenni og sjúklinga um þær bætur, sem þeim ber að fá vegna aukinnar dýrtíðar. Og það er þess vegna, sem bændur hafa gert sér ljóst, að einmitt vegna þess að þeirra bætur eru miðaðar við þetta, er þeirra hlutur að fullu greiddur. Það er ekki viðeigandi að vera að tala í þeim tón, sem hv. framsóknarmenn hafa gert í þessu efni, að það sé ekki viðeigandi og það sé lítilfjörlegt að vera að miða hlut bænda við bætur almannatryggginganna til sjúkra og gamalla. Og ég vænti þess, að þeir geri sér grein fyrir því, að sjúkir og gamalmenni fá fullar bætur. Þeir eru ekki snuðaðir af dýrtíðinni samkv. þeim l., sem sett voru hér á síðasta Alþ.

Þá þarf ekki að taka það fram, að rekstrarvöruhækkunin hefur verið tekin inn í verðgrundvöllinn. Framsóknarmenn hafa talað um, að það hefði átt að miða við úrtakið svokallaða, sem sýnir hækkaðar launatekjur viðmiðunarstéttanna. Það hefði ekki verið gert núna og þess vegna hafi bændur verið snuðaðir. En þetta segja aðeins þeir, sem ekki þekkja neitt verulega til verðlagningar landbúnaðarvara. Þetta segja ekki þeir, sem hafa haft með verðlagninguna að gera, vegna þess að þeir vita, að það er óuppgert mál, hvort mundi vigta meira, úrtakið eða framleiðsluaukningin og stækkun meðalbúsins. Það er óuppgert mál. Og það er engin vissa fyrir því, að bændur hefðu fengið meiri hækkun, þótt miðað hefði verið við úrtakið, því að þá hefði framleiðsluaukningin og stækkun búsins verið tekin til greina. Það er engin vissa fyrir því og gæti jafnvel skeð, að hækkunin hefði ekki orðið svona mikil, ef allt hefði verið gert þannig upp. Þess vegna er það, að það er varasamt fyrir þá menn, sem ekki hafa komið nálægt þessum málum, að koma hér á hv. Alþ. með fullyrðingar út í bláinn, sem ekki styðjast við þekkingu eða veruleika.

Þá er það einkennilegt að tala um þetta frv. hér og brbl. eins og þau eigi að vera það varanlega. Það er spurt að því, hvað taki við, hvort þetta eigi að vera til frambúðar, að bændur hafi ekki samningsrétt. Það er spurt út í hött, vegna þess að það er vitað, hvað ríkisstj. vill í þessu efni og að hverju er stuðlað með því að skipa menn í n., 3 fulltrúa frá neytendum og 3 frá bændum, til þess að endurskoða verðlagslöggjöfina og leitast við að ná samkomulagi, sem hægt verður að byggja á í framtíðinni með verðlagninguna. Þetta er vilji ríkisstj., og það verður að reyna á það, hvort það tekst að ná þessu samkomulagi. Þeir aðilar, sem farið hefur verið fram á, að tilnefndu menn í n., munu verða við því, og fyrirfram vil ég ekki reikna með, að ekki verði samkomulag um þessi atriði.

Ég tel og sérstaklega þá vegna þess, að hv. 2. þm. Sunnl. er ekki viðstaddur, ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um hans ræðu. En ég vil fullyrða, að það verður eftir því tekið af bændum, ef hv. framsóknarmenn hér á Alþ. vilja ekki ljá þessu máli stuðning. En ég skildi hv. 2. þm. Sunnl. þannig, að framsóknarmenn mundu ekki ljá þessu máli stuðning, og ég geri ráð fyrir því, að bændur taki eftir því og þeir verði ýmsir bændur, sem spyrja að því: Hvað vildu framsóknarmenn? Hvað vildu þeir? Og það hefur oftar verið spurt að því, þegar hv. framsóknarmenn hafa ýmist setið hjá eða verið á móti. Hvað vildu þeir? Hvernig ætluðu þeir að leysa málið? Eða átti ekki að leysa málið? Átti ábyrgðarleysið að vera ráðandi? Við sjáum, hvað setur, og við tölum um þessi mál seinna.

Hv. 5. þm. Vestf., forseti A.S.Í., flutti hér alllanga ræðu, og það er vissulega leiðinlegra að gera hana að umtalsefni, þegar hann er fjarverandi. En eins og ég sagði áðan, er sá munur, að það, sem ég segi hér, er allt tekið upp og verður skrifað og hv. ræðumenn geta lesið það og svarað því þá seinna. En hv. 5. þm. Vestf. (HV) byrjaði á að lesa yfirlýsingu A.S.Í. út af því, að það hætti við að tilnefna mann í 6 manna n. Þessa yfirlýsingu hafa vitanlega allir hv. þm. heyrt og lesið áður og þar var ekkert nýtt, og vissulega er það ekki sannfærandi, sem þar er fram fært. Það er t. d. ekkert sannfærandi, þegar forseti A.S.Í. eða Alþb.-menn tala um það, að þeir hefðu ekki getað tilnefnt mann í 6 manna n., vegna þess að dreifingarkostnaðurinn sé hár og fulltrúi A.S.Í. eða fulltrúar neytenda hafi enga aðstöðu til þess að hafa áhrif á verðlagið yfirleitt. Í 22 ár hefur 6 manna n. starfað, skipuð fulltrúum sömu aðila. Oft hefur orðið ágreiningur um það verð, sem bændur eiga að fá, en það hefur aldrei orðið ágrein-

ingur um dreifingarkostnaðinn. Það hefur alltaf orðið samkomulag um smásölu- og heildsöluverð. Það dugir því ekki að láta nú eins og menn komi af fjöllum ofan og viti ekkert, hvað áður hefur gerzt. Og mér finnst það dálítið hlálegt, ef fulltrúar 6 manna n. hafa samþ. dreifingarkostnaðinn í öll þessi ár án þess að fá viðhlítandi gögn til að sannfæra sig um það, hvort sá dreifingarkostnaður, sem var verið að samþykkja, væri eðlilegur eða ekki. Ég vil taka undir það með hv. 5. þm. Vestf., að það eru ekki aðeins hagsmunir neytendanna, að dreifingarkostnaðurinn sé sem lægstur. Það eru vitanlega einnig hagsmunir bænda, og það eru hagsmunir alþjóðar, að svo muni verða, að fyllstu hagsýni sé gætt í þessum efnum, og það er áreiðanlegt, að ríkisstj. amast ekki við því, að það verði rannsakað ofan í kjölinn, hvort dreifingarkostnaðurinn sé eðlilegur eða ekki. Ég ætla engan dóm á það að leggja, mig skortir kunnugleika þar til, en úr því að 6 manna n. hefur komið sér saman um hann í öll þessi ár, hefði ég ætlað, að þetta væri með eðlilegum hætti.

Ég hef rætt við framkvstj. Framleiðsluráðs landbúnaðarins nýlega út af dreifingarkostnaðinum, og hann hefur tjáð mér, að það væri sjálfsagt að leggja öll skjöl á borðið og láta þá n., sem nú sezt á rökstóla, fá allar upplýsingar viðvíkjandi dreifingarkostnaðinum. Og hann taldi reyndar, að 6 manna n. hefði alltaf átt kost á að fá þetta. En það verður engin fyrirstaða á því, að sú n., sem nú tekur til starfa, fái að sjá öll skjöl, sem þessi mál varða, dreifingarkostnaðinn. Og ég veit, að allir hv. þm. og alþjóð, neytendur og bændur, vilja, að dreifingarkostnaðurinn verði sem lægstur, og væntanlega ber þá að vinna að því, að það geti orðið.

Hv. 5. þm. Vestf. minnti á það, að það hefði sennilega komið fyrst frá mér sú aðdróttun, að A.S.Í. væri að brjóta lög. Og hann vildi alls ekki halda því fram, að hér væri um lögbrot að ræða. Hv. þm. segir: Já, hvers vegna vorum við ekki settir í tugthúsið, ef við höfum verið að brjóta lög? Hv. þm. segir: Það er aðeins heimilt fyrir A. S. Í. að tilnefna mann, en það er alls ekki skyldugt til þess. En ég vil biðja hv. alþm. að lesa 5. gr. l. um Framleiðsluráð landbúnaðarins og verðskráningu. Þar er beinlínis sagt, að þessir aðilar skuli tilnefna mann og þeir, sem lesa þessa gr., geta sjálfir um það dæmt, hvort þetta var lögbrot eða ekki lögbrot. Hitt veit ég, að Stéttarsamband bænda og Framleiðsluráð landbúnaðarins skrifuðu A.S.Í. harðort bréf að ráði hæstaréttarlögmanns, þar sem það hafði allan fyrirvara á að geta gert skaðabótakröfu á A. S. Í. vegna þessa verknaðar. Ég hef ekki álitið það mitt hlutverk að ákæra A. S. Í., að fá það dæmt í fésektir út af þessu. Ég hef gert mér grein fyrir því, að það út af fyrir sig leysti ekki vandann. Ég hef gert mér grein fyrir því, að það bar að gera allt, sem unnt var, til þess að bæta úr því ástandi, sem skapaðist við brotthlaup fulltrúa A.S.Í. úr 6 manna n., og stuðla að því að fá varanlegt samkomulag á ný. Og ég hygg, að þótt A.S.Í. hefði verið dæmt í fésektir eða verði dæmt í fésektir, breyti það út af fyrir sig litlu um verknaðinn. Hann er gerður, og A.S.Í. hefur að þessu leyti gert nokkurs konar frumhlaup, sem margan hefur hent. En með því að tilnefna mann á ný í n. til þess að athuga þessi mál, tel ég, að það hafi að nokkru bætt fyrir þetta frumhlaup. Það verða svo aðrir að taka ákvörðun um það, hvort málssókn verður hafin á hendur A.S.Í., en eins og ég minnti á áðan, hefur stjórn Stéttarsambands bænda og Framleiðsluráð landbúnaðarins skrifað A.S.Í. og áskilið sér rétt til skaðabóta frá hendi þess.

Ég verð nú að segja það, að mér fannst talsverður munur á málflutningi hv. 5. þm. Vestf. og hv. 2. þm. Sunnl. að því leyti, að hv. 5. þm. Vestf. talaði alls ekki um það að gera uppreisn vegna þessara l. Hann sagði ekkert um það, hvort hann eða hans flokkur mundi veita þessu máli stuðning eða ekki, og þótt hann væri með fullyrðingar að ýmsu leyti, sem ekki standast, verður að segja það, þegar málið er gert upp, að það var meiri stilling í hans málflutningi en hv. fulltrúa Framsfl. Ég vil hins vegar vænta þess, að þegar hv. stjórnarandstæðingar gefa sér tíma til þess að hugsa um þessi mál í alvöru og kynna sér málið, skoði þeir huga sinn um það að snúast gegn því eða að sitja hjá við atkvgr. Og það er áreiðanlegt, að eins og málum var komið við brotthlaup fulltrúa A. S. Í. úr 6 manna n., var ekki um annað að ræða en leysa málið með þeim hætti, sem gert hefur verið, og það má segja það, að bæði bændur og neytendur hafi gert sér grein fyrir því og uni því, sem gert hefur verið.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ég kveð mér hljóðs til þess að láta í ljós vonbrigði, mikil vonbrigði yfir mikilvægu atriði, sem kom fram í ræðu hv. 5. þm. Vestf., Hannibals Valdimarssonar forseta A. S. Í., í ræðu hans hér í hinni hv. d. á föstudaginn var. Hv. þm. sagði í langri og ítarlegri ræðu sinni, að hann teldi það eiga að vera verkefni bændasamtakanna annars vegar og ríkisvaldsins hins vegar að semja um verðlag á landbúnaðarafurðum hér innanlands. Þessa yfirlýsingu forseta A. S. Í. er ekki hægt að skilja með öðrum hætti en þannig, að hann telji þá skipan, sem verið hefur í gildi um mjög langt skeið undanfarið, vera úrelta og hann óski ekki eftir, að þeirri skipan sé haldið áfram. En grundvallaratriði hennar er það, að löggjafinn hefur gert ráð fyrir því, að bændur annars vegar og neytendur hins vegar semdu sín á milli um verðlag á landbúnaðarafurðum innanlands. Því aðeins að samkomulag tækist ekki, skyldi atbeini ríkisvaldsins koma til. Því aðeins að samkomulag næðist ekki, voru ákvæði í l. til þess að tryggja, að eitthvert verð fengist þó á landbúnaðarafurðirnar og þá eftir nánar ákveðnum reglum. Ef þetta er þaulhugsuð stefnuyfirlýsing, ekki aðeins af hálfu forseta A. S. Í. sjálfs eða persónulega, heldur einnig gefin fyrir hönd þessara voldugustu almannasamtaka í landinu, þar sem flestir neytendur í landinu eru skipulagðir, verð ég að láta í ljós mikil vonbrigði yfir því, að þessi skuli vera afstaða formannsins eða A. S. Í., ef þannig ber að skilja orð hans. Ég segi þetta ekki í neinum ádeilutón af þeirri sérstöku ástæðu, að hv. 5. þm. Vestf., Hannibal Valdimarsson, getur ekki verið staddur hér á deildarfundi í dag og sé því ekki ástæðu til þess að honum fjarstöddum að taka upp neinar deilur við hann um þetta atriði, en vil þó ekki láta þessum umr. ljúka, án þess að það sé látið sérstaklega

koma fram, að það er skoðun Alþfl., að hiklaust eigi að vinna að því, að þetta grundvallaratriði varðandi ákvörðun á verði innlendrar búvöru megi haldast, — að það megi haldast sem grundvöllur lagasetningar um verðlagningu á íslenzkum landbúnaðarafurðum, að hér sé um að ræða samningsatriði á milli neytenda annars vegar og bænda hins vegar og allir góðviljaðir menn eigi að vinna að því hverju sinni, að slíkir samningar takist.

Þetta er einnig ítrekað í stefnuyfirlýsingu ríkisstj., sem hæstv. forsrh. flutti sem skoðun ríkisstj. í heild, og ég vil taka sérstaklega fram, að þetta er mjög eindregin afstaða Alþfl., að að þessu eigi að vinna. Og jafnframt því, ef það tekst að fá samkomulag um það, að lagagrundvöllur þessi haldist, sé það jafnframt skylda þeirra hagsmunasamtaka, sem gæta eiga hagsmuna neytenda í þessum efnum, og bændanna hins vegar að vinna að því af alúð, að slíkt samkomulag geti tekizt. Hitt er svo annað mál, að ef svo mikið greinir á milli í þessum hagsmunasamningum, eins og auðvitað verið getur, þurfa í l. að vera einhver ákvæði um það, hvernig með skuli fara, ef samningarnir takast ekki.

Það, sem um var að ræða nú á s. l. hausti, var í raun og veru afar einfalt mál. Sá grundvöllur, sem þessi atriði hafa hvílt á um áratugaskeið, brast. Ég skal ekki rekja ástæður fyrir því. Það kann að hafa verið nauðsynlegt að láta skerast í odda með þessum hætti, en það vandamál, sem að ríkisstj. sneri, var það, að l., sem um þetta hafa gilt allar götur síðan 1943, urðu allt í einu ekki framkvæmanleg, og þá gat ekki verið um annað úrræði fyrir ríkisstj. að ræða en það að kveða á um það með brbl., að verðlag skyldi fást á landbúnaðarafurðirnar nú í haust, en jafnframt hefja undirbúning þess, að ný löggjöf væri sett, sem ákvæði reglurnar um það, hvernig verðlag innlendrar búvöru skyldi ákveðið á hverju hausti.

Ný og fullkomin tækni hefur á síðustu árum verið í vaxandi mæli notuð við síldveiðarnar. Þetta hefur auðvitað í för með sér mjög auknar tekjur síldarsjómanna á grundvelli hlutaskiptasamninga, sem á síldveiðum gilda. Það er engin skynsamleg ástæða til þess, að þessi tekjuaukning síldarsjómanna, sem á rót sína að rekja annaðhvort eða sumpart til aukinna síldargangna eða bættrar veiðitækni eða hvort tveggja, þessi aukning á heildartekjum síldarsjómanna leiði til alveg hliðstæðrar eða tilsvarandi breytingar á tekjum bænda. Það er engin skynsamleg ástæða til þess að láta aukna síldveiði og auknar tekjur síldarsjómanna leiða til almennrar hækkunar á kjöti og mjólk og öðrum landbúnaðarafurðum.

Ég skal nefna annað mjög einfalt dæmi. Ef vinnutímastytting verður hjá verkamönnum í skjóli aukinnar framleiðni á vinnustað eða bættrar vinnuskipulagningar, aukinnar vinnuhagræðingar, er heldur enginn skynsamlegur eða réttlátur þjóðhagslegur grundvöllur fyrir hliðstæðri tekjuaukningu hjá bændum, þ. e. a. s. enginn grundvöllur til verðhækkunar á kjöti og mjólk og öðrum landbúnaðarafurðum.

Og ég skal nefna þriðja dæmið, álíka einfalt og að því er ég sjálfur tel, álíka ljóst. Ef tekjuhækkun verður hjá iðnaðarmönnum, vegna þess að tekin er upp ákvæðisvinna í stað tímavinnu og ákvæðisvinnan leiðir til aukinna vinnuafkasta hjá iðnaðarmönnunum og þar af leiðandi aukinna tekna, er engin ástæða til þess, að það leiði til sjálfkrafa tekjuhækkunar hjá bændum og hækkaðs verðs á mjólk og kjöti og öðrum landbúnaðarafurðum. En þannig hefur þetta verið samkv. þeim reglum, sem gilt hafa undanfarið, að auknar tekjur síldveiðisjómanna og t. d. tekjuauki iðnaðarmanna vegna ákvæðisvinnu hefur sjálfkrafa leitt til tekjuhækkunar bænda og hækkunar á landbúnaðarvöruverði. Auknar síldartekjur leiða ekki til sjálfkrafa hækkunar á kaupi verkamanna eða iðnaðarmanna, og ákvæðisvinnutaxtar hjá iðnaðarmönnum leiða ekki til sjálfkrafa hækkunar á tekjum síldarsjómanna eða verkamanna. Og vinnutímastytting hjá verkamönnum vegna vinnuhagræðingar leiðir ekki sjálfkrafa til tekjuaukningar hjá síldarsjómönnum eða iðnaðarmönnum, og hví skyldi þá eitt af þessu þrennu, sem ég nefndi, eða þá allt, hví skyldi það þá sjálfkrafa leiða til tekjuaukningar hjá bændum og til hækkunar á vöruverði þeirra? Bændum er enginn óréttur gerður, það er ekkert, sem þeir eiga með réttu, af þeim tekið, þó að þessari reglu sé ekki framfylgt með þeim hætti, sem hér hefur verið gert undanfarin ár og undanfarna áratugi. Ég hef enga löngun til þess að taka neitt það af bændum eða nokkrum öðrum, sem sýna má fram á með skynsemi og réttlæti, að þeir eigi skilið, að þeir eigi rétt á. En ég hef aldrei getað skilið, að hægt væri að færa skynsamleg rök að því, að tekjur bænda ættu að breytast sjálfkrafa með þeim hætti, sem þær hafa verið látnar breytast undanfarin ár eða áratugi. Og það eru þessi atriði, sem þarf að taka til rækilegrar og gaumgæfilegrar endurskoðunar. Hitt er svo eðlilegt og réttmætt, þar er um réttmætan og eðlilegan málstað, sanngjarnan málstað bændastéttarinnar að ræða, að ef launastéttir semja um kauphækkun vegna almennt aukinnar þjóðarframleiðslu, annaðhvort vegna þess að verðlag erlendis hefur verið að hækka eða vegna þess að framleiðni í þjóðfélaginu almennt hefur aukizt, eiga bændur auðvitað — ég segi og undirstrika — þá eiga bændur auðvitað rétt á hliðstæðri hækkun og verkamenn, iðnaðarmenn eða sjómenn almennt fá með kjarasamningum, með kauphækkun í kjarasamningum, hvers konar kauphækkun, sem á rót sína að rekja til almennt aukinnar þjóðarframleiðslu, eins og ég sagði áðan, hvort heldur sem skýringin eða orsökin til þjóðarframleiðsluaukningarinnar er aukin framleiðni í þjóðfélaginu almennt eða þá, að um er að ræða hækkandi verðlag erlendis. Bændur eiga að njóta þess eins og allar stéttir, ef verðlag hækkar almennt á íslenzkum sjávarafurðum erlendis. Þar er um að ræða auknar þjóðartekjur þjóðarbúskaparins í heild, sem eiga að skiptast sanngjarnlega og réttlátlega meðal allra vinnandi manna, meðal allra stétta þjóðfélagsins, bænda eins og annarra. Og ef á sér stað almenn framleiðniaukning í þjóðarbúskapnum í kjölfar aukinnar iðnvæðingar, í kjölfar almennra tækniframfara, þarf auðvitað að sjá til þess, að bændur fái réttmæta hlutdeild í þeirri almennu, raunverulegu tekjuaukningu, sem þjóðarbúskapurinn er að verða aðnjótandi, og einmitt í því sambandi á að nota annaðhvort

samningsfyrirkomulagið milli bænda og neytenda eða ef það bregzt, einhverjar almennar reglur um tekjuaukningu bænda og hækkun á landbúnaðarvöruverðinu, sem tryggir bændum réttláta hlutdeild í almennri aukningu þjóðarframleiðslunnar. En umfram þetta eiga bændur ekki rétt á neinni sjálfkrafa tekjuaukningu af verðlagshækkun frekar en aðrar stéttir þjóðfélagsins, ekki frekar en aðrar stéttir þjóðfélagsins. En við slíkt borð hafa bændur setið lengi undanfarið, að löggjöfin og það, hvernig löggjöfin hefur verið skilin og túlkuð og framkvæmd, eða það, að þeir hafa fengið sjálfkrafa tekjuaukningu og verðlagshækkun á haustin, sem aðrar stéttir t. d. verkamenn hafa ekki fengið með sama eða hliðstæðum hætti. Mér er því óhætt að segja, að þó að ég harmi mjög þau ummæli forseta A. S. Í., að hann telji neytendur ekki eiga neitt erindi í þá samninga eða þá skipan mála, sem ákveði búvöruverðið á haustin, þótt ég harmi það mjög, vil ég segja, að í sjálfu sér fagna ég því tilefni, sem nú hefur fengizt til þess að taka þessi mál öll til endurskoðunar frá grunni, því að það er alveg augljóst mál, að þetta hv. þing getur ekki farið heim án þess að hafa sett nýja löggjöf um það, hvernig búvöruverðið skuli ákveðið næsta haust, því að auðvitað kemur ekki til mála að ákveða búvöruverðið aftur næsta haust með neinni bráðabirgðaskipan. Alþ. getur ekki skotið sér undan þeirri sjálfsögðu skyldu sinni að setja ný lög í stað lagasetningar, sem reynzt hefur óframkvæmanleg á s. l. hausti.

Ég sé ekki ástæðu til þess að gera þessar umr. um þessi brbl. að neinum allsherjar umr. um íslenzk landbúnaðarmál. Þetta frv. fjallar aðeins um mjög takmarkaðan hluta þess vanda, sem okkur er öllum á höndum varðandi íslenzkan landbúnað. Þetta frv. og þær umr., sem um það snúast nú og væntanlega framvegis, lúta auðvitað að þessu takmarkaða sviði, hvernig eigi að ákvarða landbúnaðarverðið á haustin í framtíðinni. En vegna þess að nokkur orð hafa fallið á nokkuð víðari vettvangi og ég er staðinn upp á annað borð að gefnu þessu tilefni frá hv. 5. þm. Vestf., Hannibal Valdimarssyni, skal ég fara nokkrum orðum um viss atriði í sambandi við landbúnaðarmálin.

Það er að verða æ fleirum ljósara, sem betur fer vildi ég segja, á allra síðustu mánuðum, að í sambandi við íslenzkan landbúnað og íslenzka landbúnaðarframleiðslu er um að ræða nokkur af helztu efnahagsvandamálunum, sem nú er við að etja í íslenzku þjóðfélagi. Ástæðan til þess, að um þetta vandamál er nú orðið að ræða, ástæðan til þess, að þetta vandamál er nú orðið brýnna, mun brýnna en það var fyrir t. d. 5 árum, er sú, að annars vegar hefur landbúnaðarframleiðslan vaxið mjög mikið umfram innanlandsþarfirnar og hins vegar hefur bilið milli framleiðslukostnaðarins hér og verðsins erlendis farið sívaxandi og er orðið mjög mikið. Og þegar þetta hvort tveggja gerist alveg samtímis, að framleiðsla hér innanlands vex mjög umfram innanlandsþarfirnar, þannig að flytja þarf út verulegan hluta landbúnaðarframleiðslunnar, en nú er um það bil 10% af heildarlandbúnaðarframleiðslunni flutt út,og þegar hitt gerist samtímis, að bilið milli framleiðslukostnaðarins hér og verðlagsins erlendis vex mjög mikið, gefur auga leið, að hér verður um mjög mikið vandamál að ræða. Og vandamálið verður augljósast, kemur greinilegast fram í því, að útflutningsbæturnar vaxa svo mjög, að þær verða mjög þungur baggi á ríkissjóði og þar af leiðandi jafnframt á herðum íslenzkra skattborgara.

Síðustu sundurliðuðu tölurnar, sem ég hef um verðmæti landbúnaðarframleiðslunnar, er um verðmæti framleiðslunnar á framleiðsluárinu 1964—1965. Og það er mjög fróðlegt að athuga þessar tölur, bæði verðmæti heildarframleiðslunnar og hvernig þetta verðmæti er talið skiptast. En á þessu framleiðsluári var heildarverðmæti landbúnaðarframleiðslunnar talið 1855½ millj. kr. Og það skiptist þannig, að nautgripaafurðir voru taldar 973.9 millj., sauðfjárafurðir 631.6 millj., afurðir af hrossum 24.5 millj., garðrækt 82.2 millj., alifuglar, svín o. fl. 78.3 millj. og hlunnindi 65 millj. Af þessum tölum, þessari sundurliðun heildarlandbúnaðarframleiðslunnar, kemur m. ö. o. fram, að meira en helmingur hennar er nautgripaafurðir. Tilsvarandi heildartala fyrir framleiðsluárið 1963—1964, árið áður, var um 1600 millj., svo að framleiðsla var talin aukast úr 1600 millj. í 1855 millj. frá framleiðsluárinu 1963—1964 og til framleiðsluársins 1964—1965. En í raun og veru eru þessar tölur mjög villandi, ef ekki er athugað, hvernig þær eru tilkomnar. Þessi aukning á heildarverðmæti landbúnaðarframleiðslunnar endurspeglar ekki nema að mjög litlu leyti aukningu á framleiðslumagni. Framleiðsla dilkakjötsins, annarrar af tveimur helztu búvörum, minnkaði nefnilega úr 9649 tonnum árið 1963—1964 í 9331 tonn árið 1964—1965, eða um 3.3%. Framleiðsla annars kindakjöts minnkaði úr 1502 tonnum í 816 tonn, eða um 46%. Hins vegar jókst magn framleiddrar mjólkur um yfir 5%, og frá almanaksárinu 1963—1964 miðað við almanaksárið jókst sala til mjólkursamlaga um 6.2%. En þá er von, að menn spyrji, hver er skýringin á því, að framleiðsluverðmæti landbúnaðarins er talið hækka úr 1600 millj. í 1855 millj. frá 1963—1964 og til 1964—1965. Skýringin er ósköp einföld. Hún er fyrst og fremst sú, að í þeim verðlagsgrundvelli landbúnaðarins, sem þetta mat byggist á, varð hækkun á kaupi bóndans um 23.8%. M. ö. o., það er kauphækkun bóndans, það er sú kauphækkun bóndans, sem honum er ákveðin í verðlagningunni á haustin, sem kemur fram sem verðmætisaukning landbúnaðarframleiðslunnar samtímis því sem kjötframleiðslan minnkar, en mjólkurframleiðslan vex. Og þá er komið að því, sem nauðsynlegt er að undirstrika og benda alveg sérstaklega á í þessu sambandi, að þetta hefur verið að gerast hér undanfarin ár, að kjötframleiðslan hefur verið að minnka að magni til, en mjólkurframleiðslan að vaxa að magni til. En þegar það er nú athugað, að kjötframleiðslan er einmitt miklum mun arðbærari framleiðsla en mjólkurframleiðslan, sést, hversu mjög alvarleg þróun hér er á ferðinni.

Gleggsti vitnisburðurinn um það, hversu miklu óarðbærari mjólkurframleiðslan er en kjötframleiðslan, fæst, ef athugað er útflutningsverðið á mjólkurafurðum annars vegar og kjötafurðum hins vegar í hlutfalli við framleiðslukostnaðinn innanlands. Þar er dæmið í stórum dráttum þannig, að útflutningsverð á

frystu dilkakjöti mun nú vera um 44% af heildsöluverðinu innanlands, útflutningsverð á saltkjöti um 60% af verðinu innanlands, og engar verðuppbætur eru greiddar á ull og gærur. En ef mjólkurafurðirnar eru teknar, kemur í ljós, að smjörið er selt úr landi fyrir aðeins 22% af framleiðslukostnaðinum innanlands og ostur um 23%, nýmjólk og duft og undanrennuduft fyrir aðeins 24%, en ostaefni hins vegar fyrir 62%. Maður sér því, hversu gífurlegur munur er á þjóðhagslegu gildi kjötframleiðslunnar annars vegar og mjólkurframleiðslunnar hins vegar, ef dæmi er tekið af útflutningsverðinu í hlutfalli við heildsöluverðið innanlands. Og samt sem áður er þróunin sú, að kjötframleiðslan er að minnka, en mjólkurframleiðslan að stórvaxa. Það er þetta, sem er hin hliðin á meginvandanum í landbúnaðarmálunum. Það er ekki aðeins það, að framleiðslan sé meiri en innanlandsmarkaðurinn hefur þörf fyrir, og ekki aðeins, að almennt séð sé um mikinn verðmun að ræða á framleiðslukostnaðinum innanlands, næstum því óbærilegan mun að ræða á framleiðslukostnaðinum innanlands og útflutningsverðinu, ég segi óbærilegan, þegar þarf að flytja út 1/10 af því magni, sem framleitt er í landinu, heldur stefnir þróunin í ranga átt. Það er kannske kjarni málsins. Það mætti segja, að ef um tímabundna erfiðleika í íslenzkum landbúnaði væri að ræða, væri allt vandamálið sök sér og auðleystara en það því miður er.

Íslenzkur landbúnaður er ekki einn um það í veröldinni að eiga í erfiðleikum í samkeppninni um vinnuafl og eiga í erfiðleikum í samkeppninni við iðnaðarvarning, sem framleiddur er með nýrri og síbættri tækni. Landbúnaður allra Evrópulanda á og hefur undanfarin ár og áratugi átt í meiri og minni vandræðum, og meira að segja landbúnaður Bandaríkjanna, sem þó er háþróaðasti landbúnaður í allri veröldinni, hefur líka átt í vissum erfiðleikum. Við þurfum því ekki að vera hissa á því, að íslenzkur landbúnaður skuli líka eiga í erfiðleikum. Hitt er annað mál, þessir erfiðleikar eru miklir, þeir eru mjög miklir, þeir eru tiltölulega miklu meiri en erfiðleikar landbúnaðarins í grannlöndunum. En þó að þetta sé nógu alvarlegt, þá er þetta kannske ekki það alvarlegasta í málinu. Það alvarlegasta í málinu er það, að það stefnir í ranga átt, þ. e. a. s., það er röng átt að stefna í, að mjólkurframleiðslan skuli vera að aukast jafnmikið og raun ber vitni, en kjötframleiðslan, sá þáttur íslenzks landbúnaðar, sem þó á tvímælalaust mesta og réttlætanlegasta framtíð fyrir sér, sem sjálfsagt er að stefna að að efla sem mest, virðist vera að dragast saman. En þetta er slíkt kjarnaatriði, að því þarf að gefa mun meiri gaum en gert hefur verið undanfarið, og þetta er til þess að undirstrika og skýra þetta meginatriði málsins nokkru nánar. Ég hef ekki áður gert þetta atriði að alveg sérstöku umræðuefni.

Þá er rétt að virða fyrir sér skýrslur, sem fyrir liggja um fjármunamyndunina undanfarin ár eða þá sérstaklega árið í fyrra. Það er talið í skýrslum, að fjármunamyndun ársins í fyrra, ársins 1964, hafi alls numið 4749.2 millj. kr. Og ef við nú athugum, hvernig þessi fjármunamyndun skiptist í aðalatriðum á helztu þætti fjármunamyndunarinnar, kemur eftirfarandi í ljós: Fjármunamyndun í landbúnaði var í fyrra 403 millj. kr. Fjármunamyndun í fiskveiðum var 442.9 millj. kr., eða m. ö. o. fjármunamyndun í landbúnaðinum, þrátt fyrir þessar efnahagslegu aðstæður landbúnaðarins, sem ég var að lýsa, er næstum eins mikil og í fiskveiðunum í heild. Fjármunamyndun í iðnaði var 551 millj. kr. og fjármunamyndun í ýmsum vélum og tækjum 158.2 millj. Virkjanir og veitur voru 303.5 millj. og flutningatæki 722.8 millj. kr. alveg sérstaklega há tala vegna fjárfestingar í flugvélakaupum, sem nam á þessu ári 460 millj. kr. og er því ekki hægt að hafa til samanburðar við nein ár á undan eða eftir. Fjármunamyndun í verzlun, veitingum og skrifstofuhúsum 215 millj. kr. en íbúðarhúsum 1052 millj. kr. Fjármunamyndun í samgöngumannvirkjum var 580.8 millj. kr. og byggingar hins opinbera 320 millj. kr.

Það liggja að vísu ekki fyrir tölur um árið í ár, en áætlunartölur, sem ég hef séð um það efni, gerðar að beztu manna yfirsýn, virðast benda til þess, svo að ég ræði aðeins sérstaklega um landbúnaðinn, að fjármunamyndunin þar muni í ár verða meiri en hún var í fyrra. Þessar tölur virðast mér mjög eindregið benda til þess annars vegar, að afkoma landbúnaðarins, afkoma bænda, sé mjög góð. Um það er ekki nema hið allra bezta að segja, að hún sé góð, enda getur ekki annað verið. Framkvæmdir í landbúnaði mundu ekki vera jafngífurlegar og þær eru nema því aðeins, að þar sé um verulega ábatavon að ræða. En hitt er annað, að það getur ekki talizt skynsamleg skipting á heildarráðstöfunarfé þjóðfélagsins til fjármunamyndunar, að næstum eins mikið skuli ganga til fjármunamyndunar í landbúnaðinum og í fiskveiðunum, því að enginn vafi getur þó leikið á því, að arðsemi í landbúnaðinum er miklum, miklum mun minni en hún er í fiskveiðum og í iðnaðinum í það heila tekið. Af þessum þremur meginatvinnugreinum, fiskveiðum, iðnaði og landbúnaði, er arðsemin tvímælalaust frá þjóðhagslegu sjónarmiði séð minnst í landbúnaðinum, eins og greinilega kemur fram í þeim stuðningi, sem landbúnaðinum er nauðsynlegur undir núverandi kringumstæðum, og mun minni en í fiskveiðum og iðnaði. En samt sem áður kemur í ljós við athugun þessara talna, að fjármunamyndun í landbúnaðinum er upp undir það eins mikil og hún er í hvorri grein um sig, í fiskveiðum og iðnaði. Þetta er atriði, sem snertir framtíðarstefnuna í íslenzkum landbúnaðarmálum, og hér þarf að móta nýja stefnu. Ég er auðvitað ekki tilbúinn til þess að segja það á þessari stundu, hver væri mín skoðun eða míns flokks á því, hver ætti að vera kjarninn í þeirri stefnu. Á þessu stigi málsins getur það ekki verið annað en meginverkefni að benda á vandann, undirstrika nauðsyn þess, að hann sé ræddur, að hann sé hugleiddur vandlega og hann sé ræddur bæði hér á hinu háa Alþ. og annars staðar í því skyni að reyna að finna einhverja skynsamlega lausn á þessu mikla vandamáli.

Engum dettur auðvitað í hug, eins og stundum er gáleysislega verið að hafa eftir sumum, að íslenzkur landbúnaður eigi engan rétt á sér, hann eigi bara að leggja niður og það eigi að gera eitthvað allt annað við bændurna, jafnvel slátra þeim. Engum dettur náttúrlega önnur eins fjarstæða og þetta í hug. Ég

þekki engan mann, sem hefur látið sér neitt þvílíkt um munn fara, og ekki einu sinni, að nokkrum manni, sem ég þekki, hafi komið slíkt til hugar. Auðvitað er íslenzkur landbúnaður nauðsynlegur, nauðsynlegur þáttur í íslenzku efnahagslífi, nauðsynlegur þáttur í íslenzku atvinnulífi, nauðsynlegur þáttur þess, að sem mestur hluti landsins sé í byggð og haldist í byggð. En að segja þetta og hafa þetta sem bjargfasta skoðun jafngildir auðvitað ekki því, að það sé alveg sama, hvernig landbúnaðurinn er rekinn. Þetta er og má ekki jafngilda því, að menn láti sér alveg í léttu rúmi liggja, með hverjum hætti landbúnaðurinn er rekinn. Auðvitað er alltaf þörf á því að auka framleiðni og vinnuhagræðingu og skipulag í öllum atvinnugreinum. Það er ekkert einkamál fyrir íslenzkan landbúnað, það er ekkert sérstakt fyrir íslenzkan landbúnað eða landbúnaðinn í það heila tekið í veröldinni, að hans starfsaðferðir, hans vinnubrögð þurfi að breytast. Þetta á alltaf við um alla atvinnuvegi, um allar atvinnugreinar. Það er alltaf nauðsynlegt í öllum atvinnugreinum frá ári til árs að breyta vinnuaðferðum, breyta framleiðsluaðferðum, nota nýjustu véltækni og nýjustu vinnubrögð. En það, sem verður að undirstrika sérstaklega núna, er það, að engri íslenzkri atvinnugrein, — og það segi ég, og það trúi ég, að sé rétt, — að engri íslenzkri atvinnugrein er jafnnauðsynlegt einmitt nú og íslenzkum landbúnaði að breyta um framleiðsluhætti, breyta um framleiðslustefnu og framleiðsluaðferðir. Það er þess vegna, sem ég hef undirstrikað við ýmis tækifæri og vil enn nú undirstrika nauðsyn þess, að alvarlegar umr. og alvarleg umhugsun fari fram í því skyni að reyna að móta íslenzkum landbúnaði nýja skynsamlegri stefnu í þágu þjóðarheildarinnar og landbúnaðarins sjálfs en fylgt hefur verið í þessu efni á undanförnum árum og jafnvel áratugum.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Mér liggur nú við að spyrja út frá því, sem hæstv. menntmrh. lauk ræðu sinni með: Meinar ríkisstj. sem heild það í alvöru, að hún sé reiðubúin, helzt sem heild, að ræða landbúnaðarpólitík hér á Alþ. og ræða, hvers konar landbúnaðarpólitík Íslendingar skuli reka? Er hún reiðubúin til þess? Ég held, að það dugi ekki í þessum málum að reyna að koma sér neitt undan þeim umr. með því t. d. að henda því í verkamanna- og bændasamtökin, að segja þeim að ákveða verðlagningu landbúnaðarafurða og ætla svo ekki að gera neitt á neinum öðrum sviðum. Sú pólitík getur ekki gengið áfram. Það, sem hefur gerzt, er það, að verkalýðssamtökin hafa sagt: Nú gengur þetta ekki lengur. Nú verður að finna út almennilega pólitík, sem verður að reka í landbúnaðinum á öllum sviðum. Það er ekki hægt að ráða við vandamál landbúnaðarins með verðlagningarákvörðunum einum saman, og ég spyr ríkisstj.: Er hún reiðubúin hér á Alþ., þar sem á að ákveða þessa pólitík, að ræða, hvaða landbúnaðarpólitík skuli reka, eða ætlar hæstv. ríkisstj. að halda því áfram, sem hún hefur rekið nú í allmörg ár, að hafa tungur tvær og tala sitt með hvorri? Eina framsóknartungu Ingólfs, eins og sumir mundu kalla, og aðra svona eins konar kaupmannatungu Gylfa? Ætla menn að halda áfram í hæstv. ríkisstj. að halda sína ræðuna sitt á hvað eftir því, hvort menn eru að tala til bænda og keppa við Framsókn eða hvort menn eru að tala hérna í Verzlunarráðinu og tala um, hvernig skuli rasíónalísera landbúnaðinn? Eða á að reyna að finna út eina pólitík? Ríkisstj. hefur hingað til ekki getað það. Hún hefur ekki getað fundið út að hafa eina stjórnarpólitík í þessum málum. Hún hefur reynt að skýla sér á bak við samkomulag verkalýðssamtakanna og bændasamtakanna. Og það er um þetta, sem A. S. Í. hefur sagt, þetta gengur ekki lengur, vegna þess að það er ekki hægt lengur að leysa þau vandamál, sem íslenzkur landbúnaður á við að stríða, það er ekki hægt lengur að verða við þeim réttlætiskröfum um lífskjör, sem íslenzkir bændur eiga rétt á að gera, með þessum aðferðum. Það verður að taka upp nýjar aðferðir, og þar er ég alveg hreint sammála því, sem hæstv. menntmrh. sagði í síðari hluta ræðu sinnar, þetta ástand gat ekki gengið lengur. Verkalýðssamtökin hafa af alveg sérstakri sanngirni og sérstöku tilliti til þess að reyna að bjarga þessum málum haldið þessu áfram svo að segja lengur en fært var. Og nú er komið að því, að við hér á Alþ., sem höfum sett þessa löggjöf og látið fólkið búa við hana, verðum að þora að taka hana til umr., og það er ekki til neins fyrir hæstv. landbrh. að láta sér detta í hug, að hann geti sloppið með því einu að ætla að kasta þessum málum í einhverja nýja n. og segja: Ég er búinn að þvo mínar hendur mínum Pílatusarþvotti og landbúnaðarmálaverðlagning og verðbólga í þjóðfélaginu kemur mér ekki lengur við.

Þegar hæstv. landbrh. fór að tala hér áðan, sagði hann: Þetta eru lögbrot hjá A. S. Í. að ætla ekki að leysa þessi vandamál. Mér þykir hann aldeilis vera búinn að finna patentið á, hvernig ríkisstj. eigi að sitja og stjórna landinu. Ég tók eftir, að hæstv. forsrh. var nýlega að kvarta yfir því, að þeir hefðu ekki leyst verðbólgumálin. Ég skal bara undir eins gefa ykkur patentið út frá þessu. Þið getið setið í það endalausa, t. d. setjið þið bara lög og ákveðið, að Hæstiréttur skuli leysa verðbólguvandamálið, setjið það bara í lög og passið að segja „skal," skal Hæstiréttur Íslands. Og ef Hæstiréttur ætlar að fara að rísa eitthvað upp á móti þessu, þá bara kærið þið þá og farið í skaðabótamál við þá, allir sparifjáreigendur geta farið í skaðabótamál við Hæstarétt. Hann varð ekki við þessu að leysa það, sem ríkisstj. hafði sagt honum.

Það er ekki til neins að koma með svona dellur, ef menn eru að ræða eitthvað í alvöru. Samtök, sem hafa sýnt aðra eins þolinmæði og alþýðusamtökin í þessum efnum, eiga kröfu á því, þegar þau loksins segja: hingað og ekki lengra — að hæstv. landbrh. taki þetta mál, sem heyrir sérstaklega undir hann, til alvarlegrar íhugunar og ekki sízt, þegar hann heyrir nú meira að segja frá einum sessunaut sínum, að það þurfi einmitt allt saman endurskoðunar við. En við skulum ekki vera með neinn skollaleik í þessum efnum. Það gengur ekki. Við verðum að þora að ræða þessi mál og taka þau fyrir, þora að ræða þau líka með tilliti til þess, hvað kann að vera snúið út úr og annað slíkt eða reynt í einhverjum kosningaagitasjónum að misnota.

Spurningin, sem liggur fyrir núna, er hvort það á að reyna að breiða einu sinni enn þá skikkju verkalýðs-

og bændasamtakanna yfir þessi vandamál og Alþ. láti þau bara lönd og leið, eða hvort eigi að reyna að ræða þau hérna, brjóta þau til mergjar og reyna að leysa þau? 6 manna n. samkomulagið, sem búið er að vera hjá okkur yfir 20 ár, var gott samkomulag á sínum tíma, það var mjög gott. Og eins og hæstv. landbrh. kannske man, vorum við einmitt báðir í þeirri n., fjhn. Nd. ásamt 3 öðrum góðum mönnum, sem tók þá ákvörðun á þeim tíma að gefa fulltrúum launþega- samtakanna annars vegar og bændasamtakanna hins vegar löggjafarvald um að leysa þessi vandamál. Það var ákveðið, að svo framarlega sem þessi samtök og sú 6 manna n., sem þau áttu að skipa, yrðu sammála um, hvernig verðleggja skyldi landbúnaðarafurðir, skyldi þeirra samkomulag gilda sem lög. Við gáfum þeim löggjafarvald. Það hefðu fáir trúað, að þeim mundi takast að gera þetta samkomulag. Og þau leystu þetta mál, og síðan hefur sá grundvöllur að mestu leyti með tiltölulega litlum breytingum verið lög. Þetta var hægt, og það hefur verið reynt að halda þessu mjög lengi, vegna þess að það hefur fólgizt eitt ákaflega dýrmætt í þessu, og það er víst réttlætið til handa bændum, réttlæti, sem þeir mundu ekki fá með venjulegum verðmyndunarreglum þess kapítalíska skipulags. Það hefði verið verðlagt út frá öðru sjónarmiði, það hefði verið verðlagt út frá því sjónarmiði, hvernig ætti að meta þeirra vinnu, til þess að hún væri jafnmikils virði, jafnvel þótt hún væri oft og tíðum kannske ópraktískari en annarra manna í þjóðfélaginu.

Núna er svo komið vegna okkar þjóðfélagsþróunar, að það er ekki lengur hægt að verða við því að veita bændum réttlætisgrundvöll, sem þeir eiga kröfu á, réttlætiskröfu á, og eiga við að búa, og það er í öðru lagi ekki heldur lengur hægt að tryggja þjóðfélaginu þann hagsýnigrundvöll, sem þjóðfélagsheildin á kröfu til. Þetta tvennt, réttlætið annars vegar til handa bóndanum og hagsýnin hins vegar til handa þjóð- félaginu, rekst svo hrottalega á í þessum efnum, að sá árekstur heimtar endurskoðun allrar þessarar löggjaf- ar og ekki bara verðlagningarlöggjafarinnar, heldur allrar löggjafar um landbúnaðinn eins og hann leggur sig, og það er það, sem við verðum að horfast í augu við. Og ef við ætlum að reyna að leysa þetta mál á gamla mátann, að segja við verkamanna- og bænda- samtökin: Komið þið ykkur saman um, hvað réttlátt er, þá skulið þið fara gömlu leiðina, gefið þið þeim þá valdið, valdið til að ákveða allt viðvíkjandi landbún- aðarpólitik á Íslandi, vitið hvort þeir koma sér saman þá. Það þýðir meira eða minna valdið líka í sambandi við öll fjárframlög ríkisins í því sambandi. Það býst ég við, að engum detti í hug að gera. Þá liggur hitt spursmálið fyrir, eigum við hér á Alþ. að leysa þetta mál? Eigum við að reyna að glíma við það og leysa það? Eða eigum við að henda því frá okkur? Ég held, að við eigum að reyna að glíma við það og leysa það.

Þess vegna er höfuðatriðið, sem við nú stöndum frammi fyrir, þetta: Það dugir ekki lengur að tak- marka við verðlagninguna eina saman, verðlagning- una á landbúnaðarvörum, hvaða kjör á að skapa bændum. Kjör bænda og verðlagning á landbúnaðar- afurðum er alveg tvennt ólíkt, þannig að verðlagning á landbúnaðarafurðum ein saman getur orðið til þess að mismuna bændum og gera óréttlætið meira, sem meðal þeirra ríkir, heldur en er fyrir, gefa þeim, sem ríkur er, enn þá meira og gefa þeim fátæku miklu, miklu minna heldur en þeim ríka, m. ö. o., vinna í þveröfuga átt við réttlætið.

Ég verð hins vegar að segja það, áður en ég kem að þeim hugmyndum, sem ég hef um þetta mál, að ég undraðist nokkuð fyrra hlutann í ræðu hæstv. menntmrh., er hann var að deila á forseta A. S. Í., vegna þess að mér heyrðist á hæstv. menntmrh., að hann vera allt í einu að lýsa því yfir, að Alþfl. væri svo sérstaklega fylgjandi þessu 6 manna n. samkomulagi. Það kom mér spánskt fyrir sjónir. Ég man ekki betur en Alþfl. hafi frá því að þetta samkomulag var myndað barizt á móti þessu og alltaf gagnrýnt okkur fyrir að hafa komið því í gegn. En það er gott, ef hann er eftir þessi 20 ár farinn að átta sig dálítið á, að það var viss réttlætisgrundvöllur í þessu, sem, þótt hann sé brotnaður nú fyrir þróunina í þjóðfélaginu, átti rétt á sér á sínum tíma og var góður þá og þýddi sérstaklega mikið bæði fyrir bændur og verkamenn í því að tengja þá í viðleitninni til þess að bæta beggja hag, þó að hins vegar forustumenn bændasamtakanna hafi því miður skorið á þau tengsl, sem þar sköpuðust, með ráðstöfunum sínum í haust um að fylkja sér við hlið atvinnurekandans, eins og forseti A.S.Í. kom hér mjög greinilega inn á í sinni ræðu.

Það, sem liggur fyrir okkur að athuga í þessum efnum, þegar við viljum nú fara að ræða þessi mál án alls áróðurs, reyna að komast að nokkurri niðurstöðu, er það, hvernig við getum samræmt þetta tvennt, að reyna að einhverju leyti að veita bændum — og það þýðir þeim þeirra, sem mest þurfa á því að halda, — svipuð kjör og verkamenn í bæjunum hafa, en svo hins vegar að reyna að tryggja, að þróun landbúnað- arins sé út frá hagsýnilegu sjónarmiði fyrir þjóðar- heildina. Hvernig getum við samræmt þetta tvennt? Ég held, og það er eitt af því, sem þarf mjög alvarlega að rannsaka, ég held, að kjörin innan bændastéttar- innar hafi orðið ójafnari með hverju árinu, sem hefur liðið, þannig að það sé orðið ginnungagap á milli tekna þeirra bænda, sem bezt hafa kjörin og bezt liggja við markaðnum, og hinna, sem afskekktastir búa og á smæstum jörðum og hafa versta aðstöðu til markaðsins.

Það er gefið, að nú er svo komið, að ýmsir bændur á landinu eru tekjulægstu mennirnir á Íslandi, fátæk- ustu og tekjulægstu mennirnir á Íslandi. Og þessum mönnum er svo að segja engin endurbót í því, að mjólkin og kjötið þeirra sé hækkað. Þeir hafa kannske ⅓, kannske 1/5, kannske 1/10\og enn þá minna af þeirri framleiðslu, sem ríkur stórbóndi á Suðurlandi hefur. Og það, sem ríkasti bóndinn á Suðurlandinu fær, er tífalt eða fimmfalt eða meira á við það, sem fátækur bóndi í Dalasýslu eða einhvers staðar í Þingeyjar- eða Norður-Múlasýslu eða á afskekktum stöðum á Vestfjarðakjálkanum fær. Það er þess vegna réttlætisspursmál, hvernig eigi að fara að því að tryggja fátækustu bændunum, sem þræla alveg eins og hinir, en við miklu verri aðstæður, afkomu, sem sé frá sjónarmiði réttlætisins svipuð og verkamanna í

bæjum. Þetta verður ekki gert með neinni verðbólguhækkun. Þetta verður aðeins gert með því eina móti að tryggja þessum bændum lágmarkskaup yfir árið.

Ef menn þannig slá því föstu, að menn þurfi að hafa t. d. hundrað og eitthvað þús. kr. til þess að framfleyta fjölskyldu sinni, yrði að setja löggjöf um það, að hver bóndi, sem ekki nær þessu fyrir sína fjölskyldu, skuli fá greitt frá ríkinu það, sem upp á vantar. Þetta er því það eina, sem væri í samræmi við 6 manna n. grundvöllinn, meðan jöfnuður ríkti meiri á milli bænda en nú er. Ef á að bæta úr þeim ójöfnuði, sem nú er, er það einvörðungu hægt með svona ráðstöfunum að tryggja slíkum bónda það kaup, sem hann á að hafa. Það er engin sérstök ástæða til fyrir þjóðfélagið að tryggja einhverjum ríkum bónda á Suðurlandi margfalt kaup á við einhvern bónda t. d. vestur í Dalasýslu. Það er engin ástæða fyrir þjóðfélagið til þess að grípa inn í með löggjöf til að gera slíkt, og 6 manna n. samkomulagið var ekki gert til slíks. 6. manna n. samkomulagið var gert til þess að tryggja bændum almennt álíka afkomu, en ekki gera afkomuna innan þeirra eigin stéttar miklu misjafnari og ójafnari en hún hefur verið.

Ég veit, að þá koma menn að öðru spursmáli, og það er, hvernig á að borga svona, ef ætti að fara inn á þetta? Hvernig er þetta frá hagsýnisjónarmiði, eða er praktískt fyrir þjóðfélagið að vera að þessu? Ég rakti áðan, hvað Norðmenn gerðu fyrir nokkrum árum, þegar þeir voru að ræða sína landbúnaðarpólitík. Þeir skiptu öllum jörðum í landinu niður í þrennt svo að segja, þrjá flokka. Varðandi þann flokkinn, sem verst stóð, minnstu jarðirnar, vonminnstu framtíðina, tóku þeir þá ákvörðun að gefa þeim bændum með sérstökum kjörum kost á að yfirgefa þær jarðir, þ. e. ríkið sem slíkt. Ég vil segja, að þeir, sem líta enn þá meira á hagsýnisjónarmiðið en réttlætissjónarmiðið, ef þeir vilja eftir nákvæma rannsókn á þessum hlutum athuga þessar jarðir, munu þeir komast að þeirri niðurstöðu, að svo og svo mikið af jörðunum á Íslandi eru raunverulega óbyggilegar, eins og sakir standa. Ég veit, að það er ekki nema tímaspursmál. Ég veit, að það á eftir að koma, áður en þessari öld lýkur, að allar jarðir, bæði þær, sem nú eru í eyði, og aðrar, verða byggðar á Íslandi, vegna þess að það þarf á því að halda í heiminum, að það sé ræktað allt, sem ræktanlegt er. En í augnablikinu er það svo, að stór hluti af íslenzkri bændastétt býr við eins konar bændaánauð, máske eldri hjón, sem þræla á sínu búi, litlu búi, búin að leggja allt ævistarf sitt í að gera þetta bú sæmilega úr garði og fá engan til að taka við því og hafa það lágar tekjur af sínum þrældómi, að það er minna en almennt er hjá verkamönnum í bæjunum. Hvað á að gera undir slíkum kringumstæðum? Á að láta þessi hjón vera þarna og börn þeirra, þangað til þetta flosnaði allt saman upp og þau missa eignir sínar, eða á ríkið að kaupa þessar jarðir með sæmilegu verði? Ríkið getur ósköp vel, þegar svona stendur á, farið út í það, og það á að rannsaka það mjög vel, að kaupa þær jarðir með sæmilega góðu verði, sem bændur þannig vilja losna við. Það er bezta fjárfesting, sem ríkið getur gert, ef hugsað er í öldum, en ekki árum. Og það þýðir um leið út frá hagsýnisjónarmiðinu að fækka smæstu búunum og út frá réttlætissjónarmiðinu að hjálpa þeim bændum, sem þarna eru erfiðast staddir. Ég vil hins vegar taka það fram um leið, að þegar ég minnist á þetta, er ég eingöngu að ræða þetta frá ökonómísku sjónarmiði, frá hagsýnisjónarmiði, að nokkru leyti þó út frá tilfinningasjónarmiði gagnvart þeim bændum, sem þarna eiga í hlut.

En það er annað sjónarmið, sem við verðum að ræða líka, sem kemur inn í þessi mál, þegar um bændastéttina er að ræða, og er alveg fyrir utan hin tvö, réttlætissjónarmiðið og hagsýnisjónarmiðið, og það er það þjóðernislega sjónarmið. Það má vel vera, að við viljum gera sérstakar ráðstafanir til þess að viðhalda bændastétt á búum, sem ekki borga sig, bara til þess að halda bændastéttinni lengur við lýði í landinu, til þess að sú mikla bylting, sem þjóð okkar er að upplifa núna, að breytast á einni einustu kynslóð úr bændaþjóð í borgarþjóð, verði ekki allt of hröð, þannig að hún slíti rauða þráðinn í þjóð okkar. Það getur verið, að okkur finnist þess vegna frá þjóðernislegu sjónarmiði nauðsynlegt að gera sérstakar ráðstafanir til þess að viðhalda bændabyggð, þar sem það frá hagsýnisjónarmiði og meira að segja frá réttlætissjónarmiði gagnvart þessum bændum væri ópraktískt, en þá verða menn líka að þora að borga fyrir það, því að við getum ekki ætlazt til, að einstakir menn t. d. úr bændastéttinni eigi að fórna sér fyrir þjóðarheildina og vera nógu ríkir til þess að geta það.

Hvernig eigum við að fara að gagnvart landbúnaðinum í heild? Hæstv. menntmrh. tók að nokkru leyti af mér ómakið að færa fram rökin fyrir, hvernig komið er. Hann sýndi með tölum svo greinilega fram á, hver þróunin er og í hve vitlausa átt sú þróun stefnir. Og það er óhjákvæmilegt, ef við ætlum að stjórna þessum málum og ekki að skipuleggja stjórnleysið og þurrka bara af okkur á þeim bréfum, sem maður sendir verkalýðssamtökum frá ríkisstj., það er óhjákvæmilegt fyrir okkur að stjórna þessari þróun, þora að horfast í augu við að stjórna þessari þróun, að ráða því, hver þróunin verður í landbúnaðinum.

Og ég býst við, að þá komi ég að því, sem er viðkvæmasta málið máske frá ýmissa hálfu í sambandi við þessi mál. Ég veit ósköp vel, að það er búið að prédika hér yfir okkur frelsi í öllum þessum hlutum í 6 ár. Þetta á allt saman að leysast af sjálfu sér um leið og menn fengju að vera frjálsir. Ég veit nú, að þetta frelsi hefur aldrei náð til landbúnaðarins. Hæstv. landbrh. hefur séð um að reka þar þá góðu, gömlu haftapólitík Framsóknar og allt saman slíkt, svo að það hefur hvorki frelsi né skipulag komizt þar að. Ef við ættum að hafa frelsið, sem svo mikið hefur verið talað um í sambandi við verzlun í þessum málum, er það náttúrlega gefið mál, að bændurnir eiga sjálfir að ákveða sitt verð, kaupmaðurinn ákveður sitt. Og þá náttúrlega á að vera frjáls innflutningur á landbúnaðarafurðum. Það er ekki frelsi, ef landbúnaðinum er veitt einokun í því sambandi. Ef sem sé hæstv. ríkisstj. ætlar að framkvæma sína frelsispólitík, ætti frá hennar sjónarmiði að vera sjálfsagður hlutur, að bændur ákveðu verðið á sínum vörum og kaupmenn fengju að flytja inn frjálst það, sem þeir vildu af landbúnaðarafurðum og annað slíkt.

En allt þetta frelsishjal er ekki sízt á sviði landbúnaðarins svo hringavitlaust, að meira að segja hæstv. ríkistj. hefur ekki dottið í hug að reyna að framkvæma aðra eins idjótastefnu og hún hefur verið að prédika á öðrum sviðum.

En hvað er þá, ef menn vilja ekki hafa blessað frelsið á sviðum landbúnaðarins. Þá er ekkert um annað að ræða, ef eitthvert vit á að vera í því, en skipulagningu. Að tvístíga þarna á milli með þeirri pólitík, sem nú er rekin, þýðir bara, eins og hæstv. menntmrh. var að sýna fram á, að þetta fer allt í hringavitlausa átt, m. ö. o. stefna ríkisstj. er hringavitlaus, það að þora hvorki að láta frelsið ráða né þora að taka upp skipulagningu. Hvað verðum við þá að gera í þessum efnum? Við verðum að þora að taka upp heildarstjórn á framleiðslu landbúnaðarafurða, skapa okkur áætlun um það, hve mikið við ættum þarna að framleiða. Ég veit, að það verður að vera viss margína í því. Það verður að vera með tilliti til þess, hve háðir við erum þar veðráttu eða öðru slíku, en engu að síður stefna að alveg ákveðnum hlut í þessum efnum.

Það var hér fyrir 20 árum á Alþ. lagt fram frv. af hálfu Sósfl., þar sem farið var fram á að heimila að koma á svæðaskiptingu á Íslandi, þannig að sérstök svæði landsins skyldu fyrst og fremst hugsuð sem mjólkurframleiðslusvæði, önnur sem kjötframleiðslusvæði og slíkt er ákaflega eðlilegt. Það er engin sérstök ástæða til þess, að bændur, t. d. á þeim svæðum landsins, sem liggja bezt að aðalmjólkurneyzlusvæðunum, séu að reka sauðfjárbúskap og fá uppbætur á sauðfé í stórum stíl. Og frá hagsýnisjónarmiði er það ekki heldur praktískt, að á þeim svæðum landsins, þar sem sauðfjárbúskapur væri eðlilegastur og fjarri liggur góðum mjólkurmörkuðum, sé verið að stórauka mjólkurframleiðslu og koma upp mjólkurbúum og borga uppbætur á þá mjólk eða þær mjólkurafurðir. Það mætti gjarnan athuga það að skipta landinu niður í ákveðin svæði til þess að halda dálítið aftur af mönnum í þessum efnum, gera mönnum ljóst, að uppbæturnar séu ekki óendanlegar á þessum sviðum.

Uppbæturnar eins og þær eru núna stefna alveg til stjórnleysis. Það er hægt að stjórna þessum málum að miklu leyti með uppbótunum, ef það er planlagt. En planlausar uppbætur þýðir planlaus framleiðsla, það þýðir þróun, sem stefnir í vitlausa átt. Það þýðir, eins og hæstv. viðskmrh. var að sýna hérna fram á áðan, að kjötframleiðslan minnkar, mjólkurframleiðslan eykst, offramleiðslan á mjólkurafurðunum eykst, sem við fáum ekki nema 22% fyrir, ef við flytjum út, en kjötframleiðslan, sem við fáum þó 40—60% fyrir miðað við innanlandsverðið, minnkar, og þarna verðum við að þora að setja þannig löggjöf, að sú löggjöf hafi áhrif á, hver þróunin verður í þessum efnum.

Þorum við að hugsa um þetta þannig? Þorum við að gera okkur grein fyrir því, að við verðum að þora að skipuleggja þessa hluti? Ég held, að það dugi ekki annað, ef menn ætla að brjóta þessi mál til mergjar, en kasta svona hugmyndum fram. Ég fann ekki neina stefnuyfirlýsingu fyrir neinna hönd, en ég er að benda á það, sem óhjákvæmilega þarf að ræða í þessum efnum. Menn verða að þora að taka á þessum málum og það hér á Alþ. Hér er staðurinn til þess. Ef menn þora ekki að taka á þessum málum hérna og vilja halda hinni aðferðinni að segja við verkalýðssamtökin og bændasamtökin, að þau komi sér saman um þetta, þá vil ég segja: Látið þið þá þá ráða um leið, hvort ríkið megi fara inn á að kaupa upp jarðir í svo og svo stórum stíl, hvort þeir megi setja löggjöf um þróunina, heppilegustu þróun í þessum efnum í landbúnaðinum og hvort þeir megi ráða, hvernig uppbætur eru og annað þess háttar, og ég er anzi hræddur um, að þegar komið væri að þessu, færi hæstv. fjmrh. nú að segja, að við mættum nú ekki sleppa kassanum alveg við þessi samtök, þótt góð séu. M. ö. o., við skulum ekki reyna að skjóta okkur undan að ræða þessi mál hér á Alþ. og taka ákvörðun um þau hér á Alþ., því að þau hanga öll sömun saman.

Hæstv. landbrh. var að barma sér yfir því, að A.S.Í. hefði slitið þessu. Ég tek undir með hæstv. menntmrh. Það var aldeilis tími til kominn, og það var alveg nauðsynlegt einmitt að knýja fram þá endurskoðun, sem hefur beðið allt of lengi í þessum efnum, að kasta því inn hér á Alþ. að fara að ráða eitthvað við þá röngu þróun, sem er í þessum málum. Hæstv. menntmrh. var að reyna að deila á A. S. Í. í því sambandi, hvort þeir vildu ekki, að neytendur hefðu nein áhrif á verðið. Það er ekki hægt að hafa áhrif á það, sem þarf að gera í landbúnaðinum, með verðlagningunni einni saman. Það þarf að gera það með því að endurskoða alla landbúnaðarpólitíkina frá rótum. Ég býst við, ef A. S. Í. ætti að fá löggjafarvald, eins og ég var að tala um áðan, í þessum efnum, mundi það þora að taka við því. Hitt efast ég um, hvort hæstv. ríkisstj. vill gefa því það. Það er hægt að leysa þessi mál, en það er viðkunnanlegra, að við reynum að leysa þau hér á Alþ. með því að ræða þau og með því að koma okkur niður á, hvað gera skuli, heldur en reyna að koma okkur hjá því að ræða þau með því að biðja bara A. S. Í. og önnur samtök, bændasamtök og önnur að leysa þau. M. ö. o., það þarf marghátta löggjöf héðan frá Alþ. til þess að leysa þessi mál, löggjöf, sem snertir öll svið landbúnaðarins og kemur kannske inn á ýmislegt fleira líka.

Það er það, sem ég vildi leggja áherzlu á. Ég held einmitt, að það, sem hér verði að vera til umr. nú, sé ekki bara þessi brbl., sem hér liggja fyrir, það sé ekki bara, hvort A. S. Í. eða önnur samtök vilja taka að sér að reyna að leysa hluta af þessum málum að nýju, heldur hitt, hvort Alþ. treysti sér til þess að móta landbúnaðarpólitík, og þá kemur náttúrlega fyrsta spursmálið, sem er það, hvort hæstv. ríkisstj. treystir sér til þess að móta nokkra landbúnaðarpólitík. Hún hefur ekki gert það núna í 6 ár, og það er ekki hægt að komast hjá því lengur. Og það er það, sem almannasamtökin í landinu urðu að segja ríkisstj., og þess vegna er þetta mál nú komið hér inn, og það er gott, að svo er.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Ástæðan til þess, að ég fór að kveðja mér hljóðs hér að þessu sinni, var fyrst og fremst sú, að hv. 2. þm. Sunnl. (ÁÞ) var í fundahöldum norður í landi nú þessa s.l. helgi og mun ekki vera kominn til bæjarins og gat því ekki tekið þátt í

umr. hér í dag, sem hann hefði gert að öðrum kosti. Þetta vildi ég láta koma hér fram.

Í framhaldi af þessu vil ég víkja nokkuð að þeim umr., sem hér hafa farið fram, og málinu í heild, og vil ég þá byrja á því að snúa mér að ræðu hv. viðskmrh., sem talaði hér áðan. Um þá ræðu vil ég segja það, að mér fannst hæstv. ráðh. ræða þessi mál með betri skilningi en hann hefur áður gert hér á hv. Alþ., og er ég fús til að viðurkenna það, þegar hann heldur þannig á málum, eins og ég er líka fús til að gagnrýna hann og hæstv. ráðh. aðra, þegar miður tekst.

Ég vil taka undir með hæstv. ráðh., að það er ekki sama, hvernig landbúnaður er rekinn í landinu, og ég efast um, að það sé nokkur maður til í þessu landi, sem álítur, að það sé sama. Það er mjög fjarri því, að mönnum sé það ekki ljóst, að það skiptir verulegu máli, hvernig landbúnaður er rekinn, eins og annar atvinnuvegur í þessu landi. Hins vegar er það svo, að landbúnaður er, eins og aðrir atvinnuvegir, háður þeirri stefnu, sem er ríkjandi í málefnum þjóðarinnar á hverjum tíma.

Hæstv. ráðh. vék að því í ræðu sinni hér áðan, að fjármagnsmyndun landbúnaðarins hefði aukizt verulega, vegna þess að verðlagið hefði hækkað. Þetta er alveg rétt. En ástæðan fyrir því, að verðlagið hefur hækkað á landbúnaðarvöru, er fyrst og fremst sú dýrtíðarstefna, sem er ráðandi hér í landinu og hæstv. ríkisstj. leggur blessun sína yfir. Við vitum, að það er sama, hvað við framkvæmum í þessu landi í dag, framkvæmdin, sem við gerum í dag, er dýrari en hún var í gær, og framkvæmdin á morgun er dýrari en framkvæmdin í dag. Þetta er vegna þess, hvað dýrtíðin vex dag frá degi, og stefna hæstv. ríkisstj. í þessum málum ræður um þennan þátt málsins. Þá er líka það að segja, að síðustu ár hafa verið óvenjulega mikil góðæri í þessu landi, og það hefur gert það að verkum, að framleiðsluaukning í landbúnaði hefur orðið meiri en miðað við meðalárferði í þessu landi, því að það er kunnugt, ekki sízt í mjólkurframleiðslunni, hvað tíðarfarið hefur þar mikil áhrif. Þá er það einnig vitað, að fólki hefur fækkað ár frá ári við framleiðslustörfin í landbúnaði. Þessu hafa bændurnir svarað með aukinni ræktun og aukinni vélvæðingu. Það hefur orðið til þess, að framleiðsluaukningin hefur, þrátt fyrir fólksfækkunina, orðið veruleg. Það er því þessi framleiðsluaukning, sem hefur nú um tíma skapað okkur vandamál í sambandi við mjólkurframleiðsluna, eins og oft á sér stað hjá atvinnuvegum landsmanna. 1960 var fellt gengi íslenzkrar krónu vegna útflutningsframleiðslu. Þá voru það erfiðleikar, sem ekki voru yfirstíganlegir að dómi hæstv. ríkisstj., sem þá réði, nema með því að breyta gengi krónunnar. Og þetta var aftur gert 1961, og sömu rök voru fyrir málinu. Það var talið eðlilegt, að hæstv. ríkisstj. yrði að taka á þessu, og bæði árin 1964 og 1965 hafa verið gerðar sérstakar ráðstafanir hér á hæstv. Alþ. vegna sjávarútvegsframleiðslunnar. Þannig er þetta, eins og vill verða, að hæstv. ríkisstj. verður að taka á vandamálum atvinnuveganna, hvort sem það er landbúnaður, sjávarútvegur eða iðnaður. Nú er það aukning á framleiðslu á landbúnaðarvörum, sérstaklega mjólkurvörunum, sem er vandamál í bili, og það er verkefni hæstv. ríkisstj. að fást við það.

Út af því, sem hæstv. viðskmrh. sagði um þróunina í sambandi við mjólkurframleiðslu og kjötframleiðslu, vil ég taka það fram, að Stéttarsambandi bænda hefur verið það ljóst, að þessi þróun stefndi ekki í rétta átt. Þess vegna hefur það á síðustu árum gert till. um það að breyta verðlaginu þannig að hækka kjötið meira en mjólkurafurðirnar. Og ég tel mig muna það rétt, að síðast þegar landbúnaðarvöruverðlagið fór í gerðardóm, hafi bændur eða fulltrúar þeirra í verðlagsnefnd ekki fengið hækkað kjötverðið eins mikið og þeir fóru fram á á kostnað mjólkurinnar. Hins vegar var það gert í fyrra, og nú var farið eftir till. þeirra um skiptingu milli mjólkur og kjöts.

Mér er kunnugt um það, að veruleg breyting hefur orðið í sambandi við kjötframleiðslu og mjólkurframleiðslu í því héraði, þar sem ég bezt þekki til. Þar hafa kúabú og það jafnvel stór kúabú jafnvel lagzt niður eða kúm verið mjög verulega fækkað, en fénu aftur fjölgað. Þetta tel ég að sé vegna þeirrar stefnu, sem Stéttarsamband bænda hefur fylgt, og bezt að bændurnir geri sér grein fyrir, að þannig muni þetta verða, og sú þróun, sem orðin var, sé ekki æskileg. Þess vegna held ég, að það sé á misskilningi byggt hjá hæstv. ráðh., að mjólkurframleiðslan fari vaxandi. Hún fór vaxandi, en það er stefnubreyting hjá bændunum til að breyta þessu í þá átt, að sauðfénu fjölgi á kostnað nautgriparæktarinnar. Og enn fremur var líka samkv. till. Stéttarsambandsins hækkað verulega nautgripakjöt, til að draga úr hækkun mjólkurinnar, sem var einnig í þá sömu stefnu og ég hef hér sýnt fram á.

Það leiðir af sjálfu sér, að sú breyting, að fólkinu hefur fækkað í sveitunum og því hefur verið mætt með aukinni vélvæðingu og aukinni ræktun, hefur gert það að verkum, að bændurnir hafa orðið að leggja mikið í fjárfestingu, og fjárfestingin hefur verið eitt af undirstöðuatriðum þeirra til þess að færa landbúnaðinn í nútíma form og koma honum inn í þá tækniöld, sem við lifum á. Það er mín skoðun, að einmitt með því að styðja bændur betur í uppbyggingu í stofnkostnaðarframkvæmdum, t.d. með lengri lánum og lægri vöxtum, getum við á þann hátt dregið úr verði á landbúnaðarvöru, því að ef þarf að afskrifa framkvæmdina á 15—20 árum, þarf hærra verðlag en ef þarf að gera það á 25—40 ára tímabili, svo að nokkuð sé nefnt. Ég hef áður lýst því yfir hér á hv. Alþ., að ég telji, að inn á þessa braut verði að fara, og þó að hæstv. landbrh. telji það hlægilegt, er ekkert við það að athuga. Hann byrjaði sinn ráðherradóm á því að stytta lánstímann og hækka vextina. Slíkur var skilningur hans á þessum málum, þegar hann settist í ráðherrastólinn. En hitt er von landbúnaðarins, bæði landbúnaðarins og neytenda í landinu, að sá skilningur komi, að menn átti sig á því, að ódýrari lán til stofnkostnaðar, lengri lán til stofnkostnaðar, skapa lægra verðlag.

Út af því, sem hæstv. viðskmrh. sagði hér í sambandi við verðlagsmálin og kjör bænda og annarra stétta í þjóðfélaginu, sem hann taldi sig vera fylgjandi að væru hliðstæð, þá vil ég taka undir það með honum, að ég hef verið og er fylgjandi því, að neytendur og framleiðendur semji um verðlagið. Það hefur alltaf verið minn skilningur á þessum málum, að eftir því sem samvinnan væri meiri um þetta, eftir því sem þeir kynntust betur

hvorir öðrum, gengi þeim betur að vinna saman, og það væru hagsmunir beggja, að þeir semdu um þessi mál. Hinu hélt hæstv. viðskmrh. fram, að það væri ekki eðlilegt, þegar vel gengi á síldveiðum, vinnutími væri styttur og ákvæðisvinna væri upp tekin, að þá ættu bændur að njóta hagnaðar af því sjálfkrafa, eins og verið hefði með þeirri reglu, sem upp var tekin með viðmiðuninni, sem er úrtak úr framtölum eða tekjum vissra stétta. Þar er því til að svara, að aftur í móti kemur frá hendi bændanna það, að eftir því sem framleiðslan eykst, eftir því á verðlagið að vera lægra. Þess vegna er það, að þeir eiga að njóta vinnutímastyttingar, aukinnar veiði í síldveiði, vegna þess að neytendurnir njóta aftur, þegar framleiðslan eykst frá þeirra hendi. Það er þetta, sem er mótvægið á móti þeim réttindum, sem þeir hafa af því að njóta betri kjara, ef vel gengur hjá öðrum stéttum. Hér finnst mér vera fullkomið samhengi á milli í sambandi við það, að þeir hafi hliðstæð kjör og aðrar stéttir. Og það er jafneðlilegt, að þeir njóti hagnaðar af auknum tekjum viðmiðunarstéttarinnar, eins og neytendurnir af aukinni framleiðslu hjá þeim. — Þá mun ég nú ekki eyða lengri tíma í að ræða um ræðu hæstv. viðskmrh.

Út af ræðu hæstv. landbrh. vil ég nú segja það, að hún var lík þeim, sem áður hafa verið fluttar hér af hendi hæstv. ráðh. Ef framsóknarmenn hafa aðra skoðun á málunum en hæstv. ráðh., eru þeir að æsa gegn honum til óþurftarverka og annað því um líkt. Þetta eru rök hæstv. ráðh., þegar hann talar við samþm. sína. Við erum svo vanir að hlusta á þessi rök frá hæstv. ráðh., að ég held okkur liði ekki vel, ef hann breytti um þau, því að þá værum við þeirrar skoðunar, að það væri eitthvað að hæstv. ráðh., ef hann færi að beita réttum rökum og fella niður svona talshátt. En það, sem ég vildi segja við hæstv. ráðh., er það, að það eru tvö meginatriði í brbl. Í fyrsta lagi er það það, að með þeim eru bændur sviptir samningsréttinum um sitt kaup og sín kjör. Það hefur verið stefnan frá því að Stéttarsamband bænda fékk að hafa áhrif á þessi mál, eftir að Búnaðarráðið sáluga var niður lagt, að bændurnir í landinu ættu að hafa áhrif um sitt kaup og sín kjör, eins og aðrar stéttir. Og það hefur verið stefnan hér í okkar þjóðfélagi á síðari árum að auka þessi áhrif, en ekki hið gagnstæða. Þess vegna var opinberum starfsmönnum fenginn samningsréttur að sínum launakjörum nú fyrir nokkrum árum, eins og öðrum starfsmönnum eða þegnum þessa þjóðfélags, vegna þess að það var talið eðlilegt, að þeir sem aðrir hefðu þar nokkuð um að segja. En með brbl. er þetta, sem er meginatriðið í starfsemi Stéttarsambands bænda og var meginatriðið í framleiðsluráðslögunum, því fellt í burtu. Bændurnir eiga ekki samkv. þeim að hafa áhrif á sín kjör við verðlagninguna að þessu sinni. Hitt skiptir ekki máli í þessu sambandi, hvort þeim embættismönnum, sem unnu verkið, hafi tekizt að komast nokkuð á þá braut, sem Stéttarsambandið lagði. Hitt er þó augljóst, og það kom fram hér í ræðu hæstv. viðskmrh., að það, sem vantar til þess, að bændurnir nái svipuðum kjörum og aðrir, er vinnutímastyttingin, sem varð með kjarasamningunum í vor. Hitt, sem er meginatriði í löggjöfum og skiptir verulegu máli, er það, sem hæstv. viðskmrh. vék hér að áðan um viðmiðunarstéttirnar og úrtakið, það er fellt niður og því vildi hæstv. ráðh. halda fram, að með því móti hefði hann verið að hugsa sér að snúa á neytendurna í landinu. Nú má hann túlka þetta eftir vild, það skiptir ekki máli. Hitt er aðalatriðið, að hér var um að ræða það atriðið, sem hefur tryggt bændastéttinni betur en önnur að miða sín kjör við aðrar stéttir í þjóðfélaginu, og þess vegna, ef það er tekið í burtu, þá fer eins og fór í haust, að t.d. vinnutímastyttingin féll algerlega niður. Þess vegna er hér um tvö meginatriði að ræða í framleiðsluráðslögunum, og það er gleðilegt út af fyrir sig, að þau gilda ekki nema í þetta eina skipti, því ef stefna þeirra ríkti áfram við verðlagninguna í landbúnaðarmálum, væri búið að kippa grunninum undan starfsemi Stéttarsambands bænda og þar með félagslegu stéttarstarfi bændanna í landinu. Nú er það ekki mín trú, þó að ég hafi nú takmarkaða trú á hæstv. landbrh., að hann vilji leggja þessi félagssamtök að velli. En ég vil þá segja það að lokum, að hann þarf þá betur að vanda til sinna verka í sambandi við félagsréttindi bændastéttarinnar en hann gerir með þessum brbl., næst þegar hann fer af stað í svipaða átt.

Umr. frestað.

Á 10. fundi í Nd., 2. nóv., var enn fram haldið 1. umr. um frv.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Ég álít, að það sé vel farið, að talsverðar umr. verði um landbúnaðarmálin við 1. umr. þessa máls, að menn reyni að glöggva sig sem mest á ýmsum mismunandi atriðum, sem þar koma til greina, og það ætti jafnframt að geta orðið gagnlegt til þess að hægt væri að finna sæmilega lausn á því máli, sem hér liggur fyrir. Alþ. hefur hingað til borið gæfu til þess að ná samkomulagi um skipan þessara mála, og það er æskilegt, að svo verði áfram, þó að nokkuð hafi borið út af leið að þessu sinni. En þrátt fyrir þá ágalla, sem á því skipulagi hafa verið, sem gilt hefur um þessi mál fram að þessu, hygg ég, að um það fyrirkomulag megi samt segja, að ekki sé líklegt, að annað fyrirkomulag reynist betur, og þess vegna ber að sjálfsögðu að stefna að því og að því ber að vinna hér á Alþ., að því skipulagi eða því fyrirkomulagi, sem verið hefur á þessu máli að undanförnu, verði haldið áfram í einhverju formi.

Það, sem gaf mér ástæðu til þess að segja hér nokkur orð, var ræða hæstv. viðskmrh., sem hann flutti hér í gær og fjallaði um útflutningsuppbætur á landbúnaðarvörum og sitthvað fleira. Ég er alveg sammála hæstv. viðskmrh. um það, að útflutningsuppbæturnar eru að verða mjög alvarlegt vandamál og landbúnaðarmálin að mörgu leyti yfirleitt. Þess vegna er vel þess vert að gera sér grein fyrir því, hver sé ástæðan til þess, að þessi vandi hefur svo mjög farið vaxandi allra seinustu árin og er miklu meiri í dag en hann hefur nokkru sinni áður verið. Hverjar eru meginástæðurnar til þess, að svona er komið? Hæstv. ráðh. nefndi sérstaklega tvær ástæður, sem væru þess valdandi, að þessi vandi hefði farið vaxandi á undanförnum missirum. Þær ástæður, sem hann nefndi, voru í fyrra lagi þær, að framleiðslukostnaður hefði farið vaxandi og þar með hefði bilið aukizt, sem er á verðlagi landbúnaðarvara

hér og verðlagi þeirra erlendis. Þessi ástæða er alveg rétt, og ég mun víkja nokkru nánar að henni síðar. Hin ástæðan, sem hann minntist á, var sú, að framleiðsla mjólkurafurða hefði aukizt meira á undanförnum árum en kjötafurðanna. Og það er rétt, að þetta er nokkur orsök í þeim vanda, sem hér hefur skapazt. Og það er rétt að athuga það nokkru nánar hér á eftir, hver er aðalástæðan til þess, að þessi vandi hefur aukizt.

Ég kem þá að fyrri ástæðunni, sem hæstv. ráðh. minntist á, sem er sú, að framleiðslukostnaður hefur aukizt í landinu á undanförnum árum og þess vegna hefðu útflutningsuppbæturnar farið mjög hækkandi. En hver er ástæðan til þess, að framleiðslukostnaðurinn hefur aukizt svona gífurlega á undanförnum árum? Ástæðan er sú, að ríkisstj. hefur haft miklu minna taumhald á efnahagsmálunum en nokkru sinni fyrr. Hún hefur svo að segja gefið bæði verðbólgunni og dýrtíðinni lausan tauminn tvö síðustu árin, eða síðan núv. forsrh. tók við stjórninni. Verðbólgan hefur aldrei aukizt eins gífurlega og á þessum tíma, vegna þess að það hefur ekkert verið reynt til þess af hálfu stjórnarvaldanna að hamla gegn henni, og það hefur að sjálfsögðu haft sín áhrif á framleiðslukostnaðinn í landinu. Ég ætla aðeins að nefna eitt dæmi, sem sýnir það, hve gífurlega framleiðslukostnaðurinn hefur aukizt tvö seinustu árin af völdum verðbólgunnar og stjórnleysi hæstv. ríkisstj. Ég ætla að taka vísitölu byggingarkostnaðarins sem dæmi.

Vísitala byggingarkostnaðarins var sett frá 1. okt. 1955. Þá var sett talan 100. Á fyrstu 8 árunum, sem þessi *vísitala gilti, þ.e. frá 1. okt. 1955 og til 1. okt. 1963,* hækkaði hún um 83 stig, eða til jafnaðar um 10 stig á ári. Þessi hækkun vísitölu byggingarkostnaðar gefur nokkra hugmynd um þróun framleiðslukostnaðarins í landinu á þessum tíma. En hver hefur svo þróunin orðið eða öfugþróunin í þessum efnum síðan 1. okt. 1963? Á þeim 2 árum, sem síðan eru liðin, hefur vísitala byggingarkostnaðarins hækkað hvorki meira né minna en um 65 stig, eða um 32 stig á ári. M.ö.o., byggingarkostnaðurinn hefur aukizt þrisvar sinnum meira á þessu tveggja ára tímabili en hann gerði á 8 ára tímabilinu á undan. Þetta er lítið dæmi um afleiðingu þess, að hæstv. ríkisstj. hefur gefið verðbólgunni og dýrtíðinni alveg lausan tauminn. Afleiðingin hlýtur að verða hjá landbúnaðinum eins og öðrum atvinnugreinum sú, að hann verður að fá hærri borgun fyrir sínar afurðir. Og þetta er meginástæðan til þess, að landbúnaðurinn hefur þurft að fá miklu meiri uppbætur á þær vörur, sem hafa verið fluttar úr landi, en áður þurfti. Framleiðslukostnaðurinn hefur aukizt gífurlega, en það stafar af því, að hæstv. ríkisstj. hefur á þessum tveimur árum gefið verðbólgunni miklu lausari taum en nokkru sinni fyrr. Það er þess vegna fyrst og fremst verk hæstv. ríkisstj., hve gífurlega útflutningsuppbæturnar á landbúnaðarvörum hafa aukizt á þessu tímabili. Það er afleiðing af þeirri stefnu eða því stefnuleysi, sem hún hefur fylgt í efnahagsmálunum. Ef það hefði tekizt á þessum tíma að halda verðlaginu nokkurn veginn stöðugu og hamla gegn verðbólgunni og dýrtíðinni, hefðu að sjálfsögðu þær útflutningsuppbætur, sem nú hefur þurft að greiða á landbúnaðarvörur, orðið *miklu minni en þær þurfa að verða á þessu og næsta ári.* Það er þess vegna sök ríkisstj. fyrst og fremst eða þeirrar stefnu, sem fylgt hefur verið í efnahagsmálunum, hve gífurlega þessar uppbætur hafa aukizt af þessari ástæðu.

Ég kem þá að hinni ástæðunni, sem á verulegan þátt í aukningu útflutningsuppbótanna, eins og hæstv. ráðh. benti á, en það er að framleiðsla mjólkurvara hefur aukizt tiltölulega meira á undanförnum árum en kjötvaranna. Hver er meginástæðan til þess, að þessi öfugþróun hefur átt sér stað? Sú ástæða er einnig fólgin í stjórnarstefnunni. Um nokkurra ára skeið var það stefna stjórnarvaldanna að halda verðlaginu á kjötvörunum niðri, en láta bændur fyrst og fremst fá hækkun afurðaverðsins í hækkun mjólkurafurðanna. Þetta var gert vegna þess, að á þessum árum voru svo að segja eingöngu fluttar út kjötafurðir, og það þurfti að uppbæta þær úr ríkissjóði. Til þess að þessar uppbætur yrðu sem lægstar, var verðinu á kjötafurðunum haldið niðri, en verðið á mjólkurafurðunum látið hækka. Afleiðingin af þessu var að sjálfsögðu sú, að bændur drógu heldur úr sauðfjárræktinni, en juku nautgriparæktina. Það var Stéttarsamband bænda, sem hóf fyrst baráttu fyrir því að fá þessu breytt, og fyrir skelegga baráttu þess hefur sú breyting á orðið í fyrra og aftur nú í ár, að verð kjötvaranna hefur verið hækkað tiltölulega meira en mjólkurafurðanna. Og í framhaldi af þessu er líka að verða nú eins og hæstv. landbrh. hefur bent á, breyting í rétta átt í sveitum landsins. Sérstaklega hygg ég, að það sé áberandi á þessu hausti, að það hefur víða verið dregið úr nautgriparæktinni, en sauðfjárræktin aukin, þannig að það má búast við, að vegna þeirra breytinga, sem hér hafa fengizt fram fyrir atbeina Stéttarsambands bænda, þróist þetta í eðlilega átt og það þurfi ekki að óttast þetta atriði eins mikið og áður.

En eftir stendur þá eitt atriði, hvort tekst að stöðva hækkun framleiðslukostnaðarins í landinu, og það veltur að sjálfsögðu á því, hver stefna stjórnarvaldanna verður í þessum efnum. Ef haldið verður áfram í þeim efnum eins og gert hefur verið á tveimur undanförnum árum, og aðra ályktun má ekki draga af þeirri yfirlýsingu, sem hæstv. forsrh. las hér nýlega upp á hæstv. Alþ., verður afleiðingin að sjálfsögðu sú, að meðan einhverjar landbúnaðarvörur eru fluttar út, halda útflutningsuppbæturnar áfram að vaxa af völdum stjórnarstefnunnar í landinu. Eina leiðin til að lækna þessa meinsemd og koma í veg fyrir hana er vitanlega sú að taka upp nýja stjórnarstefnu, aðra og ábyrgari en þá, sem nú er fylgt, stefnu, sem miðar að því að vinna gegn verðbólgunni og dýrtíðinni, en ekki að gefa henni sem allra lausastan taum, eins og hefur verið stefna hæstv. ríkisstj. að undanförnu. Ég tek undir það með hæstv. viðskmrh., að hin mikla hækkun útflutningsuppbótanna á undanförnum árum, sérstaklega 2 seinustu árum, er mikið vandamál, en það er vandamál, sem röng stjórnarstefna hefur fyrst og fremst skapað, en bændurnir eiga ekki neinn þátt í. Bændurnir hafa einmitt hjálpað til þess að leiðrétta það, sem þeir hafa getað leiðrétt, að skapa jafnvægi á milli verðlags kjötvara og mjólkurvara og ríkisstj. og þeir aðilar, sem um þessi mál fjalla, hafa loksins látið þar undan, svo að þar stefnir nú heldur í rétta átt. En eftir stendur hitt, eins og *ég áðan sagði, að ríkisstj. taki upp nýja stefnu í efna-*

hagsmálunum, sem komi í veg fyrir það, að framleiðslukostnaðurinn hækki og útflutningsbæturnar af völdum þess.

Mér fannst rétt að láta þetta koma fram hér í tilefni af ræðu hæstv. viðskmrh., að sá vandi, sem hann talar um og kvartar undan, á fyrst og fremst rætur sínar í rangri stjórnarstefnu, en stafar ekki að neinu leyti af því, hvernig bændurnir hafa haldið á þessum málum.

Ég ætla svo ekki að ræða þetta atriði öllu meira. En mér finnst rétt í tilefni af þeim umr., sem hér hafa farið fram um afstöðu A.S.Í. í sambandi við þessi mál, að segja nokkur orð, og vil ég þá fyrst láta koma fram, að það var ekki samstaða í stjórn A.S.Í. um þá afstöðu, sem tekin var. 3 fulltrúar, sem þar áttu sæti, greiddu atkv. gegn þeirri till. meiri hl., að A.S.Í. hætti að eiga aðild að 6 manna n. Ég hygg, að það hafi gilt um þá eins og marga aðra meðlimi A.S.Í., að þeim hafi komið þessi afstaða nokkuð á óvart. Þetta skipulag er búið að gilda í nokkuð mörg ár, eða nærri því í tvo áratugi, án þess að ég minnist þess, að því hafi nokkru sinni verið hreyft á Alþýðusambandsþingi eða í einstökum verkalýðsfélögum, að alþýðusamtökin ættu ekki að eiga aðild að þessari n. og ákvörðun afurðaverðsins. Það hefur þvert á móti komið fram á Alþýðusambandsþingum og í hinum ýmsu verkalýðssamtökum, að leggja bæri áherzlu á það, að verkalýðshreyfingin hefði sem bezta aðstöðu til þess að fylgjast með verðlagningunni í landinu og hafa áhrif á hana og að sjálfsögðu hvað snertir þessar vörur eins og aðrar. Þess vegna hygg ég, að mörgum innan A.S.Í. hljóti að finnast það, að með því að draga sig úr þessari verðlagsnefnd hafi meiri hl. A.S.Í.-stjórnarinnar markað allt aðra stefnu en þá, sem alþýðusamtökin hafa raunverulega fylgt á undanförnum árum og hefur verið fólgin í því að fá sem mesta þátttöku í verðlagningarmálunum.

Því hefur verið haldið fram af hálfu þeirra, sem túlka málstað meiri hl. Alþýðusambandsstjórnarinnar, að hún hefði ekki viljað semja sérstaklega við bændur um þetta mál og þessum tveimur aðilum væri teflt saman eins og andstæðingum, en ég held, að þessi röksemd sé ekki rétt, þegar nánar er að gætt. Það á að stefna að því, að það verði sem bezt samstarf og samstaða milli þessara aðila, en hún getur því aðeins náðst, að þessir aðilar komi saman til að leysa þau mál, sem eru erfiðust í þeirra sambúð, en það eru einmitt verðlagsmálin, því að ef það tekst ekki milli launþegasamtakanna og bændasamtakanna að jafna ágreininginn, sem kann að verða á því sviði, tekst ekki heldur að halda uppi samstarfi á öðrum sviðum. Það er fyrst og fremst þessi þröskuldur, sem þessir aðilar þurfa að komast yfir til þess að geta haldið uppi góðu samstarfi, og þess vegna eiga þeir að vinna saman í slíkri n. sem þessari, en ekki eiga það undir öðrum, hver framvindan verður í þeim málum. Frá því sjónarmiði, að koma megi á góðu samstarfi milli bændasamtakanna og verkalýðssamtakanna, tel ég, að þessi afstaða meiri hl. Alþýðusambandsstjórnarinnar sé röng. Ég vil líka vænta þess, að A.S.Í. og þá sérstaklega meiri hl. þess, meiri hl. A.S.Í.-stjórnarinnar, fari aftur inn á þá braut, sem verkalýðssamtökin hafa raunverulega alltaf markað, þ.e. að þessi samtök hafi aðstöðu til þess að hafa sem mest áhrif á verðlagninguna í landinu, en það sé ekki horfið að því ráði að draga sig þar í hlé.

Í sambandi við það, sem hv. 5. þm. Vestf. sagði hér um dreifingarkostnað landbúnaðarafurða, er ekki nema sjálfsagt, að verkalýðssamtökin reyni að fylgjast með honum, en það tel ég hins vegar tæplega rétta stefnu af þeirra hálfu að ætla að gera dreifingarkostnað landbúnaðarvaranna að einhverju aðalatriði í verðlagsmálunum, en láta hitt frekar þá mæta afgangi, hvernig verðlagningu annarra vara, sem seldar eru í landinu, er háttað. Ég hygg, að þó að það kunni að vera þörf á að fylgjast með því, hvernig verðlagningu landbúnaðarvara er háttað og hvernig dreifingarkostnaðinum þar er háttað, sé þó enn þá ríkari ástæða fyrir verkalýðssamtökin að athuga betur, hvernig mörgum öðrum dreifingarkostnaði og sölukostnaði í landinu er háttað og það sé frekar hægt að finna einhverjar gullnámur þar en í sambandi við dreifingarkostnaðinn á landbúnaðarvörunum.

Í framhaldi af því, sem ég nú hef sagt, vil ég vænta þess, að þetta mál geti fengið þá meðferð í þinginu og utan þingsins, að aftur takist að koma á því samstarfi milli bænda og launþegastéttanna, sem verið hefur að undanförnu, þó að það hafi fallið niður nú í eitt ár. Ég er alveg sannfærður um það, að þrátt fyrir ýmsa ágalla, sem á því má finna, er það eigi að síður það heppilegasta skipulag, sem hægt er að hafa á þessum málum.

Björn Pálsson: Herra forseti. Það hafa nú orðið miklar umr. um þessi brbl., og málið hefur verið rætt á breiðum grundvelli. Þetta er vafalaust ekki að ástæðulausu, en hvað þessi lagaákvæði snertir, sé ég fyrir mitt leyti ekki ástæðu til þess að gera mikið veður út af því. L. virðast ekki eiga að ná nema til ársins 1965—1966, og það er því aðeins um eitt ár að ræða, að mér skilst. Og mér hefur einnig skilizt á ráðh., að þetta sé aðeins til eins árs og verði að finna einhverjar aðrar samkomulagsleiðir. Ég sé því ekki, að það sé mikil ástæða til þess að deila um þessi brbl., vegna þess að þau byggjast í raun og veru á þeim grundvelli, sem lagður er árið 1964.

Ég held, að bændur séu ekki almennt óánægðir yfir verðinu í ár. Ég skal játa, að það var dálítið örðugt fyrir bændur á árunum 1961—1962 og jafnvel 1963, einkum þá, sem voru að hefja búskap, en þetta lagaðist mikið á árinu 1964 og einnig í ár, þannig að ég fyrir mitt leyti a.m.k. er ánægður með það verð, sem er á landbúnaðarvörunum, og ég hygg, að frá sjónarmiði þjóðfélagsins megi það ekki hærra vera.

Við sögðum það í stjórnarandstöðunni árið 1960, bæði ég og aðrir, að með þeirri miklu gengislækkun, sem þá var og að mínu áliti var of mikil, og með þeirri vaxtahækkun, sem var þá gerð, mundi ríkisstj. velta þeim steini á stað, sem hún mundi eiga örðugt með að stöðva, og þetta hefur rætzt. Verðbólgan hefur e.t.v. aldrei verið meiri en nú s.l. ár. Húsaverð hefur um það bil tvöfaldazt hér í Reykjavík á um það bil 5 árum, og einn af þeim liðum, sem kom inn í verðlagningu landbúnaðarafurða, eru vextirnir og hann hefur stórhækkað, þannig að ég er ekki að halda því fram, að bændur fái ekki á margan hátt hagstæðari kjör og meira fyrir vinnu sína en þeir fengu, og það byggist fyrst og fremst á kaupgetu fólks í kauptúnunum, af því að sjávaraflinn

hefur verið svo mikill. En það, sem drýgstan þátt á í þessum miklu verðhækkunum, er verðbólgan. Húsaverðið og vaxtagreiðslurnar og þenslan, of mikil eftirspurn eftir vinnu, þannig að mikið af vinnunni er selt á svörtum markaði við alls konar þjónustu. Þetta ýtir allt undir þær kröfur, sem bændur gera, og hækkar það verð, sem þeir þurfa að fá til að geta lifað sómasamlegu lífi.

Hæstv. menntmrh. sagði, að það væri í engri íslenzkri atvinnugrein meiri þörf á breytingum á vinnuhagræðingu en í landbúnaðinum. Fyrir 1—2 áratugum var deilt á bændurna fyrir það, að þeir hefðu ekki nóga tækni, það væri of dýr hjá þeim framleiðslan, framleitt of lítið. Nú er orðin gerbreyting á þessu, þannig að bændurnir hafa tekið tæknina í þjónustu sína, og hún hefur verið ákaflega ör, svo að það er furðulegt, hve mikil stórvirki þeir hafa gert á því sviði, enda eru margir bændur farnir að hafa mjög stór bú miðað við þá vinnu, sem í þau er lögð. En þá kemur að því, að framleiðslan er það mikil, að það þarf að flytja hana út, og þá kemur dýrtíðin til sögunnar. Það verður mikill munur á því verði, sem bóndinn þarf að fá, og því verði, sem hægt er að fá fyrir hana ytra.

Það er viðurkennt af öllum, að það sé of mikil mjólkurframleiðsla. Ég hygg, að bændur viðurkenni það líka. Það sé óhagstætt verð á mjólkurafurðum, ef þær eru fluttar út, og hagstæðara með sauðfjárafurðir. Einkum hafa fulltrúar Alþfl. talað um þetta. Við höfum verið að tala um það milli okkar, bændurnir, hvernig stæði á því, að þeir væru svona hávaðasamir um þetta, en lítið væri gert hjá ríkisstj. til þess að laga þetta, og sannleikurinn er sá, að það er ómögulegt fyrir einstaka bændur að hafa endanleg áhrif á þessu sviði. Það verður að gerast í samráði við bændasamtökin og með aðstoð ríkisstj., því að það er ekki hægt að framkvæma neitt nema það hafi einhverja stoð í l. Og þegar bændurnir spjalla saman, eru þeir að geta sér þess til, að ráðh. Alþfl. séu svona hávaðasamir um þetta m.a. til þess að fá atkv. í kaupstöðunum og þá einkum frá samstarfsmönnum sínum, sjálfstæðismönnum, og satt að segja finnst mér það nú ekki rétt gert af þeim að vera mjög hávaðasamir um þetta, því að þeir eru vel aldir hjá sjálfstæðismönnum og ættu að vera þeim þakklátir, en kálfar launa sjaldan ofeldið, og eftir því sem meira er látið eftir einstaklingum og stéttum, eftir því krefjast þær meira.

Ég álít, að bændur hafi með vinnuhagræðingu gert fullkomið stórvirki. Hún er ákaflega ör hjá þeim, og má kannske deila um, hvort hún er ekki allt of ör, því að þetta er orðið eins með landbúnaðinn og er hjá skipstjórunum okkar. Ef eitthvað nýtt kemur hjá einum bónda, finnst öðrum hann endilega þurfa að fá sömu tækin. Og t.d. hefur verið svo ör breyting, bæði með múgavélar og áhöld til þess að koma inn heyjum, að það, sem þótti ágætt fyrir 5 árum, þykir ekki hentugt nú, þannig að það má deila um það, hvort þetta er nógu vel skipulagt, hvort það er nógu vel rannsakað í byrjun, hvaða tæki eru hagkvæmust, svo að ekki þurfi að endurnýja þau kannske á fárra ára fresti, sem er allt of dýrt. En þetta nær til fleiri stétta en bændanna. Þetta nær bæði til iðnaðar og sjávarútvegs, og það er ekki hægt að skipuleggja svona nema ríkisstj. hlutist til um, að það sé gert beint eða óbeint. En það er yfirleitt ekki deilt um það. Það er ekki hagkvæmt fyrir okkur að framleiða meira mjólkurmagn en við þurfum að nota sjálfir, og þá er að finna leiðina til þess að gera það, og það getur enginn gert þau átök, sem gera þarf, nema þeir, sem með völdin fara í landinu í því efni.

Persónulega álít ég, að það séu þrjár leiðir til. Í fyrsta lagi er það að hafa hagstæðara verð á sauðfjárafurðum, en ég álít það bara ekki réttláta leið, því að vitanlega þurfa þeir, sem framleiða mjólkina, að búa við hliðstæð kjör og hinir. Ef á að ganga svo langt í því efni, að mjólkurframleiðendunum fækki, er búið verr að þeim bændum, sem mjólkina framleiða. Bændur gera allt of mikið af því að tala um brúttótekjurnar. Þegar bændur hittast, er það yfirleitt, að þeir tala um, hve miklar brúttótekjur þeir hafa, en sjaldan um nettótekjur. Nú ætti þetta að breytast að því leyti til, að bændur ættu að setja metnað sinn í það að hafa sem mestar nettótekjur, en ekki brúttótekjur, því að það er hrein heimska að strita og erfiða allt árið og hafa eiginlega engar nettótekjur. Hagsýnin kemur fram í því að haga sínum rekstri það skynsamlega, að nettótekjurnar verði sem mestar. Brúttótekjur eru aukaatriði í því efni, og ég held, að íslenzkir bændur hafi hugsað of mikið um það að auka brúttótekjur í stað þess að reyna að reka atvinnuna með hóflegum kostnaði, þannig að nettótekjur gætu orðið meiri. Þetta er ákaflega misjafnt, en það eru einmitt ýmsir af stærri bændunum, sem ekki athuga það, að hreinar tekjur búsins eru ekki alltaf í hlutfalli við stærðina. Ríkisstj. hefur gengið á undan við að reka stórbú og það án nokkurs hagnaðar. Það eru einhver stærstu bú landsins rekin á vegum ríkissj., og það er venjulega halli á þeim, og þó er þessum mönnum lagt allt upp í hendurnar, jarðirnar, vélarnar og húsin. Bóndinn verður að borga þetta sjálfur.

Fyrsta leiðin, sem ég hef getið um, er að hafa hagstæðara verð fyrir sauðfjárafurðirnar. Ég geri ráð fyrir, að hún sé í raun og veru hafin nú. Ég geri ráð fyrir, að nú sé hagkvæmara að hafa sauðfé á þeim jörðum, þar sem skilyrði eru góð til þess. En þá kemur það ranglátlega niður á þeim, sem mjólkina framleiða. Áður fyrr var hagstæðara að framleiða mjólk, en þeir, sem sauðfé höfðu, gerðu þó of mikið úr þessum mismun, því að það er þannig, að margur hyggur auð í annars garði, og ég held, að þeir hafi staðið í þeirri meiningu, að það væri ekki hægt að búa nema hafa eitthvað af nautgripum. En ég held, að þeir hafi litið of björtum augum á það. Þó hygg ég það, að fyrr á árum hafi verið hagkvæmara að hafa kýr. En þetta er áreiðanlega breytt nú. Ef á að framkvæma það að hafa mjólkurverðið það óhagstætt, að bændur fari meira og meira inn á sauðfjárræktina, kemur það ranglátlega niður við þá, sem framleiða mjólk að mestu eða öllu leyti.

Önnur leiðin væri sú að takmarka fóðurbæti. Við vitum, að mikið af þeirri mjólk, sem framleidd er í landinu, er framleidd á fóðurbæti. Það er keypt korn frá Ameríku, og svo er gefið karfamél og síldarmél og fiskimél, innlent efni, sem við gætum komið í erlendan gjaldeyri. Það er rétt, sem hæstv. viðskmrh. hefur haldið fram, að þetta er óhagkvæmt fyrir þjóðarbúið. En það eru ýmsir örðugleikar á því að skammta fóðurbætinn, og ég efast um, að ríkisstj. vilji fara þá leið.

Þriðja leiðin, sem ég hef séð, er það að reikna hreinlega út, hvað mikla mjólk þarf að framleiða í landinu svona um það bil. Það er ómögulegt að reikna það nákvæmlega. Reikna út, hve mikla mjólk þarf að framleiða til þess að það sé nægileg framleiðsla fyrir þjóðina og skipta því svo á milli héraða í samráði við bændasamtökin eða láta þau annast um það og héruðin skipti því svo innbyrðis á milli einstaklinganna, þannig að hverjum bónda yrði tilkynnt í byrjun ársins eða árið áður, hve mikið mjólkursamlögin tækju af honum af mjólk. Hann miðaði þá búrekstur sinn við það. Þá gæti hann gert það upp við sig, hvort hann vildi framleiða þessa mjólk nær eingöngu á heyi eða kaupa meiri og minni fóðurbæti. Og ég er sannfærður um, að með því móti mundu menn fara að reyna að framleiða það mjólkurmagn, sem þeir framleiddu eins ódýrt og þeir gætu. Vitanlega yrði þá sett bremsa á stærstu mjólkurframleiðendurna, sem í flestum tilfellum framleiða mjólkina að meira og minna leyti með fóðurbæti.

Ég hef ekki komið auga á nema þessar þrjár leiðir. Hver farin er, getur verið ágreiningsmál, og vafalaust eru sumir á móti því að gera nokkurn hlut til þess að hindra eða takmarka þessa mjólkurframleiðslu. En mín skoðun er sú, að ranglátasta leiðin sé að gera verðmuninn mikinn, þannig að afkoma þeirra, sem búa við kýr, verði lakari en hinna. Ég er ekki að segja, að hún eigi að verða betri. Það er bezt, að það héldist sem mest í hendur. Það verður ekkert af þessu framkvæmt nema það eigi einhverja stoð í 1., og ríkisstj. þyrfti beint eða óbeint að standa að því. Þess vegna er það það sanna í málinu, að það þarf ekki fyrst og fremst að framkvæma vinnuhagræðingu hjá bændum eingöngu, heldur þarf ríkisstj. að hagræða vinnubrögðum hjá sjálfri sér.

Ég skal játa það, að búin eru misstór og sum eru of lítil, en ég hygg líka, að sum séu að verða of stór, bóndinn leggi of mikið að sér og e.t.v. fari meira forgörðum af ýmsu, það sé ekki hægt að nota nóga hirðusemi við búreksturinn fyrir það, hve búin eru stór. Ég hef athugað það í erlendum ritum, að minnstu búin eru að hverfa, t.d. í Danmörku og mörgum öðrum löndum. Þessir litlu blettir eru að hverfa með aukinni véltækni, en stærstu búin stækka ekki, heldur eru það meðalbúin. Ég hygg, að við ættum að fara inn á þá leið, að miða við það, að einn maður hefði nægilegt að gera, hafa búin ekki minni en það, nægilegt að gera að vetrinum. Vafalaust eru ýmsar jarðir ekki stærri en það eða það litlar, að þær leyfa ekki að hafa það stórt bú, að einn maður hafi nóg vetrarverk. Og þá álít ég, að annað hvort verði að sameina þær öðrum jörðum, ef skilyrði eru fyrir því, eða leggja þær niður. En svo vitum við, að það eru heil héruð, þar sem ekki er nema lítið ræktað, og þar er hægt að fjölga býlunum.

Ég kom einu sinni með frv. um það fyrir 2—3 árum, að verð á landbúnaðarafurðum yrði miðað við það, að aukin framleiðni eða stækkun búanna kæmi að hálfu leyti að notum fyrir bóndann og að hálfu leyti fram í lækkuðu verði til neytendanna. Þessu frv. var aldrei skilað úr n. En sannleikurinn er sá, að ef við fengjum fastan grundvöll eða verðbreytingarnar væru ekki svona örar eða verðbólgan svona ör og við gætum fengið einhvern fastan grundvöll til að standa á, væri þetta langsanngjarnasta leiðin. En þessi leið hefur ekki verið farin, heldur hafa verið tekin stór stökk upp á við í krónutölu bæði 1964 og nú 1965. Hvar það endar, gefur auga leið, ef þessu heldur áfram, því að allar verðhækkanir innanlands hljóta fyrr eða síðar að lenda á útflutningsframleiðslunni, þær geta ekki lent annars staðar. Það er bara svo tiltölulega lítið flutt út af landbúnaðarafurðum, en það kemur fram í hækkuðum niðurgreiðslum eða þá hækkuðu söluverði á kjötinu innanlands, en meginþunginn af allri þessari verðþenslu hlýtur að lenda á sjávarútveginum, og það eina, sem hefur bjargað því, að bátaútvegurinn, fiskibátarnir hafa ekki algerlega stöðvazt, er það, að verðið hefur farið hækkandi, og þó eiga þeir flestir mjög örðugt, sem ekki hafa hagnað af fiskvinnslu. Og ef þessi verðbólga heldur áfram, hlýtur að reka að því, að sjávarútvegurinn þarf að fá styrk. Hæstu síldarskipin hafa flotið, vegna þess að aflinn hefur verið óvenjulegur, þau hafa getað staðið í skilum, en þau, sem minna afla, geta það ekki. Þá þarf sjávarútvegurinn að fá styrk, og þá erum við komnir inn á það, sem gerðist 1960 og 1950, það kemur ný gengislækkun, því að þó að gengið sé skráð eins og það var 1961, vitum við, að það er miklu minna hægt að fá fyrir hverja krónu nú en þá, vegna þess að allt, sem við þurfum að kaupa, er hærra.

Skattarnir eiga nú sinn þátt í því að hækka landbúnaðarvörur. Það er borgaður af hverjum kjötbita, sem við kaupum, söluskattur. Það er borgað 2% í sjóði til Stofnlánadeildarinnar og brot af prósenti til þess að reisa hótel hér, svo að Reykvíkingar og erlendir ferðamenn geti dansað og skemmt sér og drukkið vín. Og þetta hækkar allt. Þetta er um 10%, þannig að skattahækkanir eiga sinn þátt í því að auka verðbólguna. Þess vegna, þó að það sé sagt, að fólkið fái þetta beint eða óbeint af þessum ríkistekjum, er þetta allt saman upp á við. Fólkið fær í gegnum tryggingarnar fleiri hundruð millj., en hækkuð tryggingagjöld hækka skattana og hækkuð framlög frá ríkissjóðnum, og það hækkar þess vegna í krónutölu allt verðlag í landinu, þannig að það er ekki eingöngu hægt að segja, að það sé óhagsýni bænda að kenna, þó að þurfi að breyta þeirra vinnubrögðum. Það eru fleiri, sem þurfa að breyta sínum vinnubrögðum.

Ég skal játa það, að það er sjálfsagt fyrir bændur að leggja áherzlu á að reyna að reka atvinnuveg sinn á sem hagkvæmastan hátt, og það er borgaraleg skylda þeirra og í raun og veru borgaraleg skylda allra að reyna að stuðla að því, að hlutirnir gangi sem bezt. Þess vegna get ég ekki tekið undir það, sem hv. 5. þm. Vestf. var að tala um, að það væri — hann orðaði það víst þannig, að það væri bændum til skammar, það væri aumingjaskapur af bændum að hafa þolað gerðardómslög. Ja, hvernig á að fara að, ef ekki næst samkomulag? Það nær til fleiri en bænda. Hvernig í ósköpunum á að leysa vandann? Nú er það þannig með flestar stéttir, þarf ekki nema kokka á skipum, eitthvað svoleiðis. Vinnuskiptingin er orðin það mikil, að það eru meiri eða minni vandræði í þjóðfélaginu, ef ekki næst samkomulag. Hvernig í ósköpunum á að fara að, ef ekki næst samkomulag? Hann lét líka orð falla, þessi hv. þm., á þá leið, — hann var þá að ávíta, skildist mér, stjórn mjólkursamtakanna hér á Suðurlandi fyrir að

hafa gengið í Vinnuveitendasambandið. Ég álít, að það væri ástæðulaust fyrir þá að gera það, en hann orðaði þetta þannig, að þeir hefðu gengið inn í fjandmanna raðir þeirra. Ég get ekki tekið undir þetta heldur. Ég held, að það geti ekki gengið vel í þjóðfélagi, ef vinnuveitendur og verkamenn líta hverjir á aðra sem fjandmenn. Ég segi fyrir mig, að ég á ekki betri vini en það fólk, sem hjá mér hefur unnið, og ég held, að það sé ekki skynsamlegt að telja sér trú um, að það þurfi endilega að vera fjandskapur milli vinnuveitenda og launþega. Ég held, að það sé ekki réttur hugsunarháttur og geti ekki gengið vel, ef við förum að ímynda okkur það.

Það, sem á ríður, þegar við erum að semja um hlutina og leysa vandamálin, er að gera sér raunhæfa grein fyrir hlutunum. Menn þurfa að heimta þau gögn, sem með þarf til þess að geta gert sér grein fyrir því, hvernig hlutirnir standa, t.d. hvað hægt sé að borga, og það ætti að vera sameiginlegt áhugamál bæði atvinnurekandans og þess, sem vinnur, að atvinnureksturinn sé rekinn á sem hagkvæmastan hátt. Og fjandskapur ætti þar ekki að koma til greina. Ef þetta er gert, er ævinlega hægt að semja, en þetta er ekki alltaf til staðar, og það er ekki eðlilegt, að samningar gangi vel, ef þessir aðilar fara að líta hvor á annan sem fjandmenn. En ef menn vilja vera raunsæir og vilja leysa hlutina, er það ævinlega hægt, en sá vilji er e.t.v. ekki ævinlega fyrir hendi og sá skilningur, og hvað á þá að gera? Það er ekki hægt að láta alla hluti stöðvast í þjóðfélaginu, og þess vegna sé ég ekki, a.m.k. í mörgum tilfellum, að það sé hægt að komast hjá því að hafa gerðardóm. Við vissum það, að opinberum starfsmönnum var ekki leyfilegt að gera verkfall og þeir höfðu í raun og veru ekki samningsrétt fyrr en nú fyrir fáum árum. En hvað skeður? Þeir undu nokkurn veginn lífinu. Þó hafa íslenzkir embættismenn aldrei verið hátt launaðir og meira að segja mjög lágt launaðir. En hvað skeður? Það er alltaf einlægt þref og alltaf þessi blessaði gerðardómur í gangi, a.m.k. öðru hverju.

Ég held, að kröfurnar minnki ekki, þó að kjörin batni, heldur aukist þær frekar. Það er ekki nema sjálfsagt að vinna að því, að fólkinu geti liðið sem bezt, en að fólkið verði nægjusamara og sanngjarnara, ef allt er látið eftir því, hvort sem það eru embættismenn eða aðrir, vinnuveitendur eða hvaða stétt sem er, það held ég, að ekki sé. En undirstaðan undir því, að hægt sé að semja og yfirleitt þjóðfélagið geti gengið, er það, að menn geri sér raunhæfa grein fyrir hlutunum og hafi vilja til að leysa þá. Þá er ævinlega hægt að leysa vandamálin. Við megum ekki líta hver á annan sem fjandmenn, þó að við séum ekki í sömu fylkingu.

Ég ætla ekki að fara að deila á A.S.Í. fyrir það, að það dró sinn mann út úr. Það er vafalaust í mörgum tilfellum gott að bera ekki ábyrgðina og geta alltaf ásakað aðra. En hitt verða þeir að gera sér ljóst, að þegar þeir gera það, geta neytendurnir í raun og veru ásakað þá fyrir það að reyna ekki að hafa áhrif á gang hlutanna. Ef þeim finnst dreifingarkostnaðurinn of mikill, hljóta þeir að hafa rétt til þess að krefjast gagna um það. Ekki værum við bændurnir á móti því að hafa hann sem minnstan, það fer fjarri því. Það er rétt, að dreifingarkostnaðurinn hafi minnkað. Fyrir nokkrum árum fékk bóndinn um 60%, en um 40% fóru í alls konar kostnað. En þetta hefur breytzt, og það eru fyrst og fremst skattarnir, sem hafa breytt því. Það hefur ekki svo lítið að segja, 7½% söluskattur og 2% í aðra hluti. Ég efast um, að smásalinn eða verzlunarfélögin taki nokkurn hlut meira. Og þó hafa öll laun í landinu hækkað, en krónutalan hefur einnig hækkað á þessum árum. En það er ekki nema sjálfsagt, finnst mér, að það séu athugaðar allar leiðir til að gera dreifingarkostnaðinn sem minnstan. Smásalarnir þykjast aldrei fá nóg. Ég býst við, að verzlunarfyrirtækin vilji fá sem mest líka og bændurnir sem mest. Það vilja allir fá sem mest, en það verður að reyna að finna einhverjar sanngjarnar leiðir, og ef hægt er að gera hlutina með minni kostnaði, er ekki nema alveg sjálfsagt að fara þær, og ég sé enga ástæðu til að ætla, að bændur hafi ekki áhuga á, að það verði gert. En með því að draga þennan fulltrúa sinn til baka er Alþýðusambandið búið að tapa þeirri aðstöðu, sem það hafði til að kynna sér þessi mál. Og mér þykir ekkert ólíklegt, að meðal neytenda verði einmitt fundið að því við ráðandi menn þar að gera þetta, þannig að þó að þeir losni að vissu leyti við það að bera ábyrgð á þessu og geti sífellt ásakað aðra, hafa þeir þarna afsalað sér rétti til að kynna sér þessi mál og fylgjast með þeim. Ég hef enga ástæðu til að ætla það, að neytendur vilji ekki bændum vel og geti litið með sanngirni á þeirra mál, og þetta hefur yfirleitt gengið svona þolanlega, þótt ekki hafi alltaf náðst samkomulag, og væri sjálfsagt bezt, að þetta fengi að ganga þannig áfram, að það yrði eitthvert samstarf um þetta, og ég sé ekki annað en það ætti að vera sameiginlegt áhugamál þessara manna að gera kostnaðinn sem allra minnstan við dreifingu varanna.

Ég er ekki í vafa um það, að tæknin á eftir að aukast og það er hægt að reka landbúnað á Íslandi að vissu leyti, a.m.k. í mörgum tilfellum, með meiri hagkvæmni en nú er gert. En ég vil ekki taka þau orð aftur, að bændur hafa gert fullkomið stórvirki nú í 2—3 áratugi á tæknilega sviðinu. Ég álít, að fjárhagsafkoma bænda sé góð seinni árin, og sem dæmi um það get ég nefnt það, að yfirleitt eru skuldir alveg borgaðar upp eða svo að segja af lánum í Stofnlánadeild landbúnaðarins. Mér er sagt, að af 80 millj., sem þurfti að borga í fyrra, sé 1 millj. eftir og það sé mest af ríkisjörðum. Og ég hygg, að fáar stéttir standi jafn vel í skilum. Nú get ég vel gengið inn á það, að bændur séu skilsamir menn, en menn borga samt ekki með engu. Menn verða að hafa eitthvað til að borga með. Og þetta er allt önnur hlið en snýr að sjávarútveginum, því að þar eru vanskilin margföld. Og ég hef ekki heldur ástæðu til þess að ætla það, að útgerðarmenn vilji ekki borga, en þeir bara geta það ekki. Og það er náttúrlega verðbólgan og öll þjónusta innanlands, sem á sinn þátt í því að gera hlut þeirra erfiðari og það hlýtur að reka að því, að fiskibátarnir, sem ekki hafa neinn óhemjuafla, beri sig ekki.

Ég játa það, að það þarf að breyta ýmsu í þessum málum, en fyrsta atriðið er það að taka fyrir þessar sífelldu hækkanir. Ef landbúnaðarvörurnar eiga að hækka um 10—20% á ári vegna aukinnar dýrtíðar að mestu eða öllu leyti, þá rekur að því, að þetta nær engri átt. Þetta hvílir fyrst og fremst á ríkisstj. Það er ekkert hægt að gera nema hún eigi frumkvæðið að því, að

einhverju leyti a.m.k., og það eigi stoð í l., og þess vegna þarf að breyta vinnuhagræðingu hjá fleirum en bændunum einum.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Hæstv. menntmrh. ræddi landbúnaðarmálin í gær og lýsti nokkuð stefnu sinni í þeim málum. Hann hefur reyndar gert það fyrr, en hann talaði öllu ljósara um einstök atriði í þessum málum nú en ég man eftir, að hann hafi gert áður. Ég held, að það sé ekki hægt að skilja þá ræðu hæstv. ráðh. á annan veg en þann, að hann telji ranga þá stefnu, sem ríkt hefur í verðlagsmálum landbúnaðarins í 20 ár, þá meginstefnu, að bændur eigi að hafa hliðstæðar tekjur og vinnustéttirnar hafa. Og ég gat ekki skilið ræðu hans á annan veg en hann teldi sjálfsagt að breyta þessu og afnema þessa reglu, að bændurnir hafi svipaðar tekjur og verkamenn, sjómenn og iðnaðarmenn í bæjunum. Og hann rökstuddi þetta álit sitt með nokkrum dæmum. Hann sagði t.d.: Hvaða vit er í því að hækka landbúnaðarverð, þótt fiskist vel síld? Hvaða vit er í því að hækka landbúnaðarverð eða tekjur bænda, þó að iðnaðarmenn í kaupstöðum fái eitthvað hærra kaup, af því að þeir vinna í ákvæðisvinnu? Hvaða vit er í því að hækka tekjur bænda, þó að verkamenn fái kauphækkun, af því að framkvæmd er svokölluð stytting á vinnuvikunni? Ekkert af þessu vill hæstv. ráðh., að hafi áhrif á tekjur bænda. Fyrst þetta má ekki hafa áhrif á tekjur bænda, vill hann auðsjáanlega búa svo um hnútana, að þetta allt verði undanþegið, ef á að miða við vinnutekjur annarra. En hvernig er hægt að miða við vinnutekjur þessara stétta, ef á að sleppa miklu af þeim? Er hægt að miða vinnutekjur bóndans við tekjur sjómannsins, ef á að sleppa öllum síldveiðunum? Er hægt að miða tekjur bóndans við tekjur iðnaðarmannsins, ef á að sleppa allri ákvæðisvinnu? Eða hvernig á að miða tekjur bóndans við tekjur verkamannsins, ef ekki á að taka með það kaup, sem verður vegna styttingar vinnutímans? Ég skil þetta ekki nema á einn veg. Það eigi að hætta að fylgja þeirri meginreglu, sem fylgt hefur verið í meira en 20 ár, að bændur hafi hliðstæðar tekjur og aðrar stéttir. Ég get ekki skilið þetta á annan veg. Ég sá reyndar í einhverju blaði, að hæstv. ráðh. muni hafa sagt, að það væri sjálfsagt, að bændur hefðu tekjur hliðstæðar öðrum stéttum. En hvernig er það hægt? Hvernig er hægt að samrýma þetta tvennt, sleppa þýðingarmiklum atriðum úr tekjum annarra, og við hvað á svo að miða, afganginn eða hvað?

Það má færa nokkur rök að því, að það sé ekki beint samband milli síldveiða og landbúnaðar. En hvaða hugsun ætli hafi legið á bak við þessa lagasetningu í upphafi? Ég held, að það hljóti að hafa verið þessi hugsun, að þegar vel árar til sjávarins og tekjur manna þar eru góðar, hafi þeir meiri kaupgetu, neytendurnir, og eigi hægara með að greiða hærra landbúnaðarverð. — Hins vegar, ef þessar tekjur eru litlar hjá fólki við sjávarsíðuna, síldin veiðist ekki, aflabrestur er, verðfall á afurðunum eða annað þess háttar, þá minnki kaupgeta manna við sjávarsíðuna og þá eigi neytendurnir erfiðara með að borga hátt landbúnaðarverð. Þetta held ég, að hljóti að hafa verið grundvallarhugsun við þessa lagasetningu, en auðvitað sem afleiðing af því, að því var slegið föstu, að bændur hefðu hliðstæðar tekjur og aðrar stéttir. Ef þeir eiga ekki að hafa hliðstæðar tekjur við þessar stéttir, þarf ekki að vera með þessar vangaveltur, þá er hægt að afnema regluna.

Nú verð ég að segja það, að mér finnst hafa verið talað heldur ógætilega um þann gróða, sem bændurnir hefðu af þessari reglu. Tekjur bænda hækki svo gífurlega við góða síldveiði og ákvæðisvinnu í bæjunum og annað þess háttar. Hafa menn ekki veitt því athygli, að ef tekjur bænda hækka vegna góðra síldveiða, lækka þær, ef síldin veiðist ekki? Ætli það fylgi ekki þessari reglu, að þegar léleg síldveiði er, léleg aflabrögð eða lélegt verðlag á þessum afurðum, lækka tekjur bændanna, af því að þær eru við þær miðaðar? Og hvort er betra fyrir bændurna, að þessi regla sé ekki í gildi eða hún sé í gildi, eins og hún hefur verið, og þeir taki á sig hvorir tveggja áhættuna af þessu, að illa gangi við sjávarsíðuna og þá lækki tekjurnar þeirra eða hagnaðinn, þegar vel gengur? Ég held þvert á móti, að þessi regla sé djúpt hugsuð, hún sé mjög viturleg og það ætti jafnvel að taka hana upp á fleiri sviðum. Jafnvel ráðherralaun, þingmannalaun, embættismannalaun færu að einhverju leyti eftir slíkri reglu, að þegar atvinnuvegir landsmanna ganga vel, þegar mikið aflast, þegar hækkandi verðlag er á útflutningsafurðunum, njóti allir ávaxtanna, en taki hins vegar einnig þátt í hinu, þegar illa gengur. Þetta er meginreglan um bændurna. Ég sé ekki miklar framfarir í því að afnema slíka reglu, en ég gat ekki skilið orð hæstv. viðskmrh. á annan veg en þann, að hann vilji afnema regluna.

En hvað vill hæstv. landbrh.? Hann hefur ekki í þessum umr. sagt neitt um það, hvaða stefnu hann vilji fylgja í þessum efnum, en mér sýnast sjálf brbl. gefa nokkuð til kynna um þetta. Í þeim er mælt fyrir, hvernig Hagstofan eigi að reikna út grundvöll landbúnaðarverðsins í haust, og þar segir m.a. að í verðlaginu skuli taka til greina bótaupphæðir almannatryggginga, þá hækkun, sem verður á bótaupphæðum almannatrygginga á síðari hluta árs 1965. Mér kom þetta einkennilega fyrir sjónir, þegar ég sá þessi lög, að nú á að miða við bótagreiðslur almannatrygginga. Af hverju hafði hæstv. ráðh. þetta ekki á þann veg, sem það hefur alltaf verið, að miða skuli við tekjur verkamanna, sjómanna og iðnaðarmanna? Var það ekki framkvæmanlegt? Gat Hagstofan ekki reiknað út þennan verðlagsgrundvöll, alveg eins þó að þeirri reglu hefði verið haldið? Mér þætti vænt um, ef hæstv. landbrh. gæti upplýst þetta, hvort einhverjir erfiðleikar hafi verið á því að setja þá reglu í þessi brbl., sömu regluna og hefur gilt í 20 ár. En þetta gerði hann ekki. Hann tók almannatryggingarnar til viðmiðunar. Þýðir það það, — og nú spyr ég hæstv. ráðh., — þýðir það það, að hann vilji hverfa frá þeirri reglu, að bændur beri úr býtum svipaðar tekjur og aðrar stéttir? Þýðir það, að þarna sé ekki svo mikill munur á skoðunum hans og hæstv. viðskmrh.? Eða vill hann hins vegar, að í væntanlegri löggjöf um landbúnaðarverð verði tekin upp hin fyrri regla hvað þetta snertir, að bændur hafi sambærilegar tekjur og aðrar stéttir? Þetta er eitt þýðingarmesta atriðið í verðlagningu landbúnaðarvaranna.

Það kom fram í ræðu í gær hjá einum hv. þm., að við ákvörðun verðlagsins í haust hafi ekki verið tekin með í

reikninginn kaupgjaldshækkun,* sem talin er stafa af styttingu vinnuvikunnar. Ég segi það alveg eins og er, ég veit þetta ekki, og ég trúi því tæplegast, að þetta hafi ekki verið gert. Mér þætti vænt um, ef hæstv. ráðh. gæti upplýst þetta, hvort þetta er rétt, því að auðvitað eiga menn ekki að halda því fram, ef þetta er rangt. Ég held, að sú kauphækkun sé metin á rúm 9%, og það munar um minna, ef hún hefur ekki verið tekin með. Ég er þeirrar skoðunar, að þetta muni vera rangt, hún hafi verið tekin með. Ég held, að það hljóti að vera. Mér sýnist það á tölunum um hækkunina á landbúnaðarverði, að hún hljóti að hafa verið tekin með. Hitt er aftur á móti vitað mál, að bótagreiðslur almannatryggginga hækkuðu ekki nema um 5% í vor, fyrir utan vísitöluhækkunina. Þær voru hækkaðar um 5% í júlímánuði í vor. En þar með er ekki sagt, að öll kauphækkunin hafi ekki verið tekin inn í landbúnaðarverðið, og það er þá það, sem ég vildi gjarnan fá að vita. En hafi það ekki verið gert, að hún hafi verið tekin inn, er það ekkert brot á brbl. fyrir því. Þau segja aðeins, að það skuli miðað við bótagreiðslur almannatryggginga. En þá hafa ekki heldur almannatryggingarnar hækkað bótagreiðslur sínar í samræmi við kauphækkanir, sem orðið hafa. Ég ætla, að það sé í l. að ríkisstj. var heimilað á síðasta þingi að hækka bótagreiðslur í samræmi við kauphækkanir í fiskiðnaði. Það var ekki nema *heimild, það var engin skylda. Það er ekkert brot af* hálfu hæstv. ríkisstj., þó að hún hafi ekki hækkað greiðslurnar jafnmikið. En heyrt hef ég, að litið sé svo á, að kauphækkanir, sem stafa af svokallaðri styttingu vinnuvikunnar, séu ekki venjuleg kauphækkun og hún hafi ekki verið tekin þar með. En ég ætla, að vinnuvikan hafi ekki neitt breytzt í fiskiðnaði frá því í fyrra. Eftir því, sem mér er tjáð, var búið að stytta vinnuvikuna í fyrra niður í 44 stundir á viku, og kauphækkun, sem orðið hefur í fiskiðnaði síðan, ætti því að fullu að koma til greina í hækkuðum bótatryggingum almannatryggginga, ef heimildin er notuð. Nú er mér tjáð, að Tryggingastofnun ríkisins hafi ákveðið fyrir ekki löngu að hækka allar bótagreiðslur nema fjölskyldubætur í desembermánuði um 8.9% og eigi þær að gilda til baka til júlímánaðar á þessu ári. En þá er verðlagningin komin á landbúnaðarafurðirnar, eða svo skilst mér. Hefur þessi hækkun á bótagreiðslum almannatryggginga, sem á að greiða í desember, komið inn í landbúnaðarverðið? Ég get ekki svarað þessu sjálfur. Ég hygg, að þetta sé komið inn í landbúnaðarverðið, en mig langar til að fá staðfestingu á því hjá hæstv. ráðh., *að þetta hafi verið tekið með í reikninginn,* þó að ekki hafi verið farið að greiða hækkunina út.

Það sjá allir, að kaupgjaldshækkun vegna styttingar vinnutímans er ekkert annað en kauphækkun. Það hefur ekki stytzt neitt vinnutími hjá fólki við samningana í vor. Það er ekki svo einfalt mál, að þeir, sem nutu þeirrar kauphækkunar, séu nú farnir að vinna 44 *stundir, ekki heldur, að þeir hafi unnið 48 stundir áður.* Nei, það liggja fyrir skýrslur um það, að vinnutími verkamanna hefur verið allt upp í 2900 stundir á ári, og þó að samið sé um, að vinnuvika skuli vera 44 stundir, þýðir það aðeins, að það skal greiða dagvinnukaup fyrir 44 stundir og eftirvinnukaup fyrir næstu 4 stundirnar á viku, svo að komið sé upp í 48 stundir eins og áður var. Þetta er kauphækkun. En meðan fólk getur ekki lifað af dagvinnukaupinu sínu, hvorki fyrir 48 stunda vinnuviku né 44 stunda vinnuviku, styttist vinnutíminn auðvitað ekki. Menn verða að vinna það lengi, að þeir fái þær tekjur, sem þeir geta lifað af.

Það kann að vera, að hæstv. viðskmrh. hafi ekki verið hér viðstaddur, þegar ég kom með fsp. til hans hér áðan, en ég get þá endurtekið hana að lokum. Ég spyr um það, hvort hann telji rétt að afnema þá meginreglu, sem gilt hefur í 20 ár, að bændur hafi hliðstæðar tekjur við verkamenn, sjómenn og iðnaðarmenn, og hvernig það samrýmist því, sem hann ræddi um í gær, að síldveiðar eigi ekki að hafa áhrif á tekjur bænda, ekki ákvæðisvinna í bæjunum, ekki kauphækkun vegna styttingar vinnuvikunnar. Og ef eigi að taka þetta allt saman út, við hvað á þá að miða? Hvaða tekjur þessara stétta á að miða við, eða á alls ekkert að vera að miða við þær?

Ég held, að það sé yfirleitt í umr. hjá vissum mönnum gert nokkuð mikið úr því, sem bændur bera úr býtum í búskapnum, og reyndar sanna það bezt þær staðreyndir, að það fer lítið fyrir því, að fólk flytji úr þéttbýlinu út í sveit og fari að búa núna. Það eru víst undantekningar, og þó að það geti komið fyrir mann og mann, eins og hv. 5. þm. Vestf., þá er það engin regla. Nei, ég efast um, að bændur óski sérstaklega eftir því, að síldveiðar hafi áhrif á kaupið sitt, ákvæðisvinnan hafi það. En ég held, að þeir leggi megináherzlu á það, að þeir beri úr býtum hliðstætt og þessar vinnustéttir í bæjunum. Það er ótalin áhættan, sem bændurnir búa við. Það er engin fjarstæða að nefna ákvæðisvinnu í sveit, þó að hæstv. ráðh. hafi talað um ákvæðisvinnuna í kaupstöðum, sem ekki mætti miða tekjur bændanna við. Hvað er landbúnaður? Er hann ekki fyrst og fremst ákvæðisvinna, vinna þeir fyrir tímakaup eða vikukaup? Nei, það held ég ekki. Ég held, að þeir eigi það undir sól og regni, hvaða kaup þeir fá fyrir vinnu sína. Ef ekki á að miða við styttingu vinnutímans, vinnuvikunnar, held ég, að það sé hægt að benda á, að bændur hafa engan ákveðinn vinnutíma og eiga jafnmikinn rétt á því og aðrir að geta stytt hann, ef það væri hægt. Þeir vinna engar 44 stundir á viku, þeir vinna miklu meira. Þeir hætta ekki að vinna á ákveðnum tíma í miðjum flekk, þegar þeir eru að hirða. Þeir hætta ekki að mjólka kúna, þegar klukkan er orðin 6 eða eitthvað þess háttar. Nei, vinnutími bændanna er sem sagt ótakmarkaður. Og ef kaupgjaldshækkanir eiga sér stað vegna skráningar á vinnuviku, held ég, að það eigi að ná til bændanna alveg eins og annarra.

Það væri mjög æskilegt að fá einhverja vitneskju frá hæstv. ríkisstj. um það, hvaða stefnu hún vill taka í þessum málum, því að það liggur fyrir að setja nýja löggjöf um landbúnaðarverðlagningu á þessu þingi, og það er rétt, að menn tjái sig um það, hvernig þeir líti á þessi mál. Hæstv. viðskmrh. er búinn að gera það að verulegu leyti. Ég aftur á móti átta mig ekki enn þá á því, hvaða stefnu hæstv. landbrh. vill taka í þessu, en mér finnst það ekki boða gott, þar sem hann vildi ekki láta gilda áfram regluna um jafnréttið milli bænda og vinnustétta við sjóinn í verðlagningunni í haust, eða hvað hefur valdið því, að það var ekki gert?

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Það er nú sérstaklega út af ræðu hv. síðasta ræðumanns, hv. 3. þm. Vestf. (SE), að ég kveð mér hljóðs, og sé ég nú ekki ástæðu til, að það þurfi að tala langt mál út af því.

Ég hef nú haldið það, að hv. 3. þm. Vestf. hefði gert sér ljóst, hver væri stefna Íslendinga í landbúnaðarmálum í dag eða núv. ríkisstj., það lægi alveg ljóst fyrir, að það er að efla landbúnaðinn það vel, að hann geti staðið á eigin fótum, þegar tímar líða, án framlaga í útflutningsuppbótum, sem nú eru gerðar að umtalsefni, og það er þess vegna, sem ríkisstj. hefur beitt sér fyrir því að auka ræktun í landinu með stórauknum framlögum, því að ræktunin er undirstaðan að velgengni landbúnaðarins. Og eins og allir hv. alþm. vita, hefur ræktunin aldrei verið meiri en nú síðustu árin. Á s.l. ári nærri 7 þús. ha., árið þar áður nærri 5 þús. ha., en á árunum 1950—1960 til jafnaðar 2500 ha. Það er ræktun landsins, sem skapar möguleikana fyrir sjálfstæðum landbúnaði og fyrir velgengni í landbúnaðinum.

Sú spurning hv. 3. þm. Vestf. hér áðan, hvort það sé stefna landbrh., að bændur njóti jafnréttis við aðrar stéttir þjóðfélagsins, — ég hafði haldið, að það væri óþarft fyrir hv. þm. að koma með fsp. eins og þessa. Ég hefði haldið, að hv. þm. hefði gert sér alveg fulla grein fyrir því áður, að það er stefna landbrh., að bændur njóti jafnréttis við aðra landsmenn, en hv. þm. þykist eitthvað efast um það vegna brbl. Hann telur, að brbl. eiginlega skeri úr um það, að bændur búi ekki, a.m.k. um sinn, við jafngóð kjör og aðrir landsmenn. Það er rétt, sem hv. 5. þm. Norðurl. v. sagði hér áðan, að brbl. eru aðeins miðuð við eitt ár og þau eru miðuð við þann grundvöll, sem lagður var með samkomulagi um búvöruverðið haustið 1964. Þau eru miðuð við það, að bændurnir fái með þessum brbl. bætta dýrtíðina og kauphækkunina frá því í fyrra og hlutur þeirra verði ekki bættur með þessum l. umfram það, sem aðrar stéttir hafa fengið á þessu ári. Það er þetta, sem brbl. miðast við. Og það er alveg óþarft, að ég hélt, fyrir hv. 3. þm. Vestf. að vera að spyrja um það, hvort 8,9% hækkunin, sem almannatryggingarnar ætla sér að greiða í desember, sé hér með. Hv. þm. sagðist spyrja um þetta, en taldi þó alveg víst, að svona væri. Vitanlega er það þannig.

Hv. 3. þm. Vestf. er sjálfur hættur búskap. Ef hann ætti sjálfur við búrekstur, ætti hann hægara með að gera sér grein fyrir þessu, eins og hv. 5. þm. Norðurl. v., sem ekki var í nokkrum vafa um það, að þessi brbl. væru eftir atvikum alveg þolanleg, sérstaklega með tilliti til þess, að þeim er ekki ætlað að ná nema til eins árs og ríkisstj. hefur gert ráðstafanir til þess að leiða aðila saman og halda áfram samstarfi og samvinnu á milli neytenda og framleiðenda. Og ég verð að segja það, að þrátt fyrir orðræðu hv. 5. þm. Vestf. hér á fimmtudaginn um það, að hann teldi ekki ástæðu til að halda því samstarfi áfram, heldur væri rétt, að ríkisstj. og framleiðendurnir semdu um verðið einir, þá held ég, að hv. 5. þm. Vestf. að athuguðu máli geri sér grein fyrir því, að það er farsælast, að framleiðendur og neytendur haldi áfram samstarfi og leitist við að ná samkomulagi um þessi mál.

Stefna ríkisstj. í landbúnaðarmálum er að koma landbúnaðinum á þann grundvöll, að bændurnir geti ávallt búið við ekki lakari kjör en aðrir landsmenn, að ræktunin og önnur skilyrði verði þannig, að framleiðslukostnaðurinn geti lækkað með því að fullkomin tækni sé tekin í þjónustu landbúnaðarins, eins og mikið hefur verið gert af á seinni árum, og miða að því, að bústærðin verði sem hentugust. Ég tel það alveg útilokað, sem hv. 3. þm. Reykv. (EOl) hélt hér fram í umr. í gær, að ríkið taki að sér að tryggja smábændum einhver lágmarkslaun, eins og t.d. 100 þús. eða 120 þús. kr., eins og þessi hv. þm. talaði um, án tillits til þess, hvort þessir bændur framleiða eða ekki. Ég tel það alveg útilokað að gera slíkt. **(EOl:** Kallar maður það bónda, sem ekkert framleiðir?) Ég tel það sama sem enga framleiðslu, þó að bóndinn hafi kannske 50—100 ær og ekkert annað. Það er algerlega vonlaust að lifa af slíkum búskap, hversu hátt sem verðið er, og þess vegna er það stefna ríkisstj., að þessum smábændum verði gert kleift að stækka búin það mikið, að það sé lífvænlegt á jörðunum, og auðvitað gerist það. Það er óhjákvæmilegt, að ef jarðirnar eru þannig settar í sveit og hafa ekki ræktunarskilyrði, þá hlýtur það að gerast, að þær fari í eyði og þær notast þá sem bithagar fyrir aðra bændur. Það er ekki eðlilegt að viðhalda slíkum kotbúskap, sem af mundi leiða, ef stefna hv. 3. þm. Reykv. væri upp tekin. Það er eðlileg og það er heilbrigð stefna frá þjóðfélagslegu sjónarmiði að gera bændunum mögulegt að koma upp slíku búi og slíkum búrekstri, að það verði af slíku búi lifað.

Hv. 5. þm. Reykv. (ÞÞ) talaði hér áðan um vandræðin, sem af því leiddi, að útflutningsuppbæturnar færu stöðugt hækkandi. Útflutningsuppbæturnar hafa farið hækkandi síðan þær voru upp teknar 1960, og það er bæði vegna þess, að verðlagið hefur hækkað og að framleiðslan hefur aukizt. Hv. þm. ætti að vita það, að búvörurnar hækka ekki, fyrr en eftir að kaupgjaldið hefur hækkað, og það er vegna þess, að kaupgjaldið hefur hækkað, að verðlag búvörunnar hefur hækkað á eftir.

Hv. þm. talar um, að það væri nauðsynlegt að stöðva þessa þróun. Það er rétt, að dýrtíðin getur orðið hættuleg, ef hún magnast svo, að atvinnuvegirnir stöðvast. En kauphækkun að vissu marki, að því marki, sem atvinnuvegirnir þola, hefur til þessa verið talin eðlileg og sjálfsögð. Nú veit ég ekki, hvort hv. 5. þm. Reykv. álítur, að boginn hafi verið spenntur of hátt í kaupgjaldsmálunum, þannig að atvinnuvegirnir hafi ekki getað staðizt það, ég veit það ekki. En hitt veit ég, að hv. þm. hefur verið talsmaður þess hér í hv. þingi, að kaupið mætti hækka, og ég er honum sammála um það, að kaupgjaldið á að hækka að því marki, sem útflutningsatvinnuvegirnir geta staðið undir. En útflutningstryggingin var upp tekin 1960 vegna þeirrar stefnu, sem núv. ríkisstj. vildi marka og undirstrika, og það er gott fyrir hv. 3. þm. Vestf. (SE) að gera sér grein fyrir því, að það var ekki fyrr en 1960, sem sú stefna var mörkuð í íslenzkum landbúnaðarmálum, að bændurnir skyldu hafa sama rétt og aðrir þegnar þjóðfélagsins. Áður höfðu bændurnir verið látnir bera þann halla, sem af útfluttum landbúnaðarvörum leiddi. Áður en núv. ríkisstj. tók við völdum, var ekki greidd útflutnings-

trygging á landbúnaðarvörur í því formi, sem nú er. Áður en núv. ríkisstj. tók við völdum, fengu bændur sjaldnast það verð, sem sex manna nefnd ákvað, að bændur skyldu hafa samkv. verðgrundvellinum. Ég minnist þess, að eitt árið var það svo, að Mjólkurbú Flóamanna flutti út ost, sem er ekki í frásögur færandi, á mjög lágu verði, en þá var ekki útflutningstrygging eins og nú. Þá urðu bændurnir að bera hallann af þessum útflutningi, og þá vantaði 9% þetta ár til þess að þeir gætu fengið fullt verð fyrir mjólkina.

Hv. 3. þm. Vestf. ætti ekki að þurfa að spyrja að því, hvort það væri stefna núv. ríkisstj., að bændur bæru ekki minna úr býtum en aðrar stéttir þjóðfélagsins. Hann ætti að hafa gert sér það ljóst, að það er stefna núv. ríkisstj., og þeirri stefnu hefur verið fylgt, en að sú stefna var ekki ráðandi, áður en núv. ríkisstj. var mynduð. Það var þess vegna ekkert vandamál með útflutningsuppbætur á landbúnaðarafurðir áður en sú stefna var upp tekin að tryggja bændum fullt verð fyrir allar framleiðsluvörur. Það var ekkert vandamál áður.

Nú veit ég það, að allir eru sammála um að stuðla beri að því, að útflutningsuppbæturnar þurfi ekki að vera varanlegar, að stuðla beri að því, að þær geti farið minnkandi, án þess að það gangi út yfir hagsmuni bænda eða án þess að horfið verði frá þeirri reglu, frá þeirri stefnu, sem gilt hefur, að bændur beri ekki minna úr býtum en aðrar stéttir þjóðfélagsins. Frá þeirri stefnu verður vitanlega ekki vikið, en það er hægt að halda þeirri stefnu, án þess jafnvel að útflutningsuppbæturnar þurfi að fara frá ári til árs hækkandi, og jafnvel þótt þær færu lækkandi, miðað við það, að að því er stefnt að leggja enn styrkari grundvöll að því, að landbúnaðarframleiðslan geti orðið ódýrari en verið hefur, að hún geti orðið fjölbreyttari og að hún geti orðið verðmætari í útflutningi með því að meðhöndla hana innanlands öðruvísi en gert hefur verið, áður en hún hefur verið flutt út. Í landbúnaðinum eru það miklir möguleikar, að það er engin ástæða til að kvíða því, að ekki verði mögulegt að komast út úr þeim erfiðleikum, stundarerfiðleikum, sem við nú erum að tala um.

Það hefur verið minnzt á það hér, að þróunin hafi ekki stefnt í rétta átt, það hafi jafnvel aukizt framleiðslan tiltölulega meira á þeim vörum landbúnaðarins, sem mest þarf að gefa með í útflutningnum, það eru mjólkurvörurnar, en það hefur einnig verið á það minnzt hér, að það er á þessu orðin talsverð breyting, og það er rétt, sem hv. 5. þm. Reykv. sagði hér áðan, að þróunin stefnir nú í þá átt, að mjólkurframleiðslan gæti jafnvel orðið of lítil, og við skulum minnast þess, að 1960 varð að flytja inn 100 tonn af smjöri, vegna þess að mjólkurframleiðslan varð of lítil. Nú hefur í þrjú ár verðlagningunni verið þannig hagað, að kjötið hefur verið hækkað á kostnað mjólkurinnar, og það er enginn vafi á því, að með þeirri breytingu, sem gerð var í haust, að kjötverðið var hækkað mikið á kostnað mjólkurinnar, hafa bændur gert sér grein fyrir því, að það borgar sig jafnvel betur að hafa sauðfjárbúskap en kúabúskap, og sérstaklega hafa þeir talað um það, að það væri á margan hátt miklu hægara og tiltölulega minni vinna í kringum það allt saman. En þessi tilfærsla á verði má vitanlega ekki ganga það langt, og á því vakti hv. 5. þm. Norðurl.v. (BP) athygli áðan, að mjólkurframleiðslan dragist það mikið saman, að það verði skortur á mjólk. Það þarf að vera jafnvægi í þessum málum, en ég er fyllilega samþykkur því, sem hér hefur verið sagt, að það ber að miða mjólkurframleiðsluna sem næst við það, sem innanlandsþörfin er á hverjum tíma, en í góðæri eins og t.d. núna í ár, — það hefur verið gott sumar í mjólkurframleiðslusveitunum, ekki aðeins, að það hafi verið nægilegt gras, ekki aðeins það, að það hafi náðst mikið af góðum heyjum, heldur einnig það, að við þetta bætist haustblíða, þessi ágæta haustveðrátta, þannig að mjólkin hefur haldizt í kúnum fram eftir öllu hausti og jafnvel nú fram á vetur, — þetta vitanlega er til þess að viðhalda mikilli mjólkurframleiðslu, en sagnir eru víðar að en úr Borgarfirði um það, að bændur hafi jafnvel fækkað kúm nú í haust, en hafi hins vegar sett á gimbrarlömb með það fyrir augum að auka sauðfjárstofninn.

Ég ætla nú það, að hv. 3. þm. Vestf. — og reyndar var það nú svo áður en ég talaði — hafi nú alveg gert sér grein fyrir því, hver er stefna ríkisstj. í landbúnaðarmálum. Það er uppbyggingarstefna, það er að halda áfram ræktuninni, það er að auka þá framleiðslu í landbúnaðinum, sem borgar sig bezt, það er að leggja grundvöll að því, að framleiðslan geti lækkað, það er að vinna að því, að tækni í landbúnaðinum geti aukizt áfram eins og undanfarin ár, það er að vinna að því, að landbúnaðarvörurnar verði unnar í landinu meira en undanfarið og verðmæti framleiðslunnar þannig aukin og samkeppnisaðstaðan varðandi útflutning bætt. Þetta er það, sem eru aðalatriðin í sambandi við landbúnaðarstefnuna. Og þótt ýmsum finnist nú, að útflutningsuppbæturnar séu þungar í skauti, 184 millj. á s.l. ári og rúmlega 200 millj. á þessu ári, ég ætla ekki að gera lítið úr því, það væri vitanlega heppilegast, að það þyrfti ekki að greiða þessa upphæð úr ríkissjóði, að bændur gætu búið við jafngóðan hlut og aðrir landsmenn án þess að fá þetta í sinn vasa. Þessi upphæð gerir um 30 þús. kr. á hvern bónda í landinu, og það er vitanlega ekki svo lítið. Þessari upphæð er vitanlega ekki hægt að kippa af í einu. Til þess hlýtur að þurfa talsverðan aðdraganda, til þess þurfa bændur að hafa haft möguleika til þess að bæta aðstöðu sína í framleiðslunni, þannig að tekjur þeirra geti orðið sambærilegar við aðrar vinnandi stéttir, þótt þessi upphæð væri ekki tekin með. En það er hemill á, eins og kunnugt er, að þessi upphæð getur aldrei orðið meiri en 10% af heildarverðmæti þess hráefnis, sem landbúnaðurinn framleiðir. Það er sá hemill, sem heldur þessu í skefjum, og ég verð að segja það, að miðað við gildi landbúnaðarins almennt og miðað við það, að um 1600 millj. kr. verðmæti er lagt til frá landbúnaðinum sem fæða handa landsmönnum og án landbúnaðar getur þjóðin ekki verið, verð ég að segja það, að jafnvel þótt 4—5% af fjárlagaupphæðinni fari yfir þetta, að það er ekki það, sem ræður úrslitum eða skapar vandamál í efnahagsmálum okkar, sem eru óviðráðanleg. Og við skulum gera okkur grein fyrir því, að íslenzku þjóðinni fjölgar, hún verður að nota þau verðmæti, sem í gróðurmoldinni eru. Ef þjóðin verður helmingi fjölmennari um næstu aldamót eða eftir 30—35 ár en hún er nú, er ljóst, að það þarf að nýta þá möguleika, sem

atvinnuvegirnir hafa, landbúnaður, sjávarútvegur, iðnaður, jarðhitinn og fallvötnin eða virkjanir, sem er aflgjafi iðnaðarins. Og það hefur löngum verið talið, að það væri ekki skynsamlegt að reikna með því, að sjávaraflinn gæti aukizt, jafnvel þótt við fengjum allt landgrunnið, í hlutfalli við fólksfjölgunina í landinu. Við getum aukið verðmæti aflans með því að verka hann öðruvísi og betur en við höfum gert. En ef við getum ekki reiknað með að auka aflamagnið, er það ljóst, að við þurfum að nýta önnur verðmæti, sem þjóðin á, heldur en sjávaraflann, þótt við notum hann og nýtum alveg til fulls. Það er því mín trú, að með því að halda áfram að rækta og með því að leggja styrkan grundvöll að aukinni landbúnaðarframleiðslu og með því að hagnýta landbúnaðarframleiðsluna með hinni fullkomnustu tækni og nýta allt, sem af skepnunni fæst, geti tugþúsundir Íslendinga lifað af því að vinna úr framleiðslu landbúnaðarafurða. Ég held, að þetta þurfi allt að haldast í hendur. Það er nýting sjávaraflans, það er iðnaður, það eru virkjanir, það er nýting jarðhitans og það er nýting íslenzkrar gróðurmoldar, og við erum svo heppin að eiga í þessu landi 3—4 millj. ha. af ræktanlegu landi, 3—4 millj. ha. af landi, sem ýmist má rækta til slægna eða til beitar, en við höfum aðeins ræktað 90 þús. ha. enn sem komið er, aðeins ræktað 90 þús. ha. Af þessu sjáum við, að þarna eru möguleikar og við erum vissulega heppnir, Íslendingar, að eiga þetta land og eiga alla þessa möguleika. Mér hefur verið sagt, að Færeyingar teldu sig ekki standa vel að vígi í sinni sjálfstæðisbaráttu, vegna þess að þeir ættu ekki landbúnað, þeir ættu ekki land til ræktunar. Þeir eiga einnig lítið af virkjanlegu afli, þeir verða að treysta á sjávaraflann einan. Og mundum við Íslendingar hafa lýst yfir sjálfstæði 1944, mundum við hafa fengið sáttmálann 1918, mundum við hafa haft kjark til þess að mynda sjálfstætt ríki, ef við hefðum ekki haft þennan bakgrunn, landbúnaðinn og þetta mikla ræktanlega land, sem við eigum?

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Nokkur atriði í ræðum hv. stjórnarandstæðinga er alveg sérstök ástæða til þess að leiðrétta, þar sem þar er um sumpart mjög alvarlegan misskilning að ræða. Og vík ég þá fyrst að ræðu hv. 5. þm. Reykv., Þórarins Þórarinssonar, hér áðan. Ég vil geta þess fyrst, að mér þótti mjög vænt um að heyra, að hann skyldi nú í fyrsta skipti fara um það viðurkenningarorðum, að ég hefði nú ýmislegt til míns máls í því, sem ég hef sagt við þessar umr. og hef sagt undanfarna mánuði og ár um íslenzk landbúnaðarmál. Hingað til hef ég aðallega þurft að heyra það úr þeirri átt og hans flokksbræðra, að það, sem ég hefði sagt um þessi efni, væri allt að því ofsókn í garð íslenzks landbúnaðar og í garð íslenzkrar bændastéttar. Ekkert hefur þó verið mér fjær en það að vilja hallmæla þeirri stétt eða óska þess, að hennar hagur mætti ekki verða sem allra beztur eins og annarra stétta í íslenzku þjóðfélagi. En nú virðist sem sagt svo komið, að þessi skeleggi baráttumaður og forvígismaður síns stóra flokks er farinn að játa það hér á sjálfu Alþ., að ýmislegt, sem ég segi um þetta mál og hef sagt um það, megi þó vissulega til sanns vegar færa, og ber út af fyrir sig að fagna því. Það, sem fyrir mér hefur vakað, hefur ekkert verið annað en það að vekja athygli á staðreyndum, sem ég hef talið vera bráðnauðsynlegt, að allir Íslendingar gerðu sér grein fyrir, en mér fannst fyrir tveimur árum allt of mikið á skorta, að menn yfirleitt gerðu sér nægilega ljósa grein fyrir. En þær umr., sem um þessi mál hafa vakizt, hafa sem betur fer orðið til þess, að æ fleiri hafa gert sér fulla og ábyrga grein fyrir því, að einmitt á sviði íslenzks landbúnaðar er við að etja ýmis alvarlegustu vandamálin, sem við er að glíma í íslenzku atvinnu- og efnahagslífi.

En hv. 5. þm. Reykv., Þórarinn Þórarinsson, gat ekki mjög lengi í ræðu sinni verið svona sanngjarn og svona málefnalegur, því að mjög fljótlega fór hann út í þá sálma að segja: Jú, vissulega er mörgu ábótavant í íslenzkum landbúnaðarmálum, og vissulega þarf að kippa þar mörgu til miklu betra vegar en nú á sér stað. En það, sem aflaga fer og það sannarlega mikið, sagði hv. þm., er eingöngu hæstv. ríkisstj. að kenna, eingöngu núv. ríkisstj. að kenna og því, sem hann kallaði dýrtíðar- og verðbólgustefnu hennar. Og þar virtist hv. ræðumaður tala á grundvelli eða í ljósi upplýsinga, sem hann birti í blaði sínu s.l. sunnudag, þar sem hann þóttist sýna fram á, að dýrtíð hefði vaxið mun meir á valdatíma núv. ríkisstj. en nokkurrar annarrar ríkisstj., sem setið hefði að völdum á Íslandi frá því að hér var fyrst mynduð ríkisstj., að því er manni skildist. Ég hélt nú satt að segja, að þessi gr. væri til þess eins skrifuð að blekkja aðra menn, og ég trúði því varla, að höfundur greinarinnar væri þar með sínum málflutningi að blekkja sjálfan sig, því að rökvillan, sem í gr. felst, er svo augljós öllum mönnum, sem um það vilja hugsa, að um það þarf ekki að fara mjög mörgum orðum. Allur hugsanagangur gr. og allur hugsanagangur, sem lá að baki ræðu hv. þm. hér áðan, var sá, að ef tala vísitölustiga hefði aukizt meir á valdatíma einnar ríkisstj. en annarrar, hefði verðbólgan aukizt meir á valdatíma þessarar ríkisstj. en annarra ríkisstj. Hér er auðvitað um algeran misskilning að ræða. Vísitölustig eru enginn mælikvarði á hlutfallslega aukningu verðbólgu. Það, sem auðvitað verður að gera, er að bera saman hlutfallslega hækkun vísitölunnar, en ekki fjölgun vísitölustiganna. Þetta hélt ég satt að segja, að menn þyrftu ekki að segja hér á hinu háa Alþ. En það virðist vera þörf á að segja það hér, til þess að menn flytji ekki ræðu hér á algerlega röngum forsendum. Það þarf að undirstrika það og benda mönnum á það, að 5 stig í 1. vísitölunni, sem hér var reiknuð út, 1. vísitölu framfærslukostnaðar eftir núverandi lagi, sem farið var að reikna vorið 1939, 5 stiga hækkun vísitölunnar frá 1939 er algerlega óskyldur hlutur 5 stiga hækkun vísitölunnar 1965. Á þetta ætti náttúrlega ekki að þurfa að benda. Það, sem máli skiptir, er hlutfallsleg hækkun sambærilegs vísitölugrundvallar frá einum tíma til annars, og ef þetta dæmi er athugað, kemur sannarlega allt annað út en það, sem hv. þm. miðaði við í ræðu sinni áðan og hefur eflaust sótt í þá athugun, sem hann gerði, áður en hann skrifaði grein sína s.l. sunnudag í blað sitt, Tímann.

Ég hef, til þess að gera þetta mál ekki allt of flókið og til þess að ekki sé um allt of margar tölur að ræða, slegið hér niður á blað mjög einföldum samanburði, hlutfallslegri hækkun vísitölu framfærslukostnaðar frá 1. jan. 1950 til 1. jan. 1959. Ég vona, að menn rangminni

ekki, að allan þann tíma hafi hv. Framsfl. setið í ríkisstj., allan tímann frá 1. jan. — það er tekið af handahófi í byrjun áratugs, — frá 1. jan. 1950 til 1. jan. 1959, eða næstum því — munar nokkrum mánuðum, sem ekki skipta máli í þessu sambandi. Á þessu 8 ára tímabili, að báðum árunum meðtöldum, hækkaði vísitalan um 136%, og auðvitað er það prósenttalan ein, sem skiptir máli. Hún hækkar frá 1. jan. 1950 til 1. jan. 1959 á valdaárum Framsfl. um 136%, eða um því sem næst 17% að meðaltali á ári. Og nú skulum við taka sams konar samanburð frá 1. jan. 1959, þegar Framsókn er farin úr stjórn, og til 1. okt. s.l., 1. dags síðasta mánaðar. Þá hækkar vísitala framfærslukostnaðar um 69 stig á tæpum 6 árum, eða um 9 6/7 úr stigi eða tæplega 10 stig á ári að meðaltali, um tæplega 10 stig á ári að meðaltali. Þetta er hlutfallsleg hækkun vísitölunnar, sem er sú eina, sem skiptir máli, burtséð frá stigatölunni sjálfri, sem skiptir engu máli. Með tilvísun til þessara einföldu talna er öll röksemdafærsla hv. þm. í ræðu hans hér áðan fallin um sjálfa sig. Verðbólguaukning, vísitölu-hækkun, hefur ekki verið meiri síðan 1. jan. 1959, eftir að Framsfl. fór úr stjórn, en hún var áratuginn á undan, meðan hann var í stjórn. Árlega hækkunin var 17% síðasta áratuginn, sem Framsókn var í stjórn. Hún hefur verið tæplega 10%, eftir að hann fór úr stjórn. Og hvernig er þá hægt að segja það, að vandkvæði íslenzks landbúnaðar nú í dag séu því að kenna alveg sérstaklega, að verðbólga og verðbólgustefna hafi magnazt sérstaklega, eftir að núv. ríkisstj. tók við völdum, þegar þessar ótvíræðu tölur sýna það, að vöxtur verðbólgunnar hefur verið minni, hefur verið hlutfallslega minni, síðan núv. flokkar tóku við völdum en eftir að Framsfl. fékk frí frá stjórnarstörfunum? Eyði ég svo ekki fleiri orðum að þessu atriði.

Þess má kannske geta til viðbótar, að í raun og veru er það engan veginn rétt mynd af árangri núverandi stjórnarflokka í baráttu gegn verðbólgunni að taka allt þetta tímabil, vegna þess að við miklum erfðasyndum var að taka, þegar núv. stjórnarflokkar tóku við völdum, og ég skal sízt af öllu gera nokkra tilraun til þess að staðhæfa annað en það, að því miður hefur stjórninni ekki tekizt að ráða niðurlögum verðbólgudraugsins. Engum er það fjær en mér að gera nokkra tilraun til að halda því fram, að þetta markmið hafi náðst. En engu að síður hefur ýmis árangur náðst, einkum og sér í lagi á síðustu árum, eftir að mjög náið samstarf tókst á milli launþegasamtakanna annars vegar og ríkisvaldsins hins vegar, því að þá hefur náðst meiri árangur í baráttunni gegn verðbólgunni en nokkurn tíma áður á undanförnum áratugum, miklu meiri árangur en nokkurn tíma áður á undanförnum áratugum, sem kemur einmitt fram í því, að vöxtur verðbólgunnar er miklu hægari síðan þessa samstarfs verkalýðshreyfingar og ríkisvalds fór að gæta fyrir alvöru en nokkurn tíma áður á sambærilegum tíma um áratugi. Frá því fyrir júnísamkomulag og til 1. okt. s.l. hefur vísitalan hækkað um sem svarar 5.8% á ári, sem er rétt liðlega helmingur hlutfallslegrar meðalhækkunar frá 1. jan. 1959 og þriðjungur meðalhækkunarinnar eins og hún var á valdaárum Framsfl. eða þegar hann gat verulega látið til sín taka. Þetta tekur auðvitað af öll tvímæli um það, hversu miklu vænlegra það er að berjast gegn verðbólgunni á grundvelli þess konar samstarfs, sem undanfarin tvö ár hefur tekizt milli verkalýðshreyfingarinnar, milli launþegasamtakanna annars vegar og ríkisvaldsins hins vegar miðað við það, sem var um áratuga skeið áður, og það eru auðvitað höfuðrökin fyrir því, að því samstarfi á að halda áfram, gera allt, sem hægt er, til að því verði haldið áfram. Með þessu móti tel ég því, sem hv. þm. sagði um þetta efni, vera algerlega fullsvarað.

En þá er það atriði, sem vikið var að þegar í umr. í gær af hálfu hv. 3. þm. Vesturl. (HS) og hv. 3. þm. Vestf. (SE) kom einnig nokkuð inn á í ræðu sinni hér áðan. Hv. 3. þm. Vesturl. andmælti þegar í gær þeim ummælum mínum, að bændur ættu ekki rétt á sjálfkrafa kauphækkun og verðlagshækkun í kjölfar t.d. aukinnar síldveiði eða ákvæðisvinnutaxta eða vinnutímastyttingar vegna vinnuhagræðingar hjá verkamönnum. Vegna þess sagði hv. þm., Halldór Sigurðsson, að bændur nytu ekki stækkunar búsins, bændur nytu ekki aukins afurðamagns af búi sínu, þar eð aukið afurðamagn væri látið koma fram í verðlækkun afurðanna til neytenda. Hér er um eitt alflóknasta atriði verðlagsmála landbúnaðarins að ræða, svo að ég get ekki og sé ekki heldur ástæðu til þess að ræða það út í neinar æsar hér, en tel þó rétt að skýra frá því, sem ég held, að menn yfirleitt, jafnvel ekki þm., átti sig almennt á, við hvers konar bústærð verðlagsgrundvöllur landbúnaðarins venjulega miðar. Með því að vitna til einfaldra grundvallarstaðreynda í þessum efnum má nefnilega fá sæmilega örugga vísbendingu um, að það, sem hv. þm. Halldór Sigurðsson og Sigurvin Einarsson vitnuðu til í ræðum sínum, er örugglega ekki rétt, a.m.k. ekki í fullum mæli, svo að ég segi eflaust ekki meira en hægt er að standa við og sýna fram á með miklu rækilegri athugunum en ég hef tíma til eða sé ástæðu til að gera hér.

Í vísitölubúinu, sem verðákvörðunin er miðuð við, er reiknað með tölu nautgripa 10.1 og tölu sauðfjár 137. Þetta eru aðalstærðirnar í vísitölubúinu, 10.1 nautgripur og 137 sauðkindur. Stærra er nú búið ekki en þetta. Og nú skulum við athuga, hvað búið hefur stækkað mikið síðan farið var að nota þennan grundvöll, það eru 17 ár síðan. 1947 var tala nautgripa í vísitölubúinu talin 7.2, nú 10.1. Tala sauðfjár var 1947, fyrir 17 árum, talin í búinu 87, nú aðeins 137. Svo er einnig til almennur mælikvarði, sem notaður er á bústærðina, reiknaður í ærgildum, þar sem kýrin er talin 20 kindur, og til er vísitala yfir þetta. Sú vísitala var á grundvallarárinu 1947 191, og er þá öll bústærðin talin þar með, 191, en 1964 287. Meðalbúið hefur m.ö.o. stækkað í 17 ár, í 17 ár hefur meðalbúið verið látið stækka í þessum útreikningum um 50.3%.

Ef við nú tökum aðra mjög einfalda talnaröð í samanburði við þetta og athugum, hvað mjólkurframleiðslan og kindakjötsframleiðslan hefur aukizt á þessu sama árabili, kemur dálítið annað í ljós. Nú eru að vísu ekki til tölur hjá Hagstofunni um framleiðslumagn landbúnaðarins fyrir árið 1964, en það skiptir engu máli, vegna þess að engin breyting var á bústærðinni frá 1963—1964, sama bústærð, 287 ærgildi. En framleitt mjólkurmagn var samkv. framleiðsluskýrslum 1947 65 þús. tonn, en 1963, 16 árum seinna,

118600 tonn. M.ö.o., framleitt mjólkurmagn hafði vaxið í heild í landinu um 82.4% samkv. skýrslum Hagstofunnar á sama tíma og bústærðin er talin vaxa um 50.3%. Þegar við athugum kindakjötsframleiðsluna, var hún 1947 6471 tonn, en 1963 var hún 12035 tonn. Aukning kindakjötsframleiðslunnar var á 16 árum 86% á sama tíma, sem meðalstækkun búsins er 50.3%.

Nú ber þess auðvitað að geta hérna, að að sjálfsögðu hefur notkun á innlendu og erlendu kjarnfóðri vaxið mjög mikið og notkun á áburði hefur vaxið tiltölulega enn þá miklu meira, svo að hér er auðvitað mjög vandreiknað dæmi, ef það á að reiknast ofan í kjölinn og taka á tillit til allra stærða, sem rétt og sjálfsagt er að taka tillit til. Enn fremur þyrfti auðvitað að taka tillit til aukinnar vélanotkunar og þess vinnumagns bóndans, sem reiknað er með í vísitölugrundvelli landbúnaðarins. En engin tök eru á því að gera neina heildarathugun á þessu á grundvelli fyrirliggjandi gagna, sem leiði í ljós óyggjandi tölfræðilegan sannleika um þetta efni.

Það er sjálfsagt að játa og nauðsynlegt, að allir geri sér það algerlega ljóst, enda vil ég á þessu stigi ekki segja meira en það, að það er áreiðanlega mjög hæpin staðhæfing hjá hv. þm. tveimur, að aukið afurðamagn komi í þeim mæli fram sem lækkaðverð til neytenda, að það geti vegið upp á móti því, að fullt tillit hefur yfirleitt verið tekið til þess við útreikning á kaupi bóndans, hverjar breytingar hafa orðið á vinnutekjum manna við sjávarsíðuna, til hvers svo sem þær hafa átt rót sína að rekja, þ.e.a.s., bóndinn hefur sannarlega fengið hækkun á sínum tekjum vegna aukins síldarafla, hann hefur fengið hækkun á sínum tekjum vegna aukinnar ákvæðisvinnu t.d., og ég staðhæfi, að sú tiltölulega litla lækkun, sem hefur orðið á landbúnaðarverðinu vegna aukins afurðamagns, vegur hér engan veginn á móti, eins og ég tel þennan mikla mun á tölunum um stækkun búsins, sem er ekki nema 50.3% á 16 árum annars vegar og svo aukning mjólkurmagns og kjötframleiðslu um 80—90%, benda ótvírætt til hins vegar. Ég ætla ekki að staðhæfa, að hér sé um neinar tölur að ræða, sem sú endanleg sönnun í þessu máli, en hér þarf vissulega nákvæmrar rannsóknar við.

Að síðustu skal ég svo með örfáum orðum svara þeirri fsp., sem hv. 3. þm. Vestf. beindi til mín, þótt ég telji mig nú raunar hafa svarað henni þegar í gær, þegar hann spurði, hvaða skoðun ég hefði á því, við hvað ætti að miða tekjur bændastéttarinnar. Ég skal segja það aftur að síðustu. Ég tel neytendur og bændur eiga að semja um verð landbúnaðarafurðanna og þar með um tekjur bændanna, ef nokkur lifandi leið er, að slíkt samkomulag geti komizt á á milli aðilanna, ef ekki þarf að setja einhverjar fastar reglur um það, hvernig afurðaverðið og þar með kaup bændanna skuli ákveðið, og þá tel ég hiklaust og tvímælalaust, að bændur eigi að fá hlutdeild í þeirri almennu þjóðartekjuaukningu, sem á sér stað frá ári til árs, hvort sem þessi þjóðartekjuaukning á rót sína að rekja til almennrar framleiðniaukningar í þjóðfélaginu eða til verðhækkunar íslenzkra útflutningsafurða á erlendum markaði eða verðlækkunar erlendra vara, sem fluttar eru til landsins. M.ö.o., þeir eigi að fá réttmæta hlutdeild eins og aðrar stéttir í breyttum viðskiptakjörum eða breyttum verzlunarkjörum. Hins vegar tel ég ekki, að bændur eigi að fá sjálfkrafa hækkun á tekjum sínum og hækkun á afurðaverði, þó að einstaka stéttir aðrar fái sérstakan tekjuauka í sinn hlut af sérstökum ástæðum, eins og t.d. tækniframförum, breytingu á launakerfi eða sérstakri vinnuhagræðingu á tilteknum stað eða í tiltekinni iðngrein. Með þessu vona ég, að ég hafi gert algerlega ljóst, hver sé skoðun mín persónulega á þessu máli.

Umr. frestað.

Á 11. fundi í Nd.,4. nóv., var enn fram haldið 1. umr. um frv.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Mér þykir rétt að segja hér nokkur orð, þar sem vitað er, að hv. 5. þm. Vestf. tekur til máls hér á eftir, en í rauninni á hann inni hjá mér nokkrar upplýsingar vegna ræðu, sem hann flutti fyrir nokkrum dögum, en þegar ég talaði hér síðast, hafði ég ekki fengið þær upplýsingar í hendur. Mér þykir þess vegna eðlilegt, að hv. þm. fái að heyra nokkuð um það, áður en hann fær orðið hér á eftir.

Eins og hv. alþm. muna, var megininnihald í ræðu hv. 5. þm. Vestf. dreifingarkostnaðurinn, og hv. þm. taldi, að dreifingarkostnaðurinn væri óeðlilega hár. Hann taldi, að það hefði verið erfitt að fá upplýsingar um dreifingarkostnaðinn fyrir 6 manna n. Nú ætla ég engan dóm á það að leggja, hvort dreifingarkostnaðurinn gæti ekki verið lægri en hann er. En ég tel, að það sé alveg nauðsynlegt og sjálfsagt, að hv. þm. og þá ekki síður sú n., sem verður sett á laggirnar til þess að vinna að endurskoðun verðlagsmálanna, fái allar upplýsingar, sem fyrir liggja í sambandi við dreifingarkostnað búvörunnar, því að það eru allir hv. þm. sammála um, að það sé sameiginlegt hagsmunamál allra landsmanna, hvar í stétt sem þeir eru, að dreifingarkostnaðurinn geti verið sem minnstur. Ég hef aðeins fengið upplýsingar nú og glögga skýrslu, sem er fróðleg, frá Mjólkursamsölunni í Reykjavík. Ég hef ekki enn í höndum sams konar skýrslu í sambandi við sláturafurðir, dreifingu kjöts og kjötvara, en þannig skýrslu mun ég einnig fá. Og ég vil með leyfi hæstv. forseta lesa hér nokkuð úr þessari skýrslu Mjólkursamsölunnar, sem er til fróðleiks fyrir alla hv. þm. og fyrir landsmenn alla, því að þessi skýrsla ber nú það með sér, að dreifingarkostnaður mjólkurinnar er minni en margir hafa haldið. Ég ætla hins vegar alls ekki að fullyrða, að það sé útilokað, að hann gæti verið eitthvað minni. Ég ætla engan dóm á það að leggja. En samkv. þessari skýrslu kemur í ljós, að dreifingarkostnaðurinn er allmiklu lægri en ýmsir höfðu haldið. Og einmitt þessi skýrsla er vitnisburður um það, að það á ekki að leyna neinu í þessu sambandi, að n., sem tekur til starfa nú í næstu viku, að ég vona, á að fá upplýsingar og þau gögn á borðið, sem hún óskar eftir. Ég segi þetta í tilefni af því, að hv. 5. þm. Vestf. skoraði alvarlega á mig að hlutast til um það, að upplýsingar væru gefnar, en eins og ég gat um, upplýsti frkvstj. Framleiðsluráðs landbúnaðarins, að það væri engin tregða á því að leggja gögnin á borðið. En hér er skýrsla í sambandi við Mjólkursamsöluna í Reykjavík. Sams konar skýrsla vitanlega er

fáanleg, en aðeins síðar, í sambandi við kjötverzlunina.

Þá er það í sambandi við mjólkurverð árið 1964. Vegið meðaltal útsöluverðs á árinu 1964 var 9 kr. 44.63 aurar á mjólkurlítra í lausu máli. Sölutekjur, að frádregnum tekjum af sölu brauða, sælgætis o.fl., námu á sama tíma 9 kr. 14.7 aurum á lítra innveginnar mjólkur, eða 29.93 aurum lægri upphæð en verðlagningunni á mjólk í lausu máli nemur. Þessi mismunur stafar af ýmsum ástæðum, og eru þessar helztar: Verðlagning vinnsluvara er ekki í fullu samræmi við verðlagningu á mjólkinni. Nokkur rýrnun verður á mjólkinni í meðförum. Sölulaun eru greidd öðrum aðilum. Flösku- og hyrnugjald stendur ekki fyllilega undir kostnaði o.fl. Brúttótekjur af sölu brauða, sælgætis o.fl. að frádregnum söluskatti og öðrum opinberum gjöldum af þeim samsvöruðu 7.73 aurum á mjólkurlítra. Sé kostnaðurinn við söluna á þessum vörum talinn hinn sami og tekjurnar, verður skipting mjólkurverðsins þannig á lítra: Kostnaður Mjólkursamsölu og mjólkurbúa 2 kr. 8.78 aurar, þ.e. 22.82%. Til byggingarsjóðs og varasjóðs 7.32 aurar, 0.8%. Til stofnlánasjóðs landbúnaðarins 4.62 aurar, 0.51%. Til verðmiðlunarsjóðs 8.52 aurar, 0.93%. Til bænda, stofnlán búnaðarmálasjóðs meðtalin, 6 kr. 85.46 aurar. M.ö.o., bændum var borgað út árið 1964 74.94% af útsöluverðinu.

Helztu kostnaðarliðir eru: Launa- og starfsmannakostnaður, annar en við akstur frá búi, 1 kr. og 30.6 aurar eða 14.22%. Flutningskostnaður og rekstur bifreiða mjólkurbúanna 12.73 aurar, eða 1.39%, vextir 14.39 aurar, 1.57%, afskriftir aðrar en af bílum búanna 18.96 aurar, 2.07%. Annar kostnaður 40.37 aurar, 4.41%. Kostnaðurinn er, eins og áðan var sagt, 2 kr. 16.51 eyrir, eða 23.66%. Tekjur af búðarvörum, þ.e. sala á sælgæti og brauðum og slíku 7.73 aurar, eða 0.84%.

Rekstrarkostnaður mjólkurbúa og Mjólkursamsölunnar er í eðli sínu þríþættur, þ.e. mjólkurvinnsla, flutningur afurða á sölustað og dreifingarkostnaður. Rekstrarkostnaður mjólkurbúanna er að mestu iðnaðarkostnaður auk flutningskostnaðarins. Dreifingarkostnaður þeirra er rekstur örfárra búða og nemur sem svarar 2.79 aurum á innveginn mjólkurlítra svæðisins. Rekstrarkostnaður Mjólkursamsölunnar, að svo miklu leyti sem hann er borinn uppi af mjólkinni, er allur dreifingarkostnaður, en það samsvarar á allt mjólkurmagnið að meðtöldu tillagi til byggingarsjóðs 83.25 aurum á lítra. Rekstrarkostnaður Mjólkursamsölunnar og mjólkurbúanna skiptist þá þannig milli þessara þriggja liða: Mjólkurvinnsla 110.01 eyrir, eða 12.03%, flutningur afurðanna 12.73 aurar, 1.39%, sölukostnaður 86.04 aurar, eða 9.4%. Með í þessum sölukostnaði er útkeyrsla hjá Mjólkursamsölunni, bæði innan Reykjavíkur og til nærliggjandi kaupstaða, svo og flutningur mjólkurafurða til Vestmannaeyja. Með er talinn allur heildsölu- og smásölukostnaður, en ekki afsláttur eða sölulaun til annarra, sem búðir reka. Einnig er meðtalinn kostnaður við rekstur rannsóknarstofu. Hlutverk hennar er fyrst og fremst í þágu mjólkurvinnslunnar og mjólkurframleiðslunnar sjálfrar, þ.e. bænda, til að tryggja og bæta gæði mjólkur og mjólkurvöru frá fyrstu hendi og vísindastörf í þágu mjólkuriðnaðarins. Hún er hugsuð fyrst og fremst og rekin til þjónustu við neytendur og framleiðendur. Allur kostnaður Mjólkursamsölunnar, eins og honum er lýst hér að framan, samsvarar 11.55% af vörusölu hennar. Sé framlag til byggingarsjóðs meðtalið, en hann gegnir svipuðu hlutverki og varasjóðir samvinnufélaga, nemur kostnaðurinn 12.09% af sölunni.

Þá eru það afskriftir Mjólkursamsölunnar. Hv. 5. þm. Vestf. talaði mikið um afskriftirnar í ræðu sinni og taldi þær óeðlilega miklar, og það má vitanlega alltaf um það deila, en afskriftir Mjólkursamsölunnar eru aðeins lögum samkvæmt, og það hefur nú ekki alltaf verið talið, að það væri of rúmt. Fasteignir aðrar en mjólkurbúðir eru afskrifaðar um 4%, þ.e. eins og lög ákveða. Mjólkurbúðir eru afskrifaðar um 10%. Þær eru afskrifaðar meira en aðrar fasteignir vegna innréttinga og kæliútbúnaðar í búðunum. Búðirnar voru áður afskrifaðar niður í 100 kr., og er það rétt, sem hv. 5. þm. Vestf. sagði, en því var hætt fyrir nokkrum árum. Síðan er síðasta afskrift látin standa eftir, eða 10% af upphaflegu verði. Nú hefur samsalan margar búðir í leiguhúsnæði, og á þess vegna ekkert annað en innréttingarnar og tækin, og kælitæki og annað þarf að endurnýja, og l. samkv. er leyft að afskrifa vélar um 12%. Hér er afskriftin hins vegar 10%, og þykir rétt, að það komi fram einmitt í tilefni af því, sem hv. 5. þm. Vestf. sagði um þessi mál. Mjólkurvinnsluvélar eru afskrifaðar um 12%. Það er einnig lögum samkvæmt. En mjólkurvinnsluvélar þarf alltaf að vera að endurnýja og endurbæta öðru hverju, og hefur löggjafinn talið, að 12% afskrift á vélum væri það eðlilega. Bifreiðar eru afskrifaðar mest fyrst og svo minnkandi, eftir því, sem þær eldast, en bifreiðarnar munu í seinni tíð tæplega hafa verið afskrifaðar eins og heimilt er l. samkv., aðeins minna. Þess má geta, að enda þótt nú sé heimilt að láta endurmeta fasteignir og afskrifa þær um 10%, hefur Mjólkursamsalan ekki breytt afskriftunum í það horf, þannig að Mjólkursamsalan hefur ekki nú í seinni tíð afskrifað eins og heimilt er. Hún hefur ekki látið endurmeta, til þess að geta þannig fengið hærri afskriftir. Þetta finnst mér eðlilegt, að hv. 5. þm. Vestf. fái upplýst einmitt hér í umr. og nauðsynlegt, að þetta komi fram.

Bókhald Mjólkursamsölunnar hefur frá byrjun verið endurskoðað af Endurskoðunarskrifstofu Björns E. Árnasonar, sem hefur annazt það starf af mikilli nákvæmni, að ætla má.

Þá er það verð mjólkur. Hér að framan er miðað við mjólk í lausu máli, þótt meiri hluti neyzlumjólkur í Reykjavík sé seldur í hyrnum eða flöskum. Ástæðurnar eru þær, að sérstöku gjaldi er ætlað að bera uppi kostnaðinn við hyrnurnar og flöskurnar. Ýmsar stofnanir iðnaðar og fleiri í Reykjavík kaupa mjólk í lausu máli og almennir neytendur í kaupstöðum og kauptúnum, er ekki fá mjólk frá Reykjavík, en öll önnur mjólkurvara er seld án þessa gjalds. Væri hyrnu- og flöskugjaldinu dreift á alla mjólk og mjólkurafurðir, yrði það vitanlega lægra á mjólkurlítra að meðaltali en það er á þá mjólk, sem það er lagt á. Þetta er tekið fram hér vegna þess misskilnings, sem oft kemur fram við samanburð á því verði, er bændur fá fyrir mjólkina, og því verði, sem neytandinn greiðir fyrir hyrnumjólk, og

látið heita sem mismunurinn sé dreifingarkostnaður. Og þá segir, að það sé fjarstætt og mætti skýra það með dæmum, að engum dytti í hug að telja dreifingarkostnað verðmismun, sem er á ullarverði til bænda og sama þunga fullbúinna ullarklæða, talað um ullariðnað og klæðaiðnað, síðan og stundum á millistigum kemur svo álagning til að mæta sölukostnaði. Enginn telur rekstur síldarverksmiðja eða frystihúsa dreifingarkostnað, og fleira er hér talið því til stuðnings, að þegar mjólk er seld í sérstökum umbúðum, sem kosta mikla peninga, sé það ekki hinn raunverulegi dreifingarkostnaður.

Ég hef talið rétt, að þetta kæmi fram, vegna þess að það er svo mikið rætt um verðlagsmál landbúnaðarins. Þetta er fjórði dagurinn, sem um þetta er rætt hér, og er sízt við því að amast. Umr. eiga að vera til þess að upplýsa málin, og nú vænti ég þess, að A.S.Í. og sjómannafélagið gangi frá því að tilnefna í n., sem ríkisstj. vill koma á laggirnar til þess að koma þessum málum í lag, og n. geti þá byrjað störf sín upp úr helgi, og ég held, að það sé gott nú um leið og það er ákveðið, að n. taki til starfa, að það liggi ljóst fyrir, að það stendur ekki á Mjólkursamsölunni, það stendur ekki á Framleiðsluráðinu að leggja gögnin á borðið, til að aðilar geti fengið upplýst ýmis atriði, sem ekki hafa áður legið ljós fyrir. Og ég vil ítreka það, sem ég sagði hér fyrir nokkrum dögum, að ég vænti þess, að þrátt fyrir yfirlýsingu hv. 5. þm. Vestf. hér á dögunum, að hann teldi ekki eðlilegt, að framleiðendur og neytendur semdu framvegis um verðlag búvörunnar, vil ég vænta þess, að hv. þm. endurskoði afstöðu sína og þá einnig og ekki sízt í ljósi þess, að það er grundvöllur til viðræðna um þessi mál í hreinskilni og það á að upplýsa það, sem óskað er í sambandi við dreifinguna. Og ég er sannfærður um, að það er hollast fyrir báða aðila, neytendur og framleiðendur, að það geti skapazt gagnkvæmur skilningur á milli þessara aðila, gagnkvæmur skilningur, og á þessum skilningi verði lagður grundvöllur til verðlagningar á búvörum fyrir framtíðina.

Ágúst Þorvaldsson: Herra forseti. Það hafa nú orðið hér allmiklar umr. um landbúnaðarmálin í sambandi við þetta brbl.frv., sem hér er á dagskránni. Þessar umr. hafa snúizt um ýmislegt fleira en verðlags- og kjaramál bænda. Inn í þetta hafa einnig dregizt framleiðslumál bændanna og svo dýrtíðarmálin, eins og eðlilegt er. En hin æðisgengna dýrtíð er auðvitað undirrót alls ills fyrir bændur, eins og aðra þá þegna þessa lands, sem verða að lifa af handafli sínu, og líklega hefur nú dýrtíðin fáa leikið jafnhart og bændastéttina.

Það úrræði, sem bændum hefur jafnan verið bent á til þess að jafna leikinn við verðbólguna, er að stækka búin og auka framleiðsluna, og þetta hafa bændur keppzt við, en mér finnst, að við bændurnir höfum litla hamingju hlotið af þessu starfi okkar. Með þessu hafa bændur yfirleitt lagt á sig meira og stærra þrældómsok með hverju ári, sem liðið hefur. Þeir hafa lagt á sig lengri vinnutíma, og þeir hafa tekið á sig þyngri og þyngri skuldabagga. En ég hygg, að þeir hafi ekki haft erindi sem erfiði fyrir þetta starf. Víða fara bændur frá jörðum sínum og fá ekkert verð fyrir þær, eins og nú er ástatt. Þeir, sem eftir sitja í sveitinni, verða vegna fámennis að taka á sig alls konar nýjar og þyngri byrðar en áður, vegna þess að fólkinu hefur fækkað. Unga fólkið hefur ekki og getur ekki vegna dýrtíðar stofnað til búskapar, og búskapur þeirra, sem búnir eru að koma upp þessum stóru búum, sem þeir hafa verið hvattir til að koma upp, getur ekki keppt við aðra atvinnuvegi um vinnuaflið, og svo standa menn uppi einyrkjar með allt of mikið erfiði, sem þeir ráða ekki við. Þetta er allt saman kunnara en frá þurfi að segja, en ég get ekki látið hjá líða að vekja athygli á þessu í sambandi við þessar umr. Svona er nú sagan. Og það er staðreynd, að það er ekki hægt að reka sveitabúskap með aðkeyptu vinnuafli, hversu mikil tækni sem notuð er við búskapinn, bæði vegna þess, að þetta vinnuafl er ekki fáanlegt og að framleiðslan stendur ekki undir því kaupgjaldi, sem auðvitað þyrfti að vera hægt að borga.

Ýmsir halda, að það sé ekkert annað ráð til þess að bjarga bændastéttinni en einungis það að stækka búin. Og menn standa endilega í þeirri meiningu, að stórbóndinn reki gróðafyrirtæki. En ég fullyrði, að þetta er ekki þannig yfirleitt. Það kann að vera, að einstaka bóndi, sem var búinn að framkvæma allt, áður en dýrtíðin hóf göngu sína með þessu æðisgengna kapphlaupi sínu, slíkur bóndi hafi haft allgóða aðstöðu á undanförnum árum, en því miður eru þeir bændur lítið brot af tölu bændanna í landinu. Það er þessi stækkun búanna, sem öll viðreisnarhersingin hefur verið að ráðleggja bændum. Hún hefur reynzt illa, og nú hefur þessi stækkun búanna leitt af sér offramleiðslu, eins og kunnugt er, sem þeir kvarta nú mest undan, sem áður hafa mest hvatt bændur til að auka framleiðsluna. Það er niðurstaðan af öllum ráðleggingunum.

Ég get ekki neitað mér um það að láta þá skoðun mína í ljós, sem ég hef margoft látið í ljós áður, bæði hér á hinu háa Alþ. og annars staðar, að ég hef alltaf haldið því fram, að langsamlega farsælasta leiðin fyrir íslenzku þjóðina væri sú í landbúnaðarmálum, að hér sé rekinn fjölskyldubúskapur, þar sem bóndinn og fjölskylduliðið vinnur saman að búskapnum. Það hygg ég, að verði sú hollasta aðferð, sem hægt er að hafa í íslenzkum landbúnaði. Ég hygg líka, að þannig muni fást mestur afrakstur af því fjármagni og fjármunum, sem í þennan atvinnuveg er varið, og þannig megi líka helzt halda jafnvægi í framleiðslunni. Og ég er sannfærður um, að það er í raun og veru eina ráðið til þess, að jafnvægi haldist nokkuð gott í framleiðslunni, og þá enn fremur það, að með þeim hætti verður auðvitað langhægast að halda jafnvæginu í byggð landsins, sem er einn stærsti þátturinn og kannske sá veigamesti til þess að þjóðin geti notið í framtíðinni hollra áhrifa dreifbýlisins á uppeldi komandi kynslóða, en hvarvetna í heiminum, þar sem ég hef frétt um, er sveitalífið talið veita inn í þjóðlífið hollum áhrifum og hraustu blóði.

Hæstv. landbrh. vildi túlka ræðu mína hér í byrjun þessara umr. þannig, að ég væri að æsa bændur á móti brbl. Ég hef engan hug á því að æsa neinn til neins, en ég harmaði það og gagnrýndi í senn, að hæstv. ríkisstj. skyldi ekki leysa kjaramál bændastéttarinnar í samráði við stéttarsamtök þeirra, úr því að svo fór, að 6 manna n. var gerð óvirk. Fulltrúar bænda áttu þar enga sök á.

Ég tel, að með slíku hafi hæstv. landbrh. brugðizt siðferðilegri skyldu sinni, og ég tel, að hann hefði átt að segja af sér fremur en leysa málið á þennan hátt, sem hann gerði, og við það hefði hann vaxið í mínum augum.

Í þeim umr., sem hér hafa orðið, hefur hæstv. landbrh. reynt að leiða athyglina að ýmsum öðrum þáttum landbúnaðarmála en þeim, sem í brbl. felast. Það er auðfundið á því, að hann finnur, að aðstaðan er veik og hann er ekki sannfærður um, að hann hafi gert það, sem gera bar í þessu máli. Hann veit, hvaða augum bændur almennt líta á það að hafa nú einir allra stétta í landinu verið án saka settir undir þá lagakvöð að mega engu ráða um sín kjaramál. Hæstv. ráðh. tók líka fremur þann kostinn hér síðast, þegar þetta mál var til umr., — ég held s.l. þriðjudag, — að halda hér ræðu um hlutverk og þýðingu landbúnaðarins fyrir þjóðina. Í þeim almennu hugleiðingum hans var margt gott, ég skal játa það, og vel sagt, sem ég get vel tekið undir. Það snertir ekki það mál, sem hér er til umr., brbl. sjálf.

Hv. 5. þm. Vestf. flutti hér langa ræðu um þetta mál og kom víða við. Hann var allherskár og hressilegur í vopnaburði að venju og brá brandi sínum ótt og títt í áttina að sölufélögum bændanna. Hann taldi sig hafa unnið gott verk með því að koma 6 manna n. fyrir kattarnef. Ég er honum ósammála um þetta, og það kom fram í ræðu minni um daginn, og ég ætla ekki að fjölyrða um það frekar nú. Hins vegar vil ég gera nokkuð að umtalsefni þær árásir, sem hv. 5. þm. Vestf. gerði á sölufélög bændanna, en ég tel mig til þess knúinn, þar sem ég er bóndi og félagsmaður í þeim sölufélögum, sem hv. þm. sérstaklega nefndi.

Hann talaði mikið um milliliða- og dreifingarkostnað hjá Mjólkurbúi Flóamanna og Mjólkursamsölunni og Sláturfélagi Suðurlands og sagði, að sívaxandi hluti verðsins færi í milliliðakerfið, og nefndi, að 700 millj. kr. hefðu þannig farið á s.l. ári. Ég veit ekki, hvernig slík dæmi eru búin til eða slíkar útkomur eru fengnar og skal ekki tala um það. Honum þóttu afskriftirnar óeðlilega háar, og hann spurði að síðustu, hvort kaupmenn gætu ekki annazt dreifingu varanna, rétt eins og hann hefði betri reynslu af þeim við slíkt en félögum bænda. Hér hefur nú verið lesin skýrsla frá Mjólkursamsölunni, sem hæstv. landbrh. las hér áðan um þennan dreifingarkostnað, rekstrarkostnað Mjólkursamsölunnar, fyrningar og afskriftir og annað slíkt, sem sýnir það, að dreifingarkostnaður Mjólkursamsölunnar er um 9.4%, en ég veit ekki betur en kaupmenn hér í bænum vilji fá 23% fyrir að selja landbúnaðarvörur. Og ég held þess vegna, að það sé alveg ugglaust mál, að Mjólkursamsalan hefur verndað neytendur með því að hafa þessa dreifingu sjálf á hendi, því að annars hefðu þeir fengið miklu hærri dreifingarkostnað. Þetta held ég, að sé alveg sannað mál með þeirri skýrslu, sem hér var áðan lesin.

Hv. þm. klykkti út með því í ræðu sinni hér á dögunum að heimta rannsókn á stofnanir bændanna, rétt eins og þau séu líkleg til þess að vera einhver okureða fjársvikafyrirtæki. Ég verð að segja það, að ég varð mjög undrandi yfir því, að þessi ágæti og mæti maður skyldi sleppa svona fram af sér beizlinu í ræðu sinni. Bændur hafa, m.a. fyrir hans tilverknað, þar sem hann að vísu telur sig hafa gert rétt, nýlega verið gerðir réttlausir til áhrifa á sín kjaramál, en það er ekki nóg, heldur á einnig að setja stofnanir þeirra undir opinbera rannsókn, eins og þegar þjófar eiga í hlut, og ég sá í blaði, að hæstv. landbrh. hefði tekið vel í það, að sú rannsókn yrði látin fara fram. Ég vil nú spyrja hæstv. landbrh., hvort það sé rétt eftir haft, hvort hann hugsi sér að skipa rannsóknarnefnd á þessi fyrirtæki. Það er ekki af því, að ég telji, að stofnanir bænda hafi nokkuð að óttast, þó að slík rannsókn færi fram. Ég er algerlega óhræddur við slíka rannsókn, en óneitanlega held ég, að slík aðför að stofnunum bændanna yrði svartur blettur á þeim, er hana fyrirskipaði. Ég er hræddur um, að hún yrði svartur blettur, og ég hygg, að ef slíkt yrði gert, yrði það fyrsta fyrirbrigði slíkrar tegundar, sem maður veit um hér í löndum hins frjálsa heims, a.m.k. hér á Norðurlöndum. Ég hef aldrei heyrt talað um, að stofnanir bænda þar, sölufélög þeirra og stofnanir, hafi verið settar undir opinbera rannsókn.

Ég hef nýlega í blaðagrein gert nokkra grein fyrir rekstrarkostnaði Mjólkurbús Flóamanna og þeirri útkomu, sem þar varð, og sagt frá því, að mjólkurbúið gat skilað 80% af verði varanna beint í vasa bændanna. Ég hygg, að slík útkoma sé ekki til staðar hjá nágrönnum okkar hér í næstu löndum og þess vegna sé ekkert að óttast fyrir þessar stofnanir, þó að þær yrðu nú að leggja fram öll sín gögn, enda eru reikningar þeirra opinberir og getur hver maður fengið að sjá þá án allrar rannsóknar. Þeir eru opnir og engin hula yfir neinu, sem þessar stofnanir snertir.

Mér fannst ég ekki komast hjá því sem bóndi, sem bæði stjórnarmaður í Mjólkurbúi Flóamanna og í fulltrúaráði Mjólkursamsölunnar að víkja að þessu. Ég tel eðlilegt, að sú skýrsla, sem hæstv. landbrh. las hér áðan, verði fengin í hendur öllum þm., og ég hef óskað eftir því við Mjólkursamsöluna, að sú skýrsla yrði send öllum þm., svo að þeir geti með eigin augum fengið að glöggva sig á þeirri grg., sem þar hefur verið sett fram.

Ég hafði ekki hugsað mér að lengja mjög þessar umr. Þær eru nú þegar orðnar alllangar, en ég tel þær að vísu hafa verið þýðingarmiklar. Það hefur margt komið fram í þeim athyglisvert, og það er sérstök ástæða til þess fyrir bændastétt landsins að fylgjast vel með, þegar um þessi mál er rætt hér á þingi, og ég vænti þess, að það megi ýmislegt gagn hafa af því, sem hér hefur komið fram. Ég ætla svo ekki, herra forseti, að eyða meiri tíma.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Ég hef kvatt mér hljóðs vegna nokkurra atriða, sem komu fram í ræðu hæstv. viðskmrh., þegar hann talaði hér seinast. Hæstv. viðskmrh. virtist a.m.k. að einhverju leyti hafa skilið mig þannig, að ég væri orðinn sammála þeirri stefnu, sem hann hefur haldið fram í landbúnaðarmálum. Ég held, að þetta stafi af einhverjum misskilningi hjá hæstv. ráðh. Hitt er hins vegar rétt, að ég tók undir þær skýringar, sem hann gaf á því, að útflutningsuppbætur á landbúnaðarvörum hafa farið mjög hækkandi eða raunverulega margfaldazt á undanförnum árum. Það er alveg rétt, að þessar meginskýringar ráðh. taldi ég réttar. En þær voru tvíþættar. Í fyrsta lagi sú skýring, að miklar verðhækkanir

innanlands af völdum verðbólgunnar hefðu hækkað mjög framleiðslukostnaðinn og þar með afurðaverðið og aukið það bil, sem er á milli þess og þess verðs, sem fæst erlendis. Það er alveg rétt hjá hæstv. ráðh., að þetta er meginorsökin til þess, hve mjög útflutningsuppbæturnar hafa hækkað á undanförnum árum. Og ég vil aðeins nefna það sem dæmi um þetta, að t.d. útflutningsmagnið á sauðfjárafurðum var svo að segja það sama haustið 1962 og 1963 og verðlagið erlendis var heldur hærra þá, þ.e. seinna haustið heldur en hið fyrra. Þrátt fyrir það þurfti að borga um 20 millj. kr. meira á þetta útflutningsmagn, sem lá eingöngu í því, að afurðaverðið hafði hækkað innanlands sem þessu svaraði og bilið á milli þess og útflutningsverðsins hafði vaxið. Þessi þróun hefur þó orðið enn meiri tvö árin, sem síðan eru liðin, og sést á þessu, að það eru verðhækkanir innanlands eða verðbólgan innanlands, sem á meginþátt í því, hve mjög útflutningsuppbæturnar hafa vaxið, en eins og ég sýndi fram á og mun síðar víkja að, er það fyrst og fremst verðbólgustefna ríkisstj., sem á þátt í þessu.

Hin ástæðan, sem hæstv. ráðh. nefndi, var sú, að mjólkurafurðir eða framleiðsla á þeim hefði aukizt meira en á sauðfjárafurðum á undanförnum árum og það ætti sinn þátt í aukningu uppbótanna, vegna þess að það fengist tiltölulega minna verð fyrir mjólkurvörurnar en sauðfjárafurðirnar. Þetta er rétt hjá honum, en þetta stafar einnig af því, hvernig hæstv. ríkisstj. hefur hagað þessum málum. Meðan nær eingöngu voru fluttar út kjötvörur, reyndi hún að halda kjötverðinu sem mest niðri og lét verðhækkanirnar innanlands aðallega koma fram á mjólkurvörunum með þeim afleiðingum, að framleiðsla þeirra jókst, en hin framleiðslan stóð í stað eða frekar dróst saman. Hæstv. ríkisstj. átti þannig meginþátt í þessari öfugþróun með stefnu sinni og getur sjálfri sér um þetta kennt, en ekki bændunum.

Ég ætla svo ekki að endurtaka það frekar, að það er rétt hjá hæstv. viðskmrh., að það stafar af þessum tveimur meginástæðum, hve óeðlilega mikið útflutningsuppbæturnar hafa vaxið á undanförnum árum.

Ég kem þá að því, sem er í raun og veru helzta deilumálið milli mín og hæstv. viðskmrh. Ég hef haldið því fram hér í þessum umr., að verðbólgan hafi aukizt meira tvö seinustu árin en nokkru sinni fyrr, og það eigi m.a. sinn þátt í þessari miklu hækkun á útflutningsuppbótunum, sem við höfum verið að ræða um. Hæstv. menntmrh. hefur hins vegar haldið því fram, að verðbólgan hafi í raun og veru aukizt minna tvö seinustu árin en áður fyrr. Um þetta atriði hefur deilan á milli okkar staðið. Ég nefndi í ræðu minni hér á dögunum til sönnunar um þetta þá hækkun, sem hefði orðið á vísitölu byggingarkostnaðarins, og ég taldi rétt að nefna hana í þessu sambandi, vegna þess að við vorum fyrst og fremst í sambandi við þetta mál að ræða um framleiðslukostnaðinn. Af hvaða ástæðu sem það er, hvort það er af kunnáttuleysi hæstv. menntmrh. eða einhverju öðru, virðist hann líta svo á, að framleiðslukostnaður og framfærslukostnaður sé eitt og hið sama, því að hann svaraði mér aðallega með því að vitna til útreikninga, sem nýlega höfðu birzt í því blaði, sem ég er ritstjóri að og snertu framfærsluvísitöluna.

Hæstv. ráðh. reyndi að hnekkja þeim niðurstöðum, sem ég hafði birt þar, með því að koma með allt aðra útreikninga. Þeir útreikningar, sem ég hafði birt í blaðinu, voru fólgnir í því að fylgja vísitölunni á tilteknu árabili miðað við ákveðinn grundvöll eða grundvöll fyrir eitt ár og bera síðan saman hækkun vísitölustigana á hverju ári og byggja samanburðinn um hækkunina á þennan hátt. Ég hygg, að því verði ekki á móti mælt, að þetta er réttur samanburður og það er ekki hægt að fá réttan samanburð með neinum öðrum hætti. Ef á að gera slíkan samanburð eins og þetta, verður að sjálfsögðu alltaf að miða við sama grundvöllinn, en ekki við mismunandi grundvelli, eins og hæstv. ráðh. gerði í sínum útreikningi. Og það verður til þess að gera útreikninginn réttan að taka alltaf sama magnið. Í hverju vísitölustigi felst að sjálfsögðu sama upphæðin, og þess vegna er ekki önnur leið réttari til þess að fá réttan samanburð en einmitt þessi. Hæstv. menntmrh. vildi hins vegar fara allt aðrar leiðir í þessum efnum með því að taka mismunandi niðurstöðu fyrir hvert ár og reikna út prósenturaf því. En það mætti draga upp dálítið dæmi til að sýna muninn á þessum tveimur reikningsaðferðum og hvor væri réttari. Við skulum t. d. segja, að sá atburður gerðist, að tveir hv. alþm. tækju upp á því að hækka jafnmikið, t. d. um 10 cm. Við skulum segja, að þetta væru menn, sem eru dálítið mismunandi stórir eins og t.d. Davíð Ólafsson og hæstv. forsrh. Ef þeir lengdust báðir um 10 cm, mundi ég halda því fram, að þeir lengdust nokkurn veginn jafnt, cm væri cm, hvort heldur það væri hjá DÓ eða BBen. En nú kem ég að því einmitt, sem ég ætlaði að koma að. Hæstv. menntmrh. er að sjálfsögðu trúr herra sínum og húsbónda, og hann vill halda því fram, að Bjarni Benediktsson hafi hækkað meira en Davíð, og þá kemur hann með prósentuna, og það finnur hann sennilega út, að Bjarni Benediktsson hafi hækkað um 7% en Davíð hafi ekki hækkað nema um 5%, og með þessum útreikningi heldur hann því fram, að hækkunin hjá Bjarna hafi orðið miklu meiri, og það er með þessum hætti, sem hann finnur það út, að verðbólgan á síðari árum hafi verið minni en áður fyrr, með því að reikna út prósentur af mismunandi grundvelli. Ég held, að þetta dæmi sé alveg nægilega ljóst til að sýna mismuninn á minni reikningsaðferð og reikningsaðferð ráðh. og hún dragi alveg ljósa mynd af því, hvor okkar hafi réttara fyrir sér, þegar verið er að mæla það, hvað dýrtíðin hafi aukizt á undanförnum árum.

En ég ætla þá að koma aftur að þeim útreikningum, sem ég var með hér á dögunum og ég taldi fyrst og fremst sanna það, að verðbólgan og dýrtíð hefði aukizt miklu meira tvö seinustu árin en áður fyrr, og það byggði ég á vísitölu byggingarkostnaðarins, og það er nefnilega gott að nota hana, vegna þess að það gildir ein og sama vísitalan fyrir ákveðið tímabil, en ekki mismunandi vísitölur eins og í sambandi við framfærslukostnaðinn, og auk þess mun það flestra dómur, að vísitala byggingarkostnaðarins muni vera mun nær sanni en hin vísitalan með hvað það snertir að gefa rétta mynd af ástandinu.

Eg verð nú því miður að upplýsa það, að sá út-

reikningur, sem ég var með hér á dögunum, var ekki að öllu leyti réttur eða þ.e.a.s. hann var að vissu leyti úreltur. Þær tölur, sem við vorum með, voru á þá leið, að frá 1. okt. 1955 til 1. okt. 1963 hafi vísitala byggingarkostnaðar hækkað úr 100 stigum í 183 stig, eða hækkað um 83 stig á þessum 8 árum eða um 10 stig á ári til jafnaðar. Ég fór hins vegar með þær upplýsingar þá, að á þeim tveimur árum, sem síðan eru liðin, frá 1. okt. 1963 og til 1. okt. í ár, — sem er stjórnartímabil núv. ríkisstj. þ.e. rn. Bjarna Benediktssonar — hefði vísitala byggingarkostnaðar hækkað úr 183 stigum í 248 stig. Ég verð því miður að viðurkenna það, að þessar upplýsingar eru ekki alveg réttar, þ. e. a. s. þær eru orðnar úreltar. Ástæðan er sú, að Hagstofan hefur um seinustu mánaðamót reiknað nýja vísitölu byggingarkostnaðar eins og hún gerir árlega í hvert skipti í októberbyrjun, ef vísitalan er reiknuð út tvisvar á ári. Seinast var hún reiknuð út 1. júní, og ég miðaði mína tölu við það, en það hefur komið á daginn að þrátt fyrir það þó að hæstv. menntmrh. segi, að það sé engin verðbólga í landinu eða a. m. k.miklu minni verðbólga í landinu en áður hefur verið, gefur vísitala byggingarkostnaðarins annað til kynna, því að hún hefur á þessum 4 mánuðum hvorki meira né minna en hækkað um 19 stig, sem er algert met í þessum efnum. Byggingarkostnaður hefur samkv. þessum upplýsingum aldrei hækkað meira í landinu en á þessum 4 mánuðum síðan 1. júní s. l. eftir því sem útreikningar Hagstofunnar herma. Og í dag er því vísitala byggingarkostnaðar ekki 248 stig, eins og ég sagði hér fyrir nokkrum dögum, heldur 267 stig, eða hefur m. ö. o. hækkað um 84 stig síðan 1. okt. 1963 eða í valdatíð núv. ríkisstj. M.ö.o., til þess að menn fái nokkurn samanburð á þessum tveimur árum og undanförnum árum sést hann kannske einna ljósast af því, að á 8 árunum, frá 1955-1963, hækkar vísitala byggingarkostnaðar um 83 stig, hækkar um 83 stig á 8 árum, en á þeim tveimur árum, sem síðan eru liðin, valdatíð Bjarna Benediktssonar sem forsrh., hefur þessi sama vísitala hækkað um 84 stig eða 1 stigi meira en á 8 árunum á undan. Á átta árunum á undan hækkar hún um 10 stig til jafnaðar á ári, en á tveimur árunum seinustu hefur hún hækkað um rösklega 40 stig á ári, eða fjórum sinnum meira. Og nú skal ég gera það hæstv. menntmrh. til geðs, þó að ég álíti hans reikningsaðferð alls ekki rétta, eins og ég hélt hér fram áðan, að reyna að reikna þetta út í prósentum, hvað byggingarkostnaðurinn hefur vaxið mikið á þessum tveimur árum samkv. þeirri aðferð, sem hann viðhefur. Og mér skilst, að niðurstaðan væri þá sú, svo að hans reikningsaðferð sé höfð, að á árunum 1955-1963 hafi byggingarkostnaður hækkað til jafnaðar um 10 % á ári, en á þeim tveimur árum, sem síðan eru liðin, hafi hækkunin numið 46%, eða 23% á ári. Ég held þess vegna, að það nægi ekki einu sinni fyrir hæstv. menntmrh. að hafa þessa reikningsaðferð, sem hann hefur haft, ef hann ætlar að sanna það, að verðbólgan og dýrtíðin hafi vaxið minna seinustu árin en á undanförnum árum. Meira að segja, þótt hann noti sína aðferð, kemur út sú niðurstaða, að vöxtur byggingarkostnaðar hefur orðið tvöfalt hraðari á þessu tímibili en áður var.

Þetta kemur áreiðanlega heldur engum á óvart, sem nokkkuð hefur fylgzt með þróuninni í landinu á undanförnum tveimur árum. Ég held, að það sé ekki hægt að finna þann atvinnurekanda, sem ekki viðurkennir það, að framleiðslukostnaðurinn hafi aldrei aukizt hraðar en á þessu tímabili. Og ég held, að það sé líka erfitt að finna þá launþega, sem ekki viðurkenna það, að dýrtíðin hafi aldrei aukizt hraðar en á þessum tímabilum. Í raun og veru þurfum við engar vísitölur til þess að finna þetta út, vegna þess að þetta eru staðreyndir, sem liggja hvarvetna fyrir og staðreyndir, sem menn finna hvarvetna fyrir. Það hefur aldrei verið annar eins verðbólguvöxtur og dýrtíðarvöxtur í þjóðfélaginu og á þessum tveimur árum síðan núv. ríkisstj. var mynduð undir forustu Bjarna Benediktssonar. Það eru staðreyndir, sem allir vita, svoleiðis að það er í raun og veru óþarft fyrir okkur hæstv. menntmrh. að vera nokkuð að þrátta um vísitölu í því sambandi, því að það vita allir, hver er sannleikurinn í þessum efnum. Menn gera sér alveg grein fyrir því, að ef við segjum t. d., að undanfarnar ríkisstj. hafi fengið ótemjur norðan úr Húnavatnssýslu eða Skagafirði til að þeysa á dýrtíðarreiðina, þá mætti til samanburðar segja það, að þeir hæstv. forsrh. og hæstv. viðskmrh. hefðu fengið sér strút til þess að þeysa reiðina á, en hann hleypur að sjálfsögðu miklu hraðar en nokkur íslenzkur hestur mundi geta gert. Og það er kannske líka sameiginlegt með reiðmönnunum og reiðskjótunum í þessum efnum, og það er nú kannske það athyglisverðasta, að þeir hafa báðir þann hæfileika að geta stungið höfðinu í sandinn og ekki séð þá hættu, sem er að nálgast, og ég held, að það sé af þeim ástæðum, sem þeir hæstv. forsrh. og hæstv. viðskmrh. virðast svo ákaflega rólegir, þó að verðbólgan og dýrtíðin sé alltaf að vaxa í höndum þeirra, og reyni að sannfæra sig um það, að þetta sé allt í bezta lagi og í raun og veru hafi verðbólgan og dýrtíðin aldrei vaxið minna en einmitt nú.

Mér finnst rétt að víkja nokkrum orðum að því, sem kom fram í sambandi við þessi mál hjá hæstv. landbrh. Hann virtist vilja halda því fram, að ég teldi það aðallega stafa af hækkun kaupgjaldsins, hve dýrtíðin og verðbólgan hefði vaxið mikið í landinu á undanförnum árum. Þetta er alveg rangt hjá hæstv. landbrh. Og ég vil í þessu sambandi árétta það, sem hæstv. forsrh. hefur hvað eftir annað sagt og er á þá leið, að verkalýðssamtökin hafi aldrei verið hófsamari í kröfum sínum en einmitt síðan hann var forsrh. og þess vegna hafi verið mjög auðvelt að ná sanngjörnum samningum við þau. En ég held því ekki heldur fram, að það sé því verði að kenna, sem bændurnir hafa fengið, hve mjög verðbólgan og dýrtíðin hafa vaxið á undanförnum árum. Ég held því fram, að þetta liggi fyrst og fremst í rangri stjórnarstefnu, stjórnarstefnu, sem er röng á flestum eða mjög mörgum sviðum, og því til viðbótar sé þetta fólgið í algerlega duglausri ríkisstj., ríkisstj., sem sé búin að gefast upp við það að stjórna og láti þessi mál sem mest afskiptalaus og hugsi aðeins um það eitt að hanga í stólunum. Ég álít, að verðbólgan stafi að mjög miklu leyti af því, að ríkisstj. hefur alveg gefizt upp við það að hafa nokkurt taumhald á fjárfestingunni. Ég álít, að verðbólgan stafi ekki að litlu leyti af þeirri skattastefnu,

sem hæstv. ríkisstj. hefur fylgt, þeirri ofsköttunarstefnu, sem hún hefur fylgt. T.d. á þeim tveimur árum, sem hafa liðið síðan ríkisstj. Bjarna Benediktssonar var mynduð, hefur söluskatturinn verið hækkaður um 150%, og það eitt gefur sennilega um 600 millj. kr. meira í ríkissjóðinn en hann áður fékk, auk þess sem fjöldamargir aðrir skattar hafa verið hækkaðir og álögur. Þetta hefur að sjálfsögðu sín áhrif á dýrtíðina og verðlagið í landinu og síðan á framfærslukostnaðinn. Ég álít enn fremur, að sú vaxtapólitík, sem ríkisstj. hefur fylgt, eigi mikinn þátt í verðbólgunni og dýrtíðinni. Ég álít á sama hátt, að sá lánsfjárskortur, sem ríkisstj. heldur uppi, eigi mikinn þátt í því, hvernig farið hefur í þessum málum, og þannig mætti rekja áfram fjölmargar aðrar ástæður. Það má líka í þessu sambandi benda á það, að þó að verulegur vandi hafi skapazt í sambandi við útflutningsuppbætur á landbúnaðarvörum af þessum ástæðum, hefur ekki síður vandi sagt til sín á mörgum sviðum öðrum. Ég veit ekki betur en hæstv. ríkisstj. sé nú í þann veginn að skipa sérstaka nefnd til að athuga rekstrarafkomu vélbáta, sem eru innan við 100 eða 120 smál., vegna þess að þrátt fyrir hin beztu aflabrögð og þrátt fyrir hærra útflutningsverð á sjávarafurðum en nokkru sinni fyrr, er svo komið, að þessi stóri hluti bátaflotans ber sig ekki eða ber sig a.m.k. mjög illa og sumum þessara báta hefur orðið að leggja af þeirri ástæðu. Þetta er ástand, sem ég held, að öllum mönnum í nálægum löndum hljóti að þykja ótrúlegt. Og ég held, að fátt hafi vakið öllu meiri furðu á Íslandi á undanförnum árum, þegar Surtsey er undanskilin, heldur en sú stórfellda hækkun á byggingarkostnaði Norræna hússins, sem norræn blöð hafa hvað eftir annað verið að segja frá. Þeir hafa þar úti á Norðurlöndum ætlað að hjálpa okkur að byggja þetta hús og verið að gera um það nýjar og nýjar áætlanir, og alltaf á að hækka framlögin til okkar. En það dugir aldrei neitt, vegna þess að verðbólgan hér heima heldur svo hratt áfram að þeysa áfram, þeir ríða svo hart á strútnum, forsrh. og viðskmrh., að þeir úti í Noregi, sem hafa þessa útreikninga með höndum, hafa ekki við að hækka áætlanirnar um Norræna húsið. Og núna á þjóðþingunum, sem voru að koma saman þar fyrir nokkrum dögum eins og hér, verður það eitt af málunum, sem þar liggur fyrir, að koma með till. um að hækka framlögin, sem Íslendingar eiga að fá í Norræna húsið vegna hins meinta verðbólguvaxtar, sem hér hefur orðið.

Það er kannske einna gleggsta dæmið um þann mikla verðbólguvöxt, sem hefur orðið í tíð núv. ríkisstj. tvö síðustu árin, að í fjárlfrv., sem lagt er fram á þessu þingi fyrir 1966, er gert ráð fyrir um það bil helmingi hærri álögum en var gert ráð fyrir í fjárlfrv. fyrir árið 1963. Þannig hefur hæstv. ríkisstj. með verðbólgu sinni tekizt að tvöfalda ríkisálögin á þremur árum á sama tíma og hún hefur svo raunverulega lækkað framlögin til verklegra framkvæmda. Þetta gefur kannske einna gleggst til kynna þá gífurlegu verðbólguþróun, sem hefur orðið í landinu á undanförnum árum. Ég held þess vegna, að það sé alveg vonlaust verk fyrir hæstv. menntmrh. að ætla að reyna að halda því fram, að dýrtíðin og verðbólgan hafi vaxið minna á tveimur undanförnum árum en hún hefur áður gert. Það þarf raunar enga vísitölu til þess að sanna hið gagnstæða, vegna þess að fólkið í landinu veit hið gagnstæða, það veit hið rétta í þessum efnum, og það finnur það sjálft á pyngjum sínum, hver þróunin hefur verið í efnahagsmálum og hvernig verðbólgan og dýrtíðin hafa vaxið gífurlegar á undanförnum tveimur árum en nokkru sinni fyrr.

Og það, sem ég vildi þess vegna að lokum segja við hæstv. ríkisstj., er, að hún á að hafa kjark til þess að hætta að vera á strútnum, hún á að hafa kjark til þess að hætta að stinga höfðinu í sandinn eins og strúturinn. Hún á að gera sér grein fyrir þeim erfiðleikum, þeim háska, sem er fram undan í þessum efnum, ef ekkert verður að gert. Ef hæstv. ríkisstj. gerir þetta ekki, hefur hún skilyrðislaust engan annan góðan kost en að segja af sér.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Af því að það eru gamlar taugar góðs kunningsskapar milli okkar hv. 5. þm. Reykv. (ÞÞ), verð ég að segja, að mér þykir reglulega fyrir því, að honum skuli skjátlast svo hrapallega í einföldustu grundvallaratriðum og honum skjátlast í málflutningi sínum í ræðu sinni hér áðan og í þeim greinum, sem hann hefur skrifað um vísitölumál og dýrtíðarmál í blað sitt undanfarið. Það er ekki einungis, að allir hagfræðingar séu alveg forviða á því, að slíkt skuli geta hent mann í þeirri ábyrgðarstöðu, sem hv. þm. er, þ.e.a.s. ritstjóri blaðs næststærsta flokks landsins og alþm., heldur þarf í raun og veru ekki annað en einföldustu reikningskunnáttu og heilbrigða skynsemi til þess að sjá það, hversu gersamlega hv. þm. fer villur vegar í röksemdafærslu sinni, og þarf í raun og veru ekki að hafa um þetta mjög mörg orð. Ég vona, að mér nægi tiltölulega mjög stutt mál til þess að sýna fram á, hversu — ég vil nú ekki nota annað og sterkara orð — leiðinlegan misskilning af hálfu hv. þm. hér er um að ræða.

Það, sem okkur greinir á um, er þetta einfalda grundvallaratriði: Á að miða dóm manna um dýrtíðaraukningu við fjölgun vísitölustiga á ákveðnu tímabili, t.d. einu ári, eða hlutfallslega hækkun vísitölunnar? Þetta er það, sem okkur greinir á um. Vilji maður dæma um það, hvort dýrtíð eða verðbólga sé að vaxa á t.d. einu ákveðnu ári, á 12 mánuðum, á maður þá að telja vísitölustigin, sem vísitalan hefur hækkað um, eða á maður að miða við hlutfallslega aukningu vísitölunnar? Það, sem hv. þm. hefur gert í 2—3 ræðum hér á hinu háa Alþ., og það, sem hann hefur gert í mörgum forustugreinum og stórri helgidagagrein í blaði sínu, er það að fella dóm um dýrtíðaraukningu á ólíkum tímabilum með því að telja aukningu vísitölustiganna á tímabilunum báðum. Hér er auðvitað um algerlega ranga aðferð að ræða, sem mjög greinilega sést á því, að ef við t.d. gerum ráð fyrir því, að vísitala hafi einhvern tíma verið 100, það er nú einu sinni grundvöllur alls vísitölureiknings, og gerum ráð fyrir því, að hún hækki á einu ári, einhverju liðnu ári, um 10 stig. Svo líði 10 ár og þá sé vísitalan komin upp í 1000, hún sé komin upp í 1000 á einum áratug. Svo hækki hún aftur um 10 stig. Þá segir hv. þm: Í raun og veru hefur dýrtíðaraukningin verið sú sama. Fyrir 10 árum fjölgaði vísitölustigunum, vísitalan hækkaði um 10 stig. 10 árum seinna, þegar hún er orðin 1000, hækkar hún

aftur um 10 stig. Vísitöluaukningin er sú sama, hún hækkar um 10 stig í báðum tilfellunum. Sér ekki hvert mannsbarn, hversu hér er um grundvallarmisskilning á eðli alls vísitölureiknings að ræða? Hér þarf enga sérþekkingu aðra til en að kunna prósentureikning og hafa heilbrigða skynsemi til þess að sjá, hvernig á þessu máli á að taka. Á fyrra tímabilinu, þegar vísitalan hækkaði um 10 stig, óx dýrtíð um 10%. Á því ári óx dýrtíð eða verðbólga um 10%. Á seinna árinu, þegar vísitalan er orðin 1000 og hún hækkar aftur um 10 stig, vex dýrtíð og vísitala um 1%, þó að stigin séu 10. Um þetta held ég, að geti ekki verið nokkur ágreiningur meðal barnaskólabarna, hvað þá að það þurfi að vera ágreiningur um það meðal þm. (**ÞÞ:** Er 10 við 100, er það 1000?) Mig brestur svar við að svara svona mikilli einfeldni.

Það, sem hv. 5. þm. Reykv., Þórarinn Þórarinsson, gerir í sínum málflutningi gegn mér og að því er hann telur gegn stefnu hæstv. ríkisstj., er það að telja aukningu vísitölustiganna á undanförnum árum, undanförnum tímabilum. Ýmist telur hann aukningu vísitölustiga framfærslukostnaðarins eða hann telur aukningu vísitölustiga byggingarkostnaðarins, — ég skal koma að þessu öllu saman nánar á eftir, — og sér, að þessi tala þessa stigafjölda er svo og svo mikið há. Svo tekur hann gamalt tímabil fyrir 5 árum eða 10 árum og segir: Þá jókst vísitalan um svo og svo miklu færri stig, þess vegna er verðbólguaukningin miklu meiri núna en hún var þá. Þetta er sama dæmið og ég var að tala um áðan og þess vegna álíka fráleitt. Það eina, sem auðvitað kemur til greina að gera í þessum efnum, vilji maður mynda sér óbrjálaða skoðun, er það að athuga hlutfallslega hækkun vísitölunnar eða hlutfallslega hækkun verðlagsins, sem vísitalan er mælikvarði á, á þessum tveimur tímabilum, sem verið er að bera saman. Annars kemur út úr þessu tóm botnleysa.

Það, sem leiddi hv. þm. út á þessar sorglegu villigötur, var tilraun hans til þess að sýna fram á það, að erfiðleikar landbúnaðarins nú ættu eingöngu rót sína að rekja til þess, að dýrtíð og verðbólga hefðu vaxið miklu meir á valdatíma núv. ríkisstj. en nokkurn tíma áður í sögu þjóðarinnar, að því er mér skildist. Hún hefði vaxið miklu örar og meira nú en áður, og þessa vísdómslegu niðurstöðu fékk hann með talningu á vísitölustigunum. Það er rétt, vísitalan hefur hækkað um fleiri stig nú en hún gerði fyrir 10 árum eða fyrir stríð. Það hefur engum manni dottið annað í hug en halda því fram. En satt að segja hefur bara engum öðrum en þessum hv. þm. dottið í hug að byggja nokkurn dóm á tölu stiganna, svo vitlaust er það.

En það, sem hv. þm. vildi segja með þessum barnalega og vitlausa útreikningi, það, sem hann vildi sagt hafa, á ég að segja, var það, að dýrtíðaraukningin hafi verið meiri undanfárin ár en hún var áður. Í ræðu minni í gær sýndi ég fram á það, gat ég talna um það, hvernig vísitala framfærslukostnaðar hefði hækkað síðan 1. jan. 1959, er Framsfl. fór úr stjórn, og til dagsins í dag. En vísitalan hefur hækkað síðan um 69%, hún hefur hækkað síðan fyrst á árinu 1959 um 69%, eða ef við tökum einfaldan meðaltalsreikning um hlutfallslega hækkun á ári, þetta eru tæp 7 ár, þá hefur hún hækkað um 10%, um tæp 10% síðan 1. jan. 1959. En ef við nú tökum áratuginn á undan, ef við tökum fyrsta tímabilið frá 1. jan. 1950 til 1. jan 1959, ár, er Framsfl. var í stjórn, öll árin, hækkaði vísitalan um 136% á 9 árum, en um 17%, ef maður reiknar einfalt meðaltal af prósentuhækkuninni yfir tímabilið. M.ö.o., hliðstæður útreikningur á hlutfallslegri hækkun vísitölunnar eða framfærslukostnaðarins sýnir, að undanfarin ár eftir að Framsókn fór úr valdastóli, hefur hún hækkað um tæplega 10%, en á 9 árunum á undan, þegar Framsókn var við völd, hækkaði hún að einföldu meðaltali á ári um 17%. Með þessu hrynur gersamlega öll röksemdafærsla hv. þm. fyrir því, að erfiðleikar landbúnaðarins nú séu alveg sérstaklega því að kenna, að vöxtur dýrtíðarinnar hafi verið miklu meiri nú en hann var áður. Hann er of mikill nú. Mér er það fullkomlega ljóst. Þetta er okkar höfuðvandamál. En hann var bara miklu, miklu meiri áður, meðan Framsókn réði miklu, meiru en hún ræður núna.

Nú er það háttur hv. þm., eins og raunar margra fleiri, að ef eitt atriði er hrakið hjá þeim, hlaupa þeir yfir í annað atriði. Þess vegna, — auðvitað getur þm. ekki mælt á móti þessu, þetta eru opinberar tölur og rétt reiknaðar, — þá hættir hann að tala um vísitölu framfærslukostnaðar og fer að tala um vísitölu byggingarkostnaðar. Þá er það hún, sem á að sýna fram á það, að dýrtíðaraukningin undanfarin ár hafi verið meiri en nokkurn tíma áður í sögu landsins eða frá því að slíkir útreikningar byrjuðu. Þetta er líka misskilningur, og þess vegna hef ég tekið saman hækkun vísitölu byggingarkostnaðar yfir alveg sömu tímabil. Það er ekki hægt að miða það við áramót, því að hún er ekki reiknuð út miðað við áramót, hún er reiknuð út 1. febr., júní og okt., svo að ég tek októbertölurnar. Það er sem næst sambærilegt. Ef athugað er, um hversu mikið vísitala byggingarkostnaðar hefur hækkað síðan í okt. 1958, en Framsókn fór úr stjórn um það leyti, þangað til í júní 1965, er heildarhækkunin 85,1%. Þetta eru 6.7 ár, og ef maður reiknar einfalda meðaltalshækkun á ári, er það 12,8%, sem hún hefur hækkað síðan Framsókn fór úr valdastólnum. Ef við nú tökum sama tímabil á undan, hliðstætt tímabil á undan, meðan Framsókn var við stjórn, þ.e.a.s. tímabilið okt. 1949 til okt. 1958, hefur hún hækkað um 146,3%. Þetta eru 9 ár, og með einföldum meðaltalsreikningi er hækkunin 16,2% á ári, meðan Framsókn sat í valdastóli og lét öll sín góðu áhrif og góðu áform koma í ljós og rætast. M.ö.o., 16,2% þegar hún sat við völd, 12,8% síðan hún fór frá völdum. Þessi röksemd er því algerlega hrunin um sjálfa sig líka. Það er alveg sama, hvort við tökum vísitölu framfærslukostnaðar eða vísitölu byggingarkostnaðar. Fleiri vísitölur eru hér ekki til, eru ekki reiknaðar, þær eru ekki til. Það er alveg sama, hvora vísitöluna við tökum. Hlutfallsleg hækkun vísitölunnar er minni síðan í ársbyrjun 1959 og til dagsins í dag en hún hafði verið áður eða frá 1950 til þess dags, að Framsókn fór frá völdum. Allt, sem hv. þm. hefur sagt um þetta, er því fullkomlega út í bláinn og á ekki við nokkur minnstu rök að styðjast.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Það hefur verið margt um þetta mál sagt síðan ég seinast í upphafi umr., þ.e.a.s. í fyrri viku, tók hér þátt í þeim. Fjöldi þm.

hefur tekið þátt í umr. og sýnist sitt hverjum og tveir hæstv. ráðh. hafa einnig tekið þátt í umr. og sýnist sitt hverjum líka, þótt þeir séu málsvarar fyrir eina og sömu stjórnarstefnu. Sumir komast svo að orði, að báðir landbrh. hæstv. ríkisstj. hafi tekið þátt í umr., en ég held, að það sé nú sanni nær, af því að þeir eru málsvarar hvor fyrir sína stefnu, að segja, að hæstv. landbrh. og anti-landbrh. ríkisstj. hafi rætt þessi mál.

Mér finnst nú rétt að víkja fyrst nokkuð að því, sem ég hef heyrt af þessum umr. s.l. mánudag, víkja að nokkrum atriðum í ræðum þeirra þm., sem þá töluðu. Ég heyrði þá hv. 5. þm. Reykv. (ÞÞ) hefja mál sitt á því að segja, að það væri vafasamt, að betra kerfi fyndist en gamla sálaða 6 manna n.-kerfið. Það hefur verið anzi nálægt fullkomleikanum, eftir þessu að dæma, og er von, að menn syrgi slíkan grip. Ja, ég skil það, að þessum hv. þm. er ekki um, að því hafi verið sagt upp og tekið úr umferð, ef svo mætti segja. Vafasamt, að betra kerfi finnist. Ég kem þessu ekki heim og saman við það, að aðrir ræðumenn hér hafa verið að tala um, að það þyrfti að breyta þessu í grundvallaratriðum. Og sumir hafa þeir einmitt verið meðal flokksbræðra hv. þm., sem hafa viðurkennt það, að kerfið hafi verið gallað, verulega gallað, og þurfi að breyta því í grundvallaratriðum. Hv. þm. fann nú ýmiss konar vandkvæði hafa risið, meðan þetta ágæta kerfi var við lýði, eins og t.d. hinar miklu niðurgreiðslur og útflutningsuppbætur, sem nú komi þungt niður á ríkissjóði og séu orðnar vandamál hans. En það var nú ekki kerfinu að kenna, það var stjórnarstefnunni að kenna, og víst er mikið rétt í því, að þar er um veilur í stjórnarkerfinu að ræða.

Það er fyllilega rétt, sem einhver sagði hér í umr., að það getur aldrei verið á valdi einstaks bónda að vita um það, þegar hann einbeitir kröftum sínum að framleiðslumálum sínum, hvort það leiðir til offramleiðslu, þegar á heildina er litið. Það getur því ekki verið hægt að ætlast til þess af hverjum einstökum bónda, að hann beiti ráðstöfunum til þess að forðast þetta víti. Það hlýtur að vera hlutverk stjórnarvalda, sem hafa í hendi sér alla þræði málanna, og það hljóta að vera til úrræði hjá ríkisstj., sem þorir annars að beita aðgerðum, sem verður að beita, til að kippa slíku í lag. Ef svo er komið, að ríkissjóður rísi ekki undir þeim byrðum, sem af því leiðir, að framleiðslugeta landbúnaðarins hefur vaxið, á hún að beita þar skynsamlegum ráðstöfunum en ekki láta allt reka á reiðanum.

Hæstv. landbrh. sagði, að uppbæturnar mundu vera á þessu ári um 200 millj. kr. og væru mun hærri en árið áður. Það er skildingur, ég játa það. En hvaða úrræðum á að beita? Það er í rauninni vafasamt, hvort á að borga jafnmiklar útflutningsuppbætur til mjólkurframleiðslu á þeim svæðum, sem hafa langbezt skilyrði til allrar ræktunar og þar að auki aðgang að langbezta markaði landsins. Það er alveg vafasamt, hvort á að örva þeirra framleiðslu enn þá, þegar offramleiðsla er komin, með útflutningsuppbótum og t.d. niðurgreiðslum. En það getur vel verið, að hæstv. ríkisstj. hafi ekki þor til þess með tilliti til atkvæðamöguleika að beita slíkum ráðstöfunum. En hitt er a.m.k. nálægt öllum sanni, að það er ekki skynsamlegt, þegar svo er komið, að offramleiðsla er á mjólk, eins og menn viðurkenna að sé, að vera þá að örva mjólkurframleiðslu með greiðslum frá ríkinu í þeim hlutum landsins, í þeim héruðum, þar sem skilyrði eru léleg til kúabúskapar og mjólkurframleiðslu. Þar á auðvitað, ef þar eru góð skilyrði til sauðfjárræktar, að veita þeirri búgrein aðstoð þar og láta bændurna um það sjálfa, hvort þeir vilja vera að baksa í mjólkurframleiðslu við erfið skilyrði. En þeir geta freistazt til þess, ef þeir fá aðstoð frá ríkinu til þess að gera þessa vitleysu. Alveg á sama hátt á ekki að vera að styrkja menn á neinn hátt með ríkisfjárframlögum til sauðfjárræktar, þar sem engin skilyrði eru til sauðfjárræktar. Ef bændur á þeim stöðum landsins vilja endilega fást við sauðfjárrækt sem sport eða sér til ánægju, eiga þeir að gera það á sinn eiginn kostnað. En ríkið freistar þeirra til þess að gera það nú samt sem áður, ef greiðslur eru nógu miklar þarna goldnar með. Það væri vissulega mögulegt fyrir stjórnarvöld að skipta landinu í svæði með tilliti til þess, hvort viðkomandi landssvæði væri vel fallið til mjólkurframleiðslu eða sauðfjárræktar, og haga aðstoð sinni miðað við það. Í þeirri stefnu væri eitthvert vit, og það er hægt að ná tökum á málinu með slíkum aðgerðum. E.t.v. kunna að vera miklu fleiri úrræði, sem ríkisvald, sem hefði eitthvert þor til að taka á málinu, gæti beitt. En það er a.m.k. auðséð, að það er hægt að beita úrræðum t.d. eins og þessum og hafa þannig áhrif á framleiðslumagnið. Og auðvitað hlýtur það að auka eftirtekjur landbúnaðarins að efla hann þar og þá búgrein, þar sem hún hefur bezt skilyrði og örva ekki, að búgrein sé stunduð, þar sem eru léleg skilyrði til þess að iðka hana. En það er gert nú. Menn haga sér núna eins og maður, sem væri að hella vatni í ílát og hann væri nú búinn að fá reynslu af því, að 9/10 hlutar vatnsins færu utan hjá ílátinu, en það væri haldið áfram að hella samt, 1/10 hluti kæmist til skila, 9/10 hlutar utan hjá, en það er ekki breytt um aðferð, það er haldið áfram að hella. Þeir meðal bændastéttarinnar, sem gegnum verðlagspólitíkina eina, ef einblínt er á hana, bera mest úr býtum, eru stórbændurnir. En þeir, sem menn þykjast bera fyrir brjósti og vera að hjálpa, smábændurnir, fá ákaflega litla leiðréttingu sinna mála með því að gera þetta eingöngu gegnum verðlagspólitík landbúnaðarins.

Hv. 5. þm. Reykv. (ÞÞ) gerði mikið úr því, að ákvörðun Alþýðusambandsstjórnarinnar um það að taka aftur umboð fulltrúa síns í 6 manna n. hefði verið gerð með 6:3 atkv. Réttar eru þessar tölur, en það er a. m. k. óefað, að það er góð og gild ákvörðun að afgreiða mál með 6:3 atkv. Og það er misskilningur, að þeim, sem þarna voru í minni hl., hafi komið þessi afstaða miðstjórnar Alþýðusambandsins á óvart. Það er alger misskilningur. Þessi mál var búið að ræða á einum þremur fundum á þessu hausti frá því að málið kom fyrst á dagskrá, og þá virtust allir í miðstjórninni vera á því, að miðstjórnin gæti ekki haft mann í 6 manna n. við þá starfsaðstöðu, sem nú væri þar, og við þau skilyrði, sem nú hefðu skapazt. Það kom okkur í meiri hl. í miðstjórn A.S.Í. því mjög á óvart, hvaða afstöðu þessir þrír félagar okkar tóku. En það er augljóst nú, hvaðan þeir höfðu orðið fyrir áhrifum. Það er auðvitað frá þeim

mönnum, sem segja, að betra kerfi sé vart hugsanlegt en þetta, sem við vorum að hverfa frá.

Þá sagði hv. 5. þm. Reykv., að það væri jú sjálfsagt, að verkalýðssamtökin fylgdust með milliliðakostnaðinum. Mikið var. En ég spyr hv. þm.: Er hann með því eða er hann á móti því, að það sé rannsakað, hver milliliðakostnaðurinn sé og hvað hann geti minnstur verið, því að það skiptir máli bæði fyrir bændur og neytendur? Ég þarf enga umsögn hans um það, að það sé sjálfsagt, að við fylgjumst með honum, en er hann með eða móti rannsókn á því? Það er enginn glæpamannsstimpill settur á samtök bændanna fyrir það, þegar um 600—700 millj. kr. fúlgur er að ræða fyrir þá þjónustustarfsemi, sem þau inna af hendi, þótt það sé gáð að því, hvort þarna væri hægt að komast af með minni upphæðir. Það er alger misskilningur, að það sé verið að setja nokkurn þjófs- eða glæpamannsstimpil á samtökin, þó að heimtað sé, að þarna sé fylgzt með.

Hv. 5. þm. Norðurl. v. (BP) ræddi um þetta mál og kom víða við, og sumu af því, sem hann sagði, var ég sammála. Hann sagði t.d., að verkalýðssamtökin hlytu að krefjast gagna varðandi milliliðakostnaðinn, og gekk þannig inn á okkar sjónarmið, og hann sagðist játa, að það þyrfti að breyta ýmsu í þessum málum. Hann var ekki alveg inni á fullkomleikakenningu Þórarins Þórarinssonar. Ég játa, að mörgu þarf að breyta, að það þarf að breyta ýmsu í þessum málum, sagði hv. þm. Og hvernig var hægt að gera það nema með því að segja þessu kerfi upp og láta það þannig koma til þeirrar endurskoðunar, sem það einmitt nú kemur?

En hann sagði, að hann teldi ástæðulaust að orða það þannig, þegar Mjólkurbú Flóamanna og Mjólkursamsalan í Reykjavík gengu í Vinnuveitendasambandið, að segja, að þá hefðu þessi samtök bænda gengið yfir í fjandmannaraðir verkalýðssamtakanna. Hann sagðist játa að vísu, að þetta skref hefði verið ástæðulaust að sínum dómi. Jú, jú, einhverja ástæðu hafa forráðamenn Mjólkursamsölunnar og Mjólkurbús Flóamanna sjálfsagt talið vera fyrir því, að þeir ættu heldur leið með Vinnuveitendasambandi Íslands en að njóta þess að vera stikkfrí í þessum málum, eins og þessi fyrirtæki höfðu verið. Verkalýðshreyfingin hafði tekið sérstakt tillit til þeirra, sem stóðu utan við samtök aðilanna á vinnumarkaðinum. Þess höfðu þau notið.

Hv. þm. Björn Pálsson áleit, að þetta skref hefði nú verið ástæðulaust, en það væri rangt eins og ég hefði orðað það, að segja, að þeir hefðu gengið yfir í fjandmannaraðir. Nú held ég, að hv. þm. misskilji þetta, því að það er í flestum tilfellum enginn persónulegur fjandskapur milli forustumanna verkalýðssamtakanna og vinnuveitendasamtakanna, alls ekki. En það er háð hörð barátta um skiptingu þeirra verðmæta, sem vinnan skapar, háð hörð barátta um það, hvað fjármagnið eigi að fá og hvað vinnan eigi að fá. Og þessi barátta er háð þannig, að atvinnurekendurnir eru löglegur samningsaðili annars vegar og verkalýðssamtökin viðurkenndur samningsaðili hins vegar, og þannig heyja þeir sína baráttu um andstæð sjónarmið, og maður getur alveg eins sagt fjandsamleg sjónarmið, því að það er stundum engin blíða í þeim málum. Og það er einmitt í þessa aðstöðu, sem forustumenn bændasamtakanna stilltu sér. Þeir gengu yfir í raðir þeirra aðila, sem við heyjum hagsmunabaráttuna við um það, hvernig skiptingin eigi að vera milli fjármagns og vinnu í framleiðslunni. Þar með held ég, að það sé augljóst mál, að það var ekkert vinsemdarbragð. Með þessu fóru þessi samtök bændanna að borga fé í áður gilda sjóði atvinnurekenda til þess að gera þá sterkari í hagsmunabaráttunni á móti verkalýðssamtökunum. Þetta skilur væntanlega hver maður. Þetta er a.m.k. ekki óskiljanlegra en talnaleikur hæstv. menntmrh. áðan, sem hann sagði, að hvert skólabarn skildi, og voru það þó allhæpnar kenningar, sem þar voru hafðar frammi í tölum, það verð ég að segja.

Hv. 3. þm. Vestf. tók einnig þátt í þessum umr. s.l. mánudag og var mjög gramur yfir því, ef grundvellinum undir 6 manna n. álitinu yrði breytt. Ég er þeirrar skoðunar, að sá grundvöllur, að bændur eigi fyrir sína vinnu að bera úr býtum líkt og launastéttirnar í bæjunum, verkamenn og iðnaðarmenn, sé réttur grundvöllur og það sé hollt, hvaða skipulagi, sem á þessi mál verður komið, að þeirri grundvallarstefnu verði fylgt. Hins vegar hef ég látið það í ljós áður, og ég get vel sagt það enn, að ég er mjög í vafa um, hvort það sé hollt bændastéttinni að hafa í þeirri viðmiðun kjör sjómanna. Jú, það er gott fyrir blessaðan bóndann að fá hækkun afurðaverðs allt í einu, þegar vel fiskast og vel árar til sjávarins. Það er gott. En það er líka jafndýrt fyrir hann að þurfa að fara með sitt afurðaverð niður í öldudal, þegar illa árar til sjávarins, ógæftir herja, aflaleysi eða ísalög loka miðum. Ég verð að segja það, þó að ég sé orðinn bóndi, að ég mundi ekki kæra mig um slíka sveiflu, að það væri skipulagt, að bændur yrðu fyrir þeim sveiflum, sem við teljum einna verstar og skapa mesta óvissu í sjávarútvegi. Það eru topparnir og öldudalirnir, sem gera þann atvinnuveg áhættusamastan. Og það er betra að láta það ekki hafa áhrif á landbúnaðinn líka. Ég sé ekki hag bóndans í því. Ég held því, að það sé rétt að miða við launastéttirnar, verkafólk og iðnaðarmenn í bæjunum, og ætla bændunum sem lágmarkstryggingu þau kjör. E.t.v. er það einmitt þetta, sem gerir það að verkum, að hv. framsóknarmenn eru sáróánægðir með brbl., fyrir utan það, að þeir eru andvígir því — og það skil ég vel prinsípielt — að mál bændanna séu leyst með brbl. Það er út af fyrir sig, þegar galopin leið lá til þess að taka upp frjáls samningsviðskipti við bændurna um að leysa þessi mál.

Sé hægt að finna hvítan díl á þessum brbl., ættu þó bændur að koma auga á, að það, sem hefur bætt hag þeirra eitthvað síðan í fyrra, er það, sem verkalýðshreyfingin hefur skilað þeim í hendur, það er vísitöluálagið, sem fékkst fram við baráttu verkalýðssamtakanna fyrir ári, og það er viðmiðunin, að vísu er stokkið yfir eitt skref, það er viðmiðunin við launastéttirnar í bæjunum, því að bætur tryggingarnna eiga ekki að dragast aftur úr þeim bótum, sem verkafólkið hefur fengið. Ég verð því að minna á, að enn þá meira að segja í þessum brbl. njóta bændurnir þeirra ávaxta, sem verkalýðsbaráttan hefur skilað að landi, og það álít ég vel.

Bæði landbrh. og anti-landbrh. voru sammála um, að það hefði ekki verið um neitt annað að ræða fyrir hæstv. ríkisstj. en að setja brbl., um það kom þeim

saman, en þeir lokuðu báðir alveg augunum fyrir því, að það var auðvitað sjálfsagt að reyna að leysa málin með frjálsum samningum við bændurna, a.m.k. í þetta skipti, þótt þeir vilji ekki gera það að framtíðarskipulagi, sem ég væri nú á, að væri sá réttur, sem bændur ættu að krefjast, og mig furðar alveg stórlega á því, að fulltrúar bændastéttarinnar hér á Alþ. segjast vera öllum rétti sviptir núna, en þeir gera ekki kröfu um fullan rétt til að fá að semja um sín mál. Þeir bera hana ekki fram. Sumir þeirra biðja um kerfið gamla óbreytt, aðrir, eins og Björn Pálsson, segja, að það þurfi nú að breytast verulega, en þeir bera engar kröfur fram um fullan rétt fyrir stétt sína, samningsrétt.

Um það hefur nokkuð verið deilt, og þó er hægt að segja það eiginlega, að því hafi einhliða verið haldið fram, að A.S.Í. hafi gert bændunum mesta óleik með því að taka aftur tilnefningu fulltrúa síns í 6 manna n. En ein rödd hefur þó heyrzt á annan veg, og það er rödd Alþýðublaðsins. Alþýðublaðið segir í leiðara núna fyrir skömmu, að með því að taka mann sinn úr 6 manna n. hafi A.S.Í. brugðizt neytendum, sérstaklega hafi forseti A.S.Í. með þessu svikið 30 þús. launþega. Allir hinir hafa verið að segja, að ég hafi verið að bregðast bændum með þessu, en nú fæ ég það, að ég hafi orðið svikari við 30 þús. launþega og þá líklega bændunum í hag. Jú, það er meira að segja sagt, að þetta sé eiginhagsmunapólitík mín, af því að ég sé orðinn bóndi. **(Gripið fram í:** Bóndi?) Já, ekki lengi að snúa snældunni sinni, þegar hann gat fengið hag af því sjálfur, að snúast þá gegn verkalýðnum og fórna hagsmunum hans fyrir bændurna. Ég ætla nú ekki að gera þetta að umræðuefni, en svona ber nú vitnisburðunum illa saman, og þegar ljúgvitni eru borin, ber þeim venjulega illa saman. En ég segi það, það verður nú enginn héraðsbrestur, þó að einn einstaklingur bregðist, þó að sprek hrökkvi í tvennt, ef alþýðan nýtur þess að eiga stjórnmálaflokk, sem aldrei svíkur hana, hefur ekki svikið hana og svíkur hennar málstað aldrei. Og þá á alþýðunni að vera borgið, því að slíkan málsvara á hún í Alþfl., að mér skilst.

Í upphafi þessa fundar talaði hv. 2. þm. Sunnl., sem einnig tók þátt í upphafi þessara umr., og verð ég að segja, að ég er ýmsu sammála, sem hann sagði núna. Hann sagði, að það væri ekki endilega sáluhjálparatriði fyrir bændur að koma upp sem stærstum búum, heldur mundi fjölskyldubúskapurinn þar verða affarasælastur, auðvitað þó a.m.k. miðað við það, að fjölskyldurnar reyni að koma búunum upp í eðlilega stærð. Það held ég, að við hljótum að meina báðir.

Þessi hv. þm. var á þeirri sömu skoðun og ég, að ráðh. hefði vel getað gert annað en að setja brbl. til að leysa þessi mál. Hann sagði, að það hefði átt að þrautreyna að leysa þessi mál í samráði við bændur og samtök þeirra, þrautreyna það, og það held ég, að sé hárrétt, og jafnvel að gefast ekki upp við þá tilraun, leysa þetta með frjálsum samningum í þetta skipti a.m.k. eða segja af sér. Ég mundi ekki harma það, ef hæstv. ríkisstj. segði af sér og gæfi þannig upp á bátinn þá stefnu, sem hún er búin að missa út úr höndunum. En þó held ég, að það yrði nú helzt eftirsjón í hæstv. landbrh. frá sjónarmiði þeirrar stéttar, sem hann þjónar, og má vera, að þar komi nú bændahagsmunir mínir enn fram.

En hv. 2. þm. Sunnl. var ekki vel við þær aths., sem ég hafði gert í frumræðu minni um sölufélög bænda, eins og hann kallaði, Mjólkursamsöluna í Reykjavík, Sláturfélag Suðurlands og Mjólkurbú Flóamanna, þegar ég hefði borið fram kröfu um rannsókn á hendur þessum aðilum. Ég vék að því áðan, að það er alger misskilningur hjá þessum hv. þm., ef honum finnst það, að með kröfunni um rannsókn séu þessi samtök höfð fyrir sökum, eins og þau væru fjársvikafyrirtæki. Hann orðaði það þannig. Ég hagaði ekki málflutningi mínum þannig, að ég held, að ég væri að væna þessi samtök um nein fjársvik, heldur sagði ég, að hér væri um svo stórkostleg viðskipti að ræða, svo mikla þjónustustarfsemi, að það mætti ekki vera alveg ótakmarkað olnbogarúm fyrir þessi fyrirtæki eftirlitslaust að haga rekstrinum eins og þeim sýndist, ákveða t.d. afskriftir eftir eigin höfði, ráðast í fjárfestingarframkvæmdir eftir eigin höfði og taka það af sínu eigin fé og láta það koma inn í verðlagið, því að þetta hefði bæði áhrif á hag bænda og neytenda. Og þótt hér sé um samvinnufyrirtæki að ræða, held ég því enn fram, að svo rúmt megi þau ekki hafa um sig, að þau geti ráðið þessu eftirlitslaust. Þetta varðar fleiri en stjórnendur þessara fyrirtækja, sem hafa núorðið sannanlega ákaflega lítið samband við umbjóðendur sína í mörgum tilfellum, eins og bezt kom í ljós, þegar þau tóku ákvörðunina um að ganga í Vinnuveitendasamband Íslands. Það hefðu áreiðanlega einhverjir af bændunum spurt: Er ykkur nauðsynlegt að stofna til ýfinga við verkalýðshreyfinguna með því að ganga inn í andstæðingaraðir þeirra, — svo að ég segi ekki fjandmannaraðir, — og gætuð þið þá ekki heldur hugsað ykkur að fara í Vinnumálasambandið? Það er þó málsvari fyrir atvinnurekendur samvinnumanna. Nei, ekki komu þeir auga á það, enda höfðu þeir ekki samráð við bændur um þetta mál a.m.k.

Þegar ég sagði, að ég teldi ástæðu til þess að rannsaka, hver væri nauðsynlegur dreifingarkostnaður í sambandi við vöruverð landbúnaðarafurðanna, var það eingöngu út frá því sjónarmiði, að neytendur og bændur ættu kröfu á því, að þarna væri kannað ofan í kjölinn, hvort ekki færi meira í þessa þjónustustarfsemi en brýn nauðsyn krefði. Ég hagaði ekki orðum mínum þannig, að ég væri að drótta að þessum fyrirtækjum neinum þjófnaði eða fjársvikum, því að ef þessi fyrirtæki taka sér frjálsræði til þess að hafa lítt takmarkað olnbogarúm, gerist það á kostnað einhvers, — það gerist alveg óumflýjanlega á kostnað neytenda og bænda með of háu afurðaverði.

Hæstv. landbrh., Ingólfur Jónsson, flutti hérna í upphafi þessa fundar skýrslu nokkra frá Mjólkursamsölunni í Reykjavík um dreifingarkostnað hennar, álagningu og ýmsa aðra þætti dreifingarkostnaðarins hjá því fyrirtæki, og virtist mér það vera skoðun ráðh., að sú skýrsla væri nokkuð sannfærandi að því er varðaði það, að dreifingarkostnaðurinn hjá Mjólkursamsölunni væri hóflegur. Þar var gerð tilraun til þess að aðgreina álagninguna sjálfa og ýmsa aðra kostnaðarliði, sem leggjast á vöruna í meðförum, og veit ég nú ekki, hverju það þjónar sérstaklega. Það, sem mér finnst skipta mestu máli, og það, sem ég lagði áherzlu á í minni frumræðu, er það, að það er gífurlega

mikill munur á verði því, sem bændur fá fyrir afurðir sínar, og því, sem neytendur í kaupstöðunum verða að borga. Ég veit, að hann verður alltaf að vera allmikill þessi kostnaður, og hann er margliðaður, það er rétt, en heildarniðurstaðan er rétt eins og ég greindi frá. Þessi milliliðakostnaður er um og yfir 50% miðað við það verð, sem bændurnir fá. Það leggjast 48% ofan á það verð, sem bóndinn fær fyrir mjólkina. Það leggst 51% hjá milliliðunum ofan á það verð, sem bændur fá fyrir kjöt. Það leggjast 53% ofan á kartöfluverðið hjá framleiðendum, 53%.

Ég tel þessar tölur óvefengjanlegar, því að þær eru gefnar upp af þeirri n., sem nú í haust fjallaði um þessi verðlagningarmál, og það er reiknað út frá því, sem þar var gefið upp, að bændurnir fengju.

Hæstv. ráðh. sagði viðvíkjandi þeirri kröfu minni, að það væri sjálfsagt, að væntanleg n. í þessum málum fengi fullar upplýsingar um milliliðakostnaðinn. Það sagði hæstv. ráðh. En ég tek það fram, að ég tel ekki endilega öruggt, að skýrslur frá fyrirtækjunum sjálfum gefi fullnægjandi upplýsingar um þetta. Ég hefði talið, að það væri rétt og ætti ekki að meiða neinn, síst þá, sem vitað er að hafa haldið vel á málum, að hæstv. ráðh. setti n. með fullu rannsóknarumboði til þess að sannfæra alla um það, að hér væri svo vel á málum haldið, að dreifingarkostnaðurinn gæti ekki minni verið. Og það væri ekki hægt að fá lækkun á afurðaverðinu við það, að þessir liðir minnkuðu. Hins vegar skal ég ekkert hafa á móti því, að þessir aðilar gefi skýrslur um það, hvernig þeir telja, að þessi milliliðakostnaður myndist, en það er þó talsvert meira en þeir hafa verið fúsir til að gera hingað til, því að það er sannleikur, að þegar 6 manna n. var falið að ákveða líka heildsölu- og smásöluverð, fór hún fram á það, neytendafulltrúarnir a.m.k., að fá að athuga reikninga dreifingarfyrirtækjanna. Hvernig var tekið undir það? Það er sannleikur, að þessari kröfu var tekið með mikilli tregðu. Þó var fallizt á það, að fulltrúi frá neytendunum færi að athuga þetta hjá Mjólkursamsölunni og mjólkurbúunum yfirleitt, ef annar fulltrúi frá Mjólkursamsölunni tæki þátt í því starfi líka. Þessa athugun framkvæmdu þeir fyrir árin 1961 og 1962. En alveg var neitað um aðgang að þessu hjá öðrum fyrirtækjum.

Kom nokkuð í ljós við þessa athugun? Jú, jú, það kom ýmislegt í ljós. Þetta var sett í gang vegna þess að Framleiðsluráðið hafði gefið skýrslu, sem var byggð á reikningum Mjólkursamsölunnar, og þessa skýrslu lögðu þeir fyrir, og þessir tveir endurskoðendur fengu hana fyrst og fremst til þess að vinna úr en einnig reikninga Mjólkursamsölunnar. Sá endurskoðandi, sem vann fyrir neytendahluta 6 manna n., taldi sig geta sannað það, að þarna hefðu slæðzt inn í skýrslu Framleiðsluráðsins liðir, sem væru mjólkurdreifingunni allsendis óviðkomandi. Námu þeir nokkurri verulegri upphæð? Þeir námu rétt við 7 millj. kr. Þeir, sem höfðu gengið frá þessari skýrslu, hnekktu ekki þessum niðurstöðum endurskoðandans. Það var tekið til baka þetta plagg og raunar beðizt afsökunar á því, að þessi mistök hefðu orðið. Hér var sagt, að vextir væru reiknaðir 10% í skýrslu Mjólkursamsölunnar. Það kom í ljós við þessa athugun endurskoðandans, að vextir voru reiknaðir frá 9.4%. Ég held, að það hafi verið lægst hjá Mjólkurbúinu í Borgarnesi, og upp í 24% voru vextirnir, en meðaltalið var eitthvað yfir 10%.

Skýrslunum, sem hæstv. ráðh. las um afskriftirnar, ber nokkurn veginn saman við það, sem ég vissi úr öðrum áttum og kom í ljós við þessa endurskoðun, að fasteignir væru afskrifaðar með 4%, vélar með 12%, en samt sem áður reynist það rétt, að Mjólkursamsalan er búin að afskrifa sínar búðir mjög margar niður í 100 kr., og þær hafa verið afskrifaðar svona á þann hátt, að bændur hafa borgað þessar afskriftir í mjólkurverðinu.

Krafan um endurskoðun og hlutlausa rannsókn, ekkert annað en hlutlausa rannsókn í þessum efnum, hefur fengið stuðning úr ýmsum áttum, meira að segja í málgögnum beggja stjórnarflokkanna. Dagblaðið Vísir hefur tekið undir kröfuna og sagði, með leyfi hæstv. forseta, á þessa leið mánudaginn 6. sept. s.l.:

„Því er ekki að leyna, að ýmsum neytendum í bæjum þykir verð afurðanna harla hátt, þótt enginn neiti því, að margur bóndinn er ekki of sæll af kjörum sínum. Hér þarf að kafa niður í kjölinn, m.a. að athuga milliliðakostnaðinn".

Þetta voru undirtektir Vísis. Alþýðublaðið hefur gert þessa kröfu að umtalsefni á þessu hausti í leiðara, og segir þar, með leyfi hæstv. forseta, orðrétt: „Það kom engum á óvart, sem eitthvað þekkir til þessara mála, að Alþýðusambandið skyldi segja skilið við 6 manna n. og fulltrúi Sjómannafélagsins í raun og veru fylgja á eftir. Hefur ástandið verið þannig um árabil, að hvor þessara neytendafulltrúa sem verið hefði, hefði getað sagt sig úr n."

Seinna í sama leiðara sagði Alþýðublaðið:

„Það er rík ástæða til að athuga dreifingarkostnað landbúnaðarafurða. Að vísu er þessi dreifing að öllu leyti í höndum félaga, sem eru eign bændanna sjálfra og skipulögð sem samvinnufélög. En þau hafa meiri eða minni einokun, sem er alltaf hættuleg, og ekki er víst, að greindustu bændur geti gagnrýnt hina sérfróðu framkvæmdastjóra, þótt ástæða væri til. Fjárfesting þessara fyrirtækja hefur verið gífurleg, og þau hafa orð á sér fyrir að vera fjársterk, þegar til framkvæmda kemur. Gæti það t.d. munað bændur tugum millj., hvernig afskriftir þessara framkvæmda eru hafðar. Mætti þannig lengi telja atriði, sem ástæða er til að rannsaka, þegar verðlagningarkerfið er hrunið. Er það jöfnum höndum hagsmunamál bænda og neytenda, að þessi mál séu öll á hreinu og tortryggni eytt".

Þetta sagði Alþýðublaðið, þetta voru undirtektir, ja, anti-landbrh. skulum við segja við þessari kröfu. En hæstv. landbrh. sjálfur hefur einnig tekið undir þessa kröfu. Það er rétt, að því var hann spurður hér áðan, og það stendur fast, að hann hefur bæði í fyrri umr. og nú sagt: Nauðsynlegt er, að n. fái allar upplýsingar um milliliða- eða dreifingarkostnaðinn.

Því miður var ég tepptur utanbæjar um seinustu helgi og var því ekki viðstaddur í upphafi þingfundar s.l. mánudag, þegar hæstv. landbrh. og anti-landbrh. töluðu. En af blaðafrásögnum styðst ég sérstaklega við frásagnir flokksblaða þeirra hvors um sig. Sé ég það, að hæstv. landbrh. muni þá hafa tekið upp sína fyrri kenningu um, að A.S.Í. hafi framið lögbrot með því að afturkalla tilnefningu af fulltrúa sínum í 6 manna n.

Það er rétt svo, að ég trúi þessu, því að ég tók vandlega eftir því, hvernig ráðh. hagaði orðum sínum um þetta atriði, einmitt um þetta atriði, í framsöguræðu sinni, þegar hann lagði brbl. hérna fyrir. Þá sagði hann, og það skrifaði ég strax niður hjá mér: „Alþýðusambandið afsalaði sér rétti til þess að eiga fulltrúa í 6 manna n.“, en ástæðurnar til þess sagðist hann raunar ekki skilja. Og þetta er hárrétt. Alþýðusambandið afsalaði sér, eins og á stóð, rétti sínum til þess að eiga tilnefndan fulltrúa í þessu starfi, af því að við töldum það ekki svara tilgangi sínum lengur, eins og á stóð, og þyrfti að knýja fram endurskoðun á þessu skipulagi, bæði vegna hagsmuna bænda og neytenda. Við töldum meira um vert að knýja fram endurskoðun á þessu úrelta kerfi en að eiga mann í n. Þess vegna afturkölluðum við tilnefningu á fulltrúa okkar í 6 manna n. Ég held líka, að hæstv. ráðh. fái engan sóma af því að halda fram, að A.S.Í. sé lögbrjótur — lögbrjótum á auðvitað að refsa — þegar hann svo kemur til A.S.Í. og biður það að setjast að löggjafarstarfi. En nú spyr ég: Hefur hæstv. ráðh. kynnt sér það, því að hann hefur ekki verið einn um að halda þessari kenningu á loft, hvort A.S.Í. sé lögbrjótur? Það hefur Stéttarsamband bænda gert líka og ekki síður og virðist halda fast við það enn. Er það víst, að Stéttarsamband bænda vilji láta bjóða sér það að setjast að borði með lögbrjótum til þess að semja till. að nýrri löggjöf? Er það víst? Fyrir lítið kemur tilnefning hæstv. ráðh., ef þá heltist annar aðili úr lestinni, vegna þess að honum sé misboðið.

Þá hafa blöðin það eftir hæstv. landbrh., að sjálfsagt væri, að væntanleg endurskoðunarnefnd fái öll gögn um dreifingarkostnaðinn, og það hefur hæstv. ráðh. endurtekið á þessum fundi, enda hafa þau ávallt verið 6 manna n. greið aðgöngu, segir blaðið eftir hæstv. ráðh. Hér er farið rangt með. Þetta er ósatt. Ég hef áður skýrt frá því, að það fékkst loksins knúið fram, að litið væri í gögn Mjólkursamsölunnar tvö ár í röð með því skilyrði, að þar væri einnig annar maður að starfi við þá athugun. En hvað hefur svo gerzt eftir 1962? Það hefur verið komið í veg fyrir áframhaldandi athugun á þessum gögnum með því að tilnefna ekki mann frá fyrirtækinu til starfsins, en það var forsenda fyrir því, að endurskoðandi reikninganna mætti rannsaka þessi mál. Þannig hefur verið komið í veg fyrir, að þessi rannsókn héldi áfram. Það hefur verið neitað um nauðsynleg gögn. Og sum af þessum fyrirtækjum hafa aldrei gefið kost á því, eins og Sláturfélag Suðurlands, aldrei. Ég spyr því: Hefur það verið krafa manna, að fulltrúar neytenda í 6 manna n. inntu það starf af hendi að taka þátt í verðlagningu landbúnaðarafurða með bundið fyrir augun? Og ef þeim hefur verið ætlað það, er þá nokkur furða, þó að þeir neituðu að starfa við þessa aðstöðu? Forsendan var brostin fyrir því, að þeir gætu starfað, ef þeir hefðu ekki aðra eða betri starfsaðstöðu en þetta.

Í Alþýðublaðinu, sem ég vitnaði í áðan, var svo að orði komizt, að stundum hefðu þessi fyrirtæki reynzt fjársterk, þegar til framkvæmda hafi komið, og var þannig fallizt á það sjónarmið. Vegna þess, að þau hefðu verið einráð um það, hvernig þau höguðu rekstri sínum og gátu komið því út í mjólkurverðið, þá hafi þau getað tekið anzi mikið úr eigin sjóðum til fjárfestingarframkvæmda, og það taldi ég í minni fyrri ræðu eitt atriði ásamt afskriftarreglunum, sem þyrfti að veita aðhald um. Ég hef upplýsingar um það, að við árslok 1963 var fjárfesting Mjólkursamsölunnar í fasteignum, vélum og tækjum og hlutdeild í öðrum fyrirtækjum samkv. hennar eigin reikningum rúmlega 45 millj. kr. Og hvernig kom þetta fé? Af þessari upphæð kom tæplega 3½ millj. kr. frá lánastofnunum. Afgangurinn var fenginn úr byggingarsjóði, 22½ millj., og af rekstrarfé Mjólkursamsölunnar rúmlega 19 millj. Af þessari upphæð var fjárfesting á árinu 1963 einu nærri því 8 millj. kr. Það má vel vera, að þessi fjárfesting hafi verið nauðsynleg, en það liggur ekkert fyrir um það nema þeirra eigið mat, og þeir höfðu frjálsræði til þess að fara út í þessar framkvæmdir.

Það var getið um það áðan, að mjólkurbúðirnar í Reykjavík væru nú ekki allar eign Mjólkursamsölunnar. Það er rétt. Mjólkursamsalan rekur 116 mjólkurbúðir í Reykjavík, 116, selur mjólk í 116 búðum. Þar af rekur hún sjálf 62 og á sjálf 38 af þeim. En 24 eru hins vegar í leiguhúsnæði. 38 búðir eru eign Mjólkursamsölunnar. En svo rekur Mjólkursamsalan mörg önnur fyrirtæki, Mjólkurbarinn, brauðgerð, ísgerð, Gúmmíbarðann, og samsalan á 52 stóra bíla og rekur eigið bifreiðaverkstæði. Það má vel vera, að allur þessi rekstur sé bráðnauðsynlegur í þjónustu dreifingarstarfsins, og það má líka vel vera, að rannsókn kynni að leiða það í ljós, að með þessu móti sé neytendum og bændum þjónað bezt, á ódýrastan hátt, en ég veit ekkert um það, og það veit enginn neitt um það nema rannsókn fari fram á því. Og það þarf alls ekki að telja það neitt meiðandi fyrir þessi fyrirtæki, heldur ættu þau hreint og beint að bjóða það, að þetta verði rannsakað af hlutlausum aðilum, þannig að það væri öruggt, að það væri ekkert ofsóknarform á því.

Ég veit líka og fer þar ekki með neitt fleipur, að mikinn meiri hluta ársins á Mjólkursamsalan í Reykjavík, 60—70 millj. kr. á innstæðureikningi í þjóðbankanum, Landsbankanum. Það er gott, að hún er svona efnuð. En mér er hins vegar ekkert kunnugt um það, hvort neytendum eða framleiðendum eru reiknaðar vaxtatekjur af þessari innstæðu og það látið hafa áhrif á verðið. Ég veit ekkert um það. En hitt veit ég, að að meðaltali nema vaxtagreiðslur, sem komnar eru inn í verðlagið, 11.8 aurum á hvern innveginn mjólkurlítra, og til er dæmi um 23 og kvart eyri á lítra.

Ég fagna því, að hæstv. ráðh. hefur fallizt á það sjónarmið mitt, sem hefur líka fengið stoð í báðum stjórnarblöðunum undir umr. um þetta mál, að það sé öllum til góðs, að rannsókn fari fram á þessu, hlutlaus rannsókn, og hæstv. ráðh. á að sjá um, að sú rannsókn verði látin fara fram, áður en hafin verða störf við að undirbúa nýjan lagagrundvöll um afurðasölumálin.

Ég vil svo þessu næst víkja nokkuð að ummælum hæstv. viðskmrh. s.l. mánudag. **(Forseti:** Ég vildi spyrja hv. 5. þm. Vestf., hvort hann eigi mikið eftir af ræðu sinni.) Ég gæti nú hugsað, að það væru svona 15—17 mínútur. **(Forseti:** Þá vildi ég biðja hv. þm. að gera hlé á ræðu sinni, þar sem þess hefur verið óskað, að fundinum yrði ekki haldið lengur fram.) Já, það er sjálfsagt að verða við þeirri beiðni. — (Frh.)

Umr. frestað.

Á 12. fundi í Nd., 8. nóv., var enn fram haldið 1. umr. um frv.

Hannibal Valdimarsson [frh.]: Herra forseti. Það gerir mér ekki svo mikið, þegar ég er að halda ræðu, þó að gripið sé fram í fyrir mér. Stundum er það nú bara til bóta, en hitt þykir mér jafnan miklu verra, þegar ræða mín heggst í sundur og á henni verður margra klukkustunda hlé eða daga eða vikna, og síðan ég var hér í ræðustól síðast, eru liðnir nokkrir dagar og þess vegna er fyrir mér farið að fyrnast yfir, hvað ég sagt hafði og hvað ég næst hugðist segja. Ég býst því við, að þetta verði dálítið til þess að lengja mína ræðu, en þó mun ég hafa það í huga, að það verði ekki ýkja mikið úr þessu umfram það, sem verið hefði, ef ég hefði haldið ræðu minni áfram.

Ég held, að ég hafi ætlað mér næst í ræðu minni að víkja nokkrum orðum að því, sem hæstv. viðskmrh. hafði lagt til þessara umr., og vil ég þó taka það strax fram, að ég ætlaði ekki að verða þátttakandi í talnaleikjum hans. Ég er svo fjarri því að vera neinn talnasérfræðingur, og eiginlega hrósa ég nú happi yfir því að vera það ekki.

Ég ætlaði sem sé hvorki að ræða við hæstv. ráðh. um það, hvort 136 deilt með 9 væru 17 eða eitthvað annað eða neitt af því, sem hann fjallaði um seinast í sínum talnafræðum. En þó vildi ég í upphafi víkja að ályktunum hans út frá tölum, eins og flokksblað hans, Alþýðublaðið, hefur eftir honum, en það var nokkru fyrr í þessum umr. Þá fjallaði hæstv. viðskmrh. um það, — mér þykir verst, að hann er ekki við, svo að þetta verður baktal allt saman, — þá fjallaði hann um áætlunartölur, sem nú lægju fyrir um fjármunamyndun fyrir yfirstandandi ár, fjármunamyndun hjá bændum, og komst hann að þeirri niðurstöðu út frá þessum tölum, að fjármunamyndun þeirra væri eftir þessum áætlunartölum nokkru meiri en í fyrra eða 403 millj. Hjá fiskveiðum væru þetta 442.9 millj., í iðnaðinum 551 millj., vélar og tæki 158 millj., verzlanir, veitingahús og skrifstofuhús 215 millj. og íbúðarhús 1 milljarður og 52 millj., samgöngumannvirki 580.8 millj. og byggingar hins opinbera 320 millj.

Þessar áætlunartölur, eins og hæstv. ráðh. tók fram, eru sjálfsagt allar rétt tilfærðar. En ósköp finnst mér þetta veikur grundvöllur að byggja á, áætlunartölur, það finnst mér vera afsleppur og háll grundvöllur. En þó verður slysahættan öllu meiri á þessum grundvelli, þegar farið er að draga af honum ályktanir, og ég vil segja mjög hæpnar ályktanir. Út frá þessum tölum dregur hæstv. ráðh. þær ályktanir, að úr því að fjármunamyndun bænda í landbúnaðinum hafi verið svona mikil, eins og hann tilgreindi með áætlunartölunum, beri þessar tölur vitni um, að um mikinn ábata hafi verið að ræða hjá bændum á liðnu ári. Sem sé, hjá þeim hafi verið gott árferði. Ég skil það þannig, að með fjármunamyndunartölum hljóti hæstv. ráðh. að eiga við fjárfestinguna hjá bændum á liðnu ári. Viðskmrh. benti á, segir í flokksblaði hans, að arðsemi í landbúnaði sé út frá þessum tölum miklu minni en í fiskveiðum, en samt sé ekki ýkja mikill munur á fjármunamynduninni í þessum tveimur atvinnugreinum, og bendir hin mikla fjármunamyndun í landbúnaðinum til góðrar afkomu bænda, sagði ráðh.

Ég held, að hæstv. ráðh. geti ekki byggt á þessum tölum og myndað sér neina skoðun um það, hvernig hagur bænda standi út frá þeim. Bændur eru oft og tíðum tilneyddir að leggja út í fjárfestingar, ef þeir eiga yfirleitt að geta haldið atvinnuvegi sínum áfram, þótt hagur þeirra sé hvergi nærri góður. En e. t. v. er ekki hægt að ætlast til, að hæstv. viðskmrh. viti um þetta. Bændur eru öðrum stéttum miklu fremur bundnir við ákveðnar fjárfestingar, hvernig sem hag þeirra annars er komið. Ég held, að það verði sannast sagna, að þegar litið er á hag bænda, þá er þar um tvennt mjög ólíkt að ræða. Þeir bændur, sem hafa fyrir nokkuð löngu lokið stórframkvæmdum sínum í ræktun og annarri mannvirkjagerð á jörðum sínum en búa nú við hið háa verðlag landbúnaðarvara, þeirra hagur er góður og þeir geta sjálfsagt alveg án þess að vera tilneyddir ráðizt í miklar fjárfestingar. En hinir, sem eru nú með fangið fullt af ræktunarframkvæmdum og byggingarumstangi og komast ekki hjá því, eru menn í mörgum tilfellum, sem nánast eru í skuldafjötrum og geta sig þar ekki hrært og eiga bara um tvo kosti að velja, annaðhvort að gefast upp ellegar ráðast í allmiklar fjárfestingarframkvæmdir og kannske langt umfram getu. Þeirra hagur er áreiðanlega svo naumur, að hann má ekki naumari vera. Það er því ekki hægt að reikna út frá neinum áætlunartölum og gera sér þannig heildarmynd af hag bænda, hvernig hann standi. En það er nú svona. Þessi leikur hagfræðinga með tölur er sennilega einn aðalkvilli þessarar fræðigreinar. Ég vildi segja, að það væri kannske atvinnusjúkdómur hagfræðinga að leika sér með tölur og draga af þeim mjög hæpnar ályktanir og það er kannske ekkert betra en meðferð talnanna sjálf oft og tíðum. En það var einu sinni sagt fyrir löngu, og það var nú ekki hagfræðingur, sem það sagði, það var guðfræðingur, að auðvelt væri nú oft að ljúga og blekkja, en hvergi væri auðveldara að gera það en með tölum. Og þegar menn hafa sína hagfræðiþekkingu til aðstoðar, má vera, að þetta sé orðið enn þá auðveldari leikur en áður var. Ég held, að þetta sé atvinnusjúkdómur hagfræðinga, þessi sífellda, hæpna túlkun málstaðar með tölum og svo að draga út frá þeim hæpnar ályktanir, sem stundum verða í raun og veru í beinni mótsögn við staðreyndir.

Mér dettur t.d. í hug, ef hægt er að draga ályktanir um hag bænda almennt í sambandi við þessa tölu um fjárfestingu þeirra, er vafalaust líka hægt að draga ályktun af tölunni um fjárfestingu í veitingahúsum, skrifstofuhúsum og verzlunum, 215 millj., miklu minni en hjá bændunum. Ætli það sé þá rétt ályktun af því, að þeirra hagur sé enn miklu bágbornari, mjög bágborinn, úr því að þeir hafa ekki getað ráðizt í meiri fjárfestingar en þarna er tilgreint? Ég held, að það sé líka hæpið. Ég held, að út frá þessum tölum verði ekki dregnar réttar ályktanir af því, hvernig hagur þessara stétta standi. En nóg um það.

Það voru annars önnur atriði í ræðu hæstv. ráðh., eins og flokksblað hans skýrir frá hans ræðu, sem ég ætlaði þó sérstaklega að víkja að. Hæstv. ráðh. hafði haldið því fram, að hann hefði orðið fyrir miklum vonbrigðum

með eitt atriði í ræðu minni, sem sé það, að ég hefði haldið því fram, að bændur og ríkisvaldið ættu að semja sín á milli um verðlagningu landbúnaðarafurðanna án þess að neytendur kæmu þar nokkuð nálægt. Ég verð nú að segja, að það mátti nú eiginlega ekki minna vera en hæstv. ráðh. yrði fyrir vonbrigðum með eitt einasta atriði ræðu minnar, annars hefði hann ekki getað fótað sig á því að orða nein vonbrigði í sambandi við hana. En þessu hafði ég haldið fram, að það væri mér geðfelldasta leiðin í þessum afurðasölumálum bændanna, að þeir yrðu viðurkenndir sem beinir samningsaðilar við ríkisvaldið um þessi kjaramál sín. Vonbrigði hæstv. ráðh. að því er þetta snertir sýna mér þá það, að hann vill ekki ganga inn á það, að bændur fái óskoraðan samningsrétt um sín kjaramál. Þar í hljóta vonbrigði hans að liggja, enda áréttar hann það. Hann segir í framhaldi af þessu, að það sé skoðun og stefna Alþfl., að þessu samstarfi beri að halda áfram, enda er það ítrekað í stefnuyfirlýsingu ríkisstj. frá því í haust. Þá veit maður það, hver er stefna Alþfl. í þessu máli. Alþfl. vill ekki, að bændur fái óskoraða samningsaðild um sín launamál. Í þessari yfirlýsingu sinni orðar hann það svo, að Alþfl. telji, að halda beri þessu samstarfi áfram. Nú er þetta samstarf, sem þarna er um talað og fleiri hafa verið að nefna þessu nafni, sams konar samstarf og þegar vinnuveitendasamtök og verkalýðssamtök leiða saman hesta sína í vinnudeilum. Það eru tveir aðilar, fulltrúar bænda annars vegar og fulltrúar neytenda hins vegar, hvorir sínu megin við samningaborð og eiga að túlka gagnstæðan málstað. Þetta heitir nú samstarf. Hingað til hafa þetta verið kölluð átök milli aðilanna á vinnumarkaðinum, kjarabarátta, vinnudeilur. En nú skal það endilega heita samstarf. Nú spyr ég hæstv. viðskmrh.: Í hverju liggur mismunurinn á þessu tvennu, þegar bændur og fulltrúar neytenda eiga að mæta hvorir sínu megin við samningaborðið og það á að heita samstarf, en þegar fulltrúar atvinnuveitenda og verkalýðssamtaka mætast hvorir sínu megin við samningaborð til þess að leysa ágreiningsatriði aðilanna á vinnumarkaðinum, skal það heita vinnudeilur og verkalýðsbarátta og annað þess konar, og það er það? Mér virðist bara, að það sé eins og ég held, að Páll gamli Ólafsson hafi sagt það: „Vakri-Skjóni hann skal heita, þó að meri það sé brún." Nú skal það bara heita samstarf, það, sem áður hefur heitið verkalýðsbarátta. Ég tek það fram enn þá einu sinni, að eitt af þeim meginatriðum, sem hér er um að ræða, er það, að A.S.Í. er mjög ógeðfellt að láta skipa sér með löggjöf sem gagnstæðum aðila móti bændastéttinni, alveg eins og þeir séu hrein andstæða móti hagsmunum verkamannanna, svo sem atvinnurekendur annars vegar og verkalýðssamtök hins vegar. Þetta er okkur ógeðfellt, og við höfum ekki getað kallað það samstarf. Við værum ekki settir sem samstarfsaðilar með þessari aðstöðu, heldur þvert á móti settir í spor þess, sem skal vera andstæðingur.

Ég hygg, að af því, sem ég nú hef sagt, virðist afstaða Alþfl. til þessara mála vera allt önnur en afstaða A.S.Í. En svo, þegar leið fram í ræðu hæstv. ráðh., lýsti hann því yfir, eftir því sem Alþýðublaðið segir, að löggjöfin um verðlagningu búvaranna væri gölluð í grundvallaratriðum og atburðirnir í haust ættu að geta haft það gott í för með sér að setja yrði ný lög og jafnframt að gera breytingar á mörgum grundvallaratriðum. Þannig virðist hæstv. ráðh. aftur vera orðinn þeirrar skoðunar, að það hafi verið gott, sjálfsagt og nauðsynlegt, að A.S.Í. sagði upp þátttöku í 6 manna n. og gaf þannig kost á að taka þessa meingölluðu löggjöf í grundvallaratriðum til endurskoðunar, og að því leyti erum við áreiðanlega sammála. En þetta þýðir, að við teljum, að gera þurfi grundvallarbreytingar á því gamla skipulagi, sem ríkt hefur, grundvallarbreytingar, og að nýja löggjöfin, sem e.t.v. fæst sett upp úr starfi þeirrar n., sem hæstv. landbrh. hyggst nú skipa, verði löggjöf, sem byggir í verulegum atriðum á nýjum grundvelli, öðrum grundvelli. Hins vegar sé ég í Alþýðublaðinu í dag því haldið fram, að sú, sem nú eigi að skipa, eigi að starfa á þeim gamla grundvelli, sem A.S.Í. hefur tjáð sig ekki vilja una og sagði upp. Það stangast aftur á við afstöðu hæstv. ráðh., því að hann vill láta endurskoðunina breyta grundvallaratriðum hins gamla skipulags og væntir þess að sjá upp úr því nýja löggjöf á öðrum grundvelli. Hvað Alþfl. meinar af þessu tvennu, sem hér rekst á, skal ég láta ósagt.

Alþýðublaðið heldur því líka fram, að hæstv. viðskmrh. hafi sagt, að landbrh. hafi ekki átt um nema eina leið að ræða, eftir að kerfinu var hrundið, þ.e.a.s. að setja brbl., en ég þarf ekki að endurtaka það, ég hef margsinnis haldið því fram, að hæstv. ríkisstj. hafi átt opna leið til beinna samninga við bændastéttina eins og sakir stóðu, eftir að 6 manna n. var ekki lengur starfhæf, og ég tel, að þá leið hafi hæstv. ráðh. og hæstv. ríkisstj. átt að fara. En þegar hún ætlaði meira að segja að endurnýja hinn gamla grundvöll og fá til þess alla aðra aðila en A.S.Í., þá sem eftir stóðu í n., og var komin á fremsta hlunn með að setja löggjöfina, þá fór svo, að hvorki fulltrúi Sjómannafélags Reykjavíkur né hinn 3. fulltrúi neytendanna fengust til þess að láta setja sig í það hlutverk. Og það varð að búa til nefnd algerlega skipaða öðrum aðilum, svo að það voru nú fleiri en fulltrúar A.S.Í., sem ekki vildu láta hafa sig sem pentudúk í málinu í þetta sinn.

Á hverju byggir hæstv. ráðh. það, að það sé óhagstætt launþegunum, að A.S.Í. eigi ekki fulltrúa í 6 manna n.? Við höfum þó ríkisstj., sem hefur lýst því yfir sem stefnu sinni, hátíðlega sem stefnu sinni, að hún ætli að berjast á móti verðbólgu og dýrtíð, og einn liðurinn í þeirri baráttu er auðvitað sá að láta ekki hagsmuni bænda hlunnfara alla neytendur kaupstaðanna og skrúfa þar með upp með óhóflegu afurðaverði verð á landbúnaðarafurðum. Nú spyr ég: Mega ekki launþegasamtök, þ. á m. A. S. Í., vera alveg örugg um það, að vel sé gætt hagsmuna hinna fjölmennu launastétta af þeirri ríkisstj., sem hefur lýst sig standa í baráttu á móti verðbólgu og dýrtíð? Ég hefði haldið það, að það kemur úr hörðustu átt, ef hæstv. stuðningsmenn ríkisstj. og ráðh. sjálfir segja, að það muni fljótt halla á neytendurna í landinu, ef launþegasamtökin eiga ekki sjálf beina aðila að þessum ákvörðunum í þessum málum. Ég hefði haldið, að þarna mætti treysta á ríkisstj., sem hefur lýst því yfir, að hún berjist á móti verðbólgu og dýrtíð, og að hún sem ríkisstj. beri auðvitað fyrir brjósti engu síður hag launastéttanna í landinu en annarra

stétta. En hún er einasti aðilinn, sem hefur alla þætti þessara mikilsverðu mála í höndum sér. Hún hefur oft og tíðum haft úrslitavaldið um verðlagninguna sjálfa. Hún og hún ein hefur ákvörðunarvaldið um, hvaða niðurgreiðslur skuli vera. Og hún og hún ein hefur ákvörðunarvaldið um útflutningsuppbætur, en þessir þrír meginþættir eru óaðskiljanlegir í verðlagspólitík landbúnaðarins, og það er hún ein, sem getur farið með umboð þess aðila, sem á að vera ábyrgur fyrir þessum málum öllum. Ég segi því: Engum er skyldara að fara með þessi mál sem beinn samningsaðili við bændur og bera ábyrgð á þeirri úrlausn, sem fæst í þessum málum, en ríkisstj. sjálfri. Geri hún vel við bændur í þessum málum, á hún að njóta þess. Halli hún á neytendur í þessum málum, á hún að gjalda þess. Finni hún þar hinn gullna meðalveg í þessum málum öllum sameiginlega, hefur hæstv. ríkisstj. tekizt vel, og þá á hún að hafa lof en ekki last af því. En þetta vill hæstv. ríkisstj. ekki. Þegar hún gat ekki lengur notað 6 manna n.-kerfið og fékk ekki heldur þá menn, sem eftir störfuðu þar fyrir hönd neytenda, til þess að verða aðilar að hinni nýju lausn, sem ríkisstj. vildi nú fá fram, skipaði hún 3 aðra menn til þess að vera þarna milliliður, svo að ábyrgðin lenti ekki á hæstv. ríkisstj. Þetta virðist hún telja sér nauðsynlegt. A.S.Í. baðst undan því og biðst undan því við óbreytta aðstöðu að vera þarna á milli bænda og ríkisvaldsins, sem hefur ákvörðunarvaldið.

Alþýðublaðið hermir einnig frá því, að hæstv. viðskmrh. hafi að lokum sagt í ræðu sinni, að það komi ekki til mála að endurnýja gamla kerfið. Og hann virðist í raun og veru hafa sannað, að stefna stjórnarinnar í landbúnaðarmálum, ekki bara í verðlagsmálunum, heldur að ýmsu öðru leyti, sé rammvitlaus. Og þar ber heldur á milli hans og hæstv. landbrh., það verð ég að segja. Það er, eins og hér hefur verið sagt, það er eins og það séu tveir landbrh. hjá hæstv. ríkisstj., og þeir hafi svona nokkurn veginn eins og mögulegt er gagnstæða stefnu.

Að lokum vil ég taka fram, að mér er ekki kunnugt um neina stefnubreytingu hjá miðstjórn A.S.Í. síðan afstaða var tekin til þess að afturkalla tilnefningu á fulltrúa A.S.Í. í 6 manna n. Af þessu leiðir vitanlega það, að miðstjórn A.S.Í. er ekki til viðræðu um það að taka þátt í nýrri n., sem aðeins hafi það hlutverk að endurnýja hið gamla kerfi. Ef það er meining hæstv. ríkisstj., hæstv. landbrh., með hinni fyrirhuguðu nefndarskipun, tek ég það skýrt fram, að þá er A.S.Í. ekki til þátttöku í slíku nefndarstarfi. En í bréfi hæstv. ráðh. segir, að rn. vilji óska þess, að A.S.Í. tilnefni nú mann af sinni hálfu til að taka sæti í n., er hafi það verkefni, að leita eftir samkomulagsgrundvelli milli framleiðenda og neytenda, sem afurðasölulöggjöf yrði byggð á. Ég skil þessi tilmæli þannig, að n. eigi að hafa frjálsræði til að rannsaka, hverjar leiðir kunni að vera hugsanlegar og mögulegar til þess að byggja upp nýtt kerfi, er verðlagsákvörðun landbúnaðarafurðanna verði í framtíðinni byggð á. Og ef þessi skilningur minn er réttur, mun ég a.m.k. stuðla að því, að A.S.Í. skorist ekki undan að taka þátt í nefndarstarfi, sem þannig á að leita nýrra og réttlátari leiða til lausnar á þessum alvarlegu og vandasömu efnahagsmálum. Og ég mundi því segja eitthvað á þessa leið, að í trausti þess, að sá sé tilgangurinn með skipun þn. til að endurskoða lög um afurðaverð landbúnaðarins, að leitað verði allra hugsanlegra leiða til að koma á nýrri, réttlátari skipan á verðlagsmál landbúnaðarins en tryggt var með gamla kerfinu, mundi A.S.Í. vilja taka þátt í slíku nefndarstarfi.

En ég bæti því við, að A.S.Í. mun einnig telja það algera forsendu fyrir viðunandi starfsaðstöðu í væntanlegri n., að fullnægjandi hlutlaus rannsókn hafi farið fram á milliliðakostnaði þeim, sem nú á mjög mikinn hlut í háu verði á landbúnaðarafurðum til neytenda í landinu. Vitanlega getur svo farið, að sú rannsókn leiði í ljós, að þar verði ekki neinu um þokað til hagkvæmari áttar og við fáum ekki í gegnum það að minnka milliliðakostnaðinn neina lækkun á afurðaverðinu til neytenda eða hækkun á því til bænda, og þá er að taka því. En ég vil, að n. fái að horfast í augu við það, hvort svo er, og ef þarna er allt eins og bezt verður á kosið, þá fæst ekki leiðrétting gegnum það. En á sama hátt vildi ég, að n. fengi frjálsræði og aðstöðu til að kanna þessi mál öll og leita óbundið nýrra og hagkvæmari og réttlátari leiða, sem bæði bændur og neytendur geti unað við. Ég get auðvitað ekki á þessu stigi máls sagt um það, hvort miðstjórn A.S.Í. samþykkir að kjósa mann í þessa n. samkv. tilmælum hæstv. ráðh., því að málið hefur ekki verið afgreitt á miðstjórnarfundi. En út frá þessum forsendum, sem ég hef nú skýrt frá, mundi ég stuðla að því, að A. S. Í. tæki þátt í tilnefningu í hugsanlega nefnd til þess að leita betri úrræða en við áttum kost á samkv. gamla kerfinu.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Í umr. í síðustu viku spurði ég hæstv. landbrh., hvernig á því stæði, að hann hefði sett ákvæði í brbl., að tekjur bænda skyldu miðaðar við ellilaun og örorkubætur og aðrar bótagreiðslur almannatrygginga. Ekkert svar er enn fengið við þessari spurningu, þrátt fyrir þessar löngu umr. Ég tel þetta mjög mikilsvert atriði í þessu máli, hvort þeirri jafnréttisaðstöðu hefur verið haldið í þágu bændanna, að þeir hafi hliðstæðar tekjur og aðrar vinnustéttir í landinu eða hvort á að afnema þessa 20 ára gömlu reglu. Ég held að það fari ekki hjá því, að þetta pennastrik í brbl. hafi sín áhrif á tekjur bænda í landinu á þessu verðlagsári, ekki síst, þegar litið er á það, að tekjur þessara viðmiðunarstétta, verkamanna, sjómanna og iðnaðarmanna, hækkuðu frá 1963—1964 úr 120 þús. kr. upp í 162 þús., eða um tæp 30%, og horfurnar á þessu ári eru ekki lakari en þær hafa verið á árinu í fyrra. Einn hv. þm., hv. 5. þm. Norðurl. v. (BP), sem jafnframt er bóndi, lét þess þó getið, að hann gæti sætt sig við þetta verðlag. Mér hefur skilizt á hæstv. ráðh., að þarna sjái menn það, að bændurnir séu ánægðir. Ég vil þá benda á, að þessi hv. og virðulegi bóndi getur ekki talizt spegilmynd af bændastéttinni í landinu af þeirri einföldu ástæðu, að hann rekur stórbú sem stendur á gömlum merg. Hann er stór mjólkurframleiðandi, hann er fjáreigandi og útgerðarmaður, eins og Kiljan sagði, hann mun eiga tvö fiskiskip í gangi árið um kring, og hann hefur auk þess verið kaupfélagsstjóri á tímabilinu. Ég held, að þetta verði ekki talin spegilmynd af bændastéttinni í landinu. Hitt get

ég vel skilið um jafnreikningsglöggan mann og þessi hv. þm. er, að hann sjái það í hendi sér, að hann græði ekki neitt sérstaklega mikið á að fá eitthvað hærra landbúnaðarverð í haust, af því að þá kemst hann í hærri skatta. En þessu er ekki til að dreifa um bændastéttina, því að það má segja, að allur þorri bænda kemst ekki í neinn tekjuskatt, af því að tekjurnar eru svo lágar. Nei, það er ekki hægt að taka slíkan úrvalsmann sem einhverja spegilmynd af heilli stétt.

Þá spurði ég hæstv. landbrh. einnig um það, hver væri stefna hæstv. ríkisstj. um þetta atriði, jafnréttisatriðið, þegar til þess kæmi að setja nýja löggjöf um afurðaverð eða verðskráningu landbúnaðarafurða síðar á þessu þingi. Vill hæstv. ríkisstj. fylgja þeirri reglu, sem verið hefur í 20 ár, að tekjur bænda verði sem hliðstæðastar tekjum annarra vinnustétta, eða á að fylgja því ákvæði, sem tekið er upp í þessum brbl., að það skuli miðað við bótagreiðslur almannatrygginga? Þessu svöruðu tveir hæstv. ráðh. Hæstv. landbrh. sagði, að það þyrfti ekkert að vera að spyrja um þetta, þetta vissu allir, þetta vissi öll þjóðin. Ég þyrfti heldur ekkert að vera að spyrja um þetta, ég ætti að vita þetta eins og aðrir. Stefna hæstv. ríkisstj. væri sú, að bændur nytu jafnréttis við aðrar stéttir um launakjör sín. Og honum þótti það hart, hæstv. ráðh., að ég skyldi þurfa að spyrja að þessu, minntist eitthvað á það, að ég væri líklega orðinn ókunnugur, af því að ég væri hættur búskap. Hvernig er þetta með sjálfa ráðh.? Eru þeir við búskap? Hefur nokkur þessara 7 ráðh. nokkurn tíma fengizt við búskap, nema ef það er hæstv. utanrrh. þarna í Krýsuvík? Ég man ekki eftir því að hafa heyrt þess getið. Já, hæstv. ráðh. sagði, að þetta væri stefna þvert ofan í ákvæði brbl. En svo kemur hæstv. viðskmrh. upp í ræðustólinn á hæla hins og lýsir sinni stefnu. Hann fer líka að lýsa stefnu ríkisstj. og hafði raunar alveg eins mikinn rétt til þess eins og hinn. Hvernig var hún? Hann talaði mjög skýrt og ákveðið. Það er ekkert réttlæti í því, ekkert vit í því, að láta bændur hafa svipaðar tekjur og sjómenn, sem veiða kannske mikla síld, hafa svipaðar tekjur og iðnaðarmenn, sem vinna kannske í ákvæðisvinnu eða hafa svipaðar tekjur og verkamenn, sem fá kauphækkun vegna þess, að vinnutíminn er skráður fleiri stundir á viku núna en hann var áður. Nei, það kom ekki til greina. M. ö. o., önnur stefnan lá í austur og hin í vestur og báðar stefnurnar voru stefnur ríkisstj. Mér þykir nú trúlegast, að það fylgi svona 3½ ráðh. hvorri stefnu fyrir sig. **(Gripið fram í:** Hver er sá hálfi?) Sá hálfi held ég að sé landbrh., því að hann setur það ákvæði í brbl., að það skuli fylgt bótagreiðslum almannatrygginga, en lýsir yfir jafnréttisstefnunni, þegar hann kemur hingað á Alþ., — ef hann er þá hálfur.

Annars var öll ræða hæstv. landbrh. og ræður hans undir svipuðum kringumstæðum að undanförnu með sama marki brenndar. Hann kemur fljótlega að því að tala um Framsókn og lýsir henni mjög rækilega frá sínu sjónarmiði, og ég held, að þessi lýsing hafi verið svona efnislega eitthvað á þessa leið þarna um daginn: Framsókn er alltaf landbúnaðinum til óþurftar og tjóns. Þegar Framsókn er í ríkisstj., eru tekjur bændanna lítilfjörlegar og afkoma þeirra erfið. Þá er afurðaverðið lágt og bændur fá ekki grundvallarverðið fyrir afurðir sínar. Ræktunin er frámunalega lítil og framlög ríkisins til ræktunar með sama hætti. Framfarirnar litlar og landbúnaðarstefna Framsóknar öll óviðunandi.

En svo urðu stjórnarskipti og það kom nýr landbrh. með nýja stefnu, sem heitir uppbyggingarstefnan í landbúnaðarmálum. Ég held, að hann hafi kallað hana það. Síðan hefur hagur bænda stórbatnað, árstekjur þeirra hafa stórhækkað. Þeir hafa fengið grundvallarverð fyrir afurðir sínar hvert einasta ár síðan, ræktunarstyrkirnir hafa hækkað og túnræktuninni í landinu alveg fleygt fram, komin upp í 7 þús. ha á ári. Og þessi ríkisstj. stefnir óðfluga að því, að rekinn verði blómlegur landbúnaður, án þess að hann þurfi nokkurn skapaðan hlut á útflutningsuppbótum að halda. Þannig hefur hún gefizt, uppbyggingarstefnan í landbúnaðarmálum. Það er eitthvað annað en hjá Framsókn. Mér finnst, að það vanti ekkert á þessa ræðu nema niðurlagið, eitthvað á þessa leið:

Ég er gull og gersemi,
gimsteinn elskuríkur.
Ég er djásn og dýrmæti,
drottni sjálfum líkur.

Já, hann er ekki útdauður á Íslandi hann Sölvi Helgason. Ég held, að þegar hæstv. ráðh. er að bera saman uppbyggingarstefnuna og stefnu framsóknarmanna í landbúnaðarmálum, þá sé öruggara að líta eitthvað á opinberar heimildir um það, hvað sé rétt í kenningunni.

Eins og menn vita, hækkuðu ræktunarstyrkir allt fram til ársins 1959 eftir ákveðinni vísitölu ár frá ári. Og svo kom nýi ráðh. og uppbyggingarstefnan, og það mun hafa verið eitt af fyrstu verkum hans, að hann stöðvaði þessa hækkun á ræktunarstyrkjunum, og þeir héldust óbreyttir í krónum á hverja einingu ræktunar fram til 1964. Það var uppbyggingarstefnan.

Um ræktunina sjálfa er það að segja, að hæstv. ráðh. taldi, að hún hefði stóraukizt eða jafnvel upp í 7 þús. ha á ári. Samkv. skýrslum Búnaðarfélags Íslands og Landnáms ríkisins hefur túnræktunin í landinu verið núna síðustu árin sem hér segir: 1957 3568 ha, 1958 3950 ha, 1959 4501 ha, en svo kemur uppbyggingarstefnan: 1960 3645 ha, 1961 3990 ha, 1962 3839 ha, 1963 4445 ha og 1964 6059 ha. Eins og menn heyra er það eitt ár, sem sker sig úr, það er árið í fyrra. Síðan eru það tvö ár, sem komast yfir 4000 ha, þ.e. árið 1959 fyrir uppbyggingarstefnuna og það er árið 1963. Öll hin árin eru svipuð. Það fer aldrei yfir 4000 ha. En hvaða ár hafa verið ræktaðir 7000 ha, er mér ókunnugt um.

Þá sagði hæstv. ráðh., að bændurnir hefðu ekki fengið grundvallarverð fyrir afurðir, þegar Framsókn hefði verið við völd, en síðan sagði hann, að eftir að uppbyggingarstefnan kom til sögunnar, hefðu bændur fengið þetta grundvallarverð hvert einasta ár. Eins og hv. þm. er kunnugt, er verðlagsár landbúnaðarafurðanna frá septembermánuði til septembermánaðar næsta ár, og tekjurnar,sem bændur fá samkv. þessari verðlagningu, koma inn þrjá síðustu mánuðina það ár, sem verðlagningin fer fram, og 9 mánuði næsta árs, en auðvitað misjafnlega eftir því, hvort er um sauðfjárbændur að ræða eða mjólkurframleiðendur. Haustið 1961 voru tekjur bóndans í verðlagningunni ákveðnar

86,142 kr., en haustið 1962 94,576 kr. Meðaltalið af þessum tveimur tölum er rétt rúmar 90 þús. kr. Ef bændurnir hafa fengið fullt grundvallarverð samkv. þessari verðlagningu, hefðu tekjur þeirra á árinu 1962 átt að vera í kringum 90 þús. kr. Hverjar urðu þær? Hagstofan hefur birt skýrslur um tekjur manna í einstökum stéttum og atvinnugreinum, og Hagstofan segir, að tekjur bænda árið 1962 hafi ekki orðið 90 þús. kr., heldur 75 þús. kr., og þeir eru langsamlega lægstir allra stétta í landinu. Hvernig má þetta vera, ef þeir hafa fengið fullt grundvallarverð fyrir afurðir sínar?

Eins og ég nefndi áðan, eru bændum ákveðnar tekjur haustið 1962 94,576 kr., en haustið 1963 119,121 kr. Meðaltalið af þessu er tæp 107 þús. kr. Ef bændur hafa fengið fullt grundvallarverð á þessu ári samkv. þessari verðlagningu, hefðu tekjur þeirra á árinu 1963 átt að vera eitthvað nálægt 107 þús. kr. Hverjar urðu þær? Þær urðu 90 þús., segir Hagstofan. Enn eru bændur lægstir allra stétta í landinu og enn þá tiltölulega lægri en árið áður, tiltölulega lægri.

Þessar skýrslur Hagstofunnar um launatekjur manna í landinu eru fróðlegar. Því miður hafa þær ekki komið út nema fyrir árin 1962 og 1963. Samkv. þeim voru launatekjur manna í vissum atvinnugreinum árið 1962 sem hér segir: Fiskvinnsla og störf í landi við fiskveiðar 94 þús., annar iðnaður 103 þús., byggingar, viðgerðir o. fl. 96 þús., verzlun, olíufélög o.fl. 109 þús., flutningastarfsemi 107 þús., ýmis þjónusta 110 þús., varnarliðið, verktakar og þess háttar 122 þús., búrekstur, bændurnir, 75 þús. Á einum stað í þessari skýrslu er greint frá því, að ræstingar- og hreingerningakonur og menn og gluggahreinsunarmenn hafi haft 100 þús., en bændurnir 75 þús.

Skýrslan fyrir 1963 er þannig: Fiskvinnsla og störf í landi við fiskveiðar 114 þús., annar iðnaður 125 þús., byggingar, viðgerðir o.fl. 120 þús., verzlun, olíufélög o.fl. 134 þús., flutningastarfsemi 131 þús., ýmis þjónusta 145 þús., varnarliðið, verktakar og þess háttar 158 þús.,búrekstur 90 þús., og það ár höfðu ræstingarkonur og hreingerningarkonur og menn og gluggahreinsunarmenn 116 þús. kr. í árslaun, en bændurnir 90 þús.

Ég held, að ég láti þetta duga sem sýnishorn af því, hvernig hún er kenningin um uppbyggingarstefnuna í landbúnaðarmálum.

Ég ætla, að það hafi verið á fimmtudaginn var, að hv. 5. þm. Reykv. (ÞÞ) gerði hér að umtalsefni verðbólguna í landinu og birti tölur yfir það, hverjar hækkanir hefðu orðið á byggingarkostnaði á 10 ára tímabili. Hann sýndi fram á, hvað vísitala byggingarkostnaðar hefði hækkað og tók þær tölur auðvitað upp úr skýrslum Hagstofunnar, en þær sýndu, að hækkun byggingarkostnaðar var í raun og veru margföld á síðustu árum miðað við það, sem hún hafði verið áður en viðreisnartímabilið hófst. Þessu mótmælti hæstv. viðskmrh. mjög harðlega. Hann taldi hv. þm. fara hér með eintómar vitleysur og blekkingar, því að það mætti ekki reikna verðhækkanir svona, að taka heilt 10 ára tímabil, það yrði að reikna verðhækkanir og verðbólgu bara eitt ár í senn í prósentum miðað við verðbólguna, sem orðin var árið áður, allt annað væri bara vitlaust. En það var sá galli á þessum málflutningi hæstv. ráðh., að hann fór að tala um allt annað en hv. þm. gerði. Hv. þm. talaði um 10 ára hækkun á byggingarkostnaði í landinu, en hæstv. ráðh. talaði um eins árs hækkun í prósentum. Þegar ég heyrði þennan málflutning, datt mér í hug sagan, sem ég heyrði fyrir 20-30 árum um tvo menn, sem hittust á götu hér í Reykjavík. Þeir fóru að tala um daginn og veginn, og segir þá annar maðurinn: Hvor heldur þú, að sé gáfaðri maður, hann Árni Pálsson eða Guðmundur Finnbogason? Þá svaraði hinn: Sigurður Nordal.

Það er gamalkunnugt, að nemendur, sem ganga undir próf, bregða þeirri brellu fyrir sig, þegar þeir standa á gati, eins og kallað er, og geta ekki svarað, að fara þá að tala um eitthvað annað og tala og tala, jafnvel alveg flaumósa til þess að dreifa athygli prófdómenda frá því, hvernig þeir standa sig. Og þetta er gert í þeim tilgangi að fá þó svolítið betri einkunn en ella. Yfirleitt hefur þetta aldrei borið nokkurn árangur. Prófdómendur sjá alltaf í gegnum svona brellur og gefa einkunnir eins og nemendurnir eiga réttilega að fá. En þar sem hæstv. ríkisstj. mun vera heldur ógeðfellt, að það sé verið að benda á, hvað vísitölur hafa hækkað núna síðustu árin, vísitala byggingarkostnaðar og vísitala í framfærslukostnaði og vísitölur vöru og þjónustu, þá get ég svo sem gert hæstv. viðskmrh. það til geðs að tala sem allra minnst um vísitölur eða prósentureikning. Það lítur út fyrir, að svoleiðis reikningur sé eiginlega bannaður í hagfræðinni, þó að verið sé að tala um heilt tímabil, 10 ára tímabil eða 15 ára tímabil.

Mér finnst, að það sé nú saklaust að tala í krónum. Það er þó tungumál, sem allir eiga að skilja, enda eru nú vísitölurnar ekkert annað en spegilmynd af krónuupphæðum. En við skulum bara tala í krónum. Hvað hefur 360 rúmm. íbúð hækkað í verði s. l. 10 ár? Hún kostaði í okt. 1955 335 þús. kr. Hún kostar í okt. 1965 892 þús. kr. Hún hefur hækkað á þessu 10 ára tímabili um 557 þús. kr. Fyrstu 4 árin, frá okt. 1955 til okt. 1959, hækkaði þessi íbúð um 107 þús. kr. alls, eða um 26,7 þús. kr. á ári til jafnaðar. En á sex árum frá 1. okt. 1959 til 1. okt. 1965 hefur hún hækkað um 450 þús. kr. eða til jafnaðar um 75 þús. kr. á ári. Og þrjú síðustu árin hefur þessi íbúð hækkað í verði um 289 þús., eða 9 þús. kr. meira en allt lánið, sem menn fá frá húsnæðismálastjórn. Þessi þrjú ár er þá verðhækkun á slíkri íbúð að jafnaði 96 þús. kr. á ári. Og þetta heitir á máli ríkisstj., að stórlega hafi dregið úr verðbólgunni, stórlega hafi dregið úr henni.

Ég hef ekki nefnt hér vísitölur, bara krónur. Fyrir 10 árum, þ.e. í okt. 1955, voru ársútgjöld vísitölufjölskyldu samkv. hagskýrslum 56.300 kr., í okt. 1965 eru þessi útgjöld, ársútgjöld vísitölufjölskyldunnar, orðin 116.880 kr. Verðhækkunin á þessum lífsnauðsynjum manna, sem þarna eru mældar, hefur þá orðið hjá meðalfjölskyldu 60.540 kr.,60.540 kr. fjögur fyrstu árin, frá okt. 1955 til okt. 1959 hækkuðu þessi útgjöld um 10.050 kr., eða mjög nálægt 2.500 kr. á ári., en 6 árin seinni, frá okt. 1959 til okt. 1965, er hækkunin 50.540 kr., eða um 8.400 kr. á ári að meðaltali. Og þrjú síðustu árin tekur nú í hnúkana, alveg eins og um byggingarkostnaðinn. Þá hækkuðu þessi útgjöld fjölskyldunnar um 34.500 kr., eða sem svarar 11.500 á ári, þegar það

voru 2.500 kr. fyrir 1959. Þetta heitir á máli ríkisstj. stórlega minnkuð verðbólga í landinu.

Það er nú samt ekki öll sagan sögð með þessum framfærslukostnaði, þar kemur fleira inn í, svo að í raun og veru hafa útgjöldin til framfærslu aukizt miklu meira en þetta. Í fyrsta lagi breytti ríkisstj. útreikningi á framfærsluvísitölunni, tók inn skatta og fjölskyldubætur og þess háttar, og húsnæðiskostnaðurinn er nú samkv. þessum reikningi talinn vera rúmar 1000 kr. á mánuði. Það er ekki dýrt að búa í húsum núna í Reykjavík, 1000 kr. á mánuði. Það skiptir engu máli, að fólk þurfi að borga 4—5 þús. á mánuði í húsnæðiskostnað. Það skal ekki reikna meira en þetta. Ef þessar leiðréttingar kæmu til greina, mundu tölurnar hækka.

Ég sá í gær í Reykjavíkurbréfi Morgunblaðsins pistil einn með yfirskriftinni: „Stórlega dregið úr verðbólguvexti" — stórlega dregið úr verðbólguvexti. Þar segir m. a. orðrétt:

„Ekki tjáir að bera saman fjölda vísitölustiga, því að gildi þeirra minnkar, eftir því sem fjöldinn eykst."

M. ö. o. þegar verðbólgan vex afar hratt, þegar vísitölustigunum fjölgar mjög mikið, er hvert stig orðið svo óttalega lítið, og sennilegt, að það geti endað á því, að vísitölustigið þýði ekki neitt. (Gripið fram í.) Þetta er kenningin, og hún er alveg í samræmi við það, sem hæstv. viðskmrh. var að segja síðast. Nei, það átti þá ekki að gera svo mikið til um þessa verðbólgu, fyrst hann er svona, vísitölustiginn, stigin minnka alltaf í gildi, eftir því sem þeim fjölgar, svo að þetta á þá ekki að gera svo mikið til. Þetta er líkt og um centimetra. Hann er svona langur á 1. metranum, en á 10. metranum er hann orðinn miklu styttri, og á 20. metranum er hann orðinn bara svolítill spotti, og svo á 30. metranum er hann sennilega úr sögunni. Þegar mæðiveikin brauzt út hér í landinu og lagði undir sig hvert byggðarlagið á fætur öðru, þótti flestum mikil vá fyrir dyrum. En samkv. þessari kenningu lítur svo út, að það hafi ekki verið svo alvarlegt, því að gildi hvers byggðarlags minnkaði eftir því, sem þeim fjölgaði. Ef það fer nú að verða eitthvert geysilegt mannfall þarna í Viet-Nam, er það ekki svo afskaplega alvarlegt, því að gildi hvers manns, sem fellur, minnkar eftir því sem þeim fjölgar.

Hæstv. ríkisstj. hefur lagt sig mjög fram um það að sýna fram á, hvað verðbólgan hafi verið miklu, miklu meiri á tímum vinstri stjórnarinnar en nú hjá viðreisnarstjórninni. Og ég held, að enginn hæstv. ráðh. láti sitt eftir liggja í því að sýna fram á þetta. Samt held ég, að enginn hafi gert það eins oft og hæstv. viðskmrh., því að hann hefur nærri því veitzt að þeim manni, sem fór með viðskiptamálin í vinstri stjórninni, og talið það alveg hroðalegt áfall, sem þá varð. Það er þá ekki úr vegi að drepa aðeins á opinberar tölur um það, hvað vinstri stjórnin hafi nú verið miklu verri en þessi viðreisnarstjórn á jafnlöngu tímabili. Vinstri stjórnin kom til valda í júlí 1956 og fór frá völdum í desember 1958 og var því 29 mánuði við völd. Þegar hún kom til valda í júlí 1956, var vísitala framfærslukostnaðar, — ég bið nú hæstv. ráðh. að fyrirgefa, að ég fer að tala um vísitölu, — 185 stig, en þegar hún fór frá völdum, var hún 220 stig, hafði því hækkað um 35 stig á þessum 29 mánuðum. Og framfærslukostnaður vísitölufjölskyldunnar hafði hækkað á þessum 29 mánuðum úr 60.500 kr. í 71.900 kr., eða hækkað alls um 11.400 kr. Ef við tökum svo nákvæmlega jafnlangt tímabil hjá núv. hæstv. ríkisstj., 29 mánuði, þ.e. frá maímánuði 1963 til október 1965, lítur þetta þannig út: Í maí 1963 er vísitala framfærslukostnaðar, þ.e.a.s. sama vísitalan og áður, 264 stig, en núna í október 358. Hún hefur þá hækkað um 94 stig á jafnmörgum mánuðum og hún hækkaði um 35 stig hjá vinstri stjórninni, hvort sem þau hafa nú misst gildi sitt eða ekki, ég veit það ekki. Ársútgjöld vísitölufjölskyldunnar í maí 1963, fyrir 29 mánuðum, voru 86.500 kr., eða mjög nálægt því, en eru núna um 116.900 kr. Útgjöld fjölskyldunnar hafa þá vaxið á 29 mánaða tímabili hjá vinstri stjórninni um 11.400 kr., hjá viðreisnarstjórninni um 30.400 kr. Enn ber allt að sama brunni, stórlækkandi verðbólga í landinu samkv. kenningunni.

Að öllu þessu athuguðu verð ég að segja það, að það bagar þá ekki samvizkan mennina, sem snúa þannig við staðreyndum og reyna að binda fyrir augu almennings í landinu, svo að hann sjái ekki hætturnar, sem fram undan eru af völdum verðbólgunnar. Það mun náttúrlega síðar koma í ljós, hvaða árangur þetta ber hjá þeim, þessi málflutningur. En ólíklegt er, að þjóðin sé svo heillum horfin, að hún sjái ekki nokkurn veginn, hvað er rétt og hvað er ekki rétt í þessum málum.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Mig langar til þess að beina einni mjög einfaldri og örstuttri fsp. til hv. síðasta ræðumanns, hv. 3. þm. Vestf. (SE), og duga til þess fáein orð. Ég heyrði að vísu ekki alla ræðu hans, en ég heyrði því miður, nóg af henni, til þess að það væri mér og ábyggilega öllum öðrum ljóst, að ræða hans var engan veginn samboðin Alþingi Íslendinga og ekki sú reikningslist eða sá skilningur á einföldustu grundvallaratriðum í talnafræði, sem í ræðunni kom fram.

Ég benti á það, — ég held, að það hafi verið s.l. fimmtudag, — að það væri að sjálfsögðu algerlega fráleitt að meta dýrtíðaraukningu á tveimur tímabilum með alllöngu árabili upp á þann einfalda, ég vildi segja ótrúlega barnalega máta að telja þau vísitölustig, sem vísitalan hefur hækkað um á hvoru tímabilinu um sig. Þetta var þá sagt að gefnu tilefni hjá hv. 5. þm. Reykv. (ÞÞ). Ég sé það á hans ágæta blaði s. l. sunnudag, að hann virðist hafa skilið þetta, hversu fjarstæðukenndur slíkur málflutningur er, því að þessari aðferð beitir hann ekki lengur á sunnudaginn, heldur notar þá aðferð, sem ég sagði, að ein kæmi til greina, vildi maður meta dýrtíðaraukningu á tveimur ólíkum tímabilum, að athuga, hversu mikið hlutfallslega vísitalan hefði hækkað á tímabilunum tveimur. Hins vegar virðist hv. þm. Sigurvin Einarsson ekki hafa skilið þetta enn, eða önnur ályktun verður ekki dregin af ræðu þeirri, sem hann flutti hér áðan. Ég held, að ég hafi tekið þannig til orða í nokkrum orðum, sem ég sagði á fimmtudaginn var, að hversu fráleit sú aðferð væri að telja aukningu vísitölustiganna á tveimur tímabilum, kæmi bezt fram í því, ef við gerðum ráð fyrir því, að fyrir einum áratug hafi vísitalan verið 100 og hækkað um 10 stig, þ.e.a.s. 10 af hundraði. Ef svo eftir áratug væri vísitalan orðin 1000 og hækkaði líka um 10 stig, þ.e.a.s. um 1%, virtust

þessir spekingar telja, að vísitalan hefði hækkað nákvæmlega jafnmikið, 10 stig á báðum tímabilunum eða báðum árunum, og fyrst 10 stig væru 10 stig, hlyti dýrtíðaraukningin að vera nákvæmlega sú sama, hún væri 10 stig, hún væri sú sama. En nú vildi ég beina þeirri fsp. til hv. 3. þm. Vestf., þessari einföldu og ég vona alveg skýru fsp.: Ef 10 stig eru alltaf jafnmikil dýrtíðaraukning, hver svo sem vísitölugrundvöllurinn er, vill hann þá draga þá ályktun af því að láta dýrtíðaruppbót, láta kaupuppbót, sem fylgir vísitölunni, vera hina sömu fyrir 10 stig, hver svo sem grundvöllurinn er? Ef 10 stig fyrir 10 árum, þegar grundvöllurinn var 100, ef hann hefði þá þýtt 10 kr. kauphækkun í dýrtíðaruppbót, vill hann þá líka, eftir að vísitalan er orðin 1000 og hefur fylgt vísitölunni, vill hann þá líka láta dýrtíðaruppbótina vera 10 kr. eins og var fyrir 10 árum? Er hægt að draga aðra rökrétta ályktun af skoðunum þm., fyrst hann telur 10 stiga vísitöluhækkun alltaf vera jafnmikla dýrtíðaraukningu, að þá eigi kauphækkunin, sem fylgir í kjölfar 10 stiganna, alltaf að vera sama krónutalan? M.ö.o., ef 10 stig hafa gefið 10 kr. dýrtíðaruppbót, kauphækkun, fyrir 10 árum, eiga þá ekki 10 stig núna eða á seinna tímabili, þó að vísitalan sé orðin 1000, líka að gefa 10 kr.? Og ég gæti gert fsp. enn þá einfaldari og enn þá skýrari: Mundi hv. þm. telja 10 kr. kauphækkun fyrir 10 árum, þegar vísitalan er 100, vera jafngóða fyrir launþega og 10 kr. kauphækkun, eftir að vísitalan er orðin 1000? Svari nú hv. þm.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég held, að eitt af því fáa, sem Framsóknarmenn hafa sagt um mig, sem sé rétt hjá þeim, sé það, að ég sé ekki mikill talnaspekingur, og margt af því, sem sagt er um tölur, finnst mér vera æði hæpið og ekki til upplýsinga. Ég er að því leyti sammála hv. 5. þm. Vestf. En vegna þess að hv. 3. þm. Vestf. talaði nú mikið um tölur og er auðsjáanlega mjög vel að sér í þeim og hefur sett sig mjög mikið inn í þær og talaði t. d. um mæðiveiki, spyr ég: Er það ekki sýnu alvarlegra og hefur miklu meiri þýðingu fyrir afkomu heils byggðarlags, að í síðustu viku fannst ein mæðiveikikind í Borgarfirði, heldur en þó fyrir 20 árum, þegar mæðiveiki var þar mjög algeng og þúsundir mæðiveikikinda voru þar, ef þá hefðu 100 mæðiveikikindur bætzt við?

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Allmiklar umr. hafa þegar orðið í hv. þd. um frv., sem hér liggur fyrir, og ekki eingöngu um efni frv., heldur einnig um fleira, er varðar landbúnaðinn. Upptökin að því átti hæstv. landbrh., er þegar í upphafi umr. fór yfir miklu stærra svið en það, sem frv. nær yfir. Og ýmislegt hefur komið fram í málflutningi hans, sem ástæða er til að gera aths. við. Í ræðu sinni 2. þ.m. sagði hæstv. landbrh. m.a. þetta, með leyfi hæstv. forseta:

„Það var ekki fyrr en 1960, sem sú stefna var mörkuð í íslenzkum landbúnaðarmálum, að bændurnir skyldu hafa sama rétt og aðrir þegnar þjóðfélagsins. Áður höfðu bændurnir verið látnir bera þann halla, sem af útfluttum landbúnaðarvörum leiddi".

Þetta er ekki rétt hjá hæstv. ráðh., að bændum hafi fyrst árið 1960 verið ákveðinn sami réttur og öðrum. Í 4. gr. l. nr. 42 frá 14. apríl 1943 segir svo:

„Skipa skal 6 manna n., er finni grundvöll fyrir vísitölu framleiðslukostnaðar landbúnaðarvara, er fara skal eftir við ákvörðun verðs landbúnaðarvara, og hlutfall milli verðlags landbúnaðarvara og kaupgjalds stéttarfélaga, er miðist við það, að heildartekjur þeirra er vinna að landbúnaði, verði í sem nánustu samræmi við tekjur annarra vinnandi stétta. Skal í því sambandi tekið tillit til þess verðs, sem fæst fyrir útfluttar landbúnaðarafurðir."

Og í 4. gr. l. nr. 94 frá 1947, um Framleiðsluráð landbúnaðarins, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o.fl., segir svo:

„Söluverð landbúnaðarvara á innlendum markaði skal miðast við það, að heildartekjur þeirra, er landbúnað stunda, verði í sem nánustu samræmi við tekjur annarra vinnandi stétta."

Það er þannig ekki rétt, sem hæstv. ráðh. heldur nú fram, að það hafi ekki verið fyrr en 1960, sem sú stefna var mörkuð, að bændurnir skyldu hafa sama rétt og aðrir þegnar þjóðfélagsins. Í þeirri ræðu, er ég hér vitnaði til, segir hæstv. ráðh. enn fremur, að fyrir 1960 hafi bændur verið látnir bera þann halla, sem varð á útfluttum landbúnaðarvörum, og áður í þessum umr., þann 28. okt., þegar hæstv. ráðh. talaði um útflutningsuppbæturnar, sagði hann m.a.:

„Útflutningstryggingin hefur gert fært að greiða bændum fullt 6 manna n. verð, sem ekki tókst áður, meðan bændur báru hallann af því, sem út var flutt."

Það er ekki rétt hjá hæstv. landbrh., að bændur hafi átt að bera hallann af því, sem út var flutt, fyrir daga núv. ríkisstj. Árið 1956 voru sett lög um Útflutningssjóð. Upphaf 13. gr. í þeim l. er þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Greiða skal Framleiðsluráði landbúnaðarins uppbætur á fob-verð útfluttra landbúnaðarafurða, sem séu sambærilegar við beztu kjör, sem sjávarútvegurinn fær, það eru heildaruppbætur bátaafurðanna af þorskveiðum."

Og árið áður, 1955, fékk landbúnaðurinn útflutningsuppbætur úr framleiðslusjóði. Ef þetta nægði ekki, hafði Framleiðsluráðið rétt til að hækka verðið innanlands til að jafna þann halla á útflutningi. Við verðlagningu kjötsins haustið 1958 leit svo út, sem útflutningsuppbæturnar væru ekki fullnægjandi, og var þá bætt ofan á verðið innanlands 85 aurum á kg til að mæta því, sem vantaði á. Árið áður, verðlagsárið 1957—1958, höfðu bændur fengið verðlagsgrundvallarverðið fullkomlega fyrir afurðirnar. Þetta er samkv. frásögn í Árbók landbúnaðarins. Fulltrúar neytenda í verðlagsnefnd kærðu Framleiðsluráðið fyrir þessa hækkun á innanlandsverðinu til að mæta halla af útflutningnum. Úr því varð dómstólamál, sem Framleiðsluráðið vann, bæði fyrir undirrétti og Hæstarétti. Á Alþ., er hófst haustið 1959, voru gerðar breytingar á Framleiðsluráðsl. Felld var úr l. heimildin til að bæta ofan á innanlandsverðið þeim halla, er verða kynni af útflutningi búvaranna. Í staðinn voru lögákveðnar takmarkaðar útflutningsuppbætur. Landbrh. hæstv. lét þess að engu getið í ræðum sínum um þetta mál, að Framleiðsluráðið hafði áður þennan lagalega rétt til að

jafna hallann af útflutningnum með hækkun á innanlandsverði. Eins og áðan sagði, eru útflutningsuppbæturnar samkv. núgildandi l. takmarkaðar. Þær geta ekki farið yfir 10% af heildarverðmæti landbúnaðarframleiðslunnar, og haldi dýrtíðin og verðbólgan áfram að vaxa með sama ógnarhraða og síðustu missirin, vofir sú hætta yfir bændum, að þessi útflutningstrygging reynist innan skamms algerlega ófullnægjandi.

Í sambandi við þetta mál hefur nokkuð verið rætt um dýrtíðarvöxtinn á liðnum árum. Í ágústhefti Hagtíðinda á þessu ári birtir Hagstofan yfirlit um breytingar á vísitölu framfærslukostnaðar, allt frá því að útreikningur hennar hófst. Þar er m.a. skýrsla, sem sýnir meðalvísitölur áranna 1950—1964 að báðum meðtöldum, miðað við vísitöluna 100 1. marz 1950, og vísitölurnar fyrir árin 1959—1964 umreiknaðar í samræmi við það. Þessi skýrsla Hagstofunnar sýnir, að aldrei á þessu 15 ára tímabili hefur vísitalan hækkað nándar nærri eins mikið og árið 1964. Þá hækkaði hún um 52.9 stig. Næstmest var hækkunin árið áður, 1963. Eins og áður segir, sýnir hagstofuskýrslan meðalvísitölur áranna, ja, mér skildist á síðustu ræðu hæstv. viðskmrh., að hann teldi þetta barnalegar aðferðir, sem Hagstofan hefur notað frá fyrstu tíð við þennan útreikning, Hæstv. viðskmrh. hefur verið að burðast við að reikna út hlutfallslega hækkun vísitölunnar á liðnum árum, en dýrtíðarvísitalan hefur alla tíð verið reiknuð út í stigum. Á þann hátt sýnir Hagstofan breytingar á framfærsluvísitölunni, og auðvitað gefa hennar skýrslur þannig reiknaðar réttasta mynd af breytingum á framfærslukostnaðinum. En jafnvel hlutfallstöluútreikningur, sem viðskmrh. vill nú nota, sýnir langtum meiri hækkun framfærslukostnaðar 1964 en nokkurt annað ár síðan 1951.

Hæstv. viðskmrh. hefur mjög látið að sér kveða, þegar rætt hefur verið um landbúnaðarmál að undanförnu. Hann heldur því fram á samkomum, þar sem hann telur, að slík kenning falli í góðan jarðveg, að aðalvandinn í efnahagsmálunum sé greiðsla útflutningsuppbóta á landbúnaðarvörur. En hvernig eru þessar uppbætur til komnar? Þær eru byggðar á l., sem núv. hæstv. ríkisstj. og þ. á m. viðskmrh. beitti sér fyrir, að sett voru strax eftir að stjórnin kom til valda. Þá var í staðinn tekinn af bændum sá lagalegi réttur, sem þeir áður höfðu til að bæta sér upp tap á útflutningi með hækkun á búvöruverðinu innanlands. Þannig var það sjálfur viðskmrh., sem ásamt öðrum í stjórnarflokkunum kom útflutningsuppbótunum á og hefur verið stuðningsmaður þeirra frá upphafi.

Í fjárlfrv. fyrir 1966, sem nú liggur fyrir Alþ., er sérstök fjárhæð ætluð til greiðslu á uppbótunum, en fjárlfrv. er stjfrv. borið fram af öllum ráðh., þ. á m. af hæstv. viðskmrh. og öðrum ráðh. Alþfl. Og þó að upphæðin, sem ætluð er til greiðslu á útflutningsuppbótum, væri langtum hærri en nú er, mundu ráðh. Alþfl. áreiðanlega sitja sem fastast í ríkisstj. og halda áfram að láta ríkið borga uppbæturnar, og Alþfl. á þingi mundi eftir sem áður styðja ríkisstj. af öllum lífs- og sálarkröftum. En hvernig stendur þá á skrafi hæstv. viðskmrh. og sumra flokksbræðra hans um útflutningsuppbæturnar? Það er aðeins tilraun af þeirra hálfu til að villa um fyrir fólki, reyna að fá þá menn, sem telja útflutningsuppbætur varhugaverðar, til að trúa því, að Alþfl. sé á móti þeim, þó að saga málsins vitni um allt annað. Sú blekkingariðja þeirra er fyrirtæki, sem hlýtur að misheppnast.

Fyrir allmörgum árum hafði Stéttarsamband bænda starfandi nefnd til að athuga verðlagningu á búvörunum, og komst hún að þeirri niðurstöðu, að verð á kindakjöti væri of lágt í samanburði við mjólkurverðið. Upp úr 1960 var farið að reyna að fá millifærslu við verðlagninguna, þannig að hækka nokkuð kjötverðið, en lækka mjólkurverðið í staðinn. En um þetta náðist ekki samkomulag til að byrja með. Fulltrúar neytenda í verðlagsnefnd stóðu á móti þessari millifærslu. Það var ekki fyrr en síðar, sem samkomulag náðist um að hækka kjötverðið nokkuð, en lækka mjólkurverðið í staðinn. Þessi tregða neytendafulltrúanna í verðlagsnefnd að fallast á tilfærslu á afurðaverðinu hefur átt sinn þátt í því, að mjólkurframleiðslan hefur aukizt og um leið hafa útflutningsuppbæturnar hækkað, þar sem útflutningsverð á mjólkurvörum er óhagstæðara en á sauðfjárafurðum.

Hv. 5. þm. Vestf. (HV) talar um, að rækileg rannsókn þurfi að fara fram á starfsemi þeirra aðila, sem annast vinnslu og sölu á landbúnaðarvörum. En hverjir hafa þessa starfsemi? Öll mjólkurbúin eru rekin af samvinnufélögum bændanna, a.m.k. 90% af sauðfjárafurðum landsmanna eru til meðferðar og sölu hjá samvinnufélögunum. Þannig hafa samvinnufélög framleiðenda vinnslu og sölu afurðanna að langmestu leyti í sínum höndum. Aðeins örlítið brot er hjá einkafyrirtækjum. Þessi starfsemi samvinnufélaganna er öll rekin í umboði bændanna. Það er hagsmunamál félagsmannanna og félaganna, að kostnaður við vinnslu og sölu afurðanna sé sem minnstur, því að þeim mun meira fá félagsmenn í sinn hlut fyrir framleiðsluna. Af þessu leiðir, að viðleitni samvinnufélaganna beinist að því að veita nauðsynlega þjónustu í sambandi við meðferð vörunnar fyrir svo lágt gjald sem unnt er, en ekki að græða á starfseminni. Öll er þessi þjónusta samvinnufélaganna rekin fyrir opnum tjöldum, þannig að menn geta fylgzt með því, hve mikill kostnaður leggst á vörurnar.

Í Árbók landbúnaðarins, sem Framleiðsluráðið gefur út prentaða, eru birtar skýrslur ár hvert um magn afurðanna, verðlagningu þeirra og útborgunarverð til framleiðenda. Einnig er þar skýrt frá ákvörðun 6 manna n. um kostnaðarliði, sem reiknaðir eru við verðlagningu á vörunum. Í árbókinni 1965 er t.d. sagt frá samkomulagi í 6 manna n. um þann slátur- og heildsölukostnað, er leggja skyldi á kjötverðið haustið 1964, og þar er birt sundurliðun Framleiðsluráðs á kostnaðinum í 9 liði. Að sjálfsögðu hefur n. framleiðenda og neytenda ákveðið kostnaðarálagið með hliðsjón af fengnum upplýsingum um þá hluti. Smásöluálagning á landbúnaðarvörur er einnig ákveðin af 6 manna n.

Í skýrslum árbókarinnar kemur fram, að útborgunarverð til bænda fyrir afurðirnar er nokkuð misjafnt hjá þeim fyrirtækjum um land allt, sem taka að sér að annast vinnslu og sölu þeirra. Það kemur til af því, að kostnaðurinn er ekki alls staðar sá sami. Sum fyrirtækin

geta borgað lítið eitt fram yfir grundvallarverðið, sem svo er nefnt, þegar bezt gengur, en önnur ná ekki því verði. Þar sem skýrslur Framleiðsluráðs um þessi efni eru gefnar út á prenti, geta allir, sem þess óska, kynnt sér þær. Og í þessum umr. hafa komið fram glöggar upplýsingar um kostnað við mjólkina hjá Mjólkursamsölunni í Reykjavík.

En í sambandi við þetta tal um rannsókn vil ég leyfa mér að benda á, að meiri þörf væri fyrir rannsókn á ýmsum öðrum sviðum, þar sem jafngóðar upplýsingar liggja ekki fyrir og frá afurðasölufélögum bændanna. Rannsóknarmenn hins opinbera, ef skipaðir væru, mættu t.d. gjarnan byrja á því að rannsaka og sundurliða kostnað við byggingu húsa og bera saman við söluverð þeirra. Útgjöld vegna húsnæðis eru nú fjölda manna langtum þungbærari en greiðslur fyrir matvörur til heimilanna, þó að þær séu orðnar dýrar. Það væri fróðlegt að fá sundurliðaðar skýrslur fyrir húsaverðið jafngóðar og þær, sem þegar liggja fyrir um kostnað við landbúnaðarvörurnar.

Ríkisstj. hælir sér oft af því að hafa gefið verzlunina frjálsa. Meira er það í orði en á borði. Víst eru hér mikil höft á viðskiptum. T.d. er vöruútflutningur heftur, og svo heldur ríkisstj. uppi verðlagseftirliti, sjálfsagt með ærnum kostnaði, en að margra dómi með vafasömum árangri. En ég minnist ekki að hafa heyrt þess getið, að verðlagseftirlit ríkisstj. hefði nokkur afskipti af álagningunni og verðlagningunni hjá þeim mönnum, sem byggja fjölda íbúða til að selja húsnæðislausu fólki, og ekki munu þeir prenta skýrslur um sína starfsemi, eins og Framleiðsluráð gerir um rekstur afurðasölufélaga bændanna. Ekki hef ég heldur heyrt hv. 5. þm. Vestf. minnast á, að nokkur ástæða væri til að skipa rannsóknarnefnd til að athuga störf húsbygginga- og húsasölumannanna. Hann telur e.t.v. enga ástæðu til að stefna þeim fyrir rannsóknarrétt, þó að hann telji þá aðferð rétta, þegar samvinnufélög bænda eiga í hlut.

Talið er, að brbl. þau, sem hér er leitað staðfestingar á, hafi verið gefin út vegna þess, að meiri hluti A.S.Í.-stjórnar ákvað að taka fulltrúa sinn úr 6 manna n. En hvers vegna gerði A.S.Í. þetta? Reynt hefur verið að færa fram ástæður fyrir þessu, en ég hygg, að aðalástæðan hafi ekki enn verið nefnd. Mér kemur í hug, að brotthlaup fulltrúa A.S.Í. úr verðlagsnefndinni sé þáttur í viðureign tveggja stjórnmálaflokka, Alþb. og Alþfl. Alþb. hafi séð þann leik á borði að losa sig við ábyrgð á ákvörðun afurðaverðsins og koma henni yfir á Alþfl. sem ríkisstj.-flokk. Og þetta gerði Alþb. með því að fá þá flokksbræður sína, er skipa meiri hl. í stjórn A.S.Í., til að draga fulltrúa sinn úr 6 manna n. og gera hana með því óstarfhæfa. Ekki verður sagt, að þessi leikur sé sérstaklega fallegur. Hann minnir helzt á úrslitakeppni á Íslandsmóti í knattspyrnu.

Með þeim brbl., sem hér liggja fyrir, eru bændur sviptir samningsrétti um sín kjör. Slík aðför ríkisstj. gegn bændastéttinni er óverjandi. Í sambandi við þetta hneyksli minnast menn þess, að svipað gerðist fyrir 20 árum. Þá var hér á landi ríkisstj. þriggja flokka, Sjálfstfl., Alþfl. og Sameiningarflokks alþýðu—Sósíalistaflokksins. Sú ríkisstj. lét setja lög um Búnaðarráð. Með þeim l. voru bændum skipaðir fjárhaldsmenn af því opinbera, eins og tíðkast, þegar ómyndugir unglingar eiga í hlut. Það fyrirkomulag varð ekki langlífara en þriggja flokka stjórnin. Þegar hún sprakk, var Búnaðarráðið úr sögunni og í staðinn komu l. um Framleiðsluráð landbúnaðarins, einkum fyrir áhrif frá Framsóknarmönnum. Í því lagafrv., sem hér er til umr., birtist sami andinn, sem kom fram í búnaðarráðsl. fyrir 20 árum. Má um þetta segja, að sagan endurtaki sig. Hæstv. landbrh. núv. var kominn á þing, þegar l. um Búnaðarráð voru sett, þar fyrir 20 árum. Hann sat hjá við atkvgr. um það mál, en þrír þm. Sjálfstfl., er þá áttu sæti hér í hv. Nd., þeir Pétur Ottesen, Jón á Reynistað og Gísli Sveinsson, beittu sér mjög gegn því máli ásamt þm. Framsfl.

Nú hefur það gerzt, því miður, að hæstv. landbrh. hefur með útgáfu brbl., sem hér liggja fyrir, dottið ofan í sama ljóta pyttinn, sem þriggja flokka stjórnin féll í árið 1945. Hann hefur tekið af bændum og samtökum bændanna réttinn til að semja um kjör sín. Slík árás á eina stétt í þjóðfélaginu er alveg ósæmileg. Bændur hljóta að mótmæla þeirri réttarskerðingu, sem brbl. fela í sér. Stéttarsamband þeirra hefur þegar gert það.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Það hafa nú orðið allmiklar umr. um frv. það, sem hér er til umr., og þarf ég nú ekki að eyða löngum tíma til að svara því, sem sagt hefur verið um þetta. Ræður hv. Framsóknarmanna eru allar í sama dúr og hjá hv. 1. þm. Norðurl. v. (SkG) hér áðan. Bændur hljóti að mótmæla þessu gerræði, sem gert hefur verið. Þeir hljóti að gera það, en þeir bara gera það ekki. Það hefur verið reynt að fá bændur til að mótmæla, en þeir eru ófáanlegir til þess, og það er vegna þess, að bændur vita það, að þessi brbl. tryggja þeirra rétt. Þeir hafa fengið bætur í gegnum verðlagninguna á þessu hausti, þannig að hlutur þeirra er ekki fyrir borð borinn. Þeirra hlutur hefur að vísu ekki verið bættur umfram það, sem aðrir þegnar þjóðfélagsins hafa fengið á verðlagsárinu en að því marki. Og bændur hafa ekki að þessu sinni gert hærri kröfur. Þeir hafa metið þær leiðréttingar, sem þeir hafa fengið undanfarin ár, og sjá það, að í dag eru þeir að því komnir að búa við ekki lakari kjör en aðrar stéttir, að í tíð núv. stjórnar hefur verið gerð sú leiðrétting á verðgrundvellinum, að bændur í dag búa ekki við lakari kjör en aðrar stéttir. Það gerðu þeir áður en verðlagsgrundvöllurinn var leiðréttur.

En bændur hljóta að mótmæla, segja hv. Framsóknarmenn, og hv. 2. þm. Sunnl. (ÁÞ) sagði: „landbrh. hefði átt að segja af sér heldur en að standa að útgáfu þessara laga“. Og þessi hv. þm. sagði einnig: „Það á að hefja uppreisn gegn þessum lögum.“ Það hefur verið reynt. Það hefur verið reynt að skapa uppreisn. Það hefur verið reynt að fá bændur til að mótmæla. Það bara tekst ekki. Og fyrir austan fjall eru menn nú að velta því fyrir sér, hvernig þessi snjallyrði hv. 2. þm. Sunnl. verka, þ.e. að fá uppreisn gegn brbl., það er, að landbrh. átti að segja af sér, frekar en rétta hlut bænda og tryggja það, að þeirra hlutur yrði ekki fyrir borð borinn. Hann átti að stökkva frá borði, þegar mest reið á. Þetta fær nú ekki hljómgrunn. Og einmitt, þegar þessir tveir punktar eru ræddir, minnast sumir þess, að fyrir síðustu alþingiskosningar sagði einn frambjóð-

andi Framsfl., þegar verið var að tala um efnahags- og gjaldeyrismál, að það væri þó munur núna, að íslenzka þjóðin ætti gjaldmiðil, sem væri gjaldgengur erlendis. Þá sagði einn frambjóðandi Framsfl.: „Hvað kemur okkur það við, hvort íslenzka krónan er gjaldgeng erlendis?" Þetta eru perlur, sem menn velta á milli sín. Og þannig kemur ýmislegt fram í umræðum um alvarleg mál, þegar menn taka það að sér að ráðast á það, sem er sanngjarnt, og reyna að rífa það niður af einhverjum annarlegum ástæðum, pólitískum ástæðum, án þess að gera sér grein fyrir því, að með því er verið að vinna gegn hagsmunum þeirra, sem helzt skyldi staðið með.

Hv. 1. þm. Norðurl. v. talaði um, að það hefði ekki verið rétt, sem ég sagði hér fyrir nokkrum dögum í sambandi við útflutningsuppbæturnar, að það hefði verið fyrst með lögunum 1960, sem bændum var tryggt, að þeir fengju fullt verðlagsnefndarverð með því að tekin var ábyrgð á útflutningsframleiðslunni. Það er rétt. Það var fyrst þá, sem þetta var tryggt. Við vitum, að það var til útflutningssjóður, og það var til framleiðslusjóður, og bændur fengu nokkrar uppbætur úr þessum sjóðum, en aldrei það, að það nægði til þess að borga hallann af útflutningnum. Við vitum það einnig, að bændur höfðu rétt til þess að hækka verðið á innlendum markaði, til þess að reyna að fá uppborinn hallann á útflutningnum. En við vitum það einnig, að bændur sem stóðu í verðlagningunni, fulltrúar bænda í 6 manna n. fullyrtu það, að það væri engin leið að ná þessu verði upp með því að hækka innanlandsverðið. Þess vegna er ástæðulaust fyrir hv. 1. þm. Norðurl. v. að vera að gagnrýna það, sem ég sagði um þessi atriði, því að bændur vita það sjálfir, að áður en útflutningstryggingin var tekin, var ekki möguleiki á því að tryggja 6 manna n. verðið. Og sérstaklega eru þeir, sem framleiddu mjólk, þessu áþreifanlega kunnugir, því að það er alkunnugt, að a.m.k. eitt ár vantaði hjá einu mjólkurbúi 9% á verðið vegna þess að það varð að flytja út osta fyrir lágt verð.

Hv. 3. þm. Vestf. (SE) talaði hér áðan, og vissulega var það ýmislegt athyglisvert, sem hann fór með. Það var t. d. athyglisvert, þegar hann fullyrti, að það væri ekkert að marka það, sem hv. þm. Björn Pálsson sagði, vegna þess, að hann gerði fleira en að stunda búskap. Það væri ekkert að marka það, sem hann segði um brbl. Að vísu væri hann ágætur bóndi, en hann væri einnig útgerðarmaður, hann hefði verið kaupfélagsstj., og menn skyldu vara sig á að taka mark á því, sem hann segði um þessi mál. En það mátti frekar taka mark á því, sem bóndinn í Saurbæ í Rauðasandshreppi sagði um þetta. **(Gripið fram í:** Já, og bóndinn á Hellu.) En það er einkennilegt, hvernig Barðstrendingar líta á búskapinn á Rauðasandi. Hv. 3. þm. Vestf. er búsettur í Saurbæ á Rauðasandi, en í sýslubókum Barðastrandarsýslu er þetta talin eyðijörð. Mér finnst þetta vera óvirðing við hv. þm., að það skuli vera talið eyðijörð það býli, sem hann er talinn búa á og á lögheimili á. En hv. þm. talaði um það, að það væri enginn ráðh., sem hefði stundað búskap, þess vegna væri varhugavert að taka mark á því, sem þeir tala um búskaparhætti. Það vill nú svo vel til, að ráðherrar reyna eins og aðrir þm. að kynna sér atvinnuhætti landsmanna yfirleitt. Ég geri ráð fyrir því, að allir þm., hvar sem þeir eru búsettir og hvar í stétt sem þeir standa, telji það skyldu sína að gera sér grein fyrir atvinnulífinu almennt og skapa sér rökstudda skoðun um hvern atvinnuveg fyrir sig. Ég ætla nú ekki að deila við hv. 3. þm. Vestf. um það, hvor okkar hafi meira vit á búskap, en það vil ég fullyrða, að ég hef staðið lengur nær bændunum og verið kaupfélagsstjóri, eins og hv. þm. Björn Pálsson, og kynnzt ýmsu í sambandi við það. En þrátt fyrir það, að Björn Pálsson hafi verið kaupfélagsstjóri, þá telur nú hv. flokksmaður hans hann nú ekki hafa mikinn kunnugleika á þessum málum.

Annars fór hv. 3. þm. Vestf. með ýmsar tölur hér áðan, sem ég skrifaði nú ekki niður, en rökstuðningurinn fyrir málflutningi hans var ákaflega hæpinn. Og þegar hann var að tala um það, að bændur hefðu ekki fengið fullt verðlagsnefndarverð fyrir afurðirnar, af því að tekjurnar fyrir næsta skattár á undan hefðu ekki verið eins háar og gert var ráð fyrir í grundvellinum fyrir næsta verðlagsár á eftir, þá segi ég það, að það sé ekki boðlegt að koma með slíkar röksemdir hér fyrir hv. alþm., því að svo mikið hefur verið rætt um landbúnaðarmál, að allir alþm. vita, að það er sitt hvað almanaksárið og skattárið eða það, sem kallað er á máli landbúnaðarins verðlagsárið. Verðlagsárið byrjar 1. sept. og endar 31. ágúst, en skattárið er almanaksárið. Þegar verðhækkanir verða á landbúnaðarvörunum og gert er ráð fyrir, að á verðlagsárinu fái bændur 119 þús. kr. tekjur, þá fá þeir ekki 119 þús. kr. tekjur á því skattári, sem verðlagsárið byrjaði á, vegna þess að verðhækkunin kemur aðeins á fjóra síðustu mánuði skattársins. Þetta vita allir alþm., en hv. 3. þm. Vestf. lét sig hafa það að segja: Vegna þess að það koma ekki sömu tekjur út úr verðlagsárinu og skattárinu, þá er það sönnun fyrir því, að bændur hafi verið snuðaðir á verðinu, og þeir hafi ekki fengið fullt verðlagsn.-verð. Ég verð nú að segja það, að þegar hv. 3. þm. Vestf. talar svona af sér og ber svona lagað á borð hér á hv. Alþ., þá er það nú sýnishorn af hans málflutningi hér áðan yfirleitt, og þá held ég, að hv. alþm. fyrirgefi mér, þó að ég eyði ekki löngum tíma í að rökræða við hann um þessi mál.

Umr. frestað.

Á 13. fundi í Nd., 9. nóv., var frv. tekið til frh. 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 15. fundi í Nd., s. d., var fram haldið 1. umr. um frv.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Ég hef verið á mælendaskrá og ætla að leyfa mér að bæta nokkrum orðum við þær umr., sem fram hafa farið um þetta mál undanfarna daga.

Á s. l. hausti reyndist ekki framkvæmanlegt að verðleggja landbúnaðarafurðir eftir ákvæðum framleiðsluráðslaganna. Þetta hefur skeð einu sinni áður. Það skeði haustið 1959, og þá voru líka sett brbl. eins og nú. Það voru illræmd lög. Eftir að þau lög höfðu verið sett, upphófust samningar um lagabreytingar milli Stéttarsambands bænda annars vegar og núv. hæstv. landbrh. hins vegar. Skilja mátti orð hæstv. ráðh. fyrir nokkrum dögum á þá leið, að bændur hafi fyrir þann tíma ekki

átt rétt til útflutningsuppbóta. En þeir áttu þennan rétt í l., þeir áttu rétt til uppbóta úr útflutningssjóði, eins og hv. 1. þm. Norðurl. v. sagði í gær, og þeir áttu sérstakan rétt til útflutningsuppbóta af innanlandsverðinu, og heimilt var að ákveða verðið með tilliti til þess. Þegar sá réttur var vefengdur, gekk hæstaréttardómur í því máli, sem kunnugt er, en með þeim dómi var staðfest, að bændur ættu þennan lagarétt til útflutningsuppbóta. En hæstv. núv. landbrh. samdi þá um það við Stéttarsambandið, að þessi útflutningsuppbótaréttur félli niður og í staðinn kæmu útflutningsuppbætur úr ríkissjóði. Ég hef rætt við bændur, sem óttuðust, að tap yrði á þessum skiptum. Um það ætla ég ekki að dæma nú, en segi söguna eins og hún gekk. Bændur fengu líka nokkru hreyfanlegra verð á verðlagsárinu en áður var, og vék hæstv. ráðh. að því á dögunum, en á móti kom það, að dreifingarkostnaðurinn skyldi vera samkomulagsmál í 6 manna n. og óháður gerðardómi. Í heild orkaði það, sem ávannst og tapaðist, nokkurs tvímælis, hvort þyngra væri á metum frá sjónarmiði ýmissa bænda, og á næstu árum kom fram á fundum bænda allvíðtæk gagnrýni á efni og framkvæmd þessara l. Margir drógu í efa, að 6 manna n. og 6 manna nefndar verðlagningin væri til frambúðar og vildu fremur, að breytt yrði fyrirkomulaginu á þá leið, að samið yrði við ríkisstj. hverju sinni, svo sem tíðkast mun í öðrum löndum. Fram á það var þó ekki farið af hálfu stéttarsamtakanna, og þær breytingar, sem bændastéttin fór fram á, að gerðar yrðu á l. á sínum tíma, hafa ekki verið lagðar fyrir Alþ.

Nú hefur framkvæmd verðlagningarákvæðanna bilað í annað sinn. Stjórn A.S.Í. ber ekki ábyrgð gagnvart Alþ., og ég ætla ekki að ræða þátt hennar í því, sem skeð hefur. En bændur hafa fengið yfir sig brbl. í annað sinn, samningsrétturinn í annað sinn verið af þeim tekinn. Í þessum brbl. var lögskipaðri dómnefnd fenginn nýr viðmiðunargrundvöllur til ákvörðunar á kaupi bóndans og öðrum vinnukostnaði við framleiðsluna. Og nú spyr ég, eins og hv. 3. þm. Vestfjarðakjördæmis: Hvers vegna mátti dómnefndin ekki nota þann viðmiðunargrundvöll, sem verið hefur í l., þ.e.a.s. tekjur annarra vinnandi stétta? Felst í þessari breytingu yfirlýsing ríkisstj. um það, að ekki megi taka tekjur síldveiðisjómanna inn í viðmiðunina eða að gamla viðmiðunin sé yfirleitt ónothæf? Hvers vegna í ósköpunum var fundið upp á því að gera ellilífeyri og örorkubætur að viðmiðunargrundvelli fyrir kauphækkun bóndans? Því þá ekki að miða við almenna kauphækkun í fiskvinnu, sem leiddi í bili til sömu niðurstöðu? Mörgum þykir þetta hlálegt, eins og hv. 2. þm. Sunnl. vék að um daginn, og gizka sumir á, að sálfræðingar ríkisstj. hafi fundið þetta upp af speki sinni og að í því hafi átt að felast laundrjúgur áróður.

Í umr. um þetta mál hefur ýmsum orðið tíðrætt um útflutning landbúnaðarvaranna. Í því sambandi hefur verið um það rætt, að með tilliti til útflutnings sé heppilegra að auka framleiðslu sauðfjárafurða en mjólkurframleiðslu, og sýnist það raunar auðsætt, eins og á stendur. Sú stefna að stuðla að því með verðlagningu hefur þó átt örðugt uppdráttar, m.a. hjá ríkisstj., eins og nefnt hefur verið í þessum umr. Hitt á svo eftir að sýna sig, sem menn vona, hvort þeir 189 aurar, þ.e.a.s.l kr. 89 aurar, sem kjötkílóið hefur hækkað um samtals til bænda nú og í fyrra vegna tilfærslu frá mjólkurverðinu, hvort sú tilfærsla hefur hæfileg áhrif í þá átt að auka framleiðslu á sauðfjárafurðum. Það mun líka sýna sig, að fleira þarf til að koma en verðlagning búfjárafurða til að leysa á viðunandi hátt málefni bænda í þeim byggðarlögum, sem nú eru verst sett.

Í umr. um þetta mál komst einn af hæstv. ráðh. svo að orði um daginn, að landbúnaðurinn væri um þessar mundir eitt af mestu vandamálum efnahagslífsins hér á landi. En þegar þetta er rætt, held ég, að menn þurfi eins og oftar að gæta þess að binda hugann ekki um of við líðandi stund og það ástand, sem nú er. Við verðum að horfa fram í tímann, því að það er framtíðin, sem mestu máli skiptir. Í árslok 1944 var fólkstalan hér á landi um 128 þús., en í lok ársins sem leið um 190 þús. Íbúum landsins hefur á 20 árum fjölgað um 62—63 þús. eða nálega 49%. Ef þessi þróun heldur áfram, fjölgar þjóðinni um 94 þús. á næstu 20 árum. Þetta þýðir það, að árið 1984 verður risin hér á landi ný Reykjavík, nýr Kópavogur og nýr Hafnarfjörður eða önnur ný byggð, sem því svarar. Hætt er við, að íslenzk landbúnaðarframleiðsla, ef hún vex ekki frá því, sem nú er, hrökkvi skammt til að metta allan þann mannfjölda. Þetta verða menn að hafa í huga. Landbúnaðurinn þarf þjóðarinnar vegna að halda áfram að eflast, landbúnaðarframleiðslan að aukast. Þetta þarf að gerast jafnt og þétt, því að það tekur tíma að rækta t. d. 50 þús. ha af íslenzku mýrlendi og breyta því í tún, og það tekur líka tíma að koma upp 25 þús. nautgripum og 400 þús. fjár og mannvirkjum og vélum í samræmi við það, svo að einhverjar tölur séu nefndar. Menn mega ekki láta sér bregða í brún, þó að þessi nauðsynlega þróun hafi það í för með sér, að einhver offramleiðsla verði öðru hverju miðað við innanlandsmarkað, því að ef aldrei yrði offramleiðsla, yrði líka stundum skortur, því að árferði er misjafnt hér, eins og í öðrum löndum, og við það verður ekki ráðið.

Það er ekki nýlunda hér á landi eða annars staðar, að bæta þurfi upp verð á útflutningsvörum. Jafnvel íslenzkur sjávarútvegur hefur stundum þurft og þarf nú á verðuppbótum að halda. Hitt er svo auðvitað sjálfsagt að reyna að stuðla að því, að helzt komi til útflutnings sú landbúnaðarframleiðsla, sem bezt verð fæst fyrir, en af ýmsum mætum mönnum er því stöðugt haldið fram, að sauðfjárafurðirnar eigi sér framtíð sem útflutningsvara, sem um munar, án þess að tala þurfi um offramleiðslu í því sambandi.

Vaxandi dýrtíð innanlands skapar vaxandi þörf fyrir útflutningsuppbætur, og það er ekki aðeins í landbúnaði. Og vöxtur dýrtíðarinnar hefur verið mikill hin síðustu ár, hvort sem hann er reiknaður í prósentum frá ári til árs eða í stigum á vísitölugrundvelli fyrri tíma. En mestur er þessi dýrtíðarvöxtur og næst sanni, ef hinum óraunverulega húsnæðislið vísitölunnar væri breytt í staðreyndir, sem menn þekkja um land allt. Það er misráðið af hæstv. ráðh. að dylja sjálfan sig og aðra þess, sem er að gerast í þessum málum. Hitt er réttara fyrir hæstv. ríkisstj. að segja eins og er, að hana skortir úrræði eða mátt eða hvort tveggja til að hafa hemil á dýrtíðinni. En milli dýrtíðarvaxtarins og útflutnings-

uppbótanna er samhengi, sem nauðsynlegt er að gera sér grein fyrir.

Það ber vott um heldur fábreytta hugsun, finnst mér, sem hæstv. landbrh. var að gleðja okkur þm. með í gær, að ferðamenn gætu nú selt íslenzkar krónur erlendis fyrir eitthvert verð, sem mun þó vera um þessar mundir talsvert lægra en gengisskráning segir til um. En það er kaupmáttur krónunnar innanlands, sem mestu máli skiptir og núv. ríkisstj. kvaðst ætla að vernda, en fer nú hraðminnkandi.

Ég hélt satt að segja og segi það í tilefni af orðum, sem féllu í gær, að það orkaði ekki tvímælis hjá þeim, sem til þekkja, að bændur landsins hafa ekki fengið út úr búrekstrinum undanfarið það kaup sér til handa og fólki sínu, sem verðlagsgrundvöllurinn hefur gert ráð fyrir. Nú gaf hæstv. landbrh. í skyn, að mismunur sá, sem hér kemur fram og hv. 3. þm. Vestf. drap á, stafaði af því einu, að verðlagsárið væri ekki hið sama og skattaárið. Það er ekki von, að vel fari, ef sjálfur landbrh. er þeirrar skoðunar, og ég trúi því ekki, að svo sé í raun og veru. Hann gerir sér án efa ljóst, að það er ekki nóg, að bændur fái verðlagsgrundvallarverð á pappírnum, ef rekstrarliðir eru of lágt áætlaðir. Vantaldir rekstrarliðir t. d. tilbúinn áburður, svo að eitthvað sé nefnt, hljóta í reyndinni að koma til frádráttar frá kaupi bóndans, eins og það er ákveðið í grundvellinum. Í því er eflaust fólgin meginástæðan til þess, að kaup bóndans í verðlagsgrundvelli og raunverulegar tekjur eru svo fjarri því að vera jafnt.

Mér þótti hæstv. landbrh. líka verða á í messunni, þegar hann fór að tala um það í gær, að bændur hefðu ekki mótmælt brbl., sem við erum að ræða um hér. Fyrr má nú vera misminnið. Stjórn Stéttarsambands bænda mótmælti þessum brbl. með opinberri yfirlýsingu dags. 11. sept. s. l., sem birt var í útvarpi og blöðum þá. Þar segir svo m. a. orðrétt, með leyfi hæstv. forseta: „Stjórn Stéttarsambands bænda mótmælir þeirri réttarskerðingu, sem felst í brbl.“ Undir þessa yfirlýsingu rituðu allir 5 stjórnarnefndarmenn nöfn sín, og ætla ég, að tveir þeirra séu samflokksmenn hæstv. ráðh. Þar er það sérstaklega tekið fram, að þessir 5 menn gefi yfirlýsingu sem stjórn Stéttarsambandsins, og ekki hef ég tekið eftir því, að bændur hafi mótmælt því, sem þarna var gert í þeirra umboði, umboði stéttarinnar. Um þetta skal ég ekki ræða nánar og gerði það aðeins að gefnu tilefni, sem ég hef nefnt.

Brbl., sem nú liggja fyrir í frv.-formi, munu, hvernig sem um þau fer, móta verðlagningu landbúnaðarvaranna á yfirstandandi verðlagsári. Mestu skiptir nú, hvaða verðlagningarfyrirkomulag verður upp tekið í þeirra stað. Þess er að vænta, að till. um það efni verði ekki fullmótaðar eða ekki gengið frá þeim að fullu fyrr en aukafundur sá hefur verið haldinn í Stéttarsambandi bænda, sem gert hefur verið ráð fyrir.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Ég skal nú reyna að reyna ekki mikið á þolinmæði hæstv. forseta, enda er búið að ræða þetta mál svo rækilega hér í hv. d., að óþarfi er að bæta miklu við að sinni. En það, sem mér finnst rétt að vekja athygli á að lokum, er það, hvernig hæstv. ráðh. reyna að hugga sig, þó að dýrtíðin fari sífellt vaxandi, og hvaða aðferðum þeir beita í því sambandi. Hæstv. menntmrh. heldur því fram, að þó að dýrtíðin vaxi og vísitölustigum fjölgi, geri það ekki svo mikið til, því að það sé hægt að sýna fram á, að þrátt fyrir þetta fari dýrtíðin eða dýrtíðarvöxturinn hlutfallslega minnkandi. Og hæstv. forsrh. hefur komizt að þeirri skemmtilegu niðurstöðu í blaði sínu, að gildi vísitölustiganna minnki, eftir því sem þeim fjölgi. Það er ekki óeðlilegt, þó að þessir menn séu lítið hnuggnir yfir því, þó að dýrtíðin vaxi, þegar þeir finna aðrar eins afsakanir og þessar til þess að réttlæta gerðir sínar.

Það er nú búið að sýna fram á það með svo ýmsum hætti, hvílík fjarstæða þessi útreikningur er, og mér hafa verið sögð af ýmsum mönnum fjölmörg dæmi um það, hvernig þessi útreikningur hæstv. ríkisstj. tekur sig út í reynd. Ég ætla aðeins að nefna eitt af þessum dæmum. Við skulum segja, að hjón eigi eitt barn. Svo gerist það, að konan á tvíbura, og samkv. útreikningi hæstv. viðskmrh. eykst ómegðin um 200%. Svo tekur konan upp á því að eiga þríbura, og þá mundu nú margir telja, að ómegðin þyngdist nokkuð mikið við það, en hæstv. viðskmrh. mundi finna annað út. Hann mundi samkv. sínum útreikningi segja það, að þegar þríburarnir kæmu, hefði ómegðin ekki aukizt nema um 100%, þó að hún hefði hins vegar aukizt um 200%, þegar tvíburarnir komu. Þetta sýnir nokkuð glöggt, hvernig þessar reikningsaðferðir eru, sem hæstv. ráðh. hafa hér með höndum. Og ég held, að það sé þess vegna óþarft og ekki heldur tími til þess að eyða fleiri orðum að þessu. Enda er það ekki þetta, sem er aðalatriðið, sem hér hefur verið deilt um. Aðalatriðið, sem hér hefur verið deilt um, er það, hvort dýrtíðin hafi vaxið meira seinustu 2—3 árin en hún hefur áður gert. Ég hef haldið því fram, að hún hafi vaxið meira á þessum tíma en nokkru sinni fyrr, og í þeim útreikningum, sem hæstv. viðskmrh. hefur komið hér með og aðrir ráðh., hefur ekki verið neitt reynt til þess að hnekkja þessu. Það hefur verið komið með útreikninga um allt önnur tímabil og hæstv. viðskmrh. hefur alltaf varazt að minnast nokkuð á það, hver dýrtíðaraukningin hefur orðið á þessum 2—3 síðustu árum, og að gera nokkurn samanburð á henni við önnur tímabil. Vegna hvers hefur hæstv. ráðh. forðazt að gera þetta? Vegna þess, að það er alveg sama, hvaða tími er tekinn, þá kemur það alltaf í ljós, alveg sama, hvaða aðferð er viðhöfð, þá kemur það alltaf í ljós, að dýrtíðaraukningin hefur aldrei verið meiri en nú seinustu missirin.

Ég skal aðeins hér að lokum nefna eitt dæmi um þetta, sem ég hygg, að a.m.k. hæstv. forsrh. ætti vel að skilja. Hann hefur haldið því fram bæði í tíma og ótíma, og það hafa samherjar hans gert með honum, að aldrei hafi dýrtíðin vaxið meira en í tíð vinstri stjórnarinnar. Við skulum þess vegna bera saman dýrtíðaraukninguna í tíð vinstri stjórnarinnar og dýrtíðaraukninguna á jafnlöngum tíma seinustu mánuðina og sjá, hvað kemur út, og við skulum meira að segja gera þetta með þeirri aðferð, sem hæstv. ríkisstj. telur eina leyfilega, þ. e. með prósentureikningi.

Á tímabili vinstri stjórnarinnar, sem stóð í 29 mánuði, eða frá því í júlí 1956 og þangað til í des. 1958, á þessum 29 mánuðum hækkaði vísitalan úr 185 stigum upp í 220 stig, eða um 35 stig á öllu tímabilinu. Þetta gerir samkv. þeirri reikningsaðferð, sem hæstv.

viðskmrh. beitir, 19% dýrtíðaraukningu. Við skulum svo til samanburðar taka tímabilið, sem liðið er frá seinustu þingkosningum og er álíka langt, eða frá 1. júní 1963 til 1. okt. 1965. Á þessu tímabili hefur dýrtíðarvísitalan, þ.e. sambærileg vísitala, hækkað úr 265 stigum í 358 stig, eða um 93 stig, og samkv. útreikningi hæstv. viðskmrh. mundi þetta gera 35% aukningu dýrtíðarinnar, þannig að þó að þessari aðferð hæstv. ráðh. sé beitt, sem ég vil segja, að sé ekki rétt og gefi a.m.k. ekki rétta hugmynd um það, hve mikil aukningin er í raun og veru, kemur það eigi að síður í ljós, að á tímabili vinstri stjórnarinnar, sem hæstv. stjórn telur, að hafi verið verst af öllum, vex dýrtíðin ekki nema um 19%, en á þeim 29 mánuðum, sem síðan eru liðnir, verður aukningin 35% eða næstum því helmingi meiri. Það er þess vegna alveg sama, hvaða aðferðir eru viðhafðar í þessum efnum, jafnvel þó að gengið sé inn á þá aðferð, sem hæstv. ríkisstj. notar, hefur dýrtíðaraukningin orðið langsamlega mest núna seinustu missirin og þegar það er athugað, er það líka skiljanlegt, að hæstv. viðskmrh. og forsrh. skuli grípa til þeirra reikningsaðferða, sem ég hef minnt á hér á undan. En það bjargar að sjálfsögðu engu að reikna með slíkum reikningsaðferðum. Það, sem mestu máli skiptir, er það, að reynt sé að vinna bug á þeim ófögnuði, sem verðbólgan er, en það verður auðsjáanlega ekki gert af þeim mönnum, sem telja sér trú um það, að eftir því sem vísitölustigum fjölgi, minnki þau að verðgildi og þess vegna geri það ekkert til, þótt þau aukist, eða það verði reiknað út með prósentureikningi, eins og hæstv. viðskmrh. gerir, og reyni að sýna þannig fram á það, að raunverulega fari dýrtíðaraukningin minnkandi, þó að hún fari stórvaxandi.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Mér er ómögulegt að hlusta á jafnfráleitan málflutning og hv. þm. beitti hér áðan, án þess að leiðrétta hann, og ég ætla að gera það einfaldlega með því að lesa upp fyrir öllum hv. þm., þannig að það verði öllum kunnugt, sem vilja hafa það, sem er satt í þessu máli, hvað satt er í því.

Ég ætla að lesa upp tölur um aukningu framfærslukostnaðarvísitölunnar frá 1950, tölur, sem eru sóttar í þá heimild, sem hv. þm. Skúli Guðmundsson, 1. þm. Norðurl. v., vitnaði í í gær, síðasta ágústblað Hagtíðinda. Hér er um einfalda talnaröð að ræða og auðvitað ekki tekin tilviljunarkennd tímabil eða valdir út einhverjir ákveðnir mánuðir á einu tímabili og aðrir mánuðir á öðru tímabili, eins og hv. þm. gerði áðan, en slíkt gefur auðvitað engan sanngjarnan eða engan réttan samanburð. Annaðhvort verða menn að miða við hvert ár um sig eða sambærileg ár eða sambærilegan árafjölda og þá tímabil, sem hægt er að bera saman, en ekki mislöng tímabil valin ekki af handahófi, heldur viljandi valin til að sýna sem mesta hækkun á einu tímabilinu og svo lægsta aftur á öðru tímabilinu. Þetta er í hæsta máta óheiðarlegur málflutningur, sem er engum til sóma, heldur þvert á móti þeim, sem gera hann, til mikillar vanvirðu.

Það eina, sem hægt er að gera og er skynsamlegt í þessu, er að athuga dýrtíðaraukninguna frá ári til árs, og skal ég gera grein fyrir henni frá 1950, og þá getur hver sem er dæmt um, hvað satt er og rétt í því máli, sem við höfum hér verið að deila um og aldrei hefði þurft eða átt að deila um.

Á árinu 1950, — nú tek ég frá ársbyrjun til ársloka fyrir öll árin, — 1950 vex vísitalan um 42.2%, 1951 um 19.5%, 1952 2.6%, 1953 0.6%, 1954 1.9%, 1955 8.7%, 1956 6.3%, 1957 2.7%, 1958 11.0%, 1959 lækkar hún um 4.3%, 1960 hækkar hún um 3.4%, 1961 hækkar hún um 11.4%, 1962 um 10.3%, 1963 um 17.1%, 1964 11.9%, og það, sem af er árinu 1965, hefur hún hækkað um 5.8%. **(SkG:** Ekki mun þetta vera rétt á árinu 1964.) 11.9%, úr 258 upp í 302. Hæsta vísitöluhækkun, sem orðið hefur síðan 1950, er því á árinu 1950 42.2%. Það ár var Framsfl. í stjórn. **(SkG:** Hvað segir ráðh., að hún hafi hækkað 1964?) 1964 segir hér í skýrslunni, hún hefur hækkað um 11.9%. Þetta eru opinberar skýrslur, sem ég er hér með. Næsthæsta hækkunin er 1951 um 19.5%. Þriðja hæsta hækkunin er frá 1963 17.1%, og það er sú tala, sem hv. þm. gerir að uppistöðu í öllum sínum útreikningum, af því að vísitölustigin eru svo mörg, af því, hvað vísitalan hefur hækkað mikið. Árið 1963 er því á þessu tímabili frá 1950 þriðja hæsta árið, það eru tvö önnur ár, sem sýna hlutfallslega meiri hækkun á vísitölunni en árið 1963, sem er hæsta árið undanfarin ár, og bæði hin árin var Framsfl. í ríkisstj.

Ég hef áður gert samanburð á tímabilinu annars vegar síðan Framsókn fór úr stjórn og hins vegar tímabilinu, meðan hún var í stjórn svipað skeið á undan, og skipti þá við 1. jan. 1959. 9 árin þar á undan hafði vísitalan hækkað um 17% á ári með einföldu meðaltali, en síðan fyrst í jan. 1959 hefur hún hækkað um 10% á því 7 ára tímabili, og sama niðurstaða verður eða svipuð, ef tekin er vísitala byggingarkostnaðar. Hér hefur því hv. þm. farið með fádæma blekkingar, sem menn nú geta dæmt um, hver eftir sínu eigin hyggjuviti og eftir sínum góðvilja til rétts skilnings á málavöxtum.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Ég vil nú byrja á því að biðja hæstv. forseta afsökunar á því, að ég greip fram í áðan, en ég gat ekki orða bundizt, því að hæstv. ráðh. fór með svo miklar blekkingar. Ég er hér með þessa hagstofuskýrslu, sem við höfum báðir verið að vitna til, og samkv. henni var meðalvísitala ársins 1963 272.5 stig, en ársins 1964 325.6 stig. **(Menntmrh.:** Ég sagðist vera að bera saman 1. jan. til ársloka, tók það skýrt fram.)1. jan., þetta eru meðalvísitölur áranna, sem hér eru, meðalvísitölur áranna, reiknaðar út af Hagstofunni, 1963 272.5, en árið 1964 325.6, og þetta er sem næst 19.5% hækkun á vísitölunni 1964 frá árinu áður, og það er mesta meðaltalshækkun, sem orðið hefur á henni síðan 1951.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ég er nú satt að segja alveg gáttaður á jafngömlum þm. og hv. þm. Skúla Guðmundssyni, að hann skuli gera sig sekan um jafnfáránlega firru og hann lét sér um munn fara í síðustu ræðu sinni, en raunar er ekki við öðru að búast í framhaldi af þeim framsóknarreikningi, sem hér hefur verið kynntur á Alþ. undanfarna daga. Hv. þm. ætlar að leiðrétta mig með því að bera saman meðalvísitölu tveggja ára, þegar ég hef verið að greina frá vísitölu 1. jan. og 1. jan. ársins á eftir. M.ö.o., ég var að ræða um hækkun vísitölu yfir 12 mánuði almanaksársins. Það er ein staðreynd, það er ein talnaröð. Hann fer að tala um

hækkun meðalvísitölu frá einu ári til annars. Það sjá allir menn með heilbrigðri skynsemi, að hér er um tvennt að ræða og engin leiðrétting hjá mér, þó að hann nefni aðra tölu. Hv. þm. verður hér sér enn einu sinni til minnkunar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22:1 atkv. og til landbn. með 25 shlj. atkv.

Á 23. og 24. fundi í Nd., 29. og 30. nóv., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 25. fundi í Nd., 6. des., var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 26, n. 94, 104 og 119).

Frsm. meiri hl. (Jónas Pétursson): Herra forseti. Landbn. hv. d. hefur haft þetta frv. til meðferðar og varð ekki á eitt sátt um afgreiðslu þess, eins og fram kemur í nál. þeim, sem hér liggja fyrir, og mun minni hl. væntanlega gera grein fyrir afstöðu sinni í framsögu hér á eftir. En eins og fram kemur í nál. meiri hl., leggur hann til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Við 1. umr. málsins hér í hv. d. urðu allmiklar umr. um málið og fóru raunar víðs vegar, enda stóðu þær a. m. k. sex daga. En ég held, að það dyljist engum, sem með þessum umr. hafa fylgzt, að gagnrýni framsóknarmanna hefur meira verið af vilja en mætti. Og ég vil segja það hér, að ég efast um, að í annan tíma hafi tekizt betur að leysa vandasamt og viðkvæmt mál, sem komið var í hnút, með brbl. en einmitt á s. l. hausti með þessum l., sem hér liggja fyrir til staðfestingar, um verðlagningu búvöru á verðlagsárinu 1965—66. Því að enginn efast um, að það var fullkomin viðleitni, fullkominn áhugi í vissum herbúðum að reisa öldu óánægju við þessa lausn, en það tókst ekki. Og ég vil einnig segja það, að það gefur í mínum huga nokkrar vonir um, að árangur kunni að verða af því nefndarstarfi, sem nú er hafið um endurskoðun l.

Ég hef reynt að gera mér grein fyrir þeirri gagnrýni, sem fram hefur komið. Helzt hefur hún beinzt að því, að samningsréttur hafi verið tekinn af bændum. En ég vil nú spyrja: Hvaða samningsmöguleiki var, eftir að annar aðilinn hafði neitað að semja? Og þá er það enn fremur yfirlýst, að það kom mjög til mála á tímabili, að yfirdómur, sá sami og úrskurðaði verðið 1963, ákvæði einnig verðið nú á þessu hausti. Og þá vildi ég spyrja, hvort það gætu fremur kallazt samningar.

Það hefur oft heyrzt, að engin stétt nema bændur yndu því að hafa ekki óskertan samningsrétt um kjör sín, og er þá vitnað til yfirdómsákvæða framleiðsluráðslaganna. Ég vildi segja, að allar deilur um þessi lög séu í rauninni óskynsamlegar, og ég held, að það sé óhætt að segja, að bændur hafi ekki í annan tíma unað betur verðlaginu en einmitt núna, og frá hálfu neytenda eru sízt meiri óánægjuraddir með verðið en að venju. Af þessu dreg ég þá ályktun í stuttu máli, að ríkisstj. undir forustu landbrh. leysti þetta mál farsællega, og leggur meiri hl. n. þess vegna til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Frsm. 1. minni hl. (Ágúst Þorvaldsson): Herra forseti. Eins og fram hefur komið, var landbn. ekki einhuga með afgreiðslu þessa máls. Ég hef gert grein fyrir afstöðu minni í nál., sem er á þskj. 104.

Við 1. umr. um málið dró ég fram þær höfuðröksemdir, sem valda því, að ég er á móti málinu og vil láta fella frv. En þær eru þessar helztar: Með frv. eru bændur gerðir ómyndugir og réttlausir til samninga um sitt kaup, einir allra starfsstétta í þjóðfélaginu. Í öðru lagi eru þau viðmiðunarákvæði, sem hækkun á kaupi bóndans er miðuð við, harla óviðkunnanleg og bændum á þann hátt einnig freklega misboðið að mínum dómi. Tekjulægsta stétt þjóðarinnar en jafnframt ein sú allra vinnusamasta skal samkv. þessum ákvæðum ekki fá meiri hækkun á kaupi sínu en heimilt er að hækka bætur almannatrygginga til elli- og örorkulífeyrisþega. Ég tel þessi brbl. vægast sagt mjög óheppileg fyrir þá, sem þau hafa sett, og í raun og veru ósamboðin þeim, sem settu l. Ég tel, að Alþ. eigi að fella slík ólög. Ég tel, að II. kafli framleiðsluráðslaganna sé í fullu gildi, og þannig hygg ég, að allur þorri bænda líti einnig á. A. m. k. leit fundur bænda í Suður-Þingeyjarsýslu þannig á, og með leyfi hæstv. forseta ætla ég að lesa ályktun um þetta mál, sem þar var gerð:

„Almennur bændafundur Búnaðarsambands Suður-Þingeyinga, haldinn að Hólmavaði 11. nóv. 1965, mótmælir harðlega brbl. þeim, sem sett voru s. l. haust um verðlagningu landbúnaðarafurða, þar sem ríkisvaldið sviptir bændastéttina samningsrétti um kaup og kjör með einhliða tilskipunum, í stað þess að virða ákvarðanir framleiðsluráðsl. um eðlilega hækkun á kaupi bænda í samræmi við launaúrtak Hagstofunnar, eða að öðrum kosti taka upp beina samninga við fulltrúa bænda um afurðaverðið. Fundurinn telur, að löggjöfin um verðlagningu búvara hafi verið og sé enn í fullu gildi, þrátt fyrir úrsögn fulltrúa A. S. Í. úr 6 manna n."

Þetta var fundarsamþykkt bændafundar í Búnaðarsambandi Suður-Þingeyinga. Ég hygg, að þessi samþykkt sé rétt mynd af því, hvernig bændur almennt í landinu líta á þessi mál. Og ég spyr þá, sem nú ætla hér á hinu háa Alþ. að greiða atkv. með brbl., hvort þeir ætli sér að fara eins að við aðrar stéttir og hvort hér sé verið með þessum hætti að skapa fordæmi. Ég minnist þess, að einu sinni ætluðu þeir, sem beita sér hér nú fyrir þessari lagasetningu, að koma gegnum hið háa Alþ. hliðstæðri löggjöf, en það var kaupbindingarfrv., sællar minningar, en þá stóð til að svipta launþega samningsrétti, eins og alkunnugt er. Á síðustu stundu var það frv. dregið til baka, góðu heilli.

Ég vil vona, að það sama gerist nú hér við meðferð þessa máls í þingi, að ef hv. stjórnarliðar fást ekki til að fella frv. með okkur, sem það viljum gera og eins og ég legg til, þá vilji þeir a. m. k. stöðva það.

Það hefur að mínu áliti og margra annarra nógu illt skeð með því, að ríkisstj. tók samningsréttinn af bændum í haust, þó að Alþ. fari nú ekki að reka smiðshögg á það verk og þess þá síður, þar sem nú hefur verið sett á laggirnar n. frá þessum sömu aðilum og áður tilnefndu í 6 manna n., sem landbrn. hefur skipað, og sú n. hefur nú þegar tekið til starfa. Þeim mun síður er ástæða til þess að flýta afgreiðslu þessa máls eða knýja það í gegnum Alþ. Ég held, að flestir vilji nú gera sér fremur góðar vonir um, að það verði árangur af störfum þess-

arar n., sem nú hefur tekið til starfa um þessi mál, og það finnist samkomulagsleiðir til samninga milli bænda og launþega, þar sem réttur bændanna verði tryggður til samninga um sambærileg lífskjör við það, sem aðrar stéttir á hverjum tíma hafa.

Með þessum orðum þykist ég hafa gert grein fyrir minni afstöðu enn frekar en ég áður gerði við 1. umr. málsins, en þá ræddi ég þetta mál allýtarlega og ætla þess vegna ekki nú að þessu sinni, nema tilefni gefist til, að hafa fleiri orð um þetta.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Þetta mál var nú svo mikið rætt við 1. umr., að það er ekki ástæða til að fara mörgum orðum um það hér við 2. umr.

Ég verð nú að segja það, að þótt hv. 2. þm. Sunnl. (ÁÞ) hafi sagt við 1. umr., að það væri ekki að vænta stuðnings frá framsóknarmönnum við þetta mál, hef ég samt sem áður vænzt þess, að þessi orð hans hafi verið sögð í hita dagsins, vanhugsuð. En sú von hefur nú brugðizt, og hér höfum við þskj. nr. 104, nál., sem á eftir að verða sögulegt plagg og gefur áreiðanlega tilefni til margs konar hugleiðinga, og ég gæti trúað því, að margir hv. þm. lesi þetta nál. vandlega og íhugi, hvað fyrir hv. þm. vakir. Ég geri einnig ráð fyrir því, að hv. alþm. undrist það ekki, þótt það sé aðeins einn maður, sem skrifar þarna undir, hv. 2. þm. Sunnl., en ekki hv. þm. Norðurl. v., Björn Pálsson. Þarf ég ekkert að fara nánar út í það. Ég hafði ekki búizt við því, að hv. þm. Norðurl. v. léti nafn sitt undir þetta, og það hefur ekki brugðizt.

Hv. 2. þm. Sunnl. hefur áreiðanlega ekki gert sér grein fyrir því, hvað mundi ske, ef frv. yrði fellt. Hann er ekki í eðli sínu svo ábyrgðarlaus, þessi hv. þm., að hann hefði lagt til, að frv. yrði fellt, ef hann hefði gert sér grein fyrir afleiðingunum af því. Það er ástæða til að ætla, að það hafi beinlínis verið mismæli hér hjá hv. þm. áðan, þegar hann segir, að það sé því síður ástæða til þess að samþ. þetta frv. hér á hv. Alþ., þar sem nú hafi verið skipuð n. til þess að leita eftir framtíðarsamkomulagi um þessi mál. Hitt er vitað, og það hélt ég, að allir bændur vissu og einnig hv. 2. þm. Sunnl., að verðlagning landbúnaðarvara í haust fór fram samkv. brbl., og ef þetta frv. til staðfestingar brbl. væri fellt, stæðist ekki það, sem gert var í haust, og hvað ætti þá að gera við vöruna? Á hvaða verði ætti að selja vöruna eftirleiðis, ef svo færi? Ég fullyrði það, að hv. þm. talar ekki fyrir hönd bænda, og meiri hluti bænda mundi ekki samþ. það, að þetta frv. væri fellt.

Hv. þm. vitnaði hér í samþykkt, sem gerð var norður í Þingeyjarsýslu, þar sem brbl. var mótmælt. Hann hefði einnig, hv. þm., getað vitnað í aðra samþykkt, sem gerð var á Austurlandi, þar sem því var fagnað, að 6 manna n. fyrirkomulagið væri upphafið. Og það var fleira í þeirri samþykkt, sem var harla einkennilegt, þannig að það kemur nú stundum fyrir, að á bændafundum séu gerðar vanhugsaðar samþykktir, og bændamálefnum ekki til hags.

Þá segir hv. þm., að samningsrétturinn hafi verið tekinn af bændum. Það sé tilræði við hagsmuni bænda og bændasamtökin, sem hafi verið gert með útgáfu þessara l. Það sé vansæmd fyrir bændur og bændastéttina, að það skuli vera miðað við bætur almannatrygginganna, þegar laun bænda eru ákveðin eða sú viðbót, sem þeir fá vegna aukinnar dýrtíðar og tilkostnaðar. Og sérstaklega telur hv. þm. þetta varhugavert vegna þess, að það sé aðeins heimildarákvæði um að bæta þeim, sem fá úr almannatryggingunum, eins og gert er ráð fyrir í l. Það er eins og hv. þm. geri í öðru orðinu ráð fyrir því, að það, sem ákveðið er með brbl., eigi að verða varanlegt, enda þótt hann vitni til þeirrar n., sem nú hefur tekið til starfa. Hv. þm. vítir, að það skuli ekki hafa verið haft samráð við bændur og leitað eftir samkomulagi við þá. Nú vildi ég spyrja: Hefur hv. þm. kynnt sér það nokkuð, hvort samráð hafi verið haft við fulltrúa bænda? Það væri betra fyrir hv. þm. að hafa kynnt sér það, áður en hann skrifar nál. eins og þetta. Hefur hv. þm. talað við formann Stéttarsambands bænda? Hefur hv. þm. talað við Vilhjálm Hjálmarsson bónda? Hefur hv. þm. talað við Einar í Lækjarhvammi? Hefur hv. þm. kynnt sér það, hvort bændur hafi átt nokkra hlutdeild í þessari lagasetningu?

Nú vita bændur það, að ríkisstj. vill finna frambúðargrundvöll, sem ekki aðeins bændur, heldur einnig launþegar geti unað, og þess vegna hefur verið skipuð n., þrír fulltrúar frá neytendum, þrír fulltrúar frá bændum og einn oddamaður, sem allir bera traust til. Þess vegna standa vonir til, að það geti orðið samkomulag um framtíðargrundvöll í þessum málum. Og það verður gert allt, sem unnt er, til þess að svo megi verða. Hins vegar er engin vissa fyrir því enn. Og hvað ætti nú að gera, ef það fengist ekkert samkomulag? Það er tvennt til — ja, það er þrennt. Það er eitt að láta bændur ráða verðlagningunni sjálfa, gefa þeim fullt frelsi til þess að verðleggja landbúnaðarvöruna. Það eru sumir bændur, sem vilja það, en sennilega eru þeir nú miklu færri. Og ég veit ekki, hvort það væri nú það bezta fyrir bændur. Í öðru lagi að gera ekki neitt og gefast upp, og væri það kannske helzt að skapi sumra stjórnarandstæðinga, sem vilja nú gefa ríkisstj. ráð. Eða í þriðja lagi að skera á hnútinn oftar og í annað sinn, líkt því sem gert var í haust, og hafa í huga að leysa málið á þann veg, að það sé sanngirni, sem ræður, að bæði framleiðendur og neytendur geti við unað. Og það er rétt, að hv. 2. þm. Sunnl. viti það, að núv. ríkisstj. mun leysa málið með nýrri lagasetningu, frekar en að gefast upp á því, ef svo ógiftulega tækist til, að ekki næðist samkomulag, eins og nú er að unnið. Og eitt er víst, að hvað sem hv. 2. þm. Sunnl. segir hér á Alþ., vita bændur það, að núv. ríkisstj. mun ekki á bændunum níðast, og núv. ríkisstj. mun reyna að halda þannig á þessu máli, að það sé ekki með neinum rétti hægt að segja, að á borgurum þessa lands sé níðzt. Og hv. þm. veit það, m. a. í gegnum samtöl við þá bændur, sem hann hittir á Suðurlandi, að bændur una því verði, sem þeir nú hafa fengið, og þeir telja það beina hræsni, þegar hv. framsóknarmenn eru að tala um það, að nú sé á bændunum níðzt, að rétturinn sé af þeim tekinn, vegna þess að bændur muna tvenna tímana. Þeir muna það, þegar framsóknarmenn réðu og fóru með þessi mál, og þeir bera þá tíma saman við það, sem nú er við búið. Og sá samanburður er núv. ríkisstj. í hag og er alveg ákvarðandi um skoðanir bænda á þessum málum.

Frsm. 1. minni hl. (Ágúst Þorvaldsson): Herra forseti. Hæstv. landbrh. hefur nú verið hér í ræðustól og talað alldigurbarkalega um þetta mál og talið eins og hans er vandi, að það, sem við framsóknarmenn segjum hér á Alþ., sé hræsni, í raun og veru ekkert annað en hræsni. Það getur nú verið að svoleiðis málblóm prýði hæstv. landbrh. eða að hans áliti sé það honum til prýði að nota svona munnsöfnuð hér í ræðustól á hv. Alþ. Ég fyrir mitt leyti lít þannig á, að þess háttar munnsöfnuður sé engum til prýði og sízt ráðh., því að vissulega flytja menn hér fyrst og fremst skoðanir sínar og sinna umbjóðenda, en ekki það, sem á að kalla hræsni. Það er ekki hræsni, skoðanir okkar framsóknarmanna hér, og það veit hæstv. ráðh., en hann er með þessu móti að reyna að gera lítið úr því, sem sagt er hér af okkar hálfu, en slíkt hefur engin áhrif, slíkt hefur engin á mig a. m. k.

Hann ræddi hér mjög mikið um það, hvað okkar verk hefðu verið slæm í garð landbúnaðarins, á meðan Framsfl. var hér við völd 1957 og 1958. Ég get gert honum það til þægðar að minna á það, að bændunum fækkaði frá því 1957 og þangað til 1963, þeim fækkaði um 689. Af hverju halda menn, að þessi fækkun stafi? Er það af því að bændastéttin hafi það svo gott, að menn vilji þar ekki vera, því að þar sé allt of mikið að hafa? Nei, vissulega er það af öðrum ástæðum. Það er af því, að það hefur stórhrakað aðstöðu manna til þess að lifa og starfa í sveitunum. Ég játa það, að það eru enn þá til bændur í sveitunum, sem hafa það gott, það hefur alltaf verið. Meira að segja á hinum verstu kreppuárum voru til menn, sem leið vel í sveitinni, og eins er enn í dag. Það eru til einstakir menn með einhverja sérstaka aðstöðu eða með sérstakan dugnað, sem hafa það gott í dag. En það gildir ekki fyrir fjöldann, og það þýðir ekkert að mæla alla við einstaka menn. Nei, þeim hefur fækkað á þessum árum um 689. Það er sama sem svona ca. 3000—3500 manna fækkun í sveitum landsins á þessum árum. Það þýðir það. Ég hygg, að það hafi aldrei verið meiri blóðtaka fyrir sveitirnar í fólksfækkun, síðan vesturfarirnar voru mestar upp úr 1890 og þangað til núna á þessum árum. Þetta er það, sem hæstv. landbrh. er að stæra sig af hér. Og hvaða menn voru það, sem fyrst og fremst fluttu í burtu? Það voru fyrst og fremst leiguliðar. Skýrslur Hagstofunnar sýna það, að þeim hefur fækkað miklu meira, leiguliðunum, en sjálfseignarbændunum. Hver er skýringin? Skýringin er sú, að þeir áttu hægara með að komast í burtu, af því að þeir þurftu ekki að selja eignir sínar. Þeir áttu ekki jarðirnar sjálfir og þurftu ekki að selja þær. Þess vegna gátu þeir farið í burtu. Þetta er skýringin.

Það er sannað með skýrslum Hagstofunnar, að meðaltekjur bænda voru á árinu 1963, ég nota aðeins þær tölur, sem komnar eru frá Hagstofunni, þær voru 116.500, meðaltekjur bænda. Þær voru í Norður-Múlasýslu 84 þús., þar voru þær lægstar. Hæstar voru þær í Eyjafirðinum 156.4 þús.

Þetta er nú allur blóminn, sem þessi hæstv. ráðh. hefur til þess að stæra sig af.

Og hvað hafði gerzt í skuldamálum bænda á þessu tímabili, sem hann er alltaf að stæra sig af? Það hafði gerzt það, að á árinu 1957 voru skuldir bænda allar 403 millj., en í árslok 1963 voru þær orðnar 819.6 millj. Þær höfðu vaxið um meira en helming á þessu tímabili.

Og hvernig var með vextina? Meðalvextir bænda voru samkv. þessum skýrslum Hagstofunnar 1957 4.1%. En hvað voru þeir í árslok 1963? Þeir voru 5.9%. Þar að auki var svo kominn stofnlánadeildarskatturinn, sem réttast er að bæta við vextina. Ég hef ekki tölur um það, hvað það væri þá mikið, ef það væri talið með vöxtunum, en sennilega ekki undir 10%, sem bændur mega greiða til Búnaðarbankans.

Og þá skulum við líta á, hvað bændur hafa gert, hvað þeir hafa lagt sig fram um það að styðja viðreisnina. Hæstv. landbrh. hefur allan þennan tíma verið að hrópa til bænda: Stækkið þið búin og aukið þið framleiðsluna. Og hvað hafa bændurnir svo haft upp úr öllu þessu striti sínu? Ég sé ekki, að það sé mikið, sem þeir hafa haft upp úr því, og ég hef áður komið hér að því. Ég get gjarnan lesið hér upp þær tölur, hvað bændur hafa lagt mikið á sig fyrir þetta. Þeir lögðu í fjárfestingu á árinu 1961 277.7 millj. kr., og frá ríkinu fengu þeir 30.5 millj. kr. Hæstv. landbrh. og hans fylgifiskar hér á hinu háa Alþ. höfðu nefnilega sett fasta landbúnaðarvísitöluna, og þannig hafði jarðræktarframlagið ekki — fylgt hinni auknu dýrtíð. Það sat fast í fjögur ár. Það voru 30.5 millj. kr., sem ríkið lagði fram á móti þessum 277 millj. Það var allt og sumt, sem það lagði fram. Úr lánasjóðum Búnaðarbankans voru 51.5 millj. og önnur lán, sem bændur fengu á þessu ári, voru 15.1 milljón. En þeir lögðu sjálfir fram, kreistu undan nöglunum á sér, 180.6 millj. til fjárfestingarframkvæmda á þessu ári, 1961. Þannig brugðust þeir við kallinu. Og árið 1962 lögðu bændur í fjárfestingu upp á 285.2 millj., kr. Þeir fengu frá ríkinu 31.2 millj. kr. Það var allt og sumt í framlögum. 64.3 millj. lánaði Búnaðarbankinn, en 85.4 millj. fengu þeir í víxlum og ýmsum lausalánum, en 104 millj. lögðu þeir fram sjálfir. Þeir höfðu þannig dregið ofurlítið af sér á árinu 1962 við það að leggja fram úr eigin vasa. En svo herða þeir á þessu aftur á árinu 1963, þá leggja þeir í fjárfestingarframkvæmdir upp á 388.8 millj. Þá fá þeir frá ríkinu 44.6 millj., úr lánasjóðum Búnaðarbankans 73.4 millj. og önnur lán annars staðar að í víxlum 73.4 millj., og sjálfir leggja þeir fram 197.4 millj.

Vaxtabyrðin hafði aukizt á þessum árum, sem hæstv. landbrh. er alltaf að guma af, hvað hafi verið góð fyrir landbúnaðinn. Vaxtabyrði bændanna var, eins og ég sagði áðan, 4.1% í árslok 1957, meðalvextir, þ. e. a. s. um 16 millj. og 500 þúsund, sem þeir þurftu að borga, en í árslok 1963 þá er búið að hækka þetta um 200%, þá er vaxtabyrðin orðin 48.3 millj. kr. Þetta eru sporin eftir þennan hæstv. landbrh., og svo segir hann hér, þegar rætt er um þau brbl., sem hann hefur sett hér, að þeir, sem séu á móti slíkum lögum, þeir séu að vinna skemmdarverk gegn bændastéttinni. En í ofanálag á allt, sem ég hef hér verið að lýsa, er búið að taka réttinn af bændunum með þessum brbl., sem ég tel að hafi verið alger óþarfi, og þannig líta bændur yfirleitt á.

Hann spyr, hvort ég hafi rætt við forustumenn Stéttarsambands bænda um þessi mál. Hann telur, að þeir séu allir ánægðir. En hvað gerði stjórn Stéttarsambands bænda? Ég veit ekki betur en að hún mótmælti strax brbl. Það var hennar fyrsta verk, þegar gefin höfðu verið út brbl., þá mótmælti hún þeim. Af hverju var hún að því, ef hún hefur verið með í ráðum í þessu

öllu saman? Hann telur, að nál. mitt verði sögulegt plagg, og það tel ég að muni vera alveg rétt. Það er sögulegt plagg, það gefur innsýn í það ástand, sem hæstv. landbrh. og hæstv. ríkisstj. hefur innleitt. Það verður alltaf til sýnis þetta plagg um það, að svo miklu leyti sem það útskýrir það, en það er ekki nema viss þáttur málanna, sem þar er farið inn á. Það hefur engin ríkisstj. hér áður mér vitanlega farið inn á það að svipta bændastéttina samningsrétti. Þetta er sú fyrsta. Þess vegna er þetta plagg sögulegt, það segir frá þessum þætti, og ég er stoltur af því.

Hann segir, að hv. 5. þm. Norðurl. v. (BP) hafi ekki viljað skrifa undir þetta. Nei, hann vildi ekki skrifa undir þetta. Það er helzt að heyra á hæstv. landbrh., að hv. 5. þm. Norðurl. v. sé einhvers konar ráðunautur hæstv. landbrh. og þetta allt saman hafi í raun og veru verið gert í samráði við hann. Það getur vel verið, að þeir eigi einhver launmæli sín á milli um þetta mál stundum, ég skal ekkert segja um það, en svo mikið er víst, að ekki vildi hv. 5. þm. Norðurl.v. skrifa undir neitt nál. með mér. Hann vildi heldur, ef það gæti orðið hæstv. landbrh. til einhvers stuðnings, þá vildi hann vera laus allra mála. Það er náttúrlega eðlilegt, að hæstv. landbrh. þyki vænt um slíkt. Ég skal viðurkenna það.

Eitt af því, sem hæstv. landbrh. ber fyrir sig hér, þegar ég minntist á fundarsamþykkt, sem gerð var norður í Suður-Þingeyjarsýslu, sem bændur í Suður-Þingeyjarsýslu gerðu, þá segir hann, að það sé alvanalegt, að gerðar séu ýmiss konar vitlausar samþykktir á þessum bændafundum. Hann segir: „Það kemur stundum fyrir á bændafundum, að það séu gerðar vanhugsaðar samþykktir.“ Já, það getur vel verið, að þetta sé rétt hjá honum, ég veit ekki um það, ég hygg að bændur yfirleitt vandi til tillögugerðar sinnar. Ég hef a. m. k. vanizt því, þar sem ég er á fundum, að þeir láti sína vitrustu menn fjalla um þau mál. Og ég hef nú aldrei heyrt, að Suður-Þingeyingar væru neinir heimskingjar. Ég veit ekki annað en að það séu menn vel viti bornir og þjálfaðir í félagsmálum, en þó segir hæstv. landbrh., að þetta séu vanhugsaðar samþykktir, sem þeir eru að gera. Og þá hefði ég haldið, að honum fyndist það vanhugsað, sem þeir voru að gera á Egilsstöðum. Þeir samþykktu þar líka um þetta mál, og þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta, það er 2. liður í þeirra samþykkt:

„Fundurinn lýsir mótmælum gegn brbl. landbrh. og lítur á þau sem mjög óvinsamlega og óþarfa valdbeitingu gegn bændastéttinni.“

Þetta hefði ég nú haldið, að hann teldi vanhugsað. Og 3. liðurinn er þannig:

„Fundurinn gerir kröfu til þess, að fulltrúafundur Stéttarsambands bænda verði kvaddur saman sem fyrst. Sá fundur er réttur aðili til að hafa frumkvæði að nýjum ráðstöfunum og starfsreglum í verðlagsmálum bænda.“

Þetta er sjálfsagt vanhugsað allt saman, en mér finnst fyrir mitt leyti sem bónda, að þetta séu ákaflega eðlileg viðbrögð í þessu máli og ekki nema sjálfsögð. Það getur vel verið, að landbrh. reiðist svona samþykktum og telji þær vera vanhugsaðar. Ég vil segja það, þó að ég sé nú enginn stuðningsmaður hæstv. landbrh., að ég vil ætla það, að honum hafi verið sárnauðugt að gefa þessi brbl. út, ég get ekki ímyndað mér annað. Að gefa út brbl. um það, að það sé tekinn samningsréttur af þessari einu stétt í landinu. Hvers vegna var þessi leið valin? Hvers vegna var ekki reynt að semja við stéttarsambandsstjórnina, og ef það var engin leið að komast að samkomulagi við hana í þetta sinn, úr því að svona stóð á, af hverju var þá ekki reynt að koma upp einhverri yfirnefnd til þess að úrskurða í málinu að þessu sinni, þangað til annar grundvöllur hefði verið fenginn?

Ég verð að álíta, að þetta allt saman hafi verið mikið fljótfærnislega gert. Mér dettur ekki í hug, að það hafi verið gert af neinum illvilja, en ég tel, að það hafi verið gert af mikilli fljótfærni, og ég hygg, að hæstv. landbrh. sjái ekki eftir öðru meira en að hafa farið svona að í málinu.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Það eru nú aðeins örfá orð. Hv. 2. þm. Sunnl. (ÁÞ) las hér upp úr blaðagrein og vitnaði í tölur, sem áður hafa nú verið lesnar. Sumar af þessum tölum voru réttar, aðrar voru misjafnlega rétt túlkaðar eða framfærðar, ekki af hv. þm. heldur af þeim, sem að blaðinu stóðu, þeim, sem hafa skrifað þar.

Hv. þm. talar nú um það, að það sé augljósast, hvernig búið hafi verið að bændum síðan núv. ríkisstj. tók við völdum, vegna þess hvað bændunum hafi fækkað mikið. Hann segir, að þeim hafi fækkað um 600 á árunum 1959—1963. Það hafi beinlínis verið flótti úr sveitunum og eingöngu náttúrlega vegna þess, hve illa var að bændunum búið. En sennilega hefur aldrei verið flótti úr sveitunum fyrr, ekki á meðan hv. framsóknarmenn fóru með landbúnaðarmálin. En ég ætla nú ekki að fara út í það, vegna þess að hv. alþm. kunna þessa sögu og þeir vita það, að fólk hefur mikið flutt úr sveitunum, allt síðan um aldamót, en þó ekki minnst á áratugnum 1940—1950 og meira á áratugnum 1950—1960 en frá 1960—1965. Og það er enginn mælikvarði á það, hvort vel er búið að bændum eða illa, þó að bændur hætti að búa. Það er ekki unnt að reka búskap í sveit á gamla vísu eins og áður var gert á jörðum, sem hafa ekki land til ræktunar, á jörðum, sem ekki bera stærra bú en kannske í mesta lagi 100 kindur og 2—3 kýr. Og það er tilgangslaust að vera að tala um það, að bændur séu lægst launaða stéttin í þjóðfélaginu. Þeir verða það meðan mörg hundruð bænda hafa smábú, sem gefa ekki af sér nema nokkra tugi þús. á ári.

Hv. þm. vitnaði í það hér áðan, að 1963 hafi bændur í Norður-Múlasýslu haft að meðaltali 84 þús. kr. tekjur, en bændur í Eyjafirði 150 þús., og af hverju er þetta? Það er vegna þess, að ræktunin í Norður-Múlasýslu er komin miklu skemmra áleiðis en í Eyjafirði, búin eru miklu minni og afkomumöguleikarnir eftir því. Við verðum að sætta okkur við það, þótt jarðir, sem ekki hafa góð skilyrði til búsetu, fari í eyði. Og sannleikurinn er nú sá, að það er oft erfitt að skilgreina, hvað er bóndi. Það eru margir, sem lifa ekki eingöngu á búskap, heldur einnig á því að fara í daglaunavinnu. Og það eru e. t. v. sérstaklega þessir, sem hafa verið á mörkunum, hvort þeir gætu talizt bændur eða ekki, sem hafa gefizt upp við búskapinn og núna, þegar atvinnuástandið hefur batnað, gefið sig að því að stunda atvinnuna, en

ekki vera að skipta kröftunum, þegar þeir bjuggu á jörðum, sem ekki höfðu skilyrði til ræktunar og ekki gátu gefið heimilinu lífsviðurværi. Þetta er þróunin hér eins og annars staðar.

Það, sem hefur gerzt á síðari árum, er það, að það hefur verið lagður grundvöllur að blómlegum búskap með því að auka ræktunina og ýta undir hana. Og það er nú ekki sterkt hjá hv. 2. þm. Sunnl., málflutningur hans, þegar hann fer að tala um ræktunina og hvernig að henni hefur verið búið af núv. ríkisstj. Hv. þm. vitnar í það, að jarðræktarstyrkurinn hafi staðið í stað á vissu árabili. Af hverju var það? Það var af því, að jarðræktarstyrkur hafði verið greiddur árum saman allan áratuginn 1950—1960 og ég held áratuginn 1940—1950 samkv. framfærsluvísitölu. Þegar framfærslukaupgjaldsvísitalan var stöðvuð, stóð jarðræktarstyrkurinn í stað, þangað til ný jarðræktarlög komu, sem hafa leitt til þess, að bændur fá nú greitt miklu meira framlag til ræktunarmála en nokkru sinni áður, og árangurinn lætur ekki á sér standa. Ræktunin hefur orðið alveg gífurleg miðað við það, sem áður hefur verið, og mér finnst það nú kaldhæðni örlaganna, þegar bóndi í einni blómlegustu sveit sunnanlands spyr: Hvað hafa bændurnir haft upp úr því að leggja að sér við að auka framleiðsluna, við að rækta og við að byggja, hvað hafa bændur haft upp úr því, borið úr býtum við það? Þetta er vitanlega fáránleg spurning, vegna þess að það liggur alveg í augum uppi, að þeir, sem hafa ræktað, þeir, sem hafa fylgzt með tímanum og stækkað búin, hafa góða afkomu. Hinir, sem hafa haldið að sér höndum, hafa dregizt aftur úr og það eru þeir, sem eru tekjulágir og draga niður meðaltekjur bændanna yfirleitt, þegar meðaltekjurnar eru teknar. Ég held, að það þurfi ekki að spyrja að þessu, og sjálfur getur hv. þm. svarað fyrir sig, að hann finnur það, að það er önnur afkoma hjá honum, eftir að hann stækkaði búið og jók ræktunina, heldur en meðan hann hafði lítið tún og lítið bú. Þess vegna á ekki að slá svona spurningu fram, vegna þess að hún svarar sér sjálf.

Ég get tekið undir með hv. þm., að við getum þakkað bændum fyrir dugnað, fyrir vinnusemi og framlag þeirra til þjóðarbúsins, og það er þess vegna, sem bændur eiga það skilið að fá viðurkenningu frá stjórnvöldunum á hverjum tíma, að þeirra starf er mikilvægt og framleiðslan, sem hefur um sinn í vissum þáttum aukizt meira heldur en fyrir innanlandsmarkaðinn, svo sem mjólkurframleiðslan. Það er frá mínu sjónarmiði stundarfyrirbæri. Það er stundarfyrirbæri af tveimur ástæðum. Í fyrsta lagi vegna þess, að þjóðinni fjölgar, neytendahópurinn stækkar, og í öðru lagi, að framleiðslunni verður beint meira inn á aðrar brautir, inn á það, sem er ódýrara og heppilegra að flytja út en mjólkurafurðir, og þess vegna er engin ástæða til þess að hafa áhyggjur af því, þó að mjólkurframleiðslan núna um sinn hafi orðið nokkru meiri heldur en æskilegt var. En af hverju er það, þrátt fyrir bændafækkunina? Það er vegna þess, að ræktunin hefur verið aukin og bændur hafa ráðizt í fjárfestingu, keypt sér vélar, byggt ný hús og gert umhirðuna um skepnurnar auðveldari en áður. Það er allt vegna þess, að bændur hafa fylgzt með tímanum, og þeir þurfa ekki að sjá eftir því, þótt þeir hafi ráðizt í slíka fjárfestingu. Svo talar hv. 2. þm. Sunnl. um það, að skuldirnar hafi aukizt hjá bændum og vaxtakostnaðinn. Hvort skyldi það nú vera betra fyrir bændur að hafa aukið skuldirnar um allt að því helming, úr 400 millj. í 800 millj., og stækkað búin og byggt og keypt vélar eða standa í stað með skuldirnar og láta það vera að auka framleiðsluna og rækta og kaupa vélar? Hvort skyldi nú vera betra fyrir bændurna að hafa aukið skuldirnar með þessum hætti eða að standa í stað með skuldir og standa í stað með framkvæmdir og framleiðslu? Þessu þarf ég ekki að svara. Svarið liggur alveg á borðinu.

Hv. þm. talar um það, að Björn Pálsson, hv. þm. Norðurl. v., sé sennilega einhver ráðunautur minn í landbúnaðarmálum og við munum hafa einhverja leynifundi. Ég skal viðurkenna, að það er mjög skaðlegt, að hv. 2. þm. Sunnl. skuli ekki hlusta á flokksbróður sinn, hv. þm. Norðurl. v., því að það er enginn vafi á því, að ef þessi hv. þm. væri tekinn meira til greina í Framsfl. en þetta nál. ber vitni um, sem sennilega meiri hl. allra hv. framsóknarþm. ætlar að fylgja, væri vitanlega afstaða framsóknarmanna á allan hátt miklu skynsamlegri og það er ógæfa þessa flokks, að hann skuli ekki taka það meira til greina, sem sanngjarn og vitur maður eins og hv. þm. Björn Pálsson segir. Og ég er alveg sannfærður um það, að ef hv. framsóknarmenn hlustuðu á þennan vitra þm., væri svona plagg, eins og hér er á þskj. 104, ekki fyrir hendi hér í sölum Alþ.

Hv. þm. telur, að ég muni hafa gefið þessi brbl. út nauðugur. Þetta er ekki rétt. Ég hefði vitanlega helzt viljað, að það hefði orðið samkomulag um verðlagninguna á s. l. hausti, eins og oft áður, og að sex manna n. hefði getað starfað með eðlilegum hætti. En úr því að svo var ekki, var engin ástæða til þess að gera það nauðugur að gefa út brbl., sem tryggja bændunum fullt verð og fara hinn rétta meðalveg, sem gefur bændunum fulla uppbót á kostnaði vegna launahækkana og hækkunar á rekstrarliðum, en íþyngir neytendunum ekki umfram það, sem eðlilegt er vegna nauðsynlegra hækkana. Og þess vegna er það, að ég var ekkert nauðugur í því að gefa út brbl., úr því að til þess þurfti að koma.

Hv. þm. talar um það, að það hefði mátt semja við bændurna. Ef það hefði ekki tekizt, hefði mátt setja á yfirnefnd. En setjum nú svo, að það hefði verið gert, þá hefði vitanlega þurft til þess brbl., og ég er sannfærður um það, að þótt sá háttur hefði verið á hafður, hefði hv. 2. þm. Sunnl. mótmælt því og talið, að það væri erfitt fyrir bændur að hlíta slíkri þvingun, sem af gerðardómnum leiddi. Og það er engin ástæða til þess að ætla það, að hlutur bænda hefði orðið nokkuð betri, þótt svoleiðis yfirnefnd hefði kveðið upp úrskurð um verðið, en eins og hér var gert, þegar miðað er við fullar bætur almannatrygginga, sem miðast við fullar bætur á aukinni dýrtíð.

Ég sé svo ekki ástæðu til að orðlengja þetta meira. Hv. 2. þm. Sunnl. hefði alveg jafnt snúizt gegn brbl., sem voru byggð á yfirnefnd, eins og hann orðaði það, eins og þessum l., sem hér er um að ræða, því að það er nú þannig með suma stjórnarandstæðinga, að það er eins og þeir telji sig tilknúna að snúast gegn flestu, sem ríkisstj. kemur við. En hagsmunir bænda eru það mikils

virði frá mínu sjónarmiði, að mér finnst a. m. k., að þeir, sem eru í bændastétt og telja sig sérstaka málsvara þeirra, ættu ekki að vera að kasta á milli sín því, sem getur beinlínis orðið umbjóðendunum til skaða. Og það er enginn vafi á því, að það hefði verið sæmra fyrir hv. 2. þm. Sunnl., sem hefur skrifað þetta nál., sem hér er að umtalsefni, að hafa sömu afstöðu og flokksbróðir hans, hv. þm. Norðurl. v. (BP) hefur.

Frsm. 1. minni hl. (Ágúst Þorvaldsson): Herra forseti. Ég þarf nú litlu við það að bæta, sem ég áðan sagði, því að það, sem hæstv. landbrh. sagði nú í sinni seinni ræðu, var þannig, að það var meira endurtekning á því, sem hann áður hefur sagt, svo að ég þarf litlu af því að svara. Þó sagði hann síðast, að mér væri nær að fylgja ríkisstj. að málum um þessi brbl., eða mér skildist það, en að hafa þá afstöðu, sem ég hef, því að það gæti orðið umbjóðendum mínum til skaða, bændastéttinni. Ég vildi fá nánari skýringu á því, hvað hæstv. ráðh. meinar með þessu. Getur það orðið stétt minni til skaða, bændastéttinni, að ég hef hér á hinu háa Alþ. heimtað það, að hún fái að hafa sama rétt og aðrar stéttir, og ég hef gagnrýnt það, að samningsréttur inn hefur verið tekinn af henni um stundarsakir a. m. k., hvað sem til frambúðar verður? Getur það orðið stétt minni, bændastéttinni, til skaða? Hvernig ber að skilja þessi ummæli hæstv. ráðh.? Ég vildi fá skýringu á þessu. Ég hefði haldið það, og ég hef skilið mína afstöðu og flokksbræðra minna þannig, að við værum að verja rétt bændastéttarinnar, eins og við viljum verja rétt annarra stétta í landinu um það að hafa frelsi til samningsgerðar um sín málefni. Við ætlumst ekki til þess, að nein ein stétt eigi að komast áfram með allt, sem henni dettur í hug. En við ætlumst til þess, að hver stétt hafi frelsi til þess að reyna að semja um mál sín, bændastéttin alveg eins og aðrar stéttir. Og svo mikið er víst, að þegar kaupbindingarfrv. var hér á ferðinni um árið, treysti hæstv. ríkisstj. sér ekki til annars en að draga það til baka, af því að hún fann, að hún var þar með mál á ferðinni, sem var ranglæti, það var ranglæti, og eins er með þetta mál, það er ranglæti, og þess vegna getur það ekki að mínum dómi skaðað bændastéttina, að ég og aðrir reyni að berjast á móti því, að hún sé svipt samningsrétti með brbl.

Um skuldirnar, sem ég var að tala um hjá bændum, er það að segja, að það er ákaflega eðlilegt, að menn auki skuldir sínar, þegar þeir verja miklu fé til framkvæmda, og það er ekkert nema gott um það að segja, ef þessar framkvæmdir og það, sem gert hefur verið fyrir fé, sem tekið er til láns, er söluhæft. En hvernig er með jarðir bænda núna og þeirra framkvæmdir í sveitum landsins? Hvaða verð er á jörðum, og hvaða verð er á húsum í sveitum núna? Ég veit ekki betur en að gamlir og grónir bændur fái í raun og veru ekkert fyrir jarðir sínar, þegar þeir fara í burtu. Þeir geta selt bústofninn á gangverði, og svo verða þeir að láta jarðirnar, ja, annaðhvort fyrir ekki neitt eða sama og ekki neitt, þykjast góðir, ef þeir geta losnað við þær fyrir það, sem á þeim hvílir. Þetta er bara staðreynd, sem ég veit, að hæstv. landbrh. þekkir alveg eins vel og ég. Það er ekki nema ein og ein jörð, sem selst fyrir sæmilegt verð. Þetta er af því, að fólkið hefur ekki trú á að fara í sveitina, því miður.

Ég er sama sinnis og hæstv. landbrh. um það, að það verður ekki nema um takmarkaðan tíma, sem þessi afgangur verður af framleiðsluvörunum, það verður ekki nema um takmarkaðan tíma. Bráðum kemur sennilega að því, að okkur vantar mjólkurafurðir í landinu, ef svo heldur fram sem nú horfir. Mér er vel kunnugt um, að á Suðurlandi t.d. hafa verið tæmd mörg fjós nú á þessu hausti, allar kýrnar drepnar og fjósin standa tóm, og ef þessu heldur áfram, þá verður auðvitað ekki langt í það, að það verður skortur á mjólkurvörum. Mér heyrist hæstv. landbrh. segja, að þetta sé vitleysa. Ég gæti nefnt nokkuð mörg dæmi um þetta, og auðvitað er þetta af því, að menn hafa ekki trú á þessum atvinnuvegi. Og svo vil ég bæta við: Hvaða vit er í því fyrir einn bónda að stækka svo mikið og auka svo mikið bú sitt, að hann ráði ekkert við það? Ekki getur landbúnaðurinn keppt við aðra atvinnuvegi um vinnuafl. Ég hygg, að hæstv. landbrh. verði að játa það. Og ég hef þann kunnugleika á högum bænda, mér er ósköp vel kunnugt um það, að fjöldi þeirra er þannig settur, að þeir mega aldrei upp líta og eru búnir að slíta sér löngu fyrir aldur fram. Við verðum að líta á þessa aðstöðu, og ég álít, að það sé skylda hins háa Alþ. að taka þessi mál til gaumgæfilegrar íhugunar, því að ekki má íslenzka þjóðin missa bændastéttina. Það getur ekki verið, að nokkur Íslendingur sé þeirrar skoðunar. Það væri mjög vanhugsuð ályktun, ef einhver hefði slíkt í höfðinu. Við verðum að hafa bændastéttina til þess að yrkja jörðina og framleiða matvæli handa okkur.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að vera hér með lengri ræðuhöld um þetta mál og skal láta máli mínu lokið.

Frsm. meiri hl. (Jónas Pétursson): Herra forseti. Vegna þess að það eru hér æ ofan í æ hafðar uppi fullyrðingar um það, að með brbl. þessum hafi verið tekinn samningsréttur af bændum, með brbl. s. l. haust, sé ég mig eiginlega knúinn til þess að fara um þetta nokkrum orðum frekar. Ég þóttist nú gera nokkuð grein fyrir því í þeim fáu orðum, sem ég sagði við framsögu nál. hér, að þetta væri hinn mesti misskilningur. En ég vil nú með leyfi hæstv. forseta lesa hér upp stuttan kafla úr yfirlýsingu frá stjórn Stéttarsambands bænda, sem hún gaf út 14. sept. 1965, en þar segir svo:

„Stjórnin (þ.e. stjórn Stéttarsambandsins) vill minna á, að bændastéttin var um langt árabil eina stétt þjóðarinnar, sem sætti sig við gerðardóm eða úrskurð yfirnefndar um kjör sín í hvert sinn, sem ekki náðust samningar í 6 manna nefnd.“ Einmitt þannig stóð á s. l. haust, eða það gilti alveg það sama, þegar 6 manna n. varð óstarfhæf, — þessu skýt ég hér inn í. „Stéttarsambandið og Framleiðsluráð landbúnaðarins var enn reiðubúið að láta afurðaverðið ganga til úrskurðar í yfirnefnd, ef hún yrði gerð virk með brbl. Ósk um það var borin fram við landbrh. með bréfi, dags. 31. ágúst s.l. Í viðræðum, sem fram fóru milli landbrh. og stjórnar Stéttarsambandsins, lýsti hann sig fúsan til að leysa málið með þessum hætti, ef hægt væri að skipa yfirnefndina sömu mönnum og 1963. Leið nokkuð á aðra viku, og hafði stjórnin ríka ástæðu til þess að ætla, að þessi leið til lausnar málsins yrði valin, þ.e. með því að

gera yfirnefndina frá 1963 virka til þess að ákveða verðið."

Ég verð að segja það, að það er með engu móti hægt að halda því fram, að með þeirri lausn hafi bændur eftir sem áður haft samningsrétt. Þeir hafa hingað til alltaf haldið því fram, eins og kemur fram einmitt í upphafi þessa, sem ég las, að þeir hafi alltaf verið reiðubúnir að sætta sig við úrskurð yfirnefndar, ef samningaleiðin var ekki fær. Það er viðurkennt, að hún var ekki fær s.l. haust, og þá var ekki heldur annað fyrir hendi en einhvers konar úrskurður, og stjórn Stéttarsambandsins var búin að samþykkja vissa aðferð við þennan úrskurð. Það náðist ekki að fara þá leið, en eftir sem áður hlaut úrskurður að falla um verðið, eins og líka var gert samkv. brbl. Það er þess vegna alveg furðulegt að heyra því haldið fram hvað eftir annað, æ ofan í æ, að samningsréttur hafi verið tekinn af bændum með brbl. s.l. haust. Hvaða samningsrétt áttu þeir, hvaða möguleika áttu þeir til samninga, eftir að 6 manna n. var orðin óvirk? Það væri ástæða til þess að spyrja um svar við þessu. Þess vegna sagði ég áðan, að það væru í raun og veru mjög óskynsamlegar allar umr. og deilur um þetta mál. Ég segi það enn.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Auðvitað var tekinn samningsréttur af bændum í haust með brbl., réttur, sem þeir hafa áður haft, og breytir engu um það þessi aths. frá hv. 3. þm. Austf., sem hér kom fram.

En það var annað atriði hér, sem mig langaði að minnast á. Í brbl. segir, að breytingar til hækkunar á tekjum bænda skuli miðast við hækkun, sem verður á bótaupphæðum almannatrygginga. Ég held ég muni það rétt, að við 1. umr. þessa frv. hafi hæstv. landbrh. verið spurður að því, hvers vegna ríkisstj. hefði sett þetta ákvæði, hvers vegna þessi nýi háttur hefði verið upp tekinn að miða við bótaupphæðir almannatrygginga, en fylgja ekki þeirri venju, sem áður var og var í l., að tekjur bænda skyldu breytast eftir tekjum annarra vinnandi stétta í landinu? Ég hef aldrei orðið var við það, að komið hafi nokkurt svar við þessari einföldu spurningu frá hæstv. ráðh., og ég vil því leyfa mér að endurtaka hana og fara fram á, að hann gefi skýringu á þessu. Hann ætti ekki að þurfa mörg orð til þess. Gæfi skýringu á því, hvers vegna þarna var breytt þessum viðmiðunargrundvelli. Hvers vegna á að hætta að miða við tekjur annarra vinnandi stétta og fara í staðinn að miða við bótaupphæð almannatrygginganna? Ég vildi nú vænta þess, að hann sæi sér fært, hæstv. ráðh., að gefa gagnorða og glögga skýringu á þessu.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 26. fundi í Nd., 7. des., var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 19:13 atkv.
2. — 3. gr. samþ. með 17:12 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18:10 atkv.

Á 27. fundi í Nd., 9. des., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 20:16 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: AJ, BGr, BF, BBen, DÓ, EI, RG, GuðlG, GunnG, GÞG, IngJ, JóhH, JP, JR, MB, PS, OA, SI, ÁP, SB.
nei: ÞÞ, ÁÞ, EðS, EÁ, EOl, EystJ, GeirG, GíslG, HS, HV, IG, JSk, LJós, IRH, SE, SkG.
PB greiddi ekki atkv.
3 þm. (BFB, HÁ, SÁ) fjarstaddir.
Frv. afgr. til Ed.

Á 25. fundi í Ed., s.d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 73. fundi í Ed., 28. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér er um að ræða, er flutt til staðfestingar á brbl., sem voru útgefin 11. sept. 1965. Frv. fékk afgreiðslu í Nd., en hefur legið fyrir þessari hv. d. að ég ætla síðan fyrir áramót. Má því segja, að nú á síðustu dögum þingsins sé mál til komið að taka frv. fyrir, því að eðlilegast er, að það fái þinglega afgreiðslu og brbl. verði staðfest af hv. Alþ., enda þótt annað frv. hafi verið afgr. hér í þessari hv. d. og talið líklegt, að það verði lögfest í hv. Nd., frv., sem fjallar um verðlagningu landbúnaðarafurða.

Þessi brbl. áttu ekki að gilda nema til eins árs, og má því segja, að þau hafi lokið verkefni sínu, ef það frv., sem ég áðan nefndi, verður lögfest nú á þessum næstu dögum, en eigi að síður er eðlilegt, að brbl. verði staðfest.

Brbl. voru rædd mikið á s.l. hausti. Þá var einnig mikið um þau skrifað. Hv. dm. er þess vegna kunnugt um, hvað hér er um að ræða, og ég sé því ekki ástæðu til að svo stöddu að fara að lýsa þessu frv. eða l. í heild, nema sérstakt tilefni gefist til að ræða þessi mál, sem brbl. ganga inn á, og ég held þess vegna, herra forseti, að ég um sinn leggi aðeins til, að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. landbn.

Ásgeir Bjarnason: Herra forseti. Það er rétt, sem hæstv. landbrh. gat um, að þetta hafi legið hér fyrir hv. þd. það sem af er þessu ári og nokkru betur, og það er tekið fyrir nú á kvöldfundi undir þinglokin. Ég verð að segja það, að mér finnst þetta ekki vera heppileg vinnubrögð að taka mál svona seint fyrir, sem var vitað mál, að átti að afgreiða, og virðist oft hafa verið betri tími til þess en nú á þessum síðustu dögum þingsins. Mér finnst slík vinnubrögð sem þessi vera mjög vítaverð, og vil ég þó ekki víta hæstv. forseta d., því að ég ætla, að hann hafi ekki þessu ráðið.

Þótt þessum brbl. sé ekki hugað líf nema til næsta hausts, eftir því sem hæstv. landbrh. upplýsti, finnst mér samt sem áður vera ástæða til að segja örfá orð við þessa umr. málsins, enda þótt n. eigi um málið að fjalla. En sem kunnugt er, eru það þrjár meginstoðir, sem þetta frv. er byggt á, og vil ég minna á þessi þrjú atriði málsins, vegna þess að ég tel, að ekki neitt þeirra sé hagstætt bændastéttinni. Það er í fyrsta lagi, að þessi brbl. taka allan samningsrétt af bændum og gera samtakamátt þeirra óvirkan, þar sem Stéttarsamband

bænda var svipt samningsrétti sínum með þessari löggjöf, og hafði því engin áhrif á heildarkjör bændastéttarinnar fyrir yfirstandandi verðlagsár. Þá er í öðru lagi slegið föstu í þessum brbl., að verðlagsgrundvöllurinn, sem samið var um haustið 1964, sé það góður og hagstæður bændastéttinni, að það væri óhætt að byggja ofan á hann framvegis. Og ennfremur hafa þessi l. það í sér, að Hagstofa Íslands skuli reikna út verðlagið eftir þar til settum reglum. Ekki má taka tillit til neinnar aðstöðubreytingar hjá bændastéttinni, hvorki varðandi verðlag, framleiðsluhætti né það, hverjir möguleikar væru á því að selja landbúnaðarframleiðsluna. Fram hjá þessum atriðum er gengið í þessum brbl. Í þriðja lagi er því slegið föstu í l., að kaup bóndans og verkamanna hans megi ekki hækka meira en elli- og örorkulífeyrisþegar kunna að fá í hækkun, samkv. heimild í l. nr. 20, sem sett voru á Alþ. fyrir um það bil ári. Sem sagt, bændurnir eiga að fá þarna hliðstæða hækkun og elli- og örorkulífeyrisþegar, hvað sem öðrum kauphækkunum kann að líða í landinu.

Af framangreindum ástæðum mótmæli ég þessum brbl. og minni í því sambandi á ummæli stjórnar Stéttarsambands bænda, sem birt eru í búnaðarblaðinu Frey og er dags. 14. sept. 1965, en þar segir með leyfi hæstv. forseta:

„Stjórn Stéttarsambands bænda mótmælir þeirri réttarskerðingu, sem felst í brbl. Hún hlýtur að skoða l. sem neyðarráðstöfun til skamms tíma og mun beita áhrifum sínum af öllu afli Stéttarsambandsins til að fá að nýju lögfestan rétt til að hafa áhrif á kjör bænda og ekki minni en það hefur haft að undanförnu samkv. ákvæðum brbl."

Ég ætla mér ekki að þessu sinni, nema sérstakt tilefni gefist til, að ræða þetta frv. nú, þar sem kostur gefst á að fjalla um það í nefnd.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð vegna þeirra ummæla, sem hv. 1. þm. Vesturl. (ÁB) viðhafði um brbl. Það má nú kannske teljast eðlilegt, að hv. þm. finnist fara vel á því að mótmæla brbl., eins og flokksbræður hans gerðu í hv. Nd. Það fer kannske vel á því, að það sé gert, en ósköp hafa nú þessi mótmæli haft lítinn sannfæringarkraft að baki sér, bæði hjá hv. þm. og öðrum, sem hafa verið að mótmæla. Hv. þm. vitnar hér í mótmæli Stéttarsambandsins, þar sem það harmar það, að samningsrétturinn var tekinn af bændum, þar sem Stéttarsambandið áréttar það, að það sé nauðsynlegt og sjálfsagt að vinna að því að fá samningsréttinn aftur. Þetta er allt saman rétt, en Stéttarsambandið og fulltrúar bænda vissu vel, hvað var að gerast á s.l. hausti og höfðu nú ágætan skilning á því, að það var ekki önnur leið fyrir hendi en sú, sem farin var með setningu brbl. Og ég er dálítið undrandi yfir því, þegar hv. Framsóknarþm. eru að tala í ádeilutón til ríkisstj. fyrir það, að samningsrétturinn hafi verið tekinn af bændum, rétt eins og ríkisstj. hafi tekið samningsréttinn af bændum á s.l. hausti, rétt eins og ríkisstj. hafi gert 6 manna nefndar l. óvirk. Og það gengur dálítið illa að fá suma hv. þm. Framsfl. til þess að viðurkenna það, að með brotthlaupi fulltrúa Alþýðusambandsins voru verðlagningarl. óvirk og ónýt. Alþ. var ekki starfandi á þessum tíma. Hvernig var hugsanlegt að leysa þetta öðruvísi en með brbl.? Hvernig var hægt að láta bændur fá þennan samningsrétt, sem talað er um, eins og komið var? Hvernig var hægt að fylla þetta skarð á s.l. hausti, eins og í pottinn var búið? Ég held, að hv. 1. þm. Vesturl. hafi nú áttað sig á þessu, og ég held, að í hjarta sínu telji hv. 1. þm. Vesturl. ekki eðlilegt að deila á ríkisstj. fyrir það, hvernig málin voru leyst. Hitt er svo rótgróinn vani, að deila á ríkisstj., jafnvel þótt sæmilega sé að unnið, eins og nú var gert.

Bændur almennt viðurkenna, að verðlagningin á s.l. hausti hafi miðað við aðstæður tekizt ágætlega, og bændur hafa unað því verði, sem þeir fengu, og sem betur fer tekst það að þessu sinni að borga grundvallarverðið, þótt útlitið væri ekki gott á tímabili, hvað þetta snerti.

Ég held nú, að það sé alveg óþarft fyrir hv. 1. þm. Vesturl. að tala um ósæmileg vinnubrögð, þótt það hafi dregizt að taka þetta mál fyrir til umr. Hv. þm. veit, að það var verið að vinna að lausn þessa máls, þannig að það væri ekki tjaldað aðeins til einnar nætur, og brbl. koma ekki til með að gilda til næsta hausts, eins og hv. þm. sagði, ef hitt frv. verður samþ. núna á þessum dögum, því að það tekur þegar gildi, eftir að það hefur verið samþ., og þá gilda brbl. ekki eftir að þau l. hafa tekið gildi. Þá verður 6 manna n. strax sett á rökstóla, og það verður 6 manna n., sem reiknar út þær hækkanir, sem kunna að verða af dreifingarkostnaði á þessu vori, en ekki sú þriggja manna n., sem brbl. hafa falið að annast það. Brbl. falla úr gildi um leið og hin l. taka gildi. En þetta er nú aðeins til leiðbeiningar, en skiptir ekki meginmáli.

Hv. þm. talar um þrjá punkta eða þrjár stoðir, sem brbl. hvíla á, og það er þetta, að samningsrétturinn var tekinn af bændum með brbl., sagði hv. þm. Þarna er um reginmisskilning að ræða. Bændur höfðu ekki lengur aðstöðu til þess að semja, eftir að framleiðsluráðsl. voru gerð óvirk á s.l. hausti, og það var ekki ríkisstj., sem gerði þau óvirk. Ríkisstj. gerði það mögulegt að verðleggja vöruna samkv. brbl., eftir að þau voru gerð óvirk, og hafi samningsrétturinn verið tekinn af bændum, var það með því að gera l. óvirk. Ég vil aðeins taka fram, vegna þess að hv. þm. sagði þessi ótrúlegu orð hér áðan, að samningsrétturinn hefði verið tekinn af bændum með brbl.: Það er rétt, bændur sátu ekki við samningsborð við útgáfu þessara brbl., eins og þeir höfðu gert áður, enda þótt mikið hafi verið við þá rætt, áður en l. voru gefin út. Ég segi ekki meira.

Þá er hv. þm. undrandi yfir því, að það skyldi hafa verið byggt á óbreyttum grundvelli verðlagsins frá 1964. Það var 1964, sem 6 manna n. kom sér saman, fullt samkomulag varð á milli framleiðenda og neytenda, og við verðum að ætla, að verðgrundvöllurinn 1964, sem fullt samkomulag var um, hafi ekki verið sérstaklega óhagstæður bændum. Við verðum að ætla, að sá grundvöllur hafi verið í aðalatriðum sanngjarn, úr því að allir aðilar voru sammála um hann. Og hvað var það þá, sem hægt var að byggja á, eftir að framleiðsluráðsl. voru orðin ónýt, annað en samkomulagið, sem gert var árið áður? Færa þann grundvöll fram með þeim breytingum, sem höfðu orðið á verðlagi á rekstrarvörum og kaupi. Þegar menn skoða þetta mál á

sanngjarnan hátt, verður vitanlega alls ekki með rökum hægt að finna að þessari aðferð. Þetta var sú eina rétta aðferð, sem hægt var að nota, eins og málin stóðu.

Og þá er að því fundið, að kaup bóndans eigi að hækka í samræmi við það, sem elli- og sjúkrabætur hækka. Þetta finnst mér nú ekki vera aðfinnsluvert fyrir hönd bænda, vegna þess að sjúkra- og ellibætur eru greiddar að fullu samkv. vaxandi dýrtíð. Það var vitað, að þegar l. voru gefin út, mundi ríkisstj. nota þá heimild, sem er í l., til þess að greiða fullar elli- og sjúkrabætur í samræmi við dýrtíðina. Með því að miða við þetta fengu bændur tryggingu fyrir fullri hækkun samkv. dýrtíðinni. Og það var ekki hægt að búa betur um hnútana til þess að tryggja bændur á sanngjarnan hátt, og vitanlega hafa bændur fengið inn í verðlagið þær kauphækkanir með þessu móti, sem orðið hafa.

Ég hef nú ekki ástæðu til þess að segja meira um þetta mál í tilefni af ræðu hv. 1. þm. Vesturl., ekki í þetta sinn, en við eigum vonandi eftir að tala oft saman, bæði um verðlagsmál landbúnaðarins, landbúnaðarmál almennt o.s.frv. Og þótt ég sé nú svona nokkuð bjartsýnn, dettur mér ekki í hug að ætla það, að við verðum alltaf jafnmikið sammála og þegar við vorum að ræða um frv. um breyt. á framleiðsluráðsl. hérna fyrir nokkrum dögum. Það getur nú batnað samkomulagið, þó að það verði ekki alveg nákvæmlega eins og það var þá.

Ásgeir Bjarnason: Herra forseti. Hæstv. landbrh. hefur flutt hér tvær ræður. Í fyrri ræðu sinni sagði hann það, að raunverulega giltu þessi brbl. til hausts. Í síðari ræðunni sagði hæstv. ráðh., að skeið þessara brbl. væri á enda um leið og það frv., sem liggur fyrir hv. Alþ. um breytingar á framleiðsluráðsl., öðlaðist gildi. Vera má, að hvort tveggja sé satt, að í hvoru tveggju felist nokkur sannleikur. Í fyrsta lagi liggur það ljóslega fyrir, að sá grundvöllur, sem verðlagið var byggt á s.l. haust, gildir til haustsins 1966, þar til búið er að semja nýjan grundvöll, og hvort breytingarnar, sem fram kunna að koma á verðlaginu hér eftir til hausts, eru reiknaðar samkv. brbl. eða þeim nýju l., sem kunna að koma, er það útreikningur, sem ég hygg, að í aðalatriðum verði nokkurn veginn sá sami, vegna þess að grundvöllurinn, sem fyrir er, verður sá sami.

Það er eitt, sem ég vil vekja athygli á í sambandi við ræðu hæstv. ráðh., og ég vonast eftir, að hann eigi eftir að standa við, ef það skyldi rétt reynast. Hann sagði, hafi ég tekið rétt eftir, að það lægi ljóslega fyrir nú, að bændur mundu fá grundvallarverð sitt fyrir afurðirnar á verðlagsárinu 1965 og 1966. Mér þykir vænt um að heyra þetta, og ég vonast til þess, að ef eitthvað kunni að vanta á þetta síðar, sjái hann svo um, hafi hann ráð til, að bændurnir fái uppborið það, sem á kann að vanta. Það er sannarlega gott að fá þessar upplýsingar hjá hæstv. ráðh., og þakka ég honum fyrir það, og af því að hann hefur það orð á sér að standa við það, sem hann segir, vona ég, að hann standi einnig við þetta.

Þá ræddi hæstv. ráðh. lagasetninguna nokkuð og hélt því fram, að það hefði ekki verið ríkisstj., sem hefði tekið samningsréttinn af bændum. Það kann vel að vera, að frumkvæðið að því, að það var ekki hægt að semja, megi rekja til gerða Alþýðusambands Íslands. Hins vegar vil ég benda hæstv. ráðh. á það, að ýmislegt kom til greina að gera, þegar þurfti að gefa út brbl. Það var ýmislegt annað, og það veit ég, að hæstv. landbrh. er vel ljóst, að það mátti hafa brbl. með ýmsum öðrum hætti en raun varð á. Og ég veit, að hæstv. ráðh. er kunnugt um, að stjórn Stéttarsambands bænda hafi lagt það til, að gerðardómurinn (yfirdómurinn) yrði gerður starfhæfur, að brbl. fjölluðu um það, að það yrði yfirdómurinn, sá gerðardómur, sem gilt hefur, sem yrði gerður starfhæfur, og það væri sá aðili, sem síðast fjallaði um verðlagið til bænda. Ég býst við því, að ýmsar aðrar leiðir hefðu komið til greina, þegar um útgáfu brbl. var að ræða. Það liggur bara ekki fyrir hér að ræða um það, vegna þess að við ræðum nú um það, sem gert var, og annað ekki.

Ég skal ekkert um það segja, hvernig hin nýja löggjöf kann að verka fyrir bændastéttina. En ég get endurtekið það, sem ég sagði fyrir nokkru hér í hv. Alþ., að ég vonaðist til þess, að sú löggjöf ætti eftir að rétta verulega við hag bændastéttarinnar.

Mér finnst, að það liggi nokkurn veginn í augum uppi nú og það kannske miklu oftar en nokkru sinni hefur áður verið, að bændastéttin þarf á meiri stuðningi hins opinbera að halda á komandi árum en hún hefur þurft. Og það er margt, sem því kann að valda. Það er í fyrsta lagi það, að ekkert hefur verið gert, ekki nokkur skapaður hlutur verið gerður á undanförnum árum til þess að tryggja þeim fjármagn, sem eru að hefja búskap. Og það eru býsna margir ungir menn, sem gjarnan vildu hefja búskap, ef þeir hefðu nægilegan tilstyrk til þess. En þau frv., sem flutt hafa verið um þessi efni hér á hv. Alþ., hafa síður en svo mætt stuðningi hæstv. núv. ríkisstj., og harma ég það, jafnágæt sem stjórnin álítur sig vera, skuli hún ekki hafa haft sinnu á því að reyna að bæta hag þeirra ungu manna og styrkja þá til þess að taka við byggðum býlum í landinu, en horfa á í þess stað mörg glæsileg býli fara í eyði eða vera lítið nytjuð. Þarna er óbrúað bil í íslenzkri löggjöf og núv. ríkisstj., sem hefur hælt sér af að bæta efnahag þjóðarinnar á allan hátt, hefur ekki á þennan hátt neitt bætt, nema síður sé. Þarna hefur bilið, sem á milli er, sífellt breikkað með hinni ört vaxandi dýrtíð, sem raun ber vitni um í öllum sköpuðum hlutum hér á landi.

Í öðru lagi vil ég benda á það, að þær framkvæmdir, sem eru á döfinni hjá því opinbera nú, hljóta að hafa sín áhrif á landbúnaðinn ekki síður en aðra atvinnuvegi, vegna þess að fjármagnsskorturinn í landbúnaðinum hlýtur að vera það mikill samanborið við hjá öðrum aðilum, að hann verður ekki samkeppnisfær. Það þýðir ekki að tala um neitt vinnuafl, en bændurnir sumir hverjir munu áreiðanlega hugsa sig um tvisvar, hvort þeir eigi að vera að slíta sér út fyrir lítinn pening á sama tíma og þeir geta séð sér og sínum fyrir öruggu framfæri á léttari hátt en margir hverjir bændur verða að sjá sér og sínum farborða nú. Þetta á eftir að segja sína sögu, og ég er viss um það, að þær gerðir ríkisstj. nú, bæði með álverksmiðjuna og framkvæmdir í Hvalfirði og miklar framkvæmdir varðandi virkjun Þjórsár, sem ég tel vera mjög nauðsynlegar, en hefði kannske mátt haga á annan veg, ef ekki hefði verið ráðizt í stóriðju, — ég tel, að þetta allt eigi eftir að segja sína sögu, og

bændastéttin, sem hefur löngum átt erfitt með að keppa við aðra atvinnuvegi í ört vaxandi dýrtíð, á það miklu lakar hér eftir. Og ef ekki eru gerðar sérstakar ráðstafanir til þess að bæta hag þeirra, sem vilja hefja búskap nú, á hæstv. landbrh. eftir að sjá víða rjóður í skógi, þar sem nú eru glæsileg tré.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Það er nú aðallega bara eitt atriði, sem ég tel ástæðu til þess að leiðrétta. Ég fullyrti ekki áðan, að bændur mundu fá fullt grundvallarverð fyrir verðlagsárið 1965—1966. Ég sagði hins vegar, að bændur hefðu fengið fullt grundvallarverð til þessa, og nú hjá Mjólkursamsölunni í Reykjavík, sem hefur mjólk frá svæðinu austan af Síðu og vestur til Breiðafjarðar, varð útkoman sú, að það var borgað fullt verð, og það eru 4 mánuðir af þessu verðlagsári, 1965—1966. Hitt er vitanlega allt of fljótt að fullyrða nú, að það náist fullt verð fyrir allt verðlagsárið. Því vil ég ekki taka ábyrgð á. Hins vegar vil ég vona það bezta í þessum efnum. Ég vil vona það bezta, að það náist sem mest verð og það takist að selja fyrir betra verð en áður þær vörur, sem við flytjum út. Það hefur ákaflega mikið að segja. Þetta tel ég ástæðu til þess að leiðrétta, ef hv. þm. hefur misskilið það áðan, en ég held, að ég hafi nú ekki sagt það þannig, að það væri bein ástæða til þess. Það leiðréttist hér með. Ég vona það bezta og vek athygli á því, sem ég sagði áðan í sambandi við mjólkina, að hér sunnanlands a.m.k. hefur verið borgað fullt mjólkurverð, og það eru 4 mánuðir af þessu verðlagsári, sem búið er að gera upp.

Ég ætla nú ekki að fara að tefja málið frá n. í kvöld með því að ræða um búskapinn og það, hvað núv. ríkisstj. hefur verið treg á að samþykkja frv. Framsóknarmanna, sem hafa miðað að því að bæta aðstöðu frumbýlinga og bændastéttarinnar í heild. Það er rétt, þessi frv. hafa ekki verið samþ., og frv. í þessa átt voru ekki flutt fyrr en núv. ríkisstj. kom til starfa, en ég held, að það verði nú ákaflega erfitt að halda því fram, að það hafi verið sérstaklega illa búið að landbúnaðinum síðustu árin, og vitnar þar mest um sívaxandi framleiðsla, enda þótt fólkinu hafi fækkað, sem að framleiðslustörfunum vinnur. Og aukning framleiðslunnar byggist á aukinni vélvæðingu, vaxandi tækni og stóraukinni ræktun, og það hefur gerzt vegna þess, að fjármagn hefur fengizt til þess fyrir dugnað og hagsýni bændanna, sem náttúrlega ræður langmestu þar um, en mér dettur ekki í hug að segja, að ekki mætti betur gera. Mér dettur ekki í hug að fara að fullyrða það og segja: Það er búið að tryggja bændum svo mikið lánsfé, að það er ekki þörf á meiru. En við skulum líta á þessi mál á raunhæfan hátt. Við skulum viðurkenna það, að í lánasjóðum landbúnaðarins hefur alltaf verið fjárskortur síðan ég man eftir mér, og hef ég haft það svona öðrum þræði að atvinnu að taka lán úr þessum sjóðum s.l. 30 ár, tekið marga tugi lána á hverju ári, kannske yfir hundrað stundum sum árin. En það hefur alltaf vantað fjármagn og alltaf orðið að skera niður, en síðari árin hefur þetta fjármagn verið aukið og útlánin farið hækkandi ár frá ári og Stofnlánadeild landbúnaðarins byggist ört upp og verður innan fárra ára traust stofnun og lífakkeri landbúnaðarins. En gjarnan mætti útvega veðdeildinni og stofnlánadeildinni meira fé, og ég vil gjarnan vekja athygli á því, að stofnlánadeildina eða Búnaðarbankann vantar ekki heimildir til þess að lána í allt, sem að landbúnaðinum lýtur. Það vantar ekki löggjöf. Stofnlánadeildin getur lánað í alla þætti landbúnaðarins, aðeins ef hún hefur fé, og það er fjármagnið, sem þarf að útvega eftir beztu getu á hverjum tíma, og þess þarf með, hverjir sem eru í stjórn. Það koma ekki ótæmandi fjársjóðir, sem hægt er að ausa upp, þótt stjórnarskipti hafi orðið, og ég segi það ekkert í ádeilutón á einn eða annan, þegar ég bara minni á það, að það hefur alltaf verið fjárskortur hjá Búnaðarbankanum og lánasjóðum landbúnaðarins. En þetta hefur rýmkazt nú í seinni tíð.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til landbn. með 16 shlj. atkv.

Á 78. fundi í Ed., 2. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 26, n. 646 og 654).

Frsm. meiri hl. (Bjartmar Guðmundsson): Herra forseti. Á þskj. 646 er nál. frá meiri hl. landbn. um þetta mál og stendur þar, að Ragnar Jónsson sé frsm. fyrir hönd meiri hl., en þar sem hann hefur nú vikið úr þessari hv. d., hefur þess verið óskað, að ég segði fáein orð f.h. meiri hl. n., og get ég vel gert það, þar sem ég er algerlega sammála því, sem fram kemur í nál. hans.

Það þarf ekki að hafa langt mál til framsögu fyrir þessu máli. Það var nokkuð rætt hér við 1. umr. og er vel kunnugt af blaðaskrifum á s.l. hausti og einnig af umr. í hv. Nd. í vetur. Tildrög þess, að þetta frv. er hér fram komið, eru brbl., sem sett voru á síðasta hausti, þegar úrsögn fulltrúa A.S.Í. úr svokallaðri 6 manna n. varð til þess, að n. varð óstarfhæf og þar af leiðandi ekki hægt að ákveða verð á landbúnaðarvörum í sept. s.l. haust, eins og framleiðsluráðsl. gera ráð fyrir, samkv. 2. kafla þeirra l. frá 1960. Þá var fyrirsjáanlegt öngþveiti í þessum málum, ef ekki yrði gripið til ráðstafana, sem að gagni kæmu þegar í stað. Brbl. þessi voru sett 11. sept. 1965 af handhöfum forsetavalds, en forseti var þá fjarverandi sjálfur. Þau ákvæði l., sem gilt hafa síðan, eru í aðalatriðum þau, að verðlagsgrundvöllur sá, sem reiknað var eftir 1964, gildi að því leyti, sem hann getur gilt, en nokkrar hækkanir teknar inn við útreikning á búvöruverðinu, einkum þær, að inn er tekin hækkun frá því, sem útreiknað var 24. febr. 1965, en hafði ekki komið til framkvæmda, og svo bættust við sams konar hækkanir og gilda að því er snertir ellilaun og örorkubætur. Gjaldahækkanir búanna eru hins vegar reiknaðar út á sama hátt og þegar verðlagsgrundvelli er ekki sagt upp fyrir fram.

Þessi brbl. urðu allmikið til umr. á síðasta hausti, en yfirleitt mæltust þau vel fyrir meðal bænda, þó að fram kæmu að vísu nokkrar fundarályktanir, sem mótmæltu l. og töldu þau skerðingu á samningsrétti bóndans. En þar sem þetta óvenjulega ástand hafði skapazt, hygg ég, að ekki hafi verið önnur leið líklegri til þess að fá sæmilega niðurstöðu í þessu máli en sú, sem farin var og hæstv. landbrh. beitti sér fyrir að farin var.

Nú er að sjálfsögðu ekki mikil nauðsyn að ræða um þessi brbl., þar sem þau hafa þegar gegnt hlutverki sínu

að gera það mögulegt að ákveða búvöruverð þannig, að vel má við una, að því er ég tel, og að því er bændur almennt töldu s.l. haust. Og þar sem nú er þegar komin fram og er hér til umr. á Alþ. breyting á framleiðsluráðsl., sem verður væntanlega að l. nú innan skamms, má segja, að þetta mál sé þegar búið að ganga sína götu og sé lítið meira um það að tala, en þó er talið nauðsynlegt, að brbl. fái lagagildi frá hv. Alþ. eins og önnur brbl. samkvæmt því, sem kveðið er á í stjórnarskrá Íslands.

Ég sé ekki ástæðu til að ræða þetta mál frekar, þar sem, eins og ég sagði áðan, l. eru þegar búin að gegna sínu hlutverki að öðru leyti en forminu til. Enn fremur eru fram komnar breytingar við framleiðsluráðsl. í heild, og þeim hefur verið vel tekið hér á hv. Alþ. og eru mjög líklegar til að ná langt til einróma samþykkis Alþ. — Ég legg svo til fyrir hönd meiri hl. landbn., að þetta frv. verði samþykkt.

Frsm. minni hl. (Ásgeir Bjarnason): Herra forseti. Hv. 8. landsk. þm. hefur gert grein fyrir nál. meiri hl. landbn. Ég ætla, að það hafi komið glöggt fram í þeim umr., sem hafa orðið um þetta frv. í báðum þd., hverja skoðun menn hafa á þessum brbl., og ætla ég mér á engan hátt að fara að endurtaka það, sem ég hef áður sagt í þessari hv. d. um þetta mál, né heldur það, sem í grg. frv. stendur, og læt ég mér nægja að vitna til þess, sem ég hef áður sagt í því efni. En út af því, sem hv. frsm. meiri hl. sagði, að þessi brbl. mundu hafa verið yfirleitt, eins og hann orðaði það, vinsæl meðal bændastéttarinnar, þá veit ég ekki, hvort hv. þm. mælir þetta af sannfæringu, því að ég ætla, að engum mætti ljósari vera óánægja með brbl. en einmitt þeim bónda, sem er úr Þingeyjarsýslum, því að þaðan held ég, að fyrst hafi komið mótmæli og þingeyskir bændur ekki síður en aðrir verið óánægðir með þessi brbl., og ég fyrir mitt leyti lái þeim það alls ekki, því að eins og ég hef áður sagt hér í þessari d., ætla ég, að bæði með því móti að haga brbl. á annan veg og ekki síður, ef samningar hefðu náðst, hefði bændastéttin borið miklu ríflegri hlut frá borði en raun hefur á orðið og eftir á að sannast. Þetta vildi ég, að kæmi hér fram við þessa umr., en að öðru leyti ætla ég mér ekki að orðlengja nema að gefnu tilefni um þetta mál.

Það spurði hér einn hv. þm., hvað ég legði til, að gert yrði við málið. En ég hélt, að hv. þm. hefðu það til síðs að lesa nál. yfirleitt, og þar kemur glöggt fram, að ég mæli með því, að frv. verði fellt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11:7 atkv.
2.—3. gr. samþ. með 11:6 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 79. fundi í Ed., 3. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 14:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 696).

---

52. Hægri handar umferð.

Á 19. fundi í Nd., 18. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um hægri handar umferð [72. mál] (stjfrv., A. 87).

Á 20., 21. og 22. fundi í Nd., 22., 23. og 25. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 23. fundi í Nd., 29. nóv., var frv. enn tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Mál það, sem hér liggur fyrir til umr., frv. til l. um hægri handar umferð í landinu, er ekki nýtt af nálinni. Það vill svo einkennilega til, að á árinu 1940 voru sett hér á landi í fyrsta sinn sérstök umferðarlög og sama ár einnig ný bifreiðalög og hvor tveggja þessi lög höfðu að geyma ný ákvæði um umferð, þar sem ákveðið var að taka upp hægri handar umferð hér á landi. Eins og kunnugt er, kom þetta þó ekki til framkvæmda, og það var m. a. vegna þess, að eftir að brezkur her kom hér til landsins, þótti það hafa þau áhrif á umferðina, þar sem þeir voru vanir vinstri handar akstri frá Bretlandi, að ákvæðin voru með brbl. felld úr gildi. Síðan hefur málinu skotið upp við og við, og á Alþ. 1962—1963 var það til umr., án þess að það hlyti þá afgreiðslu, en 1964 var málið enn til meðferðar í Sþ. og þá afgreidd og samþ. þáltill., sem hljóðaði svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að láta hefja hið allra fyrsta undirbúning að því, að upp verði tekinn hægri handar akstur hér á landi."

Við meðferð málsins á þingi þá hafði verið leitað umsagnar ýmissa aðila, sem helzt eru þessu máli tengdir, bæði vegna sérfræðiþekkingar og hagsmuna, vegamálastjóra, Félags ísl. bifreiðaeigenda, Landssambands vörubifreiðarstjóra og umferðarnefndar Reykjavíkur, og allir þessir aðilar lýstu stuðningi við hægri handar umferð, og ýmsir fleiri hafa lýst yfir stuðningi sínum við að taka upp þessa reglu. Það var svo í framhaldi af þessu, að ég skrifaði umferðarlaganefndinni og bað um endurskoðaða grg. frá henni um þetta mál, og hún skilaði þeirri grg. 4. febr. s. l. Eftir að ríkisstj. hafði haft aðstöðu til þess að athuga málið og eftir að ég hafði þá haft samráð við stjórnarandstöðuna, bað ég umferðarlaganefnd um að undirbúa fyrir þetta þing frv. til l. um hægri handar akstur. Nú vil ég taka það fram, að hvorki einstakir ráðh. né ríkisstj. sem slík er bundin við endanlega afgreiðslu þessa máls, og það, sem ég sagði um, að ég hefði haft samráð við stjórnarandstöðuna, á þar einnig við. Ég vildi aðeins kynna þeim málið, áður en lengra væri farið, og vita a. m. k., að ekki væri nein andstaða gegn því.

Þetta mál er sem sagt undirbúið eftir ályktun frá Alþ. sjálfu og lagt fyrir þingið. Að sjálfsögðu er hér ekki um neitt flokkspólitískt mál að ræða, en ég tel, að málið sé mjög viðurhlutamikið og þurfi gaumgæfilega athugun í þinginu, og það má segja, að að vissu leyti sé það þannig vaxið, að ef þinginu þóknast ekki að vilja samþykkja þetta frv. nú, mundi ég álíta, að

það gæti orðið löng bið, að breyting yrði á því, sem við nú búum við.

Ég skal aðeins fylgja þessu úr hlaði með nokkrum orðum. Ég vitna fyrst og fremst til þess, að frv. fylgir mjög ítarleg grg. frá umferðarlaganefnd og upplýsingar, sem máli skipta, bæði um efnishlið málsins, um kostnaðinn af því að breyta þessu og um skoðanir annarra þjóða á slíku máli og þá fyrst og fremst Svíþjóðar, sem eins og við hefur vinstri handar akstur, en hefur ákveðið að taka upp hjá sér hægri handar akstur haustið 1967, en eftir þessu frv., ef að lögum yrði, er gert ráð fyrir, að breytingin kæmi til framkvæmda hjá okkur vorið 1968.

Það er ekki hægt að segja, að það sé nein önnur regla hinni betri, að aka vinstra megin á vegi eða hægra megin á vegi, það er öllum ljóst. Það er töluvert tilviljunum háð, hvernig þetta er eða hefur verið og var hjá þjóðunum í Evrópu og þeim, sem við höfum nánust skipti við. Þróunin færist í þá átt, að þær hafa breytt hjá sér úr vinstri handar akstri og yfir í hægri handar akstur. Hægri akstur eða hægri umferð, skulum við segja, er alþjóðaregla í lofti og legi, og frá því sjónarmiði virðist þetta einnig eðlilegra, en þó sérstaklega vegna aukinna samskipta þjóða og meiri umferðar á milli landa en áður má telja æskilegt, að sömu reglur gildi. Það má segja, að við séum með nokkra sérstöðu sem eyland norður í Atlantshafi og að því leyti allt öðruvísi en lönd, sem hafa samliggjandi landamæri og iðulega flutninga eða umferð til og frá. Þó verð ég að segja, að það færist mikið í vöxt hjá okkur, að Íslendingar fari með bifreiðar sínar erlendis og aki þeim þar, og á hitt er svo einnig að líta, að það fer mjög í vöxt, að Íslendingar, sem staddir eru erlendis, noti bifreiðar erlendis, enda þótt þeir flytji ekki bifreiðar sínar sjálfir með sér, og sú þjónusta, sem tekin hefur verið upp í Evrópulöndunum og í Ameríku, að láta mönnum í té við mjög hagkvæmum kjörum leigubíla, er sívaxandi, og t. d. þekkjum við það, að það hefur færzt mikið í vöxt hér innanlands, að menn fá sér leigða bíla á þeim stað, þar sem þeir eru í það og það skiptið. Frá þessu sjónarmiði má segja, að málið sé þýðingarmeira en ella mundi vera, ef við aðeins lítum á aðstöðu okkar sem eylands.

Annars er gerð grein fyrir rökum með og móti í grg., og hafa menn góða aðstöðu til þess að kynna sér það. Ég skal ekki eyða miklum tíma í það. Það kemur fram í VII. kaflanum í aths., þá eru teknir upp sex liðir sem helztu rök fyrir breytingu úr vinstri í hægri handar umferð, og það er, með leyfi hæstv. forseta:

1) Hægri handar umferð er meginreglan í umferð á landi.

2) Mörg lönd með vinstri handar umferð hafa á síðari áratugum skipt í hægri handar umferð.

3) Alþjóðareglur um umferð á sjó og í lofti miðast við hægri handar umferð.

4) Bifreiðar eru yfirleitt framleiddar með stýri vinstra megin, og veitir sá búnaður ökumönnum betri yfirsýn og meira öryggi í hægri handar umferð. Eigi eru allar gerðir bifreiða framleiddar þannig, að henti vinstri handar umferð. Í sumum tilvikum eru bifreiðar, er henta vinstri handar umferð, nú þegar dýrari.

5) Slysahætta er mikil af því að hafa mismunandi umferðarreglur og er stöðug og vaxandi, en hættan af breytingu er hins vegar tímabundin. Ef vel er á haldið, mun kynningarstarfsemi í sambandi við breytinguna hafa varanleg áhrif til að bæta umferðina.

6) Kostnaður við breytingu vex ört, ef dregið verður að framkvæma hana. Sá kostnaðarauki verður einkum vegna væntanlegra umferðarmannvirkja.

Það eru þarna aðeins atriði, sem ég vildi leggja svolitla aukna áherzlu á. Það vill svo einkennilega til, að þó að við höfum vinstri handar akstur, eru langflestar bifreiðar hjá okkur með stýri vinstra megin, og það er alveg augljóst, að það er verra að aka í vinstri handar umferð með vinstri handar stýri. Þetta á við um hægri handar umferð, enda vitum við það, að þegar á að fara fram úr bíl, er erfitt að sjá, þegar maður er vinstra megin, fram úr honum. Þetta horfir öðruvísi við, þegar maður flytur umferðina yfir á hægri vegarkantinn. Það má segja, að í okkar landi með mjög frumstæða vegi hafi kannske hættan fyrst og fremst verið hjá okkur að fara ekki út af vegarkantinum á okkar þröngu og ófullkomnu vegum og væri að því leyti betra að vera vinstra megin, en eftir því sem umferðin vex og þar sem hún er mest í margmenninu, í höfuðstaðnum og bæjunum hér í kring og byggðinni hér í kring, verður hættan af sjálfum bílunum og umferðinni meiri en af vegarkantinum, og þá er einnig betra að vera hægra megin á vegarkantinum, og bílarnir fara þeim megin fram úr, þar sem ökumaðurinn sjálfur situr. Það er svo rétt, að það er slysahætta af að breyta þessu, enginn vafi á því, og ég vil ekki draga úr henni. En ég vil vekja athugli á því, sem n. segir, að ef vel er á haldið, mun kynningarstarfsemi í sambandi við breytinguna hafa varanleg áhrif til að bæta umferðina. Þetta held ég, að sé nokkuð mikils virði. Umferðarmenningin er ekki of góð hjá okkur, og því miður þurfum við að horfa upp á ýmsar misfellur í umferðinni. Það þurfa raunverulega allir að taka sig á, þegar á að breyta frá vinstri til hægri, og hvort sem mönnum líkar það betur eða verr. Og sú auglýsingastarfsemi og sú athygli, sem að því beinist að breyta frá vinstri til hægri, held ég þess vegna örugglega gæti haft nokkur varanleg áhrif til bóta í umferðinni og sé nokkurs virði í sambandi við þetta mál. Það er einnig svo, að það er verið að gera ýmsar áætlanir um miklar umferðaræðar hér í höfuðborginni og á aðalleiðum út úr höfuðborginni og í næsta nágrenni, þar sem margmennið er mest, og það er að ýmsu leyti mjög æskilegt í þeim ráðagerðum, sem þar eru uppi, að vitað sé með nokkrum fyrirvara, að hverju stefnir í þessu sambandi.

Um efni frv. get ég orðið fáorður. Til þess að koma þessu í kring er ráðgert að setja upp framkvæmdanefnd samkv. 2. gr. frv., það er ráðgert að setja upp dómnefnd til þess að meta kröfur manna til skaðabóta samkv. 11. gr. frv., og svo er gert ráð fyrir því, að kostnaður, sem leiðir af breytingu úr vinstri handar í hægri handar umferð, greiðist úr ríkissjóði samkv. því, sem nánar er ákveðið í 1. Er í 12. gr. ákvæði um skattlagningu á bifreiðar til að bera þann kostnað, sem ríkissjóður á að bera í þessu sambandi. Skatturinn virðist ekki ýkja hár vegna þess, hve bifreiðatalan

er há hjá okkur. Eins og þar er gert ráð fyrir, er ætlað, að fyrir fólksbifreiðar frá 1—8 farþega eigi að borga 200 kr. árið 1966, 300 árið 1967, 400 árið 1968 og 200 kr. árið 1969. Af öðrum bifreiðum er þetta svo hærra, eins og getur í b-lið. Heildarkostnaðurinn er þó áætlaður af þessu um 50 millj. kr. Þar er langstærsti kostnaðarliðurinn breytingar á almenningsbifreiðum, en hann er áætlaður 36.3 millj. kr.

Ég skal nú ekki taka meiri tíma til þess að gera grein fyrir þessu máli. Ég legg áherzlu á, eins og ég sagði áðan, að þó að stjórnin hafi undirbúið þetta að fyrirlagi þingsins, eru menn óbundnir í málinu. Ég bið þm. um að athuga alvarlega málið. Ég vil ekki skiljast við málið öðruvísi en svo, að ég get lýst því sem minni persónulegu skoðun, að ég tel, að við eigum að samþykkja þetta frv. og taka upp hægri handar akstur, eins og ráð er fyrir gert samkv. frv., og með þeim hætti, sem þar er lagt til, á árinu 1968. Ég tel, að sjálfur hafi ég sannfærzt í æ ríkara mæli um, að það sé rétt að gera þetta og gera þetta núna, eftir því sem ég hef haft aðstöðu til þess að kynna mér þetta mál nánar. Ég vildi svo mega leggja til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og til allshn.

Birgir Finnsson: Herra forseti. Ég vil aðeins, vegna þess að ég var flm. þeirrar till. um undirbúning að hægri handar akstri, sem samþ. var hér 1964, láta í ljós ánægju með það, að þetta frv. skuli vera fram komið og málið þannig komið á góðan rekspöl. Ég hef ekki heyrt neinar veigamiklar röksemdir gegn því, að þessi breyting verði gerð á umferðarreglunum. Þvert á móti hafa allir þeir menn, sem gerst þekkja til umferðarinnar, eins og vegamálastjóri og lögreglustjórinn hér í Reykjavík og umferðarlaganefnd, eindregið mælt með því, að breytingin nái fram að ganga.

Eins og hæstv. ráðh. tók fram áðan, er ein veigamesta ástæðan til þess, að við eigum að gera þessa breytingu, sú, að samgangur allur milli Íslands og annarra landa fer stöðugt vaxandi. Menn fara héðan til annarra landa, taka þar bíla á leigu, og útlendingar aka leigubílum hér á landi o.s.frv. Og enn fremur er það þungt á metunum, að þorri allra bifreiða, sem til eru hér í landinu, er byggður fyrir hægri handar akstur.

Það hefur verið talað um, að mikil slysahætta gæti verið samfara breytingunni, en um það segir í grg., sem þessu frv. fylgir, á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Í þeim löndum, sem breytt hafa úr vinstri í hægri handar umferð, sýnir reynslan, að eigi er ástæða til að gera mikið úr slysahættu í sambandi við þá breytingu, þó að viðurkenna verði, að hún sé nokkur. Með því að velja hentugan tíma árs til breytingar miðað við veðurfar og umferð, svo og með víðtækri kynningarstarfsemi, er talið, að draga megi mjög úr slysahættu. Talið er, að rosknir ökumenn og gangandi vegfarendur almennt eigi erfiðast með að aðlagast breyttum umferðarháttum. Því þarf að beina kynningarstarfsemi sérstaklega til þeirra. Er í því sambandi rétt að benda á, að tala roskinna ökumanna er nú tiltölulega lág, en hún fer ört vaxandi. Hér ber og að hafa í huga, að slysahætta í sambandi við umferðarbreytingu er aðeins tímabundin, en hins vegar er hættan vegna mismunandi umferðarreglna stöðug og fer vaxandi við aukna fólksflutninga landa á milli. Einnig ber að hafa í huga, að kynningarstarfsemi í sambandi við umferðarbreytingu hefur eigi gildi eingöngu í sambandi við breytinguna sjálfa, heldur getur sú starfsemi haft miklu víðtækari og varanlegri áhrif. Mun breytingin þannig stuðla beint að bættri umferð í landinu."

Þetta segir í grg. frv., og hygg ég, að það sé rétt mælt. Það er auðvitað margt, sem má tína til með og móti af rökum í sambandi við mál eins og þetta. Ég vil aðeins nefna eitt, sem mælir með því, að hægri handar umferð verði tekin upp á landi, en það er það, að sjómenn og flugmenn verða að víkja eftir hægri handar reglu, þegar þeir eru á sjónum eða í loftinu, og þegar þeir fara að aka bifreið, verða þeir eftir þeim l., sem nú gilda, að víkja til vinstri. Þetta getur auðvitað valdið glundroða.

Ég ætla svo ekki að orðlengja þetta. Ég vona, að frv. fái rækilega athugun í þeirri n., sem það fer til, og að það að endingu hljóti samþykki þingsins.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til allshn. með 25 shlj. atkv.

Á 57. fundi í Nd., 21. marz, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 58. fundi í Nd., 22. marz, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 87, n. 331, 354).

Frsm. meiri hl. (Birgir Finnsson): Herra forseti. Eins og ljóst er af þskj. mælir meiri hl. allshn. með því, að frv. til l. um hægri handar umferð verði lögfest, en einn nefndarmanna leggur gegn frv. Þrír nefndarmanna hafa þó fyrirvara um afstöðu sína. Þeir, sem að meirihlutaálitinu standa, áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja brtt., og hafa raunar tveir þeirra, hv. 1. þm. Norðurl. v. og hv. 4. þm. Sunnl., lagt fram eina brtt., sem felur það í sér, að IV. kafli frv., þ. e. a. s. um tekjuöflun til þess að standa undir kostnaði við breyt. úr vinstri handar akstri í hægri handar akstur, verði felldur niður, en að öðru leyti fallast þeir á frv., og mér er ekki kunnugt um, að einstakir nefndarmenn hafi aðrar brtt. fram að færa við einstaka kafla eða einstakar greinar frv.

Eins og fram kemur í grg. með frv., felur 1. gr. það í sér, að gerðar skuli nauðsynlegar breyt. á umferðarlögum, til þess að upp verði tekin sú regla, að í umferðinni skuli vikið til hægri, en ekki til vinstri, eins og tíðkazt hefur. Þetta er í sjálfu sér mjög einföld breyt. á umferðarlögunum, og sérstaklega er hún einföld vegna þess, að þegar umferðarlaganefnd fékk það verkefni að endurskoða umferðarlögin 1956, gerði hún ráð fyrir því, að upp yrði tekin hægri handar umferð hér á landi, og miðaði till. sínar við það. Ekki varð þó af því, þegar þau umferðarlög, sem nú gilda, voru lögfest 1958.

Að öðru leyti gerir frv. ráð fyrir því, hvernig breyt. skuli undirbúin, hvernig kostnaður af breyt. skuli greiddur og hvernig afla skuli tekna til þess að greiða þann kostnað, og sé ég ekki ástæðu til að rekja einstakar gr. frv. ýtarlega. Ég tel, að það sé mjög vel unnið og af mönnum, sem hafa staðgóða þekkingu á þessum málum öllum. Þeir hafa einnig haft sér til fyrirmyndar þann undirbúning, sem unninn hefur verið vegna sams konar breyt. í Svíþjóð, sem hefur verið lengi á döfinni og er áreiðanlega unninn af færustu mönnum.

Aðalatriði þessa máls er það, hvort rétt sé eða tímabært að breyta umferðarreglunum þannig, að upp verði tekin hægri handar umferð í stað vinstri handar umferðar. Um þetta geta menn að sjálfsögðu haft mismunandi skoðanir, en ég hygg, að það sé mat þeirra manna, sem gleggsta yfirsýn og mestan kunnugleika hafa á þessum málum, að rétt sé að draga ekki lengur að gera þessa breyt. Alþingi hafði áður ákveðið, árið 1940, að taka upp hægri handar umferð. Ef það hefði verið gert þá, hefði sú breyting kostað mjög lítið, eða aðeins 50 þús. kr., en árið 1956 var áætlað, að breyt. mundi kosta 5.6 millj. kr., og nú er gert ráð fyrir, eins og frv. ber með sér, að breyt. muni kosta um 50 millj. kr. Aðalkostnaðurinn við breyt. er fólginn í þeim breyt., sem gera þarf á strætisvögnum og öðrum almenningsvögnum. Kostnaðurinn er enn þá tiltölulega lítill við umferðarmannvirki, en eins og öllum hv. þm. er kunnugt, mun væntanlega ekki líða á löngu, unz byggð verði mjög kostnaðarsöm umferðarmannvirki hér í Reykjavík og næsta nágrenni. Og í kaupstöðum og kauptúnum úti á landi er það stöðugt að verða algengara, að gerðar séu götur úr varanlegum efnum. Eftir því sem þessi þróun nær lengra og lengur dregst að gera þessa breytingu á umferðarreglunum, er fyrirsjáanlegt, að breytingin verður kostnaðarsamari með hverju ári sem líður.

Reynsla Svía í þessu efni er mjög lærdómsrík. Þeir áætluðu 1943, að kostnaður við breyt. þá mundi verða 16 millj. kr. Árið 1946 var þessi kostnaður aftur áætlaður þar í landi, þá var hann talinn 27 millj. kr. 1959 var hann kominn upp í 215 millj. kr., 1961 var hann kominn upp í 325 millj. kr. og 1963 var hann áætlaður 400 millj. kr. Nú er það ákveðið, að breytingin hjá Svíum á að ske á næsta ári, og þá er kostnaðurinn hjá þeim áætlaður 550 millj. sænskra kr.

Það er einnig annað atriði, sem er mjög þungt á metunum í þessu efni, þegar menn gera upp hug sinn til þessa máls, og það er sú staðreynd, að eins og nú er komið, eru ekki framleiddir strætisvagnar eða almenningsvagnar í neinu landi í Evrópu, öðru en Bretlandi, með stýrisútbúnaði og dyraumbúnaði fyrir vinstri handar umferð. Þetta þýðir, að þeir, sem þurfa að annast innkaup á þessum þýðingarmiklu almenningstækjum, hafa úr litlu að velja. Þeir hafa úr mjög litlu að velja, og úrvalið þrengist stöðugt. Nú þegar er svo komið, að vegna fyrirhugaðrar breytingar á umferðarreglunum í Svíþjóð eru stærstu og þekktustu bílasmiðjur Svíþjóðar hættar að framleiða almenningsvagna, sem eru útbúnir fyrir vinstri handar umferð. Það verður að sjálfsögðu hægt að fá vagna útbúna með stýri og dyraumbúnaði fyrir vinstri handar umferð eftirleiðis, en það verður miklu kostnaðarsamara og óþægilegra heldur en ef keyptir eru vagnar, sem koma beint frá verksmiðju með þeim útbúnaði, sem hentar umferðinni. Ef menn ætluðu hins vegar að losna við að gera breytingar á vögnunum, t.d. varðandi staðsetningu stýrisins, þ.e.a.s. ef aka ætti í vinstri handar umferð með stýrið vinstra megin, þá mundi það þýða, að það þyrfti aðstoðarmenn í strætisvagnana. Þá þyrfti 2 menn í staðinn fyrir 1, og hér í Reykjavík einni er mér tjáð, að sá kostnaðarauki mundi vera hvorki meira né minna en 12—15 millj. kr. á ári.

Þetta er varðandi efnahagshlið málsins, ef svo mætti segja, en öryggishliðin er að sjálfsögðu engu síður mikilvæg. Segja má sem svo, að vinstri handar reglan sé jafngóð hægri handar reglunni út af fyrir sig. En það, sem er kjarni málsins í því tilliti, er það, að fylgt sé sem samræmdustum reglum landa á milli í umferðinni, hvort sem ferðazt er á láði, í lofti eða á legi. Það gildir á sjó og í lofti, að vikið skal til hægri, þannig að flugmaður, sem stígur út úr flugvél hér á Reykjavíkurflugvelli og fer að aka bíl, verður að gæta sín að muna eftir, að hann á að fara eftir annarri umferðarreglu, þegar hann er kominn af flugvellinum, út á götuna. Meðan hann er á flugbrautinni, á hann að víkja til hægri, þegar hann er kominn út á götuna, á hann að víkja til vinstri. Þetta hefur að vísu, enn sem komið er, ekki valdið slysum hjá okkur, en ég hef haft spurnir af því, að það hafi komið fyrir, að ekki hafi miklu munað.

Ekki má eingöngu hugsa um þá, sem stýra flutningatækjum eða ökutækjum. Það verður líka að hugsa um gangandi fólkið. Með þeim öru samgöngum, sem nú tíðkast milli Íslands og annarra landa, er það stöðugt stærri og stærri hópur fólks, sem þarf á nokkurra klukkutíma fresti að skipta um umferðarreglur, ef svo mætti segja, eftir því, hvort þeir fara héðan til annarra landa eða koma heim frá útlöndum. Að mati allra þeirra aðila, sem mest hafa með umferðarmálin að gera og kunnugastir eru þessum málum, er æskilegt, að umferðarreglur þjóða í milli og umferðarreglur milli einstakra greina farartækja, sem ferðazt er með, séu sem samræmdastar. Það má að vísu segja, að þetta sé ekki eins stórt mál hjá okkur eins og t. d. hjá Svíum, en samt sem áður er þetta vaxandi vandamál, eftir því sem samgöngurnar aukast og eftir því sem tíminn líður.

Það er fært fram sem rök gegn því að taka upp hægri handar umferð, að í því fyrirkomulagi, sem nú er á staðsetningu stýris í bifreiðum, — þ. e. a. s. að stýrið er í meginþorra allra bifreiða hér á landi staðsett fyrir hægri handar umferð, — sé talsvert öryggi. Menn segja sem svo, að þetta sé til öryggis fyrir þá, sem þurfa að mætast á þröngum vegum og fara út á vegbrún. Það er í sjálfu sér alveg rétt, að það er nokkurt öryggi í þessu. En á hitt er svo að líta, að vegakerfið fer stöðugt batnandi og það verður stöðugt meiri umferð í þéttbýli á tiltölulega greiðförnum vegum. Að dómi þeirra, sem ég tel að mest vit hafi á þessu, er það meira um vert, að stýri sé staðsett nálægt vegarmiðju, þegar bílar mætast, þannig að bílstjórarnir sjái hvor til annars, því að það er talið, að það séu verstu umferðarslysin, sem verða með þeim hætti, að tveir bílar rekast á á fullri ferð. Þau hafi í flestum tilfellum alvarlegri afleiðingar en jafnvel útafkeyrslur og bílveltur.

Annað atriði, sem mikið hefur verið gert úr af þeim, sem mæla á móti breytingunni, er það, að breytingunni sjálfri muni fylgja mikil slysahætta og þeir, sem ætli sér að samþykkja lagabreytingu eins og þessa, kunni að hafa mörg mannslíf á samvizkunni. Þetta mál hefur verið gaumgæfilega rannsakað af þeim, sem undirbjuggu frv., og í þeim gögnum, sem höfundar frv. hafa aflað sér, er hvergi að finna upplýsingar um, að nein veruleg slysahætta hafi verið samfara breytingunni, þegar hún var gerð, þar sem hún hefur verið nægilega undirbúin með fræðslu og áróðri og með eftirliti fyrstu

dagana, á meðan menn voru að venjast breytingunni. Víðast hvar, eins og rakið er í nál., þar sem þessi breyting hefur verið gerð, hefur umferðin verið komin í samt lag eftir 2—3 daga, frá því að breytingin tók gildi.

Á fundi allshn. var n., sem samdi frv., spurð að því, hvort hún hefði kynnt sér afstöðu tryggingarfélaga til breytingarinnar. Einn af nm., Benedikt Sigurjónsson hæstaréttardómari varð fyrir svörum og upplýsti, að tryggingarfélögin teldu sig ekki þurfa að hækka tryggingariðgjöld vegna þessarar breytingar, þótt hún næði fram að ganga, og það mundi hvergi hafa valdið neinni hækkun á tryggingariðgjöldum, þó að ákveðið hafi verið að breyta úr vinstri í hægri handar umferð.

Þetta held ég, að tali greinilega sínu máli um slysahættuna, sem menn telja að breytingunni sé samfara. Tryggingarfélög víðast hvar í heiminum fylgjast mjög nákvæmlega með slysatíðninni og halda glöggar skýrslur um slysin og orsakir þeirra. Það er enginn vafi á því, að ef slysatryggingarfélögin teldu, að sú breyting, sem frv. gerir ráð fyrir, væri stórkostlega hættuleg, mundu þau hiklaust láta það koma fram í hækkuðum iðgjöldum. En eftir þeim upplýsingum, sem allshn. hefur fengið, hefur það hvergi átt sér stað, og þarf væntanlega ekki að eiga sér stað hér á landi, ef breytingin er nægilega vel undirbúin, eins og frv. gerir ráð fyrir.

Eins og ég gat um áðan, er í raun og veru ágreiningur á milli okkar, sem stöndum að þessu nál., aðeins um það, hvernig afla skuli fjár til að standa undir kostnaðinum við breytinguna. Í frv. er lagt til, að lagt sé gjald á bifreiðar á árunum 1966-1969, sem verði mismunandi hátt eftir árum. Það verði lægst fyrsta árið, en hæst árið 1968, þegar breytingin á að fara fram, en lækki svo aftur árið 1969. Þetta gjald á eftir till. frv. að geta numið frá 200 kr. á ári til 400 kr. á ári á hverja bifreið, og verð ég að segja sem mína skoðun, að ég tel þetta ekki þungan skatt, og ég hygg, að ef síðar ætti að framkvæma þá breytingu, sem frv. fjallar um, mundi leggjast meiri skattur á þjóðina en þarna er gert ráð fyrir. Mín skoðun er líka sú, að þessi skattlagningaraðferð hafi þann kost, að þarna sé í eitt skipti fyrir öll lagður á skattur, sem síðan eigi ekki eftir að festast, ef svo mætti segja, sem almennur skattur. Sú hætta hygg ég að geti verið fyrir hendi, ef farin er sú leið að láta borga kostnaðinn vegna breytingarinnar beint úr ríkissjóði af venjulegum almennum sköttum.

Eins og fram er tekið í nál., er það sameiginleg skoðun okkar, sem að því stöndum, að það atriði, hvernig kostnaðurinn sé greiddur, sé í raun og veru ekki aðalatriðið, heldur hitt, að nú þegar sé tekin ákvörðun um að gera þá breytingu, sem lögð er til í frv., þ. e. a. s. að tekin verði upp hægri handar umferð hér á landi í stað vinstri handar umferðar.

Ég sé svo ekki ástæðu til, herra forseti, að fara um þetta mál fleiri orðum. Málið hefur verið mjög vandlega undirbúið, eins og ég tók fram í upphafi, af mönnum með staðgóða þekkingu á þeim hlutum, sem um er fjallað, og undir meðferð málsins á ýmsum stigum hafa aðilar um það fjallað eins og vegamálastjóri, Landssamband vörubifreiðastjóra, umferðarnefnd Reykjavíkur, en í henni eiga sæti kjörnir fulltrúar borgarráðs, lögreglustjórinn í Reykjavík, borgarverkfræðingur, fulltrúar Slysavarnafélags Íslands, Félags ísl. bifreiðaeigenda, Félags vörubifreiðastjóra, Frama, félags leigubifreiðastjóra, og fulltrúar Strætisvagna Reykjavíkur. Ég hygg, að segja megi, að þessir aðilar eigi öðrum fremur að kunna góð skil á umferðarmálum, og þeir hafa allir lýst sig fylgjandi breytingunni.

Ég leyfi mér að svo mæltu, herra forseti, að leggja til fyrir hönd meiri hl. allshn., að frv. verði samþ.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Eins og hv. frsm. meiri hl. allshn. tók fram í ræðu sinni, höfum við 3 nm. skrifað undir nál. á þskj. 331 með fyrirvara.

Í IV. kafla þessa frv. eru ákvæði um nýjan skatt. Þar er lagt til, að á árunum 1966-1969 skuli greiða í ríkissjóð sérstakan skatt af bifreiðum. Það er áætlað í athugasemdum með frv., að skattur þessi muni alls nema 51.8 millj. kr., og til þess er ætlazt, að þessi skattur fari til þess að mæta kostnaði ríkissjóðs af þeirri breytingu á umferðarreglum, sem lagt er til í frv. að gerð verði.

Fyrirvari minn og hv. 4. þm. Sunnl. er um þennan IV. kafla. Við erum mótfallnir því að leggja þennan aukaskatt á bifreiðaeigendur. Benda má á, að ríkissjóður hefur mjög miklar tekjur af bifreiðum skv. sérstökum lögum og einnig tolla og söluskatt af innfluttum bifreiðum og hlutum til þeirra. Þetta nemur allt háum fjárhæðum, sem bifreiðaeigendur nú þurfa að borga. Enn er á það að benda, að ríkissjóður er nú hættur að leggja fram fé til vegagerðar, en áður var fjárframlag til vegagerðar allstór liður í fjárlögum ríkisins ár hvert.

Í einni gr. vegalaganna, sem sett voru í árslok 1963, segir þó, að til greiðslu kostnaðar skv. vegalögunum skuli veita árlegt sérstakt framlag á fjárlögum, sem komi til tekna vegasjóði til viðbótar innflutningsgjaldi af benzíni, tekjum af þungaskatti og gúmmígjaldi, sem nú rennur til vegasjóðsins. En þrátt fyrir þetta ákvæði í vegalögunum, að árlega skuli veita sérstakt framlag á fjárlögum til vegasjóðs, er það nú, eins og ég áðan sagði, niður fallið.

Í fjárlögum ársins 1966 er undir liðnum vegamál í 13. gr. aðeins veittur styrkur til að halda uppi byggð og gistingu handa ferðamönnum, 220 þús., og til nýbýlavega, 160 þús. þetta er allt og sumt, sem ætlað er til vegamála úr ríkissjóði á árinu 1966.

Árið 1965 var hins vegar á fjárlögum 47 millj. kr. fjárveiting til vegamála, og skv. ríkisreikningi fyrir árið 1964 var það ár veitt úr ríkissjóði 47.1 millj. til vegamála.

Í umr. um vegamálin á Alþ. hafði hæstv. ríkisstj. gefið fyrirheit um, að ríkisframlagið til vegamála skyldi ekki fara niður fyrir 47 millj. En það fyrirheit reyndist einskis virði. Ríkisstj. stóð ekki við þetta loforð um framlag úr ríkissjóði til vegagerða, eins og kunnugt er af umr., sem fóru fram um þetta mál fyrr á þessu þingi. Hún felldi þetta framlag niður úr fjárlögunum 1966, eins og ég hef þegar gert grein fyrir, en hækkaði benzínskattinn stórlega í staðinn.

Þegar á þetta er litið, háa skatta og tolla, sem bifreiðanotendur þurfa að borga nú þegar, og mjög mikla hækkun á benzínskatti, sem nýlega hefur orðið, má vissulega segja, að mælirinn sé orðinn fullur. Við teljum því mjög ósanngjarnt að lögfesta þann nýja skatt af bifreiðum, sem frv. gerir ráð fyrir, og við höfum lagt

fram brtt. á þskj. 354, ég og hv. 4. þm. Sunnl., um það, að IV. kafli frv., þ. e. a. s. 12.—15. gr. þess, verði felldur niður.

Það er að vísu ekki gert ráð fyrir neinum útgjöldum af þessu á fjárlagafrv. fyrir 1966, enda ekki við því að búast, því að þá var ekki þetta frv. komið fram, hvað þá orðið að l. En þetta á ekki að koma að neinni sök, vegna þess að þótt frv. verði samþ., á breytingin, sem þar er gert ráð fyrir, ekki að koma til framkvæmda fyrr en á vordögum 1968, og því er nægur tími að gera ráð fyrir útgjöldum ríkisins af framkvæmd laganna á fjárlögum fyrir þann tíma. Má líka á það benda, að skv. IV. kafla frv. er aðeins gert ráð fyrir því, að lítill hluti af skattinum verði greiddur á þessu ári. Það er því auðvelt að koma þessum gjöldum fyrir á fjárlögum í tæka tíð, áður en til þess þarf að taka að borga þau gjöld, sem verða samfara þessari breytingu.

Að samþykktri þessari till. okkar leggjum við svo til, að frv. verði samþykkt.

Þá er það aðeins ábending til hæstv. forseta um meðferð málsins. Eins og fram kom hjá hv. frsm. meiri hl., var einn maður í allshn., hv. 4. þm. Norðurl. v., sem lýsti sig andvígan málinu. Nú hefur hann fjarvistarleyfi og hefur tafizt vegna ófærðar og er ekki hér staddur í dag, og ég vildi skjóta því til hæstv. forseta, hvort hann teldi ekki rétt að fresta nú umr., þannig að hv. 4. þm. Norðurl. v. geti gert grein fyrir áliti sínu og skilað því, eins og venjulegt er við 2. umr. Væntanlega verður hann kominn hingað til þings næst þegar fundur verður haldinn í hv. þd.

Halldór Ásgrímsson: Herra forseti. Ég skal fúslega játa, að mat mitt og viðhorf til þessa máls er laust við að vera byggt á sérfræðilegri skoðun. Ég gladdist fremur en hitt yfir þeim ummælum og þeirri hógværð, sem kom fram hjá hæstv. dómsmrh. og hann viðhafði, þegar hann lagði málið fyrir þessa hv. d. Hann sagði á þá leið, ef ég man rétt, að hann hefði enga ákveðna skoðun á málinu, og að sjálfsögðu má þá bæta við: enga pólitíska skoðun. Ég skildi það svo, að hæstv. ráðh. legði málið fyrir án persónulegs mats á því, en meira með tilliti til embættisskyldu sinnar að uppfylla þá ósk, sem komið hafði fram á sínum tíma hér á hv. Alþ., að málið skyldi eftir ákveðna athugun vera lagt fyrir.

Fyrir mér sem öðrum hv. þm. vakir það eitt í þessu máli að reyna að mynda sér raunsæja skoðun á því og reyna að meta þau sjónarmið, sem fram hafa verið sett, en það má segja um þetta eins og fleiri mál, að sitt sýnist hverjum og misjafnar verða niðurstöðurnar, þegar til á að taka. Má vera, að þeir, sem hafa t.d. ákveðin sjónarmið og ákveðna skoðun í málinu, hafi átt auðveldara að undirbyggja hana með meiri athugun og lengri og hafa því e. t. v. meiri tilhneigingu til að reyna að láta sín sjónarmið ráða við afgreiðslu málsins.

Það verður tæplega sagt, að hinir ágætu menn, sem samið hafa þetta frv. fyrir hæstv. ríkisstj., reyni í þeirri grg., sem frv. fylgir, að hafa ákveðin og einhuga sjónarmið til framdráttar málinu, þótt vissulega komi fram á ýmsa lund, að þeir hallast frekar að því, að þetta frv. verði samþ. Það er sagt í grg. frv., að hægri handar akstur tíðkist víða um álfur og þ. á m. mjög um meginland Evrópu, og í því sambandi vakin athygli á þeirri slysahættu, sem Íslendingum kann að vera búin á ferðalögum í eigin bílum og undir áhrifum af vinstri handar akstri hér heima, og þess vegna geti þeir e. t. v. verið hættulegir bæði sér og öðrum í umferðinni í öðrum löndum. Á það finnst mér nú samt eiga að líta, fyrst um sinn a. m. k. og raunar til langframa, hver umferðarvelferð þjóðarinnar er í þessu máli heima í hennar eigin landi, því að þrátt fyrir vaxandi ferðamennsku er öllum vitanlegt, að mestur hluti þjóðarinnar fer sjaldan eða aldrei til annarra landa og ferðamenn héðan njóta oftar en hitt leiðsögu og akurshæfni bílstjóra hlutaðeigandi þjóða, þegar um landferðalög er að ræða erlendis. Það virðist því meira en hæpið að ætla sér að láta þá íslenzku borgara, sem sífellt eru á ferðaflakki í öðrum löndum í eigin bílum og sjaldan eru jafnvel heima, nema þegar þeir verða veðurtepptir, ráða ökustefnunni hér heima.

N. bendir réttilega á aukin umferðarvandamál í heiminum sökum vaxandi bílaumferðar og að ýmist er ráðandi hægri eða vinstri handar akstur. Í því sambandi verður mér á að leiða hugann að þeirri staðreynd, að hundruð millj. á jörðinni stjórna bílum sínum til sömu handar og við Íslendingar, og við getum lítil áhrif haft í þessu efni, þótt breytt væri um akursstefnu hér. Ég sé ekki heldur, að í þessu máli sé hægt að taka tillit til, þótt hæstv. ríkisstj. eigi von á vænum hægri handar hóp erlendra manna til að hjálpa okkur til að koma hér upp alúmíníumvinnslu, og ekki heldur, þótt ekki linni umferðinni um landið af hinni ágætu herverndarþjóð. Þessir ágætu verndarar okkar virðast þegar hafa sætt sig við vinstri handar umferð hér, og ekki er ástæða til, að þeir beygi sig ekki áfram undir þá venju eins og verið hefur. Það virðist því ástæðulaust að óttast íhlutun annarra þjóða í málinu eða að þjóðin eða hæstv. ríkisstj. verði ekki jafnvel metin á alþjóðavettvangi eftir sem áður, þótt við látum kyrrt liggja um vinstri handar umferð.

Þetta mál virðist ekki heldur vera neitt sérstaklega aðkallandi eða alvarlegt, þar sem viðurkennt er af fróðum mönnum, að báðar akstursaðferðirnar séu jafngóðar, þ. e. vinstri og hægri. Einnig er á það að líta, að við höfum ekki við sams konar erfiði að stríða og þær Evrópuþjóðir, sem eiga saman landamæri. Það liggur þar eðlilega beinast við, að menn, sem aka á milli landa, geri það í sínum eigin bílum. Í slíkum tilfellum getur það valdið nokkrum erfiðleikum og áhættu, ef hlutaðeigandi bílstjóri þarf að breyta akstursvenju, sökum þess að hann er allt í einu kominn yfir strikið á veginum, kominn inn í annað ríki. Við Íslendingar höfum ekki við slíkar aðstæður að búa. Það er, eins og allir vita, hafið, sem afmarkar Ísland, en ekki tilbúið strik á einhverjum veginum. Breytta akstursaðferð ber því ekki eins skyndilega að hér eins og í mörgum öðrum löndum. Hér ekur enginn bíl sínum beint að eða frá íslenzkri grund, og slíkt er vitanlega vinningur í þessu efni.

Umferðarnefnd sú, sem undirbúið hefur þetta frv., segir, að þess muni engin dæmi vera, að þjóð hafi breytt umferðarreglum sínum frá hægri til vinstri. Ég tel, að slíkt séu reyndar engin rök fyrir málinu, og flestir munu raunar kjósa að vera í því efni þar sem þeir eru komn-

ir, m. a. af því, að það viðurkenna allir, að aukin slysahætta stafar af breyttri akstursaðferð. Hins vegar hefur þessi nefnd, sem fjallaði um málið upphaflega, eftir einhverjum sérfræðingi í umferðarmálum, að líkur séu fyrir því, að árekstrum og öðrum bílslysum ætti að fækka eitthvað, ef horfið væri til hægri handar aksturs. Ég held, að slíkt álit sé vægast sagt vafasamt, enda hefur þessi umferðarlaganefnd viðurkennt, að reynslan sýni, að ekki sé hægt að gera upp á milli hægri og vinstri handar stefnu í þessu efni a. m. k. Ég held líka, að hin tíðu og vaxandi umferðarslys hér á landi stafi og hafi stafað af öðrum ástæðum og sumum augljósum. Virðist þar koma til greina hið sífellda kapphlaup við tímann og um leið lítil tillitssemi við aðra vegfarendur og sömuleiðis komi það til, að það sé ekki meira að segja hirt um sjálfa sig sem bílstjóra og að áberandi sé slíkt, ekki síst meðal yngra fólks, að það geri sér ekki grein fyrir því, að það borgar sig betur að flýta sér hægt og aka sínum vagni heilum í hlað. Kemur svo einnig til greina ölvun við akstur og það, að mönnum finnst ekki sízt þá, að þeir séu einir í heiminum eða a. m. k. einir í umferðinni og að aðrir skipti þá litlu máli.

Þegar þessar ástæður og margar fleiri koma saman, t. d. á jafnóhæfum fjölmennisumferðarbrautum og eru víða hér í Reykjavík, er tæpast von á góðu. Í þessu efni þurfa önnur bjargráð að mínum dómi og öflugri að koma til en að beina umferðinni frá vinstri til hægri.

Það virðist viðurkennt, að breytingin frá vinstri handar yfir til hægri handar aksturs hljóti að hafa í för með sér augljósa slysahættu og að sú hætta muni meira eða minna loða við, a. m. k. meðan hinir eldri ökuþórar taka þátt í bílaumferðinni. Það mun einnig vera viðurkennt, að hin nauðsynlega breyting, sem gera verður á ökutækjum, ef hverfa ætti til hægri handar aksturs, mun kosta stórfé. Ýmsir nefna til 50-60 millj., aðrir segja, að það sé langt um of lítið og endanlega muni koma á daginn að eyða þurfi fram undir 100 millj. til þess að gera á þessu skipulagsbreytingu og breytingu á ökutækjum og ýmsu öðru slíku. En hvað um það, hér er um að ræða þann kostnað, sem hægt er að mæla í peningum. Hitt er svo eftir ómælt, ef afleiðing þessarar breytingar verður einnig sú, að fleiri mannslíf en áður fara forgörðum og fleiri limlestast af völdum þessarar breytingar.

Það, sem ég hef sagt hér að framan, er byggt meira á þeirri skoðun, sem ég hef myndað mér eftir athugun á áliti mþn., sem fylgir frv., fremur en nál. meiri hl. hv. allshn. Enda virðist nál. á flestan hátt vera sótt í þetta mþn. álit, og ég geri ekki lítið úr því, en mér virðist, að nokkur tilhneiging sé að draga úr því eða láta kyrrt liggja það, sem mþn. segir og skoða má sem mótvægi gegn hægri handar stefnu.

Ég ætla svo lítils háttar að leyfa mér að athuga nál. meiri hl. hv. allshn.

Hv. meiri hl. telur upp allmörg lönd á meginlandi álfunnar, sem tekið hafi upp hægri handar akstur á liðnum árum. Þessar upplýsingar virðast eiga að vera okkur hvatning og til fyrirmyndar að skerast ekki úr leik og gera slíkt hið sama. Ég hef áður lýst þeirri skoðun minni, að ég get vel fallizt á, að æskilegt sé, að meginlandaþjóðirnar, þar sem óslitnar bílasamgöngur eru á milli og ekkert skilur ríkin nema girðing eða strik á vegi, slíkar þjóðir kjósi að hafa sömu akstursreglur. En slík viðhorf eða aðstæður eru ekki hér á landi. Hér er það hafið, sem skilur okkur frá öðrum ríkjum, eins og öllum er kunnugt. Hv. nefndarhluti telur svo einnig upp þau ríki í Evrópu, þar sem enn ræður vinstri handar stefna eins og hér. Það eru allt eylönd eins og Ísland og þ. á m. ekki smærri ríki en t. d. Bretland og Írland. Hvað veldur því, að mikið og fjölmennt ríki eins og Bretland, verandi í miklu meiri umferðarhringiðu en við, breytir ekki aksturstefnu eins og nágrannaþjóðirnar á meginlandinu? Getur ekki hugsazt, að hér ráði einhverju um, að þeir eru eyþjóð og eiga því ekki sams konar landamæri að öðrum ríkjum og þjóðirnar á meginlandinu.

Hv. meiri hl. allshn. bendir á, að í vöxt fari, að Íslendingar taki með sér bíla sína til ferðalaga út um lönd og álfur. Þetta er sjálfsagt rétt, rétt í bili a. m. k., meðan síldin gefur okkur fullar hendur fjár og við getum í krafti hennar ferðazt og flutt með okkur bíla okkar til annarra landa til hvers konar lúxusferðalags. En hvernig fer fyrir þessum ágætu löndum okkar, þegar við erum orðnir hægri handar þjóð. Þá er ekki sjáanlegt, að við getum komið við í Bretlandi og munum verða að sigla með bíla okkar beint til meginlandsins, þar sem bílarnir koma okkur að öruggu gagni, verða okkur örugg aðstoð í ferð okkar.

Hv. nefndarhluti vekur athygli á því til framdráttar hægri handar akstri, að alþjóðlegar umferðarreglur í lofti og á sjó miðist við hægri handar umferð. Ég hef satt að segja ekki fyrr heyrt, að reglur um umferð í lofti og á sjó eigi eða þurfi að ráða vinstri eða hægri akstri á bílum. Og það mætti þá spyrja, ef svo væri: Hvernig stendur á því, að ein mesta siglingaþjóð veraldar, Bretarnir, virðist ekki vera á sama máli og hv. nefndarmeirihluti?

Það er rétt, eins og ég hef áður vikið að, að við, sem erum á móti breytingunni frá vinstri til hægri handar aksturs, óttumst ekki sízt aukna slysahættu, sem breytingunni hljóti að fylgja. Meiri hl. allshn. segist líka óttast slysahættu hér, en fyrst og fremst af umferð erlendra manna, sem vanir eru hægri handar akstri. Að breyta til um akstursreglu hér vegna umferðar þessara manna virðist mér álíka rök og að við segðum t. d., að við ættum að hverfa yfir í enska tungu til þess að auðvelda þessum mönnum ferðalögin í landinu og greiða fyrir þeim. Hvort tveggja væri vitanlega fullmikil tillitssemi eða undirlægjuháttur eða hvað sem menn vilja kalla slíkt.

Allur málflutningur hv. hægri handar manna ber það með sér, að þeir viðurkenna þó nokkuð aukna slysahættu af breytingunni úr vinstri til hægri. Ég efa ekki, að þeir vilja leggja allt kapp á, að slík hætta reynist sem minnst, og þeir virðast leggja mikið upp úr því, að um leið og ákvörðun er tekin um breytta umferð yfir til hægri, sé jafnframt hafin mikil og allsherjar áróðursherferð fyrir málinu og mönnum kenndir nýir siðir í umferðinni. En mér er spurn: Geta menn treyst góðum og fljótvirkum árangri af slíkri umferðarkennslu fremur en af hinu mikla starfi umferðarlögreglunnar nú, sem hefur þó ekki samtímis við að stríða að kenna nýjar umferðarreglur?

Hægri handar menn benda á, að reynsla þeirra

þjóða, sem hafa breytt hjá sér umferðarreglum frá vinstri til hægri, hafi ekki orðið teljandi slys eða annar vandi af völdum breytingarinnar. En er hægt í dag að vitna til slíkrar reynslu, sem jafnvel er fengin fyrir nokkrum áratugum? Bílaumferðin hefur þá hjá öllum þjóðum verið hverfandi miðað við það, sem hún er nú, og flestar eða allar þjóðir hafa þá og síðar haft miklu betra og fullkomnara vegakerfi en við höfum við að búa í dag. Það væri nær sanni að miða við þá reynslu, sem fæst nú hjá þeim þjóðum, sem eru að sögn að breyta til, en sú reynsla liggur eðlilega ekki fyrir í dag.

Hægri handar menn benda á, að erfiðara sé fyrir eldri bílstjóra en þá yngri að aðlaga sig breyttum umferðarreglum, og segja enn fremur, að nú sé skipting ökumanna hagstæð til breytinganna. Ég kann ekki að vefengja þá talnafræði. En bílstjórarnir, þótt mikilvægir séu, eru þó ekki nema annar þátttakandinn í að skapa umferðaröryggið. Hinn aðilinn er hinn gangandi vegfarandi, og ég spyr: hvað um aldursflokk þeirra? Er þá ekki hinn aldni umferðarflokkur vaxandi, sem á erfitt með að aðlaga sig breyttum umferðarreglum?

Ég sé, að 3 af þeim nm., sem mynda meiri hl. allshn., skrifa undir með fyrirvara, og þar með eru raunar ekki nema 3 af 7 manna allshn., sem leggja til skilyrðislaust, að hægri handar akstur sé upp tekinn. Í nál. þessa nefndarhluta er fram tekið, að tveir af fyrirvaramönnum vilji ekki fallast á að taka kostnaðinn, sem leiðir af breytingunni, yfir á bílaeigendur eða eftir þeim leiðum, sem frv. gerir ráð fyrir. (**Forseti:** Fundartími er liðinn, og ég vil spyrja ræðumann, hvort hann óski eftir því að ljúka ræðu sinni á skömmum tíma.) — Já, ég er að verða búinn. — Ég geri ekki lítið úr því sjónarmiði að telja, að hið opinbera eigi að bera kostnaðinn af slíku fráhvarfi frá reglum, sem hafa gilt í þessum efnum. En hitt tel ég, að skipti að mínum dómi meginmáli, hvort menn hafa trú á gagnsemi þessara breytinga. Ég hef það ekki og mun því greiða atkv. gegn frv.

Umr. frestað.

Á 59. fundi í Nd., 24. marz, var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 60. fundi í Nd., 28. marz, var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 87, n. 331 og 380, 354).

Frsm. minni hl. (Óskar E. Levy): Herra forseti. Ég vil leyfa mér að gera nokkra grein fyrir afstöðu minni til þessa máls, sem hér er tekið til frh. 2. umræðu, auk þess sem um getur á þskj. 380.

Samkv. frv. skal lögfesta hægri handar akstur og aðra umferð hér á landi í stað vinstri, sem gilt hefur og gildir.

Um þetta mál hafa menn haft skiptar skoðanir, eins og gerist og gengur. Hafa hægri handar menn í allshn. hv. d. birt sín sjónarmið á þskj. 331. Með frv. er birt alllöng greinargerð, og kennir þar ýmissa grasa. Þar segir m. a., með leyfi forseta:

„Þegar taka skal afstöðu til þess, hvort hafa skuli vinstri eða hægri handar umferð, vaknar fyrst sú spurning, hverjir séu kostir og gallar hvorrar reglunnar um sig. Talið er, að í sjálfu sér hafi hvorug reglan sérstaka kosti umfram hina.“

Hér er mikið sagt af þeim, sem hafa unnið að því, að komið væri á hægri handar umferð hér á landi, en þó hallar réttu máli, vegna þess, að mikill fjöldi fólks telur vinstri handar akstur mun betri og í mörgum tilvikum þann eina framkvæmanlega miðað við visst ástand vegar og tíðarfars, sem við Íslendingar erum svo mjög háðir. Er þar einkum um að ræða, þegar blinda er á, þ. e. a. s. þegar sett hefur niður svo mikinn lognsnjó, að illa sést fyrir vegi eða öðrum vegsummerkjum, einnig þegar svellalög hafa myndazt á hættulegum vegarköflum svo og í mjög dimmum þokum og hríðarveðrum. Undir svona kringumstæðum er eini möguleiki ekils til aksturs sá að hafa opna rúðu eða hurð til að geta á þann hátt fylgzt sem bezt með vegkanti, og það hefur oft gert mönnum kleift að komast leiðar sinnar um langa vegu í áríðandi og lífsnauðsynlegum erindum, já, bókstaflega bjargað mannslífum. Hér hafa vinstri handar stýris bifreiðar hentað vel miðað við vinstri handar akstur. En af þeim er langmest hér á landi, eins og kunnugt er. En er ekki þessi möguleiki eins fyrir hendi, þótt lögleiddur verði hægri handar akstur? munu ef til vill einhverjir spyrja. Jú, en því aðeins að um sé að ræða hægri handar stýris bifreiðar. En nú er okkur sagt af þeim vísu mönnum, sem þetta frv. semdu, að í framtíðinni verði þær illfáanlegar. Hér er komið að atriði, sem ég held að verði að teljast allveigamikið. Einn stuðningsmanna þessa frv. var ekki lengi að finna lausn á þeim vanda í umferðarmálum, sem mun skapast við þau skilyrði, sem ég hef verið að ræða um, eftir að hægri handar akstur hefur verið lögboðinn. Hann sagði: „Bara að aka á vinstri vegkanti eða vinstri vegarhelmingi.“ Meiri rökþrot er ekki hægt að hugsa sér, að ég ætla, og ég held, að slíkt þurfi ekki svara við.

Hvort betra sé að hafa stýri bifreiðar nær vegmiðju eða vegkanti, er líka umdeilt. Líkur eru til, að mun betra sé að hafa það nær vegkanti, og vil ég í því sambandi minna á, að einn af okkar traustustu og reyndustu lögreglumönnum, Sigurður Ágústsson, sem unnið hefur í lögreglu Reykjavíkur um 20 ára skeið, segir m. a. í Tímanum 8. febr. s. l., með leyfi forseta:

„Að einu leyti er það tvímælalaust betra að hafa stýrið vegjaðars megin. Er maður mætir ökutæki með ljósum fær maður miklu fyrr sjón á veginn fram undan, þegar mótkomandi ljós verkar á augun, það blindar miklu síður en að sitja við hægri stýri.“

Þetta segir hinn reyndi lögreglumaður, og þetta finnst mér auðskilið og mikilsvert atriði. En það er einmitt tíðum svo, að hættuleg bifreiðarslys verða sökum þess, að ökumaður blindast af ljósi, sem kemur á móti. Þetta segir hinn 20 ára reyndi lögreglumaður. Með því að aka vinstra megin blindast maðurinn miklu síður, og þetta hýtur að teljast ákaflega veigamikið atriði. Hér er verið að mæla eindregið með vinstri handar akstri, þar sem hægri handar stýris bílar verða illfáanlegir að sögn.

Þá hafa meðhaldsmenn þessa frv. haldið því mjög á lofti, hvað framúrakstur yrði miklu auðveldari og að manni skilst slysaminni með hægri handar umferð. Um þetta segir Sigurður Ágústsson lögregluþjónn svo, með leyfi forseta:

„Framúrakstur er fyrirbæri út af fyrir sig, sem krefst sérstakrar aðgæzlu. Gott er að geta séð sem mest af því,

sem kemur á móti. En þetta ætti ekki að vera hindrun, því að maður á alls ekki að nálgast ökutæki, sem er á undan, meira en svo, að maður hafi gott útsýni til þess. En munurinn á þessu er ekki nema svo sem einn metri, sem þarf að sveigja nær miðri götunni. Að því leyti tel ég ekki nógu sterk rök með breytingu, sem haldið er fram um þetta," segir lögreglumaðurinn. „Aftur er kostur að geta fylgzt nokkuð vel með vinstri kantinum." Þetta tel ég allt saman veigamikil rök hjá hinum reynda manni. Ég skal fúslega viðurkenna það, að ég er ekki sérfróður maður í umferðarmálum, en ég tel það litla ábyrgðarsemi af mönnum, sem hafa ekki staðið mikið í slíkum málum, að taka ekki nokkurt tillit til þess, sem slíkir menn segja um þessi mál.

Þá hafa menn gert samskipti þjóða í þessum efnum að mjög miklu trompi og ruglað algerlega saman hinum ólíka aðstöðumun, t. d. okkar sem eyþjóðar annars vegar, sem enga bifreið fáum og enga sendum yfir okkar landamæri, sem ekki eru til, og hins vegar t. d. Svía, sem hafa 5-10 millj. bifreiða umferð um sín landamæri árlega, eftir því sem sagt er. Þetta er svo ólíkt sem hvítt og svart. Aftur á móti eru nokkur dæmi þess, að erlendir menn hafi sótt okkur heim og ekið hér bifreiðum án vandræða, og verður að ætla, að svo hafi einnig verið með þá Íslendinga, sem ekið hafa úti. Um þetta segir Sigurður Ágústsson lögregluþjónn svo, með leyfi forseta:

„Ég sé engan kost við það að hafa hér hægri handar umferð. Ég get ekki séð, að nein knýjandi þörf sé á því. Við erum hér langt frá öðrum löndum. Ég hef prófað sjálfur að aka erlendis. Það eru engir erfiðleikar því samfara. Að vísu þarf ég að beita athyglinni meira. Við höfum reynslu fyrir því," segir lögregluþjónninn, „að fjöldi erlendra manna hér á ferð hafa orðið að aka á vinstri brún og engir teljandi erfiðleikar orðið því samfara. Kostnaðarhliðin á breytingu er svo miklu meiri en það, sem mælt getur með breytingu. Sú umferð, sem við höfum, hefur ekki orðið slysavaldur fyrir ókunnuga, en breyting getur hins vegar orðið slysavaldur kunnugum, því að þegar kunnugir hér heima fyrir verða að fara að aka á hinum kantinum, sýna þeir ekki nærri eins mikla aðgætni og ókunnugir gera undir þeim aðstæðum, sem ekki gilda í þeirra heimalandi."

Þetta eru allt nokkuð miklar upplýsingar, vil ég ætla, sem þessi lögregluþjónn færir okkur, — lögregluþjónn, sem hefur starfað að þessum málum um 20 ára skeið. Og ég held, að ég verði að segja það, að ég hef ekki séð eða heyrt færð fram meiri rök fyrir breytingunni en þessi maður færir okkur gegn breytingunni.

Ég hef nú rætt nokkuð höfuðatriði þessa mikla máls. Ég tel, að hér sé um þrjú höfuðatriði að ræða:

1) Vinstri handar aksturs reglan er betri að mínum dómi og oftar möguleg, en sú hægri ekki möguleg undir vissum skilyrðum, nema þá með hægri handar stýris bifreiðum, sem ekki verða fánlegar.

2) Kostnaður við breytingu nemur mörgum milljónatugum króna, og virðist það gróflega óhagkvæmt til þess að fá verri akstursreglu. Telja verður hagkvæmara að verja því fjármagni til að bæta ástand veganna, og tvímælalaust mundi það verða vinsælla.

3) Um eitt virðast allir vera sammála, og það er það, að við breytinguna úr vinstri akstri í hægri akstur muni slysahættan aukast. Ég tel, að við höfum ekki efni á því að taka slíka bagga á okkur, og það sé ekki rétt.

Herra forseti. Ég leyfi mér að leggja til, að þetta frv. verði fellt.

Frsm. meiri hl. (Birgir Finnsson): Herra forseti. Þegar umr. um þetta mál var frestað í s. l. viku, hafði hv. 2. þm. Austf. lokið við að tala gegn málinu, og það er alveg sérstaklega eitt atriði í málflutningi hans, sem ég sé ástæðu til að gera athugasemd við, og raunar kom þetta sama fram hjá hv. 4. þm. Norðurl. v., sem hér var að ljúka máli sínu. Þeir vitnuðu báðir í grg. með frv. og sögðu sem svo, að það kæmi þar ekki fram, að þeir menn, sem frv. hefðu samið, væru þess sérstaklega fýsandi, að breytt verði um umferðarreglu. Vitnuðu þeir til þess, sem stendur í grg., að hvor reglan um sig geti talizt nokkurn veginn jafngild. Ég vil alveg sérstaklega leiðrétta þennan málflutning, að því er tekur til þeirra manna, sem frv. sömdu.

Höfundar frv. eru þeir menn, sem ég nú skal nefna: Sigurjón Sigurðsson lögreglustjóri, Benedikt Sigurjónsson hæstaréttardómari, Ólafur W. Stefánsson stjórnarráðsfulltrúi, Arinbjörn Kolbeinsson læknir, formaður Félags ísl. bifreiðaeigenda, Sigurður Jóhannsson vegamálastjóri, Eiríkur Ásgeirsson, formaður skipulagsnefndar fólksflutninga, og Theódór B. Líndal prófessor. Allir þessir menn, nema sá síðasttaldi, mættu á fundi allshn., þegar fjallað var um þetta mál, og allir lýstu þeir yfir þeirri eindregnu skoðun sinni, að það væri tímabært og rétt og mætti ekki dragast lengur að taka upp hægri handar umferð hér á landi. Eftir að ég hlustaði á málflutninglhv.2. þm. Austf. í s. l. viku, fann ég ástæðu til þess að kanna þetta hjá þeim eina nm., sem ekki var mættur á fundi allshn., Theódóri B. Líndal, og hann staðfesti í viðtali við mig, að hann væri eindregið sömu skoðunar og hinir nefndarmennirnir. En ástæðan til þess, að það er kannske ekki sérstaklega dregið fram sem skoðun þessara manna í grg. með frv., að það sé tímabært að taka upp hægri handar aksturinn, er einfaldlega sú, að þeim var falið að semja þetta frv. skv. ályktun sjálfs Alþingis. Alþ. samþykkti vorið 1964 að fela ríkisstj. að láta undirbúa frv. um hægri handar umferð hér á landi. Þó að ekki hafi þannig verið í sambandi við þetta mál tilefni fyrir þá menn, sem völdust til þess að semja frv., að láta í ljós skoðun sína á þessu, hafa þeir, að ég hygg, allir eða flestallir látið skoðun sína í ljós áður, eða þegar umferðarl. voru til endurskoðunar frá 1956-1958. Þá sömdu þeir nál., þar sem eindregið var mælt með því, að hægri handar umferð yrði upp tekin. Þar túlkuðu þeir sína skoðun. Hitt er svo annað mál, að í grg. með þessu frv. draga þeir enga dul á þá kosti, sem kunna að vera því fylgjandi að halda áfram vinstri umferðinni, og þeir vega og meta öll þau atriði, sem borið hefur á góma í þessum umr., og niðurstaða þeirra er sú, að hyggilegast sé fyrir okkur að draga ekki lengur að taka upp hægri handar umferðina.

Eftir að þeir hafa reifað þetta mál mjög ýtarlega frá báðum hliðum, — og það vill segja, að sé hygginna manna háttur, — draga þeir niðurstöðurnar saman í nokkrum atriðum á bls. 8 í grg. með frv., þar sem segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Svo sem rakið hefur verið hér að framan, eru helztu rök fyrir breytingu úr vinstri í hægri handar umferð þessi:

1) Hægri handar umferð er meginreglan í umferð á landi.

2) Mörg lönd með vinstri handar umferð hafa á síðari áratugum skipt í hægri handar umferð.

3) Alþjóðareglur um umferð á sjó og í lofti miðast við hægri handar umferð.

4) Bifreiðar eru yfirleitt framleiddar með stýri vinstra megin og veitir sá búnaður ökumönnum betri yfirsýn og meira öryggi í hægri handar umferð. Eigi eru allar gerðir bifreiða framleiddar þannig, að henti vinstri handar umferð. Í sumum tilvikum eru bifreiðar, er henta vinstri handar umferð, nú þegar dýrari. Á það einkum við um almenningsvagna og strætisvagna.

5) Slysahætta er mikil af því að hafa mismunandi umferðarreglur og er stöðug og vaxandi, en hættan af breytingu er hins vegar tímabundin. Ef vel er á haldið, mun kynningarstarfsemi í sambandi við breytinguna hafa varanleg áhrif til að bæta umferðina.

6) Kostnaður við breytingu vex ört, ef dregið verður að framkvæma hana. Sá kostnaðarauki verður einkum vegna væntanlegra umferðarmannvirkja."

Um þessa niðurstöðu er n. algerlega sammála, og ég hlýt þess vegna að mótmæla því, sem fram hefur verið haldið hér af tveimur hv. þm., að það sé eitthvert hik á n., sem frv. samdi, í þessu máli. Það er alls ekki. Þó að hægt sé að vitna til þess, að einn lögregluþjónn vilji halda sig við vinstri handar umferðina, hygg ég, að hinir séu fleiri, sem með umferðarmálin hafa að gera, sem hallist að því, að það eigi að breyta um reglur. M. a. má ráða þetta af nöfnum þeirra manna, sem frv. þetta sömdu. Ég vil alveg sérstaklega geta þess, að Theódór B. Líndal prófessor lagði sérstaklega áherzlu á það í viðtalinu, að hann teldi, að það væri einkum og sér í lagi vegna gangandi fólks, sem nauðsynlegt væri að breyta um reglur. Benti hann á, að þegar flugvélar fara á milli landa, eru það ekki aðeins áhafnirnar, sem með þeim fara, heldur allur fjöldinn af farþegunum, sem á einnig eftir að ferðast gangandi. Menn, sem fara frá Reykjavík héðan að morgni og koma til Kaupmannahafnar eða annarra staða, þar sem hægri handar umferð er, síðari hluta dags, verða að fylgja tveimur mismunandi reglum sama daginn. Það hefur verið talað um það, að Englendingar héldu fast við vinstri handar regluna. Það er rétt, það er ekki kominn verulegur skriður á þetta mál í Bretlandi, en Bretarnir fylgjast mjög nákvæmlega með því, sem er að gerast hjá öðrum þjóðum og sérstaklega hjá Svíum. Þeir hafa kynnt sér mjög rækilega, hvernig Svíarnir framkvæma þessa breytingu, og það er af kunnugum talinn lítill vafi á því, að eftir að búið er að gera jarðgöng undir Ermarsund, geti Bretar ekki lengur komizt hjá að taka upp hægri handar reglu, eins og gildir alls staðar á meginlandinu, þegar Svíar eru búnir að breyta hjá sér.

Hv. 2. þm. Austf. sagði m. a. á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Á það finnst mér samt eiga að líta fyrst um sinn a. m. k. og raunar til langframa, hver umferðarvelferð þjóðarinnar er í þessu máli heima í hennar eigin landi, því að þrátt fyrir vaxandi ferðamennsku er öllum vitanlegt, að mestur hluti þjóðarinnar fer sjaldan eða aldrei til annarra landa, og ferðamenn héðan njóta oftar en hitt leiðsögu og akstursháefni bílstjóra hlutaðeigandi þjóða, þegar um landferðalög er að ræða. Það virðist því meira en hæpið að ætla sér að láta þá íslenzku borgara, sem sífellt eru á ferðaflakki í öðrum löndum í eigin bílum og sjaldan eru jafnvel heima, nema þegar þeir verða veðurtepptir, ráða ökustefnunni hér heima."

Ég verð að segja, að mér finnst, að í þessum tilvitnuðu ummælum hv. 2. þm. Austf. komi fram allþröngt sjónarmið, sem sumir munu hafa tilhneigingu til að kalla hundaþúfusjónarmið, í sambandi við þetta mál. Hv. 2. þm. Austf. vildi líka lítið gera úr því, að samræmdar væru umferðarreglur á landi, í lofti og á sjó. En það er, sem betur fer, þannig, að þótt menn komist nú orðið hátt í loft upp með flugvélum, eiga flestir þeirra oftast nær afturkvæmt til jarðarinnar, en halda ekki áfram að svífa um himingeiminn. Þá verða þeir að athuga sinn gang vel, þegar niður kemur, hvort þeir séu staddir í landi, sem hafi hægri handar eða vinstri handar umferð. Og það sama gildir um þá, sem um sjóinn sigla, þeir stíga flestir aftur á land, og af þessum sökum er orðið mjög nauðsynlegt og þykir alls staðar vera aðkallandi að samræma umferðarreglurnar, hvort sem ferðazt er á sjó, í lofti eða á landi.

Hv. 2. þm. Austf. spurði, að mig minnir, hvort við hefðum upplýsingar um, hvernig umferðarreglunum væri háttað alls staðar í heiminum. Mér finnst það nú til nokkuð mikils ætlazt, að því verði svarað, en það er upplýst, að þegar Svíþjóð er búin að breyta umferðarreglum sínum, verða ekki eftir nema eylöndin í Evrópu, sem verða með vinstri handar reglu.

Hv. þm. taldi, að reynsla þeirra þjóða, sem hefðu breytt um, væri orðin áratuga gömul og breytingin hefði átt sér stað, þegar lítið var um bílaumferð, bílaumferðin hefði stóraukizt og þess vegna mætti búast við allt annarri niðurstöðu af breytingunni, ef hún væri gerð nú á tímum. En þetta er ekki rétt hjá hv. þm. Það eru a. m. k. tvær þjóðir, sem hafa nýlega skipt um umferðarreglu. Það er ekki lengra síðan en árið 1964, að bæði Eþíópía og Kamerún í Afríku skiptu um hjá sér. Og það mun ekki heldur vera langt síðan stórveldið Kína tók upp hægri handar umferð. Þetta er þannig stöðugt að færast í það horf, að hægri handar reglan verði meginregla, og það er auðvitað þungamiðja þessa máls, að við skerumst ekki úr leik í því efni, eftir að allar þjóðir, sem næst okkur liggja, hafa tekið upp þá reglu. Það er alveg augljóst, að ef við höldum áfram að fylgja vinstri handar reglunni, eftir að hægri handar reglan hefur alls staðar verið upp tekin í þeim löndum, sem við eigum mest samskipti við, leiðir af því mjög svo aukna slysahættu. Höfundar frv. leggja einnig mikið upp úr því, að sú fræðslustarfsemi og það aukna eftirlit, sem verður að fylgja breytingunni, muni hafa varanleg áhrif á umferðina til hins betra hér á landi. Og það er vissulega þannig, að ekki veitir af að reyna að betrumbæta umferðina hjá okkur. Slysatíðni hér á landi í umferðinni mun vera miklu hærri en annars staðar tíðkast, og það er einmitt sú skólun, ef ég mætti orða það þannig, sem gert er ráð fyrir að menn fái í umferðarreglum við það, að breytingin verður fram-

kvæmd, sem höfundar frv. ætlast til og reikna með að skilji eftir varanleg spor, þannig að umferðin taki verulegum framförum. Ég get sagt eins og hv. 4. þm. Norðurl. v. sagði áðan, að ég er enginn sérfræðingur í umferðarmálum, en ég treysti á réttsýni þeirra manna, sem undirbúið hafa þetta mál. Þeir hafa vegið og metið rökin með og móti, og ég treysti því, að þeir meti það rétt, að rökin með breytingunni séu miklu þyngri á metunum en þau rök á móti henni, sem bæði hv. 2. þm. Austf. og hv. 4. þm. Norðurl. v. hafa dregið fram í sínum ræðum.

Daníel Ágústínusson: Herra forseti. Það má vafalaust lengi deila um það, hvort taka eigi upp hér á Íslandi *hægri handar umferð eða halda sig við hina svonefndu* vinstri handar umferð, sem ríkt hefur. Ég tel, að það þurfi nokkuð sterk rök fyrir því að fara út í þá breytingu, sem hér er fyrirhuguð. Ég sé ekki neina sérstaka nauðsyn bera til þess, að hér á Íslandi verði hægri handar akstur lögleiddur og í því sambandi færðar þær fórnir, sem óhjákvæmilega hljóta að vera því samfara, bæði í miklum fjármunum og ekki síður í mikilli slysahættu, a. m. k. um nokkurt skeið. Rökin, sem færð eru fram og síðasti ræðumaður ræddi allrækilega um, eru m. a. þau, að Íslendingar, sem eru á ferðalagi erlendis, þurfi að vera vanir hægri handar akstri, þar sem það sé meginreglan, a. m. k. í Evrópu, og útlendingar, sem koma til Íslands, þurfi einnig að geta ekið eftir sömu reglu og þeir eru vanir í heimalandi sínu, þ. e. a. s. hægri handar reglunni. Ég get ekki séð, að þetta séu nægileg rök til þess að taka þá örlagaríku breytingu, sem hér er fyrirhuguð, og mér finnst satt að segja, að þetta sé hálfgerður undirlægjuháttur við útlendar þjóðir, svo að ekki sé meira sagt.

Svíar eru að undirbúa hægri handar akstur. Eins og öllum er kunnugt um, er það land umkringt öðrum löndum, sem smátt og smátt hafa samræmt sínar umferðarreglur öðrum löndum í Evrópu og orðið að taka upp hægri handar aksturinn. Það er vitanlega nauðsynlegt fyrir þjóðir, sem liggja saman, eins og þjóðir á meginlandi Evrópu, að hafa sömu reglu í þessum efnum, alveg á sama hátt og ef tvær eða fleiri reglur giltu á Íslandi. Ef Norðlendingar hefðu hægri handar akstur en Sunnlendingar vinstri handar akstur, er vitanlega nauðsynlegt að samræma þetta og taka aðra hvora regluna upp um allt landið. Það er vitanlega jafnnauðsynlegt að þjóðir, sem liggja saman, hafi sömu reglu í þessum efnum. Þess vegna hefur sú regla þróazt í Evrópu smátt og smátt, eins og hér hefur verið rætt um, að hægri handar aksturinn hefur orðið þar ofan á, og æ fleiri lönd hafa þar tekið þá reglu upp. Menn þurfa þar að sjálfsögðu að aka land úr landi, og samskipti þjóða á milli fara vaxandi. Þess vegna þurfum við ekkert að vera undrandi á því, þó að þessi regla ryðji sér til rúms æ meira. En ég held, að það væri rétt fyrir okkur Íslendinga að bíða a. m. k. nokkuð, doka við og sjá, hvernig þetta fer fram í Svíþjóð. Svíar ætla á næsta ári að stíga þetta skref, og það er lengur búið að bíða en þó að dokað væri við næsta ár til að sjá, hver áhrif þetta hefur og hver reynsla Svía verður af þessari breytingu. Þessu liggur ekki svo mikið á hér, og ég tel, að það sé eðlilegt og sjálfsagt að lofa Svíum að ljúka þessu máli, og þá væri hægt að taka málið upp aftur, ef svo verkast vildi.

Bretar hafa enn ekki breytt til, og síðasti ræðumaður sagði, að þeir fylgdust vel með þeim hreyfingum, sem ættu sér stað frá vinstri til hægri og myndu framkvæma hægri regluna, þegar jarðgöng væru komin undir Ermarsund. Ég tel, að þetta séu ágæt rök gegn hægri leiðinni og það sé algerlega ástæðulaust að breyta úr vinstri í hægri. Mér er ekki kunnugt um það, að hér séu uppi neinar skoðanir eða till., að jarðgöng verði gerð frá Íslandi til meginlands Evrópu, og ef það eru þau einustu rök, sem gilda í þessum efnum, held ég, að við Íslendingar getum haldið okkur áfram við hina svonefndu vinstri handar reglu. Og meðan Bretar halda vinstri handar reglunni, — og þeir munu áreiðanlega gera það, jafnvel þó að jarðgöng komi undir Ermarsund, — held ég, að okkur Íslendingum sé það óhætt.

Ræðumaður nefndi einnig nokkur ríki í Afríku, sem eru að taka upp hægri handar akstur, og það fer vitanlega eftir sömu reglu og um önnur lönd á meginlandi Evrópu, að þar sem ein regla hefur orðið ofan á í samfelldum löndum, er ekki nema eðlilegt, að hún ryðji sér þar til rúms. En um eylönd gegnir öðru máli, eins og Breta, Íslendinga, Japani og fleiri eylönd, sem hafa vinstri handar aksturinn. Við þetta er einnig það að athuga, að breytingin um akstursreglu er einfaldari erlendis, þar sem vegir þar eru yfirleitt einstefnuakstursbrautir, en hér á Íslandi er því ekki til að dreifa. Hér eru vegirnir mjóir, krókóttir og þröngir og munu verða það í ríkum mæli um alllanga framtíð. Aðstaða Íslendinga til þessara breytinga er því verri en Svía, sem hafa mikið af vegum með beinan einstefnuakstur, og á slíkum vegum er hættan í umferðinni vitanlega miklu minni.

Þá vil ég benda á það, að undirbúningur þessa máls hefur verið með þeim hætti, að þar hefur verið um nokkurs konar einstefnuakstur að ræða. Það hefur t. d. ekki verið leitað álits leigubílstjóra, þeirra sem aka leigubílum, t. d. hér í Reykjavík og víða úti um land. Álits þeirra hefur ekki verið leitað í þessu máli. Heilar stéttir, sem hafa atvinnu sína af akstri, hafa þess vegna ekki fengið tækifæri til þess að segja álit sitt í þessu máli. Ég fullyrði það, að almennt er í landinu vaxandi andúð gegn þessu frv., sem hér er á dagskrá. Það fullyrði ég alveg hiklaust. Og til dæmis vil ég geta þess, að 153 bifreiðastjórar frá Akranesi hafa falið mér að leggja fram mótmæli hér á lestrarsal Alþingis gegn þessu frv., og hef ég að sjálfsögðu gert það með mikilli ánægju.

Ég tel þess vegna og vil segja það að lokum, að hægri handar akstur hefur enga yfirburði umfram vinstri handar akstur. Og meðan engin slík rök eru lögð fram í málinu, er ekki ástæða fyrir okkur Íslendinga að breyta til, og allra sízt er ástæða til að gera það, áður en Svíar hafa komið þessum málum í framkvæmd. Þess vegna mun ég standa að því, að þetta frv., sem hér liggur fyrir, verði fellt, því að ég tel það algerlega ástæðulaust og ótímabært.

Halldór Ásgrímsson: Ég skal, herra forseti, ekki flytja langa ræðu. Það væri líka tilefnislaust, vegna þess að sú ræða, sem hv. frsm. meiri hl. allshn. flutti hér áðan, gaf lítið tilefni til þess að hafa uppi svör. Þar varð maður

lítið var við rök, en ýmis slagorð og kenningar, sem hann hélt að mundu henta eftir atvikum. Ég stóð mest upp í tilefni af því, að þessi hv. þm. vildi hafa það svo, og skyldi hann það tæplega hafa sagt, að ég hefði flutt — að sjálfsögðu vísvitandi — skakkt mál eða rangfært umsögn þeirrar n., sem áður hafði með málið að gera á sínum tíma. Ég ætla nú — með leyfi hæstv. forseta — að lesa upp bara annan kaflann, því að þessi n., sem um er að ræða, vék tvisvar sinnum í sinni umsögn að sama hlutnum og hefur væntanlega ekki gert það út í bláinn. A. m. k. tók ég það ekki síður alvarlega en eitt og annað, sem þessi ágæti meiri hl. allshn. segir um málið. V. kafli í þeirri umsögn, sem fylgir frv., hefst þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Þegar taka skal afstöðu til þess, hvort hafa skal vinstri eða hægri handar umferð, vaknar fyrst sú spurning," — það er fyrsta og aðalspurningin, sem á að meta í málinu, — „hverjir séu kostir og gallar hvorrar reglunnar um sig." Svo kemur orðrétt það, sem ég hafði áður vitnað í í minni ræðu um málið: „Talið er, að í sjálfu sér hafi hvorug reglan sérstaka kosti umfram hina."

Ég geri ráð fyrir því, að hv. frsm. meiri hl. n. hafi einhvers staðar fundið kosti í sambandi við afgreiðslu þessa máls, en a. m. k. meðfram í sínum eigin huga og af sínum eigin ályktunum. Þetta er raunverulega það, sem ég vildi segja. Ég lagði áherzlu á það, að ég skildi, að meginlandsþjóðirnar reyndu að samræma umferðarreglur sínar til vinstri eða hægri, eftir því, sem við ætti, og gat um, að eyþjóðirnar hefðu aðra aðstöðu að minni hyggju, og minntist á Breta í því sambandi. Nú á það að liggja alveg fyrir hjá hv. frsm. Hann svo sem veit, hvað Bretarnir ætla að gera, eða gerir ráð fyrir því, að þeir muni fara eftir því, hverju hann kemur fram hér á hv. Alþ. Íslendinga. Hann segir, og ég skal ekki vefengja það út af fyrir sig: Þegar jarðgöngin milli Bretlands og Frakklands verða búin, munu Bretar taka upp hægri handar akstur.- Fyrst og fremst: er nú ekki hægt að bíða eitthvað? Og í öðru lagi væri fróðlegt að vita, hvaðan hv. frsm. hefur fengið umboð til þess að lýsa yfir þessari ákvörðun Breta langt fram í tímann. Ég veit ekki til þess, að það sé byrjað að grafa þessi jarðgöng. Þau eru búin að vera áratugi í ráðagerð, og engin niðurstaða hefur fengizt. Og út frá þessu hefur hv. frsm. ályktað það með Bretana, sem hann sagði, að þegar viðskiptaþjóðir okkar, sem næstar eru okkur, eru allar búnar að taka upp hægri handar stefnu, er gefin leið, að við verðum að taka upp það sama. En það er bara ýmislegt í framtíðinni í þessu efni, sem á betur við að fullyrða minna um, þótt menn hafi mikinn hug á því að hafa áhrif á það, að breytt sé frá vinstri til hægri í akstri.

Það hefur sjálfsagt komið illa við sama hv. þm., það sem hann las upp úr minni ræðu, og er ég honum þakklátur fyrir. Út af fyrir sig hefði ég gjarnan getað orðið við því að lesa upp þennan kafla og e. t. v. fleiri, ef það hefði þýtt og mátt ætla, að þessi einstefnu hægri maður tæki nokkurt tillit til þess. En hann var með þann skæting að segja, sem mig skiptir engu máli, eftir að hafa lesið upp kafla úr minni ræðu, að hann vilji líkja því sjónarmiði, sem ég viðhafði og setti fram, að það væri óþarfi að láta ráða gerðum sínum í þessu efni það, sem síðasti hv. ræðumaður minntist á, sem sagt undirlægjuhátt, hann gat ekki misskilið, hvað ég meinti, og því segir hann nú í nokkurri skapvonzku, að þetta sé hundaþúfusjónarmið. Látum það vera, að þessi hv. þm. hafi efni á því að segja slíkt. En ég ætla þá að minna hann á, að það er til orðtak, sem segir: „Oft veltir lítil þúfa þungu hlassi." Það er vandséð enn þá, hvað gerist, hvor endinn verður upp á hv. þm., þegar upp er staðið hér á Alþ. út af þessu máli. En gott og vel, látum hann fara sigrandi af hólmi, þetta er ekki neitt tilfinningakappsmál, heldur málefnalegt, og ég þykist hafa flutt málefnasjónarmið í þessu máli. En það gæti hugsazt, að hv. þm. ætti eftir að velta um einhverja hundaþúfu, sem honum sést yfir núna, einhvern tíma seinna.

Frsm. meiri hl. (Birgir Finnsson): Herra forseti. Það er eitt atriði í ræðu hv. 3. þm. Vesturl. (DÁ), sem ég vildi gera aths. við. Hann hélt því fram, að þeir menn, sem ættu mikilla hagsmuna að gæta í sambandi við þetta mál, hefðu ekki fengið um það að vita og það hefði ekki verið undir þá borið. Ég vil í þessu sambandi upplýsa, að á Alþ. 1963—1964 var hér til meðferðar þáltill. um hægri handar umferð og hún var við meðferð málsins send ýmsum aðilum til umsagnar, m. a. vegamálastjóra, Landssambandi vörubifreiðastjóra og umferðarnefnd Reykjavíkur. Og allir þessir aðilar sendu jákvæða umsögn um málið. En í umferðarnefnd Reykjavíkur eiga sæti kjörnir fulltrúar borgarráðs, lögreglustjórinn í Reykjavík, borgarverkfræðingur, fulltrúar Slysavarnafélags Íslands, fulltrúar Félags ísl. bifreiðaeigenda, fulltrúar Félags vörubifreiðastjóra, Frama, félags leigubifreiðarstjóra og Strætisvagna Reykjavíkur. Þessir aðilar, sem þarna voru nefndir, hafa sem sé við meðferð málsins hér á Alþ. mælt með því, að upp yrði tekinn hægri handar akstur.

Þá var það eitt atriði í nál. minni hl. allshn., sem ég vildi leyfa mér að gera aths. við. Þar segir um kostnaðarhlið málsins á þá leið, hvers vegna við ættum nú að kosta mörgum tugum millj. kr., eða jafnvel 100-130 millj. kr., eins og talið sé af sumum að kostnaðurinn muni verða, til þess að taka upp hægri handar umferð, sem í engu sé betri en sú vinstri að dómi sérfróðra manna. Þessar tölur, 100-130 millj. kr., eru algerlega gripnar úr lausu lofti. Í grg. með frv. er kostnaðurinn áætlaður nálægt 50 millj. kr., og það hygg ég, að sé vel í lagt af þeim mönnum, sem bezt þekkja til. Hitt er aftur vitað, eins og ég hef rakið hér áður, að með hverju ári eða hverjum áratug sem líður, án þess að þessi breyting verði gerð, verður kostnaðurinn margfalt meiri. Það er nú þegar svo komið, að ekki er hægt að fá almenningsbifreiðar, strætisvagna og langferðabifreiðar til landsins með réttum útbúnaði fyrir þær umferðarreglur, sem hér gilda, nema með ærnum aukakostnaði, og þessi kostnaður fer vaxandi, eftir því sem þrengist um markaðinn fyrir þessa bíla og þeim löndum fækkar, þar sem þeir eru fáanlegir. Þá verður ekki heldur hægt að velja úr þær bifreiðategundir, sem bezt henta fyrir þessa nauðsynlegu þjónustu. Ég gat þess í ræðu minni um daginn, að ef það færi svo, að við yrðum að notast við strætisvagna með vinstri handar stýri, mundi af því leiða hér í Reykjavík a. m. k. 12-15

millj. kr. aukakostnað á ári, sem auðvitað leggst á þá, sem strætisvagnana nota.

Ég tel ekki ástæðu til að svara fleiru úr ræðum þeirra manna, sem hér hafa orðið til þess að andmæla þessu frv. En hv. 2. þm. Austf., sem var að ljúka máli sínu hér áðan, leyfði sér, eins og ég benti á í umr., sem urðu hér í s. l. viku, beinlínis að rangtúlka niðurstöðuna af grg. frv., því að hann sagði orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Það verður tæplega sagt, að hinir ágætu nm., sem samið hafa þetta frv. fyrir hæstv. ríkisstj., reyni í þeirri grg., sem frv. fylgir, að hafa ákveðin og einhuga sjónarmið til framdráttar málinu, þótt vissulega komi fram á ýmsa lund, að þeir hallast frekar að því, að þetta frv. verði samþ."

Þetta voru orð hv. 2. þm. Austf., og ég veit það, að þeir ágætu menn, sem frv. sömdu, kæra sig ekki um, að afstaða þeirra til málsins sé túlkuð á þennan hátt. Þess vegna sá ég ástæðu til að gera aths. við þetta atriði í málflutningi hv. 2. þm. Austf.

Ég ætla mér ekki að fara að karpa við hv. þm. um hundaþúfuna eða hvor okkar komi til með að standa betur að vígi, þegar hún veltur um koll. Þetta er ekki eina málið, þar sem þessi hv. þm. hefur uppi hundaþúfusjónarmið.

Frsm. minni hl. (Óskar E. Levy): Herra forseti. Þetta þurfa nú ekki að verða nema örfá orð eða örstutt athugasemd.

Hv. 2. landsk. þm., frsm. meiri hl. allshn., vildi halda því fram, að ég hefði farið með skakkar tölur í áætlun í ræðu minni áðan.

Það skal vissulega tekið fram, að áætlanir eru alltaf áætlanir og um áætlanir er alltaf hægt að deila. En ég held, að það sé nokkuð öruggt, að áætlun sú, sem birt er í grg. með því frv., sem hér er til umr., getur engan veginn staðizt. Hv. frsm. tók upp réttilega úr nál. eða athugasemdum með frv., að kostnaðurinn væri áætlaður 50 millj. Þetta er mjög réttilega fram tekið hjá hv. frsm. En þegar að er gáð, er bara því leynt í aðaláætluninni, hvað kostar að skipta um ljósabúnað tækjanna, þ. e. bifreiðanna, og mig minnir endilega, að þess sé einhvers staðar getið í grg., að það muni vera ca. 14 millj. kr., svo að þarna skakkar allverulegri upphæð. Ég hringdi að gamni mínu á bifreiðaverkstæði hér í borginni núna áðan og spurðist fyrir um, hvað það mundi kosta, hvað meðalkostnaður mundi verða við að skipta um ljósin, og mér var tjáð, að það mundi að líkindum fara upp í 548 kr. á bifreið, miðað við, að allt væri í topplagi með bifreiðarnar, en mig minnir, og ég held að það sé nokkuð öruggt, að ég fari rétt með það, að það er getið um það í grg., að þessi kostnaður muni verða eitthvað um 350 kr. á bifreið. Það var raunar búið að segja mér það áður, að þessi áætlun væri algerlega fjarri lagi, og þannig er það með þann málflutning, sem hér hefur verið hafður í frammi, að mér finnst hann tæplega hafa verið traustvekjandi. En ég vil taka það fram, að það er ekki málflutningur hv. frsm., það er grg. með frv., sem ég á við. Það er þannig á málum haldið, að ég verð að segja, að mér finnst það tæplega vera traustvekjandi.

Ég vil taka það skýrt fram, að það er síður en svo, að ég hafi viljað fara hér með rangar tölur, en það ætti öllum að vera ljóst, að þessi áætlun, sem þarna er birt, fær engan veginn staðizt.

Svo er eitt enn. Það er talað um það og á það lögð áherzla, ef frv. verður að l., að hafa mjög ýtarlega og góða upplýsingaþjónustu í gangi til þess að forðast slys eftir því sem auðið verður.

Ég hef ekki komið auga á, að það sé gert nokkurs staðar ráð fyrir kostnaði við þetta í áætlun umferðarlaganefndar. Og þetta hlýtur að verða allveruleg upphæð, en hvað hún verður mikil, er ekki á mínu færi að segja um. En ég er anzi hræddur um það, að þegar allt kemur til alls, verði ef til vill mín áætlun heldur nær lagi en áætlun sú, sem birt er í grg. frv.

Annars verð ég að segja það, að þetta er alls ekki aðalatriðið. Höfuðatriði málsins er það frá minum sjónarhóli séð, að það er ekki þörf á þessari framkvæmd. Það er ekki þörf á því að gera þetta, og einmitt beinlínis vegna þess hef ég mótað þessa afstöðu mína til málsins. Sérstaða okkar Íslendinga í þessu máli er svo geysilega mikil, að ég hef enga trú á því, að það verði nokkur þörf fyrir okkur að gera þetta um næstu mjög langa framtíð og ég held helzt bara aldrei. Ég held það.

Því er haldið dálítið á loft af meðhaldsmönnum þessa máls, að það muni verða mjög dýrt að gera þetta seinna. Þetta er vissulega rétt, að það mun verða miklu dýrara. En það er bara svona með alla hluti. Við getum ekki framkvæmt alla hluti í dag, sem við þurfum að gera. Við þurfum margt að byggja á næstu áratugum og öldum, og það verður vissulega miklu dýrara en það mundi verða í dag, — byggja og rækta og margt og margt að gera, — allt verður þetta miklu dýrara. Þess vegna eigum við einmitt að gera hina nauðsynlegustu hluti fyrir okkar fjármagn, en ekki það, sem við getum svo ákaflega vel losnað við að gera, og allra sízt það, sem mjög orkar tvímælis um, hvort við eigum að gera eða ekki.

Svo er annað atriði, sem er kannske annað höfuðatriði málsins, og það er það, að ég er alveg sannfærður um, að með því að skipta um í hægri handar akstur förum við inn á verri regluna, — ég er alveg hárviss um það. Ég skal taka það fram aftur, að ég er enginn sérfræðingur í þessum málum, en þetta er einmitt það, sem hinn lífsreyndi lögregluþjónn var að benda okkur á. Maðurinn, sem er búinn að vera í þessu starfi um 20 ára bil, hann bendir okkur á, að þetta muni verða miklu verra fyrir okkur, og það er höfuðatriði málsins.

Ég vil að lokum taka það fram, að sú áætlun, sem ég nefndi á mínu þskj., styðst ekki algerlega við mína hugaróra, en ég held, að það sé mjög hæpið að segja, að hún geti ekki staðizt, a. m. k. lágmarkstalan, því miður.

Halldór Ásgrímsson: Herra forseti. Það hljóp eitthvað í skapið á hv. 2. landsk. ýmislegt af því, sem ég sagði, m. a. það, að ég las upp úr nál. mþn. setningu til sönnunar því, að ég hafði rétt eftir ýmis ummæli, sem ég bar áður fyrir. Ég heyrði ekki betur en hv. 2. landsk. væri að segja, eða í raun og veru að gefa mér í skyn, að það væri óheimilt að vitna í álitið, eftir því sem mér skildist, vegna þess að nm. meintu í raun og veru annað en stæði í greininni. Hann um þá fullyrðingu. Ég tók þessa umsögn alvarlegar en svo, sem þeir sögðu í sínu merkilega áliti, að ekki væri á mark takandi.

Hv. 2. landsk. leyfði sér svo að hafa skjóta afgreiðslu á því, sem ég sagði. Það er náttúrlega stórt orð að vera forseti Sþ., kannske að vera landsk., ég veit það ekki, og í krafti þessarar stóru upphefðar, sem hann hefur notið, leyfir hann sér í lok sinnar ræðu að segja aðannaðhvort öll eða flest þau mál, sem ég flytti hér á þingi, væru flutt með hundaþúfusjónarmiði. Nú mætti athuga þetta. Ég geri ekki kröfu til þess, að þessi hv. þm. viti það, en hann hefði gott af að hugsa um það, að hundurinn hefur verið fyrsti græðarinn á söndum og eyðimelum og skilið eftir þúfurnar vafðar grasi og sýnt, hvað hægt væri að gera fyrir manninn á þeim stöðum. Ég geri ekki kröfu til þess, að hv. þm. meti gróandi jörð og græna, vafða grasi, svo mikils, en hann mætti hafa hundinn sér til fyrirmyndar í þessu efni sem öðru, eins og menn mega gjarnan oft og mörgum sinnum. Ég tek ekki þessa samlíkingu nærri mér, en ég vil bara spyrja aftur, hvort það muni vera ófarsælla fyrir þjóðina að hafa þá hundaþúfusjónarmiðin einstöku sinnum í stað músarholusjónarmiða hv. þm., sem ég veit ekki til að nokkurs staðar hafi gróið út frá.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 61. fundi í Nd., 29. marz, var enn fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 26:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SkG, SvJ, AJ, BF, BBen, BFB, RJ, EðS, EÁ, EystJ, GeirG, GuðlG, GÞG, HV, IngJ, IG, JóhH, JSk, JR, LJós, MB, MÁM, PS, RA, SÁ, SB.

nei: ÞÞ, ÓskJ, BGr, BP, GunnG, HÁ, DÁ, ÓL, SE.

ÞÓl, RG, GíslG, JP, SI greiddu ekki atkv.

2.—4. gr. samþ. með 24:2 atkv.

5.—11. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.

Brtt. 354 felld með 17:10 atkv.

12.—15. gr. samþ. með 20:7 atkv.

16.—19. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 25:5 atkv.

Á 62. og 64. fundi í Nd., 31. marz og 1. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 68. fundi í Nd. 12. apríl, var frv. enn tekið til 3. umr.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Ég þarf að gera smáaths. við þetta frv. nú við þessa umr., sem ég tel eðlilegt, að komi fram, áður en 3. umr. er lokið eða málið hlyti endanlega afgreiðslu hér í þessari hv.d.

Eins og hv. þm. er kunnugt, er í 12. gr. frv. gert ráð fyrir því, að skattur, sem á að bera kostnaðinn af þeim breytingum, sem frv. beri í sér, leggist á bifreiðar eftir tilteknum reglum á 4 árum, á árunum 1966—1969. Nú er það svo, að gjalddagi bifreiðaskattsins er 1. janúar og eindagi fyrir 1. apríl, og ef innheimta á skatt þennan í ár, hefði því þurft að gera breytingar á frv., en tollstjóri hefur jafnframt látið í ljós, að það muni naumast hægt að innheimta skattinn í ár, jafnvel þótt frv. hefði verið afgreitt á Alþ. fyrr en nú eru horfur á. Ástæðurnar fyrir þessu telur hann bæði þær, að búið er að undirbúa innheimtuna í ár, einnig hafa margir bifreiðaeigendur greitt sinn bifreiðaskatt, og þyrfti þá sérstaka innheimtu á þessum skatti hjá þeim, og gæti eindagi þá í ár varla orðið, eins og nú horfir, fyrr en í maímánuði og jafnvel ekki fyrr en um miðjan maí. Það hefur einnig komið fram það álit tollstjóra, að reglur um bifreiðaskattinn eigi að gilda að öllu leyti um þennan sérstaka skatt, þ. á m. um endurgreiðslu og lækkun á skattinum, sem ekki var gert ráð fyrir í frv., og áætlar tollstjóri, að endurgreiðsla á lækkun gæti numið um 8—9%. Það virðast því allar horfur á því, að þó að frv. næði samþykki nú í þingi, yrði ekki hægt að koma við neinni skattheimtu á árinu 1966, og þá kemur tvennt til álita: að innheimta skattinn á þremur árum í staðinn fyrir fjórum, eða árunum 1967, 1968 og 1969, eða hvort fært þætti að lengja skattheimtuna og innheimta hann engu að síður á 4 árum, frá 1967—1970 að báðum meðtöldum.

Ég hef gert ráðstafanir til þess, að allshn. fái þessar athuganir frá rn. til meðferðar, og vildi mega mælast til þess, að umr. yrði frestað og n. fengi þannig tækifæri til þess að tjá sig um, hvað hún teldi ráðlegast í þessu sambandi. Ég hef ekki sjálfur gert ákveðnar till. um það, hvort réttara sé að innheimta skattinn á 3 árum eða 4. Það kemur hér til álita, að mestur kostnaðurinn fellur á ríkissjóðinn, ef frv. yrði samþ. á árinu 1968, þegar breytingin fer fram. Fjmrh. hæstv. hafa einnig verið sendar þessar athuganir og eðlilegt, að fjallað sé endanlega um fyrirkomulag skattsins í samráði við fjmrn. Það, sem einkum kæmi til greina í 12. gr., er, að 12. gr. breytist á þann veg, sem rétt þætti að ákveða skattinn, annaðhvort á 3 árum eða 4 árum, og einnig að það yrði gerbreyting á 13. gr., þannig að þessi skattur skuli innheimtur með bifreiðagjöldum og skuli gilda um innheimtu hans sömu reglur sem um bifreiðaskattinn, þ. á m. ákvæðin um frádrátt á gjaldi vegna innilegu skráningarmerkis og lögtaksrétt og lögveð o.s.frv. Um það, sem ég nú hef vikið að, mun allshn., sem hafði málið til meðferðar, fá grg. frá dómsmrn., og teldi ég, eins og atvik standa til, að það væri þá eðlilegt að fresta umr. núna, svo að n. fengi aðstöðu til að tjá sig um málið, áður en þessari umr. lýkur.

Umr. frestað.

Á 69. fundi í Nd., 14. apríl, var frv. tekið til frh. 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 70. fundi í Nd., 15. apríl, var fram haldið 3. umr. um frv.

Frsm. meiri hl. (Birgir Finnsson): Herra forseti. Þegar umr. um þetta mál var frestað s. l. mánudag, óskaði hæstv. dómsmrh. eftir því, að allshn. tæki til endurskoðunar till. frv. um gjald það, sem leggja skal á bifreiðar til þess að standa undir kostnaði við breytinguna úr vinstri handar umferð í hægri handar umferð, ef frv. verður að lögum. Allshn. bárust aths. rn. við frv. varðandi þetta atriði í morgun, og meiri hl. n. afgreiddi brtt., sem því miður hefur ekki enn þá unnizt tími til að útbýta, en er í prentun og verður væntanlega

innan tíðar útbýtt í hv. d. Til þess að gera grein fyrir þessari till., verð ég því, með leyfi hæstv. forseta, að leggja hana hér fram skriflega.

Í frv. um hægri handar umferð er gert ráð fyrir, að lagður verði á bifreiðar sérstakur skattur til að standa undir kostnaði þeim, sem ríkissjóður á að greiða vegna breytingar úr vinstri í hægri handar umferð, og kostnaðurinn er áætlaður 49 4 millj. kr. Frv. gerir ráð fyrir því, að skatturinn greiðist á 4 árum, 1966—1969. Bifreiðum er í frv. skipt í tvo flokka, annars vegar fólksbifreiðar 1-8 farþega og hins vegar aðrar bifreiðar og er skatturinn mismunandi hár eftir þessum flokkum. Einnig gerir frv. ráð fyrir því, að skatturinn verði mismunandi hár eftir árum. Miðað við áætlun Efnahagsstofnunarinnar um bifreiðafjölda, var í frv. áætlað, að skatturinn gæti orðið sem hér segir: Árið 1966 8.320.000 kr., en þá hefði gjaldið fyrir 1-8 farþega bifreiðar verið 200 kr. og fyrir aðrar bifreiðar 350 kr. Árið 1967 13.960.000 kr. Gjaldið hefði þá verið fyrir 1—8 farþega bifreiðar 300 kr., en fyrir aðrar bifreiðar 550 kr. Árið 1968 hefði skatturinn numið 19.360.000 kr., gjaldið verið 400 kr. fyrir minni bifreiðarnar og 750 kr. fyrir aðrar bifreiðar. Árið 1969 var svo ráðgert, að skatturinn yrði 10.160.000 kr., en gjaldið næmi 200 kr. af minni bifreiðunum en 350 kr. af þeim stærri.

Það hefur komið í ljós við nánari athugun á þessum till. frv., að vegna þess að gjalddagi bifreiðaskatts er 1. janúar og eindagi 1. apríl, er ekki hægt eða a. m. k. örðugleikum bundið að innheimta skattinn á þessu ári. Er þess vegna um það að ræða, að í stað þess, að skatturinn greiðist á árunum 1966-1969, greiðist hann annað hvort á árunum 1967—1969 eða á árunum 1967—1970.

Jafnframt því að benda á þennan annmarka á innheimtu skattsins hefur tollstjóri lagt á það ríka áherzlu, að um þennan skatt giltu að öllu leyti sömu ákvæði og um aðra bifreiðaskatta, þ. e. a. s. þannig, að um endurgreiðslu geti verið að ræða, ef bifreið er ekki í notkun. Var ekki gert ráð fyrir því í frv. Nú hefur dómsmrn. reiknað út, eða látið reikna út, hvernig þessi skattur mundi skiptast, í fyrsta lagi, ef gert væri ráð fyrir því, að hann greiðist á árunum 1967-1970. Til þess að gera þetta sem stytzt, vil ég taka það fram strax, að það er síðari kosturinn, sem meiri hl. allshn. leggur til að valinn verði, þ. e. a. s. að gjaldið greiðist á árunum 1967-1970 í staðinn fyrir að frv. gerir ráð fyrir, að það greiðist á árunum 1966-1969. Þetta færist þannig fram um eitt ár. Jafnframt eru gerðar lítils háttar breytingar á gjaldinu vegna ábendinga tollstjóra um það, að um skattinn gildi sömu reglur og um aðra bifreiðaskatta, og er þá gert ráð fyrir að vegna innistöðu bifreiða geti verið um 8—9% endurgreiðslur á skattinum að ræða árlega. Í samræmi við þetta er gjaldið hækkað lítið eitt, og enn fremur er gerð sú breyting, að gjaldið er hækkað frá till. frv. fyrstu árin, en lækkað seinni tvö árin. Í samræmi við þetta leggur meiri hl. allshn. í fyrsta lagi til breytingu við 12. gr. um það, að gr. orðist svo:

„Á árunum 1967-1970 skal greiða í ríkissjóð sérstakan skatt af bifreiðum sem hér segir:

a) Af fólksbifreiðum 1—8 farþega 240 kr. árið 1967, 360 kr. árið 1968, 360 kr. árið 1969 og 180 kr. árið 1970.

b) Af öðrum bifreiðum 420 kr. árið 1967, 660 kr. árið 1968, 660 kr. árið 1969 og 300 kr. árið 1970."

2. brtt. allshn. er við 13. gr. og er á þessa leið:

„Gr. orðist svo:

Skattur þessi skal innheimtur með bifreiðagjöldum, og skulu gilda um innheimtu hans sömu reglur og um bifreiðaskatt, þ. á m. ákvæðin um frádrátt á gjaldi vegna innlegu skráningarmerkis, um lögtaksrétt og lögveð."

Og 3. brtt., sem leiðir af hinum fyrri, er við 15. gr. Greinin falli niður, og breytist greinatalan samkv. því.

Ég hef þá lokið við að gera grein fyrir þessum brtt. meiri hl. allshn. og leyfi mér að leggja þær fram skrifl. og biðja hæstv. forseta að leita afbrigða fyrir þeim.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 490) leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Frv., sem hér liggur fyrir til 3. umr., á þskj. 87, um hægri handar akstur, var flutt snemma á þessu þingi. Því var útbýtt, að ég ætla, til þm. 18. nóv. og skömmu síðar vísað til n. hér í þessari hv. d. Svo leið langur tími eða fram í miðjan marzmánuð og lengur, þannig að málið var ekki afgreitt úr n., og ég ætla, að margir þm. hafi litið svo á, að ekki væri til þess ætlazt, að málið yrði afgreitt á þessu þingi, þar sem það hefur legið svo lengi í n., og þá ekki sízt vegna þess, að vart hefur orðið töluverðrar andúðar hjá almenningi í sambandi við þetta mál, sem komið hefur fram á ýmsan hátt, m. a. í blöðum. Nú fór hins vegar svo, að eftir að komið var nokkuð langt fram í marzmánuð, var það afgreitt frá n. þannig, að meiri hl. n. mælti með frv., en minni hl. mælti því í gegn, og hefur það síðan verið samþ. við 2. umr.

Ég hef gert mér nokkurt far um að kynna mér þau gögn, sem legið hafa fyrir í sambandi við þetta mál, í grg. þeirri, sem fylgdi frv., frá þeim, sem að því hafa unnið að undirbúa það, og í nál., sem fyrir lágu við 2. umr., og þá m. a. þær upplýsingar, sem eru í þessum plöggum um fyrirkomulag þessara mála í öðrum löndum. Ég hef saknað þess, að þær upplýsingar um fyrirkomulag þessara mála í öðrum löndum eru ekki svo ítarlegar sem mér hefur virzt að þær ættu að vera, því að mér sýnist, að það hefði verið eðlilegt, að þeir, sem unnu að undirbúningi þessa máls, hefðu látið frv. fylgja upplýsingar um umferðarreglur hjá öllum öðrum þjóðum. Sjálfstæð ríki í veröldinni eru ekki fleiri en svo, að það hefði átt að vera auðvelt að afla upplýsinga um þetta efni, eins og nú er ástatt, þar sem þær upplýsingar hljóta að sjálfsögðu að vera fyrir hendi og auðvelt að afla þeirra, t. d. á vettvangi Hinna sameinuðu þjóða. Þetta hefur ekki verið gert, heldur eru hér tilgreind nokkur dæmi um umferðarreglurnar annars staðar í heiminum og almennt frá því sagt, að þróun gangi í þá átt að taka upp hægri handar akstur í staðinn fyrir vinstri handar akstur. Þó kemur það fram í þessum upplýsingum, að tvö af stærstu eyríkjum heims, þ. e. a. s. Japan og Stóra-Bretland, hafa enn vinstri handar umferð, og það kemur enn fremur fram í upplýsingunum, að öll eyríki í norðurálfu hafi enn vinstri handar umferð. Ef þetta frv. verður samþ. hér á Alþ., verður Ísland þannig fyrst eyríkjanna í

norðurálfu til þess að breyta sínum umferðarreglum. Ég veit ekki, hvort það yrði fyrsta eyríki í heimi, því að til þess skortir upplýsingar, að hægt sé að komast að raun um, hvort svo er. Meðan svo er ástatt, að ekkert eyríki hér í álfu hefur séð ástæðu til þess að breyta sínum reglum, sýnist mér a. m. k., að það orki tvímælis, að frekar sé ástæða til þess fyrir Ísland að gera það, og að sú röksemd geti ekki haldið í því máli, að ekki sé hægt að fá bifreiðar, sem henti fyrir vinstri handar umferð. Einhvern veginn hljóta þær tvær stórþjóðir, sem ég nefndi áðan og samtals telja 150 millj. manna, að eiga þess kost að fá þær bifreiðar, sem bezt eru taldar henta fyrir vinstri handar akstur.

Nú vil ég segja það að öðru leyti, að mér virðist það einnig koma til álita í sambandi við þetta mál, hvort ekki væri ástæða fyrir Íslendinga til þess að bíða þess, að í ljós komi, hver reynsla Svía verður af því að skipta um umferðarreglur, en það er alveg að því komið, að þeir geri það, og ekki langt þess að bíða, að það komi í ljós, hver reynslan verður af þeirri breytingu þar í landi. Mér sýnist, að það gæti ekki skipt mjög miklu máli að bíða þess, þannig að það komi vissulega til álits að gera það.

Enn fremur vil ég vekja athygli á því, að þeir, sem látið hafa í té umsagnir um þetta mál, eru, að ég ætla, eingöngu embættismenn eða fulltrúar stofnana, sem eru staðsettar hér í höfuðborginni. Það hefur ekki verið leitað sérstaklega umsagnar aðila, sem staðsettir eru annars staðar á landinu, um þetta mál. En mér kemur þetta svo fyrir sjónir, að það kunni að vera dálítið mismunandi sjónarmið hjá aðilum og hjá almenningi um þetta mál eftir því, hvar menn eru búsettir á landinu, og að þessi áhugi fyrir því að breyta hér um umferðarreglur kunni að vera nokkuð mikið miðaður við það ástand, sem hér er í Reykjavík og umhverfi hennar, að vegir eru tiltölulega nokkuð góðir miðað við það, sem annars staðar er, og líkur til þess, að vegakerfið breytist til hins betra. Og ég er ekki viss um, að ýmsar þær röksemdir, sem hafa komið fram hér í umr. fyrir því að breyta úr vinstri handar akstri yfir í hægri handar akstur, fái staðizt jafnvel, ef þær eru skoðaðar sérstaklega með tilliti til ástands veganna, eins og það er víðast hvar í landinu. Vissulega sýnist leikmanni eins og mér í þessum málum, sem kann ekki að aka bifreið og á sjálfsagt ekki eftir að læra það, að það hljóti að vera við nokkuð önnur vandamál að stríða fyrir þá, sem eru í umferðinni á fullkomnum nýtízkuvegum annars vegar og hins vegar á þeim vegum, sem algengastir eru hér á landi. Ég vil hins vegar ekki hætta mér langt út í að ræða þau mál af skiljanlegum ástæðum, því að ég tel mig skorta þekkingu og reynslu á því sviði, en þetta kemur mér þannig fyrir sjónir.

Sú niðurstaða, sem ég kemst að í sambandi við þessar hugleiðingar, hefur leitt til þess, að við 2. umr. greiddi ég ekki atkv. um þetta mál, og nú, þegar að því er komið, að málið verði tekið til endanlegrar afgreiðslu í d., sýnist mér, að æskilegt væri, að almenningi gæfist þess kostur að kynna sér betur þetta mál og ræða það. Það er mjög algengt, að slík mál sem þessi séu ekki afgreidd á fyrsta þingi, sem þau eru flutt, heldur látin bíða milli þinga, til þess að ráðrúm gefist fyrir almenning til þess að átta sig betur á þeim.

Ég vil leyfa mér að leggja hér fram till. til rökstuddrar dagskrár, sem ég mun afhenda hæstv. forseta og hljóðar svo:

„Með því að æskilegt er, að þjóðin fái ráðrúm til þess að kynna sér málið og ræða það milli þinga, tekur d. fyrir næsta mál á dagskrá.“

Frsm. meiri hl. (Birgir Finnsson): Herra forseti. Út af hugleiðingum hv. 3. þm. Norðurl. e. vil ég aðeins segja fáein orð. Hann taldi, að þeir aðilar, sem gefið höfðu umsagnir um frv. um hægri handar umferðina, hafi eingöngu verið fulltrúar þéttbýlisins við Reykjavík og embættismenn, sem staðsettir væru hér í Reykjavík, eins og hann orðaði það. Það má kannske segja,að þannig sé ástatt með meiri hl. þeirra, sem umsagnirnar hafa gefið, en ég vil þó bæta því við, að fáir menn ættu að vera betur kunnugir ástandi vegamálanna úti um landið en t.d. vegamálastjóri, þó að hann sé búsettur hér í Reykjavík. Einnig rekur mig minni til þess, að umsagnir hafi komið um málið frá Félagi ísl. bifreiðaeigenda, sem ég hygg að sé ekki eingöngu bundið við Reykjavík og nágrenni, heldur félag fyrir landið allt. Sömuleiðis man ég ekki betur en umsögn bærist um málið frá Landssambandi vörubifreiðastjóra, og þeir eru auðvitað víðar en hér í Reykjavik.

Þá sagði hv. 3. þm. Norðurl. e., að réttast væri af okkur að bíða eftir því, hver yrði reynsla Svía af þessari breytingu. Það er einmitt ráð fyrir því gert í frv., að breytingin hér á landi gangi ekki í gildi fyrr en Svíar hafa breytt umferðarreglunum hjá sér. Þeir ætla að breyta sínum umferðarreglum á næsta ári, en samkv. frv. er gert ráð fyrir, að breytingin hér komi ekki til framkvæmda fyrr en vorið 1968, þannig að þá ætti að liggja fyrir reynslan af breytingunni í Svíþjóð. Auk þess liggur þegar fyrir reynsla af sams konar breytingu í fjöldamörgum öðrum löndum, og eins og rakið er í nál. allshn., hefur ekki neitt sérstakt skeð við þá breytingu að því er slys áhrærir. Það hefur ekki farið yfir þær þjóðir nein slysaalda, ekki yfir Tékkóslóvakíu eða Austurríki, Argentínu, Eþíópíu eða önnur þau lönd, sem breytt hafa um hjá sér. Ég held, eins og ég hef áður gert grein fyrir í umr. um þetta frv., að allt of mikið sé gert úr þeirri slysahættu, sem breytingunni sé samfara. Við sjáum, að það virðist ekki valda Bandaríkjamönnunum, sem hér dveljast sem gestir okkar, neinum sérstökum örðugleikum að aðlaga sig vinstri handar umferðinni, þó að þeir séu vanir hægri handar umferð. Þetta virðist ekki valda þeim neinum sérstökum örðugleikum. Og ég hygg, eins og margsinnis hefur verið tekið fram, að með nægilegri aðgæzlu, með góðum undirbúningi og fræðslu og áróðri í sambandi við þessa breytingu geti hún skilið eftir varanleg spor í þá átt að bæta umferðarmenninguna hér á landi. Þess er vissulega þörf.

Það eina atriði, sem hægt er að segja að geti valdið óþægindum, er það atriði, að þegar stýrið í bifreiðunum er nær vegarmiðju, þá sjá menn ekki eins vel vegkantinn. En ég held, að einnig sé gert of mikið úr þessu og dregnar skakkar ályktanir í því sambandi. Það er ekki fyrst og fremst staðsetningin á stýrinu í bifreiðinni, sem veldur hættum í sambandi við það, að vegkantarnir eru hlykkjóttir eða skörðóttir, heldur er það sjálf gerð veg-

arins. Það eru fyrst og fremst vegirnir, sem þarf að laga, til þess að draga úr þessari hættu, sem menn vilja gera svo mikið úr í sambandi við breytinguna.

Ég hef alveg óbreytta skoðun á því, að ekki sé hyggilegt af okkur að draga lengur að gera þá breytingu, sem frv. gerir ráð fyrir. Það er alveg augljóst mál, að ef þessi breyting ætti að ske 5 eða 10 eða 15 árum síðar en ráð er fyrir gert, mundi hún verða margfalt dýrari.

Af hreinni tilviljun hitti ég nýlega Ástralíubúa, sem dvelst hér við nám, og hann fór að fyrra bragði að spyrja mig um þetta mál. Hann sagði mér, að í Ástralíu væri það orðið mikið vandamál, að þeir hafa vinstri handar umferð, en kostnaðurinn við að breyta bifreiðum, sem þeir kaupa til landsins, er orðinn það mikill á ári hverju, að hann nemur meiri upphæð árlega en kosta mundi hjá þeim að breyta yfir í hægri handar umferð í eitt skipti fyrir öll.

Það hefur verið talað um, að á það hafi skort, að þeir, sem hafi undirbúið þetta mál, hafi gefið upplýsingar um umferðarreglur alls staðar í heiminum. Það kann að vera, að það hafi ekki verið talið upp hvert einasta þjóðland eða skýrt frá umferðarreglunum alls staðar, en ég hygg, að okkur varði mestu, hvernig þessar reglur eru í næsta nágrenni við okkur, þ. e. a. s. í Evrópu. Og þegar Svíþjóð er búin að breyta sínum umferðarreglum á næsta ári, verður ekkert land eftir á meginlandi Evrópu með vinstri handar umferð. Það verða þá í Evrópu aðeins eylöndin, brezku eyjarnar, Ísland, Malta og Kýpur, sem verða eftir með vinstri handar umferð. Og það er nú einu sinni þannig, að við höfum mestar samgöngur og mest samskipti við Evrópulöndin. Ameríkurikin flestöll hafa hægri handar umferð, þannig að báðum megin Atlantshafs er hægri reglan ríkjandi umferðarregla. Eins og margoft hefur verið tekið fram, hlýtur auk þess að vera mikið öryggi í því, að farið sé eftir sömu umferðarreglum, hvort sem ferðazt er á landi, í lofti eða á sjó.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Ég skal vera mjög fáorður. Ég vil aðeins vekja athygli á því til þess að koma í veg fyrir misskilning í sambandi við það, sem hv. 2. landsk. sagði, að í ræðu minni áðan mælti ég ekki gegn þessu frv. efnislega. Ég mælti gegn því, að það yrði samþ. á þessu þingi, og lét í ljós þá ósk, sem fram kemur í dagskrártill., sem ég bar fram, að því yrði frestað, þannig að þjóðin fengi ráðrúm til þess að kynna sér málið nánar og ræða það á milli þinga. Ég lét ekki heldur þau orð falla, að þeir, sem gefið hefðu umsögn um þetta mál, væri eingöngu fulltrúar þeirra, sem búsettir eru hér á höfuðborgarsvæðinu. Ég sagði, að þeir embættismenn og aðrir, sem þessar umsagnir hafa gefið, væru starfandi hér á þessu svæði, þar sem umferðin er nokkuð með öðrum hætti en annars staðar á landinu, og mér hefur sýnzt ekki útilokað, að það kynni að hafa verið þessum aðilum ríkara í huga, sem þeir hafa fyrir augunum dag hvern, heldur en hitt, sem fjarlægara er. Ég hef auðvitað engin gögn fyrir því hér, en ég hef rætt við allmarga menn um þetta mál, sérstaklega fólk, sem á heima annars staðar á landinu, og ég hef ástæðu til þess að ætla, að a. m. k. á þessu stigi sé allmikil andstaða meðal almennings gegn þessu máli. En ef hér á að verða breyting á, verður hún auðvitað að framkvæmast með samstarfi yfirvaldanna og almennings í landinu. Það skiptir ekki litlu máli, að almenningur sé sama sinnis og þeir, sem slíka löggjöf setja, ef það verður gert. Og ég fæ ekki séð, að eitt ár til eða frá skipti máli í þessu sambandi. Hér er talað um, að það verði alltaf dýrara og dýrara með ári hverju, miklu dýrara nú en það hafi verið fyrir 20 árum að breyta til. Þetta er auðvitað rétt í krónum talið, en krónurnar eru ekki sambærilegar nú og fyrir 20 árum, og jafnvel þó að þetta drægist eitthvað og yrði gert síðar og þá nokkru dýrara, mætti e. t. v. ætla, að þjóðin yrði þess þá einnig betur umkomin að standa straum af því, þannig að slíkur talnasamanburður um kostnað hefur a. m. k. takmarkað gildi.

Ég endurtek það, sem ég sagði áðan, að ég held, að hér geti verið um töluvert mismunandi sjónarmið að ræða eftir því, hvort menn hafa í huga þá umferð, sem hér er t. d. á höfuðborgarsvæðinu og líkleg til að verða þar, þegar hraðbrautirnar verða byggðar, og svo aftur hitt, sem því miður er enn þá miklu algengara hér á þessu landi. Hv. 2. landsk. nefndi áðan umferðina á lélegum og mjóum vegum, þar sem töluverð hætta getur að sjálfsögðu stafað af því, að menn fari of nærri vegarbrún. Og mér koma í hug í því sambandi einmitt ýmsir vegir, sem hv. þm. er sérstaklega kunnugur á Vestfjörðum, vegir sem liggja í hliðbratta, í bröttum fjallahlíðum og slíkir vegir eru víðar á landinu. Ég held, að þar sem svo stendur á, þurfi að hafa töluverða aðgæzlu á vegarbrúninni, og oft verður maður þess var, þegar bifreiðar fara um slíka vegi, kannske í misjafnri færð, að bifreiðarstjórinn horfir út um gluggann vinstra megin til að fylgjast með vegarbrúninni, það getur hann ekki gert, ef hann situr hinum megin í bílnum. Þetta hygg ég, að ég segi á réttan hátt, þó að ég sé ekki vel að mér um bifreiðaakstur.

Að lokum aðeins þetta: Ég er ekki að mæla með eða móti þessu frv. efnislega. Ég er aðeins að óska eftir fresti. Mér finnst, að sá frestur væri sambærilegur við ýmislegt, sem áður hefur gerzt hér á þingi, þegar komið hafa fram vandasöm mál, sem þó varða allan almenning í framkvæmd. Þá eru þau gjarnan látin bíða og höfð í athugun á milli þinga. Um það er dagskrártill. mín í þessu máli.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 71. fundi í Nd., 18. apríl, var enn fram haldið 3. umr. um frv. (A. 87, 490,495).

ATKVGR.

Rökst. dagskrá á þskj. 495 felld með 22:11 atkv.

Brtt. 490,1 samþ. með 21 shlj. atkv.

Brtt. 490,2 samþ. með 22 shlj. atkv.

Brtt. 490,3 samþ. með 21 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 24:9 atkv. og afgr. til Ed.

Á 66. fundi í Ed., 19. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 516).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Ég

hleyp í þessa umr. hérna, en hef verið nokkuð bundinn við Nd., en það er nú aðallega til þess, að það tefjist ekki, að málið fái afgreiðslu.

Þetta mál er orðið nokkuð mikið umrætt og sennilega þegar töluvert kunnugt hv. þdm. Eins og fram mun koma í grg., var þetta frv. á sínum tíma undirbúið í samræmi við ályktun, sem gerð var hér á Alþ., að ríkisstj. léti kanna aðstöðu til þess að breyta til, taka upp hægri handar akstur í staðinn fyrir vinstri handar akstur og leggja þá fyrir þingið till. um það að undangenginni þeirri könnun. Og frv., sem hér liggur fyrir, er ávöxtur af þeim rannsóknum og athugunum, sem ríkisstj. lét fram fara, og er nánar gerð grein fyrir því í grg. frv. Um þetta fjölluðu ýmsir aðilar, sem helzt hafa sérfræðilega þekkingu í sambandi við umferðina, og þeir hafa, — ég held það sé rétt hjá mér, — allir lagt til eða mælt með því, að hægri handar umferð væri upp tekin. Svo eru ýmsar hugleiðingar í grg. almennt um vinstri handar og hægri handar akstur, og ég held, að niðurstöður um það verði ekki sagðar aðrar en það sé í sjálfu sér eða út af fyrir sig sama, hvorum megin vegarmiðju keyrt er, að önnur leiðin þar hafi ekki kosti í sjálfu sér umfram hina. Það er þá helzt fært til rökstuðnings því að taka upp hægri handar akstur, að það sé í heild í samræmi við það, sem langflestar þjóðir hafa nú og í vaxandi mæli. Það er að vísu svo, að töluvert margar þjóðir hafa haft vinstri handar akstur en hafa horfið frá því, og það virðist vera tilhneiging til þess að breyta til í þessum efnum. Nærtækasta dæmið núna, sem á döfinni er, eru Svíar, eins og kunnugt er, sem eru að undirbúa að taka upp hægri handar akstur hjá sér. Það hefur réttilega verið bent á, að það er nokkuð óðruvísi ástatt hjá okkur, við erum eyland langt norður í hafi, en land þeirra liggur að landamærum Noregs og örstutt til Danmerkur og annarra nágrannaríkja, og menn, sem ferðast á ökutækjum, hverfa þá mjög snögglega frá einu til annars, frá vinstri handar akstrinum til hægri handar akstursins. Verður náttúrlega að fallast á, að þetta er nokkuð sitt hvað.

Ég get líka fallizt á, að það er eðlilegt, að menn hafi mismunandi skoðanir á þessu máli eftir því, hvar menn eru búsettir hér á landi, og það verður að telja harla litla nauðsyn á að breyta til í dreifbýlinu og víðast hvar úti um landið, og jafnvel má færa rök fyrir því, að sums staðar sé öllu betra kannske að keyra, þar sem lélegir og þröngir vegir eru, á vinstri kanti heldur en á hægri kanti. En um hitt held ég að verði varla deilt, að þar sem umferðin er mikil og vaxandi, þ. e. fyrst og fremst í Reykjavík og bæjunum hér í kring og á þessu þéttbýlissvæði hér við Faxaflóann, þá hygg ég, að það verði samt sem áður yfirleitt taldir fremur kostir að taka upp hægri handar aksturinn, og að það er lagt til núna að taka upp hægri handar akstur, er m. a., og ég vil að menn taki eftir því, m. a. vegna þess, að þannig stendur á, að það er verið að skipuleggja mjög umfangsmiklar umferðaræðar í Reykjavík, út úr Reykjavík og í nágrenni Reykjavíkur, sem stundum er kallað Stór-Reykjavík, og það hefur verulega mikla þýðingu í sambandi við þessa skipulagningu að vita, að hverju er stefnt, hvort á að taka hér upp hægri handar akstur eða ekki. Á sama hátt hefur það verulega þýðingu fyrir aðila, sérstaklega í sambandi við stærri bíla, að vita það, þegar málið er komið á dagskrá, að hverju er stefnt í þessu, enda munu menn þegar gera ráðstafanir í sambandi við pantanir á bílum, miðað við það, hvað menn teldu, að hér yrði ofan á.

Ég veit, að menn hafa nokkuð miklað fyrir sér hættuna í sambandi við e. t. v. alvarleg umferðarslys, sem af því kann að leiða að breyta til eins og hér er talað um. Reynsla annarra þjóða af þessu virðist ekki vera sú, að við þurfum að óttast verulega mikið í því sambandi. Og á hitt er bent í leiðinni, að öll sú mikla aðgæzla og eftirlit, sem nauðsynlegt verður í sambandi við breytingar, ef að því ráði yrði hnigið, það mundi sjálfsagt eima nokkuð lengi eftir af því og veitir ekkert af, þetta yrði verulegur skóli í umferðarkennslu, ef svo mætti segja, og umferðareftirliti, þegar slík breyting á sér stað, og það er lagt dálítið upp úr því af þeim, sem til þekkja, að það út af fyrir sig hefði líka mikið gildi, bæði meðan á því stendur og mundi í nánustu framtíð a. m. k. þar á eftir geta haft verulega þýðingu til þess að sporna við umferðarslysum. Þróunin er svo ör í þessum efnum, að þeir, sem hafa ökuskírteini, fylgjast oft og tíðum tæplega með, og undan því hefur verið kvartað, kynna sér ekki nógu vel hinar nýju umferðarreglur, ný umferðarmerki og allt því um líkt. En slík breyting eins og þessi hefur verulega þýðingu til þess, að menn taki sig alvarlega á og hressi upp á þekkingu sína, eldri þekkingu á umferðarlögum og umferðarreglum og umferðarmerkjum og öðru slíku.

En til þess að lengja ekki mál mitt um of hér, vil ég taka fram, að þegar ég lagði þetta mál fyrir Nd., tók ég það fram, að af hálfu ríkisstj. væri málið flutt vegna ályktunar þingsins og einstakir ráðh. væru óbundnir í málinu af þeim sökum, það er ekki flutt sem stjórnarfrv. í þeim venjulega skilningi. Hitt er svo annað mál, að ég lýsti því sem minni persónulegu skoðun, að ég teldi, að það væri rétt að huga að þessu ráði núna og ekki seinna vænna, og mér er það ljóst, að ef þetta verður ekki gert nú, þá verður það ekki í nánustu framtíð, sem breyting verður á þessu, sjálfsagt ekki í okkar tíð. Við því er kannske ekkert að segja. En ég vil þó benda á það, að við erum ákaflega ört vaxandi, og ef við aðeins lítum svolítið til baka, sjáum við, að gífurleg þróun hefur átt sér stað í umferðarmálum og meðferð ökutækja. Nú erum við innan við 200 þús. manns, og er gert ráð fyrir, að við verðum um 400 þús. manns um aldamótin, sem á ekki svo langt í land, og það er gert ráð fyrir, að Íslendingar verði um 1 milljón um árið 2050—2057 er það áætlað, held ég, og 3 millj. Íslendinga um 2118. Það er því ekki nema innan við 100 ár, þar til við erum taldir verða um 1 millj., og 200 ár eða svo, þangað til Íslendingar eru orðnir um 3 millj. Þetta finnst mér allt leiða frekar til þess, að það muni fyrr eða síðar koma að því, að við semjum okkur að háttum annarra þjóða í þessu, því að það er ekki aðeins, að menn ferðist með sín farartæki með sér til útlanda, heldur er, eins og kunnugt er, orðið mjög algengt, að menn, sem eru erlendis, leigja sér bifreiðar þar, og ferðir Íslendinga erlendis aukast stöðugt, og einnig mætti vænta þess, að með betri vegum hér og ýmissi annarri aðstöðu yrði Ísland kannske í ríkum mæli ferðamannaland, sem mundi laða til sín ferðamenn á ökutækjum. Sem sagt, þegar horft er dálítið fram í tímann, virðast mér æ

sterkari rök mæla með því en ella, að að þessu muni síðar koma. Ef við höfum það hugboð og nokkra sannfæringu fyrir,að svo muni verða, finnst mér hiklaust, að við eigum að reyna að taka skrefið núna og að þeir, sem á eftir koma, mundu hafa af því mikla erfiðleika einmitt, ef þetta yrði látið hjá líða. En ég skal ekki hafa uppi neinn áróður í sambandi við málið. Ég vil aðeins segja það að lokum, að ég hef lagt á það áherzlu, að Alþ. taki afstöðu til málsins til eða frá, svo að það liggi ljóst fyrir, hvað verða vill í málinu, eftir að þessu þingi lýkur.

Ég vil svo leyfa mér að leggja til, herra forseti, að málinu verði að lokinni 1. umr. vísað til 2. umr. og til hv. allshn.

Alfreð Gíslason: Herra forseti. Hæstv. dómsmrh. tók það fram, að hann vildi ekki hafa í frammi neinn áróður í þessu máli, og skil ég það mætavel. Það kom fram af hans ræðu, að hér er ekki um sérlega brýnt mál að ræða, og mér skilst helzt, að þetta frv. sé fram komið hér á Alþ. í hálfgerðri rælni. Í þessu frv. eru þó býsna mikilsverð ákvæði, sem vert er að taka tillit til og hugleiða, m. a. hvað þetta kostar þjóðina, og sérstaklega er rétt að athuga, hvað mælir með því, að tekinn sé upp hægri handar akstur á Íslandi og hvað mælir á móti því. Ég hef reynt að kynna mér rök þeirra manna, sem vilja taka upp hægri handar akstur á Íslandi, og ég verð að segja, að mér finnst það ákaflega þunn rök, þegar þau eru krufin til mergjar. Fyrst og fremst kemur öllum saman um, að það skipti alls engu máli, hvor reglan höfð sé, reglan um hægri handar akstur eða reglan um vinstri handar akstur, hvort tveggja sé alveg jafngott. Um hitt má alltaf deila, hvort eigi að breyta gildandi reglum, og ég held, að öllum komi saman um, að ekki sé vert að breyta gildandi reglum í þessu efni, nema að því hnígi sterk rök, nema það hafi upp á mikla kosti að bjóða.

Eins og kunnugt er, gilda í heiminum báðar reglurnar. Í sumum löndum er hægri handar akstur og í öðrum löndum vinstri handar akstur. Þannig er þetta einnig í okkar nágrannalöndum í dag. T. d. er hægri handar akstur í Bandaríkjunum, en vinstri handar akstur í Bretlandi.

Það er rétt að íhuga stuttlega, hvað það er einkum, sem talið er að mæli með breytingu hér á landi. Það er þá fyrst, að í flestum nágrannalöndum okkar gildir reglan um hægri handar akstur. Þetta er rétt, ef við tökum nágrannalöndin, og þó gildir þetta ekki alls staðar, eins og ég tók fram. Í okkar stóra og mikla nágrannalandi, Bretlandi, er vinstri handar akstur eins og hér. Þá segja þeir, sem vilja breytinguna, að flestir bílar, sem hingað eru fluttir, séu að stýrisútbúnaði þannig gerðir, að þeir hæfi betur hægri handar akstri en vinstri handar. Þetta er þó algert álitamál, eins og fram kemur í frv., þ. e. a. s. í grg., sem frv. fylgir. Við höfum flesta okkar bíla með stýri vinstra megin í bifreiðinni. Þetta er talið af mörgum henta hægri handar akstri, en ekki öllum. Það eru margir, sem halda því fram, að stýrið vinstra megin henti betur á vegum, þar sem er vinstri handar akstur. Þá segir, að það sé einn kosturinn, að það sé til hægðarauka fyrir íslenzka ökumenn erlendis, að hér sé hægri handar akstur, og sömuleiðis sé það hægðarauki fyrir erlenda ökumenn, sem hér dveljast, að hér sé hægri handar akstur.Um síðara atriðið er nú það að segja, að það er allt undir því komið, hvaðan þeir ferðamenn koma, sem hér hyggjast aka bifreiðum. Komi þeir frá Bretlandi, hentar þeim prýðilega vinstri handar akstur. Svo er annað í þessu efni, og það er, hvort þetta skipti miklu máli. Þar höfum við eitt gott dæmi. Við höfum reynslu í þessum efnum. Við höfum haft hernámslið hér, bandarískt, árum saman, þar sem skipt er mjög oft um mannskap, að mér skilst. Þessir hermenn koma frá landi, þar sem er hægri handar akstur, og taka hér upp vinstri handar akstur.Ég hef ekki heyrt, að miklar sögur fari af því,að þetta hafi skapað nokkur vandræði í landinu. Þá er loks sagt hægri handar akstri til bóta, að umferð í lofti og á legi sé hægri handar umferð og þess vegna sé hagkvæmast að sama gildi á landi. Þetta eru helztu meðmælin, en ég hygg, að þau séu, hvort sem þau eru tekin einstök eða í heild, ekki þungvæg.

Það er sagt frá því í grg., að Norðurlandaráð hafi beint því til Svía að taka upp hægri handar umferð hjá sér. Þetta tel ég engan veginn óeðlilegt, eins og landshættir eru þar. En ég vil benda á, að Norðurlandaráð beindi ekki þessum tilmælum til Íslendinga eða ég veit ekki til þess, og eins og mér finnst eðlilegt, að Norðurlandaráð beindi þessum tilmælum til Svía, eins finnst mér eðlilegt, að Norðurlandaráð færi ekki að beina sams konar tilmælum til Íslendinga. Svo ólíkt er um þessi tvö lönd í þessum efnum.

Eg vil halda því fram, og raunar kom hæstv. ráðh. inn á það, að þegar um eylönd er að ræða, skipti mjög litlu máli, hvor reglan gildir, hægri eða vinstri handar akstur. Og það er nú svo einkennilegt, að mörg eylönd hafa vinstri handar akstur, og mörg þeirra hef ég ekki heyrt til að hyggi á neina breytingu. Ísland hefur vinstri handar akstur, Bretland, Írland, Kýpur, Malta og Japan. Allt eru þetta eylönd, mismunandi stór, en þau hafa vinstri handar umferð, og mun ekki fyrirhuguð í neinu þessara landa breyting. Þetta tel ég ekki vera neina tilviljun, heldur er einmitt þetta, að það skiptir svo miklu máli,hvernig landið er staðsett, hvort það er eyja út í reginhafi, eins og Ísland, eða land inni í stóru meginlandi.

Þetta held ég, að sé kjarni málsins og sterkustu rökin fyrir því, að óþarft sé fyrir okkur að breyta í þessum efnum. Kostirnir við breytinguna eru ekki að mínum dómi miklir. En ókostirnir við breytinguna eru hins vegar talsvert miklir. Það kemur öllum saman um, að sjálf breytingin muni hafa í för sér töluverð óþægindi fyrir landsmenn um stundarsakir og það sem að verra er, töluverða aukna slysahættu um stundarsakir.

Hitt atriðið er einnig mikilsvert, að þessi breyting, sem mér virðist eiga að taka ákvörðun um nú í einhverri rælni, kostar stórfé. Það fer ekki á milli mála, að breytingin muni hafa í för með sér kostnað, sem nemur einhvers staðar á milli 180 og 200 millj. kr., og það er ekki svo lítið fé. Meginhluta þessa fjár á að afla með því að leggja nýjan skatt á bifreiðaeigendur. Það er þá ekki í fyrsta sinn, sem vegið er í þann knérunn. Það hefur árum saman verið í móð, að bifreiðaeigendur mætti skattleggja óendanlega. Og það virðist enn vera í móð, a. m. k. ef dæma má eftir þessu frv., því að það á ekki að

skattleggja alla landsmenn í þessu skyni, eins og ég teldi þó eðlilegast og sanngjarnast, ef að þessu ráði verður horfið, heldur á að skattleggja lítinn hóp manna í landinu, þá menn, sem eiga bifreið. Þeir eiga að borga brúsann fyrir sjálfa sig og alla hina.

Ég vil strax taka það fram, að hvað sem frv. þessu í heild líður eða afstöðu minni til þess, er ég algerlega ósammála IV. kaflanum, þar sem ræðir um fjáröflun til þessarar breytingar. Ég tel það vera fráleitt að skattleggja bifreiðaeigendur eina til þessara þarfa, það eiga allir landsmenn að taka sinn þátt í þeim kostnaði, því að það kemur öllum landsmönnum við, hvort þessi breyt. er gerð eða ekki. En ég teldi ekki illa farið, og með því vil ég ljúka þessum orðum, að þetta mál yrði betur athugað og yfirleitt yrði ekki undinn bugur að breytingu eða ákvörðun um breytingu í þessu efni, fyrr en þeir, sem það mál bæru fram, væru sannfærðir um nauðsyn þess og sannfærðir um þörfina á því, en það virðist langt frá því, að hæstv. ríkisstj., sem flytur þetta frv., sé einhuga um eða sannfærð um, að þessa sé yfirleitt mikil þörf.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Ég ætla ekki á þessu stigi að ræða neitt um efni þessa máls, ég ætla aðeins að gera stutta athugasemd um málsmeðferðina. Sú athugasemd er fram sett vegna síðustu ummæla hæstv. dómsmrh., en hann lauk máli sínu eitthvað á þá lund, að hann legði áherzlu á, að Alþ. tæki afstöðu til þessa máls. Að gefnu því tilefni vil ég rifja það upp og benda á, að þessu frv. var útbýtt í Nd. og það lagt þar fram 18. nóv. s. l. Það hefur síðan verið að velkjast í Nd., og Nd. hefur því haft 5 mánuði til þess að athuga þetta mál. Nú er það komið hingað til Ed., og þá er ætlazt til þess, að Ed. afgreiði það á þeim tíma, sem eftir er þingtímans, sem líklega má gera ráð fyrir, að fari ekki mikið fram úr hálfum mánuði a. m. k. Samtímis liggja svo hér fyrir Ed. mörg önnur stórmál, að ógleymdu því stærsta máli, sem til Ed. kemur væntanlega í næstu viku. Ég verð þess vegna að líta svo á, að Ed. sé ætlaður ákaflega naumur tími og alveg óhæfilega naumur tími til að fjalla um þetta mál, miðað við þann tíma, sem Nd. hefur haft það til meðferðar. Ég verð í sjálfu sér að átelja þessi vinnubrögð. Hæstv. ráðh. gæti að vísu svarað því til, að það væri ekki við sig að sakast í þessu efni, þar sem Nd. hefði haft málið til meðferðar svona lengi. En í raun og veru er það ekki gild afsökun, því að vitaskuld eiga ráðh. að fylgast með þeim málum, sem þeir leggja fram á þingi, og gæta þess, hvernig þau eru afgreidd, og sjá til þess, að báðar d. fái nægilega rúman tíma til að athuga mál.

En hvað sem menn vilja segja um þetta mál, er ljóst, að það er mikið prinsip-mál, sem þarna er um að ræða. Það er ljóst, að skoðanir eru mjög skiptar um það, og m. a. rignir yfir Alþingi, að ég held, mótmælum gegn samþykkt þessa frv. Aðrir aftur á móti telja nauðsyn á samþykkt þess, og það eru þeir, eins og hæstv. ráðh. benti á, sem standa að samningu þessa frv. og má kannske að sumu leyti telja sérfróða í þeim efnum, þó að ég haldi nú, að það sé fullstórt til orða tekið um þá.

Loks er gert ráð fyrir því, eins og hæstv. síðasti ræðumaður vék að, að sú breyt., sem þetta frv. hefur í för með sér, kosti mjög mikið fé, og það er gert ráð fyrir fjáröflun í þessu frv. til að vega upp á móti þeim útgjöldum. Allt þetta leiðir til þess, að það er fullkomin ástæða til þess fyrir þessa hv. d. og alveg sérstaklega þá n., sem fær þetta mál til meðferðar, að athuga það gaumgæfilega, og ég verð að segja það, af því að ég á sæti í þeirri n., sem lagt er til að frv. fari í, að þá mun ég alveg hiklaust gera kröfu til þess, að þeir, sem þetta frv. hafa samið, verði með sama hætti kvaddir á fund n. í Ed., eins og þeir voru á sínum tíma kvaddir á fund n. í Nd., þannig að n. í Ed. hafi í öllu tilliti sömu aðstöðu til að fylgjast með í þessu máli og kynna sér það frá rótum og n. í Nd. hafði. Og þegar tillit er tekið til þess, sé ég fyrir mitt leyti litla möguleika á því, að þetta frv. verði með sæmilegum hætti afgreitt á þessu þingi, enda fæ ég ekki séð, að það geri neitt til, þó að það dragist til næsta þings, að menn taki afstöðu til þess.

Það var einmitt þetta, sem ég vildi undirstrika núna strax vegna þeirra orða, sem ráðh. lét falla og eiginlega verða ekki skilin á aðra lund en þá, að hann legði áherzlu á, að á þessum stutta starfstíma, sem eftir er, tæki Ed. afstöðu til málsins og afgreiddi það. Ef hæstv. ráðh. hefði verið hér viðstaddur, hefði ég einmitt viljað nú beina þeim tilmælum til hans, að hann lýsti því yfir, að hann fyrir sitt leyti legði það algerlega í vald d. og þeirrar n., sem fær málið til meðferðar, hvort hún afgreiddi það að svo stöddu, en hann fyrir sitt leyti legði ekki neina áherzlu á, að þetta Alþingi tæki afstöðu til málsins.

Það var þessi athugasemd, sem ég vildi koma á framfæri hér. Auðvitað hefði þessi aths. mátt koma fram og náttúrlega enn þá frekar í sambandi við það mál, sem rætt var um hér skömmu áður,verðtryggingu sparifjár,sem var lagt fram miklu fyrr á þinginu og er 20. mál þingsins og Nd. hefur haft til meðferðar allan þingtímann,þangað til það nú loks er komið upp í Ed. og Ed. ætlar að afgreiða það mikla mál líka á tveimur vikum í hæsta lagi, um leið og henni er ætlað að fjalla um önnur þau stórmál, sem hún á að afgreiða á þessum tíma. Þetta eru náttúrlega ekki nokkur vinnubrögð, og þeir, sem stjórna þessum málum, ættu að íhuga það alvarlega, hvort hér þarf ekki að ráða einhverja bót á og gæta þess, að málin séu ekki höfð óhæfilega lengi til meðferðar í annarri deild og svo sé þeirri, sem síðar fær málið til meðferðar, ætlað það hlutskipti að afgreiða það á örskömmum tíma og þá auðvitað án þess, að það gefist tími til fyrir hana að athuga það, úr því að menn eru á annað borð að halda í þessa deildaskiptingu, sem ég fyrir mitt leyti tel mjög mikið umhugsunarefni, hvort nokkur ástæða er til.

Það, sem ég sem sagt vildi, — af því að hæstv. ráðh. er kominn, — og var raunverulega tilefni til, að ég stóð upp, voru þessi orð hans, að hann legði áherzlu á, að Alþingi tæki afstöðu til málsins. En með tilliti til þess, hvernig þetta allt er vaxið, hefði ég eiginlega viljað mælast til þess, að hann lýsti því nú yfir, að hann legði fyrir sitt leyti enga áherzlu á, að málið yrði afgreitt á þessu þingi, enda skildist mér það á honum, og hann tók það fram, að þetta væri ekki neitt stjórnarmál í eiginlegum skilningi, og mér skilst, að þeir hafi breytt þarna skattgjaldinu í Nd. á lokastigi, þannig að það á ekki að innheimta þetta ár, svo að ég fæ ekki séð, að það sé neinu spillt, þó að þetta mál dragist til næsta þings. Og

það, sem ég vildi nú eiginlega fá fram, var það, að af ráðh. hálfu yrði ekkert ýtt á eftir n., sem fær þetta til meðferðar, þannig að hún fái alveg sömu möguleika og n. í Nd. til að kalla á sinn fund þá sérfræðinga, sem fjallað hafa um þetta mál, og til að kynna sér það ítarlega á alla lund.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Ég fellst að sjálfsögðu alveg á það, sem fram kemur hjá hv. þm., að það er auðvitað ekki gott við að gera, þegar stærri mál liggja lengi eða meginhluta þingtímans í annarri d. og koma svo í hina d. og hennar tóm er mjög takmarkað til að fjalla um málið. Ég er alveg sammála hv. þm., að þetta er mikill annmarki á fyrirkomulagi þingstarfanna. Þetta höfum við átt lengi við að búa og er ekkert sérstakt í sambandi við þetta mál. Auðvitað mundi ég vilja vinna að því að ráða einhverja bót á þessu, og þann tíma, sem ég hef setið í ríkisstj., hef ég oft verið að reyna að stuðla að því, að mál gætu gengið fyrr á milli deilda, en þó ekki með betri árangri en þessum. Það er sjálfsagt líka mjög til athugunar í nánustu framtíð, eins og hv. þm. vék að, hvort deildaskiptingin að þessu leyti skapi ekki þá örðugleika, að ef til vill ættu menn að hugsa til þess að hverfa frá henni. Sannast að segja var ég einu sinni mjög hlynntur því, að hverfa frá deildaskiptingunni. Nokkuð löng reynsla á þingi hefur nú frekar fært mig á hina skoðunina, að við ættum að hugsa okkur um tvisvar, áður en við sleppum deildaskiptingunni.

Aftur á móti get ég ekki fallizt á hitt, að ýta ekki á eftir því, að málið hljóti afgreiðslu. Ég tel, að það skipti mjög miklu máli einmitt, að það fáist úr því skorið núna, ýmissa hluta vegna, sem ég að litlu leyti gerði grein fyrir í framsöguræðu minni, að hverju er stefnt í þessu efni, og ef málið sem sagt dagar uppi, eins og við köllum það, vita menn ekki um afstöðu þingsins, og þá kemur málið til kasta þingsins í haust, þá kannske lagt fram í Ed., bíður þar fram yfir áramót (Gripið fram í.) — þá mundi koma til kasta þingsins í haust, án þess að við vissum, að hverju stefndi og við skulum segja, að það yrði hraðað afgreiðslu málsins, og það væri hægt að haga því þannig, að málið yrði afgreitt fyrir áramót að sjálfsögðu. En er nú til svo mikils ætlazt, að menn taki afstöðu til málsins til eða frá, þó að liðið sé mjög á þinghaldið? Ég spyr vegna þess að hér er um mál að ræða, sem menn að sjálfsögðu, þó að málið hafi ekki verið til meðferðar í d., hafa vafalaust velt töluvert mikið fyrir sér og hugsað um, og ég tel ekkert því til fyrirstöðu, nema ég veit, að d. á mjög annríkt og í mörgum öðrum málum að snúast, en þó á að vera hægt að koma því alveg fullkomlega við, miðað við það, sem eftir er af þingtímanum, að fá aðstöðu til að ræða við þá sérfræðinga, sem unnið hafa að undirbúningi málsins, látið álit sitt í ljós um málið og verið til ráðuneytis við ráðuneyti og svarað fyrirspurnum og veitt upplýsingar allshn. í Nd. Mér finnst, að við séum ekki komnir það langt enn í þingstörfunum, því að við skulum segja, að það séu alltaf 2-3 vikur eftir af þinghaldinu, að þetta væri ekki vinnandi vegur, þó að ég viðurkenni, að það er á þeim tíma, sem d. og n. sjálfsagt á mjög annríkt, og þó eru nú kannske ekki stærstu málin í allshn., eins og nú er komið, — mér er ekki kunnugt um, hvernig á stendur með það, en væri það ekki, væri þeim mun auðveldara, að n. gæti unnið að þessu máli, ef það væri ekkert sérstakt álag á henni.

Þó að ég, eins og ég segi, viðurkenni alveg þau sjónarmið og finnist alveg réttmætar þær aðfinnslur, sem hér hafa fram komið, get ég ekki annað en lagt áherzlu á það, að þessu þingi ljúki ekki öðruvísi en þannig, að menn viti, hvað verða vill í þessu efni. Þetta er ákaflega þýðingarmikið atriði, eins og ég sagði, hér í fjölbýlinu í sambandi við ráðagerðir bæjanna hérna, Reykjavíkurborgar og nærliggjandi borga, í sambandi við umferðina. Við vitum, að það eru gífurlega stórar mannvirkjagerðir á döfinni á Reykjanesbrautinni, Kópavogshálsinum og í sambandi við umferðaræðar til og frá bænum, og þetta er veigamikið atriði, að menn viti nú um, hvernig málið muni skipast í þessu sambandi. Ég get fallizt á það, menn geta sagt sem svo: töfin til haustsins sker ekki úr um þetta, en þó vildi ég nú leggja áherzlu á, að menn vildu gera sér far um, þrátt fyrir þessa annmarka, að setja þá ekki fyrir sig og reyna að fá úrlausn málsins hérna, áður en þingi lýkur.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til allshn. með 15 shlj. atkv.

Á 78. fundi í Ed., 2. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 516, n. 659 og 676).

Frsm. meiri hl. (Sveinn Guðmundsson): Herra forseti. Frv. til l. um hægri handar umferð, 127. mál, á þskj. 516, hefur verið til athugunar í allshn. þessarar hv. þd. Allshn. varð ekki sammála um að mæla með þessu lagafrv. Meiri hl. n. skilar áliti á þskj. 659 og mælir með því, að frv. verði samþ., og mæli ég hér fyrir þann meiri hl.

Eins og fram kemur í nál., fékk allshn. á sinn fund þá aðila, sem mjög hafa komið við sögu þessa máls hin síðari ár, þá Sigurjón Sigurðsson lögreglustjóra í Reykjavík, Sigurð Jóhannsson, vegamálastjóra, Eirík Ásgeirsson forstjóra Strætisvagna Reykjavíkur og formann skipulagsnefndar fólksflutninga og Arinbjörn Kolbeinsson lækni, formann Fél. ísl. bifreiðaeigenda. Allir þessir menn mæltu eindregið með, að frv. þetta verði samþykkt á yfirstandandi þingi, og færðu fram sterk rök máli sínu til stuðnings.

Mál þetta, hægri handar umferð, hefur áður verið til meðferðar hér á hv. Alþ. Skv. l. nr. 75 frá 1940 var svo ákveðið, að hægri handar akstur skyldi tekinn upp hér á landi frá 1. jan. 1941 að telja. Til þessa kom þó ekki, þar sem brezkur her kom til landsins og ekki þótti ráðlegt að láta þessa ákvörðun koma í framkvæmd á svo viðsjárverðum tíma. Voru gefin út brbl., þar sem frestað var framkvæmd l. um óákveðinn tíma. Málið var svo tekið upp með skipun n. til endurskoðunar árið 1955, en dagaði þá uppi, og enn var málið tekið upp og skipuð n. í það 1964, og liggur hér fyrir frv. til l. samið af þessari n., en í henni voru Sigurjón Sigurðsson lögreglustjóri, Theódór B. Líndal, Benedikt Sigurjónsson, Arinbjörn Kolbeinsson, Sigurður Jóhannsson, Ólafur W. Stefánsson og Eiríkur Ásgeirsson. Eins og fyrr getur, mælir þessi n. eindregið með, að hægri

handar akstri verði komið á hér á landi. Grg. með frv. er mjög ýtarleg, og vísa ég til hennar um einstök rök, sem nm. færa fram hægri handar akstri til stuðnings. Meiri hl. allshn. mælir með, að frv. þetta verði lögfest, og hefur, eins og ég hef áður sagt, lagt fram nál. á þskj. 659.

Við athugun hjá allshn. og rök þau, sem fram hafa komið hjá þeim, sem n. leitaði til, er bersýnilegt, að mál þetta er nauðsynlegt að afgreiða til frambúðar á þessu þingi. Verði frv. þetta fellt, yrði hér eflaust ekki breyting næstu áratugi, en mannvirki, sem nú er fyrirhugað að byggja hér, vegamannvirki, í nágrenni bæjarins og víðar, hraðbrautir og annað, eru við það miðuð, að komið verði á hægri handar akstri, annars verður að breyta hér til aftur og verður þá mun dýrara síðar meir.

Skipulag Reykjavíkur og nágrennis, t. d. Kópavogur og umferð í gegnum Kópavog, hefur verið í undirbúningi undanfarið, og sá undirbúningur hefur verið miðaður við hægri handar akstur, sem eðlilegt er, þar sem þetta var samþykkt þegar árið 1940, þó að það hafi ekki komið til framkvæmda enn þá. Mannvirkjagerð er hins vegar ekki hægt að hefja. Það er fyrirhugað, að byrjað sé nú í sumar á stórfelldri vegagerð í Kópavogi. Það kemur því til að tefja þetta verk og önnur slík, ef hæstv. Alþ. tekur ekki fullnaðarákvörðun um hægri eða vinstri akstur nú á þessu Alþ.

Mörg rök eru færð fyrir því að breyta nú yfir í hægri akstur. Tiltölulega lítið af dýrum mannvirkjum er fyrir í landinu, en miklar framkvæmdir fyrirhugaðar.Fleiri og fleiri lönd hafa farið yfir í hægri akstur og almenningsvagnar og aðrar bifreiðar þá verið miðaðar við það. T. d. hefur Svíþjóð nú hætt framleiðslu á almenningsvögnum nema fyrir hægri akstur. N. kynnti sér þetta nokkuð og komst að raun um, að ef ekki yrði breytt til núna, yrði eingöngu að miða við kaup á almenningsvögnum frá Japan eða Bretlandi. Það var líka rætt um það, hversu lengi vinstri akstur yrði í Bretlandi. Það er víst ákveðið núna, að þeir taki upp metrakerfið, og sumir telja, að þeir taki upp hægri handar akstur ekki síðar en 1985, eins og fram kom hjá n. Það má benda á það, að nú þegar eru bifreiðar með stýrið vinstra megin mun dýrari en aðrar. Það er t. d. talað um, að Chevrolet fólksbifreið kosti um 15 þús. kr. meira fyrir vinstri handar akstur. Ljósabúnaður bifreiða er einnig dýrari fyrir vinstri handar akstur og talið, að á næstunni verði erfitt að fá hann. En meginrök fyrir breytingu í hægri handar akstur eru þau, að við fylgjum hér öðrum löndum, nágrönnum okkar, kostnaður við bifreiðakaup og vegna slysahættu, sérstaklega eftir að allir nágrannar okkar, einnig Svíar, eru búnir að breyta hjá sér yfir í hægri akstur.

Eins og kunnugt er, hefur straumur ferðafólks hingað til landsins aukizt mjög hin síðari ár, og sérstaklega hefur straumur Íslendinga úr landi í orlofsferðir aukizt gífurlega. Mjög margt af þessu fólki tekur með sér bifreiðar eða tekur bifreiðar á leigu í viðkomandi landi, og einnig er það orðið altítt, að útlendingar taki bifreiðar hér á leigu til að ferðast um í sínum orlofsferðum hér á landi. Það er því talið af öryggisástæðum mjög mikils vert, að þetta fólk þurfi ekki að breyta til um akstursreglur. Skýrslur t. d. í Svíþjóð sýna, að slíkt veldur mjög oft alvarlegum slysum.

Benda má einnig á það, að langflestar bifreiðar hér á landi eru nú með vinstra stýri og því gerðar fyrir hægri akstur. Í Bretlandi t. d. eru lagaákvæði fyrir því, að stýri ökutækja skuli vera að miðju vegar. Er þetta vegna þeirrar miklu hættu, sem skapast við framúrakstur, en það er ein algengasta slysahætta hér á landi.

Þá má benda á það, að bæði á sjó og í lofti er vikið til hægri. Er talið, að það hafi oft reynzt erfitt fyrir t. d. stjórnendur flugvéla, er þeir koma úr bifreiðum sínum beint til stjórnar flugvélarinnar, að skipta yfir. Þetta atriði eitt getur orðið orsök stórslyss.

Kostnaður í sambandi við þessar breytingar er að sjálfsögðu nokkur, eða samtals 43 millj. kr. Er gert ráð fyrir, að bifreiðaeigendur beri þennan kostnað með sérstökum skatti, álögðum á eigendur ökutækjanna yfir lengri tímabil. Ekki verður sagt, að þessi kostnaður sé fráhrindandi eða geri eigendum ökutækjanna um of erfitt fyrir. Í hv. Nd. kom það fram, að sumir hv. alþm. þeirrar þd. töldu,að þessi kostnaður ætti að berast uppi af ríkissjóði. Meiri hl. þdm. Nd. gat ekki fallizt á þetta, enda víst ekki til að dreifa, að ríkiskassinn sé með slíkt fjármagn.

Kostnaðurinn eykst og margfaldast, ef mannvirkjagerð, sem nú er fram undan, hraðbrautir, vegamerki og annað, á nú að byggjast miðað við vinstri akstur, og verður að telja, að það sé því mikils um vert einmitt að breyta nú, eins og ég er búinn áður að minnast á. Og að öllu þessu athuguðu mælir meiri hl. n. eindregið með því, að frv. verði samþykkt.

Frsm. minni hl. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Eins og hv. frsm. meiri hl. hefur gert grein fyrir, varð allshn. ekki sammála um þetta frv. Við þrír, sem erum í minni hl. allshn., leggjum til, að þetta frv. verði felld. Við sjáum ekki nauðsyn á því að gera þá veigamiklu breytingu á umferðarreglum, sem í þessu frv. felst. Við teljum, að af slíkri breytingu gæti leitt slysahættu, a. m. k. á meðan menn eru að venjast breytingunni. Við teljum, að samfara breytingunni sé mikill kostnaður, sem algerlega sé óþarfur.

Í grg., sem fylgir þessu frv., segir n. sú, sem þetta frv. hefur samið og nokkuð hefur verið til vitnað, umferðarlaganefnd, svo, með leyfi hæstv. forseta: „Þegar taka skal afstöðu til þess, hvort hafa skuli vinstri eða hægri handar umferð, vaknar fyrst sú spurning, hverjir séu kostir og gallar hvorrar reglunnar um sig. Talið er, að í sjálfu sér hafi hvorug reglan sérstaka kosti umfram hina.“ Þetta er höfuðreglan, sem kemur frá umferðarlaganefnd, þ. e. a. s. að báðar þessar umferðarreglur eru í sjálfu sér alveg jafngóðar, hvorug hefur nokkra kosti fram yfir hina. Enn fremur segir í þessu áliti umferðarlaganefndar, með leyfi forseta,og er það í framhaldi af því, að þar er vikið að þeim atriðum, sem helzt skipta máli í þessu sambandi, og er talað um það, að verksmiðjur framleiði bifreiðar að jafnaði ýmist með hægri eða vinstri handar stýri og aðalreglan sé sú, að í löndum með hægri handar umferð séu bifreiðar framleiddar með vinstri handar stýri, en í löndum með vinstri handar umferð aftur með hægri handar stýri, — og síðan segir svo umferðarlaganefndin: „Álit manna á því, hvor gerðin henti betur hvorri

umferðarreglunni, hægri handar eða vinstri, er nokkuð mismunandi." Ég vek athygli á þessu, að þetta segir umferðarlaganefndin, en það virtust annars vera aðalrökin, sem fram komu hjá þeim mönnum, sem kallaðir voru á fund allshn., að það gæti orðið erfitt, þegar tímar líða fram, að fá þá gerð bifreiða, sem hér hentaði.En hér segja þeir í þeirri grg., sem þeir láta fylgja með: „Álit manna á því, hvor gerðin henti betur hvorri umferðarreglunni, hægri handar eða vinstri, er nokkuð mismunandi." Og áfram: „Þykir sumum betra að hafa vinstri handar stýri, þar sem hægri handar umferð er. Gildir þetta sérstaklega, þar sem vegir eru góðir og umferð mikil. Með því móti gefst ökumönnum betra færi á að sjá fram á veginn í tæka tíð og athuga, hvort ökutæki komi á móti eða hvort önnur hætta sé fram undan.Gefst þá og betra færi á því að fylgjast með bifreiðum, sem koma á eftir og ætla fram úr. Í þéttbýli er talið hentugra að aka bifreið með stýri nær miðju vegar. Við gatnamót sést þá betur til þeirrar áttar, sem réttþærri umferðar má vænta úr. Einnig gefst ökumanni, sem ekur frá vegarbrún, betra færi á að fylgjast með umferðinni, ef stýri er staðsett nær miðju vegar." Síðan segir svo: „Á hinn bóginn telja margir, að betra sé að hafa stýrið þeim megin, sem ökuregla býður að ekið sé, þar sem þá sé betra að gæta vegbrúnar, t. d. þegar farartæki mætast. Gildir þetta sérstaklega, þar sem umferð er lítil, vegir mjóir og vegbrúnir varhugaverðar."

Ég vildi aðeins biðja menn að taka eftir þessu, að það er álit umferðarlaganefndar, að út af fyrir sig geti hægri handar reglan e. t. v. verið hentugri, þar sem góðir vegir eru. En þar sem eru mjóir vegir og vegbrúnir varasamar, sé vinstri reglan heppilegri. Og bið ég hv. þdm. um að athuga það, hvort frekar eigi við hér á landi, hvort vegirnir séu yfirleitt góðir eða hvort vegirnir séu ekki nokkuð víða mjóir og vegbrúnir varhugaverðar.

Enn fremur segir í þessu áliti, að það sé út af fyrir sig mikilvægt, að umferðarreglur séu samræmdar milli landa, og það er auðvitað rétt. En síðan segir í álitinu: „Segja má, að mikilvægi þess sé þó ekki hið sama alls staðar. Mestu máli skiptir það, ef vegir liggja yfir landamæri og mismunandi umferðarreglur gilda. Sýna athuganir, sem fram hafa farið á hinum Norðurlöndunum, að verulega aukin slysahætta stafar af mismunandi umferðarreglum við sameiginleg landamæri. Af þessum sökum hafa alþjóðastofnanir lagt á það áherzlu, að upp verði tekin hægri handar umferð."

Það er auðvitað sjálfsagt, þar sem landamæri liggja saman og umferð er mikil á milli landanna, að þá er æskilegt, að reglurnar séu samræmdar. Þess vegna er ákaflega eðlilegt t.d., að Svíþjóð skuli nú vera að breyta til hjá sér. Hins vegar gegnir allt öðru máli um eylönd. Þar er engin þvílík knýjandi nauðsyn fyrir hendi. Þess vegna er það líka staðreynd, að öll eyríki hér í álfunni búa enn við vinstri handar akstur og hafa ekki séð neina þörf hjá sér að taka upp hægri handar akstur. Hv. frsm. meiri hl. var að vísu með spádóma um það, að Bretar mundu hverfa frá sinni gömlu reglu og taka upp hægri handar umferð árið 1985, ef ég tók rétt eftir. Ég er nú ekki eins mikill spámaður og hann og get ekki séð svo langt fram í tímann, og ég verð nú að segja það, að ég held, að það sé með öllu óvíst, hvort svo verður gert eða ekki, og það séu meiri og minni ímyndanir og menn viti í raun og veru ekkert um það, Bretar viti það ekki einu sinni sjálfir, hvað þá menn hér uppi á Íslandi.

Það er frá því skýrt í áliti umferðarlaganefndar, að alþjóðastofnanir hafi gert samþykktir um þessi efni. Það er rétt, að Norðurlandaráð hefur gert eina samþykkt um þetta efni. Sú samþykkt var þess efnis, að það var skorað á Svíþjóð að taka upp hægri handar akstur, en það var skorað á Svíþjóð eina, en einmitt ekki á Ísland. Auðvitað var það ekki út í bláinn, að Íslandi var sleppt í því sambandi, heldur af hinum augljósu rökum, að aðstæðurnar eru allt aðrar og engin sérstök knýjandi þörf vegna umferðaröryggis almennt, að Ísland taki upp þá reglu, sem nú gildir á hinum Norðurlöndunum, og þess vegna var Íslandi sleppt í þessari ályktun Norðurlandaráðs, þannig að það liggur alls engin ályktun fyrir um það að skora á Ísland að breyta til hjá sér, heldur þvert á móti verður ályktað af þessari samþykkt á þá lund, að Norðurlandaráð hafi alls ekki talið það neinu máli skipta, hvort Ísland héldi við sína gömlu reglu eða breytti til hjá sér.

Síðan segir umferðarlaganefnd í grg. með þessu frv., og í raun og veru þyrfti ég ekki að hafa mál mitt lengra en það að skora á menn að lesa rækilega þá grg., sem fylgir þessu frv., þá sæju menn þar allt, sem ég vil leggja áherzlu á, — þar segir hún m. a.: „Veigamestu rök gegn umferðarbreytingu hafa einkum verið talin þau, að breytingin hafi í för með sér aukna slysahættu, svo og að hún hafi allmikinn kostnað í för með sér." Umferðarlaganefnd ræðir síðan um þessi tvö atriði, og ég vil biðja menn að kynna sér, hvað hún segir um þau. Hún vefengir alls ekki, að það muni stafa aukin slysahætta af þessari breytingu, gerir að vísu ekki mjög mikið úr henni, ef jafnframt séu gerðar mjög miklar varúðarráðstafanir. Hún verður auðvitað einnig að fallast á það, að þessari breytingu fylgi allverulegur kostnaður. Það getur verið matsatriði, hvað menn kalla verulegan kostnað í þessu sambandi. En það liggur þó ljóst fyrir, að hér er um milljónatugi að ræða, sem þessi breyting kostar.

Herra forseti. Ég sé nú ekki ástæðu til að hafa þessi orð öllu fleiri. Ég veit, að menn eru sjálfsagt búnir að gera sér nokkra grein fyrir þessu máli. Hér er farið fram á það, að gerð sé gerbreyting á umferðarreglum. Það liggur fyrir og er játað af umferðarlaganefnd, að sú regla, sem upp á að taka, sé engu betri en hin gamla frá fræðilegu sjónarmiði. Það liggur enn fremur fyrir, að það er ljóst, að samfara því, að þessi breyting verði upp tekin, eykst slysahætta stórkostlega, og getur verið álitamál, hve mörg mannslíf á að nefna í því sambandi, en það gera sér allir grein fyrir því, að það er mikil hætta á því, að það verði mikil slys. Nú skyldi maður halda vegna þess, hvernig ástandið er í þeim málum hér hjá okkur, að þá væri ástæða til þess að gera ráðstafanir til þess að reyna að draga úr slysum í umferðinni heldur en að auka á þá hættu, sem þar er í þessu efni, og ég verð að segja það, að það er æði mikill ábyrgðarhluti þeirra þm., sem samþykkja þetta. Og í þriðja lagi liggur það alveg ljóst fyrir, að þessi breyting kostar mjög mikið fé. Hvers vegna að vera að ausa fé í hlut, sem ekki er nein þörf á og hefur í för með sér aukna slysahættu? Höfum við of mikið af peningum? Er ekki þörf fyrir

þessa peninga einhvers staðar annars staðar, sem hægt er að kasta í þetta? Það gæti kannske hæstv. fjmrh. upplýst. Ég verð a. m. k. að meina, að það væri full þörf fyrir þessa milljónatugi í vegina úti á landinu og þeim væri betur varið í þá en kasta þeim í þessa breytingu.

Nei, þegar á að gera slíka breytingu sem þessa, með þeim annmörkum, sem henni augljóslega fylgja, verða sterk rök að vera fyrir hendi, til þess að hún sé gerð. Ég óttast því miður, að hér sé fyrir hendi sú alkunna eftiröpunarhneigð, sem við Íslendingar erum því miður allt of mikið haldnir af, að vilja endilega apa allt eftir öðrum þjóðum, enda þótt aðstæður hér séu allt aðrar en þar og engin nauðsyn knýi til þess. Ég veit, að það getur verið vinsælt að fylgja þeirri eftiröpunarstefnu. Ég veit, að hinir, sem vilja spyrna við, eru kallaðir íhaldsmenn. Ég tek það ekki nærri mér í þessu tilfelli. Ég vil heldur heita íhaldsmaður í þessu tilfelli og greiða atkvæði móti þessu frv. heldur en stofna til þeirra fjárútláta, sem þar eru samfara, og hafa á samvizkunni þá auknu slysahættu, sem því er samfara.

Alfreð Gíslason: Herra forseti. Það eru aðeins tvö atriði í ræðu hv. frsm. meiri hl. n., sem ég vil gera svolitla aths. við.

Hann minntist á, að ein af meginröksemdum fyrir þessari breyt., sem frv. geri ráð fyrir, sé aukin slysahætta, þ. e. a. s. að með vaxandi ferðalögum Íslendinga til útlanda og vaxandi ferðamannastraumi hingað til landsins hafi það í för með sér aukna slysahættu að halda áfram að hafa hér vinstri handar umferð. Þetta er ekki í samræmi við það, sem n. fékk upplýsingar um. Á fundi n. mætti m. a. lögreglustjórinn í Reykjavík. Hann var spurður að því, hvort það hefði skapað vandræði í umferðinni, að hér hefur síðustu áratugina verið fjölmennt bandarískt setulið. Hann svaraði þeirri spurningu afdráttarlaust neitandi, enda þótt í Bandaríkjunum sé hægri handar umferð, en hér vinstri handar, hafi það ekki skapað nein vandræði hér, að þúsundir manna frá Bandaríkjunum hafi verið hér í umferðinni. Þetta voru þær upplýsingar, sem lögreglustjórinn í Reykjavík gaf hv. allshn., svo að hér getur ekki verið um nein sterk rök að ræða, að það sé aukin slysahætta í sambandi við það atriði málsins.

Þá minntist hv. frsm. á miklar vegaframkvæmdir, sem fyrirhugaðar væru á Kópavogshálsi. Þær hafi orðið að bíða og raunar gert ráð fyrir í teikningum, að þar yrði um hægri handar regluna að ræða. Vegamálastjórinn var staddur á fundi hv. allshn., og hann sýndi skýringarmynd af þessu hverfi í sambandi við framkvæmdirnar í Kópavogi. Af þeirri skýringarmynd sannfærðist ég um, að það er óhætt að byrja á þessum framkvæmdum, óhætt að fullgera þessar framkvæmdir, hvenær sem er, því að það skiptir engu máli í sambandi við þær framkvæmdir, hvort heldur er hægri handar eða vinstri handar umferð. Þetta gat maður raunar sagt sér sjálfur, því að öll vegagerð, sómasamleg vegagerð, smá eða stór, er þess eðlis, að það má breyta frá vinstri til hægri eða öfugt án þess að kollvarpa öllu kerfinu. Þetta er staðreynd, einnig í Kópavogi, og ég sannfærist um það af þeirri skýringarmynd, sem vegamálastjóri lagði fram á fundi hv. allshn.

Mín skoðun er sú, að Alþ. eigi ekki að taka ákvörðun um hægri handar akstur að þessu sinni. Breytingin hefur, eins og allir viðurkenna, ef ekki slysahættu í för með sér, þá óþægindi og töluverðan kostnað. Í þetta væri þó alls ekki horfandi að mínum dómi, ef þörfin væri augljós og knýjandi. En það virðist hún alls ekki vera, og á meðan svo er, tel ég ekki rétt að ráðast í þetta fyrirtæki. Að mínu áliti er miklu betra að bíða með þessa breytingu. Hver verður skoðun manna eftir svo sem 20 ár, árið 1985? Hv. frsm. meiri hl. nefndi það ártal. Hver verður skoðun Íslendinga þá á þessu máli? Kannske verður hún þá sú og studd þungvægum rökum, að breyta skuli til í þessu efni. En hún getur líka allt eins orðið sú, að það sé hreinn óþarfi. Ég sé enga knýjandi ástæðu til að snúa sér að þessu verkefni nú, svo vafasamt sem það er.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 13:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EG, AuA, PP, GilsG, HB, JÁ, JÞ, KK, MJ, ÓB, PÞ, SvG, SÓÓ.

nei: AG, ÁB, BGuðm, HjH, EggÞ, BGuðbj, ÓlJ.

2.—19. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 15:2 atkv.

Á 79. fundi í Ed., 3. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 516, 682).

Alfreð Gíslason: Herra forseti. Hv. 1. þm. Vestf. og ég flytjum brtt. við frv. þetta. Hún er á þskj. 682, og er á þá leið, að IV. kafli frv., 12.—14. gr., falli burt. Í þessum kafla er um það fjallað, hvernig afla skuli fjár til þeirrar breytingar, sem fyrirhuguð er í frv. um umferðarreglur. Þar er gert ráð fyrir því að skattleggja sérstaklega bifreiðaeigendur næstu árin í tilefni af þessari breytingu. Þetta finnst mér ekki réttlát skattlagning.

Ég minntist lítillega á þetta við 1. umr. málsins og skal ekki fjölyrða um það nú. Ég benti á, hvernig stöðugt væri vegið í þann sama knérunn að skattleggja bifreiðaeigendur, skattleggja bifreiðar, varahluti til bifreiða og allt, sem bifreiðum við kemur. Það er eins og sá mælirinn verði aldrei fullur að áliti þeirra, sem skattamálum stjórna. Ég held, að nú sé kominn tími til að nema staðar og athuga sinn gang, hvort það sé réttmætt að ganga þannig ár eftir ár á lagið og íþyngja bifreiðaeigendum sérstaklega og umfram aðra menn.

Það er vitanlegt, að breytingin, sem hér er fyrirhuguð, breytingin frá vinstri handar í hægri handar umferð, hefur mjög mikinn kostnað í för með sér. En ég tel ekki rétt, að ein stétt manna eða einn hópur manna í landinu sé sérstaklega eða eingöngu skattlagður þess vegna. Hér er vissulega um mál allrar þjóðarinnar að ræða, jafnt bifreiðaeigenda sem annarra og þess vegna á að jafna þessum kostnaði niður á alla landsmenn, en ekki einn fámennan hóp þeirra. Ég vil vekja athygli á þessu og við með flutningi þessarar brtt., en hún felur það sem sagt í sér, að horfið sé frá þessari skattlagningu og í þess stað verði ríkissjóður látinn greiða kostnaðinn.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Ég þarf sennilega naumast að taka það fram, að ég er andvígur

þessari till. og andvígur þeim röksemdum, sem hv. 9. þm. Reykv. flytur fyrir sínu máli. Ég tel nefnilega, að ekkert sé eðlilegra en það, að bifreiðaeigendur greiði þessi gjöld, því að þessar breytingar snerta eingöngu þá aðila, og ég vil jafnframt vekja athygli á því, að t. d. í Svíþjóð, þar sem gert er ráð fyrir breytingu í þessa átt nú á næstu árum, er gert ráð fyrir, að bifreiðaeigendur greiði þann kostnað, sem af því leiðir. Ég er ekki heldur alveg viss um það, að þegar að því kemur að afla tekna fyrir ríkissjóðinn til þess að mæta þessu, verði ákaflega mikil hrifning yfir þeim tekjuöflunum, sem þar þurfa að koma til greina. Þetta getur litið vel út, þegar verið er að losa menn við útgjöldin. En það kemur að skuldadögunum, og það verður varla hjá því komizt, að einhver verður að greiða þetta. Ég legg því mjög eindregið gegn því, að þessi breyting verði gerð á frv.

ATKVGR.

Brtt. 682 felld með 10:5 atkv.

Frv. samþ. með 12:8 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 697).

53. Framleiðsluráð landbúnaðarins.

Á 64. fundi í Ed., 15. apríl, var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 59 19. júlí 1960, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl. [186. mál] (stjfrv., A. 482).

Á 65. fundi í Ed., 18. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Eins og kunnugt er rofnaði samstarf í Sexmannanefnd á s. l. hausti. Alþýðusambandið neitaði að tilnefna í n., og varð n. óstarfhæf. Afleiðingin af því varð sú, að ekki var unnt að verðleggja búvöru á s. l. hausti með eðlilegum hætti og varð ríkisstj. því að grípa til þess ráðs að gefa út brbl., til þess að verðlag fengist á búvöruna eins og nauðsyn bar til að gæti orðið. Þá sögu þarf ekki að rekja nánar.

Fyrir þessari hv. d. liggur frv. til staðfestingar á þessum brbl., sem væntanlega verður rætt um áður en langt um líður. Ríkisstj. lýsti því þegar yfir, að það væri hennar vilji að endurreisa þetta samstarf, ef mögulegt væri, og þess vegna var það, að skipuð var nefnd sjö manna til þess að gera tilraunir til að ná þessu samkomulagi aftur og skapa grundvöll undir samstarfi, sem gæti orðið til frambúðar. Form. þessarar n. var Ólafur Björnsson prófessor, og hef ég heyrt alla hina nm. sex fara lofsorði um það, að hv. þm. Ólafur Björnsson hafi veitt n. sérstaklega góða forustu. Af hálfu bænda var í n. Einar Ólafsson, bóndi í Lækjarhvammi, Vilhjálmur Hjálmarsson bóndi og Gunnar Guðbjörnsson, form. Stéttarsambands bænda. Af hálfu neytenda voru í n. frá Alþýðusambandi Íslands Hannibal Valdimarsson, frá Sjómannafélagi Reykjavíkur Sæmundur Ólafsson og frá Landssambandi iðnaðarmanna Karl Guðmundsson.

N. vann mikið starf og hélt marga fundi, og aflaði hún sér margs konar gagna um dreifingarkostnað og annað, sem n. þurfti að hafa í höndum til þess að geta skapað sér heilbrigða og rétta skoðun á því máli, sem hún var að vinna við.

Helgi Ólafsson hagfræðingur var ráðinn til aðstoðar n. og til þess að afla ýmiss konar gagna. Samdi hann skýrslu, sem sýnir dreifingarkostnað á mjólk og mjólkurvörum og staðfestir það, sem sagt hefur verið áður, að dreifingarkostnaður á mjólk eða mjólkurvörum er sízt hærri hér heldur en gerist í öðrum löndum og lægri heldur en víða annars staðar.

Út af fyrir sig var nauðsynlegt að fá þetta staðfest, vegna þess að hugmyndir manna hafa verið allmisjafnar í því efni. Hitt má svo segja, að gagnasöfnun á slíkum málum sé seint að fullu lokið. Það er vitanlega æðimikið starf, ef það á að ná því takmarki, að það sé alveg fullkomið, og ég get alveg viðurkennt það, sem kemur fram í séráliti eins nm., að það hefði verið æskilegt að hafa lengri tíma til slíks.

N. varð ekki sammála, þessir sjö menn. Hannibal Valdimarsson skilaði séráliti, sem er prentað hér á þessu þskj., og hv. alþm. hafa að sjálfsögðu lesið það og kynnt sér. Hannibal Valdimarss. leggur til — ég vil ekki gera hans mál sérstaklega að umtalsefni hér að svo stöddu, mér gefst kannske tími til þess og tækifæri síðar — en niðurstöður hans eru þær, að komið verði á fót kjararannsóknarstofnun landbúnaðarins, sem skipuð sé tveimur fulltrúum Stéttarsambands bænda og tveimur, er ríkisstj. tilnefnir. Bændum skulu með lögum tryggðar lágmarkstekjur, er eigi séu lægri en meðaltekjur opinberra starfsmanna. Stéttarsamband bænda fái með lögum viðurkenndan óskoraðan samningsrétt f. h. bænda um afurðaverð og launakjör. Takist samningar ekki, skal stjórn Stéttarsambands bænda leggja tillögur sínar um verð á framleiðslueiningu fyrir alla bændur, og skoðast till. samþ., fái hún 75% greiddra atkvæða, enda taki a. m. k. 50% atkvæðisbærra bænda þátt í atkvgr. — Þetta eru niðurstöðurnar í áliti Hannibals Valdimarssonar. Meiri hl. n. leizt ekki á þetta og gat þess vegna ekki orðið samferða Hannibal, en það má vera, að ýmislegt sé nú athyglisvert í þessu áliti, þótt ekki þyki fært eða skynsamlegt að samþykkja það. Og það er að öðru leyti dálítið erfitt líka að átta sig á því, hvað meint er, t. d. þegar talað er um, að bændum séu með lögum tryggðar lágmarkstekjur, sem miðist við meðaltekjur opinberra starfsmanna. Þá er spurningin þetta: Er miðað við heildartekjur opinberra starfsmanna og bænda eða er miðað við vinnutíma? Það kemur ekki fram, en það er nú ekki ástæða til að ræða þetta atriði nánar að svo stöddu. Það gefst sennilega tími til þess og tækifæri á öðru stigi.

Sæmundur Ólafsson, fulltrúi Sjómannafélagsins í n., varð ekki sammála meiri hl. að öllu leyti og gerði tvær aths., aðra við 4. gr. framleiðsluráðslaganna og hina við 12. gr. þeirra. Seinna varð samkomulag milli Sæmundar Ólafssonar og meiri hl. n. um 4. gr. framleiðsluráðslaganna, og er hún shlj. 5. gr. frv.

Það eru þess vegna sex menn af sjö, sem hafa orðið sammála um að flytja frv. í því formi, sem það nú er, og það er samstaða um það í ríkisstj. að flytja frv. eins og það nú er.

Um 12. gr. l. hefur þess vegna ekki komið til ágreinings frekar, þar sem ekkert er um hana í frv., en 12. gr.

framleiðsluráðslaganna er um útflutningsbætur. Og það hefur nú svo oft verið talað um útflutningsbæturnar, að hv. dm. eru kunnugir því, að eins og 12. gr. framleiðsluráðslaganna segir, þá er heimilt að greiða útflutningsbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir, sem nemur allt að 10% af heildarframleiðslu landbúnaðarvara.

Nú hefur það verið athugað, að eigi bændur að fá sams konar tekjur og aðrar vinnandi stéttir — og það eru eiginlega allir sammála um, þó að ekki sé vitað, hvað Hannibal Valdimarsson á við, þegar hann miðar við meðaltekjur opinberra starfsmanna, en ég hef ekki talað við neinn mann, sem ekki er samþykkur því, að bændur beri svipað úr býtum og aðrar vinnandi stéttir - og útflutningsuppbæturnar væru lagðar niður, þá yrðu bændur að ná því tapi með öðru móti, og það væri ekki unnt með öðru móti heldur en þá að hækka afurðirnar á innlendum markaði. Að vísu má segja, að það sé vafamál, að það næðist með því nema þá að hækka t. d. mjólkina, sem er brýnasta nauðsynjavaran, enn þá meir. En það hefur verið reiknað út, hvað vísitalan hækkaði, ef útflutningsuppbæturnar væru felldar niður og bændur bættu sér tjónið með því að hækka afurðirnar. Þá mundi búvöruverð hækka um 24,6%, ef gert er ráð fyrir, að bændur nái þeim tekjum, sem núv. verðlagsgrundvöllur gerir ráð fyrir, en ef þeim væri bætt það að því leyti, sem talið er að útflutningsb. nái nú, mundi búvöruverðið hækka um 18% og vísitalan um 9 eða 5%, en væri það bætt að fullu, yrði vísitöluhækkunin 12-13 stig eða 6%. En eins og ég segi þá held ég, að það sé ekki einhlítt að reikna dæmið svona, því ef bændur ætluðu að ná upp tapinu, þá yrði að hækka enn þá meira þær vörur, sem vitað er að hlytu að seljast og eru viðkvæmastar. Af þessu leiddi það vitanlega, að launþegar mundu ekki sætta sig við annað heldur en að fá þetta bætt, og það, sem ríkissjóður greiðir nú í útflutningsuppbætur, mundi þá fara í launahækkanir til opinberra starfsmanna vegna þeirra hækkana, sem yrðu á vísitölunni við að fella þær niður.

Ég held, að þegar þessi mál eru athuguð ofan í kjölinn, þó að það þyki mikið nú að borga allt að 220 millj. kr. á ári í útflutningsuppbætur, þá sé það nú ekki sú upphæð, sem veltir efnahagskerfinu. Þetta eru þó ekki nema 4-5% af fjárlagaupphæðinni, og þessar uppbætur eru til þess að tryggja það, að nóg af landbúnaðarvörum sé í landinu og að verðið verði þá ekki hærra heldur en nauðsyn ber til.

Ég held, að það sé ekki nauðsynlegt að fara mikið meira út í till. Hannibals. En ef bændur verðlegðu vöruna sjálfir eins og komið hefur fram eða semdu við ríkisstj. eins og sumum hefur dottið í hug, þá sýnist það vera eitt af því, sem ekki er eðlilegt. Meiri hl. sjö manna nefndar kemst að þeirri niðurstöðu og segir hér á bls. 9: „Ríkisstj. er ekki aðili að þeim viðskiptum, sem hér er um að ræða, (þ. e. verðlagningunni), heldur framleiðendur og neytendur búvöru. Þar sem hlutverk ríkisstj. er auðvitað jöfnum höndum að gæta hagsmuna neytenda og framleiðenda, getur hún að okkar áliti ekki verið fulltrúi annars þessa aðila gagnvart hinum." Þetta er vitanlega alveg rétt. Ríkisstj. á ekki að vera fulltrúi annars aðilans, heldur á ríkisstj. að hugsa jafnmikið um báða þessa aðila, framleiðendur og neytendur, og reyna eftir föngum að tryggja hagsmuni beggja.

„Erfitt yrði að okkar áliti", segir meiri hl. sjö manna nefndar, „að tryggja það með löggjöf, að samningsaðstaða bænda gæti orðið svipuð því sem nú er, þar sem við svo öfluga samningsaðila er að etja sem ríkisvaldið. Löggjöf sú, er tryggja ætti bændum slíka samningsaðstöðu, væri sett af ríkisvaldinu, framkvæmd af því og það hefði í hendi sér að breyta henni. Er því að okkar áliti hætt við, að allar ráðstafanir, sem í slíku efni ætti að gera, yrðu óraunhæfar." Ég er alveg samþykkur þessu, sem meiri hl. sjö manna n. segir. „Þá getum við ekki látið hjá líða að benda á þá hættu, að miklu meiri ófriður yrði um búvöruverðið en nú er, ef semja ætti um það milli ríkisstj. og bænda. Með aðild ríkisstj. að verðlagningunni væri hún dregin inn í almenn stjórnmálaátök, en slíkt teljum við hvorki bændum né neytendum í hag." Þetta held ég að sé alveg rétt líka. N. er þó sem fyrr segir sammála um það, að nauðsyn beri til að bæta verulega þann upplýsingagrundvöll, sem verðlagningin byggist á, og í því augnamiði er gert ráð fyrir að breyta 8. gr. framleiðsluráðslaganna.

Það verður að fagna því, að meiri hl. sjö manna n., þ. e. 6 menn af 7, hafa orðið sammála um að koma aftur á samstarfi milli framleiðenda og neytenda um búvöruverð. Það er enginn vafi á því, að það er farsælla að slíkt samstarf eigi sér stað og samvinna heldur en að verið sé að togast á með ófriði eins og annars hlyti að verða, og það má benda á, að á þeim 19 árum, sem liðin eru, síðan framleiðsluráðslögin voru sett, hefur oftast orðið samkomulag. Það hefur þó einum fimm sinnum, að ég ætla, komið til úrskurðar, en langoftast hefur orðið samkomulag um búvöruverðið, og það hafa aldrei orðið mörg ár í röð, sem ekki hefur orðið samkomulag, þannig að þó að slitnað hafi upp úr, hefur orðið samkomulag á næsta ári. Þetta er vitanlega mikið atriði, sem hlýtur að leiða til þess, að það verður meiri friður um þessi mál heldur en annars gæti orðið. Ef þetta frv. verður að l., verður Sexmannanefnd skipuð á ný og tekur til starfa, og það fyrsta, sem hún gerir, hlýtur að vera það að gera ráðstafanir til að afla þeirra gagna, sem gert er ráð fyrir í 12. gr. frv. Þær breytingar, sem meiri hl. leggur til, að gerðar verði á framleiðsluráðsl. eru þá í aðalatriðum þessar:

A-liður 3. gr. frv. fjallar um 2. gr. l. Þar segir, að framleiðsluráði heimilist að ákveða mismunandi hátt útborgunarverð til framleiðenda eftir árstímum og innheimta verðjöfnunargjald af innveginni mjólk. Þetta er nýtt, framleiðsluráðið hefur ekki ákveðið mismunandi útborgun og greiðslur eftir árstímum nema að sáralitlu leyti, aðeins stöku sinnum lítið eitt hærri á haustmjólkina, en það hefur ekki haft heimild til að innheimta verðmiðlunargjald af innveginni mjólk, heldur aðeins af seldri mjólk. Með því að innheimta verðmiðlunargjald af innveginni mjólk, fær framleiðsluráð meira svigrúm. Aftur á móti er heimilt samkv. framleiðsluráðsl. að taka verðmiðlunargjald af innvegnu kjöti. Þá er það b-liður 3. gr., að ráðstafa því fé, sem fást kann í verðjöfnunarsjóð samkv. a- og b-lið, til verðuppbóta á þær vörur, sem framleiðsluráð telur

þörf á, svo sem til útflutningsuppbóta til viðbótar því fé, sem greitt er úr ríkissjóði samkv. 12. gr. Gjöld þau, sem um ræðir samkv. a- og b-lið, hafa ekki áhrif á útsöluverð landbúnaðarvara til neytenda.

Þá er það 5. gr. frv. Það er breyt. við 4. gr. l., þá sem Sæmundur Ólafsson gerði sérálit um í upphafi, en síðar varð samkomulag um á milli 6 nm. að hún skyldi orðuð eins og nú er. Það er, að í verðlagsgrundvelli skal, sbr. ákvæði 6. gr., tilfæra ársvinnutíma bóndans, skylduliðs hans og hjúa á búi af þeirri stærð, sem miðað er við hverju sinni, og virða vinnutímann til samræmis við kaupgjald verkamanna, sjómanna og iðnaðarmanna, eins og það er við upphaf hvers verðlagstímabils. Eigi skal þó taka til viðmiðunar ákvæðisvinnu verkamanna og iðnaðarmanna eða aflahlut sjómanna. Til kaupgjalds teljast hvers konar samningsbundin hlunnindi. Með því að orða greinina eins og nú er gert, er allmiklu breytt frá því, sem er í l. Í l. er gert ráð fyrir að miða við heildartekjur verkamanna, sjómanna og iðnaðarmanna, þ. á m. aflahlut og ákvæðisvinnu. Hér er hins vegar miðað við vinnutímakaupið og vinnutímastundirnar og það hefur stundum verið talað um það, að óeðlilegt væri, að mikil síldveiði gæti haft áhrif á afurðaverðið. Lítil síldveiði hefur þá vitanlega líka áhrif á afurðaverðið og ég held, að bændur hafi séð það, að það sé ekki víst, að það sé alltaf hagur fyrir þá að miða við aflahlut sjómanna, og ég held, að bændur séu það sanngjarnir, að þeir telji eðlilegt, að þeir fái tilfærða með verðgrundvellinum þá vinnu, sem þeir leggja fram og sem sanngjarnt er, að þeir leggi fram við meðalbúið. Það væri þess vegna eðlilegt að finna það nákvæmlega út, hve margar vinnustundir þarf á ári á hverja kú, hverja á eða hverja skepnu í búinu. Það þarf vitanlega að finna meðalbúið, hve margar kýr eru í meðalbúinu, hve margar ær, hve mörg hross o. s. frv. Og þegar búið er að því, þarf að tilfæra og finna út, hve margar vinnustundir þarf við búið. Í verðgrundvellinum minnir mig, að sé nú 24 þús. kr. fyrir aðkeypta vinnu. Bændur segja, að þetta sé of lítið. Ég ætla ekkert að fullyrða um það núna, og ég ætla því síður að segja nokkuð um það, hve margar vinnustundir á ári þarf til þess að vinna við meðalbúið. Ég hef ekki þær tölur og vil ekkert um það segja. En eins og gr. nú er orðuð, hlýtur að verða að þessu leitað og þetta hlýtur að verða fundið. Og þegar það er fundið, hve margar vinnustundir þarf við meðalbú á ári við meðalskilyrði, getur sá bóndi, sem komið hefur ár sinni þannig fyrir borð, að hann hefur betri skilyrði heldur en í meðallagi, notið þess með því að nota færri vinnustundir við framleiðsluna. Eins og gr. hljóðar nú, er gert ráð fyrir, að tillit sé tekið til skylduliðs og hjúa, þ. á m. hlýtur kaup konunnar að svo miklu leyti, sem hún vinnur við framleiðslu, að vera tekið með í þennan reikning. En 12. gr. frv., sem er breyt. við 8. gr. framleiðsluráðsl., gerir ráð fyrir því, að Búreikningaskrifstofa ríkisins verði efld og að fundnir verði nægilega margir búreikningar og unnið í samráði við Hagstofu Íslands að því að fá allar þær upplýsingar, sem nauðsynlegar teljast til þess að finna réttan og raunhæfan grundvöll undir verðlagninguna. Það verður að segja það eins og er, að Búreikningaskrifstofan hefur starfað í nærri 20 ár, en hún hefur lengi vel ekki haft neitt starfsfé, en Búreikningaskrifstofan hefur áreiðanlega talsverðan grundvöll til þess að byggja á, þannig að það er betra heldur en ætti að fara að byrja að nýju, og Búreikningaskrifstofan og Hagstofan þurfa að leggja til það efni, sem Sexmannanefnd þarf að hafa til þess að finna grundvöllinn undir verðlagninguna. Og eins og 12. gr. frv. hljóðar nú, ætti samkv. henni að vera hægt að ná þessu takmarki. Til þess að tryggja það, að Sexmannanefnd verði starfhæf, enda þótt einhverjir aðilar, sem rétt hafa til að tilnefna mann í n., vilji ekki nota hann, er gert ráð fyrir því, að ef um neytendafulltrúa er að ræða, skipi félmrh. mann í n. og ef um fulltrúa bænda er að ræða, skipi landbrh. mann í hana. Með þessum hætti ætti Sexmannanefnd alltaf að vera fullskipuð, þó að einhver af þeim aðilum, sem rétt hafa til að skipa fulltrúa í n., vilji ekki nota hann. Það verður nú að telja líklegt, að þeir aðilar, sem hafa þennan rétt, muni nota hann. Þótt Alþýðusambandið hafi ekki notað hann á s. l. hausti, geta viðhorfin alltaf breytzt og vitað er, að stjórn A. S. Í. var ekki á einu máli. Það má líka vera, að það hafi verið freisting hjá stjórn A. S. Í. á s. l. hausti að reyna þetta einu sinni, þar sem vitað var, að með því var hægt að sprengja kerfið, sem hv. forseti A. S. Í. hafði verið búinn að lýsa á miður þægilegan hátt. En nú, þegar vitað er, að Sexmannanefnd verður gerð starfhæf, ef einhver aðili ekki notar sinn rétt, hlýtur viðhorfið að breytast hjá þessum aðilum, og ég gæti nú bezt trúað því, að forseti og meiri hl. stjórnar A. S. Í. endurskoði afstöðu sína, eftir að þetta frv. verður að l., enda óskiljanlegt, að þeir ekki vilji nota þann rétt, sem þeim er gefinn til þess að taka þátt í verðlagningu búvöru, sem er svo þýðingarmikið atriði fyrir alla neytendur og landsmenn. Þá er hér nýmæli samkv. 8. gr. frv. og það er það, að þegar rætt er í Sexmannanefnd um álagningu á búvörum, er fulltrúa frá kaupmannasamtökum gefinn kostur á því að sitja fundinn og hafa þá málfrelsi eða tillögurétt. Kaupmannasamtökin hafa óskað eftir að hafa atkvæðisrétt, þegar um það er að ræða, en það hefur nú ekki þótt koma til greina. Hins vegar þykir eðlilegt að gefa þeim rétt til þess að sækja sitt mál og verja og sitja fundi, sem fjalla um þau mál.

Þá er það 9. gr. frv., sem er talsverð breyt. frá því, sem er í gildandi l. Það er gert ráð fyrir því, að ef ágreiningur verði í Sexmannanefnd, verði málinu vísað til sáttasemjara, og sáttasemjari ríkisins gerir tilraun til þess að sætta aðila, ef til þess kemur, að þeir eru ekki sammála. Takist það ekki innan tilskilins tíma, verði skipuð yfirnefnd, þannig að hvor nefndarhluti kjósi einn mann, en þó ekki þá menn, sem hafa setið í Sexmannanefnd, og síðan skipi hæstiréttur oddamanninn. Þetta er breyt. frá því sem var að því leyti, að hvor n.-hluti skipaði einn mann, venjulega mann, sem hafði átt sæti í Sexmannanefnd og samkv. l. er ákveðið, að hagstofustjóri verði oddamaður. Neiti þessir partar í n. að tilnefna mann, skipar ráðh. hann, eins og kveðið er á um í 6. gr. frv., þannig að yfirn. ætti þá einnig að verða skipuð, jafnvel þótt aðilar neituðu að nota sinn rétt, sem l. gefa. Þá er samkv. 11. gr. gert ráð fyrir því, að grundvöllurinn gildi í 2 ár í staðinn fyrir 1, eins og er í l., og er það vitanlega til bóta.

Um 16. gr. frv. eða 14. gr. l. fjallaði n. ekki, en það þótti eðlilegt að breyta 14. gr. l., þ. e. um veitingu sláturleyfa.

Það hafa orðið árekstrar í sambandi við það, og ég veit ekki annað en framleiðsluráðið sé samþ. þessari breyt. Sláturleyfin eru í höndum framleiðsluráðsins eftir sem áður, en eins og það var í l., mátti ekki veita tveimur samvinnufélögum sláturleyfi á sama svæði. Þetta varð þó að gera og hefur verið gert undir vissum kringumstæðum. En það þótti eðlilegt að breyta 14. gr. l. til hægðarauka í framkvæmdinni.

Þetta eru þá aðalatriðin í sambandi við þær breyt. á framleiðsluráðsl., sem þetta frv. felur í sér. Allar breyt. eru samþykktar af 6 mönnum af 7 í n., og verð ég að segja, að starf n. hefur gefizt betur heldur en á horfðist, þegar n. settist fyrst á rökstóla, enda voru margir, sem spáðu því á s. l. hausti, að það yrði ekki um mikið samkomulag að ræða. Ég geri ráð fyrir, að það megi þakka góðri forustu formannsins og vilja nm. til að ná samkomulagi og leita eftir úrræðum, og það er von mín, að með því að lögfesta þetta frv. sé lögð undirstaða að samkomulagi og samstarfi, sem hefur, þrátt fyrir allt, reynzt farsælt fyrir bændur og fyrir neytendur og sem oftast hefur nægt til þess að tryggja frið um þessi viðkvæmu mál, sem verðlagsmál búvörunnar hljóta alltaf að verða. Ég tel svo, herra forseti, að að svo komnu sé ekki ástæða til þess að fjölyrða meira um þetta mál, en legg til, að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til 2. umr. og hv. landbn.

Ásgeir Bjarnason: Herra forseti. Hæstv. landbrh. hefur gert grein fyrir tildrögum þessa frv. og þeim helztu breyt., sem það felur í sér frá gildandi l. Það er rétt við þetta tækifæri að gera sér grein fyrir því, hvenær og hvernig þessi löggjöf er upphaflega tilkomin. Árið 1947 er fyrsta löggjöfin um Framleiðsluráð landbúnaðarins með meiru sett. Og þeir, sem beittu sér fyrir þessari löggjöf, voru í fyrsta lagi Stéttarsamband bænda, sem þá var að hefja göngu sína og mætti mjög misjafnri móttöku á meðal ráðandi manna þjóðarinnar. Framsfl. beitti sér fyrir þessari lagasetningu við stjórnarmyndun 1947 með páv. landbrh. í broddi fylkingar, Bjarna heitinn Ásgeirsson. Og það má nú með sanni segja, að þessi löggjöf hefur á ýmsan hátt, eftir því sem aðstæður hafa leyft, verið mjög styrk stoð bændastéttinni og ekki sízt fyrir það, að löggjöfin skapaði Stéttarsambandi bænda aðstöðu til þess að semja um kjör bændastéttarinnar við neytendurna í landinu. Og það hefur tekizt vonum framar að semja um verðlag á búsafurðum, þar sem það var upplýst af hæstv. landbrh. hér áðan, að í 5 skipti af 19 hafa samningar tekizt. Það er í fimm skipti, sem mér skilst, að yfirdómur hafi þurft að fjalla um málið, fimm skipti á þeim árum, sem l. hafa gilt. En þar fyrir utan hafa skeð tvö tilfelli, sem löggjafinn gerði ekki ráð fyrir í upphafi. Tvisvar sinnum hefur það komið fyrir, að mótsamningsaðili bændafulltrúanna hefur neitað að taka þátt í samningum og þar með hefur löggjöfin verið gerð óvirk. Í fyrra skiptið var það 1959, þá neituðu fulltrúar neytenda að semja við bændafulltrúana í Sexmannanefnd, og gaf páv. ríkisstj. út brbl., sem að stóðu núv. stjórnarflokkar. Lenti í miklu málaþófi út af þeirri bráðabirgðalöggjöf, og komu þau brbl. lítið til umr. í hv. Alþ., en skipuð var n. til þess að endurskoða framleiðsluráðslögin. Skilaði sú n. frv., að mig minnir, í febrúarmánuði 1960 og þá fyrst, eftir þær lagabreytingar höfðu öðlazt lagagildi, tókust samningar um kaup og kjör bændastéttarinnar fyrir yfirstandandi verðlagsár 1959-1960, og var það til mikils óhagræðis á allan hátt fyrir bændastéttina, hvernig til tókst með þá verðlagningu, og hafa bændurnir að nokkru búið að því síðan. Þegar þessi lagasetning var til umr. hér í hv. Ed., flutti hv. 5. þm. Austf. ásamt mér till. þess efnis að fyrirbyggja það, að slíkt gæti komið fyrir, að l. verkuðu ekki, ef annar aðilinn neitaði að semja. Með leyfi hæstv. forseta vil ég lesa þá brtt., sem við fluttum hér í þessari hv. þd. 1960. Hún var við 3. gr., og segir þar, að á eftir 2. málsl. 3. mgr. komi nýr málsl., svo hljóðandi:

„Nú neitar aðili að tilnefna mann í yfirn., og skal þá landbrh. skipa mann í n. samkv. tilnefningu hæstaréttar."

Eins og hv. þm. muna vafalaust, var þessi brtt. okkar felld. Hefði hún á sínum tíma verið samþ., hefðu framleiðsluráðsl. aldrei orðið óvirk af þeim sökum, að annar aðilinn hefði dregið sína fulltrúa til baka frá því að semja um kaup og kjör. En það var nú ekki, og því fór sem fór, að í annað sinn á s. l. hausti neituðu fulltrúar neytenda að semja við bændafulltrúana í Sexmannanefnd og því voru gefin út brbl., sem mikið hafa verið rædd hér á hv. Alþ., en hafa ekki hlotið afgreiðslu hér, og mér skilst, að um leið og þetta frv. er lagt hér fram og gert ráð fyrir, að það öðlist lagagildi, komi brbl. ekki meira til umr. hér í þessari hv. d. eða í Alþ. Mér skilst, að það muni verða svo, enda þótt hæstv. ráðh. talaði um það hér áðan, hélt ég, að þau mundu falla úr gildi um leið og ný lög koma í staðinn. En hvað um það, komi þau til umr., er tími til að fjalla um þau mál. En ég vil aðeins minna á aðalkjarna þessara brbl. og hann var í fyrsta lagi sá að taka samningsréttinn af bændum og gera Stéttarsamband bænda óvirkt til þess að fjalla um kaup og kjör bændastéttarinnar, og í öðru lagi var með brbl. verðlagsgrundvellinum frá haustinu 1964 slegið föstum sem viðmiðun fyrir kjör bændastéttarinnar í framtíðinni eða meðan þau lög giltu. Og í þriðja lagi, að kaup bænda og verkamanna þeirra skyldi fylgja þeirri hækkun, sem elli- og örorkulífeyrisþegar mundu fá samkv. sérstakri löggjöf, sem fjallar þar um. Þetta var aðalkjarni þessara brbl., sem gefin voru út á s. l. hausti og verðlag bænda var miðað við fyrir yfirstandandi verðlagsár. En það mun hafa komið fram, eftir að þessi verðlagning var gerð, að viðmiðunarstéttir þær, sem kaup bænda er miðað við, höfðu um 15 þús. kr. meira í meðalárstekjur en miðað var við, þegar verðlagsgrundvöllurinn var ákveðinn. Þess vegna skilst mér, að hér sé um nokkra tugi millj. kr. að ræða, sem bændurnir hafa skaðazt á því, að ekki var miðað við það raunverulega kaup, sem þessir aðilar höfðu, og jafnvel, að um 80-90 millj. kr. skaða gæti verið þar að ræða fyrir bændastéttina í heild. En um það ætla ég ekki að ræða frekar nú. En ég fagna því, að þetta frv. er fram komið. Ég fagna því, að náðst hefur samkomulag um það, að Stéttarsamband bænda skuli á ný fá samningsrétt til þess að semja um kaup og kjör bændastéttarinnar, því að ef Stéttarsamband bænda getur ekki samið um kaup og kjör bændanna, þannig að vel fari, er nokkuð víst, að ekki er öðrum aðilum í landinu til þess treystandi, því að þeir, sem starfa að þeim málum hjá Stéttarsambandinu, vita bezt, hvar

skórinn kreppir að í þeim efnum hjá bændastéttinni. Því fagna ég því, og ég vil þakka hv. 8. þm. Reykv. (ÓB) fyrir það, hversu vel og farsællega honum hefur tekizt að leiða þessi mál, þannig að samkomulag hefur náðst og ýmsar breyt., sem frv. felur í sér verða til bóta fyrir bændastéttina. Ég veit, að bæði hann og aðrir, sem að þessum málum hafa starfað, hafa lagt mikið að sér og aflað mikilla gagna, og tel ég vel farið, að svo hefur verið gert, og kemur það greinilega fram, að þessi n. hefur viljað byggja sínar till. á því, sem raunhæfast gæti orðið í þeim efnum. Hins vegar sakna ég þess, þegar ég les grg. þessa frv., að ýmsar upplýsingar, tölulegar sem aðrar, og töflur o. fl., sem n. hefur aflað sér, er ekki birt með grg., og held ég, að það hefði verið til mikilla bóta, ef slíkt hefði verið gert og þingheimi gefinn þar með kostur á að kynna sér þær upplýsingar, sem slíkar tölur fela í sér, og er þar vafalaust margvíslegur annar fróðleikur, sem menn gætu orðið aðnjótandi, ef þetta hefði allt verið prentað með grg. En vera má, að þessar upplýsingar liggi annars staðar fyrir og þeirri n., sem kann að fjalla um þessi mál, verði gefinn kostur á að kynna sér ýmis atriði þessa máls út frá þeim upplýsingum, sem er að finna í þeim fylgiritum, sem ekki eru birt með grg.

Það sýnir bezt, hversu framsýnir þeir forustumenn voru, sem upphaflega sömdu þessi lög, að niðurstaða n. nú og ævinlega áður skuli vera sú, að í aðalatriðum er sama kerfið notað áfram og var í upphafi. N. hefur velt mikið fyrir sér, hvort ekki væri heppilegra að fara inn á aðrar leiðir, en eins og tekið er fram í grg., virðist hún ekki koma auga á það, að aðrar samningsleiðir kunni að verða farsælli til þess að leiða þessi mál til lykta, þ. e. a. s. að tryggja bændunum betri afkomu, heldur en það samningskerfi, sem verið hefur frá upphafi og áfram á að gilda í aðalatriðum samkv. því frv., sem hér liggur fyrir. Þetta lýsir því bezt, hversu vel menn hafa gert sér ljóst í upphafi, hvernig þessum málum væri háttað og hvað bezt mundi henta til þess að leysa deilur, ef upp kynnu að koma. Og ég fagna því, að það skuli vera lengra gengið í þessum efnum en áður og till. mín og hv. 5. þm. Austf. í aðalatriðum, vil ég segja, eða að efni til tekin inn í þessa löggjöf, þar sem gert er ráð fyrir, að ef einhver aðili vill ekki nota samningsrétt sinn, skipi hlutaðeigandi ráðh. mann í hans stað. Þetta tel ég mjög gott og vel farið, að það skuli þá vera horfur á því, að það þurfi ekki að grípa til þess á síðustu stundu að gefa út brbl., ef einhver aðili vill ekki nota rétt sinn. Ég vona, að þetta ákvæði l. verði til þess að tryggja betur heill og hag bændastéttarinnar en þegar þurft hefur að grípa til þess að semja brbl. á síðustu stundu, þegar allt hefur verið komið í óefni, eins og tvívegis hefur verið gert á því 19 ára tímabili, sem þessi löggjöf hefur gilt hér á landi.

Ég ætla mér ekki að fara að ræða efnislega um þetta frv. nú, vegna þess að ég býst við, að öllu forfallalausu, að mér gefist kostur á að kynna mér þetta mál nánar í þeirri n., sem um það á að fjalla. En þessi lagasetning er grundvöllur að framtíð landbúnaðarins í þessu landi, og lagasetningin á að vera til þess að tryggja vinnandi fólk í landbúnaði sambærileg kjör við þá, sem vinna við aðra atvinnuvegi þjóðarinnar. Þó er það svo, að hversu góð sem ein löggjöf kann að vera, er hægt að gera hana gagnslausa, ef framkvæmd og stefna þjóðmálanna er reikul og dýrtíðin er látin þenjast út eins og sápukúla, eins og verið hefur í tíð núv. hæstv. ríkisstj., því að þar hefur aldrei staðið steinn yfir steini af því, sem byggt hefur verið. Þegar framleiðsluráðslögin voru endurskoðuð 1960, var talið, að 10% útflutningsuppbætur af verðmæti landbúnaðarframleiðslunnar mundi alltaf verða nægjanlegt til þess að tryggja bændum það verðlag, sem þeim bar samkv. gildandi verðlagsgrundvelli. Þessu var haldið fram 1960. Nú er ekki komið lengra fram í tímann en til ársins 1966, og hvernig hefur þetta reynzt og hverjar eru horfur á, að svo muni verða? Dæmið stendur þannig nú, að það eru allar horfur á því, að ofan á of lága verðlagningu verði bændur að taka á sig tugi milljóna króna, vegna þess að útflutningsuppbæturnar hrökkva ekki fyrir þeim afurðum, sem talið er, að ekki muni vera þörf á að neyta innanlands og þess vegna þurfi að leita markaða fyrir erlendis. Nú, hvað framtíðin kann að bera í skauti sér í þessum efnum, ætla ég ekki neinu um að spá, en ástandið eins og það er í dag og stjórnarferillinn eins og hann hefur verið boðar ekki neitt gott í þessum efnum. Allir atvinnuvegir þurfa sína stoð og sína styttu, og ég vil benda á það, að þrátt fyrir síaukinn útflutning sjávarafurða og einnig mjög hækkandi verðlag á erlendum markaði, þá hefur svo til tekizt, að það verður að bæta sjávarútveginum upp til þess að hann verði ekki fyrir stórkostlegu rekstrartapi, vegna þess að dýrtíðin er orðin svo geysileg í þessu landi. Þannig að það er ekki um landbúnaðinn einan saman að ræða, að því er varðar dýrtíðaraukninguna, heldur sjálfan sjávarútveginn, þar sem framleiðslan er miklu meiri en nokkru sinni áður og verðlag erlendis hefur farið síhækkandi. En það verðlag, sem fæst nú, hrekkur samt ekki til þess, að hann geti rekstrarlega staðið undir sér, og nú fyrir stuttu síðan var samþ. frv., þar sem til sjávarútvegsins eiga að falla 80 millj. kr. til þess að bæta honum upp þennan halla, sem hann varð fyrir.

Þetta er staðreynd, að dýrtíðin, verðbólgan og stjórnarstefnan hafa eyðilagt hverja löggjöfina á fætur annarri, hverja ráðstöfun á fætur annarri, sem gerð hefur verið í þessu landi, og eina vonin til þess að möguleikar séu á því, að betur horfi um atvinnuvegi þjóðarinnar framvegis en verið hefur nú um skeið er, að það sé tekin upp ný þjóðmálastefna í landinu, því að núv. stjórnarstefna með óðaverðbólgu í fararbroddi melétur smám saman afkomumöguleika alls almennings í landinu, og við slíkt er ekki hægt að una, hversu vel eða drengilega sem menn kunna að standa að öðrum málefnum þjóðarinnar.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Ég ætla nú ekki að fara að taka upp hérna almennar stjórnmálaumr. í sambandi við þetta frv., eins og hv. síðasti ræðumaður gaf þó tilefni til. En af því að við höfum nú tækifæri til þess að ræða saman hér á seinna stigi þessa máls og um fleiri mál, held ég, að ég geti sparað mér það núna, enda legg ég áherzlu á, að þetta mál komist sem fyrst til n. Hv. þm. fagnaði því, að þetta frv. var fram komið, lýsti ánægu sinni yfir því, að vel hefði til tekizt, að samkomulag hefði náðst í meiri hl. n. og að þetta frv. er til orðið. Það út af fyrir sig er ágætt að fá þá viðurkenningu.

Það er rétt, að l. um framleiðsluráð voru sett 1947 og samkv. þeim hefur Sexmannanefnd starfað. En ef málið er rétt skoðað, hefur Sexmannanefnd verið starfandi frá því 1943. L. um Sexmannanefnd var aftur á móti breytt 1947 og ýmis ákvæði tekin inn í þau, sem ekki voru áður í sexmannanefndarlögunum, en grundvöllurinn, sem starfað hefur verið eftir, er síðan 1943. Þetta er vitanlega aukaatriði, en þó rétt að það komi fram, vegna þess að þessi hugsun, að stéttirnar vinni saman, kom fram á þinginu 1943 og var lögfest þá, og hefur í aðalatriðum verið unnið eftir þeim sjónarmiðum síðan.

Ég held, að ég hafi tekið rétt eftir hv. þm., þegar hann var að tala um, að það hefðu tvisvar verið gefin út brbl., vegna þess að aðilar neituðu að tilnefna í n., og það er rétt. Það var haustið 1959 og aftur á s. l. hausti. En þótt ótrúlegt sé, þá held ég, að hv. þm. hafi sagt, að bændur búi að nokkru leyti enn þá að því, hvernig gengið var frá búvöruverðinu 1959-60. Það getur verið, að ég hafi heyrt skakkt, og það er sennilegast. Það er nú vitað, að þessi 3%, sem voru dregin af bændum með brbl. haustið 1959, voru að fullu greidd frá því að afurðasala byrjaði, og það er í fyrsta sinn nú, sem ég heyri því slegið fram, að bændur hafi tapað á því, að tekin var upp trygging fyrir útflutninginn 10%, þannig að ég hygg, að þarna sé um einhvern misskilning að ræða eða mismæli.

Þá er það misskilningur hjá hv. þm., að þótt þetta frv. sé fram komið, sé ekki þörf á því að ræða brbl., sem liggja hér fyrir þessari hv. d. Það gæti verið, að það gerðist ekki neitt, þótt þau væru látin daga uppi, en ég sé nú ekki ástæðu til annars en að þetta frv., sem hefur verið lagt fram til staðfestingar á brbl., verði alveg rætt til enda, og þess vegna er ekki ástæða til að fara nú að ræða brbl. og ekki þá dóma, sem hv. þm. lagði á þau. Sjálfur er hv. þm. bóndi og gæti þess vegna tekið undir með öðrum bændum, að málið hafi verið leyst vel á s. l. hausti. En hann er þm., hv. ræðumaður, og vill nú nota tækifærið til að koma því fram, að hann sé þó ekki að öllu leyti sammála mér, þó að hann sé út af fyrir sig samþykkur þessu frv., sem ég hef lagt hér fram. Það er nú rétt að vísu, að hv. l. þm. Vesturl. (ÁB) og ég erum sjaldan alveg sammála hér í hv. d. Það er mjög sjaldgæft, ef það er, en vissulega er það framför, þegar hv. l. þm. Vesturl. lýsir ánægju sinni yfir frv., sem ég legg fram í jafnviðkvæmu máli og verðlagsmálum búvöru.

Ég hef nú ekki heyrt það frá þessum hv. þm. eða öðrum, sem gagnrýna brbl. á s. l. hausti, hvernig hefði átt að leysa þann vanda, sem þá steðjaði að, með öðrum hætti en gert var. Það er talað um, að samningsrétturinn hafi verið tekinn af bændum. Átti ríkisstj. að taka upp samninga við bændur? Var það lögum samkvæmt? Löggjöfin um verðlagninguna var sprungin, og það varð að leysa þetta mál til bráðabirgða, reyna að finna úrræði, sem gætu að gagni komið og verið sanngjörn bæði fyrir bændur og neytendur. Það er vitanlega alltaf vandi að sigla bil beggja, þannig að fundin sé hin sanngjarna leið, sem allir geti sætt sig við, en það hafa nú ýmsir mætir menn úr mörgum stéttum haldið því fram, að þetta hafi tekizt í þessu tilfelli.

Hitt atriðið, að það hafi verið fullyrt 1960, að 10% ákvæðið um útflutningsuppbæturnar tryggði bændum alltaf fullar útflutningsbætur, það efast ég nú um. Það hefur kannske verið sagt eitthvað á þá leið, að það væri líklegt, af því að það vantaði nú svo mikið á 1960, og það var vegna þess, að þá var framleiðsla búvörunnar svo miklu minni en núna.

Svo er það rétt, sem hv. þm. sagði, að dýrtíðin hefur vaxið síðan 1960, hún hefur vaxið of mikið, en dýrtíðin hefur bara vaxið með hverju ári núna í þrjátíu ár, hverjir sem hafa verið í stjórn. Við skulum þess vegna ekki tala um þetta núna eins og það hafi engin dýrtíð verið áður og dýrtíðin hafi aldrei vaxið áður. Það er hægt að nefna prósenttölur um dýrtíðarvöxt frá ári til árs alla tíð, ef við kærum okkur um, en ég ætla að bíða með að rökræða frekar við hv. þm., þar til annað tækifæri gefst. Ég vil lýsa ánægju minni yfir þeim undirtektum, sem frv. fékk hjá hv. ræðumanni.

Ásgeir Bjarnason: Herra forseti. Það eru aðeins örfá atriði, sem ég þarf að minna á út af ræðu hæstv. landbrh.

Hann sagði, að Sexmannanefndin hefði eiginlega verið lögfest 1943, en hvernig var það árið 1944 og 1945 og 1946, hvaða aðilar fjölluðu þá um verðlagningu landbúnaðarafurða? Mig minnir ekki betur en að það væri stjórnskipuð n., svo kallað búnaðarráð, sem var skipað af þáv. stjórn, sem kallaði sig nýsköpunarstjórn.Og ég tel það ekki það sama, þó að það séu stjórnskipaðir menn í n. og þeir starfi eftir sömu leikreglum og þeir aðilar, sem öflugur félagsskapur stendur að baki, eins og Stéttarsamband bænda. Ég hygg, að samningsréttur bændastéttarinnar hafi fyrst verið tryggður, þannig að hann kæmi bændum verulega að notum, með setningu framleiðsluráðslaganna 1947.

Þá er það annað atriði í ræðu hæstv. ráðh., þar sem hann eiginlega sneri út úr. Ég sagði, að það hefðu svo seint tekizt samningar um verðlagsgrundvöllinn 1959 og 1960, að bændur hefðu aldrei beðið þess bætur á því verðlagsári, þó ég viðurkenni, að þeir hafa fengið þessa 3.18% hækkun, sem var útreiknuð af Hagstofunni. En hvernig væri ástandið í bændastéttinni, ef alltaf hefði verið útreiknað þeirra verðlag frá ári til árs, en aldrei samið? Í því liggur mismunurinn, að það var ekki samið þá um verðlagið. Það var þessi útreikningur, sem þeir fengu bættan, en þeir hefðu fengið miklu meira, ef það hefði verið samið, því að það hafa aldrei verið gerðir svo lélegir samningar, að ekki hafi eitthvað áunnizt umfram það, sem útreiknað verðlag hefur verið, þegar miðað var við grundvöllinn frá árinu áður.

Á það vil ég minna líka í þessu sambandi, að útflutningsuppbætur eru miklu eldri en frá árinu 1960. Þær eru allt frá árinu 1955, og þó að þær væru ekki beint teknar inn í framleiðsluráðslögin fyrri, voru önnur ákvæði í þeim l., sem áttu að verða bændastéttinni jafnnotadrjúg og útflutningsuppbæturnar. Löggjafinn gerði ráð fyrir því, að bændur mættu leggja ofan á innanlandsverðið, ef þeir næðu ekki upp sama verði fyrir útfluttar afurðir. Út af þessu var farið í mál, og fyrir dómstólum unnu bændurnir málið, en í staðinn fyrir það ákvæði, sem gilti, voru útflutningsuppbæturnar lögfestar, þannig að þar er ekki neitt nýtt af nálinni 1960, heldur voru greiddar útflutningsuppbætur áður, og það voru önnur ákvæði í framleiðsluráðslögunum, sem jafngiltu

því sem útflutningsuppbæturnar voru áður og áttu að þjóna sama hlutverki.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til landbn. með 14 shlj. atkv.

Á 69. fundi í Ed., 23. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 482, n. 542 og 558).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Ragnar Jónsson): Herra forseti. Frv. þetta, sem er stjfrv. um breyt. á l. nr. 59 19. júní 1960, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu landbúnaðarafurða o. fl., hefur verið til athugunar í landbn., og hefur verið rætt þar á nokkrum fundum. Samkomulag fékkst ekki um afgreiðslu þess. Meiri hl., þ. e. 5 nm., hefur skilað áliti, sem prentað er á þskj. 548, og leggur hann til, að frv. verði samþ. með tveimur smávægilegum breyt., þ. e. í fyrsta lagi, að við 3. gr. falli niður „og b" í b-lið og síðustu mgr. Í öðru lagi við 16. gr. Í stað 2. gr. l. nr. 5 22. febr. 1949, um kjötmat o. fl., komi nýafgr. lög frá Alþ. um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum. Tveir nm., þeir Páll Þorsteinsson og Ásgeir Bjarnason, áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja brtt., sem fram kunna að koma, en einn nm., Björn Jónsson, hefur skilað séráliti á þskj. 542. Einn nm., Jón Árnason, var ekki viðstaddur, þegar málið var afgr.

Hér er um mjög þýðingarmikið mál að ræða, en skammt til þingloka og er því áríðandi, að frv. fái skjóta og góða afgreiðslu hér í þessari hv. d. Svo sem kunnugt er, er frv. þetta að mestu leyti verk hinnar svo kölluðu 7 manna n., sem landbrh. skipaði á s.l. hausti, en verkefni þessarar n. var að leita eftir samkomulagsgrundvelli milli framleiðenda og neytenda, sem hægt væri að byggja afurðasölulöggjöfina á. Það náðist ekki samkomulag í þessari n., eins og allir vita, en 6 nm. sendu landbrn. samhljóða till. í frv.-formi í febr. s. l., og er frv., sem hér liggur fyrir, í öllum meginatriðum samhljóða till. þeirra. Ég veit, að allir hv. þdm. eru þessu máli svo kunnugir, að óþarfi er að fjölyrða um það að sinni.

Frsm. minni hl. (Björn Jónsson): Herra forseti. Eins og hv. frsm. meiri hl. gat um, varð ekki samkomulag í landbn. um afgreiðslu þessa frv., og hef ég, sem skipa einn minni hl., skilað séráliti á þskj. 542.

Eins og kom hér fram við 1. umr. málsins, þegar hæstv. landbrh. hafði framsögu fyrir því, er meginbreytingin, sem þetta frv. felur í sér frá fyrrgildandi löggjöf, sú að gera hið svo kallaða sexmannanefndarkerfi virkt, þó að aðilar þeir, sem hafa rétt til að skipa í Sexmannanefnd, noti ekki þann rétt sinn. En þá komi til tilnefning af hálfu landbrh., ef framleiðendur, þ. e. a. s. Framleiðsluráð landbúnaðarins eða stéttarsamtök bænda nota ekki tilnefningarrétt sinn, en hins vegar tilnefning félmrh., ef hinir svo kölluðu fulltrúar neytenda, þ. e. A. S. Í., Landssambands iðnaðarmanna eða Sjómannafélags Reykjavíkur, nota ekki sinn tilnefningarrétt samkv. 6. gr. laganna.

Aðrar breyt., sem þetta frv. hefur í för með sér, eru ekki mjög veigamiklar, nema þá ef vera skyldi breyt., sem 5. gr. frv. um 4. gr. l. kveður á um, en þar segir, að taka skuli upp þann viðmiðunargrundvöll, þegar kjör bænda eru ákveðin til samræmis við kaupgjald annarra stétta, að hann skuli byggjast á kaupgjaldi verkamanna, sjómanna og iðnaðarmanna, eins og það er við upphaf hvers verðlagstímabils, en þó skuli ekki taka til viðmiðunar ákvæðisvinnu verkamanna og iðnaðarmanna né aflahlut sjómanna.

Mér þykir sýnilegt, að þótt sumar af þessum breyt. frá fyrra grundvelli séu réttmætar, séu aðrar breyt. það ekki, sem þetta hefur í för með sér, og hljóti að þýða, að svo miklu leyti sem viðmiðunargrundvöllurinn hefur eitthvert gildi, sem hefur að vísu verið ákaflega takmarkað á undanförnum árum, sé hér um beina skerðingu á kjörum bænda að ræða. Og það tel ég sérstaklega koma fram í því, að nú á hvorki lengur að miða við ákvæðisvinnu verkamanna né iðnaðarmanna, og ég tel að ef þennan viðmiðunargrundvöll á á annað borð að nota, — (ég er reyndar ekki þeirrar skoðunar) sé það sanngjarnt, að þetta sé tekið með í viðmiðunargrundvöllinn. Það er enginn vafi á því, að nú um sinn, — og líklegt er að svo verði einnig um nokkra framtíð, — verða mestar kjarabætur hjá verkamönnum og iðnaðarmönnum einmitt í gegnum það, að ákvæðisvinna er stóraukin og tekin upp ýmis ný launagreiðslukerfi, sem byggja á afköstum. Og það er enginn vafi á því, að á síðustu árum hefur mjög verulegur hluti af þeim kjarabótum, sem verkamenn og iðnaðarmenn hafa náð fram, raunverulega byggzt á þessu. Ég vil segja það, að ef á annað borð á að miða kjör bænda við þessar stéttir, er hallað mjög á bændur, ef þessu er sleppt úr viðmiðunargrundvellinum, og ég verð að segja það, að ég tel það gegna nokkurri furðu, að fulltrúar bænda í sjö manna n. ríkisstj. hafi fallizt á þetta, og sérstaklega er ég undrandi yfir því, ef þeir hafa gert það fúslega. Hins vegar vil ég segja það um breyt. á 4. gr. l., að ég tel eðlilegt, að sleppt sé viðmiðun við hlutarsjómenn. Þar eru svo miklar sveiflur, að það er algerlega óeðlilegt, að þær komi inn í landbúnaðarvöruverðið, og einnig tel ég réttmætt, að tekið sé tillit til vinnutímans, þannig að það sé ekki tekið með í viðmiðunargrundvöllinn, þó að verkamenn eða iðnaðarmenn hækki laun sín eitt árið vegna þess, að þeir hafi þurft að leggja á sig meiri vinnu en áður.

Í 16. gr. er svo ákveðið nú, eins og reyndar hefur verið, að A. S. Í., Landssamband iðnaðarmanna og Sjómannafélag Reykjavíkur skuli teljast fulltrúar neytenda í landinu í samningum um búvöruverð. Ég er ekki nægilega kunnugur því, hvernig þessi skipan er til komin að útnefna fulltrúa þessara þriggja aðila sem fulltrúa neytenda í landinu. En ég held, að flestir sjái, að ef fulltrúar neytenda eiga að vera representeraðir í slíkri n. sem Sexmannanefnd, þá er þetta hin afkáralegasta skipan. Það er að vísu rétt, að A. S. Í. er fulltrúi margra neytenda í landinu, en þó er það ekki nema hluti af neytendum og það mikill minni hl. Hins vegar eru bæði Landssamband iðnaðarmanna og Sjómannafélag Reykjavíkur tiltölulega fámenn og einstæð samtök, sem ekki hafa á nokkurn hátt neitt það við sig, skipulag eða tilgang, að þau séu bærari en ýmis önnur samtök í

landinu að koma fram fyrir neytendur og semja um þeirra hagsmuni. Það eru mörg einstök verkalýðsfélög í landinu miklu stærri en Sjómannafélag Reykjavíkur. Síðan þessi l. voru sett, hafa verið mynduð ýmis sérsamtök innan A.S.Í. og einnig annarra starfsgreina, sem eru miklu fjölmennari, þ. á m. t. d. samtök, sem heita Sjómannasamband Íslands. Það væri þó vissulega nær lagi, ef sjómannastéttin á að eiga þarna fulltrúa, að það væri Sjómannasamband Íslands, sem tilnefndi slíkan fulltrúa heldur en Sjómannafélag Reykjavíkur.

Landssamtök iðnaðarmanna eru samtök af allt öðru tagi en Sjómannafélag Reykjavíkur og A. S. Í. Það eru raunverulega atvinnurekendasamtök, en engin almenn hagsmunasamtök launþega eða neytendasamtök. Þessi skipan mála mun upphaflega hafa verið þannig tilkomin, að nauðsyn þótti á því að fá pólitískt jafnvægi í svona n., en sem frambúðarskipan hlýtur hún að teljast ákaflega óeðlileg, miðað við núv. aðstæður, ef á annað borð á að fylgja þeirri reglu, sem þetta frv. gerir ráð fyrir, og algerlega órökrétt að skipa þessum málum á þann veg, sem gert er, jafnvel þó að menn væru inn á því út af fyrir sig, að neytendur og framleiðendur ættu að semja um búvöruverð. Ég held t.d., að það væri miklu nær lagi, að opinberir starfsmenn kæmu þarna fram sem aðili en eitt einstakt félag í A.S.Í. Það verður því að telja, að val þessara aðila sé raunverulega hinn furðulegasti samsetningur og algerlega órökrétt út frá þeim sjónarmiðum, sem annars er talið að eigi að gilda um skipan þessara mála. Það fer svo heldur ekki fram hjá *neinum*, að samkv. þessu frv. verður nú mögulegt að ákveða búvöruverð í Sexmannanefnd t. d. án þess að A. S. Í. sé þeim úrskurði samþykkt og það væri hægt, þó að bæði A.S.Í. og Sjómannafélag Reykjavíkur væru andstæð þeim úrskurði, sem um væri að ræða. Það væri sem sagt hægt að ákveða búvöruverðið með fulltrúum frá Stéttarsambandi bænda, Framleiðsluráði landbúnaðarins og einum atvinnurekendasamtökum í landinu, og sjá þá allir, hve vald neytenda er mikið til að ákvarða um þessi mál samkv. lögunum. En ef ekki næst slíkur meiri hl. í n., t. d. með því að ákveða verðið með fulltrúum framleiðenda og eins eða fleiri af fulltrúum neytenda, tekur — ja, ég vil segja annar gerðardómur við, því að Sexmannanefndin, eins og hún er orðin nú, ákveðin með 6. gr. l., er raunverulega orðin gerðardómur, þó að hægt sé að áfrýja úrskurði hennar undir vissum kringumstæðum, geti málið farið til annars gerðardóms samkv. 9. gr. frv.

Niðurstaða mín er því sú af þessum hugleiðingum, að þetta kerfi, sem nú er verið að reyna að koma upp og gera virkt undir öllum kringumstæðum, sé órökrétt. Þó að gengið væri út frá því sem grundvallarreglu, að bændur og neytendur ættu að semja um verðlagningu búvöru, væri þessi aðferð, sem hér er viðhöfð, algerlega órökrétt. Hitt er svo auðvitað annað mál, að löggjafinn getur ekki fyrirskipað samstarf eða aðild, sem ekki er grundvöllur fyrir hjá þeim aðilum, sem um er að ræða. Hann getur ekki fyrirskipað tveimur aðilum eða fleiri í landinu að semja um hluti, sem þeir telja sig ekki bæra til að semja um eða ekki rétt, að þeir semji um, og þetta er í raun og veru viðurkennt með þeim nýju ákvæðum, sem nú eru sett inn í 6. gr. frv., því að ef aðilarnir, sem þarna er um að ræða, nota ekki tilnefningarrétt sinn, stendur raunverulega aðeins eftir stjórnskipaður gerðardómur.

Það eina, sem nú liggur fyrir um afstöðu þeirra samtaka, sem hér eiga hlut að máli, er afstaða A. S. Í. frá því á s.l. sumri, og mér vitanlega hefur hún ekki breytzt, en frá þeirri afstöðu er greint ítarlega hér á bls. 16 í grg. með frv., og læt ég mér nægja í aðalatriðum að vísa til þess. En helztu ástæðurnar, sem A. S. Í. færir hér fram fyrir því, að það sæi sér ekki fært að taka lengur þátt í störfum Sexmannanefndarinnar, voru í fyrsta lagi þær, að það felldi, að Sexmannanefnd gæti ekki haft nein áhrif á þann þátt efnahagsmálanna, sem mestu réði um endanlegt verðlag á landbúnaðarvöru, en að undanförnu og eins og nú stæði væri það fyrst og fremst verðbólgustefna núv. stjórnarvalda, sem hefði þar mest um að segja. Í öðru lagi væri högum bænda svo komið, að því færi víðs fjarri, að unnt væri á réttlátan hátt að leysa ýmis brýnustu vandamál þeirra og sízt af öllu smærri bænda með verðlagningu landbúnaðarvara einni saman, en Sexmannanefnd hefði ekkert vald til að fjalla um stefnuna í landbúnaðarmálum í heild sinni. Ég ræði þetta ekki frekar. Þessi afstaða A. S. Í. liggur fyrir í einstökum atriðum, og af henni má ráða það, að það muni ekki nota rétt sinn til tilnefningar í þessa n., þegar hún tekur til starfa.

Það er svo annar þáttur þessa máls, hvernig það viðmiðunarkerfi, sem hér er lagt til grundvallar, hefur gefizt á undanförnum árum. Og ég vil segja það, að af mínum kynnum af kjaramálum verkamanna hefur þetta viðmiðunarkerfi gefizt illa og almennt gefizt illa sú regla að reyna að gera kjör verkamanna í landinu, lægst launuðu stéttar þjóðfélagsins, að eins konar almennum viðmiðunar- og vísitölugrundvelli, sem allt annað í landinu hreyfist eftir, þannig að þessi lægst launaða stétt þjóðfélagsins gæti raunverulega aldrei hreyft kjör sín öðruvísi en það hefði hinar viðtækustu afleiðingar á kjör annarra stétta og almennar verðhækkanir í landinu. Ég held, að þetta almenna viðmiðunarkerfi hafi verið á síðari árum einn versti þrándur í götu fyrir almennum kjarabótum verkamanna í landinu. Og ég segi fyrir mitt leyti, að ég mun nota hvert tækifæri bæði nú og síðar til þess að höggva á þetta viðmiðunarkerfi eins og unnt er, þannig að það skapist fyrir því möguleikar, að verkamannastéttin í landinu geti bætt kjör sín alveg án tillits til þess, hvað gerist hjá öðrum stéttum, enda fæ ég ekki séð, að einstakar kjarabætur verkamanna þurfi undir öllum kringumstæðum a. m. k. að verða almennur viðmiðunargrundvöllur. Hitt er svo auðvitað alveg rétt, að ef sá viðmiðunargrundvöllur, sem hér er gert ráð fyrir varðandi bændastéttina, er lagður niður, þarf eitthvað annað að koma til, sem geti tryggt bændum viðunandi lífskjör og viðunandi stöðu til þess að ná fram sínum kjaramálum. Að mínum dómi er lausnin sú að veita bændum fullt samningsfrelsi um sín kjör, og þetta sjónarmið er auðvitað það eðlilega sjónarmið af hálfu verkalýðssamtakanna, sem sjálf hafa fullkomið samningsfrelsi um sín kjör, ekki aðeins samningsrétt, heldur einnig verkfallsrétt og þannig beitt vopn í hendi til þess að geta náð sínum málum fram, og það er því eðlilegt, að við viljum ekki heldur synja bændastéttinni um

þennan rétt og selja hennar kjör undir úrskurð gerðardóms, tilviljunarkennds gerðardóms. Það má að vísu segja, að fullt samningsfrelsi bænda og hins vegar verkfallsréttur verkalýðssamtakanna sé ekki sambærilegt að öllu leyti, og það er alveg rétt. Þess vegna álít ég, að þyrfti enn að styrkja stöðu bænda til ákvörðunar um bæði búvöruverð og annað, sem höfuðmáli skiptir fyrir hagsmuni þeirra, og mér sýnist, að það kæmi vel til greina að fara þá leið, sem fulltrúi A. S. Í. í sjö manna n. ríkisstj. lagði til, Hannibal Valdimarsson, að veita bændum rétt til einhliða ákvörðunar um verðlagningu búvara sinna, ef samkomulag næst ekki í samningum við ríkisstj. Þetta þyrfti þó vafalaust að verða skilyrðum og reglum bundið, sem nokkur trygging fælist í, að þetta væri ekki misnotað. En ég vil segja það, að ég treysti bændum flestum eða jafnvel öllum stéttum í þjóðfélaginu betur til þess að fara hófsamlega með slíkt frelsi og slíkan rétt. Ég álít, að bændur séu sú stétt í þjóðfélaginu, sem er e. t. v. mest hagfræðilega hugsandi, og ég vantreysti þeim ekki til þess að nota á hófsamlegan hátt vald, sem þeim væri gefið, bæði varðandi samningsfrelsið og jafnvel þó að væri til einhliða ákvörðunar um búvöruverð undir vissum kringumstæðum.

Þá vaknar að sjálfsögðu sú spurning, þegar um það er rætt að veita bændum samningsfrelsi og jafnvel rétt til þess undir vissum kringumstæðum að ákveða einhliða búvöruverð, hver sé hinn eðlilegi viðsemjandi bændastéttarinnar. Ég svara því hiklaust fyrir mitt leyti, að ég tel, að það sé ríkisvaldið. Það liggur í raun og veru í augum uppi, að öll þjóðin er neytendur. Það er ekki aðeins ein stétt manna í þjóðfélaginu, það er ekki aðeins verkalýðsstéttin eða iðnaðarmenn eða sjómenn, sem eru neytendur, það er öll þjóðin, sem er neytendur, og ég get ekki séð neinn þann aðila, sem gæti komið fram gagnvart bændum sem fulltrúi þessara almennu hagsmuna. Ég vil einnig nefna atvinnurekendur í því sambandi. Þeir hafa kannske ekki hvað minnstra hagsmuna að gæta og raunar undir mörgum kringumstæðum meiri hagsmuna að gæta en verkalýðsstéttin, því að hækkað búvöruverð leiðir auðvitað til þess, að frekari kröfur verða gerðar á hendur atvinnurekstrinum í landinu, og undir flestum kringumstæðum hvílir það á atvinnurekstrinum að borga hækkanir á búvöruverðinu. Við höfum okkar vísitölukerfi á almenn laun, og þó að það kannske bæti okkur ekki undir öllum kringumstæðum að fullu verðhækkanir, sem verða, hvorki á landbúnaðarvörum né öðru, verður það þó að segjast, að það gerir það í aðalatriðum. Og slíkt lendir á atvinnurekendum í landinu, en ekki á verkamönnum. Hagsmunir um búvöruverðið eru þess vegna miklu víðtækari en svo, að þeir geti verið bundnir við ákveðna hópa eins og Landssamband iðnaðarmanna eða Sjómannafélag Reykjavíkur. Og hér er alls ekki með þessum l. lagður grundvöllur að því að mynda neina þá representation, sem sé fullnægjandi fyrir þá höfuðhagsmunahópa, sem eiga réttar að gæta í sambandi við búvöruverð.Ég álít líka eðlilegt, að ríkisvaldið semji við bændastéttina af annarri ástæðu, og hún er sú, sem kemur fram í áliti fulltrúa A. S. Í. í sjö manna n., að fleira þurfi að athuga, þegar kjaramál bænda eru skoðuð, heldur en verðlagningu á búvörum einum. Það eru vissulega orð í tíma töluð, að það er ekki það eina, sem kemur til greina, þegar hin raunverulegu lífskjör bændastéttarinnar eru ákveðin. Það má nefna hluti, sem mjög hafa verið um talaðir, eins og uppbætur bæði á útflutning landbúnaðarvara og á sölu landbúnaðarvara innanlands. Það má nefna ýmsar aðrar ráðstafanir í hagsmunamálum bænda, eins og stofnlán, vexti, tolla á tækjum og lán til húsbygginga og ýmislegt fleira, sem skiptir auðvitað engu minna máli fyrir bændur en sjálft verðlagið á vörunum. Og um slíka hluti getur bændastéttin ekki samið við neinn nema ríkisvaldið, og ég held, að það sé eðlilegt, að um leið og búvöruverðið er ákveðið, sé litið á þessa hluti líka, en ekki þeir settir til þess að semja um búvöruverðið við bændur, sem ekkert vald hafa í þessum efnum og engan vanda geta leyst í þeim efnum. Ég held þess vegna, að núv. fyrirkomulag hljóti að beina hugsun bænda í sambandi við hagsmunamál sín óeðlilega mikið inn á verðlagninguna sjálfa og skapi tilhneigingar til þess jafnvel að strekkja þar á meira en ástæða væri til, ef unnt væri að fá bætur á ýmsum örðum sviðum, sem gætu haldið verði landbúnaðarvara niðri, en þó tryggt bændum fulla og réttláta hlutdeild í þjóðartekjum og sæmilega afkomu.

Ég held, að það sé þess vegna fullkomlega rétt sjónarmið, sem A. S. Í. hefur látið í ljós, að það er ríkisvaldið fyrst og fremst, sem ræður úrslitum um, hvaða kjör bændastéttin á raunverulega við að búa, en slíkt geti ekki verið nema að litlu leyti á valdi neytendanna í landinu og þess vegna sé raunhæfast fyrir bændur að semja við ríkisvaldið. Ég hef raunverulega ekki heyrt nema ein rök gegn því, að þessi háttur væri hafður á hér á landi, eins og er í mjög mörgum eða flestum löndum að meira eða minna leyti, og það eru þau rök, sem hæstv. landbrh. færði hér fram, þegar hann mælti fyrir þessu frv., að ríkið væri of sterkur samningsaðili. Þetta væri slæmt fyrir bændur, vegna þess að ríkið væri of sterkur samningsaðili, það væri samningsaðili, sem þeir gætu ekki ráðið við, og manni skildist, að það væri þess vegna mikið hagsmunaatriði fyrir bændur að losna við slíkan viðsemjanda og fá annan veikari í staðinn, sem væri verkalýðssamtökin í landinu.Ég verð nú að segja það, að mér þótti þetta svolítið broslegar kenningar, ekki síst af því, að ég tel víst, að hæstv. ráðh. mundi a.m.k. nú um sinn ráða mestu um afstöðuna, ef hann ætti að semja við bændur um búvöruverðið og aðra þá hluti, sem mestu skipta fyrir þeirra kjör. Og ég verð að segja, að mér finnst þetta vera ranglátt gagnvart honum sjálfum. Ég veit, að hann hefur margt gott gert fyrir bændastéttina í landinu, og ég er engan veginn á því, að hann yrði svo illur viðskiptis í samningum við bændur, eins og hann vill vera láta. Þó að það yrði einhver breyt. á og við skulum segja t. d., að hv. 1. þm. Vesturl. tæki við embætti hans, sem ég teldi nú einna líklegast, ef þar yrðu mannaskipti, þá mundi ég ekki síður treysta honum til þess að taka sæmilegt tillit til hagsmuna bænda og leysa þessi mál með réttlátum hætti.

En undir þann leka, að ríkisvaldið yrði óskammfeilið í þessum efnum, vil ég þó setja með því að taka það a.m.

k. til rækilegrar athugunar, hvort ekki væri rétt, undir þeim kringumstæðum að ekki næðist samkomulag við þessa ágætu fulltrúa bændastéttarinnar, bæði þá sem nú skipa sæti landbrh. og aðra, sem líklegir væru til að gera það, að það verði a. m. k. athugað, hvort heimila ætti bændum að ákveða einhliða búvöruverðið, t. d. með kvalifileruðum meiri hl. við almenna atkvgr. Og eins og ég sagði áðan, mundi ég ekki vantreysta bændum til þess að nota þann rétt hóflega. Og ef þeir brygðu út af því, held ég að ríkisvaldið hefði líka nokkur tromp á hendinni til þess að stemma stigu við því. Nei, ég held, að það liggi alveg ljóst fyrir í þessu máli, að hæstv. ríkisstj. og hæstv. landbrh. eru ekki að flytja þessar breyt. á þessum l. vegna þess, að það sé ekki í raun og veru eðlilegt, að bændur hafi fullan samningsrétt og það sé raunhæfast, að þeir semji við ríkisvaldið. Ég veit, að alveg eins og þetta er viðurkennt af samtökum bænda, er þetta áreiðanlega viðurkennt innst inni bæði af hæstv. landbrh. og öðrum, sem um þessi mál hugsa. En ástæðan er önnur. Hún er sú, að hæstv. ríkisstj. og hæstv. landbrh. eru með þessu frv. að reyna að firra sig ábyrgð, sem ríkisstj. á að réttu lagi að bera, og koma henni yfir á aðra og losna undan þeim vanda, sem þarna vissulega er á ferðum fyrir hvern, sem um þarf að fjalla. Það er verið að hlaupast frá vandanum í staðinn fyrir að taka hann á sig og ýta samtökum verkafólks fram gegn bændum og kjarakröfum þeirra. Við þetta vilja verkalýðssamtökin ekki lengur una og munu ekki una. Ríkisstj. mun fá að skipa sinn fulltrúa í það auða sæti, sem a. m. k. verður í þessari n. af hálfu A. S. Í. Ég hygg, að það sé mál, sem er algerlega gert upp í verkalýðssamtökunum, að þau ætla ekki að taka þann kaleik frá hæstv. ríkisstj. að gerast einhver skömmtunarstjóri um kjör bænda, a. m. k. ekki á meðan málum er skipað svipað og nú er. Það er svo hins vegar hinn mesti misskilningur, að með þessari afstöðu sé A. S. Í. að fara með einhverjum ófriði gegn bændum, eins og mér skildist á hæstv. landbrb. hér við 1. umr. þessa máls. Hann sagði, að það væri betra að hafa samstarf um hlutina heldur en að fara með ófriði um þessi mál. Það er vissulega rétt, en ég held, að þetta fyrirkomulag, sem nú er verið að koma upp eða endurvekja, að reyna að ýta þarna saman sem mótsettum aðilum annars vegar verkalýðssamtökunum og hins vegar bændasamtökunum, það sé einmitt til þess fallið að efla úlfúð og efna til ófriðar um þessi mál og milli þessara stétta, en á því tel ég sízt vera þörf. Ég held þvert á móti, að fullt frelsi beggja samtakanna til að semja um sín kjör við rétta aðila mundi færa þessar stéttir saman og gera þeim ljósari heldur en áður þau sameiginlegu hagsmunamál, sem þessar stéttir raunverulega hafa, en þau hagsmunamál eru vissulega mörg. Ég vil segja það undir lokin, að meðal þeirra hagsmunamála er það, að til sé tiltölulega vel sett bændastétt, sem rekur góð bú með nýjustu tækni, og slíkt sé ekki aðeins hagsmunaatriði fyrir verkalýðsstéttina, heldur fyrir alla vinnandi menn í landinu og fyrir þjóðfélagið í heild sinni. Og ég vil líka taka það fram, að ég tek ekki undir söng þeirra manna, sem álíta, að 200 millj. í útflutningsuppbótum sé vandinn, efnahagslegi vandinn í okkar þjóðfélagi. Eins og sakir standa a.m.k., meðan þær upphæðir vaxa ekki stórlega, vil ég segja það, að þeim peningum er ekki illa varið til þess að halda uppi fullri framleiðslu, nægilegri landbúnaðarframleiðslu í landinu og til þess að halda niðri raunverulegu verðlagi til neytenda í landinu.

Ég vil svo aðeins segja það til enn frekari áréttingar orðum mínum, að það hefur komið fram, eins og sést m. a. hér á bls. 16 í grg., að bændur sjálfir vilja fullan samningsrétt og hafa ekkert á móti ríkisvaldinu sem viðsemjanda. Það sýnir samþykkt fulltrúafundar Stéttarsambands bænda, sem haldinn var núna á s. l. vetri. Það styður svo enn þá afstöðu, sem ég hef til þessa máls, að slíkt kerfi, sem hér er um að ræða, er algerlega óþekkt með öðrum þjóðum og hefur ekki, svo vitað sé, verið reynt neins staðar annars staðar. En hins vegar er algengt, eins og ég áður sagði, að ríkið eigi beina aðild að samningum við bændur um búvöruverð og kjör þeirra almennt.

Að lokum vil ég svo segja það, að með þeim skamma tíma, sem er til rækilegrar athugunar á þessu máli, sem hér ræðir um, er auðvitað ekki hugsanlegt að framkvæma nú á þessu þingi þá lagasmíði, sem nauðsynleg væri, ef taka ætti hér upp nýja háttu í sambandi við meðferð þessara mála. Þess vegna legg ég til, að málinu verði vísað frá með rökstuddri dagskrá, sem felur það í sér, að ríkisstj. sé falið að undirbúa fyrir næsta reglulegt Alþ., í samráði við samtök bænda, lagafrv., sem tryggi bændastéttinni fullan samningsrétt gagnvart ríkisvaldinu um kjör sín og án nokkurra gerðardómsákvæða, en leiti hins vegar samkomulags um búvöruverðið, þangað til Alþ. hefur fjallað frekar um þetta mál að nauðsynlegum undirbúningi loknum.

Jón Þorsteinsson: Herra forseti. Í ágústmánuði s. l. sumar tilkynnti miðstjórn A. S. Í., að sambandið hefði ákveðið að draga til baka fulltrúa sinn í Sexmannanefnd, er ákveður verðlag á búvöru í landinu. Þessi ákvörðun kom mönnum yfirleitt mjög á óvart, því að A. S. Í. hafði í nærri tvo áratugi átt fulltrúa í þessari n., og það var ekki kunnugt um, að uppi væru neinar raddir innan þess um, að þessu fyrirkomulagi bæri að slíta og taka upp annað nýtt, þ. e. a. s. að semja við ríkisvaldið. A. S. Í. gerði opinbera grein fyrir afstöðu sinni í þessu máli, og þar kemur þessi grundvallarstefnubreyting fram, að neytendur eigi ekki að hafa afskipti af verðlagsmálum landbúnaðarins, heldur sé það einungis málefni ríkisvaldsins og bænda, en hvorki talið rétt né æskilegt, að verkalýðssamtökin leggi þar hönd á milli og taki á sig hlutdeild í ábyrgð á lausn verðlagsmála landbúnaðarins. Þessi kúvending meiri hl. Alþýðusambandsstjórnar á sér enga stoð í samþykktum Alþýðusambandsþinga, og ég hygg, að hún eigi lítinn hljómgrunn meðal bænda og neytenda, og hjá ríkisvaldinu hefur hin nýja stefna ekki fengið neinar undirtektir. En í þessari nýju stefnu meiri hl. Alþýðusambandsstjórnarinnar er í raun og veru kveðið svo á, að A. S. Í. telji sig ekki lengur vera einn af málsvörum neytenda í landinu. Þótt grundvallarástæðan fyrir brotthlaupi Alþýðusambandsfulltrúans úr Sexmannanefnd væri þannig nokkuð sérkennileg, hafði hún þann kost í för með sér, að óhjákvæmilegt reyndist að endurskoða lög um framleiðsluráð landbúnaðarins,

verðskráningu o. fl., þar eð Sexmannanefnd var orðin óvirk. Af þessu leiddi svo jafnframt, að á s. l. hausti varð að leysa verðlagsmál landbúnaðarins með brbl. Um það leyti, sem Alþ. kom saman í haust, skipaði hæstv. landbrh. sjö manna n. til þess að endurskoða framleiðsluráðsl. Aðilar að Sexmannanefnd tilnefndu hver um sig einn fulltrúa í n. þessa og þ. á m. A. S. Í. Þessi sjö manna n. hefur fyrir nokkru lokið störfum. Er þetta frv., sem hér liggur fyrir, að mestu leyti byggt á niðurstöðum, sem 6 af 7 nm. urðu ásáttir um, en einn nm., forseti A. S. Í., hafði algera sérstöðu. Í frv. þessu felast margar og mikilvægar breyt. á landbúnaðarlöggjöfinni, sem stefna í rétta átt. Helztu breyt. eru þessar:

1. Sexmannanefnd er gerð virk á nýjan leik og tryggt, að hún geti haldið áfram störfum, þótt einhver hlaupist á brott úr n.

2. Neitunarvald innan Sexmannanefndar afnumið og einfaldur meiri hluti látinn ráða úrslitum mála.

3. Náist ekki samkomulag innan Sexmannanefndar, skal sáttasemjari ríkisins taka deilu til meðferðar, áður en henni er vísað til úrskurðar yfirnefndar.

4. Búreikningaskrifstofa ríkisins skal árlega afla rekstrarreikninga frá bændum, er verði m. a. til afnota fyrir Sexmannanefnd.

5. Sexmannanefnd getur ákveðið, ef þrír eða fleiri nm. krefjast þess, að efna til sérstakrar rannsóknar á framleiðslu- og dreifingarkostnaði landbúnaðarvara, vinnutíma o. fl. Skylt er einstaklingum, fyrirtækjum og stofnunum að láta rannsóknarmönnum í té nauðsynlegar upplýsingar.

6. Verðlagsgrundvöllur búvöru skal frá haustinu 1967 að telja gilda í tvö ár í senn í stað eins árs eftir gildandi l.

7. Kaup bóndans skal miða við ársvinnutíma hans virtan til samræmis við kauptaxta verkamanna, iðnaðarmanna og sjómanna. Þó skal eigi taka til viðmiðunar ákvæðisvinnu verkamanna og iðnaðarmanna né aflahlut sjómanna. Er með þessu felld niður sú viðmiðunarregla, er gilt hafði í framkvæmd, að miða kaup bóndans við úrtak árstekna framantalinna atvinnustétta.

Hér að framan hef ég talið upp í 7 liðum þær meginbreytingar á búvöruverðlagslöggjöfinni, sem ég álít, að felist í þessu frv. Annars vegar miða þessar breyt. að því að taka upp nýja og betri starfshætti og efla ýmis konar rannsóknarstarfsemi, hvort tveggja í því skyni að auka líkurnar fyrir því, að samkomulag takist um búvöruverðið. Hins vegar miða breyt. að því að draga úr víxlhækkunum kaupgjalds og verðlags og spyrna þannig fæti við verðbólguþróun í landinu. Á ég þar einkum við ákvæði um lengingu gildistíma verðlagsgrundvallarins úr 1 ári í 2 ár og bannið við því að miða kaup bóndans við ákvæðisvinnukaup verkamanna og iðnaðarmanna og aflahlut sjómanna. Með þeim reglum, sem settar eru í þessu frv. um, hvernig reikna skuli út árskaup bónda á meðalbúi, er að lokum viðurkennt sjónarmið þeirra manna, sem lengi hafa haldið því fram, að það sé eigi réttmætt að hækka árstekjur bóndans vegna þess, að verkamenn og iðnaðarmenn leggja á sig lengri vinnudag en áður eða vegna þess að hlutarsjómenn hafi góðan aflahlut, sem að jafnaði er fenginn með mjög löngum vinnudegi og miklu vinnuálagi. Því hefur verið haldið fram, að verðlagsákvörðun landbúnaðarvöru miðað við bú af tiltekinni stærð, þ. e. vísitölubú eða meðalbú, sé í eðli sínu sambærileg við ákvörðun ákvæðisvinnutaxta. Bóndinn fái með þeim hætti tiltekið árskaup fyrir að framleiða ákveðið magn af mjólk, kjöti eða annarri búvöru. Þetta getur verið rétt, ef horft er á hvern einstakan bónda út af fyrir sig. T. d. getur afkastamikill bóndi á meðalbúi náð framleiðslumarkinu með færri ársvinnutímum en almennt gerist. Afkastamikill bóndi á stórbúi getur farið yfir framleiðslumark meðalbúsins á sama ársvinnustundafjölda og ætlaður er bónda á meðalbúi. Þar sem viðmiðunin er meðalbú og meðalársvinnutími, hlýtur sá bóndi, sem er mikilvirkur, að hafa að öðru jöfnu meiri árstekjur en sá, sem er seinvirkur. Frá þessum sjónarhóli séð má því segja, að verðgrundvöllur búvöru sé ákvæðisvinnugrundvöllur fyrir bóndann. En sé litið á bændastéttina í heild, horfir málið öðru vísi við. Aukin framleiðsla og stækkandi meðalbú leiðir ekki til aukinna tekna, því að árstekjur meðalbóndans eru hinar sömu, hvort sem meðalbúið er stórt eða lítið, ef ársvinnutíminn er hinn sami. Hver einn bóndi getur því aðeins bætt hag sinn, að hann auki framleiðsluna meira en nemur meðaltalsaukningunni hjá öllum bændum landsins miðað við hlutfallslegan rekstrarkostnað óbreyttan. En þeir, sem hafa minni framleiðsluaukningu eða standa í stað, dragast að sama skapi aftur úr.

Gera má ráð fyrir því, að sjávarútvegur og iðnaður muni smátt og smátt á næstu árum geta greitt launþegum í þessum atvinnugreinum hærri grunnlaun vegna vaxandi tækniþróunar og betra skipulags. Þessara launahækkana verður bændastéttin einnig aðnjótandi, þar sem kaupgjald bóndans skal á hverjum tíma miðað við laun verkamanna, iðnaðarmanna og sjómanna. Er þá komið að öðrum höfuðannmarka verðlagningarlöggjafarinnar, sem ég tel vera fyrir hendi, en eigi er bætt úr með þessu frv., en hann er sá, að aukningin á launatekjum bænda er miðuð við það, hvað sjávarútvegur og iðnaður geta látið af hendi rakna, en ekki það, hvað landbúnaðurinn sjálfur kann að verða fær um. Ég tel því, að laun bóndans ættu í framtíðinni að hækka í samræmi við þá viðmiðun eina, að tiltekinn hluti af verðmæti þeirrar framleiðsluaukningar, sem landbúnaðurinn innir af höndum án tilsvarandi hækkunar á framleiðslukostnaði, falli bændunum í skaut sem launabót. Með því móti ættu bændur launakjör sín undir sínum eigin atvinnuvegi, en ekki öðrum atvinnuvegum, en það álít ég heilbrigðast og bændum mest að skapi.

Annar höfuðannmarki þessa frv. er sá, að eigi skuli hróflað við ákvæðum l. um útflutningsuppbætur. Gildandi ákvæði um uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir voru sett á Alþ. veturinn 1959-1960. Var áætlað í fjárl. ársins 1960, að útflutningsuppbætur næmu 5 millj. kr. á því ári, en í fjárl. yfirstandandi árs er gert ráð fyrir, að þær nemi 214 millj. kr. Eru þessar bætur komnar í hámark, þ. e. a. s., þær nema þá 10% af heildarverðmæti búvöruframleiðslunnar og hrökkva eigi til, því að bændastéttin sjálf verður að taka á sig um 80 millj. kr. á ári vegna þess, að útfluttar landbúnaðarafurðir seljast ekki nema fyrir brot af framleiðslu-

kostnaðarverði. Á útfluttar mjólkurafurðir, osta, mjólkurduft og smjör, þarf að greiða yfir 300% uppbætur til þess að ná framleiðslukostnaðarverði. Þetta sýnir okkur ljóslega, að stefnan í framleiðslumálum landbúnaðarins þarf endurskoðunar við. Þjóðfélagið getur ekki til lengdar staðið undir svona miklum uppbótagreiðslum, enda verður það að teljast efnahagsleg fásinna að auka framleiðslu á vörum, sem þurfa stórfelldrar meðgjafar úr sjóði skattborgaranna. Ég lít svo á, að nauðsynlegt sé að draga úr útflutningsuppbótagreiðslunum í áföngum og stefna að því, að eigi verði greiddar hærri uppbætur en 100% á neina vörutegund. Vandinn er hins vegar sá að draga úr uppbótunum án þess að skerða kjör þeirra bænda, sem hafa lítil bú, en þeir eru tekjulægsta stétt þjóðfélagsins. Ég vil ekki halda því fram, að sá vandi sé auðleystur. Til að leysa þetta mál þarf sennilega að grípa til margvíslegra samræmdra aðgerða. Ég nefni sem dæmi að stöðva stofnun nýbýla, að styrkja smábændur til að auka sauðfjárrækt, að ríkið kaupi á viðunandi verði jarðir og byggingar á jörðum þeirra bænda, er vilja bregða búi. Einkanlega á þetta vel við um jarðir, sem eru illa í sveit settar, þar sem áframhaldandi búskapur krefðist mikilla ríkisframlaga til vegagerðar og rafvæðingar. Mönnum er að verða æ ljósara, að hér er um aðkallandi úrlausnarefni að ræða, og ég trúi því, að viðunandi lausn muni finnast á næstu árum, ef allir leggjast á eitt.

Í þessum umr. hefur komið fram, einkum af hálfu hv. 4. þm. Norðurl. e., sú skoðun, sem sett hefur verið fram af A. S. Í. nú í haust, að það séu ekki neytendur, sem eigi að semja um búvöruverðið við bændur, heldur eigi það að vera ríkisvaldið. Fulltrúi A. S. Í., sem var forseti sambandsins, hefur sett þessi sjónarmið A. S. Í. fram í þeim sértill., sem birtar eru hér í grg. með þessu frv. En þar tel ég í raun og veru, að kjarni hans till. komi fram í tölul. 3 á bls. 19, þar sem segir, að Stéttarsamband bænda fái með l. viðurkenndan óskoraðan samningsrétt fyrir hönd bænda um afurðarverð og launakjör. Síðan segir svo áfram:

„Takist samningar ekki, skal stjórn Stéttarsambands bænda leggja till. sínar um verð á framleiðslueiningu fyrir alla bændur, og skoðast till. samþ., fái hún 75% greiddra atkv., enda taki a. m. k. 50% atkvæðisbærra bænda þátt í atkvgr."

Hér hafði manni skilizt, áður en þetta birtist, að bændur ættu að fá samningsrétt við ríkið, en í raun og veru sýnist mér eftir þessu að dæma, að sá réttur, sem A. S. Í. ætlar bændum, sé miklu meira en venjulegur samningsréttur, því að þarna kemur skýrt fram, að ef samningar takast ekki, geta bændur með einfaldri atkvgr. lögfest kröfur sínar, og verða þær þá gildandi ákvörðun um verð á búvöru. Í raun og veru væri þetta hliðstætt því, að Dagsbrún hér í Reykjavík setti fram kröfur sínar og hæfi svo viðræður við Vinnuveitendasamband Íslands og þær viðræður bæru ekki árangur, þá gætu Dagsbrúnarmenn með einfaldri atkvgr. samþ. kröfur sínar og sú samþykkt Dagsbrúnarmanna gerði þessar kröfur að bindandi samningi, þannig að ég tel að eins og þetta kemur fram, sé það algert rangnefni að vera að tala um það, að ríkið hafi nokkurn samningsrétt við bændur eftir þessum till., heldur sé það aðeins minni háttar viðræðuréttur, og hafi þá bændur þetta í raun og veru allt í sínum höndum. Í grg. með þessu frv., á bls. 9, birta bændafulltrúarnir í þessari sjö manna n. rök sín fyrir því, að þeir telja sig ekki geta fallizt á það að semja við ríkisvaldið þannig að það liggur alveg ljóst fyrir, að bændur vilja semja við neytendur og hafa unað því vel undanfarna tvo áratugi. Í þessari grg. með frv. segir svo, með leyfi forseta:

Í fyrsta lagi: Ríkisstj. er ekki aðili að þeim viðskiptum, sem hér er um að ræða, heldur framleiðendur og neytendur búvöru. Í öðru lagi: Þar sem hlutverk ríkisstj. er auðvitað jöfnum höndum að gæta hagsmuna neytenda og framleiðenda, getur hún að okkar áliti ekki verið fulltrúi annars þessara aðila gagnvart hinum. Í þriðja lagi: Erfitt yrði að okkar áliti að tryggja það með löggjöf, að samningsaðstaða bænda gæti orðið svipuð því, sem nú er, þar sem við svo öflugan samningsaðila er að etja sem ríkisvaldið. Löggjöf sú, er tryggja ætti bændum slíka samningsaðstöðu, væri sett af ríkisvaldinu, framkvæmd af því og það hefði í hendi sér að breyta henni. Er því að okkar áliti hætt við, að allar ráðstafanir, sem í slíku efni ætti að gera, yrðu óraunhæfar. Í fjórða lagi getum við ekki látið hjá líða að benda á þá hættu, að miklu meiri ófriður yrði um búvöruverð en nú er, ef semja ætti um það milli ríkisstj. og bænda. Með aðild ríkisstj. að verðlagningunni væri hún dregin inn í hin almennu stjórnmálaátök, en slíkt teljum við hvorki bændum né neytendum í hag. Í fimmta lagi: Að síðustu bendum við á það, að miklu meiri líkur eru á því, að ákvæði 4. gr. framleiðsluráðsl. um það, að kaup bóndans skuli vera í samræmi við kaup annarra vinnandi stétta, megi verða raunhæf, ef fulltrúar hinna vinnandi stétta taka sjálfir þátt í því að ákvarða viðmiðunina en ef slík viðmiðun er ákveðin af ríkisstj. og bændum. Ég tel einmitt, að þarna komi fram góð og gild rök fyrir því af hálfu bænda, að þessu kerfi, sem svo lengi hefur gilt, beri í grundvallarriðum að halda áfram, þó að það þurfi að sjálfsögðu endurbóta við, eins og hér hefur komið fram í þessu frv.

Hv. 4. þm. Norðurl. e. gagnrýndi nokkuð skipun Sexmannanefndar og taldi, að það væri mjög vafasamt, að þessi stéttarsamtök, a. m. k. Sjómannafélag Reykjavíkur og Landssamband iðnaðarmanna, væru betri fulltrúar eða eðlilegri fulltrúar neytendanna í landinu en ýmis önnur samtök, og hann nefndi þar m. a. Sjómannasamband Íslands. Ég get út af fyrir sig fallizt á, að það er ákaflega mikið álitamál, hverja á að setja þarna fulltrúa neytenda, og þetta mætti bæta. Ég get vel fallizt á það, en þetta gaf mér tækifæri til að rifja það upp, að hér á Alþ. 1960 flutti ég einmitt brtt. um það, að í stað Sjómannafélags Reykjavíkur kæmi Sjómannasamband Íslands. Og ég man nú ekki betur en hv. ræðumaður greiddi atkv. á móti þeirri till. Mér þykir ánægjulegt, ef hann hefur skipt um skoðun.

Eins og ég hef rakið hér, tel ég, að öll þau meginatriði, sem felast í þessu frv., horfi til bóta, og þess vegna mun ég styðja þetta frv., þó að ég hins vegar telji, að æskilegt hefði verið, að fleiri mikilvæg atriði hefðu verið tekin til endurskoðunar um leið.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Það er aðeins eitt atriði, sem gefur mér tilefni til þess að segja hér örfá orð, eitt atriði úr ræðu hv. 4. þm. Norðurl. e.,

þegar hann ræddi um 5. gr. frv., sem er breyt. við 4. gr. framleiðsluráðsl. Hv. þm. vildi ekki skilja það, að bændur hefðu með fúsum vilja gengið inn á þessa breytingu, taldi, að í grg. mundi felast kjaraskerðing fyrir bændur. Hér við 1. umr. málsins tók ég það fram, að það væri eðlilegast að vera ekkert með fullyrðingar um það, hvort þessi gr., eins og hún nú er orðuð, yrði til hagsmuna og bóta fyrir bændur. Reynslan sker úr því. Hitt er víst, að bændur gengu inn á þetta af fúsum vilja, og ég get sagt hvers vegna þeir gerðu það. Þeir telja, að það sé lítils virði fyrir þá að miða við aflahlut sjómanna. Þeir telja, að það gæti komið sá tími, að það væri einnig lítils virði fyrir þá að miða við uppmælingartaxta iðnaðarmanna, og þeir telja, að það sé þýðingarmest fyrir þá að fá viðurkennda í verðgrundvellinum útgjaldaliði við meðalbúið, bæði hvað rekstrarvörur snertir og eins að fá viðurkenndan þann vinnutíma, sem er í meðalbúinu. Og þeir telja þess vegna mikils virði að fá það inn í l., að það skuli tekið tillit til skylduliðs og hjúa og umsaminna fríðinda. Það er þetta, sem þeir telja vera mikils virði og sérstaklega með því, að í 12. gr. frv. er gert ráð fyrir, að Búreikningaskrifstofan og Hagstofan gefi upplýsingar um það, hver hin raunverulega vinna við meðalbúið er, en í því skyni verður að efla Búreikningaskrifstofuna, og í því skyni þurfa að fara fram víðtækar athuganir og rannsóknir á því, hver vinnan er við meðalbúið. Þetta er vitanlega það sanngjarna, og þetta er það eðlilega, hvort sem hugsað er um hagsmuni neytandans eða framleiðandans. Það hefur verið togstreita um þessi atriði í Sexmannanefnd, en það hefur vantað hinn raunhæfa og skýra grundvöll til þess að byggja á. Nú er meiningin að fá þennan grundvöll í hendurnar, svo að hægt sé að láta tölurnar tala. Og þess vegna er ekki tímabært nú að fullyrða neitt um það, hvort greinin, eins og hún nú er orðuð, er sérstaklega til hagsmuna fyrir bændur með því að gera verðið á búvörunni hærra en það annars hefði orðið eða til þess að lækka það. Ég leiði alveg hjá mér að vera með nokkrar fullyrðingar í þessu efni nú. En hitt er eðlilegt, að það sé minnzt á, að nú er í verðgrundvelli búvörunnar reiknað með 21 þús. og 600 kr. sem aðkeyptri vinnu til búsins umfram það, sem bóndinn einn getur leyst af hendi. Ég vildi aðeins láta þetta koma fram, og það kemur fram í þessu frv. sú meginhugsun að ná því rétta fram og halda samstarfi áfram milli neytenda og framleiðenda. Bændur hafa gert samþykkt um það að hafa samningsrétt, og þeir telja sig hafa fengið hann með þessu. Og það er rétt, sem hv. 4. landsk. sagði hér áðan. Bændur vilja heldur semja við neytendur en við ríkisstj. Það hefur komið fram á fundum bænda, að þeir vilja ekki semja við ríkisstj. Og bændur kæra sig ekki heldur um þetta mikla frelsi, sem forseti A. S. Í. og hv. 4. þm. Norðurl. e. vilja gefa þeim, að gefa þeim fullt frelsi til þess að ákveða vöruverðið. Ef aðeins 50% af bændum taka þátt í atkvgr. og 75% af þeim, sem taka þátt í atkvgr., samþykkja verðið, skal það verð gilda. Vissulega er líkingin rétt, sem hv. 4. landsk. viðhafði hér áðan, að þetta væri það sama og að gefa verkalýðsfélögunum rétt til þess að ákveða kauptaxtann, ef ekki næst samkomulag við vinnuveitendur. Ég held, að þetta væri of mikið frelsi fyrir bændurna, og ég held, að það væri ekki heldur hollt frelsi fyrir launþegasamtökin, ef þetta ætti að fara eins og það virðist.

Ég vil svo, herra forseti, þakka meiri hl. hv. landbn. fyrir fljóta afgreiðslu á málinu. Þær breytingar, sem eru tilfærðar, eru nánast leiðréttingar og þurfa ekki skýringa við.

Ólafur Björnsson: Herra forseti. Ég átti, eins og hv. þdm. er kunnugt, sæti í n. þeirri, sem undirbjó frv. það, sem hér liggur fyrir, og var formaður n., og vil ég því nota þetta tækifæri til þess að þakka hæstv. landbrh. og enn fremur hv. 1. þm. Vesturl. (ÁB) fyrir vinsamleg ummæli í garð minn og meðnm. minna.

Þó að margt mætti um þessi mál segja, skal ég samt vegna aðstæðna hér á hv. Alþ. ekki lengja þessar umr. að neinu marki. Eins og hv. þdm. er kunnugt, náðist því miður ekki fullkomið samkomulag í n. Einn nm., hv. forseti A. S. Í., skilaði séráliti, þar sem hann gat ekki á það fallizt, að sexmannanefndarkerfið væri heppilegt fyrirkomulag þessara mála. Þó að ég álíti þær till., sem hann lagði fram, ekki raunhæfar, er ég honum samt þakklátur fyrir samstarfið í n. Það var í sjálfu sér ánægjulegt, og ég álít, að þær till., sem hann lagði fram, gefi ranga mynd af þætti hans í störfum n., því að margar skynsamlegar till. og ábendingar komu fram frá honum, og störf n. hefðu orðið risminni, ef hann hefði ekki tekið þátt í þeim. Að öðru leyti fjölyrði ég ekki um störfin í n. En það, sem ég vildi aðeins drepa á, voru tvö atriði í ræðu hv. 4. þm. Norðurl. e., sem mér fannst á nokkrum misskilningi byggð.

Hann talaði í fyrsta lagi um það, að bændur mundu verða verr settir en áður, vegna þess að þeir hefðu gengið inn á þær breytingar á 4. gr. framleiðsluráðsl., sem fyrir liggja í þessu frv., að ekki skuli miðað við aflahlut og ákvæðisvinnu. Hann tjáði sig í rauninni samþykkan því, að ekki væri miðað við aflahlutinn, og ég tek fyllilega undir það, að bændur hafa sýnt viðsýni með því að ganga inn á þá breyt. því að undanförnu hefur það verið þannig, að þessi viðmiðun við aflahlutinn hefur hækkað búvöruverðið. Annað mál er það og það hafa fulltrúar bændanna gert sér fullkomlega ljóst, að engin trygging er auðvitað fyrir því, að aflamet verði sett á hverju ári, eins og verið hefur undanfarin ár, þannig að það getur jafnt orðið þeim í óhag og í hag í framtíðinni, að við þetta sé miðað. Enn fremur hefur það sætt mikilli gagnrýni meðal almennings, að við aflahlutinn sé miðað, og þá gagnrýni má að ýmsu leyti telja eðlilega, og ég tel það fulltrúum bændanna til mikils sóma að hafa sýnt skilning á þessu máli. Hins vegar ber að gæta þess, að þegar fulltrúar bændanna ganga inn á þetta, fá þeir nokkuð í aðra hönd, sem þeir telja sér mikils virði. Af fulltrúum bændanna hefur því verið haldið fram, — ég skal ekki dæma um það, að hve miklu leyti það er rétt eða rangt, ég hef ekki kynnt mér það nægilega vel, — að vinnutími bændanna væri mjög vanmetinn í verðlagsgrundvelli búvöru. Hér fæst full viðurkenning á því, að miðað skuli við svipaðan vinnutíma, en það var einmitt eitt af deiluatriðunum í sambandi við brbl. frá síðasta hausti, að ekki væri tekið fullt tillit til vinnutímastyttingarinnar. Og hitt tel ég á misskilningi byggt hjá hv. 4. þm. Norðurl. e., að það hafi verið sérstök fórn fyrir bændurna,

að fram skuli tekið, að ekki skuli miðað við ákvæðisvinnu, því að raunin er sú, eins og líka kom fram í ræðu hv. 4. landsk., að séð frá sjónarmiði hins einstaka bónda er hér um ákvæðisvinnu að ræða. Kaup hans er miðað við samsvarandi vinnutíma hjá viðmiðunarstéttunum, en sé hann duglegur, afkastar hann meiru og fær því meira kaup. Það má segja, að frá sjónarmiði heildarinnar horfir þetta að vísu öðruvísi við, en að mínu áliti má í rauninni segja það sama um launþega, sem hafa ákvæðisvinnutaxta. Ákvæðisvinnutaxtinn er ákvarðaður eða því er a. m. k. haldið fram af launþegunum sjálfum með hliðsjón af því tímakaupi, sem gildir hverju sinni, en skapar möguleika á því fyrir hvern einstakan að velja ákvæðisvinnutaxtann og fá þannig hærra kaup, ef hann er afkastamikill. Fyrst sá háttur var tekinn upp að miða hér við sama vinnutíma, hefði það verið algerlega órökrænt að miða áfram við ákvæðisvinnu. Það var e. t. v. eðlilegt miðað við það fyrirkomulag, sem áður var, þegar launaúrtak o. s. frv. var lagt til grundvallar, en ekki eftir að þetta nýja fyrirkomulag var tekið upp. Ég tek fyllilega undir það með hæstv. landbrh., að auðvitað verður það reynslan ein, sem úr því sker, hvernig þetta dæmi kemur út. En líkurnar finnst mér fyrir fram sízt minni á því, að þetta verði bændunum í hag heldur en í óhag, og undir öllum kringumstæðum er hér um eðlilega viðmiðun að ræða.

Annað atriði í ræðu hv. 4. þm. Norðurl. e., sem ég vildi aðeins gera að umtalsefni, er það, sem kemur fram í álitsgerð hans og till. um hinn svokallaða fullkomna samningsrétt handa bændum, sem raunar er ekki nánar skilgreint, en það er talað um framleiðslustöðvunarrétt í því sambandi. Þetta var mjög ýtarlega rætt einmitt í landbn., því að einstaka raddir höfðu komið frá bændum um það, að þeir ættu að hafa heimild til þess að stöðva sölu á landbúnaðarvörum. En hér er í rauninni um að ræða mjög ósambærilegan hlut við verkfallsrétt launþega, sem m.a. stendur í sambandi við það, að bændur eru nú einu sinni atvinnurekendur með atvinnurekendaaðstöðu, en ekki launþegar og það fyrsta, sem nefna má í þessu sambandi, er að ég þekki þess yfirleitt engin dæmi, hvorki í íslenzkri löggjöf né erlendri, að þar sem ríkisvaldið fjallar um verðlagsmál, þá heimili það þeim aðila, sem það semur við um verðlag, eða þar sem það úrskurðar verðlag, framleiðslu — eða sölustöðvunarrétt. Ef þessi háttur væri upp tekinn, mundu þá ekki kjötkaupmennirnir segja: Hvers vegna fáum við ekki að stöðva vörudreifinguna, ef semst ekki við okkur um álagningu? Mundu ekki aðrir kaupmenn segja það sama, iðnrekendur o. s. frv.? Ef inn á þetta væri gengið, mundi það í rauninni gera öll verðlagsákvæði óraunhæf, en það hefur hingað til ekki verið stefna verkalýðssamtakanna að vinna að slíku.

Í öðru lagi má á það benda, að þegar um verkföll er að ræða gegn atvinnurekendum, þá er verkfallinu beint gegn gagnaðilanum, þannig að þegar stofnað er til verkfalls, veldur það atvinnurekendum sjálfum tjóni o. s. frv. Sölustöðvun af hálfu bænda mundi hins vegar algerlega bitna á þriðja aðila eða heimilum almennings.

Í þriðja lagi má á það benda, að nú er kvartað nokkuð undan því af hálfu bænda, að töluvert smygl eigi sér stað með landbúnaðarvörur, bæði með flugvélum og skipum. Hver mundu viðhorfin verða í þeim efnum, ef sala á búvörum væri stöðvuð? Er sýnilegt, hver hætta mundi af því stafa fyrir bændurna, og sá aðilinn, sem ætti þá að hjálpa þar upp á sakirnar, setja strangari gæzlu við innflutning bú vöru, væri einmitt sá aðilinn, sem framleiðslustöðvuninni væri beint gegn, eða ríkisvaldið. Hér er um algerlega vanhugsaða lausn að ræða að mínu áliti. Það hygg ég raunar, að öllum þeim, sem sæti áttu í landbn., hafi verið ljóst, því að ég minnist þess ekki, að þetta atriði sé rætt í sérálitI forseta A. S. Í.

Ég vildi að lokum aðeins minnast á útflutningsuppbæturnar. Í rauninni er ég alveg sammála hv. 4. landsk. um það, að framleiðsla búvöru til útflutnings er framleiðsla, sem þjóðfélaginu er óhagkvæm og æskilegt, að gerðar séu ráðstafanir til þess að draga úr henni. En hins vegar verðum við að gera okkur ljóst, að á því eru mörg vandkvæði. Það mál þarf allt miklu ýtarlegri athugunar en svo, að hún verði framkvæmd á mjög skömmum tíma. Í fyrsta lagi má á það benda, eins og hæstv. landbrh. vakti réttilega athygli á í framsöguræðu sinni við 1. umr. málsins, að að öllu öðru óbreyttu mundi lækkun útflutningsuppbótanna geta þýtt verulega hækkun á verðinu innanlands. Það yrði að búa svo um hnútana, að í fyrsta lagi þyrfti slíkt ekki að verða, og hins vegar má vekja athygli á því, að útflutningsuppbæturnar eiga hlutverki að gegna, nefnilega því hlutverki að tryggja, að framboð nauðsynlegrar búvöru eins og mjólkur og kjöts verði nægilegt á hverjum tíma. Vegna árferðis verða alltaf í þessu töluverðar sveiflur, þannig að í góðu árferði verður framleiðslan umfram það, sem heimamarkaður þarf, en í löku árferði minni, þannig að útflutningsuppbæturnar má þannig skoða sem eins konar iðgjald, sem neytendurnir greiða til þess að tryggja hér nægilegt framboð búvöru á hverjum tíma. Um hitt má auðvitað deila, hvort þarna eigi að miða við 10% eða eitthvað annað.

Að síðustu, þó að auðvitað beri að því að vinna, að framleiðsluafköst þjóðarbúsins séu sem mest á þessum sviðum eins og öðrum, þá má nú benda á það, eins og hv. 4. þm. Norðurl. e. raunar gerði, að hér er ekki um svo stórar upphæðir að ræða, að þjóðarbúið í rauninni falli og standi með þeim, því að allar útflutningsuppbæturnar nema nú þó ekki nema 1% af verðmæti þjóðarframleiðslunnar.

ATKVGR.
Rökstudd dagskrá á þskj. 542 felld með 17:2 atkv.
1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 588,1 samþ. með 17 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.
4.—15. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 558,2 samþ. með 17 shlj. atkv.
16. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.
17.—34. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 70. fundi í Ed., s.d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 571).
Og skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 76. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 2. umr. í Ed.

Á 77. fundi í Nd., 25. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Eins og kunnugt er, varð Sexmannanefnd óvirk á s. l. hausti, með því að A.S.Í. neitaði að tilnefna mann í n. Afleiðingin varð sú, að ríkisstj. varð að grípa til þeirra ráða að gefa út brbl., til þess að verðlag fengist á búvörur á s. l. hausti. Hv. þm. þekkja þá sögu. En um leið og þetta gerðist, lýsti ríkisstj. því yfir, að hún vildi stuðla að því, að samstarf framleiðenda og neytenda yrði endurnýjað. Í því skyni var skipuð sjö manna n., 3 fulltrúar frá bændum og 3 frá neytendum. Bændafulltrúarnir voru þeir sömu, sem höfðu átt sæti í Sexmannanefnd, en frá neytendanna hálfu var forseti A.S.Í., hv. 5. þm. Vestf., frá Landssambandi iðnaðarmanna Ottó Schopka og frá Sjómannafélagi Reykjavíkur Sæmundur Ólafsson. Sérstaklega skipaður af ríkisstj. var prófessor Ólafur Björnsson, sem var formaður n. N. hélt marga fundi um þetta mál og reyndist forusta prófessors Ólafs farsæl, og hef ég heyrt nm., ég held alla, hrósa því, að hann hafi tekið verkefnið alvarlega, og efar það enginn, að í n. var unnið vel og áhugi margra þar á því að ná samkomulagi. Niðurstaðan varð sú, að 6 nm. af 7 náðu samkomulagi að mestu leyti, áður en nál. var skilað, en svo síðar að öllu leyti. En einn nm., hv. 5. þm. Vestf., skilaði séráliti og vildi fara aðrar leiðir en meiri hl.

Álit minni hl. er prentað hér með frv. og hafa hv. þm. sennilega kynnt sér það. Hv. minni hl. vildi ekki endurreisa samstarfið milli neytenda og framleiðenda, vildi ekki, að Sexmannanefnd settist aftur á rökstóla til þess að finna út verð á búvörum. Hv. þm. segir í áliti sínu, sem hann mun vitanlega tala um hér á eftir, að hann teldi eðlilegast að tryggja bændum lágmarkskaup miðað við meðaltekjur opinberra starfsmanna. Það vantar nú í þetta að upplýsa, hvort hv. þm. á við heildartekjur opinberra starfsmanna eða bændur fái hlutfallslega sama tímakaup og opinberir starfsmenn. Það væri vitanlega fróðlegt að fá upplýsingar um það. Hv. þm. telur einnig eðlilegt, að bændur semji við ríkisstj., en ekki við fulltrúa neytenda, eins og gert hefur verið. Og hv. þm. telur einnig vel koma til greina og það skuli reyndar vera lokastig, ef ekki tekst samkomulag milli ríkisstj. og bænda, að bændur verðleggi sjálfir vöruna. Verðlagningin taki gildi, ef 50% af bændum taka þátt í atkvgr. þar um og 75% af þeim, sem þátt taka í atkvgr., samþykkja það verð, sem sett hefur verið á. Í fljótu bragði sýnist þetta vera ákaflega gott boð fyrir bændur, ef þeir mættu nú gera þetta. En ég held, að bændur kunni ekki að meta þetta ágæta tilboð og óski ekki eftir því að fá þetta frelsi. Ég held líka, að þetta væri ekki gott, hvorki fyrir bændur né þjóðfélagið, og vitanlega væri ekki hægt að gefa bændum þetta frelsi nema þá að gefa fleiri stéttum eitthvað svipað, t. d. verkalýðsfélögunum. Ef ekki næst samkomulag milli verkalýðsfélags, sem fer í kaupdeilu, og vinnuveitenda, ætti verkalýðsfélagið samkv. þessari formúlu að hafa rétt til þess að setja eigin taxta á kaupið.

Meiri hl. sjö manna n. gerði sér grein fyrir því, að þetta væri nú ekki það, sem ætti að koma. Þetta væri ekki hollt, hvorki fyrir hinar einstöku stéttir né þjóðfélagsheildina. Og meiri hl.sjö manna n. komst að þeirri niðurstöðu eftir nákvæma athugun og eftir mikil fundahöld, að það fyrirkomulag, sem hefur gilt nú í 20 ár, væri það heppilegasta, að bændurnir og neytendurnir hefðu samstarf og semdu um þessi viðkvæmu mál, sem er verðlagning búvörunnar hverju sinni, og í þau 19 skipti, sem verðlagt hefur verið samkv. þessu kerfi, hefur þó ekki nema 5 sinnum þurft að vísa verðlagningunni til yfirnefndar. Ég er samþykkur meiri hl. sjö manna n. Ég tel, að það sé farsælast, að framleiðendur og neytendur vinni saman og að verðlagning búvörunnar verði ákveðin hverju sinni með þeim hætti, að það sé sem mest í samkomulagsátt, og það er áreiðanlega hvorki bændum né neytendum til hagnaðar, að verðlagningin fari fram með hávaða og án samkomulags.

Ríkisstj. er ekki rétti aðilinn til þess að semja við bændur, og kemur það fram hér í grg. frá meiri hl. sjö manna n., að ríkisstj. er vitanlega sá aðili, sem á að bera hagsmuni beggja jafnt fyrir augum, framleiðenda og neytenda. Ríkisstj. getur ekki fylgt einhliða öðrum aðilanum. Af því leiðir, að hún getur ekki verið samningsaðili með öðrum aðilanum gegn hinum, af því að það er skylda ríkisstj. að hugsa jafnt um báða aðilana.

Það er ekki ástæða til að gera minnihlutaálitið að umtalsefni að þessu sinni, þar sem hv. 5. þm. Vestf., forseti A.S.Í., á sæti hér í þessari hv. d. og gerir vitanlega grein fyrir málinu hér á eftir. Sæmundur Ólafsson átti í fyrstu ekki að fullu samleið með meiri hl. Hann gerði aths. við 4. gr. framleiðsluráðslaganna, sem er viðmiðunin við verðlagninguna, og 12. gr. laganna, í sambandi við ákvæðið um útflutningsuppbæturnar. Um 12. gr. framleiðsluráðslaganna er ekkert í þessu frv. og varð samkomulag um, að það skyldi ekki vera. Seinna, eftir að n. hafði skilað áliti, varð samkomulag á milli Sæmundar og hinna fimm manna í sjö manna n. um það, hvernig 4. gr. framleiðsluráðslaganna skyldi orðuð. Frv. er þess vegna byggt á samkomulagi 6 nm. af 7, og ríkisstj. hefur einnig orðið ásátt um frv. í þeirri mynd, sem það er.

Það er því rétt að gera stutta grein fyrir því, í hverju breyt. frv. eru fólgnar aðallega. Þær virðast ekki vera fyrirferðarmiklar, en þeir, sem gerst mega vita og mest hafa um þetta hugsað, telja, að þær séu til bóta. Samkv. 3. gr. frv. er breyt. við 2. gr. l. um það, að nú skuli heimilt að taka verðmiðlunargjald af innveginni mjólk, en samkv. l. er aðeins heimilt að taka verðmiðlunargjald af seldri mjólk. Framleiðsluráðið hefur óskað eftir þessari breyt. Þá er og gert ráð fyrir því, að heimilt sé að hafa breytilegt útborgunarverð á vissum árstímum, eftir því sem ástæða þykir til, en breyt., sem hér er gert ráð fyrir, að gerð verði í sambandi við mjólkina, er í samræmi við það, sem gildir um kjötið, því að samkv. framleiðsluráðslögunum er heimilt að taka verðmiðlunargjald af innvegnu kjöti. Breyt. þessi er gerð vegna óska framleiðsluráðsins.

Þá er 5. gr. frv., þ.e. við 4. gr. framleiðsluráðslaganna, eins og hún var orðuð, eftir að Sæmundur Ólafsson og

meiri hl. n. komu sér endanlega saman um hana, en samkv. 5. gr. frv. er gert ráð fyrir því, að bændur beri úr býtum ekki minna en iðnaðarmenn, sjómenn og verkamenn, en þó skuli ekki miða við aflahlut sjómanna eða uppmælingataxta. Þá verður gert ráð fyrir því, að tekið skuli tillit til samningsbundinna fríðinda, þegar miðað er við kjör bænda. Nú gætu ýmsir haldið, að það væri stórfórn fyrir bændur, að ekki skuli lengur miða við aflahlut sjómanna eða uppmælingartaxta. Um það ætla ég ekkert að fullyrða á þessu stigi. Ég hygg, að um það sé ákaflega erfitt að dæma. Það má segja, að þegar aflahlutur sjómanna er mjög mikill, t. d. miklar síldveiðar, hafi það áhrif í verðhækkunarátt á búvöruna, en ef aflinn minnkaði og aflahluturinn yrði nú ekki eins stór og kannske lítill, hlyti það einnig að hafa áhrif til lækkunar á búvöruna. Sama máli gegnir vitanlega með ákvæðisvinnu eða uppmælingartaxta. Meðan atvinnan er mikil, gæti þetta haft áhrif til hækkunar á búvörunni. Ef dregi úr atvinnu, gæti vel verið, að það verkaði öfugt. Ég fyrir mitt leyti hef alveg sleppt þessu sjónarmiði og tel, að þarna eigi hvorki að taka áhættu né hagnaðarvon. Það sé óeðlilegt að miða við aflahlut sjómanna, hvort sem hann er stór eða lítill, og það sé í þessu tilfelli einnig óeðlilegt að miða við uppmælingartaxta. Það sé miklu eðlilegra að miða við gildandi tímakaup á hverjum tíma, og það er það, sem á að gera samkv. gr., eins og hún er nú orðuð. Bændur hafa haldið því fram, að þeir hafi ekki fengið viðurkennda alla þá vinnu, sem lögð er fram og verður að leggja fram við meðalbú. Hvort það er á rökum byggt hjá bændum, skal ég ekkert fullyrða um, en þeir hafa haldið því fram, að vinna eiginkonu og skylduliðs og aðkeypt vinna hafi ekki verið tekin til greina að undanförnu nema að sáralitlu leyti. Það er ekki mitt að dæma um það, hvort þeir hafa endilega rétt fyrir sér eða neytendurnir. En nú er meiningin að leggja á borðið gögn, sem sýna, hvað er rétt í þessu efni og með því að efla Búreikningaskrifstofuna og fá nægilega marga rétt reiknaða búreikninga til viðmiðunar, auk aðstoðar Hagstofunnar, á að vera hægt að finna út nákvæmlega, hver er eðlileg vinna við meðalbúið, hvað það eru margar vinnustundir á ári, sem þarf að leggja fram við meðalbúið. Þær vinnustundir eiga bændur að fá reiknaðar inn í verðgrundvöllinn. Erlendis er víða reiknað út, hversu margar vinnustundir þarf á hvern grip yfir árið, hvað þarf margar vinnustundir yfir árið á eina kú, eina kind, eitt svín o.s.frv. Og þessa viðmiðun verður að finna. Og það gerist með því að lögfesta 5. og 12. gr. frv., sem kveða svo á, að Sexmannanefnd eða aðilar úr Sexmannanefnd geti krafizt allra gagna, sem nauðsynleg eru talin til þess að fá þetta upplýst, og með því að efla Búreikningaskrifstofuna og fá nægilega marga búreikninga. Þá á ekki lengur að þurfa að vera að þræta um þessi mál, heldur eiga tölurnar að geta talað og sýnt, hvað rétt er í þessu efni. Og bændur hafa einnig sagt, að þeir hafi ekki fengið inn í verðgrundvöllinn nægilega mikið tillit tekið til kostnaðar við rekstrarvörur og önnur útgjöld, sem meðalbúi tilheyra, en ég tel, að það sé alls ekki tímabært nú, á meðan nægileg gögn liggja ekki fyrir, að vera að þrátta um það, hvort bændur hafi rétt fyrir sér eða rangt. Það sem skiptir máli, er að upplýsa, hvað er rétt í þessu, og það gerist með því að afla gagna og leggja þau á borðið. Og ég er alveg sannfærður um það, að bæði bændur og neytendur sætta sig við þann dóm, sem verður upp kveðinn, eftir að þessi gögn hafa verið fram lögð, því að það er sem betur fer engin þræta um það, að bændum beri að hafa í tekjur ekki minna en viðmiðunarstéttirnar, og það næst ekki nema tekin séu til greina eðlileg og rétt útgjöld við meðalbúið, bæði vinnulaun og annar rekstrarkostnaður.

Þetta er sú breyt., sem gerð verður á 4. gr. framleiðsluráðslaganna, og verður að segja, að greinin er skýrari eins og hún er núna í lögunum, og það er mín ætlan, að það verði hægara að vinna eftir lögunum eftir að þessi breyt. er fengin, ekki sízt með tilliti til þess, að 12. gr. frv. og 8. gr. l. verður breytt til samræmis við 4. gr.

Þá er það 6. gr. frv. eða 5. gr. l. Það er gerð breyt. á henni til þess að tryggja það, að Sexmannanefnd verði hverju sinni starfshæf, þótt einhver aðili, sem rétt hefur til þess að tilnefna mann í n., skorist undan því, og er það vitanlega mikið atriði, og ef þetta ákvæði hefði verið í lögunum á s. l. hausti, hefði ekki komið til þeirra erfiðleika, sem við var að etja þá í sambandi við verðlagninguna.

8. gr. frv. felur í sér það nýmæli, að þar er gert ráð fyrir því, að kaupmannasamtökin eigi fulltrúa á fundum, þegar rætt er um álagningu á búvöru í smásölu. Kaupmannasamtökin óskuðu eftir því að eiga fulltrúa í verðlagsnefnd og hafa atkvæðisrétt um álagninguna, en það þótti ekki fært. Hins vegar er komið til móts við þau með því, að þeim er gefinn kostur á að sitja fundi, þegar um þetta er rætt, og hafa fulltrúar þeirra málfrelsi og tillögurétt á fundunum.

Þá er það 9. gr. frv. Þar er nánar kveðið á um, hvernig skuli fara með málin, ef ekki verður samkomulag í Sexmannanefnd. Náist ekki samkomulag í Sexmannanefnd, er gert ráð fyrir, að málinu verði vísað til sáttasemjara, sem hefur málið til meðferðar á hverjum tíma. Gefist hann upp við málið, þá verður því vísað til yfirnefndar, sem er skipuð þannig, að hvor nefndarhluti tilnefnir mann, þó ekki úr Sexmannanefnd og hæstiréttur skipar formann yfirnefndarinnar. Vilji nefndaraðilar hins vegar ekki skipa menn í n., þá er gert ráð fyrir því, að landbrh. skipi mann fyrir hönd framleiðenda og félmrh. fyrir hönd neytenda, alveg eins og þegar um það er að ræða að skipa fulltrúa í Sexmannanefnd, ef aðilar vilja ekki nota sinn rétt.

Þá er gert ráð fyrir samkv. 11. gr. frv., að frá árinu 1967 gildi verðgrundvöllurinn í tvö ár í staðinn fyrir eitt ár, ef semst um hann, og er það vitanlega til bóta.

12. gr. frv. kveður á um það að efla Búreikningaskrifstofuna og að Sexmannanefnd eða hluti af Sexmannanefnd geti óskað eftir gögnum, sem til þarf, og leggur undirstöðuna að því, að þeirra gagna verði aflað, sem nauðsynleg eru.

16. gr. frv. er ekki samin samkv. áliti meiri hl. sjö manna n., heldur í rn., en hún fjallar um veitingu sláturleyfa, og var henni breytt til þess að gera framkvæmdina auðveldari, og var breyt. borin undir Framleiðsluráð eða fulltrúa Framleiðsluráðs, sem voru henni samþykkir.

Þetta eru þær höfuðbreytingar á framleiðsluráðslög-

unum, sem í frv. felast, og verði þetta frv. lögfest, sem ástæða er til þess að ætla eftir þeim viðtökum, sem það fékk í Ed., og þar sem ríkisstj. stendur að því og sex fulltrúar af sjö úr sjö manna nefnd, þá er, eins og ég áðan sagði, enginn vafi á því, að stór bót er ráðin á ýmsum þeim ágöllum, sem á framleiðsluráðslögunum eru, og tryggt, að lögin eru framkvæmanleg á hverjum tíma, þótt einhverjir aðilar vilji ekki nota rétt sinn.

Þá er og ein breyt. hér, sem ég hef ekki minnzt á, og hún er sú, að áður þurftu allir í Sexmannanefnd að vera sammála til þess að verð tæki gildi, hver einn maður hafði neitunarvald, en nú hefur þetta neitunarvald verið afnumið, þannig að ef meiri hlutinn samþykkir verðið, nægir það.

Ég tel ekki ástæðu til að ræða um 12. gr. framleiðsluráðslaganna, útflutningsuppbæturnar, þar sem ekkert er um hana í þessu frv. Það er mál út af fyrir sig, og ýmsir líta misjöfnum augum á það, en ég tel aðeins rétt að benda á, að það er ekki unnt að ná því, sem til er ætlazt með framleiðsluráðslögunum, nema að heimila útflutningsuppbætur, a. m. k. að vissu marki, því að annars yrðu bændur að hafa leyfi til að hækka framleiðsluna á innlendum markaði og gera á þann hátt tilraun til að ná upp þeim halla, sem á útflutningnum verður, og það hefur nú verið reiknað út, að til þess að það mætti takast og þá miðað við það, að salan innanlands minnkaði ekki, þyrfti að hækka vöruna innanlands um 24.6%. En vegna þess að hætt er við, að þá minnkaði salan innanlands, og þetta dæmi stæðist þess vegna ekki og að bændur gripu þá jafnvel til þess að hækka enn þá meira þá vöru, sem örugglega selst, mundi það hafa enn alvarlegri áhrif á efnahagskerfið og ríkissjóður þá verða að borga í öðru en útflutningsuppbótum þá upphæð, sem gengur nú til útflutningsuppbóta. En þetta mál er nú ekki beint á dagskrá í sambandi við þetta frv., þar sem gert er ráð fyrir, að 12. gr. framleiðsluráðslaganna verði óbreytt, og því ekki ástæða til þess að fara nánar út í það.

Ég vil að endingu lýsa ánægju minni yfir því, að 6 menn af 7 í n. komu sér saman um þær till., sem þetta frv. er byggt á, og ég tel, að það samkomulag horfi til heilla.

Herra forseti. Ég tel ekki ástæðu til að fjölyrða meir um málið að svo stöddu, en vil leggja til, að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. landbn. að lokinni þessari umr.

Ágúst Þorvaldsson: Herra forseti. Þetta eru nú aðeins örfá orð. Ég vil aðeins láta það koma fram núna þegar við þessa 1. umr. um þetta mál, að ég tel stefnt í rétta átt með þessu frv. Ég hef alltaf álitið, að bændur og neytendur eigi að reyna til þrautar samkomulag um afurðaverðið og ef slíkt samkomulag næst ekki, þá eigi með aðstoð hlutlauss aðila að reyna að ná samkomulagi, eins og gert er nú ráð fyrir í þessu frv. Takist slíkt ekki, kemur til kasta yfirnefndar að fella úrskurð, eins og var samkv. eldri lögum, þar sem báðir aðilar eiga fulltrúa, en hlutlaus oddamaður sker úr. Með frv. er búið svo um hnútana, að yfirnefnd verður ekki óvirk, þó að annar hvor aðili neiti að tilnefna mann í hana. Sexmannanefnd og yfirnefnd verða hvorug óvirk vegna þeirra ákvæða, sem nú eru ný í þessu frv.

Ég skal láta það í ljós, að mér finnst til stórbóta, að neitunarvald er afnumið í Sexmannanefnd og tel, að meiri líkur verði þá fyrir því, að n. leggi sig fram um það að ná samkomulagi.

Í 5. gr. eru viðmiðunarákvæði um kaup bóndans, eins og hæstv. landbrh. rakti hér nokkuð, og eru þau nú eins og áður miðuð við verkamenn, sjómenn og iðnaðarmenn. Þessi viðmiðunarákvæði eru ekki nú fremur en áður fullkomlega skýr, svo að um þetta verður á hverjum tíma hér eftir sem hingað til að reyna á samkomulagsvilja og sanngirni aðilanna. En ef slíkt samkomulag næst ekki, kemur til úrskurðar yfirnefndar um þetta.

Ég get tekið undir það, sem hæstv. landbrh. sagði um ýmis ákvæði þarna í þessari gr. um viðmiðunarákvæðin. Ég tel í raun og veru eðlilegast að miða við það kaupgjald, sem gildir á hverjum tíma fyrir þær stéttir, sem miðað er við, og hef út af fyrir sig ekkert að athuga við þá breyt., sem þarna hefur verið gerð.

Þegar verið var snemma í vetur að knýja brbl. frá síðasta sumri um landbúnaðarverðið hér í gegnum þessa hv. þd., þá mótmælti ég þeim brbl. fyrst og fremst á þeim grundvelli, að réttur bænda til íhlutunar um sín kjör var með þeim enginn gerður. Ég benti þá á það, að ég vonaðist eftir því, að sú sjö manna n., sem hæstv. landbrh. skipaði í þetta mál, mundi ná samkomulagi og þess vegna væri engin ástæða til þess að knýja brbl. í gegn. Það var hyggilegt, eins og síðar var gert, að láta afgreiðslu þeirra bíða í Ed., og nú er þetta frv. komið fram og búið að ganga gegnum þá hv. d. Æskilegast hefði auðvitað verið, að allir nm. í sjö manna n. hefðu getað orðið sammála en eins og þegar er búið að lýsa og áður var kunnugt, þá er fulltrúi A. S. Í., sem í n. fjallaði um þetta mál, hv. 5. þm. Vestf. (HV), með sérstöðu í málinu og leggur sennilega fram sérálit hér.

Mér dettur nú ekki í hug að ætla það, þó að ég geti fallizt á þær breyt., sem gerðar hafa verið, og sé þeim í raun og veru samþykkur, að þetta mál sé með þessu frv. leyst í eitt skipti fyrir öll og að það megi ekki um það bæta á ýmsan hátt síðar, eftir því sem reynslan kennir. Ég geri ráð fyrir, að það sé almennt álit manna, að þessi lausn sé tímabundin. Höfuðatriðið, fyrir mér a. m. k., í þessu máli er, að með þessu er fullur réttur bænda aftur tekinn til greina og þeim fenginn hann og fengin sú aðild, sem ég tel, að þeim beri til þess að fjalla um sín kjaramál, eins og almennt er viðurkennt að hverri stétt manna og hverjum einstaklingi beri og er auðvitað einn þátturinn í almennum mannréttindum. Þetta er fyrir mér höfuðatriðið í sambandi við þetta mál og eins og ég hef þegar lýst, mun ég styðja framgang þessa frv. hér, fyrst þessi réttur er fyllilega til greina tekinn.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Þessi mál, verðlagsmál landbúnaðarins, voru allmikið rædd hér í hv. þd. á s. l. hausti í sambandi við brbl.-frv., sem hæstv. landbrh. gaf út um þau mál á s. l. hausti, þegar samstarf hafði rofnað í Sexmannanefnd við það, að miðstjórn A.S.Í. hafði afturkallað umboð fulltrúa síns í Sexmannanefnd. Við þær umr. kom skýrt í ljós, að ég er andvígur þessu kerfi, þessu verðlagningarkerfi á landbúnaðarafurðum og tel það meingallað á margan hátt og hvorki þjóna hagsmunum bænda né neytenda. En

þetta er ekki aðeins mín persónulega skoðun, heldur byggðist afstaða alþýðusambandsstjórnarinnar á samhljóða skoðun miðstjórnarinnar, 6 manna af 9 í miðstjórninni, og sú afstaða var rækilega rökstudd af miðstjórninni í þeirri ályktun, sem gerð var þar um málið, og skal ég víkja örlítið að því síðar.

En í því hléi, sem varð á störfum Alþ. um jólin, skipaði hæstv. landbrh. sjö manna n. til að vinna að endurskoðun l. um framleiðsluráð landbúnaðarins o.fl., og þessi n. hélt rúmlega 40 fundi og ræddi þessi mál. Það ríkti góður samstarfsandi í þessari n., þrátt fyrir það þó að öllum meðnm. mínum væri ljóst nokkurn veginn í upphafi nefndarstarfs, að ég væri í grundvallaratriðum andvígur þeirra skoðunum, því að það kom fljótt í ljós, þrátt fyrir allt tal fulltrúa bænda á Alþ. og utan Alþ. um það, að þeir hörmuðu alveg sérstaklega að hafa verið sviptir samningsrétti um sín mál, að þeir voru alls ekki á því að vilja samningsrétt um sín mál. Þeir vildu gamla kerfið aftur og ekkert annað, og mér var það fyllilega ljóst, að það var ein meginbreyting, sem þeir vildu gera á þessari löggjöf, og hún var sú að gera sexmannanefndarkerfið ódauðlegt, koma í veg fyrir, að það gæti orðið bráðkvatt eins og það hafði orðið tvisvar sinnum. Og í raun og veru þarf ekki að fjölyrða um það. Það er meginmunurinn, sem er á þessu frv. bornu saman við gildandi löggjöf um Framleiðsluráð landbúnaðarins o. fl.

Þó að ég gæti ekki orðið samferða meðnm. mínum, er ég þeim þakklátur fyrir samstarfið. Það fór fram hið prýðilegasta, fór vel á með okkur. Hefði kannske mátt segja, að þegar ljóst var, að ég átti enga samleið með þeim um endurskoðun laganna á grundvelli þessa kerfis, sem hrunið hafði í rúst, og gaf þannig frjálsar hendur um algerlega nýja endurskoðun á lagasetningu um verðlagningu landbúnaðarafurðanna, þá hefði kannske ekki verið óeðlilegt, að ég hefði látið leiðir skilja og hætt störfum í n., en það taldi ég þó ekki rétt að gera, heldur tók þátt í allri endurskoðun l. með þeim og átti uppástungur um ýmislegt, sem mér fannst betur mega fara í frv. að öðru leyti, og tók sem sé þátt í að afgreiða fjöldamargar breytingar, smávægilegar, sem gerðar voru á frv. og ég tel nú allar vera til bóta, að meginbreytingunni undanskilinni, sem er um það að viðhalda kerfinu áfram.

Þetta frv. er í öllum aðalatriðum flutt á grundvelli þeirra till., sem meiri hl. n. skilaði frá sér til ráðh., fimm eða sex nm., Sæmundur Ólafsson var ekki alveg sammála meiri hl. Hann gerði tvær brtt., sem hann lagði mjög mikið upp úr að fengju fram að ganga, og eru þær till. prentaðar hér með þessu frv., en í meginatriðum var hann að öðru leyti samþykkur fimmmenningunum, sem að öllu leyti stóðu að endurflutningi frv. eða að sameiginlegum till., sem frv. er byggt á. Ég taldi hins vegar, að ég ætti ekki samleið, þar sem okkur skildi á í grundvallaratriðum, og skilaði því séráliti, og er það sérálit mitt prentað í heild með frv., sem hér er til umr., og er það birt á bls. 14—19 aftan við frv.

Frv. var svo lagt fram í hv. Ed. og hefur fengið afgreiðslu þaðan, ég held án breytinga. Þar lagði fulltrúi Alþb., Björn Jónsson, hv. 4. þm. Norðurl. e., til, að málinu yrði vísað frá með rökstuddri dagskrá, þar sem hann taldi í rauninni sjálfsagt, að þetta mál yrði sent til umsagnar Stéttarsambandi bænda, og að bændastéttin fengi þannig um það að fjalla, áður en þessi löggjöf væri sett á ný. Þetta er vissulega réttmæt ósk, sökum þess að aukaþing Stéttarsambands bænda kom saman meðan sjö manna nefndin var starfandi og gerði samþykkt um þetta mál, kom raunar, að ég held, eingöngu saman til þess að fjalla um þetta mál, og upphaf þeirrar ályktunar var á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Aukafundur Stéttarsambands bænda, haldinn í Reykjavík 14. og 15. des. 1965, leggur áherzlu á það, að við væntanlegar breytingar á löggjöfinni um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun, sölu á landbúnaðarafurðum o. fl. verði bændum tryggður að fullu samningsréttur um kjör sín, og felur fundurinn fulltrúum sínum í sjö manna nefnd ríkisstj. að athuga jöfnum höndum möguleika á samningum um verðlagsmálin við fulltrúa frá ríkisstj. sem og fulltrúa frá öðrum aðilum."

Fullan óskoraðan samningsrétt vilja þeir hafa og vilja, að ekki séu síður athugaðir möguleikar á samningum um verðlagsmálin við fulltrúa frá ríkisstj. en fulltrúa frá öðrum aðilum. Og þar sem það var ný leið, sem var verið að benda á og þeir leggja áherzlu á einmitt í upphafi ályktunar sinnar, tel ég, að þeir hafi fyrst og fremst tjáð sig um það, að þeir vildu fá samningsrétt gagnvart ríkisvaldinu.

Þegar ég sem fulltrúi stéttar í sjö manna nefndinni, sem hefur fullan samningsrétt um kjaramál sín, bauð upp á það, átti ég þess von í samræmi við upphaf þessarar ályktunar á aukafundi Stéttarsambands bænda, að sú till. fengi undirtektir af þeirra hendi. Ég gekk meira að segja svo langt, að ég sagði: Ég er fulltrúi fyrir stétt, sem hefur fullkominn samningsrétt um launakjör sín og verkfallsrétt einnig, og ég get því ekki annað en verið reiðubúinn til þess, að bændastéttin fái einnig fullkominn samningsrétt um launakjör sín og framleiðslustöðvunarrétt, sem jafngildi verkfallsrétti verkamanna. En þegar til stykkisins kom, vildu þessir fulltrúar bænda, sem sæti áttu í sjö manna nefndinni, þrátt fyrir áskorun aukaþings Stéttarsambands bænda ekki fallast á þessi tilboð, heldur vildu fá sína endurreistu Sexmannanefnd á ný. Það er sem sé niðurstaðan, að aðrir fulltrúar n. en ég lögðu áherzlu á það, að sexmannanefndarkerfið yrði endurvakið á ný.

Það er svo meginbreytingin á því sexmannanefndarkerfi, sem nú skal hefja störf á grundvelli þessa frv., að fari svo, að annar hvor aðilinn, annaðhvort framleiðendur eða neytendur, noti ekki þann rétt að tilnefna menn í Sexmannanefnd, þá skuli ráðh. tilnefna mann í staðinn. Ef samtök framleiðenda notfæra sér ekki rétt sinn til tilnefningar, þá skuli landbrh. tilnefna menn í staðinn, en séu það samtök neytenda, sem ekki tilnefna einhverja af sínum fulltrúum, skuli félmrh. hlaupa í skarðið og tilnefna menn í staðinn í Sexmannanefnd. Þetta er meginbreyt.,en ég hlýt að vekja athygli á því, að ef svo færi, að tilnefningar yrðu af hendi ráðh., ja, þá er kerfið orðið gjörbreytt að eðli til. Þá er því ekki lengur upp stillt fyrir hönd neytenda- og framleiðendafulltrúa. Þá er það orðið það, sem það í raun og veru alltaf hefur verið, eða a. m. k. að meira leyti en áður, þá er það orðið ríkisapparat, ódulbúið ríkisapparat, og að því leyti er það nú skárra. Ég kann illa við það, að í raun og veru sé

þetta ríkisapparat, en látið heita að vera byggt upp á fulltrúaaðild frá framleiðendum og neytendum, því að vitað er, að það hefur alltaf verið til „syvende og sidst" ríkisvaldið, sem hefur getað ráðið úrslitum um verðlagningu landbúnaðarafurðanna upp frá þeirri stundu, sem nokkur ágreiningur var orðinn um málin.

Nú er bezt að taka það fram, eins og það var tekið fram skýrt í sjö manna nefndinni af mér, ekki aðeins persónulega, heldur í fullu umboði miðstjórnar A.S.Í., að ef til þess kæmi, að sjö manna nefndin staðnæmdist aftur við það að tilnefna A. S. Í. sem aðila að sexmannanefndarkerfinu, þá var því lýst yfir af minni hendi í n., að sá réttur yrði ekki notaður, og það væri því alveg tilgangslaust, eins og nú stæðu sakir, að tilnefna A.S.Í. þarna sem aðila. Þeir, sem vildu hnoða saman sexmannanefndarkerfi á líkum grundvelli og þessum, yrðu að finna annan aðila, nema því aðeins að þeir teldu æskilegt, að það yrði ríkis- eða ráðherratilnefning og það væri það, sem þeir vildu heldur.

Þrátt fyrir þessi mótmæli mín í sjö manna nefnd var A.S.Í. tilnefnt sem einn af þeim þremur aðilum, sem skyldu eiga rétt á að tilnefna menn í Sexmannanefnd. Þetta tel ég óviðurkvæmilegt með öllu. Þegar einn aðili hefur látið í ljós þann vilja sinn að hafa ekki ákveðin réttindi, á ekki að þröngva þeim upp á hann.

Alþýðublaðið var svo elskulegt fyrir nokkru að segja, að sexmannanefndarkerfinu hefði verið hrundið vegna duttlunga forseta A.S.Í. Þetta hefði kannske verið hægt að segja, ef ekki hefði legið fyrir neitt annað en bara samþykkt frá miðstjórn A.S.Í. um, að Alþýðusambandið vildi ekkert með það hafa að vera í Sexmannanefnd og hefði ekki rökstutt sitt mál á nokkurn hátt, en það er ekkert um það að ræða. A.S.Í. rökstuddi ræki-lega mál sitt og gerði opinberlega grein fyrir þeim ástæðum, sem til þess lægju, að nú væri svo komið, að það vildi ekki lengur eiga aðild að sexmannanefndarkerfinu.

Meginröksemdir miðstjórnar A. S. Í. fyrir því, að ekki væri lengur tímabært fyrir A. S. Í. að eiga þarna aðild að, voru þessar:

1. Stöðug hækkun á verðlagi landbúnaðarafurða er að mestu leyti bein afleiðing af verðbólgustefnu stjórnarvalda, og á þá þróun getur Sexmannanefnd engin áhrif haft með starfi sínu. Þess vegna er, þegar af þessari ástæðu tilgangslaust að vera þátttakandi í sexmannanefndarkerfinu.

2. Högum bænda er nú svo komið, að því fer víðs fjarri, að unnt sé á réttlátan hátt að leysa ýmis brýnustu vandamál þeirra, sízt af öllu hinna smærri bænda, með verðlagningu landbúnaðarvara einni saman, en Sexmannanefnd hefur ekkert vald til að fjalla um stefnuna í landbúnaðarmálum í heild. Af þeirri ástæðu er einnig tilgangslaust fyrir okkur að taka þátt í Sexmannanefnd, af því að við teljum það allt of þröngt svið til þess að hafa áhrif á hagsmunamál bændanna.

3. Munurinn á verði því, sem bændur fá fyrir framleiðsluvörur sínar, og því, sem neytendur verða að greiða, er svo stórkostlegur, að ógerlegt er fyrir fulltrúa neytenda að bera ábyrgð á söluverði landbúnaðarvara, nema rannsakað sé ofan í kjölinn, hvernig þessi verðmismunur verður til. Það var því rík krafa A. S. Í., að ýtarleg og hlutlaus rannsókn yrði látin fara fram á öllu vinnslu- og sölu- og dreifingarkerfi landbúnaðarvara og það sérstaklega kannað, hve mikill hluti þessa mismunar stafaði af fjárfestingarframkvæmdum milliliða og hvað af beinum og óhjákvæmilegum sölu- og dreifingarkostnaði.

Það var tekið vel undir það í sjö manna nefndinni að setja slíka rannsókn í gang, en þeir voru á því allir meðnm. mínir, og ég hygg það rétt vera, að sá tími, sem n. hefði til umráða, væri svo stuttur, að það yrði ekki komizt til botns í rannsókn á þessu á þeim skamma tíma. Í þetta var þó settur maður, en hann sagði: Það er hægt að fara í reikninga þessara milliliðafyrirtækja, sem annast dreifingu og sölu, það er geysilega mikið verk og af reikningunum einum er ógerlegt að komast til botns í þessu máli.

Það var því útilokað með öllu, meðan n. starfaði, að fá þann verðmismun, sem verður frá því að framleiðsluvaran fer úr hendi bóndans og þangað til hún er komin á borð neytandans, að fá það rannsakað, hvernig sá verðmismunur yrði til og er óleyst enn með mörgu öðru.

Í fjórða lagi sagði miðstjórn A.S.Í.: Undir sexmannanefndarkerfinu er því alls ekki til að dreifa, að framleiðendur eða neytendur hafi úrslitaáhrif á verðákvörðun landbúnaðarvara. Í þeim efnum ræður ríkisvaldið úrslitum. Í verðlagsmálum á því ríkisvaldið eðli málsins samkvæmt að bera fulla ábyrgð gagnvart bændastéttinni.

Mér virðast öll þessi rök sýna berlega, að það er hvorki rétt né eðlilegt, að A. S. Í. sé eða verði áfram aðili að hinu margnefnda sexmannanefndarkerfi. En auk alls annars er svo þetta kerfi byggt á augljósri hugsanavillu. Bændum er skipað annars vegar, verkalýðssamtökunum hins vegar sem umboðsaðila andstæðra hagsmuna, sem skuli sitja hinum megin við samningaborð og þrúkka um verðið, sem á að móta lífskjör bændanna. Þetta er rangt með öllu. Hagsmunir verkamanna og bænda eiga að flestu leyti samleið. Hið rétta í þessu er, ef maður vill leggja málið skýrt upp fyrir sér, að annars vegar er framleiðslustéttin, bændurnir, og hins vegar þjóðin öll sem neytendur, ekkert fremur þeir, sem eru í verkalýðssamtökunum, heldur en aðrir. Annars vegar framleiðslustéttin, bændur, segi ég, hins vegar þjóðin öll sem neytendur. Og fyrir hana er enginn sjálfsagðari aðili til en ríkisstj. á hverjum tíma, hvort sem okkur finnst hún góð eða ill, og ég verð að segja það, að það mælir sízt gegn ríkisstj. sem samningsaðila gagnvart bændum, þótt henni sé jafnframt skylt að gæta hagsmuna framleiðslustéttanna, en vissulega ber henni að gera það, ef hún væri þarna í forsvari gagnvart bændastéttinni. Hún hlyti að taka tillit til hagsmuna allra neytenda, allrar þjóðarinnar sem neytenda, og henni bæri einnig að taka tillit til framleiðslustéttanna, því að vissulega snertir verðið á landbúnaðarvörum kaupgjaldsmálin, það snertir hvern einasta atvinnurekstur í landinu. Fyrir það á hún að verða sanngjarnari samningsaðili gagnvart bændum, og finnst mér rök hæstv. landbrh. fyrir því, að ríkisstj. geti alls ekki verið samningsaðili gagnvart bændum, alveg hrynja við þetta, þegar maður lítur á málið eðlilega. Það er enginn aðili sjálfsagðari en ríkisstj. til þess að fara með samningaumboðið þarna gagnvart bændum um verðlagn-

ingu landbúnaðarafurða, því að það er aðili, sem verður að taka tillit — bæði til hagsmuna allrar þjóðarinnar sem neytenda og framleiðslustéttanna einnig.

En hæstv. ráðh. kemur svo hér í ræðustól og segir: Það er óeðlilegt, að ríkisstj. gerist samningsaðili, — en hefur ríkisstj. ekki þegið að vera samningsaðili gagnvart neinni annarri stétt um launakjör hennar? Hvernig er það með opinbera starfsmenn? Var ekki ríkisstj. talin tilvalinn samningsaðili þar? Hún lætur bara vinna verkið fyrir sig af þar til kjörinni n., þar til skipaðri nefnd, kjaradómstólnum, kjaradóminum. Ég veit ekki betur. Er það óeðlilegt? Launamál eru vitanlega það stór aðili í öllu efnahagskerfinu, að það er ekki nema eðlilegt, að ríkisstj. hafi afskipti af því, ef hún ætlar yfirleitt að hafa stjórn á þeim málum, og hún hefur meira að segja ekki talið sig komast hjá því að grípa inn í samningsmál atvinnurekenda og verkamanna vegna þeirra áhrifa, sem lausn þeirra mála hafi á efnahagsmálin í heild, sem hún verði að bera ábyrgð á.

Annars er hægt að bregða upp fleiri myndum í sambandi við þetta, hversu sjálfsagt það sé, að A. S. Í. sé aðili móti bændum við samningaborð, þegar á að ákveða þeirra lífskjör, kaup og lífskjör. Væri þá ekki rétt, að það kæmi fulltrúi frá bændum að samningaborðinu hinum megin, móti verkamönnum? Hví ekki það? Ónei, menn segja, að það væri óeðlilegt með öllu. Væri ekki rétt, að verkamenn ættu aðila við samningaborðið hjá opinberum starfsmönnum? Eða að opinberir starfsmenn sendu fulltrúa að samningaborðinu gagnvart verkamönnum? Ja, ef það er sjálfsagt, að verkalýðssamtökin séu andstæðingur bænda við samningaborðið þar, sé ég ekki annað en að þetta ætti að ganga svona á víxl.

Ég læt þetta nægja til þess að sýna, að það er ekki heil brú í því, hvar sem gripið er niður og borið saman við skipulagið gagnvart öðrum stéttum í þjóðfélaginu, að við höldum uppi sexmannanefndarkerfi. Auk þess er kerfið meingallað á margan annan hátt. Það er búið að starfa, held ég, síðan 1947, þetta kerfi, en það var enginn ágreiningur um það í sjö manna n. í vetur, að það væru mýmörg atriði, sem nauðsynlegt væri að hafa glögga vitneskju um, ef vit ætti að vera í samningaþófinu, sem átti að leiða til niðurstöðu um ákvörðun landbúnaðarvöruverðsins, vinnutími bóndans t. d. og skylduliðs hans og hjúa. Vissi ekki einhver í sjö manna n. um þetta? Hefur ekki Sexmannanefnd haft gögn í höndum um þetta núna hin síðari ár t. d.? Hún er búin að starfa í 19 ár. Ónei, allir verða að viðurkenna, að engin vitneskja liggi fyrir um þetta mikilsverða atriði enn þá, og samningaþófið hefur allt saman byggzt á getgátum og samkomulagi út í loftið, hvílir í lausu lofti. Það var því alveg eins og tekið er fram hérna á fskj. með frv. Það var allsherjar samkomulag um það í sjö manna n., að upplýsingasöfnun og gagnasöfnun til þess að byggja starf Sexmannanefndar á hefði verið allsendis ófullnægjandi og yrði að fá víðtækar heimildir nú með þessari lagasetningu til þess að slík gagnasöfnun kæmist nær því að sinna lágmarkskröfum, sem gera yrði. Með leyfi hæstv. forseta segir svo í sameiginlega nál.:

„N. er þó sem fyrr segir sammála um það, að nauðsyn beri til þess að bæta verulega þann upplýsingagrundvöll, sem verðlagningin byggist á. Með brtt. þeim, sem n. gerir við 8. gr. framleiðsluráðslaganna, er stefnt að því í fyrsta lagi, að miklu víðtækari og haldbetri upplýsingar fáist um raunverulegan framleiðslukostnað í landbúnaðinum en nú er fyrir hendi. Í öðru lagi er gert ráð fyrir því, að Sexmannanefnd fái aðstöðu til þess að framkvæma sjálfstæðar rannsóknir á ýmsum sviðum, er verðlagningu snerta, svo sem rannsóknir á dreifingarkostnaði, vinnutíma o.fl. Hefur n. látið gera nokkrar athuganir á báðum síðast nefndu atriðunum og fylgja niðurstöður þeirra athugana með nál. sem fskj., en það er áðurnefnd athugun Helga Ólafssonar á dreifingarkostnaði og athugun Þorvaldar Elíassonar viðskiptafræðings á vinnutíma bænda á grundvelli búreikninga Búreikningaskrifstofunnar."

Af því, sem ég nú las, er ljóst, að n. viðurkenndi öll saman afdráttarlaust, að upplýsingagrundvöllurinn hefði alltaf verið mjög ófullnægjandi, og svo voru settir tveir menn í þetta að athuga þarna vissa liði, og þeir játuðu báðir, að þeir hefðu haft allt of lítinn tíma til þess og þetta yrði ekki gert, nema í þessu störfuðu menn í raun og veru í föstu starfi frá ári til árs.

Ég hygg nú, að menn verði að viðurkenna það, að samningakerfi, sem ekki hefur haldgóðan upplýsingagrundvöll til að byggja á — ja, það hlýtur að verða tilviljunarkennt, hver niðurstaðan verður hjá því. Og enn er viðurkennt, að þetta vanti, eftir að n. er búin að starfa í 19 ár, og ég játa, að það er spor í rétta átt, þar sem n. gengur inn á að auka þessa upplýsingaöflun, en mér finnst það samt ekki fullnægjandi, því að það eru mörg fleiri atriði í búrekstri, sem þyrftu að rannsakast og ættu að hafa áhrif á þennan grundvöll, sem leggja þarf, heldur en þau, sem þarna eru talin fram.

Við fengum vitneskju um það, hvernig verðlagningarkerfið væri í Bretlandi, við fengum frásögn af því, hvernig það væri í Noregi, hvernig það væri í Danmörku, en það var engin leið að fá þessi kerfi, brezka kerfið, norska kerfið eða danska kerfið, svo að n. gæti fengið þessi gögn í hendurnar. Nei, við fengum aðeins endursögn af því, hvernig þessi kerfi væru, einmitt í gegnum Framleiðsluráð landbúnaðarins, en að fá þessi kerfi nágrannalandanna um verðlagningu landbúnaðarafurða, það var ekki hægt, og þeirra hefur aldrei verið aflað. Þó vitum við svo mikið, að í Noregi eru bændurnir skipulagðir í tvennum samtökum, Norges bondelag og Norges bonde- og småbrukarlag, og þessi tvenn samtök bænda semja við fulltrúaráð, fulltrúa úr fjmrn. um málefni bændastéttarinnar. Undir það falla verðlagsmál landbúnaðarafurða, það falla undir þetta aðgerðir til markaðsfyrirgreiðslu, það falla undir þetta vaxtakjör og lánstími lána til landbúnaðarins, það falla undir þetta ráðstafanir til framleiðsluaukningar eða til þess að draga úr framleiðslu, jafnvel þar sem bú eru orðin svo stór, að þau eru ekki í hagkvæmu rekstrarformi, og til þess að stækka bú, þar sem þau eru of smá, þ.e.a.s. bein styrkjastarfsemi af hendi ríkisins fellur undir þetta samningasvið líka.

Ég fékk eftir að nefndarstarfinu lauk nokkur gögn frá Noregi um það, hvernig þetta kerfi er í meginatriðum, en í nefndarstarfinu var ekki hægt að fá það.

Styrkveitingarnar, sem norska ríkið veitir landbúnaðinum, eru aðallega tvenns konar umfram hið

fastákveðna verð, sem semst um. Það er smábrukartillegg, þ.e.a.s. aukastyrkir við verðið til smábænda og styrkur, sem þeir kalla vansketillegg, þ.e.a.s. til þeirra bænda, sem eru í fjalllendi Noregs við mjög þrönga aðstöðu til landbúnaðar, en vilja þó ekki láta landbúnað þar leggjast niður af ýmsum þjóðfélagslegum ástæðum. Þá fá þeir þessar viðbætur, þessa styrki, mundum við segja, til viðbótar við hið umsamda verð. Þetta stefnir að því að stækka hin smærri bú og koma þeim þannig í hagkvæmara rekstrarform en þau eru og verða, ef ríkið lætur þetta afskiptalaust.

Brezka kerfið er að því leyti eins og það danska og norska, að það er samið við ríkið líka, en grundvallarverðið er látið skapast í Bretlandi, að mér er tjáð, af verðlagi því, sem er á innfluttum landbúnaðarvörum, sérstaklega kjötvörum frá Nýja-Sjálandi og Ástralíu, en síðan eru brezkum bændum borgaðir styrkir til þess að tryggja, að þeir fái sem svarar meðaltekjum brezkra þegna.

Alls staðar, þar sem borið var niður til að spyrjast fyrir um, hvernig þessum málum væri fyrir komið, var það bændastéttin og ríkisvaldið. En fengum við þá ekki einhvers staðar vitneskju um það, að verkalýðssamtökin væru aðili að verðlagningu landbúnaðarvara? Ég spurðist fyrir um það. Enginn úr sjö manna n. vissi um það, hvergi var hægt að fá neinar upplýsingar um það, hvort verkalýðssamtök væru nokkurs staðar í heiminum aðili að verðlagningu landbúnaðarafurða. Og enn þá er ég á þeirri skoðun, að það sé ekki til nema hér. Þó að menn standi á því fastar en fótunum hér, að þetta sé það einasta fyrirkomulag, sem sé eðlilegt, og algerlega óeðlilegt, að ríkið sé aðili að þessu, þá er það nú gildandi annars staðar, þar sem maður til fréttir, en hvergi finnst þetta sexmannanefndarkerfi með verkalýðssamtök sem aðila á móti bændunum.

Það er rétt, sem hæstv. landbrh. sagði hér áðan, að meðnm. mínir í sjö manna n. rökstyðja það út frá sínu sjónarmiði á bls. 9 í þskj., sem hér er til umr., að þeir telji ekki eðlilegt, að ríkisvaldið eigi samningsaðildina gagnvart bændum, og þeirra rök eru þessi: Þeir segja, með leyfi hæstv. forseta:

„Sú hugmynd hefur þó allmikið verið rædd í n., að í stað Sexmannanefndar verði tekið upp það fyrirkomulag, að *ríkisvaldið gerist samningsaðili við bændur um* búvöruverð. Telur einn nm., Hannibal Valdimarsson, þá tilhögun eðlilega, svo sem fram kemur í séráliti hans. Aðrir nm. geta hins vegar ekki á það fallizt, að slík tilhögun mundi heppileg og færa eftirfarandi rök fyrir þeirri afstöðu sinni: 1. Ríkisstj. er ekki aðili að þeim viðskiptum, sem hér er um að ræða, heldur framleiðendur og neytendur búvöru."

Ja, framleiðendur og neytendur búvöru, framleiðendur og öll þjóðin. Neytendurnir eru þjóðin, þar með ríkisstj. líka, ef hún skyldi neyta einhvers af landbúnaðinum, ef hún er ekki alveg í mjólkur- og kjötbindindi, náttúrulækningaafstöðu. Það getur vel verið, að hún sé það. Ja, hún er aðili eins og rétt hver annar Íslendingur, eins og hver annar þegn. Því verður ekki neitað, að það er eðlilegast að skipta þessu þannig. Viðskiptaaðilarnir eðlilegu eru framleiðendastéttin þarna, bændurnir og öll þjóðin, þar með ríkisstj. auðvitað. Í öðru lagi segja þeir: „Þar sem hlutverk ríkisstj. er auðvitað jöfnum höndum að gæta hagsmuna neytenda og framleiðenda, getur hún að okkar áliti ekki verið fulltrúi annars þessara aðila gagnvart hinum." Ég hef vikið að þessu áður og endurtek það, að ég tel einmitt ríkisstj. eiga að gæta hagsmuna jöfnum höndum framleiðenda og neytenda, gæta hagsmuna allrar þjóðarinnar, og að hún sé einasti aðilinn, sem eigi að gera það hvort tveggja. Og ég tel slíkan aðila hafa einmitt betri aðstöðu en nokkurn annan til þess að gæta sanngirni til beggja handa í slíkum málum, enda er það niðurstaðan í öllum löndum, sem til spyrzt, að það sé ríkisstj., sem standi í þessum vanda.

Í þriðja lagi segja þeir: „Erfitt yrði að okkar áliti að tryggja það með löggjöf, að samningsaðstaða bænda gæti orðið svipuð því, sem nú er, þar sem við svo öfluga samningsaðila er að etja sem ríkisvaldið." Ja, ætli mætti nú ekki gera sér vonir um það, að ríkisstjórn og þá alveg sérstaklega landbrh. notaði nú ekki allt ríkisvaldið til hins ýtrasta til þess að láta kné fylgja kviði gagnvart bændastéttinni, hagur hennar sé settur í einhvern voða, ef hún ætti að eiga mál sín á viðræðu- og samningagrundvelli við ríkisstj. Ég tek ekki undir svona, þó að hæstv. ráðh. sé að reyna að útmála það og meðnm. mínir, að það væri ægilegt fyrir bændastéttina að eiga að standa frammi fyrir því að eiga við að etja svo sterkan aðila sem ríkisvaldið. En þetta þykir nógu gott fyrir opinbera starfsmenn. Þeir mega standa frammi fyrir þessu ægilega valdi og eiga samningsaðild gagnvart því. Löggjöf sú, sem tryggja ætti bændum slíka samningsaðstöðu, væri sett af ríkisvaldinu, væri sett af Alþ. rétt eins og hver önnur löggjöf. Og hvernig sem samningsaðildinni er háttað, er sú löggjöf, sem hér á að byggja á, alltaf sett af sama aðilanum, Alþ. Íslendinga, og ég veit ekki, hvaða erindi þetta á inn í rökstuðninginn um, að það sé fráleitt að ætla ríkisstj. þetta hlutverk. Sett af ríkisvaldinu og framkvæmt af því, sett af Alþ. og auðvitað framkvæmt af ríkisstj. í öllum tilfellum. Ég get ekki séð, að það sé mikið hald í þessum rökstuðningi. Ég tók eftir því í hv. Ed., að hæstv. landbrh. talaði um það, að með þessu kynni líka ríkisstj. að dragast inn í pólitískar deilur. Ja, aumingja ríkisstj., ef hún yrði nú sökuð um það að vera pólitísk og drægist inn í *pólitískar deilur. Hvaða ríkisstj. getur forðazt það?* **(Landbrh.:** Það er verðlagningin, en ekki ríkisstj. Ríkisstj. er alltaf í pólitík . . .) Auðvitað, bara böðuð í pólitík, á kafi í pólitík auðvitað. Og þess vegna hrökk ég við, þegar var verið að hafa á móti því, að ríkisstj. hefði hér aðild að, vegna þess að hún drægist þá ónotalega inn í pólitík, það yrði ekki eins mikill friður um þetta, ef hún ætti þarna aðild að eins og A. S. Í., sem sumir hafa nú kallað einn mesta ófriðaraðilann í þjóðfélaginu. En það er til þess að fá frið um þessi mál, að A. S. Í. á að vera í því, en voði á ferðum, ef ríkisstj. væri það. *Kannske er þetta svona. Kannske er það svona á* fleiri sviðum. Getur nú afurðaverð bænda nokkurn tíma verið utan við alla pólitík? Er það ekki verðlagspólitík landbúnaðarins, hvernig þetta er afgreitt? Og hv. þm., sem grípur þarna fram í, sem segist nú alltaf eiginlega vera stjórnarsinni, ætti sízt held ég af öllum að hafa á móti því, að ríkisstj. hefði þarna veg ekki síður en vanda.

Nei, frá mínu sjónarmiði eru þetta haldlaus rök, sem meðnm. mínir í sjö manna n. færa fram fyrir því, að það sé viðsjárvert, jafnvel fráleitt, að ríkisstj. hafi hér aðild að þessum málum og það sé miklu hagkvæmara og líklegra til þess að málin séu afgreidd með friði, að vissir hlutar af neytendunum og samtökum þeirra eigi þarna aðild að. Nú eru náttúrlega, eins og stundum áður hefur verið vikið að, neytendaaðilarnir algerlega af handahófi valdir. Við skulum segja, að ef A.S.Í. eigi að representera neytendur, sé það sjálfsagður aðili, en svo er tekið eitt af 150 aðildarfélögum í A.S.Í. og gert aðili við hliðina á því og í þriðja lagi Landsamband iðnaðarmanna, sem ekki fæst við nein launamál fyrir neina stétt. Ef þetta hefði nú verið t. d. Alþýðusambandið og Bandalag starfsmanna ríkis og bæja og við skulum segja Farmanna- og fiskimannasamband Íslands eða Sjómannasamband Íslands, þá hefði þó verið einhver heil brú í því, að það væri verið að tilnefna aðila fyrir launastéttirnar. En það er ekki einu sinni. Þó að menn hafi þarna þá röksemd á oddinum, að hér eigi að vera aðilar fyrir launastéttirnar, þá eru þeir aðilar valdir af afkáralegu handahófi. Og við endurskoðun l. er ekki einu sinni gerð tilraun til þess að leiðrétta það af þeim, sem standa að þessum sjónarmiðum, að það eigi að vera fulltrúar fyrir launastéttirnar.

Hæstv. landbrh. gat þess, að ein breyt., ein fyrsta breyt., sem nokkru máli skipti í þessu frv. frá l., væri breyt. á 5. gr. frv., við 4. gr. gildandi l., að tilfæra ársvinnutíma bóndans, skylduliðs hans og hjúa á búi af þeirri stærð, sem miðað er við hverju sinni, og virða vinnutíma þessara aðila til samræmis við kaupgjald verkamanna, sjómanna og iðnaðarmanna, eins og það er við upphaf hvers verðlagstímabils. En þó skuli eigi taka til viðmiðunar ákvæðisvinnu verkamanna, iðnaðarmanna né aflahlut sjómanna. Þetta er efnisbreyting, það er alveg rétt og þarna eru teknir út úr hlutarsjómennirnir, sem áttu að hafa áhrif á verðlagninguna samkv. gildandi kerfi. Ég tók það fram í umr. hér í haust, að ég teldi, að það væri öllu heppilegra að miða ekki við hlutarhæð sjómanna, og þá taldi ég það ekkert síður vera út frá hagsmunasjónarmiði bænda, því að það getur komið aflaleysi, 1 ár, 2 ár, 3 ár, það getur á sama tíma komið verðlagshrun á heimsmarkaðinum á sjávarafurðum. Og þá fara hlutir sjómanna og hlutskipti útvegsmanna langt niður á við, og sé ég ekki, að það sé bót fyrir bóndann að leiða slíkar sveiflur hins hvikula sjávarútvegs yfir þá stétt líka, svoleiðis að ég tek það fram, að ég var fylgjandi þessari breytingu, að hlutarsjómenn væru teknir út úr viðmiðuninni, því að ég tel það alls ekki gott fyrir bændur og mun hvar sem er rökstyðja það gagnvart þeim.

Hitt er hægt að deila um, hvort eigi að taka út úr ákvæðisvinnu verkamanna og iðnaðarmanna. Nú er mjög stefnt í þá átt, að fleiri og fleiri störf verkamanna færist undir ákvæðisvinnu, og ég held, að það sé betra, að það komi þá skýrt fram, að hér sé ekki átt við aðra ákvæðisvinnu verkamanna en uppmælingartaxtana, eins og ég tók eftir, að ráðh. notaði það orð og sagði, að uppmælingartaxtar verkamanna og iðnaðarmanna ættu ekki að falla inn í viðmiðunina. Það væri kannske réttara bara að orða það þannig, ef ætlunin er sú, að það sé ekki viðtækara en svo. En ég tekundir það með ráðh., að ég veit ekki á þessari stundu, hvort þetta er til þess að bæta hag bænda eða rýra. Ég tel það alveg óvisst mál, af því að það liggur allt á huldu um ársvinnutíma bóndans og skylduliðs hans. Eftir allt starf Sexmannanefndar í 19 ár veit enginn neitt um það. Og það var stungið upp á ýmsum aðferðum til þess að kanna þetta, og fannst engin leið, a. m. k. ekki af þessum 7 mönnum, sem störfuðu í sjö manna n. Þeir fundu enga leið, sem væri örugg til þess að kanna nákvæmlega, hver væri meðalvinnutími bóndans á meðalbúinu, senda mann með skeiðúr kannske og fylgjast með því nokkra daga. Mönnum fannst það t. d. alls ekki vera trygging fyrir því, að vinnubrögð væru framkvæmd með sama hætti þá dagana eins og alla aðra. Að öðru leyti verður að byggja þetta á skýrslum, og skýrslunum vilja menn ekki treysta. Hér þarf áreiðanlega margt að athuga, til þess að viðmiðunin sé á viti byggð. Það er einn af veiku punktunum í sexmannanefndarkerfinu, að hér er mjög erfitt um vik að fá nákvæman þann samanburð. En það liggur ljóst fyrir hér, eins og það lá fyrir í n., að A. S. Í. hefur ekki breytt afstöðu sinni frá því í haust. A. S. Í. óskar ekki eftir rétti til aðildar að þessu kerfi. Og ég hef fullt umboð til að segja það hér á Alþ., að A. S. Í. mun ekki á þessu yfirstandandi ári — og á því breytist ekki skipun miðstjórnar, fyrr en þá í nóvemberlok og þá er það síðar en tilnefninguna ber að — nota sér tilnefningarréttinn og óskar ekki eftir því, að A. S. Í. sé helgaður þessi réttur í frv., heldur þá einhverjum öðrum aðila, ef menn endilega vilja halda þessu kerfi við. Ég endurtek það, að komi til tilnefningar fyrir einn eða fleiri aðila af ríkisvaldsins hendi, er sexmannanefndarkerfið orðið gerbreytt í eðli sínu, og það er mál, sem ég tel mér óviðkomandi, af því að ég er algerlega andvígur því, að þetta kerfi haldi áfram.

Eitt af því, sem leiðir af þessu kerfi, sem tekur verðlagningu landbúnaðarafurða út úr eina sér, allra efnahagsþátta bóndans, verðlagningu á einingu, framleiðslueiningu, er það, að eins og nú standa sakir, þegar offramleiðsla er orðin, svo að ríkið verður að verja hundruðum millj. kr. í útflutningsuppbætur fær stórbóndinn meginhlutann af þessum hundruðum millj., smábóndinn sama sem ekkert. Stórbóndinn þarf engrar hjálpar með, hann hefur ekki beðið um neina aðstoð. En samt er þessu fé ausið í hann með þessu kerfi. Nú er upplýst af búnaðarsérfræðingum, að upp að vissri stærð eykst hagkvæmni búrekstrar. En þegar búið hefur náð vissri stærð, fer það að koma verr út, þá fer það ekki að verða eins hagkvæmt bóndanum sjálfum og ekki eins hagkvæmt þjóðfélaginu. En kerfið, sem leggur áherzlu á það, að hann fái því meiri upphæðir, sem hann stækkar bú sitt meira og eykur þannig offramleiðsluna, freistar hans til þess að auka þann vanda, sem þjóðfélagið stendur í, hans er freistað til þess með síhækkandi fúlgum. Þetta er auðvitað ekki hentugt kerfi, eins og nú standa sakir a.m.k. að þessu leyti. Það hygg ég, að flestir sjái og verði að viðurkenna, og þá ekki sízt þeir, sem sitja í ráðherrastólunum og horfast í augu við þennan vanda. Það væri ekkert óeðlilegt, að þegar bú hefur komizt í þá stærð, sem hagkvæmust þykir, væri farið að draga úr verðuppbótum til þess, ekki haldið áfram

að hvetja bóndann til þess að stækka búið úr því og láta bætur jafnvel falla niður við vissa bústærð, sem ekki væri talin æskileg. Það væri líka vit í því, en það getur vel verið, að pólitískt þori menn það ekki, en það er allt annað mál.

Ég álít, að það sé enginn hlutur sjálfsagðari en sá, að ríkisvaldið tilnefni n. til þess að annast samningsaðild fyrir bændur um þessi mál, og þeir fái þar með möguleika til að taka upp á samningaborðið alla þá meginefnisþætti, sem mestu varða um lífsafkomu bóndans og þróun landbúnaðarins, við ríkisvaldið, sem hefur alla þessa þræði í hendi sér, og það sé alrangt að leysa þessi mál gegnum verðlagningu á einingu, eina út af fyrir sig. Ég álít, að með sexmannanefndarkerfinu fáist aldrei fullnægjandi upplýsingagrundvöllur undir ákvörðun um þessi þýðingarmiklu mál og það þurfi að setja á fót kjararannsóknarstofnun landbúnaðarins, sem hafi þau verkefni frá ári til árs að rannsaka alla þróun landbúnaðarins og alla verðmyndun í landbúnaði, og þá tel ég ekki sízt ástæðu til þess, að þar væri starfandi sérstök n. skipuð fulltrúum frá framleiðendum og neytendum, sem eingöngu hefði það verkefni með höndum að rannsaka verðmyndunina, framleiðslukostnaðinn, dreifingarkostnaðinn, sölukostnaðinn af landbúnaðarvörum og þjóna þannig hagsmunum bæði neytenda og framleiðenda með því að ganga úr skugga um það, að þarna sé alls staðar á öllum þessum framleiðslustigum landbúnaðarvaranna svo á málum haldið, að engin vörueining verði dýrari en hún nauðsynlega þurfi að vera. Sá þáttur þessara mála, þar sem ég viðurkenni, að neytendurnir eiga einmitt erindi til þess að starfa með fulltrúum bænda, er sá að fylgjast með allri verðmyndun landbúnaðarvaranna, sölu- og dreifingarkostnaðinum og allri þeirri hlið málsins, en þeir eigi hins vegar engan rétt til þess að skipta sér af launamálum bóndans og skylduliði hans. Og þarna tel ég að vanti algerlega í kerfið að aðgreina þetta. Þá finnst mér, að þegar offramleiðsla landbúnaðarafurða er ríkjandi eins og nú, megi það ekki vanta í kerfið, að einhverjar ráðstafanir séu gerðar til þess að draga úr offramleiðslunni, svo að þessi vandi haldi ekki sífellt áfram og vaxi, því að á 6 árum eða svo hefur þetta vaxið úr 0 og upp í 219 millj. kr., sem útflutningsuppbæturnar nema nú. Það er ekkert í þessu kerfi, sem leggur neinn hemil á þetta. Það var í till. sjö manna n., ef mig ekki misminnir, till. um það að leggja skatt á kjarnfóður, einmitt til þess að draga svolítið úr offramleiðslunni. Ég sé ekki þennan tölulið í gr., en hins vegar er okkur sagt frá því á bls. 11, að þetta efnisatriði sé í frv. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Hér er lagt til að bæta við 5. tölulið gr. tveimur stafliðum, sem fela í sér, að framleiðsluráði sé í fyrsta lagi heimilt að ákveða og innheimta gjald á erlent kjarnfóður, sem flutt er til landsins. Þetta miðar fyrst og fremst að því að draga úr óhagkvæmri mjólkurframleiðslu. En ég finn þetta ekki í gr. Þetta stendur aftur hér á bls. 11 í skýringum við 3. og 4. gr. Það eru einhver missmíði á þessu. (**BP:** Nema því hafi verið breytt), — en skýringunum ekki. Já. Þá væri nú viðkunnanlegra að fella þessa skýringu þá niður eða bæta þessu, sem vantar, inn í gr. Það var sem sé vilji líka hjá fulltrúum bændanna að gera þarna nokkrar ráðstafanir til að draga úr offramleiðslunni með því að skattleggja bændur og stuðla að því að draga úr a. m. k. ofneyzlu kjarnfóðurs til þess að sprengja upp nyt kúnna umfram þarfir þjóðarinnar með dýrri kjarnfóðurgjöf. Hér hefur e. t. v. góður vilji bændafulltrúanna ekki stoðað, heldur sett pólitískan skrekk að einhverjum, svo að þeir vildu ekki einu sinni fallast á þetta tilboð bændanna um að skattleggja sig og draga úr offramleiðslunni.

Þá er það vitað mál, að útflutningsuppbæturnar eru skilgetið afkvæmi verðbólguþróunarinnar á Íslandi. Í þessum vanda standa bændurnir, í þessum vanda stendur íslenzka þjóðin, af því að verðlagið er komið svo hátt hér á landi, að það er ekki í neinu samræmi við verðlag á sams konar vörum erlendis. Það er verðbólguþróunin, sem þarna skapar þennan vanda, og þessi vandi eykst meðan verðbólguþróunin heldur áfram óbreytt. En er nú sem skyldi unnið að sölu landbúnaðarvara á erlendum mörkuðum? Væri ekki full ástæða til þess, að einhverju væri til þess kostað að reyna að fá sem bezt verð fyrir íslenzkar landbúnaðarvörur á erlendum mörkuðum, meðan við þurfum á því að halda? Auðvitað á að gera áætlanir um landbúnaðarframleiðsluna frá ári til árs. Þar getur einhverju skeikað vegna góðæris eða erfiðs árferðis. Það ætti að gera tilraun til áætlana um framleiðslumagnið næstu árin líka, því að það er dýrt, ef offramleiðsla verður úr hófi fram. Hitt er mér vel ljóst, að það verður að vera nokkur offramleiðsla í góðæri, ef menn vilja ekki taka á sig óþægindin af því að láta sig vanta landbúnaðarvörur í erfiðu árferði og á vissum tímum árs, þegar framleiðslan er minni. Þetta er mér vel ljóst, og það er eðlilegt, að ríkið leggi nokkuð á sig til þess að tryggja, að menn hafi þessar landbúnaðarvörur árið um kring og frá ári til árs, en gæta verður samt hófs, og það hygg ég, að fjmrh. muni vilja viðurkenna.

Eitt er það í þessu kerfi öllu saman og það er það, að öll landbúnaðarmál, allir þættir landbúnaðarmála heyra undir landbrh. Ég álít þetta rangt. Ég álít, að viðskiptamál þessara mála eigi að heyra undir viðskmrh. Ég álít, að verðlagsmál þessara mála eigi að heyra undir þann ráðh., sem fer með verðlagsmál. Ég álít, að útflutningsuppbæturnar eigi t.d. alveg að heyra undir fjmrh. En allt, sem við kemur framleiðslustarfi landbúnaðarins sjálfs, ræktunarmálunum og öllu því, á eðlilega að heyra undir landbrh., en alls ekki allir efnisþættir þessara mála.

Ég lagði til, að bændur fengju óskoraðan samningsrétt gagnvart ríkisvaldinu, og ég lagði enn fremur til, að komið yrði á fót kjararannsóknarstofnun landbúnaðarins, sem væri t. d. skipuð tveimur fulltrúum Stéttarsambands bænda og tveimur fulltrúum, er ríkisstj. tilnefndi, eða þremur eða fimm af hvorum aðila, sem sé að jöfnu af báðum þessum aðilum, og þar væri samningasviðið allir efnahagsþættir landbúnaðarins, alls ekki eingöngu verðlagningin á einingu. Meðnm. mínir gerðu þá breyt. á frv. frá gildandi l., að í stað þess, að hagstofustjóri skyldi vera oddamaður í yfirn., skyldi það verða sáttasemjari ríkisins. Ég taldi ekkert athugavert við þetta, þó að ég sjái nú ekki, að aðstaða sáttasemjara ríkisins sé nein önnur en hagstofustjórans var, og upp á milli þeirra manna, sem nú skipa þau embætti, geri ég ekki,

báðir hinir mætustu og nýtustu menn. Ég held, að engin lausn felist í þessu í sjálfu sér. Ég hefði talið eðlilegast, að úr því að sáttasemjari ríkisins var tekinn inn í þessi mál, hefði verið tekið upp sáttakerfi með hans hlutdeild, nákvæmlega á sama hátt eins og er í gildi á milli verkalýðssamtaka og atvinnurekenda og íhlutun sáttasemjara um þau mál. En þá kemur eitt, og það er það, að bændur eru ekki skipulagðir í stéttarfélög eins og verkafólkið er, en þegar sáttasemjari hefur gert till., þurfa þær að geta gengið til einstaklinganna í stéttinni, þ.e.a.s. í gegnum þeirra skipulögðu samtök. Sú leið er því ekki fær að óbreyttu. En ég segi: Hvers konar félagsmálasmíði er þetta? Það er til Stéttarsamband bænda, en það er ekki til eitt einasta stéttarfélag bænda. Ég sé ekki annað en að Stéttarsamband bænda hljóti að eiga að undirbyggja með stéttarfélögum, sem kjósi fulltrúa til þessarar sameiginlegu félagsskipulagningar sinnar, Stéttarsambandsbænda. Þessu er einhvern veginn krullað saman við hreppabúnaðarfélögin, frá hreppabúnaðarfélögunum til búnaðarsambandanna og búnaðarsamböndin kjósa svo víst fulltrúa til búnaðarþings og Stéttarsambands bænda, sem eru tvö félagakerfi. (**Landbrh.**: Þetta er, held ég, ekki rétt.) Hvað er skakkt í þessu? (**Gripið fram í**: Kjörmannafundir, sem kjósa til Stéttarsambandsins.) Nú, kjörmannafundir frá sýslunum? (Já.) En það eru engin stéttarfélög bænda til. Það væri ekki hægt að vísa till. sáttasemjara til neinnar skipulagningar bændanna. Ekki væri eðlilegt að vísa þeim til búnaðarfélaganna, sem eru undirorganisationir í Búnaðarfélagi Íslands. Ég álít, að til þess að sáttakerfið geti þarna komið að gagni með sáttasemjara ríkisins og miðlunartill. frá hans hendi, þurfi bókstaflega að undirbyggja Stéttarsamband bænda með stéttarfélagakerfi bændanna, sem gæti lögformlega tekið ákvarðanir gegnum atkvgr. um sáttatillögur.

Ég gerði að vísu till. um það, að viðmiðun yrði höfð. Það var svo fast í mér, að það þyrfti einhverja viðmiðun við aðrar stéttir um kjör bændanna og viðurkenndi, að það væri mjög á reiki, hverjar væru tekjur verkamanna. Ef miðað er við taxtana, er það rétt, sem bændafulltrúarnir sögðu. Þeir eru yfirborgaðir í góðæri, eins og núna. Bóndinn fær þess vegna ekki alveg það sama og verkamaðurinn, þegar þannig er ástatt á vinnumarkaðinum. Það er erfitt að fá glöggar viðmiðanir, og frá hinni hliðinni, þegar enginn veit um vinnutíma bóndans með neinni vissu, er viðmiðunin nánast út í loftið. En ef þessum hugsanagangi er hafnað og bændastéttinni helgaður frjáls samningsréttur, þarf ekkert lágmark að setja. Þá semur hún eingöngu um það, sem fulltrúum stéttarinnar finnst vera ofan við það lágmark, sem ekki er unað við. Ég hef með nánari athugun komizt að þeirri niðurstöðu, að ef samningafrelsi um verðlagningu landbúnaðarafurðanna og önnur hagsmunamál bændastéttarinnar væri lögfest, væri viðmiðun alveg óþörf. Þá leysist það mál gegnum samninganna, og það er einn af veiku hlekkjunum í sexmanna nefndarkerfinu að finna einhverja viðmiðun, sem allir gætu sagt, að væri réttlát. Það er enginn, sem getur sagt, að það sé réttlátt að miða kjör bóndans við kjör verkamanns í Reykjavík. Bóndinn er allt annars eðlis, bóndinn er atvinnurekandi. Og það væri kannske miklu eðlilegra að leita einhvers staðar að hliðstæðu í atvinnurekendastéttunum, og þó gæti það vafalaust orkað tvímælis og verið kannske erfitt að finna það.

Ég hef leyft mér að semja frv. til l. um útfærslu á þeirri lausn þessara mála, sem ég hef túlkað bæði í starfi mínu í sjö manna n. og í umr. í haust og hér í sölum Alþ., og mun leggja þetta frv. fram sennilega núna á morgun eða hinn daginn. Það er sá lagabúnaður þessara mála, sem byggir á þeim sjónarmiðum, sem ég hef verið að túlka hér og í sjö manna n. Það er samfellt kerfi, sem ég tel að eigi að byggja upp til þess að leysa þessi mál, og það kerfi eigi að leysa Sexmannanefndarkerfið af hólmi, sem er í mínum augum misheppnað kerfi og vanskapað og leysir ekki neinn þann vanda, sem bændastéttin eða íslenzka þjóðin eru í nú, sízt af öllu nú, eftir að offramleiðslan hefur líka gengið í garð. Það spanar hana meira að segja áfram enn þá meira og ræður þar enga bót á, það er ekki gerð tilraun til þess. Og sú vísbending, sem fulltrúar bændagáfu um vilja sinn til þess að draga úr offramleiðslu, sé ég meira að segja, að er tekin út úr frv., annaðhvort fyrir misgáning eða viljandi. Ég tel, að þetta sé svo stórt mál, bæði fyrir bændastéttina og að því er snertir þá ábyrgð, sem ríkisvaldið hefur á stjórn efnahagsmálanna, að þetta mál eigi ekki að afgreiðast á Alþ. óðruvísi en að vísa því til umsagnar Stéttarsambands bænda, svo að bændastéttin fái aðstöðu til þess að fjalla um það, áður en lausn á því er hér lögfest á ný. Gæti þá verið réttast, að bæði þessu frv. hæstv. ríkisstj. og því frv., sem ég mun leggja hér fram áður en margir dagar líða um þessi mál, yrði báðum vísað til bændastéttarinnar, til þess að sú stétt, sem þetta mál varðar mest, geti fengið um það að segja sitt álit og að hægt væri að flytja frv. á komanda þingi, sem styddist við vilja bændastéttarinnar í þessu máli.

Ég mun því hafa þá afstöðu gagnvart þessu máli, að því beri nú á þessu þingi að vísa frá.

Vilhjálmur Hjálmarsson: Herra forseti. Þetta frv., sem hér liggur fyrir á þskj. 571, var undirbúið af sjö manna n., sem ríkisstj. setti til þess í haust að endurskoða framleiðsluráðslögin, sérstaklega með tilliti til ákvæða þeirra, sem fjalla um verðlagninguna. Í skipunarbréfi nm. lá fyrir sú yfirlýsing um vilja ríkisstj., að hún óskaði eftir því, að það kerfi, sem starfað hefur verið eftir um verðlagningu landbúnaðarvara nú um alllangt skeið, yrði endurreist. Það var þess vegna langsennilegast, að breyt. á l. næðu helzt fram að ganga, ef þær væru í höfuðatriðum sniðnar eftir þessum vilja ríkisstj. Og ég hygg, að afstaða fulltrúa bænda í þessari n. hafi að nokkru mótast af þessu.

Það bar til tíðinda í haust, eins og mönnum er kunnugt, að sexmannanefndarkerfið varð óvirkt, þegar stjórn A. S. Í. neitaði að tilnefna fulltrúa til starfa í n. Nú segir í lögum um framleiðsluráð, að aðilarnir skuli tilnefna fulltrúa í n. Þetta var því að margra dómi brot á l. Ég legg engan dóm á það hér, en vil hins vegar segja það, að þessi afstaða var ekki næsta vinsamleg í garð bændastéttarinnar. Ákvörðun stjórnar A. S. Í. er ekki gerð kunnug, fyrr en komið er fast að þeim tíma, þegar verð landbúnaðarafurða þurfti að ákveðast. Svo var talið, og við fulltrúar framleiðenda í Sexmannanefnd féllumst á það, eftir að við höfðum leitað álits lög-

fræðinga þar um, að Sexmannanefnd gæti ekki starfað, eftir að einn af nm. hafði skorizt úr leik. Málunum var komið í sjálfheldu. Sú sjálfhelda var svo leyst nokkru síðar með brbl., sem ríkisstj. gaf út. Með þeim brbl., sem, eins og segir í l. sjálfum, var ætlað að gilda aðeins eitt ár, er bændasamtökunum alveg vikið til hliðar í verðlagningunni á liðnu hausti. Þau höfðu ekki samkv. brbl. nein bein áhrif á verðlagninguna í haust. Það var nefnd embættismanna, sem sett var til þess að ákveða verðlagið. Bændur undu þessu illa, fannst þetta ómaklegt, m. a. með hliðsjón af því, að þeirra fulltrúar höfðu ekki skorazt undan því að starfa samkv. l., heldur voru *það aðrir aðilar. Og bændasamtökin mótmæltu þessu á* sínum tíma. Þetta er kapítuli út af fyrir sig, og ég ræði hann ekki nánar hér. En það er augljóst, að bændur hlutu að telja það miklu varða að rjúfa þetta ástand og fá á ný beina aðild að verðlagningunni með einhverjum hætti, eins og þeir höfðu áður haft. Það mátti því segja, að það væri einsætt frá þeirra hálfu að ganga að því að endurvekja gamla kerfið, þrátt fyrir skiptar skoðanir innan samtaka bændanna um kerfið sjálft, og það því fremur, þegar sýnt þótti, að fást mundi, að okkar dómi, allverulegar lagfæringar á kerfinu, frá því er verið hafði. Mér finnst rétt að láta það koma fram hér, út af ummælum, sem féllu hjá hv. 5. þm. Austf., hver afstaða bændasamtakanna hefur verið til þessara tveggja leiða, sem stundum hefur verið rætt um í sambandi við verðlagningu búvara, annars vegar beina samninga við ríkisstj., hins vegar það kerfi, sem verið hefur. Þetta hefur töluvert verið rætt innan bændasamtakanna. Um það hafa verið skiptar skoðanir og árið 1963 var þetta mál tekið til meðferðar og atkvgr., og á aðalfundi Stéttarsambands bænda féllu nú atkv. þannig, að meiri hl. *fundarins vildi viðhalda gamla kerfinu endurbættu.*

Það er álit okkar, sem unnum í n. fyrir hönd framleiðenda, að í því frv., sem hér liggur fyrir, felist ýmis atriði, sem séu til verulegra bóta á þessu kerfi. Það er fyrst, að kerfið verður ekki óstarfhæft, enda þótt einhver, sem rétt hefur, eins og það er nú orðað, til þess að tilnefna í verðlagsnefndina, óski ekki eftir að nota þann rétt. Þetta hefur ekki verið lítið óhagræði og erfiðleikar því samfara, þegar verðlagskerfið allt hefur orðið óstarfhæft, vegna þess að einhver aðili hefur ekki tilnefnt í n. Ég tel líka, að með þeim ákvæðum, sem nú eru um yfirnefndina eða gerðardóminn, sé málum betur skipað en áður. Áður var gert ráð fyrir því, að menn úr þeim hópi, sem staðið hafði í þrætunni, í samningaþófinu, einmitt menn úr þeim hópi, skyldu kvaddir til dóms. En mér virðist það miklu eðlilegra, að nýir menn komi þar inn, enda hygg ég, að þetta fyrirkomulag, að setja þrætuaðilana sjálfa alveg beint í yfirdóm, sé óvenjulegt. Þá er í þessu frv. gert ráð fyrir miklu ýtarlegri gagnasöfnun til undirbúnings verðlagningunni en áður hefur verið, og það er gert ráð fyrir því að efla til þess stofnun, sem þegar hefur verið starfandi um skeið, en hefur haft lítil fjárráð og þar af leiðandi takmarkaðan mannafla og hefur því ekki getað sinnt verkefnum sínum nema að litlu leyti, vil ég segja, en það er Búreikningaskrifstofa ríkisins. Nú er gert ráð fyrir því að fela henni miklu víðtækari athuganir og þá væntanlega um leið að gera henni mögulegt að framkvæma þær. Þetta teljum við til mikilla bóta. Bændur hafa gert margar samþykktir á fundum sínum bæði víðs vegar um land og í Stéttarsambandinu einmitt um nauðsyn þess að afla ýtarlegri upplýsinga og betri gagna til að undirbyggja verðlagningu landbúnaðarvara á raunhæfan hátt. Það er einnig mikilvægt atriði fyrir framleiðendur, álít ég, og vafalaust alveg eins og ekkert síður fyrir fulltrúa neytenda í Sexmannanefnd, að n. verður nú með lögum tryggð aðstaða til þess að láta framkvæma sjálfstæðar kannanir á einstökum þáttum í sambandi við undirbúning verðlagningarinnar. En áður hefur sá möguleiki ekki verið fyrir hendi. Það tel ég einnig til bóta, að *neitunarvaldið í Sexmannanefnd er afnumið, þar skal* nú ráða einfaldur meiri hl. Ég aðeins nefni þessi atriði sem dæmi um það, sem við teljum, að horfi til bóta frá l. þeim, sem verið hafa. Þau eru ýmis fleiri, en ég sé ekki ástæðu til þess að fara ýtarlega út í það í einstökum atriðum.

Ég vil einnig aðeins víkja að því, að enda þótt sjö manna n. hefði í starfi sínu hliðsjón af óskum ríkisstj. um að endurvekja samstarf bænda og neytenda um verðlagninguna, voru ýmsar aðrar leiðir athugaðar í n. og sumar ræddar mjög ýtarlega, eftir því sem hægt er að gera við venjulegar aðstæður í nefndarstarfi, og þ. á m. að sjálfsögðu sú leiðin að taka upp beina samninga við ríkisstj., og eins og ég sagði áðan, hefur sú skoðun haft allmikið fylgi innan bændasamtakanna. Í umr. um þetta komu fram ýmsir annmarkar, og ég ætla ekki að fara að rekja þá í einstökum atriðum. Það er of langt *mál til þess að fara að rekja það hér við 1. umr.* En ég vil þó minnast á eitt. Mönnum þótti mjög vandséð, á hvern hátt skyldi leiða mál til lykta, ef ágreiningur yrði, þannig að ekki næðust samningar. Í því sambandi var töluvert rætt um þann möguleika að gefa bændum eins konar lögverndaðan verkfallsrétt, líkt og mörg stéttarsamtök hafa núna, þ. e. a. s. gefa þeim lögverndaðan rétt til þess að stöðva sölu á sinni vöru. Eins og hv. þdm. heyrðu á ræðu hv. 5. þm. Vestf., var hann alls ekki fjarri því, þvert á móti, að láta bændum í té þennan rétt. En þegar farið er að skoða þetta ofan í kjölinn, og þarf þó satt að segja ekki mjög djúpt að kafa, kemur það bara strax í ljós, að slíkur réttur er bændastéttinni nálega einskis virði. Aðstaða bænda gagnvart kjaradeilum og því að stöðva störf sín er allt önnur en verkamanna og annarra launþega. Verkalýðsfélögin gera verkfall á þeim tíma, þegar það kemur mótaðilanum illa að stöðva atvinnureksturinn og af getur hlotizt stórtjón fyrir hann. Bændur yrðu eingöngu að beita sölustöðvun í sambandi við mjólkursölu. Um það hygg ég, að ekki sé nokkur ágreiningur. Sölustöðvunin yrði ekki sett á *fremur en verkfall, án þess að nokkurra daga fyrirvari* væri á hafður. Þann frest gætu neytendur notað til þess að birgja sig upp af mjólk að nokkru leyti. Ekki mundi verkfalli verða beitt gegn sjúkrahúsum, það hygg ég, að engum detti í hug. Þegar svo verkfallið væri skollið á, stæðu málin þannig, að neytendur hefðu birgt sig upp til nokkurra daga, þeir hefðu ekki fjárhagslegt tjón af stöðvuninni, óþægindi einhver, og þó ekki mikil fyrst, en bændurnir biðu jafnvel milljóna tjón á degi hverjum með því að stöðva framleiðsluna. Það er að vísu ekki hægt að stöðva hana, það er nú náttúrulögmál, en það yrði að hella niður mjólkinni. Bara þetta er svo

einfaldur hlutur, að ef menn nokkuð fara að hugleiða verkfallsleiðina, sér hver maður, hversu þetta er vonlaust fyrirtæki, því að í staðinn fyrir það að þrengja að andstæðingnum, þ. e. þeim, sem samið er við, verður skaðinn hjá þeim, sem verkfalli beita.

Það var svo rætt um fleiri leiðir, en ég held, að mér sé óhætt að segja það, að í n. þóttust menn aldrei sjá verulega fastan punkt að þessu leyti, hvernig ætti að lykta samningum við ríkisstj., ef í odda skærist. Og ég man ekki til, að hv. 5. þm. Vestf., sem átti sæti í n., legði þar fram þá till., sem kemur nú fram í sérálíti hans. Þar hefur hann dottið ofan á heillaráðið og lausnina í þessum efnum og hún felst í 3. lið till. hans, eins og þær eru settar fram á bls. 19 í þessu þskj., og er á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Takist samningar ekki, skal stjórn Stéttarsambands bænda leggja till. sínar um verð á framleiðslueiningu fyrir alla bændur og skoðast till. samþykkt, fái hún 75% greiddra atkv., enda taki a. m. k. 50% atkvæðisbærra bænda þátt í atkvgr."

En ef þetta er nú lausnin, hví hefur þá ekki þessi hv. þm., sem hefur setið lengi á þingi, í áratugi, reynt að koma fram tilsvarandi breyt. á vinnulöggjöfinni, t.d. á þá leið, að ef ekki takast samningar í kaupdeilu á milli atvinnurekenda og verkamanna, skulu fulltrúar verkamanna leggja till. sínar um kaup og kjör fyrir alla verkamenn, sbr. alla bændur, og skoðast till. samþ., ef hún fær þar tilskilinn meiri hluta? Nei, ég veit það, að bæði ég og aðrir bændur þessa lands kunna vel að meta allan góðan vilja í garð stéttarinnar og landbúnaðarins. En á þessu á maður samt erfitt með að átta sig, að þarna sé um nokkuð að ræða, sem geti orðið raunveruleiki. Og ég verð líka að segja það, að ég legg áherzlu á það, að til þess að fá myndina heila af afstöðu þessa hv. þm., verður hann einnig að láta koma skýrt fram afstöðu sína til útflutningsbótanna. Það er svo komið, þrátt fyrir fækkun í sveitunum, að framleiðslan hefur vaxið og er komin yfir það mark, að 10% útflutningsbótaheimildin nægi, til þess að fullt grundvallarverð fáist. Þetta hefur þó ekki orðið einvörðungu vegna framleiðsluaukningar. Það er hraðstíg verðbólga, sem þarna kemur ekki síður til sögu. Þetta liggur ákaflega ljóst fyrir, þó að maður líti á það eitt, að fyrir örfáum árum vantaði ekki stóran hundraðshluta á það, að erlendi markaðurinn gæfi það verð fyrir kjötið, sem fyrir það átti að fást innanlands. En núna er hins vegar svo komið, að erlendi markaðurinn gefur ekki nema brot af því verði, sem reiknað er með í grundvellinum. Ég fer ekki nánar inn á þessa hluti hér, en þetta sýnir bara, hve mikið er í húfi, ef ætti að skerða útflutningsbæturnar frá því, sem þær nú eru, og mér finnst það alveg nauðsynlegt, að hv. þm. skýri alveg greinilega, hvað hann hugsar sér með útflutningsuppbæturnar.

Ég vil svo aðeins að lokum segja það, að ég tel, að þetta frv. sé til verulegra bóta. Bændasamtökin fá aftur aðild að verðlagningunni, og þó öllu betri aðstöðu, þar sem ég tel, eins og ég hef þegar tekið fram, að allmörg ákvæði frv. séu hagstæðari en þau, er nú gilda.

Björn Pálsson: Herra forseti. Aðeins örfá orð. Í a-lið 3. gr. er talað um heimild fyrir Framleiðsluráð landbúnaðarins til að ákveða mismunandi hátt útborgunarverð til framleiðenda eftir árstímum og innheimta verðjöfnunargjald af innveginni mjólk. Þarna er Framleiðsluráði falið skilyrðislaust að ákveða mismunandi verð til framleiðendanna, án þess að leita um það álits þeirra eða fá heimild til þess frá þeim sjálfum og sölufélögum þeirra. Í samþykktum sölufélaganna eru yfirleitt ákvæði um það, að framleiðendurnir fái raunhæft verð, þegar búið er að draga frá kostnaðinn og framlög til sjóða og annað slíkt, sem í samþykktunum er ákveðið, en þarna er heimild, sem hægt er að framfylgja, og þar með er í raun og veru valdið tekið af framleiðendunum sjálfum og heimafélögum þeirra. Framleiðsluráðið hefur heimild til þess að gera þetta án þess að spyrja um það. Ég get vel gengið inn á, að þetta sé nauðsynlegt á þeim svæðum, þar sem mikið er um mjólkursölu til neyzlu, en ekki þar sem sáralítið er selt. Ég vil ekki, að Framleiðsluráð hafi þar heimild til þess arna. Og þó því aðeins álít ég, að Framleiðsluráð eigi að hafa leyfi til að framkvæma þetta, að það liggi fyrir samþykktir frá félagsfundum eða a. m. k. stjórnum félagasamtakanna um, að þetta sé leyfilegt, það sé ekki hægt að gera þetta nema í samráði við þau. Ég skil það ofur vel, að þar sem mikil neyzlumjólkursala er, eins og hér á Reykjavíkursvæðinu, sé þetta nauðsynlegt, en þetta á að framkvæmast í samráði við þá, sem framleiða mjólkina, en ekki að fá einhverjum 4—5 mönnum alræðisvald í þessum málum. Þar, sem mjólk er aðallega unnin, er hrein og bein heimska að gera þetta. Það er ekki einhlítt að hækka vöruna endalaust. Nú þurfa bændurnir að breyta til, tæknin hefur vaxið og framleiðnin aukizt. Bændur hafa unnið stórvirki á því sviði, en nú þarf að fara að breyta til, nú þarf að fara að hugsa um að reka þetta af meiri hagsýni, því að við sjáum, að það er ekki einhlítt að hækka vöruna. Það eru takmörk fyrir, hvað neytendurnir vilja borga fyrir hana, og svo þegar þarf að flytja nokkurn hlut út, þarf náttúrlega að athuga þá hluti. Þess vegna verða bændur að fara að athuga þá hliðina líka að reyna að spara sem mest í rekstrinum. Það er miklu ódýrara að framleiða sumarmjólk en vetrarmjólk, og þar sem nær eingöngu er unnið úr mjólkinni, er ekki nema sjálfsagt að gera það. Það, sem við fyrst og fremst eigum að spara í búrekstrinum, eru fóðurbætiskaupin.

Ég get vel gengið inn á það, að frv. þetta sé að ýmsu leyti til bóta, en heldur finnst mér, að þeim góðu mönnum hafi yfirsézt í messunni fyrir hönd bænda. Vil ég nefna þar 5. gr. frv., sem virðist eiga við 4. gr. l. Annars finnst mér einkennilegt að prenta frv. ekki í heilu lagi fremur en að bæta þessu inn í gömlu l. Hefði frv. verið prentað í heild, væri mun auðveldara að átta sig á því. Ég skil ekki, að það hefði kostað svo mikla fyrirhöfn. En náttúrlega er hægt að bera þetta saman og við gerum það að sjálfsögðu í n. En hér er sagt í 5. gr.:

„Í verðlagsgrundvelli skal, sbr. ákvæði 6. gr., tilfæra ársvinnutíma bóndans, skylduliðs hans og hjúa á búi af þeirri stærð, sem miðað er við hverju sinni, og virða vinnutíma til samræmis við kaupgjald verkamanna, sjómanna og iðnaðarmanna, eins og það er við upphaf hvers verðlagstímabils."

Ég man ekki alveg gömlu l. Er þetta eins og það var í gömlu l. eða er þetta allt nýmæli, þetta orðalag? En það hefur víst verið svoleiðis, að það hefur verið reynt að

reikna út eftir framtölum á skattskrá vinnulið bóndans. Ef á að fara þá leið að taka þetta algerlega raunhæft miðað við þau bú, sem gera búreikninga, getur það breytt dálitlu, en ég held, að það sé dálítið erfitt að virða raunhæft vinnutíma sveitafólks, ef það á að líta eftir tíma sínum sjálft. Þetta er unnið svona á ýmsum tímum sólarhringsins og atvinnan er þannig, að það verður dálítið erfitt. Þó verður þetta vafalaust hægt t. d. á tilraunabúi. Ég geri ráð fyrir, að við athugum þetta nánar í n., berum það saman við eldri l. Þetta er þó ekki aðalatriðið. En svo segir áfram í gr., að þetta eigi að miða við kaupgjald verkamanna, sjómanna og iðnaðarmanna, eins og það er við upphaf hvers verðlagstímabils. Svo heldur gr. áfram:

„Eigi skal þó taka til viðmiðunar ákvæðisvinnu verkamanna og iðnaðarmanna né aflahlut sjómanna."

Það á að miða við verkamenn, iðnaðarmenn og sjómenn, en þó má ekki taka til greina við viðmiðunina ákvæðisvinnu verkamanna og iðnaðarmanna né aflahlut sjómanna. Og formaður A. S. Í. sagði hér áðan, að það væri heppilegra fyrir bændur, að ekki væri miðað við aflahlut sjómanna, hann gæti bara orðið svo lágur. En þarna er sagt, að miða eigi við kaupgjald sjómanna, en bara ekki aflahlut þeirra, m. ö. o., kaupgjald sjómanna yrði tryggingin og það getur aldrei orðið minna en tryggingin. Þess vegna getum við ekki grætt á því að miða ekki við aflahlut sjómanna. Þarna kemur inn nýtt atriði, sem er ákaflega flókið og nær óframkvæmanlegt. En það er bara ómögulegt fyrir bændur að græða á þessari breytingu, því að þeir hafa aðeins lágmarkskaup sjómannsins. Þótt sjómaðurinn fiski ekki neitt, getur kaup hans aldrei orðið lægra en tryggingin. Og það á að miða við hana eftir þessu, það er ekki hægt annað, því að ekki má miða við aflahlutinn. Alveg eins er með iðnaðarmenn, það er nær enginn iðnaður í landinu nema með ákvæðisvinnu og það er ekki verið að tala um uppmælingar, það er bara sagt hér ákvæðisvinnu verkamanna, iðnaðarmanna og aflahlut sjómanna. Við vitum það með allan uppslátt t. d. hér á húsum, það er allt ákvæðisvinna. Þeir vinna vafalaust vel, en þeir hafa svona 10—14 hundruð á dag, hugsa ég, smiðirnir. Sama er með steypuvinnuna, sama er með múrhúðunina, sama er með málninguna. Til hvers er verið að miða við iðnaðarmenn, ef ekki má miða við það kaup, sem þeir raunverulega hafa? Er þá ekki bara bezt að segja, að það eigi að taka tímakaup óbreytts verkamanns eða tímakaup iðnaðarmanns? Það dettur engum iðnaðarmanni í hug hér í þéttbýlinu að vinna fyrir venjulegt tímakaup. Ég held, að þetta fari að vera dálítið skrýtin viðmiðun. Svo er það ákvæðisvinna verkamanna, t. d. í frystihúsunum færist hún ört í vöxt. Það má vera, að það teldist nú iðnaður, það er ákvæðisvinna þannig að bóndinn gæti orðið langtum kauplægri en einhver konan, sem ynni ákvæðisvinnu í frystihúsi. Ég sé ekki, hvað þetta á að þýða, að miða við þessar stéttir og þó má ekki miða við það kaup, sem þær raunverulega hafa.

Ég skal játa það, að kjör sjómannsins eru önnur en bændanna, lífskjör þeirra. Þeir eru fjarri heimilum sínum og þeir eyða á þann hátt miklu meiri peningum og ég gæti fyrir mitt leyti fallizt á það að undanskilja þá. En ég sé enga ástæðu til þess að taka aðeins tryggingu þeirra. Ef ekki má miða við hinar raunverulegu tekjur þeirra, þá sé bezt að þurrka þá alveg út, og það væri þá miklu nær að miða við það fólk, sem vinnur þjónustustörf í landinu, launafólk landsins, því að það er orðin svo fjölmenn stétt og hefur að því leyti svipuð kjör og bændur, að það getur dvalizt á heimilum sínum. En eins og þetta er þarna, sé ég ekki annað en það sé tóm vitleysa. Það á að miða við iðnaðarmenn og sjómenn og verkamenn, en megnið af þessum mönnum er komið í ákvæðisvinnu, og það má ekki miða við ákvæðisvinnu, þannig að ég sé ekki annað en samkv. þessu lagafrv. sé það bara algerlega tryggt, að bændur séu lægst launuðu mennirnir í landinu. Útilokað annað. Þeir eru með svipað kaup og mennirnir, sem vinna að gatnagerðinni, sem eru líklega þeir allra lægst launuðu.

Ég þekki til í vissum þorpum fyrir norðan, þar sem sjósókn er, og ég hef ekki trú á, að sjómenn líti við venjulegu verkamannakaupi. Þeir hafa meira upp úr að vera á hafinu, jafnvel þótt þeir séu á handfæraveiðum, ég tala nú ekki um grásleppuna. Ég hef ekki verið kröfuharðari fyrir bændur en aðrir menn og ekki hávaðasamur á því sviði, en þarna sýnist mér vera lætt inn ákvæðum, sem tryggja það, að þeir séu lægst launaða stétt landsins, og Ed. og þessi blessuð n. hafi látið þetta fram hjá sér fara. Og þetta eru nákvæmlega þær toppkröfur, sem hæstv. menntmrh. hefur verið að fara fram á hér. Bændur mættu ekki njóta þess, ef aflaðist vel. (*Gripið fram í.*) Ha, þetta er frá ríkisstj., já. N. hefur, að mér skilst, samþ. þetta. Ég heyrði ekki á ræðumanni hér áðan, að hann hefði nokkurn hlut við þetta að athuga. Hér er í raun og veru lögbundið, að bóndinn hlýtur að verða með eitthvað svipað kaup og gömlu mennirnir, sem eru að pjakka við að moka snjó hér á götunum og eitthvað þvíumlíkt, því að þeir eru raunverulega einu mennirnir hér í þéttbýlinu, sem vinna fyrir venjulegt tímakaup. Venjulegt tímakaup kemur bara yfirleitt ekki til greina núna, og ábyggilega lækkar kaupið nú ekki, þegar állinn er kominn, því að þá verður enn meiri eftirspurnin, þannig að ég sting nú við fótum, ef ég á að greiða atkv. með þessu svona orðuðu, og ég er dálítið hissa á Ed. að láta þetta fara fram hjá sér. Ég er nú enginn vitgarpur, en rek þó augun í þetta.

Þetta voru aðalveilurnar, sem ég hef rekið augun í, en ég hef ekki borið frv. nákvæmlega saman við eldri l. og ekki farið nógu ýtarlega gegnum það, svo að það getur vel verið, að það sé fleira. En þarna sé ég ekki annað en bændum séu fengin þau forréttindi að verða lágt launaðir og fyrri hl. gr. geti valdið óendanlegum deilum um vinnutíma fólksins í dreifbýlinu, því að það er sannleikur, að þó að bóndinn sé bundinn yfir búi sínu, eru vissir dagar í árinu, sem hann vinnur enga 8—10 tíma, en svo eru aftur aðrir dagar, sem hann vinnur miklu meira, og svo koma sunnudagar þar að auki, svo að það er dálítið erfitt að hverfa frá þessu, þannig að hann hafi svipuð kjör og aðrar stéttir. Það á að fara að miða við tímakaup bóndans eða tímavinnu réttara sagt, og svo er kaupið bundið við algert lágmark, lágmark, sem ekki er yfirleitt gildandi nú á vinnumarkaðinum nema rétt í einstaka stað.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 20:1 atkv. og til landbn. með 21 shlj. atkv.

Á 80. fundi í Nd., 28. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 571, n. 594 og 606).

Frsm. meiri hl. (Jónas Pétursson): Herra forseti. Frv. þetta um breyt. á l. um Framleiðsluráð landbúnaðarins hefur legið fyrir hv. landbn. þessarar d. og svo sem fram kemur á nál., sem hér liggur fyrir, varð hún ekki á eitt sátt um afgreiðsluna. Hv. þm. Hannibal Valdimarsson skilar séráliti, og mun það reyndar ekki koma þdm. á óvart, og leggur til, að frv. verði fellt. En meiri hl. n., aðrir 6 nm., stendur sameiginlega að áliti, þar sem hann leggur til, að frv. verði samþ. Að vísu skrifar einn þeirra, hv. 5. þm. Norðurl. v., undir nál. með fyrirvara og hefur áskilið sér rétt til að flytja brtt.

Þegar mál þetta var lagt hér fyrir til 1. umr. af hæstv. landbrh., fylgdi hann því úr hlaði með ýtarlegri ræðu og reyndar í báðum hv. þd., þar sem hann skýrði bæði efni þess og aðdraganda allan, en svo sem kunnugt er fór þannig á s. l. hausti, að rofið var af hálfu A.S.Í. það samkomulag, sem hafði verið um verðlagningu innan Sexmannanefndar, og afleiðingin varð sú, að sett voru brbl. sem verðlagningin byggðist þá á. Í framhaldi af því var svo skipuð af ríkisstj. hálfu sjö manna n., þar sem hvor aðili, neytendur og framleiðendur, lagði til sína þrjá hvor, en formaður n. var Ólafur Björnsson prófessor og alþm. Segja má, að það frv., sem hér liggur fyrir, sé í megindráttum árangur af starfi þessarar n. Það hefur orðið samkomulag meðal 6 nm. um þær breyt., sem felast í þessu frv., og með hliðsjón af því, að hér er, svo sem þm. vita, um allerfitt úrlausnarefni að ræða, sem hefur kostað mikið samningaþóf, og með hliðsjón af því, að það hefur orðið samkomulag um þær breyt., sem í þessu frv. felast, leggur n. sem sagt til, að frv. verði samþ.

Ég sé ekki ástæðu til að flytja nánari ræðu um þetta á þessu stigi, en vitna til þeirra skýringa og framsögu, sem hæstv. landbrh. flutti hér við 1. umr. málsins.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Hv. 5. þm. Vestf. (HV), sem gefið hefur út nál. um málið á þskj. 606, er ekki viðstaddur hér, eins og stendur, en ég tel alveg víst, að hann hefði hér gert grein fyrir afgreiðslu málsins í n. af sinni hálfu. En e. t. v. verður hann nú kominn hér áður en umr. lýkur. Ég mun ekki ræða hér um málið af hans hálfu, heldur langaði mig til þess að segja hér nokkur orð almennt um þetta mál og lýsa nokkuð minni skoðun eða afstöðu til þess.

Með frv. þessu er verið að gera ráðstafanir til þess að taka að nýju upp það fyrirkomulag um verðlagningu á landbúnaðarafurðum, sem í gildi hefur verið nú um nokkra hríð, og þó með nokkrum breytingum. Eins og skýrt hefur komið fram hér í umr. um málið, rofnaði grundvöllurinn fyrir verðlagningu landbúnaðarafurða á s. l. hausti, þar sem einn af þeim aðilum, sem áttu að standa að Sexmannanefndinni, sem sé A.S.Í., lýsti því yfir, að það vildi ekki eiga fulltrúa í þessari n. lengur og teldi ekki lengur vera grundvöll til þess að standa að verðlagningunni á þann hátt, sem gert hafði verið þá um nokkurra ára bil.

Nú hefur komið fram í þessum umr. einnig, að afstaða A.S.Í. í þessum efnum er óbreytt. Það er því ekki um það að ræða að setja upp sexmannanefndarskipulagið að nýju, byggt á þeim grundvelli, sem áður var. Þeir, sem standa að þessu frv., gera sér að sjálfsögðu fulla grein fyrir því, að þeir eru hér að móta allt annað skipulag en ríkjandi hefur verið samkv. lögum. Það á að vísu að koma ný Sexmannanefnd, en það er alveg augljóst, að það er ekki hægt að tala um það, að viðsemjendur fulltrúa bænda um verðlagsmálin verði þeir fulltrúar neytenda, sem miðað hefur verið við fram til þessa. En það er vitanlega hægt að halda í meginatriðum þessu kerfi, sem verið hefur, á þann hátt, að alltaf séu til einhverjir sex menn í nefnd, sem eigi að þinga um verðlagsmálin. En hinu verður að sjálfsögðu ekki neitað, að það er horfið frá þeim grundvelli, sem byggt hefur verið á í þessum málum nú um langa hríð.

Ég tel, að það hafi verið ofur eðlilegt, að til þess leiddi, að taka þurfti til endurskoðunar það skipulag, sem var á verðlagsmálunum, áður en það rofnaði nú á s. l. hausti. Það var ekkert um það að villast, að upp var komin mikil óánægja með þetta skipulag bæði í hópi bænda og í samtökum verkalýðsfélaganna í landinu, sem þarna var stærsti mótaðilinn.

Það var auðvitað alveg ljóst, að eftir að þær breyt. voru gerðar á efnahagsmálum landsins, sem ákveðnar voru með efnahagslögunum árið 1960, og ákveðið var, að ekki mætti miða útreikninga á kaupgjaldi við verðlagsvísitölu lengur, hlaut vitanlega til þess að koma, að þetta gamla skipulag fengi illa staðizt. Þetta kom mjög greinilega fram í ritum bændasamtakanna, en þar var því beinlínis lýst yfir, að það væri skoðun margra í röðum bænda, að með þeirri lagasetningu hefði verið kippt grundvellinum undan því samstarfi, sem annars gat átt sér stað samkv. framleiðsluráðslögunum áður, því að þegar það var orðið þannig, að launþegar höfðu samið jafnvel upp úr vinnudeilu um tiltekna launahækkun og síðan kom á eftir sem beinn fylgifiskur ákveðin hækkun á landbúnaðarvörum, sem vitanlega tók þá aftur til baka talsverðan hluta af þeirri kauphækkun, sem um hafði verið samið, hlaut það að leiða til þess, að óánægja skapaðist í röðum launþega, sem þá áttu ekki lengur neinn rétt til þess að fá laun sín bætt að nýju vegna hækkunarinnar á landbúnaðarafurðum. Eins og ég segi, hafði komið fram mjög greinilega í ritum bænda full viðurkenning á þessu. Reynslan varð líka sú, að það var ekki hægt að standa að verðlagsmálunum á eftir í Sexmannanefnd nema með mestu hörmungum, og það var greinilega um vaxandi úlfúð að ræða á milli bænda og launþega í þorpum og kaupstöðum, eftir að svona hafði verið skipað málum.

Af hálfu bænda komu fram ítrekaðar samþykktir úr ýmsum áttum um það, að breyta yrði gildandi lögum um verðlagsmál. Og hvað eftir annað komu fram kröfur um það, að bændur fengju óskoraðan samningsrétt um mál sín en ekki slíkan takmarkaðan rétt, sem þeir byggju við með ákvæðunum um yfirnefnd samkv. gamla skipulaginu.

Í þessum efnum vil ég m. a. vitna til þess, að sam-

þykkt var gerð á búnaðarþingi árið 1961, þar sem m. a. er sagt um þetta mál orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Skoraði þingið því á stjórn Stéttarsambands bænda að semja frv. til l. um breyt. á nefndum lögum (þ. e. a. s. um verðlagningarmálin), er tryggi aukinn rétt bænda í þessu efni og skapi landbúnaðinum jafnréttisaðstöðu við aðra atvinnuvegi."

Að þessari samþykkt stóð m. a. forseti Stéttarsambands bænda, sem nú er, Gunnar Guðbjartsson. Úr ýmsum áttum komu aðrar og jafnvel enn þá háværari samþykktir frá bændasamtökum í landinu um það, að ekki yrði lengur unað við það skipulag í þessum málum, sem bændastéttin þá bjó við, sem sagt það, að komið gæti til úrskurðar yfirnefndar um það, hver verðlagningin á landbúnaðarvörum yrði hverju sinni.

Það er því ekkert um að villast, og er hægt að færa fram mörg sönnunargögn um það, að í röðum bænda voru orðnar uppi sterkar kröfur um það að fá breytingar á þessu verðlagsfyrirkomulagi, og óánægja þeirra með verðlagninguna ár eftir ár var slík og síðan málflutningur fulltrúa þeirra, sem að verðlagsmálunum höfðu staðið, að það gat ekki leitt til annars en þess, að það hitti ýmsa af forustumönnum verkalýðssamtakanna, sem m. a. höfðu þarna verið við samningaborðið, og því miður hafði ekki tekizt samkomulag á milli þessara aðila um niðurstöðu í verðlagsmálum. Þetta leiddi síðan til þess, að A.S.Í. tekur þá afstöðu, að það óskar eftir því að draga fulltrúa sinn til baka og vera ekki aðili að þessum verðlagsmálum lengur, og grundvallarástæðan til þess, að þetta er gert, er sú, að forustumenn verkalýðssamtakanna vilja ekki eiga hlut að því, að það skapist fullur fjandskapur á milli vinnandi fólks í sveitum landsins og vinnandi fólks við sjávarsíðuna eða í þéttbýlinu. Ég skal taka það fram í þessu sambandi, að það hefur lengi verið skoðun mín, að það væri æskilegt að efla samstöðu með vinnandi fólki í sveitum landsins og hinu, sem vinnur við sjávarsíðuna, og einnig varðandi verðlagsmál landbúnaðarins þyrfti einmitt að nást samstaða með þessum aðilum, en það verður þá að vera grundvöllur fyrir því, að hægt sé að standa að lausn þeirra mála á þann hátt, að æskileg samstaða geti orðið. Sú reynsla, sem við höfum af verðlagsmálunum á þessum síðustu árum, eða því, hvernig að þeim var staðið og hvernig þau gengu, var sannarlega ekki á þann veg, að hún yki á samstarf þessara stétta, heldur þvert á móti.

Þegar þessi mál voru komin svona, var ofur eðlilegt, að það sjónarmið kæmi upp meðal forustumanna í verkalýðshreyfingunni að taka undir þær óskir, sem mjög höfðu komið fram frá bændum, og bjóðast til þess að standa með því, að þeir fengju fullan samningsrétt um mál sín og semdu við þá aðila um verðlagninguna, sem eðlilegast væri að semja við, eins og málum var þá komið. Það er að vísu rétt, að sú breyting hefur aftur orðið á, að verkalýðshreyfingin í landinu knúði það fram, að vísitölutrygging á kaup var aftur tekin upp. En þó að það fengist, sem skapaði talsvert betri aðstöðu þó, til þess að vinna að þessum málum á gamla grundvellinum, þá er ekkert um það að villast, að verðlagsmálin í landinu, almennt séð, voru orðin þannig, að það var mjög erfitt að komast hjá því að eiga beina samninga við ríkisvaldið í hvert skipti, sem átti að ganga frá verðlagsmálum landbúnaðarins, enda varð líka reynslan sú nú á síðustu árum, að það var ekki hægt að ganga frá ákvörðunum um verð á landbúnaðarvörum án þess að eiga þýðingarmikla samninga um leið við ríkisstj. um ýmsar hliðarráðstafanir. En þegar málin höfðu skipazt á þennan hátt, bregður svo undarlega við, að ýmsum þeim mönnum í röðum forustumanna bændastéttarinnar, sem óánægðastir höfðu verið með verðlagninguna ár eftir ár og gert grein fyrir sérafstöðu sinni og þeirri gífurlegu óbilgirni, sem komið hefði fram af hálfu fulltrúa neytenda, og mjög haldið á lofti því, að bændastéttin jafnvel ein allra í landinu byggi við raunverulegan gerðardóm í kaupgjaldsmálum sínum, snýst allt í einu hugur, og þeir vilja fyrir alla muni halda í gamla kerfið og jafnvel standa að því að þvinga þann aðila inn að samingaborðinu á móti sér, sem mest hafði verið kvartað undan viðskiptunum við áður. Þetta verð ég að segja, að er alveg furðuleg afstaða í mínum augum.

Ég skil mætavel afstöðu hæstv. landbrh., þegar hann vill gjarnan hafa Sexmannanefnd áfram í eitthvað svipuðum búningi og hún var, til þess að hann eigi svolítið betra með að skjóta sér undan hinni beinu ábyrgð í þessu vandasama máli. Hann vill síður mæta fulltrúum bændastéttarinnar við samningaborðið og bera beina ábyrð á samningunum við bændastéttina um verðlagningu landbúnaðarafurða. Hann vill gjarnan hafa einhvern stuðpúða fyrir sér til að taka svona af sér mestu erfiðleikana í þessu efnum. Ég ásaka hann ekki fyrir þetta, síður en svo. Ég skil hans afstöðu mætavel. En afstöðu ýmissa fulltrúa Framsfl. í málinu skil ég ekki með neinu móti og allra sízt á þann hátt, sem afstaða þeirra kemur nú fram í sambandi við stuðninginn við það frv., sem hér liggur fyrir.

Ég tek undir þá skoðun, sem hér hefur komið fram, að langeðlilegast sé, eins og þessum málum er háttað nú í okkar landi, að við tökum upp nokkuð svipað skipulag varðandi ákvörðunina í verðlagsmálum eins og er í gildi í Bretlandi og Noregi. Upplýst er, að þar eiga sér stað samningar á milli samtaka bænda annars vegar og ríkisvaldsins hins vegar. Þetta hefur hvað eftir annað verið undirstrikað, m.a. í ritum þeim, sem gefin eru út á vegum bændastéttarinnar hér á landi, og þá hefur alltaf verið skrifað um þetta sem tiltölulega æskilegt fordæmi. Þar væri viðurkenndur samningsréttur bænda á alveg ótvíræðan hátt, en hér væru þeir undir þá sök seldir, að ákveðinn yfirdómur gæti ákveðið þeim verðið. En þegar tillögur koma nú fram um það að taka upp skipulag, sem byggt yrði á þessum grundvelli, ja, þá bregður svo við, að þeir fulltrúar, sem áður höfðu mjög fundið til gallanna á því skipulagi, sem við höfum búið við og verið óánægðir með framkvæmdina, geta ekki hugsað sér að taka upp slíkt skipulag, en vilja reyna að þvinga fram gamla skipulagið á nýjan leik, jafnvel þó að þeir viti það, að stærsti aðilinn, sem hefur verið við samningaborðið með þeim, sem sagt fulltrúi A.S.Í., fáist ekki til þess að vera þar við samningaborðið lengur.

En það er meira einkennilegt í þessum málum en það, sem ég hef hér gert aðallega að umtalsefni, og það er einnig varðandi þann búning, sem frv. það, sem hér liggur fyrir, hefur, því að þar er þó gert ráð fyrir

nokkrum breytingum á því fyrirkomulagi, sem gilt hefur í þessum efnum. Það á að vísu að vera Sexmannanefnd, sem á að fjalla um samkomulag, en nú er lagður með þessu frv. nokkuð annar grundvöllur en áður var. Áður hafði verið gengið út frá því, að verðlagningin skyldi fara fram á þeim megingrundvelli, að launakjör bænda yrðu í sem nánustu samræmi við launakjör verkamanna, iðnaðarmanna og sjómanna í landinu, og tiltölulega fastar reglur höfðu skapazt um það, hvernig finna átti út laun þessara stétta og hver viðmiðunin skyldi vera um laun bændanna hverju sinni. Nú er hins vegar lagt til að hverfa frá þessum grundvelli og skv. 5. gr. frv. á grundvöllurinn nú að vera þessi:

„Í verðlagsgrundvelli skal, sbr. ákvæði 6. gr., tilfæra ársvinnutíma bóndans, skylduliðs hans og hjúa á búi af þeirri stærð, sem miðað er við hverju sinni, og virða vinnutíma til samræmis við kaupgjald verkamanna, sjómanna og iðnaðarmanna, eins og það er við upphaf hvers verðlagstímabils. Eigi skal þó taka til viðmiðunar ákvæðisvinnu verkamanna og iðnaðarmanna né aflahlut sjómanna."

Hér er um mjög mikla efnisbreytingu að ræða. Það fer auðvitað ekkert á milli mála, að þau viðmiðunarlaun, sem gengið hefur verið út frá, hafa að talsverðu leyti verið jafnhá og þau hafa verið vegna þess, að heildarlaun verkamanna, sjómanna og iðnaðarmanna hafa verið lögð til grundvallar, þ. e. a. s. það kaup, sem kemur út úr yfirborgunum fram yfir kauptaxta eða kaupsamninga, eða það kaup, sem kemur fram vegna uppmælingartaxta eða hins tiltölulega háa aflahlutar sjómanna, sem nú hefur verið í nokkur ár. En nú á sem sagt að slá því föstu, að viðmiðunarkaupið verður ekki þetta. Það á að vera hið umsamda tímakaup verkamanna, sjómanna og iðnaðarmanna. Það skal ekki taka tillit til aflahlutar sjómanna. Ja, ég vek aðeins athygli á því, að hér er greinilega verið að slá því föstu, að viðmiðunin á að vera á lægra stigi en verið hefur áður. Og þegar menn hafa svo það einnig í huga, að kauphækkun bæði verkamanna og iðnaðarmanna hefur nú síðustu árin að langmestu leyti komið einmitt fram samkvæmt ýmsum launagreiðslureglum, sem ekki falla inn í hið tiltekna kaup fyrir hvern vinnutíma, þ. e. a. s. allverulegur hluti af launum hefur fengizt eftir yfirgreiðslureglum eða uppmælingartöxtum eða öðru slíku eða bónus-fyrirkomulagi, þá er vitanlega alveg augljóst mál, að hér er beinlínis stefnt að því að miða við lægra kaup en áður hefur verið. Ég á líka von á því, að þetta sé meining fulltrúa Alþfl., þeir þykist hafa náð þessum árangri í samningunum. En hins vegar koma svo þeir, sem tala hér sérstaklega fyrir hönd bænda, og ég á líka von á því, að þeir segi, að þeir hafi nú ekki verið að semja um lægri viðmiðunargrundvöll en áður hefur verið, m. a. vegna þess, að í þessari gr. er það að finna, að nú skuli tilfæra í sambandi við verðlagninguna ársvinnutíma bóndans og skylduliðs hans við búið og það skuli virða vinnutímann til samræmis við kaupgjald verkamanna og iðnaðarmanna. En hver veit, hvað þetta þýðir? Hefur nokkur reynzt fær um að skýra það hér í þessum umr.? Hver vill skýra þetta? Ég fyrir mitt leyti er ekki í neinum vafa um skýringuna. Ég veit það, að einn aðilinn, sem stendur að þessu samkomulagi, meinar þetta og annar meinar hitt. **(Gripið fram í:** Hvað meinar þú?) Ég á ekki að bera ábyrgð á þessu ákvæði, ég hef ekki sett það hér inn í frv. Þeir ættu að segja, hvað þeir meina, sem að þessu frv. standa. Ég skal fyllilega játa það, að ég veit ekkert, hvað á bak við þetta er, og ég er sannfærður um það fyrir mitt leyti, að í sambandi við þetta ákvæði kaupir bændastéttin köttinn í sekknum. Hún veit ekkert, hvað í þessum sekk er.

Það er vitanlega hægt að deila lengi um það, hvort það viðmiðunarkaup, sem gengið hefur verið út frá á undanförnum árum í sambandi við verðlagninguna á landbúnaðarafurðum, hefur verið of hátt eða of lágt. Ég fyrir mitt leyti er þó á þeirri skoðun, að það sé enginn vafi á því, að reynslan hafi leitt í ljós, að það kaup, sem bændastéttin hefur borið úr býtum miðað við þessa verðlagningu, hefur, þegar á meðaltalið er litið, reynzt lægra en hjá viðmiðunarstéttunum. Ég vil þó ekki taka undir þau orð, sem sumir fulltrúar bænda hafa látið frá sér fara um þetta raunverulega kaup, sem hafi komið út úr verðlagningunni til handa bændum, þar sem þeir hafa dregið sínar ályktanir af skýrslum Hagstofunnar um þessi efni. Ég tel, að þær ályktanir, sem ýmsir fulltrúar bænda hafa dregið af þeim, séu rangar, en hitt segi ég sem mína skoðun, að það muni þó vera þannig, að það kaup, sem bændur hafa að meðaltali fengið á liðnum árum út úr verðlagningunni, hafi raunverulega legið nokkuð fyrir neðan það, sem viðmiðunarstéttirnar hafa haft. Ég tek því það fram sem mína skoðun, að ég sá enga ástæðu til þess og sé enga ástæðu til þess að fara að breyta viðmiðunarreglunni frá því, sem verið hefur.

Ég hef heyrt hér þær skoðanir settar fram áður, að það sé ekki eðlilegt að taka með inn í meðaltalsútreikninginn, þegar viðmiðunarkaupið er fundið, aflahlut sjómanna, vegna þess að hann geti farið upp, geti hækkað mikið, þegar um aflahrotur sé að ræða. Jú, það er nú svo, að það getur vissulega átt sér stað. En ég er á þeirri skoðun, að það sé eðlilegt að taka kaup sjómanna eins og það kemur inn í viðmiðunina, og það sé engin ástæða til að fella þar niður aflahlutarkaupið fremur en annað. Eins og verðlagningin hefur verið byggð upp, er þetta ekki aðeins hagnaður fyrir bændurna. Það er rétt, að það er vitanlega hagnaður fyrir þá við verðlagninguna, þegar kaup sjómanna hækkar mikið vegna hagstæðs afla. En svo kemur aftur hitt, að það getur vitanlega hlaupið á snærið hjá bændum líka. Það getur komið góðæri til landsins ekki síður en til sjávarins. Framleiðsla landbúnaðarins getur stórvaxið á einu ári vegna góðæris. Kjötframleiðslan getur stórlega aukizt á einu ári bara vegna þess, að meðalþungi dilka er mun hærri á einu ári en öðru. Og jarðargróður getur líka stórlega aukizt. Og þegar það gerist, er líka tekið fullt tillit til þess við næstu verðlagningu og þá fá ekki bændur að njóta þessa einir sér, því að í næstu verðlagningu er einmitt miðað við það, að meðalbúið hafi skilað meira en áður var, og þetta er því algjörlega gagnkvæmt út af fyrir sig.

Í mínum augum er spurningin aðeins þessi: Er það réttmætt og er það framkvæmanlegt að reyna að tryggja bændunum í landinu sambærilegt kaup við það, sem aðrar vinnustéttir hafa? Ég held, að þrátt fyrir ýmsa erfiðleika í sambandi við okkar landbúnað, sé hægt að

tryggja bændum þetta kaup. Og þó að við verðum í ýmsum tilfellum að taka á okkur nokkuð hátt verðlag á landbúnaðarafurðum, lít ég þannig á, að talsverður hluti af því sé hreinlega dreifbýlisvandamál, sem verður að borga. Flestar þjóðir, sem reyna að glíma við hliðstætt vandamál hjá sér, verða að verja umtalsverðum fjármunum til þess. Sums staðar í slíkum strjálbýlis- eða harðbýlishéruðum landanna er það t. d. beinlínis ákveðið, að hið almenna kaupgjald skuli vera miklu hærra á hverja einingu en annars staðar. Ég álít því fyrir mitt leyti, að þó að þurft hafi að leggja nokkuð á sig til þess að standa hér undir tiltölulega háu landbúnaðarvöruverði á undanförnum árum, þá hafi íslenzka þjóðarbúið ekkert látið of mikið til íslenzku bændastéttarinnar, þegar á allt er litið.

Ég veit, að það eru til ýmsir menn og jafnvel heilir flokkar, sem halda, að þeir slái einhverjar pólitískar keilur á því að segjast vilja skammta bændum minna en gert hefur verið. En ég fyrir mitt leyti tek ekkert undir slíkan söng. Ég álít, að hann sé mjög óeðlilegur og rangur. En það hefur nú gerzt í sambandi við þetta stóra hagsmunamál bænda, að nú hafa allt í einu orðið ásáttir þeir aðilar, sem mest hafa óskapazt út í stuðninginn við bændastéttina og hið háa landbúnaðarvöruverð, þeir, sem í tíma og ótíma hafa haldið ræður um vandamál landbúnaðarins, og svo hinir, þessir sjálfstimpluðu bændavinir í ýmsum flokkum, nú hafa þeir orðið ásáttir um það frv., sem hér liggur fyrir. Og það er þá byggt á þeim grundvelli m. a. að ákveða fyrir fram, að viðmiðunarkaupið, sem á að miða kaup bóndans við, skal vera lægra en það hefur verið og inn í þá viðmiðunarupphæð skal ekki ganga sú kauphækkun, sem sannanlega hefur orðið til verkamanna, iðnaðarmanna og sjómanna, en fer hins vegar ekki fram í gegnum kauptaxtana sjálfa. Ef hún fer fram eftir samningum um bónuskerfi, uppmælingarkerfi eða annað slíkt, sem meiri hlutinn af kauphækkuninni er farinn að gera nú, skal ekki tekið tillit til þess samkv. því frv., sem hér liggur nú fyrir.

Það er því í mínum augum alveg furðulegt, að til skuli vera þeir forsvarsmenn bændastéttarinnar, sem nú vilja neita því að fylgja eftir þeim samþykktum, sem ýmis bændasamtök hafa verið að gera á undanförnum árum, að vinna að því að tryggja stéttarsamtökum bændanna fullan og óskoraðan samningsrétt um verðlagsmálin og á þann hátt koma bændastéttinni undan því að þurfa að búa við gerðardómsákvæði, gerðardómsákvæði yfirn., og um leið að leggja það á sig að vilja taka upp skipulag, sem allt bendir til að verði bændastéttinni stórum óhagstæðara en það, sem þó var miðað við áður.

Ég vildi láta þessa afstöðu mína koma hér skýrt fram í sambandi við þetta mál. Ég tel, að eins og þessum málum hefur þokað fram að undanförnu, þá eigi að viðurkenna þá staðreynd, að grundvöllur gamla sexmannanefndarfyrirkomulagsins er hruninn, hann er ekki til staðar lengur. Þeir aðilar, sem þar var byggt á, treysta sér ekki til þess að standa að því lengur. Og þegar svo er komið, er ofur eðlilegt, að byggt verði upp skipulag, sem beinlínis geri ráð fyrir því, að bændastéttin fái samningsaðstöðu við þann eina aðila, sem raunverulega getur samið við hana um þessi mál, eins og nú er komið. Og ég vorkenni ekki fremur íslenzku ríkisstj. og landbrh. hér, en ríkisstj. í Noregi eða Bretlandi og kollegum hans þar að taka á sig þann vanda að standa í samningum við bændastéttina um þessi mál. Það er vitanlega sjálfsagt að reyna að byggja það skipulag upp þannig, að samningar geti átt sér stað á tiltölulega traustum upplýsingagrundvelli, m.ö.o. reynt að bæta upplýsingakerfið um rekstur landbúnaðarins og afkomu hans verulega frá því, sem að nú er. Og það held ég, að yrði líka gert, ef ríkisstj. yrði þarna beinn aðili að samningum, en þá held ég líka, að bændastéttin fengi nokkuð svipaða aðstöðu og aðrar stéttir hafa. Hitt er eins og hver annar fyrirsláttur, sem hér kom fram m. a. hjá hæstv. landbrh., að það sé ekki gott skipulag fyrir bændur að þurfa að semja við ríkið, vegna þess að ríkið sé svo sterkur aðili. Ég hygg, að launasamtökin í landinu verði nú m. a. að semja við ríkið í ýmsum greinum og stundum um mjög mikilvæga kaupgjaldsþætti, þar sem ríkið er alveg beinn samningsaðili. Og ég held, að þetta volduga ríki hafi ekkert kinokað sér við að koma fram að samningaborðinu á beinan eða óbeinan hátt, þar sem launþegarnir hafa átt í hlut. Og sé því slegið föstu fyrirfram með löggjöf, að tryggja skuli bændastéttinni hliðstæð launakjör við tilteknar atvinnustéttir, eins og verið hefur, þá ætla ég, að það sé ekkert of gott fyrir ríkisstj. að beita bændasamtökin í landinu óréttri í slíkum samningum. Takist ekki samningar á milli ríkisvaldsins og samtaka bænda, er vitanlega sjálfsagt, að samtök bænda búi við nákvæmlega hliðstæð kjör og samtök launþega í landinu. Þau geta vitanlega auglýst sitt verð á landbúnaðarafurðunum, ef þau vilja. Verkamenn eiga kost á því að auglýsa kaupgjaldstaxta sinn. Það getur hins vegar kostað talsvert að reyna að halda slíkri auglýsingu í fullu gildi. En þá sem sagt sæti bændastéttin nákvæmlega við sama borð og aðrar stéttir í þessum efnum og yrði vitanlega að vinna að sínum hagsmunamálum á eðlilegum stéttarlegum grundvelli. En feluleikur í þá átt, að verið sé að tilnefna, jafnvel með valdi, ákveðna aðila, sem eiga að semja við bændastéttina, og síðan er ákveðinn yfirdómur, sem getur fellt úrskurð, það er vitanlega ekki skemmtilegt fyrirkomulag, eins og greinilega hefur komið fram í afstöðu bænda.

Ég skal ekki að svo komnu máli lengja mál mitt frekar, en vildi gjarnan lýsa þessari almennu afstöðu minni til málsins.

Björn Pálsson: Herra forseti. Ég gerði nú varla ráð fyrir að tala í kvöld, því að það er orðið svo framorðið, og það er svo erfitt að koma mönnum í stemmningu, þegar þeir eru orðnir syfjaðir. Það var nú nefndarfundur hjá okkur, eins og gerist og gengur, í búnaðarmálanefnd, mál tekið fyrir, eins og venja er. Ég stakk upp á því, að við læsum greinarnar yfir og athuguðum þær eitthvað. Ég er nú mikill vinur form. n. og okkur kemur yfirleitt vel saman, sérstaklega í atvinnumálum og raunar í öllu. Ég bjóst því við, að samkomulagið yrði gott og þetta yrði rætt í bróðerni. Mér var tilkynnt, að það væri ekki til neins að vera að ræða þetta mál, það væri ákveðið og í því yrði engu orði breytt, hvað þá heilli setningu, svo að það varð úr, að hv. 5. þm. Vestf.

fór að lesa upp frv., sem hann var búinn að semja um þetta, og við sátum nú þegjandi og vorum svona að glugga í frv. hinir, nema hv. 2. þm. Sunnl., hann var næstur Hannibal og hann var alltaf að játa því, sem Hannibal las, og þegar hann var búinn að játa 40—50 sinnum, spurði ég hann, hverju hann væri að játa, og hann sagðist vera að játa því, að hann skildi það, sem Hannibal væri að lesa. Svona voru nú störfin hjá þessari n. Ég skrifaði undir með fyrirvara. Svo fór ég nú að lesa þetta betur og kynna mér þetta frv., og eins og þið vitið, hef ég gert lítið að því að deila á hæstv. landbrh. og ekki hef ég nú verið skammaður fyrir það af mínum flokksmönnum, en ekki a. m..k. hælt fyrir það. Ég hef borið honum frekar gott orð en hitt og talið hann vera vinveittan bændum, sem hann er og, og yfirleitt aldrei deilt við hann nema helzt út af skógræktarbeltunum um daginn, sem voru tóm vitleysa, enda frv. ekki samið af honum frekar en önnur frv.

Annars er það að verða furðulegt, þetta þing hjá okkur, því að yfirleitt eru málin ekki ákveðin hér. Á meðan Hermann Jónasson var stjórnarformaður, það var kölluð vinstristjórn á þeim árum, þá var talað um það, að samið væri um málin úti á götunni eða einhvers staðar svona við lýðinn, og ég var ekkert að hæla því. Ég álít það náttúrlega út af fyrir sig, að þingið hafi löggjafarvaldið og eigi náttúrlega að ráða, og það á ekki að semja við eina stétt frekar en aðra endanlega, það er sjálfsagt að hafa eins gott samstarf við stéttirnar og hægt er og taka tillit til þeirra. En það var mikið fundið að þessu og einkum af sjálfstæðismönnum, sem voru í stjórnarandstöðu þá, en nú sé ég ekki annað en afgreiðsla mála sé komin enn meira út fyrir þingsalina. Fjármálin eru yfirleitt ákveðin uppi í Seðlabanka, bæði gengismál, vaxtamál og yfirleitt bankamálin. Bændamálin eru ákveðin í einhverri n., sama er að segja um sjávarútvegsmálin, og við höfum eiginlega ekki nema einhver frv. að fjalla um, og þegar við fáum svo tilkynningu um, að engu orði megi breyta, þegar komið er á nefndarfundi, — ég veit nú ekki, hvaðan sú ordra hefur komið, hvort það er frá landbrh. eða stjórninni í heild, — sé ég ekki, að það hafi ákaflega mikla þýðingu, að halda þessa nefndarfundi. Það væri þá réttast bara, að ráðh. tilkynnti: Það verður engu breytt í viðkomandi frv. og þarf engan nefndarfund að hafa. — Nú, þetta er farið að breiðast út meðal þjóðarinnar, að þm. ráði engu og séu yfirleitt ekki til neins og þori ekki að segja meiningu sína. Þeir þori varla að hafa skoðun, því síður að halda henni fram og enn síður að fylgja henni eftir. Og ef þessu heldur áfram, sé ég ekki annað, ef eitthvað er eftir af virðingu fyrir þinginu, en hún hverfi með öllu. Ég sé ekki betur.

Jæja, ég fór nú að kynna mér þetta frv. og las grg. alla líka, og þá er þetta svo skrýtið, að þetta byggist aðallega á 5. gr., þar sem segir: „Við 4. gr. bætast 2 nýjar málsgr. svohljóðandi.“ Ég fór að lesa þetta, því að á því byggjast allar tekjur bóndans, og hæstv. 5. þm. Austf. ræddi dálítið um það áðan, og þá sé ég, að þetta er alveg nákvæmlega það sama og Sæmundur Ólafsson lagði til. Ég vil ekki deila á n. fyrir þetta. Nákvæmlega sama orðalagið og alveg eins og Sæmundur lagði til, að væri tekið upp, því að það hefur einhvern veginn verið athugunarleysi, að grg. hefur ekki verið breytt, þó að frv. hafi verið breytt, þannig að í grg. er gert ráð fyrir því að leggja skatt á fóðurbæti og þar er talað um þennan ágreining við Sæmund og hvað Sæmundur leggur til. Það er sérstakt álit frá honum, og það er alveg tekið upp í grg., en felldur niður fóðurbætisskatturinn, í stað þess er heimilt að leggja skatt á mjólkina, sem má nota til útflutningsuppbóta. Það, sem skeður, virðist vera samkv. þessu, að hæstv. landbrh. — ég hef nú oft dáðst að honum, og það dró nú ekki úr aðdáun minni á honum, þetta síðasta afrek — virðist hafa samið um það, eftir að n. lýkur störfum, að fella niður skattinn af fóðurbætinum, en skattleggja mjólkina og ganga að kröfum Sæmundar til þess að gera hann góðan. Nú gefur það auga leið, að það er skattlagt, sem kemur frá kúnni, en ekki það, sem hún étur. Mjólkin er skattlögð, en ekki fóðurbætirinn. Nú skulum við athuga í hverju þetta liggur. Það er af því, að sunnlenzku bændurnir gefa meiri fóðurbæti. Á búnaðarþingi voru deilur um þetta, þeir afsögðu fóðurbætisskattinn, og þeir afsögðu hann, af því að þeir gefa meiri fóðurbæti, og svo er þessu dembt á alla landsbyggðina og skaðar þá okkur vitanlega, sem gefum minni fóðurbæti.

En svo er ég nú ekki allra óánægðastur með þetta, heldur er ég óánægðastur með það, sem stendur í a-lið 2. gr., en þar er Framleiðsluráði heimilt að ákveða mismunandi hátt útborgunarverð til framleiðenda eftir árstímum og innheimta verðjöfnunargjald af innveginni mjólk. Framleiðsluráði er sem sagt gefin heimild til að ákveða mismunandi verð eftir árstíðum og innheimta verðjöfnunargjald af mjólk. Þið skuluð athuga það, að þarna eru tveir óskyldir liðir. Framleiðsluráði er gefin heimild til þess að segja við mjólkurfélögin: Þið hafið þetta hærra verð að vetrinum og þetta hærra að sumrinu. Ég skal viðurkenna, að þetta er nauðsynlegt, þar sem um neyzlumjólkurframleiðslu er að ræða, en það er ekki nauðsynlegt t.d. hjá okkur í Húnavatns- og Skagafjarðarsýslum, jafnvel í Dalasýslu og á Héraði er það ekki nauðsynlegt. Og mjólkin, sem framleidd er að sumrinu, er mörgum sinnum ódýrari, þannig að með því að gera geysilega mikinn verðmun á sumarmjólk og vetrarmjólk, er mjólkurframleiðslan gerð dýrari, það verður farið að leggja meiri áherzlu á að framleiða að vetrinum og minna að sumrinu, og það er kannske allt að því þrefalt dýrari mjólk en ef kýrin bítur gras úti og kostar miklu meiri fóðurbætisgjöf. Og á þetta atriði vil ég alls ekki fallast.

Ég er búinn að semja brtt., en hef ekki lagt hana fram og vil orða þetta þannig „að ákveða mismunandi verð til framleiðenda eftir árstímum, þar sem verulegur hluti mjólkurframleiðslunnar er seldur sem neyzlumjólk. Verðmunurinn skal ákveðinn í samráði við stjórnir viðkomandi mjólkurbúa. Framleiðsluráði er einnig heimilt að ákveða og innheimta verðjöfnunargjald af innveginni mjólk.“ Það er allt annað, verðjöfnunargjaldið, sem heimilt er að nota til uppbóta á útflutningsafurðir, heldur er það að ákveða verðmismuninn. Og svo álít ég ekki rétt að fá Framleiðsluráði þetta skilyrðislausa vald án þess að hafa neitt samráð við fulltrúa bændanna, sem eru í stjórn þessara félaga. Ég viðurkenni, að þar sem um mikla neyzlumjólk er að ræða, verður að greiða vetrarmjólkina hærra verði. Annars álít ég, að Framleiðsluráð og bændasamtökin

hafi ekki tekið rétta stefnu í þessu máli. Við eigum hvorki að skattleggja mjólkina til að bæta útflutningsvörurnar né heldur að skattleggja fóðurbætinn. Við eigum einfaldlega að skipuleggja mjólkurframleiðsluna, eins og ég talaði hér um í vetur, og ég hef talað við marga bændur um þetta og þeir taka því allir vel. Ég er sannfærður um, að félagsþroski bændanna og skilningur er það mikill, að þeir mundu sætta sig algjörlega við það, að gerð væri hreinlega áætlun um, hvað mikla mjólk þjóðfélagið þyrfti og því væri skipt á milli héraðanna. Þar yrðu vitanlega mættir fulltrúar frá mjólkursamlögunum, og svo deildu þau aftur á milli einstaklinganna. Það væri hægt að skipuleggja þetta svona og þá þyrfti hvorugt, og á þann hátt væri hægt að gera framleiðsluna ódýrari, draga úr fóðurbætisgjöfinni. Þá gerðu bændur þetta upp við sig, hvort ætti að framleiða þetta mjólkurmagn af töðu eða hrúga fóðurbæti í kýrnar, og á þann hátt einan er hægt að draga úr kostnaðarverði framleiðslu hvers lítra. En þarna er farið herfilega með okkur, að ætla bæði að fá Framleiðsluráði óskorað vald til að ákveða verðmun vetur og sumar og þar að auki að skattleggja mjólkina, því að eðlilega verður þessi skattur tiltölulega þyngstur á þá, sem gefa minnstan fóðurbæti, og þeir, sem láta kýrnar bera að vorinu, eins og við gerum yfirleitt fyrir norðan, gefa tiltölulega lítinn fóðurbæti. Ég viðurkenni það, að yfirleitt hafa Sunnlendingar haft hærra mjólkurverð en við, og þeir mega gjarnan fá það, meðaltalsmjólkurverð yfir árið, þegar þeir framleiða meiri vetrarmjólk. En ég vil ekki fá Framleiðsluráði vald til þess að hafa vetrarmjólkina miklu hærri en sumarmjólkina.

En svo er nú annar galli á þessu. Hér stendur í þessari sömu gr. „að ákveða mismunandi hátt útborgunarverð til framleiðenda.“ Ég veit, að hér er átt við endanlegt verð, en útborgunarverð er bara allt annað en endanlegt verð, svo að þarna er ekki rétt orð notað. Það á annaðhvort að vera verð eða endanlegt verð. Útborgunarverð hefur ekkert að segja, því að með uppbótunum er hægt að jafna allan muninn, svo að þá er það alveg þýðingarlaust, svo að þarna er um málfræðilega vitleysu að ræða, eða réttara sagt ekki rétt orðað. Út úr þessu er hægt að snúa, því að útborgunarverð er það, sem borgað er strax, en endanlegt verð er það, sem menn fá, þegar allar uppbætur koma, eða þá bara verð. Og það hef ég haft, ég hef bara haft verð, og þá úrskurðað sem endanlegt verð. En útborgunin verður annað.

Viðvíkjandi 5. gr. er tekin upp till. Sæmundar, ekkert annað. Og þarna þykist hver hafa leikið á hinn, Sæmundur hafa komið ár sinni vel fyrir borð að fella niður hlut sjómanna og akkorð iðnaðarmannanna og bændurnir halda, að þeir geti leikið á Sæmund og fólkið, eða viðsemjendurna, með því að teygja vinnustundir fjölskyldunnar. Ég held, að þetta sé byggt dálítið á sandi. Ég hygg, að þarna séu ótal smugur til að deila um óendanlega. Ég vil ekki fullyrða algjörlega um, hvernig þetta kæmi út, það fer eftir túlkun, en ég geri ekki ráð fyrir, að það yrði til margra ára hægt að snúa á neytendur í því atriði, það yrðu gerðar rannsóknir það ýtarlegar á því, að ég hygg, að það yrði ekki til langframa. En þetta er líka ákaflega klaufalega orðað. Hér segir t. d. og er eiginlega varla sæmandi fyrir þingið að láta það fara frá sér:

„Í verðlagsgrundvelli skal, sbr. ákvæði 6. gr., tilfæra ársvinnutíma bóndans, skylduliðs hans og hjúa á búi af þeirri stærð, sem miðað er við hverju sinni, og virða vinnutíma til samræmis við kaupgjald verkamanna, sjómanna og iðnaðarmanna.“

Hér er talað um að virða vinnutíma til samræmis við kaupgjald verkamanna og sjómanna. Þið sjáið, að það er ekki sama vinnutími og kaupgjald. Það er ekki hægt að virða vinnutíma til kaupgjalds. Það verður að virða vinnutíma á móti vinnutíma og kaupgjald á móti launum. Ég vil orða þetta þess vegna þannig „að miða vinnutíma og kauphæð til samræmis við meðallaun og meðalvinnutíma o. s. frv.“ Ég vildi nú vita, hvort form. n. vildi ekki halda annan fund, ég hef ekki lagt fram till. enn þá, og fá leyfi hjá landbrh. til þess, að við mættum breyta orðalagi, svo að það yrði sómasamlegt mál á því a. m. k., að við mættum halda fund fyrir 3. umr. og ræða um þetta, hvort það væri ekki leyfilegt að fá þarna smábreytingar. Því að þótt ég komi hér einn með brtt., veit ég, að hún kemst ekki í gegn og ekki þó að við gerðum það meira að segja nokkrir framsóknarmenn, sem ég veit ekki, hvort þeir kæra sig nokkuð um, þannig að ef n. getur ekki staðið saman um einhverjar orðalagsbreytingar, fást þær ekki í gegn. Mér finnst nú eiginlega, að ef um svona mállýti er að ræða og í raun og veru hugsanavillur, þá ættum við að fá leyfi til þess. Og helzt vildi ég fá leyfi til þess eða fá n. til þess að samþykkja það að fá ekki Framleiðsluráði þetta óskoraða vald á verðmuni vetur og sumar hjá þeim, sem ekki þurfa að framleiða vetrarmjólkina. Ef ekkert af þessu tekst, ætla ég að bera fram a. m. k. við 3. umr. brtt. viðvíkjandi 3. gr. frv., sem kemur við 2. gr. l. En helzt af öllu vildi ég, að næðist samkomulag um þetta. En ég gat bara ekki náð þessu á nefndarfundinum, því að þar var bara tilkynnt, að engar breyt. kæmu til greina. Þess vegna hef ég nú minnzt á þetta hérna.

Gunnar Guðbjartsson: Herra forseti. Það frv., sem liggur hér fyrir til umr. um skipulag afurðasölumála landbúnaðarins, er eins konar vinnulöggjöf bændastéttarinnar. Það er því ekki að ástæðulausu, þó að ég taki hér til máls einmitt fyrir þá sök, að ég hef átt sæti í þeirri n., sem undirbjó þetta frv., og hef nú á undanförnum árum haft með höndum einn þátt þessara mála, þ.e.a.s. ég hef setið í Sexmannanefnd, sem fjallað hefur um verðlagsmál landbúnaðarins.

Þegar menn meta og gera upp við sig, hvaða kerfi eigi að hafa um verðlagsmál landbúnaðarins, koma einkum til greina þrjár leiðir: Í fyrsta lagi, að frjáls verðlagning sé á þessum vörum, eins og gengur og gerist um ýmsa aðra verðmyndun í landinu og engin sérstök löggjöf gildir um. Það er þannig í ýmsum öðrum löndum ekki langt frá okkur, að verðlag á þessum vörum á markaði mótast af framboði og eftirspurn, en víðast er þessu þó þannig varið, að um þetta gildir sérstök löggjöf, sem ákveður meðferð þessara vara og verðlagningu þeirra.

Önnur tilhögun, sem kemur til greina í þessu efni, eru samningar stéttarsamtaka bændanna annað hvort við kaupendur varanna, sem í þessu tilfelli eru neytend-

urnir, eða ríkisvaldið, eins og sums staðar á sér stað meðal nágrannaþjóða okkar, og svo í þriðja lagi, að einhvers konar útreikningsstofnun hafi með höndum að reikna út verðlagið eftir ákveðnum reglum, sem settar eru með sérstakri löggjöf.

Öll þessi atriði komu til umr. og athugunar í n. þeirri, sem undirbjó það frv., sem hér er til umr., og þessar leiðir voru allar metnar, miðað við þær aðstæður, sem við eigum við að búa í verðlagsmálum yfirleitt. Og þegar við lítum á, hvaða leið skuli velja, hljótum við að meta út frá þeirri aðstöðu, sem við eigum við að búa, Íslendingar, í þessum efnum og framleiðsluaðstöðu íslenzkra bænda. Það er mjög mikið rætt um, hvort ekki væri æskilegt og eðlilegt, að hér yrði frjáls verðmyndun á þessum vörum og að bændasamtökin fengju þá að ráða verðlagningunni sjálf. En það var álit margra, sem um þetta ræddu innan n., að því aðeins væri hægt að koma slíku frelsi við, að um leið yrði rétturinn takmarkaður á þann hátt, að leyfður yrði innflutningur á erlendum landbúnaðarvörum að einhverju vissu marki. Það var álit okkar í Stéttarsambandi bænda og fulltrúa bænda í þeirri n., sem undirbjó þetta frv., að við gætum ekki, eins og ástæður okkar eru nú í framleiðslumálum, gengizt undir það að taka upp frjálsa verðlagningu með þeirri kvöð, að leyfður yrði innflutningur erlendra vara í samkeppni við íslenzka framleiðslu. Við töldum það útilokað, að bændastéttin gæti sætt sig við það og við það unað, eins og ástæður eru hér hjá okkur nú.

Þá kom til athugunar sú leið, sem ég taldi hér númer þrjú, þ. e. a. s. að það yrði ákveðið með sérstökum útreikningsreglum af einhverri sérstakri stofnun, hvaða verð ætti að vera á landbúnaðarvörum til framleiðenda og í útsölu til neytenda. En til þess að koma slíkri verðlagningu á, þurfti að gera ýmsar undirbúningsráðstafanir, sem hægt væri að byggja slíka útreikninga á, en því miður er okkar statistik varðandi landbúnaðinn ekki þannig upp byggð, að við höfum slíka aðstöðu nú. Það var því álit okkar, að við gætum ekki byggt á slíkum útreikningum, og þess vegna töldum við rétt, af því að það var möguleiki til samkomulags með meiri hl. n., að fallast á þá leið, sem ég kalla hér númer tvö, þ. e. a. s. samninga á milli bændasamtakanna annars vegar og kaupenda varanna, neytendanna, hins vegar.

Nú hefur komið mjög mikið til umr. í þessu sambandi, að það hefði kannske verið alveg eins gott, að þessir samningar færu fram á milli bændasamtakanna annars vegar og ríkisvaldsins hins vegar, eins og gerist með sumum nágrannaþjóðum okkar. En það var nú eftir nákvæma athugun okkar álit meiri hl. n., að það væri ekki rétt á þessu stigi a. m. k. að fara inn á þá braut, og það eru ýmsar ástæður, sem því valda, og m. a. þær, að reynsla þeirra þjóða, sem búa við slík kerfi, þ. e. a. s. Norðmanna og Svía, sem við höfum mikil kynni af í þessum efnum, er svo léleg, þ. e. a. s. að kjör bændanna eru svo bágborin þar í hlutfalli við kjör annarra stétta þjóðfélagsins, að við teljum ekki æskilegt að taka upp það kerfi, ef það kynni að verka eins hér á landi og það hefur verkað þar. Og það er svo mikil óánægja meðal bænda í þessum löndum með það kerfi, sem þeir búa við, að þeir vilja fá því breytt og hafa m. a. leitað hingað til Íslands að fyrirmyndum um breytingar á sínu verðlagskerfi. Þetta m. a. gaf okkur bendingu um það, að ekki væri æskilegt að fara inn á þá braut að taka upp beina samninga milli bændasamtakanna og ríkisvaldsins um þessi efni, auk þess sem þessu fylgja ýmsir aðrir annmarkar, sem kannske líka er rétt að víkja að.

Það kom fram hjá hv. 5. þm. Austf. (LJós), að það hefði átt að fara þessa leið í uppbyggingu þess kerfis, sem á að gilda um verðlagningu landbúnaðarvara, og taldi hann, að það væri sú eina leið, sem rétt væri, vegna þess að ríkisvaldið væri sá aðili, sem gæti verið samnefnari allra þeirra neytenda, sem kaupa landbúnaðarvörur, gagnvart bændasamtökunum. En ef fara ætti þessa leið, yrði það nú að vera þannig í fyrsta lagi, að ríkisstj. tilnefndi samninganefnd, sem semdi við bændasamtökin, og eins og hæstv. 5. þm. Austf. túlkaði þetta, ætlast hann til, að ekki yrði nein yfirnefnd starfandi, heldur fengju bændasamtökin eins konar sölustöðvunarrétt, ef ekki næðust samningar við ríkisvaldið. Það virðist nú vera nokkuð óeðlilegt að ætlast til þess, að ríkisvaldið setji löggjöf, sem ætlar ríkisstj. ákveðinn rétt í samningum við vissa hagsmunahópa í þjóðfélaginu, en að í þeirri löggjöf verði sett ákvæði, sem geti þvingað ríkisvaldið til samninga við einstaka tiltölulega smáa hagsmunahópa, ef ekki næst samkomulag í heinum samningum, og væri næsta óeðlilegt að ætlast til þess, að nokkur ríkisstj. gengist undir slík ákvæði og ætti svo að framfylgja þeim gegn sjálfri sér eins og í þessu tilfelli yrði að vera. Það er því ekki rökrétt að hugsa sér, að það geti orðið bændastéttinni til hagsbóta að byggja upp löggjöf, sem fæli í sér slíkt verðlagningarform á landbúnaðarvörum, auk þess sem það atriði, sem lagt hefur verið mikið upp úr í þessu sambandi, þ. e. a. s. að bændurnir fengju sölustöðvunarrétt í þeim tilfellum, þegar ekki næðust samningar við ríkisvaldið um þessi mál, væri ákaflega veikt fyrir bændastéttina, þó að færa megi nokkur rök að því, að það sé að sumu leyti sambærilegt við verkfallsrétt launastéttanna. En hjá bændunum gildir allt önnur aðstaða í þessu efni en hjá launþegunum. Þegar launþegar ná ekki samningum við vinnuveitendur um kjaramál sín, leggja þeir niður vinnu. Að sjálfsögðu tapa þeir sínum vinnulaunum, meðan þeir ekki vinna, en aðaltjónið af því að leggja niður vinnu lendir þó á vinnuveitandanum, sem getur ekki látið atvinnurekstur sinn ganga eðlilega á meðan verkföll standa yfir. En ef bændur ættu að beita þessu vopni, að stöðva sölu á afurðum sínum, til þess að knýja fram samninga, sem ættu að verða þeim til hagsbóta einhvern tíma, þá tapa þeir vissulega launum sínum eins og launþegarnir, en það er meira, sem þeir tapa. Þeir verða að halda áfram að vinna eftir sem áður til þess að halda bústofni sínum lifandi og öllum búrekstrinum gangandi, af því að þeir eru raunverulega atvinnurekendur öðrum þræði, þannig að þeir geta ekki eins og launþegarnir hvílt sig á meðan. Þeir verða að greiða kostnað við að reka sínar stofnanir, sem vinna úr landbúnaðarvörunum, eins og mjólkurbúin, og greiða það af því verði, sem þeir fá fyrir vörurnar eftir að samningar hafa tekizt eða niðurstaða fengizt um verðlagningu, og það er þeim beint tjón til viðbótar við það, sem þeir tapa vegna sölustöðvunarinnar sjálfrar. Auk þess yrðu þeir að halda uppi eftirliti með því, að sölustöðvunin yrði ekki brotin niður, samhliða því sem þeir

vinna á sínum eigin búum, þannig að aðstaða þeirra til þess að halda uppi sölustöðvun hliðstæðum verkföllum launþega er allt önnur og miklu erfiðari í framkvæmd.

Og svo kemur eitt til enn, sem má segja, að dæmi þennan möguleika alveg úr leik, og það er, að eins og tækni er komið nú og möguleikum til þess að geyma matvæli á heimilum með frystigeymslum ýmiss konar, þá geta kaupendur landbúnaðarvara tryggt sig með birgðir af þessum vörum til alllangs tíma, þannig að sölustöðvun mundi ekki verka á afkomu þeirra allverulegan tíma, og þannig mundi hún missa algerlega marks til þess að knýja fram samninga eða úrlausn í verðlagsmálum fyrir bændastéttina.

Af þessum sökum er það, að meiri hl. þeirrar n., sem undirbjó þetta frv., gat alls ekki fallizt á það að fara þessa leið, með því að hún tryggði ekki betur rétt bændanna en hin leiðin gerir. Og hún féllst því á það að reyna að ná samkomulagi um að endurbæta það kerfi, sem gilt hefur á undanförnum árum, þ. e. a. s. sexmannanefndarkerfið, með samningum milli bændasamtakanna og samtaka neytenda.

Það er rétt, sem kom fram hjá hv. 5. þm. Austf., að bændasamtökin hafa oft á undanförnum árum látið það í ljós, að þau teldu, að lögin, eins og þau hafa verið, tryggðu ekki kjör bændanna svo vel sem þau ættu að gera, þ. e. a. s. þannig, að þeir hefðu laun sambærileg öðrum stéttum, og það hefur komið fram í ýmsum hagskýrslum á undanförnum árum, að svo hefur verið. T. d. voru meðaltekjur bænda árið 1962 99 þús. kr., þegar meðaltekjur allra stétta þjóðfélagsins voru 131 þús. Árið 1963 voru tekjur bænda 118 þús., þegar aðrar stéttir höfðu 164 þús. og árið 1964 voru tekjur bænda 161 þús., þegar aðrar stéttir höfðu 204 þúsund að meðaltali. En hvers vegna var þetta svo? Það eru ýmsar ástæður, sem hafa valdið því, að bændur hafa ekki náð sambærilegum kjörum við aðrar stéttir, og það var ósk bændasamtakanna og hefur komið fram í samþykktum þeirra um þessi mál, að þau óskuðu eftir, að úr þessum göllum l. yrði bætt, en ég held, að það megi leita með logandi ljósi í samþykktum bændafunda mörg undanfarandi ár eftir því, að bændur vildu leggja niður verðlagskerfið eins og það hefur verið í meginatriðum, og það mundi ekki finnast nokkur till., sem gengi út frá því, að það ætti að leggja niður þetta kerfi eins og það hefur gilt að undanförnu í megindráttum. Hitt er hægt að finna við, að bændasamtökin hafa óskað eftir endurbótum á kerfinu. Og ég hygg, að það hafi ekki komið fram núna um fjöldamörg ár, að bændur óskuðu eftir því t. d. að leggja niður yfirnefndina, sem hefur úrskurðað verðlagið, þegar Sexmannanefnd hefur ekki náð samkomulagi, því að bændum hefur verið ljóst, að það yrði að vera einhver endahnútur á þessum málum, ef samningar gætu ekki tekizt í Sexmannanefnd. Og eftir að aðrar stéttir hafa farið að lúta ákvörðunum yfirdóms eða gerðardóms, eins og útgerðarmenn og sjómenn verða nú að gera og opinberir starfsmenn og ýmsir fleiri starfsmannahópar í þjóðfélaginu, þá hefur bændastéttin ekki kvartað undan því að verða að búa við þetta ákvæði, að yfirnefnd úrskurðaði, þegar ekki næðust samningar í Sexmannanefnd.

En það, sem ég tel, að hafi valdið mestu um það, að bændur hafa ekki náð sambærilegum kjörum við aðrar stéttir á undanförnum árum, er fólgið sérstaklega í þrem atriðum. Í fyrsta lagi er það vegna þess, að þeir hafa oftast verið á eftir með að fá kauphækkanir til sín, og kauphækkanir þeirra hafa alltaf verið miðaðar við þær kauphækkanir, sem hafa verið komnar til annarra stétta alllöngu á undan, og þetta hefur, þegar verðþensla er mikil í þjóðfélaginu og launaskrið mikið, orsakað það, að bændur hafa orðið tekjulægri.

Í annan stað hefur þetta verið vegna þess, að afurðalánin hafa ekki verið það mikil, að það hafi verið hægt að greiða bændum nógu mikinn hluta afurðaverðsins út, strax eftir að það hefur verið ákveðið, og þeir hafa oft orðið að bíða eftir verulegum hluta þess, stundum ár og stundum meira, en nokkur bót varð á þessu haustið 1964 með samningum milli fulltrúa bænda í Sexmannanefnd. og landbrh., sem kemur líka greinilega fram í kaupi bóndans það ár, því að það hækkar þá mjög mikið frá því, sem var árið á undan.

Og svo er eitt atriði enn, sem ég tel mjög mikilvægt í þessu sambandi, að það hefur vantað að taka nokkurn hluta þeirrar vinnu, sem er við búreksturinn, inn í verðlagninguna, vinnu annarra fjölskyldumeðlima en bóndans þ. e. a. s. eiginkonunnar og barna innan 16 ára aldurs. Og þetta hefur ráðið mjög miklu um það, að tekjur bænda hafa orðið lægri að meðaltali en fjölskyldumanna í öðrum stéttum, því að það hefur sýnt sig í sambandi við úrtakskannanir á tekjum manna í öðrum stéttum, að vinna barna og konu í þeim stéttum er talsverður hluti af tekjum hverrar fjölskyldu.

Það kom okkur í bændasamtökunum allmikið á óvart í haust, þegar A. S. Í. dró sinn mann úr Sexmannanefnd og vildi ekki tilnefna mann í n., og okkur fannst það eiginlega óeðlilegt, að A. S. Í. gerði það á þeim tíma, sem það var gert fyrirvaralítið, þegar þurfti að fara að vinna að verðlagningu, og alveg sérstaklega vegna þess, að það var ekki langt síðan búið var að breyta ákvæðum um vísitölutryggingu launa þannig, að hækkanir á afurðaverði komu að verulegu leyti inn í kaupgjaldið af sjálfu sér vegna vísitölugreiðslna á laun, og þess vegna átti að vera miklu auðveldara fyrir fulltrúa launþeganna að vinna að verðlagningunni og minni áhætta fyrir þá gagnvart umbjóðendum sínum að fallast á eðlilegar verðlagshækkanir á landbúnaðarvörum. Og ég verð að segja það, að mér fannst ádeila hv. 5. þm. Austf. varðandi afstöðu okkar bændafulltrúanna í sambandi við þær breytingar, sem felast í þessu frv., sem hér er til umr., stangast nokkuð á við það, sem komið hefur oft fram hjá fulltrúa A. S. Í. í Sexmannanefnd á undanförnum árum, þar sem hann hefur lagt höfuðáherzlu á að gera yrði þá breytingu á útreikningi á kaupgjaldslið bóndans í verðlagsgrundvellinum, að þar væri miðað við vinnutímann og vinnutíminn væri reiknaður til verðs í samræmi við annað kaupgjald í landinu. Einmitt í þessu frv., sem hér liggur fyrir, er gengið inn á þá braut, að í framtíðinni skuli verðleggja vinnuna við búreksturinn í samræmi við annað kaupgjald og reikna hana eftir raunverulegu tímamagni við framleiðsluna. Og það vill svo skemmtilega til, að þetta fellur líka saman við samþykktir okkar bændanna bæði á búnaðarþingi og á stéttarsambandsfundum. Við höfum margsinnis óskað eftir því, að einmitt sú breyting

yrði gerð á löggjöfinni um þetta efni, að sá vinnutími, sem raunverulega færi í það að vinna að framleiðslunni, yrði verðlagður til samræmis við aðra vinnu í landinu, og ég tel, að í þeirri gr. frv., sem um þetta fjallar, þ. e. 5. gr. frv., sem er viðbót við 4. gr. l. um Framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum, þar sem segir, að í verðlagsgrundvelli skuli tilfæra ársvinnu bóndans, skylduliðs hans og hjúa á búi af þeirri stærð, sem miðað er við hverju sinni, og virða vinnutímann til samræmis við kaupgjald verkamanna, sjómanna og iðnaðarmanna, eins og það er við upphaf þess verðlagstímabils og enn fremur, að kaupgjald skuli teljast hvers konar samningsbundin fríðindi, felist viðurkenning á því, sem bændur hafa talið eitt þýðingarmesta atriðið í sambandi við breytingar og lagfæringar á löggjöfinni, og líka það, sem ýmsir fulltrúar, a. m. k. launþeganna, hafa talið þýðingarmikið, að gert yrði, til þess að hægt væri að vinna að verðlagningunni. Að mínu viti felast í þessu grundvallarleiðréttingar frá sjónarmiði bændanna, þ. e. a. s. að það er skylt að verðleggja vinnu skylduliðs bóndans, taka það með í verðlagninguna hér eftir, sem ekki hefur verið gert hingað til, og að taka líka inn í verðlagið hvers konar samningsbundin fríðindi launþega. Þar hljóta undir að koma lífeyrissjóðsréttindi, sem eru mjög þýðingarmikil réttindi og gætu orðið bændastéttinni til mikilla hagsbóta, þegar þau koma inn í verðlagið. Ég vil því ætla, að í þessari grein felist veruleg leiðrétting fyrir bændastéttina, um leið og hún gengur til móts við það sjónarmið margra fulltrúa launþeganna, að það sé auðveldara að vinna að verðlagningunni hér eftir en verið hefur hingað til.

Þá er líka í þessu frv. ákvæði, sem tryggir það, að alltaf sé til samningsaðili til þess að vinna að verðlagningunni, og það er líka mjög þýðingarmikið atriði frá sjónarmiði bændastéttarinnar. Það má vel vera, að það fari svo, ef sjónarmið A. S. Í. verður óbreytt á næstunni eins og það var s. l. haust, að þeir vilji ekki vinna að þessum verðlagsmálum og það verði fulltrúi frá félmrh., sem vinnur að þessu í þeirra stað, og smám saman færist þetta kannske inn á það svið að það verði fulltrúi frá ríkisvaldinu, sem vinni að verðlagningunni af hálfu þeirra, sem kaupa vöruna. En ég hygg þó, að þau sjónarmið geti nú breytzt og kannske fyrr en varir, og það munu fleiri launþegar líta svo á, að það sé hagsmunaatriði fyrir þá að starfa að verðlagningunni og að þeir muni heldur vilja eiga þann rétt og nota hann en að sleppa honum í hendur ríkisvaldsins.

Þá er í þessu frv. mjög þýðingarmikið ákvæði um heimild til aukinnar verðjöfnunar á milli bænda í hinum ýmsu landshlutum og eftir aðstöðu, og það tel ég til stórra bóta frá því, sem verið hefur, og í samræmi við þær óskir, sem bændastéttin hefur oft borið fram um það efni, og ég held, að ekki þurfi að óttast það, sem hv. 5. þm. Norðurl. v. ræddi hér um, að heimila Framleiðsluráði að ákveða mismunandi útborgunarverð á mjólk eftir árstímum og innheimta sérstakt verðjöfnunargjald af innveginni mjólk. Ég held, að þetta verði ekki misnotað. Það verður því aðeins notað, að það þyki nauðsynlegt og geti orðið bændastéttinni í heild til góðs, og ég hygg, að það muni geta orðið nauðsynlegt að grípa til þess í einstökum tilfellum, en það verður áreiðanlega ekki notað nema brýna nauðsyn beri til.

Ég vil því vænta þess, að hæstv. Alþ. samþ. þetta frv. eins og það liggur fyrir. Ég tel, að það feli í sér breyt. til bóta frá sjónarmiði bændastéttarinnar, þó að við vitum ósköp vel, að í því felist ekki allt, sem við hefðum kosið að færa til leiðréttingar á þessum málum. En þó er það nú svo, þegar um samkomulagsfrv. er að ræða, eins og þetta er, að þá er aldrei hægt að búast við að ná öllu fram í einum áfanga, sem menn óska eftir, en í því felast þó þýðingarmiklar breytingar til bóta frá því, sem verið hefur, og ég vil því vænta þess, að það verði samþykkt.

Gunnar Gíslason: Herra forseti. Ég skal ekki lengja fundinn og gæti raunar fallið frá orðinu, því að ég ætlaði aðeins að svara fsp., sem hv. 5. þm. Norðurl. v. (BP) beindi til mín, en ég sé nú, að hann er horfinn úr d. Hann spurði mig að því, hvort ég gæti ekki sem form. landbn. stuðlað að því, að n. kæmi aftur saman til þess að ræða þetta mál. Ég sé ekki neina ástæðu til þess, að hún geri það, og mun ekki kalla saman fund í n. út af því, nema þá eitthvað alveg sérstakt komi fyrir annað en það, að þessi hv. þm. virðist ekki enn vera búinn að koma í verk að móta þessa brtt., sem hann hefur þó haft í höfðinu núna í nokkra undanfarna daga.

Svo vil ég um leið alveg mótmæla því, að honum hafi verið sýnt nokkurt ofríki í n. Honum var alls ekki meinað þar að bera fram brtt. eða ræða málið. Það var í rauninni nokkuð liðið á fundartímann, þegar hv. þm. birtist í n., en þá var ég búinn að gera þá till., að við samþ. frv. óbreytt. Síðan kom þessi hv. þm. og fór að ræða við okkur um breyt. á því, og við hlustuðum á hann, en að honum hafi verið sýnt nokkurt ofríki, því mótmæli ég alveg.

Annars fannst mér ræða þessa hv. þm. áðan vera á þá lund, að honum væri ekki eiginlega vel ljóst, um hvað hann væri að tala, einhvern veginn verkaði hún þannig á mig. Hann hafði mest á móti a-lið 3. gr., að Framleiðsluráði landbúnaðarins skuli heimilast að ákveða mismunandi hátt útborgunarverð til framleiðenda eftir árstímum. Nú skildist mér raunar á honum, að hann hefði ekkert á móti því, að það væri mismunandi útborgunarverð. Hann hefur mest á móti því, að Framleiðsluráði skuli heimilað þetta. En ég vil aðeins segja það, að ég get varla séð, að það sé hægt að hafa annan hátt á þessu en að heimila Framleiðsluráði að gera þetta, og ég vil segja það fyrir mig sem búandi í sveit, að ég verð að treysta Framleiðsluráði til þess að gera það réttasta, sem það ætlar í þessum málum. Og þegar maður lítur á það, hvernig Framleiðsluráðið er skipað, finnst mér, að þessi hv. þm. ætti ekki að vantreysta því svo mjög því að það er skipað, ef ég kann rétt frá að skýra, fimm mönnum frá Stéttarsambandi bænda og svo öðrum fjórum, sem Stéttarsambandið skipar eftir tilnefningu fjögurra aðila, þ. e. þeirrar deildar Sambands íslenzkra samvinnufélaga, sem fer með sölu á landbúnaðarvörum, Mjólkursamsölunnar í Reykjavík, Sláturfélags Suðurlands og mjólkurbúanna utan mjólkursölusvæðis Reykjavíkur. Ég held, að Framleiðsluráð sé þannig skipað, og yfirleitt held ég, að við verðum að líta svo á, að þessir menn, sem þarna starfa, séu allir fulltrúar bændanna og við

verðum að treysta þeim. En ef það reynist svo, að þeir brjóti á okkur rétt, verðum við að hafa annan hátt á og reyna þá a. m. k. að kjósa aðra menn í þetta en þá, sem við höfum treyst til þess að fara með þessi störf fram að þessu.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Ég skal nú ekki gerast langorður um þetta mál, úr því sem komið er þessum fundartíma, enda hefur nú ekki gefizt mikið tilefni til þess að lengja þessar umr. verulega, en þó voru nokkur atriði, í ræðu hv. 3. þm. Vesturl., sem ég vildi gera aths. við.

Þessi hv. þm., sem jafnframt er formaður í Stéttarsambandi bænda, sagði hér í ræðu sinni, að ein ástæðan til þess, að hann sem fulltrúi bænda gæti ekki fallizt á þá leið, að gengið yrði út frá samningum á milli samtaka bænda og ríkisvaldsins, væri sú, að reynslan hér frá nágrannalöndunum væri slík, að menn óskuðu ekki eftir að hverfa að þessu skipulagi. Þetta kemur mér heldur spánskt fyrir. Það vill nú svo til, að ég er hér með fyrir framan mig rit, sem bændasamtökin gefa út, þar sem alveg sérstaklega er einmitt skrifað um þessi mál, og þar segir ritstjóri þessa rits frá ferðalagi sínu til Noregs, þar sem hann hafði m. a. verið að kynna sér alveg sérstaklega fyrirkomulag þessara mála þar og hvernig norskir bændur litu einmitt á sitt kerfi.

Í þessari grein, sem birtist hér í 1. hefti af Árbók Landbúnaðarins frá 1962, er niðurstaða ritstjórans þessi, eftir að hann hafði verið í Noregi og setið þing bændanna þar:

„Það kom líka fram á allsherjarþingi bændasamtakanna norsku, er háð var um miðjan júní s. l. sumar, en þar mætti ég sem gestur, að meiri hluti fulltrúanna var mjög sæmilega ánægður með þá kosti, er bændum voru veittir."

Svo heldur frásögnin áfram, og er býsna fróðleg til íhugunar í sambandi við þá báglegu reynslu, sem þeir eiga að hafa af þessu. Ritstjóri Árbókarinnar segir orðrétt:

„Um verðlagningu afurðanna samkv. þessum samningum er það annars að segja, að norskum bændum eru með þeim ætlaðir 78.75—79.75 norskir aurar fyrir hvern ltr. af mjólk á þessu ári, og svarar það til kr. 4.75-4.83 í íslenzkum peningum, eins og gengið er, þegar þetta er skrifað, og má telja það sama verð og framleiðendum er ætlað hér samkv. okkar verðlagsgrundvelli. Hins vegar er bændum í Noregi ætlað rúml. 50% hærra verð fyrir sláturafurðir en hér."

Og í þessari sömu grein er svo skýrt frá samningum eða fyrirkomulagi þessara mála í Bretlandi og látið mjög vel af öllu fyrirkomulagi. Nei, ef miða má við þau rit, sem gefin eru út á vegum bændasamtakanna, getur það ekki verið af þeim ástæðum, sem hér voru færðar fram af hv. 3. þm. Vesturl., formanni Stéttarsambands bænda, að þau geta ekki fallizt á að taka upp þetta fyrirkomulag. Það er eitthvað annað, sem hefur þvælzt fyrir mönnum í þessum efnum miðað við þær túlkanir, sem hafa komið frá bændum varðandi þessi mál.

Þessi sami hv. þm., 3. þm. Vesturl., sagði einnig varðandi það, sem ég hafði sagt hér áður, að það mætti ábyggilega leita með logandi ljósi eftir því í samtökum bænda, að þeir hefðu gert einhverjar samþykktir um það, að þeir vildu fella niður sexmannanefndarkerfið og sérstaklega ákvæðin um yfirdóm, því að þeir gerðu sér það allir ljóst, að slík ákvæði eins og yfirdómsákvæðin yrðu að vera í 1. Ég þurfti ekki að fletta lengi þessu riti, sem ég hafði hér fyrir framan mig af mestu tilviljun, til þess að finna eina svona samþykkt, og hún talaði býsna skýru máli. Í þessu riti landbúnaðarins er skýrt frá samþykkt, sem ég skal hér lesa orðréttan kafla úr:

„Almennur bændafundur haldinn að Breiðumýri 12. febr. 1962 að tilhlutan Búnaðarsambands Suður-Þingeyinga samþykkti með öllum atkv. að skora á Stéttarsamband bænda að beita sér fyrir breytingum á 1. um framleiðsluráð o. fl. nr. 59 1960, sem m. a. feli í sér 1) að ákvæði 1. um starf Sexmannanefndar og yfirdóm falli niður."

Það er ekki verið að draga neitt úr því. Þessir menn höfðu alveg gert sér fulla grein fyrir því, að þetta mætti missa sig. Enda er vitanlega hægt að tilfæra ótal samþykktir úr ritum bænda að undanförnu, meðan þeir voru að óskapast út af niðurstöðum yfirdómsins og tala um það, hvað þetta væri óbilgjarnt allt saman og hvað fulltrúar viðsemjendanna hefðu verið óbilgjarnir í samningum, þá var þetta ekki par gott. Við skulum bara viðurkenna það, að það var svona. Og það var einmitt þetta sem leiddi að verulegu leyti til þess, að fulltrúar launastéttanna óskuðu ekki eftir því að hafa slíka aðstöðu áfram, þar sem beinlínis var hægt að siga saman bændum landsins og launþegum á þann hátt, sem því miður var gert varðandi þessi mál. Eins og ég hef sagt hér áður, er enginn vafi á því, að það væri hið æskilegasta, að vinnandi menn í sveitum landsins og í þorpum og kaupstöðum gætu staðið saman um hagsmunamál sín, en því miður hefur nú ekki tekizt svo til í sambandi við framkvæmdina á þessum l., og til þess hafa auðvitað legið ýmsar ástæður. Grundvöllurinn var orðinn mjög hæpinn hérna til þess að byggja á. En ég ætla svo ekki að fara að karpa hér neitt um það atriði, sem alveg má vera öllum mönnum augljóst í sambandi við þessa lagasmíð, að þeir, sem þar hafa gert samkomulag sín á milli, meina sitt hver. Sæmundur Ólafsson berst mjög ákveðið fyrir því að lækka greiðslurnar til bænda. Hann telur, að þær hafi verið of miklar og það þurfi að koma hér inn ákvæðum í þá átt. Þeir, sem óánægðir hafa verið með verðniðurstöðuna á undanförnum árum, standa nú hins vegar að þessum breytingum og þykjast vera að fá stórbættan grundvöll. Eins og ég hef sagt, getur hæstv. landbrh. verið nokkuð ánægður með það, að honum hafi tekizt vel til að þvæla þessu saman á þennan hátt. Hann hefur gengið á milli þessara aðila og komið þessu svona fyrir, en svo koma skuldadagarnir. Það kemur að því, að það þarf að fara að framkvæma þessi ákvæði. Það kemur að því, að það þarf að fara að ákveða verðið á næsta hausti, og þá koma fram túlkanir hvers um sig á þessum atriðum. Alþfl. hefur það ábyggilega út úr þessu, að hann getur mjög státað af því núna, t. d. í næstu bæjarstjórnarkosningum, að hann hafi komið sínum málum vel fram í sambandi við verðlagningu landbúnaðarafurða. Og Framsfl. getur eflaust minnzt á það, a. m. k. fram að næsta hausti, að vel hafi honum til tekizt. En hvað verður svo, þegar verðlagningin kemur á næsta hausti?

Ég er hræddur um, að þá verði þau heldur haldlítil, þau loðnu ákvæði, sem er að finna í þessu frv.

Ég hef hér lýst nokkuð afstöðu minni til þessara mála. Afstaða mín er sú, að ég tel, að grundvöllurinn hafi raunverulega verið hruninn undan sexmannanefndarkerfinu og það hafi verið óhjákvæmilegt, eins og þróun málanna var, að vinna að því að byggja hér upp nýtt fyrirkomulag, og ég held, að í því nýja fyrirkomulagi hafi átt að byggja einmitt á því, að bændurnir fengju fullan og alveg óskoraðan samningsrétt við þann eina aðila, sem hægt er að semja við um verðlagið á landbúnaðarafurðum, eins og málum háttar nú í okkar landi, en það er ríkisvaldið sjálft, á svipaðan hátt og gert er bæði í Bretlandi, Noregi og Svíþjóð. Og ég held, að það hefði verið langeinlægast, að stéttarsamtök bændanna hefðu staðið í þessum samningum við þennan aðila og það hefði verið langeðlilegast líka, að fulltrúi ríkisvaldsins hefði þorað að standa í þessum samningum sjálfur beint, án þess að bregða nokkrum stuðpúða fyrir sig. Og ég hygg líka, að það muni draga til þess, að slíkt skipulag verði tekið upp hér, þó að menn reyni nú þennan hliðardans, sem hér er lagt til að reyna í einn umgang eða svo. En ég er andvígur því að samþ. þetta frv. í þeim búningi, sem það er, og tel eðlilegt, að næsta verðákvörðun hefði verið með beinum samningum á milli Stéttarsambands bænda og ríkisvaldsins. Takist ekki samningar, eins og ég hef sagt hér áður, er vitanlega það eðlilega fyrirkomulag, að bændurnir eiga rétt á því að auglýsa sitt verð og fylgja því eftir, alveg hreint eins og launastéttirnar eiga rétt til þess, ef þær ekki fá samninga. Bændastéttin getur vitanlega gripið til framleiðslustöðvunar eða sölustöðvunar að því leyti til, sem henni þykir það ráðlegt eða hagstætt. Það er auðvitað mesta fjarstæða, að hún geti ekki þrýst á eftir sínum kröfum með slíku í vissum tilfellum, ekki öllum. Það eru til mörg dæmi um það, að til slíks hafi verið gripið. Og ýmsir aðilar, sem stendur mjög svipað á um og bændurna, t. d. útvegsmenn, þeir, sem eiga dýr framleiðslutæki, mundu vitanlega taka á sig svipuð útgjöld og svipaða erfiðleika eins og bændurnir mundu gera, þegar þeir grípa til reksturssstöðvunar, jafnvel þó að þeir sitji uppi með allmikinn fastan kostnað, sem þeir geta með engu móti vikið sér undan. En ég fyrir mitt leyti vil ekki gera neitt aðalatriði úr því, að bændurnir geti knúið sitt fram með framleiðslustöðvun eða sölustöðvun. Ég veit, að á því eru vissir erfiðleikar, en hitt liggur vitanlega beint við, að auglýsa verð, ef ekki hefur náðst samkomulag, en ég vil ætla, að það eigi að vera allar líkur til þess, að fengizt geti samkomulag í samningum við þann aðila, sem með eðlilegum hætti getur gert samningana, þegar því er slegið föstu fyrirfram, á hvaða grundvelli á að semja, þegar á að tryggja bændum sambærileg launakjör við tilteknar starfsstéttir í landinu.

Ég skal svo ekki orðlengja þetta frekar. Ég þykist hafa gert grein fyrir minni afstöðu til málsins.

Vilhjálmur Hjálmarsson: Herra forseti. Það eru örfá atriði, sem hafa komið fram í þessum umr., sem mig langaði til að víkja að og þó aðeins mjög stuttlega.

Út af því, sem fram kom hér í ræðu hv. 5. þm. Norðurl. v. um verðjöfnunina, vil ég aðeins segja það, að ég undrast, að sá hv. þm. skuli ekki gera sér betur grein fyrir því, hvernig ástatt er í sölumálum landbúnaðarins í dag. Flestir aðrir hv. þm. hafa gert sér það alveg ljóst og skilja að það er óhjákvæmilegt að hafa einhverja möguleika til verðjöfnunar. Og það fylgir þá náttúrlega, að það verður að gefa einhverjum aðila rétt til að framkvæma verðjöfnunina, og þar er varla um nema einn aðila að ræða og það er Framleiðsluráð landbúnaðarins. Ég sé ekki annað en andmæli, sem fram hafa komið gegn þessu atriði og það raunar eingöngu frá þessum eina hv. þm., séu algerlega út í bláinn.

Þá eru það örfá atriði, sem hafa komið fram í ræðum hv. 5. þm. Austf., sem ég vil aðeins minnast á. Hv. þm. sagði í sinni fyrri ræðu eitthvað á þá leið, að í sambandi við verðlagninguna undanfarin ár hefði gætt vaxandi úlfúðar milli bænda og launþega í þorpum landsins. Ég vil bara leyfa mér að mótmæla þessu algerlega hvað snertir þau svæði, sem ég þekki til. Ég kannast ekkert við slíka úlfúð manna á milli, og ég skil ekki, hvaðan hv. þm. hefur þetta. Ég veit, að það hafa oft orðið hörð átök í samninganefndinni, en eftir að búið er að ákveða verðlagið, hefur ekki verið mikill ófriður um verðið, eftir að búið er að ákveða það alls ekki. Þá þykir mér rétt, að fram komi örlítið nánari skýringar á afstöðu bændastéttarinnar til þeirra tveggja leiða, sem hefur verið nokkuð talað um hér og auðvitað víðar og ekki sízt innan samtaka bændanna sjálfra, þ. e., hvort semja skuli við fulltrúa frá neytendum eða við fulltrúa frá ríkisstj. Það er alveg rétt hjá hv. 5. þm. Austf., að það hefur verið mikið um þetta rætt innan bændastéttarinnar og það hafa verið gerðar samþykktir, eins og samþykktin frá 1962, um það, að það þyrfti að losa um gerðardóminn og breyta til og taka upp samninga við ríkisstj. Þetta haggar þó í engu því, sem hv. 3. þm. Vesturl. sagði, að eftir að það hefur nú mjög færzt í vöxt, að ýmsar stéttir í þjóðfélaginu lúti gerðardómi um kjaramál sín, hefur dregið úr gagnrýni bænda á því ákvæði, og það munu ekki hafa gengið samþykktir um það síðar innan bændasamtakanna að fella niður gerðardóminn. En gangurinn í þessu máli innan bændasamtakanna er í stuttu máli þessi: Á búnaðarþingi 1961 var, eins og hv. 5. þm. Austf. tók fram, gerð samþykkt og skorað á Stéttarsamband bænda að semja frv. um breyt. á framleiðsluráðsl. og breyt. á verðlagningunni. Og þetta var gert. Það var sett mþn. af hálfu þessara samtaka beggja til þess að athuga þetta mál, og hún starfaði heilan vetur, fór rækilega í gegnum framleiðsluráðsl. og lagði fram frv. að breyt. á l. og rökstuddi það með ýtarlegri grg. N. varð ekki sammála. Einn nm. var sér á báti, meiri hl. n. vildi halda sexmannanefndarkerfinu með nokkrum breyt. Minni hl. vildi hins vegar taka upp beina samninga við ríkisstj. Það var aðallega það, sem greindi þarna á milli. Síðan var þetta mál tekið fyrir á aðalfundi Stéttarsambands bænda 1963. Frv.-uppkastið var lagt þar fram og álit meiri hl. n. fékk einnig meiri hl. á fundinum, þó að ekki væri hann stór, og þannig liggur það fyrir, að í heildarsamtökum bænda var á þessum tíma meiri hl. fyrir

því að halda við gamla kerfinu. Síðar gerist það að sjálfsögðu í framhaldi af þessu, að bændasamtökin leita eftir því hjá þeim stjórnarmeirihluta og þingmeirihluta, sem þá var, að fá þetta mál flutt og fá samkomulag um framgang þess, en þáv. og raunar núv. hæstv. landbrh. var ósammála ýmsum atriðum í frv. og var ekki unnt að fá samkomulag um að leggja það fram á þingi með stuðningi ríkisstj. Þess vegna var það aldrei flutt á Alþ., því að bændur höfðu aldrei áhuga á því að fá málið hér inn í þingið til þess að deila um það, heldur eingöngu, ef líkur væru til þess að fá framgengt þeim breyt., sem meiri hl. fundarins var sammála um að leggja til að gera á verðlagskerfinu.

En það er rétt, að það komi hér einnig fram, hvað hefur síðar gerzt í bændasamtökunum, einmitt í sambandi við skiptar skoðanir manna um þessar tvær leiðir. Og það hygg ég, að mætti frekar verða til fyrirmyndar öðrum stéttarsamtökum, að á aukafundi í Stéttarsambandinu, sem haldinn var beinlínis út af þessum málum í vetur, voru deilur um hinar tvær leiðir lagðar til hliðar, en samþykkt að fela fulltrúum bænda í mþn. að vinna að því að afla samtökunum á ný aðildar að verðlagningunni og með hvorri leiðinni sem vera skyldi, eftir því sem hentast þætti til að koma málinu fram. Nm. var þannig algerlega falið umboð til þess að ganga frá málinu á hvorn veginn sem væri. Mér finnst rétt út af þeim umr., sem hafa farið fram um afstöðu bændanna í þessu efni, að það komi hér alveg skýrt fram, hvernig þessi mál hafa rakið sig innan stéttarsamtakanna. Og út frá þessu, sem ég hef nú sagt, hygg ég, að öllum megi vera það ljóst, að það var ekkert sjálfsagðara fyrir fulltrúa bændanna en vinna að því að fá fram þær breyt., sem kostur var á og þeir og samtök þeirra töldu, að miðuðu þó í rétta átt.

Þá vil ég aðeins víkja að því tali hv. 5. þm. Austf. hér í hv. þd., að hann vilji fyrst og fremst tryggja bændunum óskoraðan samningsrétt og ekki takmarkaðan, eins og hann sagði í fyrri ræðu sinni til frekari áherzlu. Þetta eru vissulega ljómandi falleg orð, en þá verða menn bara að gera sér fulla grein fyrir, hvað í þessu felst og hvað það er, sem hann er að bjóða upp á. Hann hefur alveg ákveðið talað um það sem heppilega lausn, alveg eins og hv. 5. þm. Vestf. gerði í n., að taka upp beina samninga við ríkisstj. En hvernig á þá þeim samningum að lykta, ef ekki næst frjálst samkomulag? Það er spurningin. Og það finnst mér vera nokkuð óljóst hjá hv. 5. þm. Austf. Hann hefur í fyrsta lagi talað hér um það, að mér skilst, að bændur auglýstu verð, ef ekki semst. Það væri kannske gott og blessað, en þó er það mismunandi þýðingarmikið að fá slíkan rétt, eftir því hvernig á stendur. Það gat verið þýðingarmikið fyrir bændasamtökin, ef hér hefði verið vöntun á landbúnaðarvörum, en með smjörfjallið að baki og að öðru leyti mikla framleiðslu og meiri en hægt er að nota innanlands, notast þessi réttur ekki nema að mjög takmörkuðu leyti, því að ríkisstj. hefur þá á valdi sínu að lækka útflutningsbæturnar. Bændur eru því í sjálfheldu og geta alls ekki auglýst verðið, fært það upp eftir því, sem þeim sýnist, af þessum sökum. Auk þess er það vitanlega takmörkum háð, hvað markaður þolir.

Í öðru lagi talar hv. þm. um þann möguleika að ljúka málum, ef ekki semst við ríkisstj., með verkfalli. Ég gerði nokkra grein fyrir því við 1. umr. þessa máls, hvernig ég lít á þá hluti. Hv. 3. þm. Vesturl. gerði einnig nokkra grein fyrir því frá sinni hálfu, og ég hygg, að okkar skoðanir í þeim efnum falli nokkuð saman við það, sem almennt er álit bændanna á því máli, þegar það hefur verið skoðað ofan í kjölinn. Þó eru atriði, sem ekki hefur verið minnst á í þessu sambandi, eins og t. d. það, hversu óeðlilegt það væri í deilu á milli bænda og ríkisstj. að hefja sölustöðvun gegn neytendum. Þetta virðist mjög óeðlilegt. Og svo er þetta: Sölustöðvun á mjólk veldur þeim fjárhagslegu tjóni, sem gera hana, en ekki hinum, sem henni er beitt gegn, varla einu sinni óþægindum fyrstu dagana, því að það er algerlega vandalaust, þegar sölustöðvun er boðuð með nokkurra daga fyrirvara að birgja sig upp af þessari vöru til nokkurra daga eins og nú er komið og á þó eftir að verða auðveldara með bættum umbúðum og meiri tækni í meðhöndlun mjólkurinnar.

Þá er það eitt atriði enn í sambandi við þessa lausn, sem ekki hefur verið drepið á, og það vil ég láta koma skýrt fram: Það skyldi ekki vera hætta á því, að þá myndaðist úlfúð á milli bænda og verkamanna í bæjunum, ef bændur gerðu tilraun til þess að stöðva sölu á nauðsynjavörum þeirra? Það er ég hræddur um, að væri meiri og sterkari leikur til þess að stofna til illinda á milli þessara stétta, sem vissulega eiga að vinna saman, heldur en hitt, þó að fulltrúar þeirra, kjörnir samkv. lagafyrirmælum, ræði verðlagsmálin sín á milli og jafnvel þó að þeir deili um þau hart. Nei, það er ekki enn þá kominn botninn í þann frjálsa og óskoraða samningsrétt. Hann er ekki kominn enn þá, nema ef vera skyldi, að hann felist í þeim till. hv. 5. þm. Vestf., sem liggja hér fyrir í nál. þar sem lagt er til, að till. bændafulltrúanna verði lagðar fyrir alla bændur í landinu og látnar gilda sem verð, ef þeir samþykki þær sjálfir! Og það má hver sem vill taka slíkar till. hátíðlega, en ég get a. m. k. ekki gert það.

Ég vil svo aðeins að lokum endurtaka það og árétta, sem ég lét koma hér fram við 1. umr. þessa máls, að um þær breyt., sem um ræðir í frv.,var fullt samkomulag í n., sem skipuð var fulltrúum frá bændum og neytendum, samkomulag allra nm. annarra en Hannibals Valdimarssonar. Við fulltrúar bændanna teljum það meginatriði, og er það í fullu samræmi við þær samþykktir, sem gerðar voru á aukafundi Stéttarsambands bænda um þetta mál, að fá bændasamtökunum aftur beinan rétt til aðildar að verðlagningunni. En auk þess, eins og ég hef margtekið fram, teljum við, að í þeim breyt., sem yrðu á l., ef þetta frv. verður samþ., felist verulegar úrbætur frá því, sem áður var.

Ég held ég hafi þessi orð ekki fleiri, en mér þótti rétt að láta þessi atriði koma fram.

Eðvarð Sigurðsson: Herra forseti. Undanfarin 10-12 ár hef ég fylgzt nokkuð vel með verðlagningu landbúnaðarvara, eins og sú verðlagning hefur farið fram samkv. því kerfi, sem er — má segja — undir lok liðið, en á nú að endurreisa með nokkuð sérstökum hætti. S. l. sex ár hef ég átt sæti í sjálfri verðlagsnefndinni. Ýmislegt það, sem hér er sagt um þessi mál, kemur því ekki ókunnuglega fyrir mín eyru. En

þó furðaði mig á því, þegar hv. 3. þm. Vesturl. sagði hér áðan, að það hefði komið bændasamtökunum, forystumönnum þeirra, mjög á óvart, þegar A. S. Í. hætti aðild að Sexmannanefndinni s. l. sumar. Að vísu hefur þessi hv. þm. ekki mjög lengi átt sæti í verðlagsnefndinni. Þó hygg ég, að honum ætti að vera það vel kunnugt, að í sjálfri verðlagsnefndinni hefur einmitt þetta sjónarmið mjög komið fram á undanförnum árum af hálfu neytendafulltrúanna og þá ekki sízt af minni hálfu sem fulltrúa A. S. Í., og má raunar segja, að oftar en einu sinni hafi legið við, að þessi ákvörðun yrði tekin.

Aðstaða verkalýðshreyfingarinnar varðandi þessi mál er býsna erfið. Ég ætla, að einn meginvandinn, sem verkalýðshreyfingin á við að etja í þessum efnum og er þó ekki einangrað við verðlagningu landbúnaðarvara einna, sé sá, að þegar við förum í okkar kaupgjaldsbaráttu, baráttu, sem við heyjum til þess að gera okkar hlut betri, til þess að fá meira í okkar hlut, þegar afrakstrinum er skipt í þjóðarbúinu, má segja, að svo sé komið, að við séum ekki aðeins að keppa um okkar eigin kjör, heldur sé hitt réttara, að við erum að draga vagninn fyrir svo til alla aðra í þjóðfélaginu. Þetta er sá meginvandi, sem verkalýðshreyfingin á við að stríða. Ég veit, að bændur landsins eiga við margs konar erfiðleika og mikinn vanda að glíma varðandi sín mál. En það er líka alveg augljóst, að á undanförnum árum, þegar um verðlagninguna hefur verið fjallað, er verið að fjalla um vandamál, sem eru bein afleiðing af ýmiss konar ráðstöfunum öðrum í þjóðfélaginu og þó einkum þeim, sem hafa orðið til þess að magna verðbólguna sífellt meir og meir. Það hefur verið augljósara með hverju árinu, að verðlagsmálin ein gátu ekki leyst þennan vanda bændastéttarinnar, má segja, á sama hátt og verkalýðshreyfingin hefur í ríkari mæli á undanförnum árum séð, að kaupgjaldsbaráttan ein leysti ekki hennar vandamál. Sjálf verðlagningin var því kannske ekki orðin nema einhver hluti af þessu stóra vandamáli. En þegar verið er að færa afleiðingar verðbólgunnar einvörðungu yfir í verðlagninguna, þá náttúrlega opnast alltaf meiri og meiri möguleikar til þess, að nærri vonlaust væri, að fulltrúar verkalýðssamtakanna í Sexmannanefnd og fulltrúar bændasamtakanna gætu orðið sammála, enda hefur það færzt í vöxt, að til úrskurðar yfirnefndar hefur komið.

Þetta eru nú svolitlar hugleiðingar um sjálfan vandann, en spurningin er sú: Hvað á að koma í staðinn? Hér hefur ýmislegt verið sagt og ekkert nýtt. Öll þessi kerfi, allar þessar hugmyndir eru margræddar, þær hefur borið á góma ár eftir ár. Manni hefur oft fundizt það mjög ofarlega í huga fulltrúa bændasamtakanna, að frjáls samningsréttur og frjáls verðlagning væri það, sem æskilegast væri fyrir samtök þeirra. En hitt skal ég þó einnig vitna um, að öll þau ár, sem ég hef haft kynni af þessum málum, hefur farið svo, að þegar til kastanna hefur komið og raunverulega hefur reynt á, að bændastéttin fengi þennan rétt, hafa forystumenn hennar ekki verið á því, að það væri rétt. Það er þeirra mál, og ég ætla mér ekki þá dul, hvorki hér né annars staðar, að fara að segja bændasamtökunum fyrir verkum í þessum efnum. Þetta eru hlutir, sem þeir sjálfir verða að ráða. En að sjálfsögðu verða þeir að taka tillit til þess, að það er vara, sem þeir eru að selja, og svo framarlega sem hún selst vegna verðákvarðana, verða þeir náttúrlega að taka afleiðingum af því. Ég hef allan þann tíma, sem ég hef haft afskipti af þessum málum, sagt það alveg fullum fetum við fulltrúa bændastéttarinnar, að yfirnefndin á að hverfa. Þið eigið ekki að búa við gerðardóm. Ég hef verið þeirrar skoðunar, að samningar ættu að vísu að fara fram, en ég er ekkert að fullyrða, við hvaða aðila. Ég hef aldrei gert tillögur um það. En ef hins vegar samningar næðust ekki, ættu samtök bændanna að hafa frjálsan rétt til verðlagningar. Hins vegar teldi ég alveg óhjákvæmilegt, að á meðan útflutningsuppbætur eru greiddar, og hvort heldur bændasamtökin semdu við hina svokölluðu fulltrúa neytenda eða beint við ríkisvaldið, hlyti ríkisvaldið að hafa einhvers konar stöðvunarrétt, það held ég að væri óhjákvæmilegt. Hins vegar held ég, að ef bændurnir hefðu þennan rétt, kæmu þeir áreiðanlega fram sem svo ábyrgur aðili, að það mundi sjaldan koma til, að beita þyrfti slíkri stöðvun, mjög sjaldan áreiðanlega. Ég hef a. m. k. þá trú á forystumönnum þeirra eftir alllanga viðkynningu. Nú, eins hefur ríkisstj. á hverjum tíma það á valdi sínu, ef henni þætti verðlagningin fara langt úr hófi, að leyfa einhvern takmarkaðan innflutning á landbúnaðarvörum. Það er ráðstöfun, sem hvaða ríkisstj. sem er getur gert.

Þetta eru nú þær hugmyndir, sem ég hef á undanförnum árum haft um það, hvernig ætti að skipa þessum málum. En eins og ég sagði áðan, vil ég taka það skýrt fram, að ég álít, að það sé bændasamtakanna sjálfra að ákveða það. Og ég vil ekki heldur láta með lögum fyrirskipa einhverjum aðila að vera þátttakandi í verðlagningu landbúnaðarvara, sem ekki vill vera það, það á ekki að gera.

Varðandi viðmiðunina, sem hér hefur æðimikið verið rædd, held ég, að menn geri sér ekki grein fyrir, hvernig þetta í raun og veru hefur gengið fyrir sig og hvernig það muni raunverulega ganga fyrir sig. Eins og lögin eru, — það er engin tillaga um að breyta því, a. m. k. ekki í því frv., sem hér liggur fyrir, — eiga bændur að bera úr býtum svipað og aðrar vinnandi stéttir. Það, sem hefur verið deilt um í Sexmannanefnd undanfarin ár, er ekki út af fyrir sig, hvort ætti að miða við laun verkamanna, sjómanna, iðnaðarmanna o. s. frv. Það, sem deilt hefur verið um, er það, hvort ætti að taka svokallað úrtak gilt sem slíka viðmiðun eða ekki. Hér er í raun og veru það, sem við höfum ævinlega haldið fram, hinir svokölluðu fulltrúar neytenda í Sexmannanefnd, það er að ákveða sjálfan grundvöllinn eða réttara sagt kaup bóndans í grundvellinum í samræmi við þá vinnu, sem lögð væri fram. Hver hún er, er sjálfsagt mjög vandasamt að ákveða. Og ég hef enga trú á því, að það verði út af fyrir sig ákveðið með þeim rannsóknum, sem ráðgert er að fram fari. Þetta hljóta að verða meiri og minni samningamál. En það má vera, að það verði möguleiki að komast nær því, hver hinn raunverulegi vinnutími er við ákveðnar einingar í sjálfum búrekstrinum. Þetta hefur ævinlega verið okkar hugmynd. Lengi vel var það

svo, að bóndanum var ákveðinn vinnutími við þetta svokallaða meðalbú. Viðmiðunin á síðan aðeins að vera til að ákvarða hreyfinguna, hreyfinguna á sjálfu kaupgjaldinu fyrir þennan ákveðna vinnutíma, og þá mundi ég segja, að það væri miklu eðlilegra og í rauninni frá mínum bæjardyrum séð sjálfsagt, ef á annað borð þessi viðmiðun á að vera, sem ég held hins vegar, að ætti ekki að vera, bændurnir ættu án viðmiðunar að semja um sín kjör, en ef þessi viðmiðun á að vera, á það að vera hið fasta, samningsbundna kaupgjald, en ekki hlutur sjómanna eða uppmælingartaxtar. Hins vegar má segja, að þegar svona væri komið, væri bóndinn sjálfur farinn að vinna samkvæmt uppmælingu eða ákvæðisvinnutaxta, vegna þess að það, sem hann gæti unnið betur eða á skemmri tíma en sjálfur grundvöllurinn segði til um, það væri hans ágóði, alveg á sama hátt og það er tímaeining, sem lögð er til grundvallar ákvæðisvinnutöxtunum, og þeir, sem geta unnið verkið á skemmri tíma en meðalgrundvöllurinn þar er, græða, hinir ekki. Ég held nú, að málin séu nokkurn veginn svona einföld.

Það eru ýmis atriði, sem hér hafa komið fram og væri út af fyrir sig fróðlegt að ræða. En ég vil nú segja það, að einkanlega varðandi stöðu bændanna heyrir maður nú hér alveg nýtt hljóð, að þeir geti ekki í raun og veru farið í framleiðslustöðvun. Svo oft hefur nú þetta verið orðað á þeim vettvangi, sem ég hef starfað á í þessum efnum, á undanförnum árum, og talið fullkomlega mögulegt og ekki aðeins orðað, heldur hótað oftar en einu sinni. Ég verð að segja, að ég hef alltaf litið á þetta sem algerlega realhlut, og ég veit, að bændur geta framkvæmt hann. Það er að vísu rétt, að það hefur sinn kostnað í för með sér, en það er líka hjá öðrum, sem stöðva vinnu eða framleiðslu. En þegar menn telja sig svo aðkreppta, að ekki sé um annað að ræða, gera menn þetta og það mundu bændurnir einnig gera. En hins vegar álít ég, að þeir eigi hreinlega að hafa frjálsræði til þess að ákveða sjálfir verðið, ef ekki eru möguleikar á samningum.

Ég ætla ekki að lengja hér umræður frekar, það er ýmislegt í þessu, sem ég tel til bóta. En sjálft kerfið, það skuli menn bara alveg gera sér ljóst, það er hrunið eins og það hefur verið, og ég mundi segja, að með þeim breytingum, sem hér er verið að gera, séu síður en svo horfur á því, að verið sé að ákveða eitthvað, sem getur orðið varanlegt, og ég held, að bændasamtökin ættu að taka þessi mál öðrum tökum en gert hefur verið núna.

Vilhjálmur Hjálmarsson: Aðeins örfá orð, herra forseti. Ég hlýddi með athygli á ræðu hv. 3. landsk. þm. Það er vitanlega öllum ljóst, að öll vandamál landbúnaðarins verða ekki leyst í gegnum verðlagið. Eigi að síður þarf að hafa löggjöf um verðlagsmálin, og það er nú einmitt það mál, sem hér er til umræðu.

Ég vil aðeins skjóta því hérna inn í, að mér finnst það nokkuð mikið út í hött, þegar menn eru að tala um það, og jafnvel setja þá skoðun fram á prentuðu þskj., að útflutningsuppbæturnar komi eingöngu til góða stærstu bændunum, og það er látið í það skína, að þetta geti verið einhvern veginn öðruvísi og enginn vandi sé að kippa þessu í lag. Þetta er náttúrlega auðvelt að segja, en það sjá allir, að þetta tal er alveg út í bláinn. Það er varla hugsanlegt að verðleggja sömu vöru mismunandi hátt eftir því, hvað búin eru stór. Hvað ætli útgerðarmenn segðu um það að verðleggja síldina eftir því, hvað bátarnir öfluðu mikið? En það var nú ekki fyrst og fremst þetta, sem ég vildi minnast á.

Hv. þm. sagði áðan í ræðu sinni, að það hefði nú einhvern veginn verið þannig, þegar fulltrúar bændanna hefðu staðið frammi fyrir því að fá sjálfsákvörðunarrétt um verðlagninguna, þá hefðu þeir hikað og ekki viljað taka hann. Ég átta mig ekki vel á þessu og ég man ekki til þess, að okkur hafi nokkurn tíma staðið hann raunverulega til boða. Ég hef heyrt það og m. a. frá bændum, að í haust, þegar upp úr slitnaði í Sexmannanefnd, hefði enginn vandi verið fyrir fulltrúa bænda að verðleggja bara sjálfir. Sjálfum finnst mér þetta ekki raunhæft, eins og allar aðstæður voru. Hv. síðasti ræðumaður sagði: „Ég hef alltaf verið þeirrar skoðunar, að yfirnefndin eigi að hverfa. Ef samningar næst ekki, eiga samtök bænda að hafa frjálsan rétt til verðlagningar, rétt til að auglýsa verðið.“ En hann sagði enn fremur: „Á meðan útflutningsbætur eru, hlýtur ríkisstj. að hafa stöðvunarrétt.“ Og hann sagði enn fremur, að hann tryði því, að bændur væru svo ábyrgir, að þeir færu sjaldan lengra en fært væri, ekki lengra en ríkisstj. leyfði. Og þarna finnst mér komið að kjarnanum: Vilja bændur láta ríkisstj. segja síðasta orðið um verðlagninguna, því að þarna er ekki um neitt annað raunverulega að ræða — eða yfirdóm?

Ég ætla ekki að tefja hv. d. með því að fara að rökræða um þetta aftur og fram. En ég vil aðeins minna á eitt hliðstætt atriði í þessu sambandi, samninga opinberra starfsmanna við ríkisstj. Þeir hafa verið látnir ganga til dóms. Ég veit það, að opinberir starfsmenn vilja gjarnan fá dóminn afnuminn og fá verkfallsrétt, eins og mörg önnur launþegasamtök hafa. En ég spyr: Mundu opinberir starfsmenn óska eftir þeirri breytingu að fella gerðardóminn burt og láta ríkisstj. segja síðasta orðið?

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 81. fundi í Nd., 29. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 23:1 atkv.
2.—34. gr. samþ. með 27:4 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 29:2 atkv.

Á 82. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.

Á 85. fundi í Nd., 2. maí, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 571, 644).

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Um alllangt skeið undanfarið hefur verð innlendra landbúnaðarafurða verið ákveðið af samstarfsnefnd framleiðenda og neytenda, sem skipuð hefur verið samkv. löggjöf um það efni, eða af eins konar gerðardómi, sem haft hefur embættismann, hagstofustjóra, að oddamanni. Þetta kerfi reyndist ekki starfhæft á s. l. hausti.

Var þess vegna með brbl. komið annarri skipan í það skipti á verðlagningu landbúnaðarafurða. Með þessu frv. er gert ráð fyrir því, að samstarf framleiðenda og neytenda um verðlagsmál landbúnaðarafurða sé endurvakið. Verður reynslan að skera úr því næsta haust, hvort það tekst eða ekki. Verður að vona, að það verðlagningarkerfi, sem þetta frv. gerir ráð fyrir, reynist starfhæft. Að öðrum kosti verður enn að leita nýrra leiða.

Þetta frv. fjallar eingöngu um breytta skipan á verðlagningu landbúnaðarafurðanna. En n. sú, sem samdi frv., ræddi um fleiri vandamál landbúnaðarins en það, hvernig verðlag afurðanna skuli ákveðið á innanlandsmarkaði. Hún var hins vegar ekki sammála um önnur atriði en þau, sem í frv. þessu felast. Skipun verðlagsnefndarinnar skv. þessu frv. er tvímælalaust hagfelldari en skv. þeim l., sem gilt hafa, og reglur þær, sem settar eru í frv. sem leiðbeining fyrir n. við verðákvörðunina, eru tvímælalaust skynsamlegri en þær reglur, sem nú eru í l. um það efni. En engu að síður fjallar þetta frv. ekki nema að mjög takmörkuðu leyti um þau vandamál, sem nú er við að etja í íslenzkum landbúnaði. N., sem frv. samdi, ræddi einnig ýtarlega um útflutningsbætur þær, sem nú eru greiddar vegna útflutnings landbúnaðarafurða, og gildandi lagaákvæði um það efni. Varð ekki samkomulag í n. um breytingu á gildandi lagaákvæðum um þessi atriði. Hins vegar er þar um mjög mikið vandamál að ræða, ekki aðeins fyrir landbúnaðinn heldur einnig fyrir íslenzkan þjóðarbúskap yfirleitt. Tel ég þess vegna rétt að gera þessi atriði, sem ekki varð samkomulag um í n., að umtalsefni í sambandi við þetta frv. og ræða vandamál landbúnaðarins í heild.

Á undanförnum árum hafa átt sér stað miklar og gagngerðar breytingar í íslenzku efnahagslífi. Hagvöxtur hefur á undanförnum árum verið örari en áður og hann hefur enn fremur verið meiri en í nágrannalöndunum. Þetta hefur sumpart átt sér stað vegna mjög hagstæðra skilyrða í framleiðslu og utanríkisviðskiptum og sumpart vegna skynsamlegrar stjórnarstefnu. Íslendingar eru nú í hópi þeirra þjóða, sem hafa hæstar þjóðartekjur á mann. Skýringarinnar á þessu er fyrst og fremst að leita í mjög mikilli framleiðni í íslenzkum sjávarútvegi. Það eru fyrst og fremst mikil framleiðsluafköst í sjávarútveginum, sem eru undirstaða góðra lífskjara á Íslandi. Í öðrum atvinnugreinum er framleiðnin eflaust minni, þótt hún sé þar án efa mjög misjöfn. Engar öruggar skýrslur eru til um þessi efni, þannig að unnt sé að segja til um það með vissu, í hvaða atvinnugreinum og á hvaða sviði efnahagslífsins framleiðnin sé mest og minnst. En samkeppnishæfni íslenzkra atvinnugreina gagnvart erlendum atvinnuvegum hlýtur þó að teljast nokkur vísbending í þessu efni. Íslenzkur sjávarútvegur er fyllilega samkeppnisfær við sjávarútveg annarra fiskveiðiþjóða. Mestur hluti framleiðslu íslenzka sjávarútvegsins er seldur á heimsmarkaði í harðri samkeppni við afurðir annarra fiskveiðiþjóða og skilar samt framleiðendunum og þjóðarbúinu mjög miklum tekjum og meiri tekjum en framleiðendur sams konar afurða bera úr býtum í öðrum löndum.

Talsverður hluti íslenzks iðnaðar er án efa fyllilega samkeppnisfær við sams konar iðnað erlendis og hið sama á við um íslenzkar siglingar á sjó og í lofti. Um nokkurn hluta iðnaðarins á það hins vegar tvímælalaust við, að hann verður ekki talinn samkeppnisfær við sams konar iðnað erlendis, en dafnar hér í skjóli verndartolla. Erfitt er hins vegar að segja til um raunverulega samkeppnisaðstöðu íslenzkra viðskiptafyrirtækja og ýmiss konar þjónustufyrirtækja. En um íslenzkan landbúnað gildir það, að afurðir hans eru hvað verðlag snertir engan veginn samkeppnishæfar við afurðir landbúnaðarins í nálægum löndum og er samkeppnishæfni íslenzkra landbúnaðarafurða þó mjög misjöfn. Verðlag sumra þeirra, svo sem ullar og gæra, virðist samkeppnishæft við sams konar vöru erlendis. En framleiðslukostnaður allra annarra landbúnaðarafurða er miklu hærri hér en í nálægum löndum, einkum þó mjólkurafurða. Verðlag þeirra er erlendis aðeins brot af framleiðslukostnaði þeirra hér.

Á undanförnum árum hafa æ fleiri svið íslenzks efnahagslífs komizt í nánari snertingu við verðlag umheimsins og lagað sig að samkeppnisaðstæðum í heimsviðskiptunum. Í kjölfar aukins frjálsræðis í utanríkisviðskiptunum og lækkunar á tollum hefur aukinn hluti íslenzks viðskiptalífs og íslenzks iðnaðar og þá ekki sízt siglingarnar á sjó og í lofti lagað sig að verðlagsaðstæðum í umheiminum og reynzt samkeppnishæfur í heimsviðskiptunum. Um íslenzkan landbúnað er það að segja, að verðlag hans og framleiðslukostnaður hefur á undanförnum árum í vaxandi mæli fjarlægzt verðlag og framleiðslukostnað í viðskiptalöndunum. Verðlag á landbúnaðarafurðum hefur ekki farið hækkandi erlendis undanfarin ár. Hins vegar hefur framleiðslukostnaðurinn hér innanlands aukizt. Þetta gildir að sjálfsögðu einnig um aðrar atvinnugreinar, en sumpart hefur verðlag á vörum þeirra erlendis farið hækkandi og sumpart hefur framleiðni aukizt svo mjög, að þessar atvinnugreinar hafa getað staðið undir hinum hækkandi framleiðslukostnaði innanlands. Þetta á hins vegar ekki við um íslenzkan landbúnað. Verðlag á afurðum hans erlendis hefur ekki farið hækkandi. Þótt átt hafi sér stað mikil framleiðniaukning í landbúnaðinum, hefur hún ekki nægt til þess að vega upp á móti hinum hækkaða framleiðslukostnaði. Gildandi löggjöf hefur gert ráð fyrir því, að bændur hefðu tekjur, sem séu hliðstæðar tekjum launastétta við sjávarsíðuna. Bændur hafa því aðeins getað fengið þessar tekjur, að verðlag á afurðum þeirra hafi farið ört hækkandi og fjarlægzt heimsmarkaðsverðið á sams konar vörum í æ ríkara mæli. Bilið milli þess verðs, sem nú er orðið nauðsynlegt á íslenzkum landbúnaðarafurðum til þess að íslenzkir bændur geti haft sambærilegar tekjur við launastéttir við sjávarsíðuna, og heimsmarkaðsverðsins á afurðum þeirra er nú orðið svo mikið, að þar er orðið um að ræða eitt alvarlegasta efnahagsvandamálið, sem við er að etja í íslenzkum þjóðarbúskap.

Enginn ágreiningur er um það, að eðlilegt er og sjálfsagt, að stundaður sé landbúnaður á Íslandi. Það er ekki aðeins eðlilegt og sjálfsagt af sögulegum og félagslegum ástæðum, heldur er það einnig eðlilegt og sjálfsagt vegna afkomuöryggis þjóðarinnar. Það hefur alltaf verið hægt að fá flestar þær vörur, sem íslenzkur

landbúnaður framleiðir, fyrir lægra verð frá útlöndum. Að þessu leyti má því segja, að Íslendingar búi við lakari lífskjör en ella, vegna þess að þeir vilja sjálfir framleiða helztu landbúnaðarafurðirnar, sem þeir neyta. En enginn ágreiningur er um, að þetta eiga Íslendingar að gera, þótt það valdi því, að þeir þurfa að greiða meira fyrir landbúnaðarafurðirnar en ella. Hins vegar ber enga nauðsyn til þess, að Íslendingar framleiði landbúnaðarafurðir til útflutnings. Ef Íslendingar gætu selt landbúnaðarafurðir erlendis fyrir framleiðslukostnaðarverð, væri sú framleiðsla eðlilegur þáttur í þjóðarbúskapnum. En ef framleiðslukostnaðurinn er meiri en útflutningsverðið, rýrir það þjóðartekjurnar að sama skapi. Það, sem verið hefur að gerast að þessu leyti undanfarin ár, er, að framleiðsla íslenzks landbúnaðar hefur vaxið mun meir en neyzlan innanlands og hefur þess vegna orðið að flytja landbúnaðarafurðirnar til útlanda í vaxandi mæli, en útflutningsverðið hefur ekki verið nema nokkur hluti framleiðslukostnaðarins innanlands og raunar lækkandi hluti á undanförnum árum. Þessi útflutningur hefur beinlínis rýrt þjóðartekjurnar. Hann hefur rýrt þær í vaxandi mæli á undanförnum árum, og fyrirsjáanlegt er, að hann muni halda áfram að rýra þær í ört vaxandi mæli, ef ekki eru gerðar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir það. Þetta er vandamálið, sem ég ætla hér að ræða og tel, að nú sé orðið eitt brýnasta vandamál íslenzks efnahagslífs.

Það er ómótmælanlegt, að þegar framleiðsluvörur eru fluttar til útlanda fyrir mun lægra verð en nemur framleiðslukostnaðinum innanlands, rýrir það þjóðartekjurnar. Mismun framleiðslukostnaðarins og útflutningsverðsins verður að greiða úr sameiginlegum sjóði landsmanna. Þangað til fyrir fáum árum voru þessar útflutningsbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir tiltölulega lítil fjárhæð. Fyrir fimm árum eða 1961 námu þessar útflutningsbætur 21 milljón, en á þessu fimm ára tímabili hafa þær tífaldazt og eru nú í ár áætlaðar 214 millj. kr. Gildandi lög gera ráð fyrir því, að útflutningsbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir geti numið 10% af heildarverðmæti landbúnaðarframleiðslunnar. Meðan útflutningurinn er ekki meiri en svo, að nauðsynlegar útflutningsbætur séu innan þessa ramma, nægja þær til þess, að bændur fái sama verð fyrir útflutninginn og þær vörur, sem seldar eru á innanlandsmarkaði. Neytendurnir greiða óbeint mismuninn á framleiðslukostnaðinum og útflutningsverðinu. En ef útflutningur er meiri en svo, að heimilt sé að greiða útflutningsbætur vegna hans, þá rýrir útflutningur fyrir lægra verð en svarar til framleiðslukostnaðar beinlínis tekjur bændastéttarinnar. Þá er svo komið, að útflutningurinn rýrir ekki aðeins heildarþjóðartekjurnar, heldur skerðir beinlínis tekjur sjálfra framleiðendanna, bændanna.

Á undanförnum árum hefur landbúnaðarútflutningurinn verið að rýra heildarþjóðartekjurnar í vaxandi mæli, en nú á þessu ári er svo komið, að landbúnaðarútflutningurinn er beinlínis farinn að skerða tekjur bændastéttarinnar sjálfrar í alvarlegum mæli, og augljóst er, að hann mun ekki aðeins halda áfram að rýra heildarþjóðartekjurnar í vaxandi mæli á næstu árum, heldur mun hann einnig skerða tekjur sjálfrar bændastéttarinnar svo mjög á næstu árum, ef ekkert er að gert, að þar er um mjög alvarlegt vandamál að ræða.

Þessar staðhæfingar skal ég nú skýra nokkru nánar. Framleiðsla landbúnaðarafurða er nú mun meiri en þörf er fyrir innanlands og sérstaklega þá framleiðsla mjólkurafurða. Umframframleiðsla mjólkur er um 25 þúsund tonn, eða um fimmtungur heildarframleiðslunnar. Umframframleiðsla sauðfjárafurða svarar á hinn bóginn til um 6% heildarverðmætis þeirra. Sé öll framleiðsla mjólkur- og sauðfjárafurða verðlögð á útflutningsverði, kemur í ljós, að það verð gefur bændum um 20% þess grundvallarverðs, sem þeim nú ber á innlendum markaði. Hlutfallið á milli grundvallarverðs til bóndans og þess verðs, sem bóndinn mundi fá fyrir útfluttar afurðir, er þó mjög ólíkt eftir því, hvort um er að ræða afurðir kúabúanna eða sauðfjárbúanna. Útflutningsverð sauðfjárbúanna er 35% grundvallarverðsins, en útflutningsverð kúabúanna aðeins 11% grundvallarverðsins. Nú er auðvitað ekki nema nokkur hluti afurðanna flutt út, en þessi gífurlegi munur útflutningsverðsins og grundvallarverðsins gefur þó vísbendingu um, hvílík þjóðfélagsbyrði því er samfara, að framleiðslan skuli vera meiri en innanlandsneyzlan, þannig að flytja þarf þessa vöru til útlanda.

Það ætti að mega teljast augljóst, að það getur ekki gengið til frambúðar, að greitt sé árlega á þriðja hundrað milljóna króna úr sameiginlegum sjóði landsmanna til styrktar framleiðslu, sem seld er til útlanda fyrir lítið brot af framleiðslukostnaði, og hitt ætti sömuleiðis að mega teljast augljóst, að ekki getur talizt nokkurt vit í því, að íslenzkir bændur stundi framleiðslu, sem beinlínis rýrir tekjur þeirra, þ. e. a. s. framleiði vöru, sem þeir fá minna en ekki neitt fyrir. Slíka öfugþróun verður að stöðva, og þeim mun fyrr sem hún er stöðvuð, þeim mun betra.

Sú skoðun hefur heyrzt, að fólksfjölgun muni verða svo ör á Íslandi á næstu árum og áratugum, að það muni vega upp á móti framleiðsluaukningunni, en hér er um mikinn misskilning að ræða. Framleiðsluaukningin á landbúnaðarvörunum hefur á undanförnum árum verið mun meiri en fólksfjölgunin, og ekkert bendir til þess, að þetta muni breytast á næstu árum, ef ekkert er að gert.

Einnig hefur verið um það rætt, að leiðin út úr ógöngunum sé fólgin í því að auka sauðfjárframleiðsluna, en draga að sama skapi úr mjólkurframleiðslunni, en það mun ekki heldur leysa vandann. Þótt framleiðsla mjólkurafurða og annarra nautgripaafurða yrði minnkuð um 20% og sauðfjárframleiðslan aukin að sama skapi, yrðu útflutningsuppbætur að nema um 240 millj. kr., til þess að bændur fengju fullt grundvallarverð fyrir afurðirnar, en það er næstum 30 millj. meira en bændur geta fengið í útflutningsbætur samkv. gildandi lögum og miðað við núverandi heildarverðmæti landbúnaðarframleiðslunnar. Jafnvel þótt mjólkurframleiðslan yrði minnkuð um 20% og sauðfjárframleiðslan aukin að sama skapi, yrði útflutningurinn að vera meiri en svo, að uppbætur á hann yrðu innan núgildandi takmarka. Eftir sem áður hefðu bændur beint tjón af útflutningsframleiðslunni, þ. e. a. s. hún beinlínis rýrði tekjur þeirra.

Ef reynt er að gera sér grein fyrir framtíðarhorfunum í þessu efni, er niðurstaðan þessi: Neyzlan innanlands mun vart aukast meira en um 2% á ári næstu árin, enda er neyzla landsmanna á mjólk og mjólkurafurðum og kjöti mjög há, miðað við önnur lönd. Hins vegar hefur heildarframleiðsla landbúnaðarins aukizt um ca. 4% undanfarið og framleiðsla mjólkur- og nautgripaafurða hefur aukizt enn miklu örar, eða um 7%.

Miðað við þær forsendur, að heildarframleiðsla landbúnaðarins haldi áfram að aukast með sama hraða og verið hefur, þ. e. a. s. 4% á ári, jafnframt því sem nokkuð drægi úr mjólkurframleiðslu, eða úr 7% í 5% á ári, en kjötframleiðsla aukist sem því svarar, má gera ráð fyrir, að mjólkurframleiðslan á framleiðsluárinu 1970—1971 yrði 162 þús. tonn, eða um 50 þúsund tonnum meiri en innanlandsnotkunin. Unframframleiðsla, sem flytja þyrfti út, yrði þá m. ö. o. um það bil tvöföld á við það, sem hún er nú. Umframframleiðsla kindakjöts mundi þá vera orðin 3300 tonn, en er nú um 2500 tonn. Útflutningsbætur þyrftu þá á framleiðsluárinu 1970-1971 að nema a. m. k. 475 millj. kr. Þær yrðu m. ö. o. um 185 millj. kr. hærri en þær eru nú.

Þótt mjólkurframleiðsla yrði minnkuð, eins og ég gerði ráð fyrir áðan, um 20% og sauðfjárframleiðslan aukin að sama skapi, yrði útflutningsbótaþörfin enn óeðlilega há. Útflutningsbæturnar yrðu að nema 395 millj. kr. og yrðu þannig 103 millj. kr. hærri en þær eru nú.

Sökum þess, að margir virðast telja, að lausnin á vandamálum landbúnaðarins sé fólgin í því, að framleiðslan beinist frá mjólkurafurðum til sauðfjárafurða, er vert að benda sérstaklega á þessar niðurstöður. Jafnvel þótt hlutföllin á milli framleiðslu mjólkurafurða og sauðfjárafurða breyttust þannig, að mjólkurframleiðslan verði, eins og ég hef sagt, 20% minni en nú, má gera ráð fyrir, að þörfin á útflutningsbótum verði eftir fimm ár orðin 35% meiri en nú.

Þetta er allmiklu betri útkoma en fást mundi með áframhaldandi aukningu í mjólkurframleiðslu, en hún felur samt í sér, að vandinn heldur áfram að aukast. Þar við bætist, að ekkert bendir til þess, að auðvelt sé að ná þeirri breytingu á hlutföllum framleiðslunnar, sem hér er gert ráð fyrir. Það er einmitt í þeim héruðum, þar sem skilyrðin fyrir mjólkurframleiðslu eru bezt, sem mestar framfarir hafa orðið í landbúnaði og fjárfesting hefur verið mest. Verðlag á mjólkurafurðum er bændum mjög hagstætt og mun halda áfram að vera það, enda þótt nokkurt verðjöfnunargjald yrði lagt á þær vörur eins og þetta frv. heimilar. Án mjög róttækrar breytingar á stefnunni í landbúnaðarmálum í heild eru allar líkur til þess í fyrsta lagi, að landbúnaðarframleiðslan í heild muni halda áfram að aukast örar en neyzlan innanlands, og í öðru lagi, að framleiðsla mjólkurafurða aukist örar en framleiðsla sauðfjárafurða. Þetta mundi leiða til þeirrar niðurstöðu, sem lýst var í fyrri kostinum hér að framan, en ekki þeim síðari, þ. e. a. s. aukningu á þörf útflutningsbóta úr 290 millj. í hvorki meira né minna en 495 millj. á fimm árum.

Hvaða áhrif mundi nú þessi þróun hafa á kjör bænda? Hámarki útflutningsbóta hefur nú verið náð, og á þessu ári munu bændur sjálfir verða að standa undir um 70 millj. kr. af útflutningsbótaþörfinni. Þetta svarar til rúmlega þriggja af hundraði af heildarverðmæti landbúnaðarframleiðslunnar. Eftir fimm ár má gera ráð fyrir, að bændur verði að greiða hátt í 10 af hundraði af heildarframleiðsluverðmætinu til þess að standa undir útflutningsbótaþörfinni. Það getur hver og einn gert sér í hugarlund, hvaða raunhæfa þýðingu það hefur við slíkar aðstæður að ákveða með lögum, að bændur skuli hafa sambærilegar tekjur við aðrar stéttir, eins og gert er í því frv., sem hér liggur fyrir. Hin raunverulega þróun hlýtur að verða allt önnur, að kjörum bænda hraki í samanburði við aðrar stéttir, nema sem fyrst sé gripið til gagngerðra ráðstafana til þess að stöðva þessa öfugþróun. Það er því ekki síður vegna bændanna sjálfra en vegna þjóðfélagsins í heild, sem má alls ekki dragast, að stefnan í landbúnaðarmálum sé endurskoðuð.

Fjármunamyndun í landbúnaði hefur verið mjög mikil á undanförnum árum, og hefur það að sjálfsögðu verið undirstaða hinnar miklu framleiðsluaukningar. 1960 nam fjármunamyndun í landbúnaðinum 208 millj. kr. og nam þá 8,3 af hundraði heildarfjármunamyndunarinnar í landinu. Í fyrra mun fjármunamyndunin í landbúnaðinum hafa numið um 560 millj. kr. og var það tíu af hundraði heildarfjármunamyndunarinnar. Fjármunamyndunin í landbúnaðinum hefur því ekki aðeins aukizt mjög verulega, heldur hefur einnig hlutdeild hennar í heildarfjármunamyndunninni vaxið. Talsverður hluti þessarar fjárfestingar hefur ekki aðeins verið gagnslaus frá þjóðfélagslegu sjónarmiði, heldur beinlínis skaðlegur, að svo miklu leyti sem hún hefur verið undirstaða framleiðsluaukningar, sem ekki aðeins hefur rýrt heildarþjóðartekjurnar, heldur er hún einnig beinlínis farin að skerða tekjur bænda sjálfra.

Framlög til landbúnaðarins af opinberu fé hafa og farið mjög vaxandi á undanförnum árum. Fyrir fimm árum eða 1961 námu greiðslur úr ríkissjóði til útflutningsbóta, jarðræktarframlaga og framræslu og framlög samkv. lögum um stofnlánadeild, landnám, ræktun og byggingar í sveitum samtals 59.2 millj. kr. Á þessu ári nema þessi sömu framlög, að viðbættu sérstöku framlagi til bænda samkv. samkomulagi í Sexmannanefnd, 334.6 millj. kr. Þessi framlög til landbúnaðarins hafa þannig meir en fimmfaldazt á undanförnum sex árum. Með hliðsjón af ástandinu í framleiðslumálum landbúnaðarins verður ekki heldur sagt, að þessi mikla útgjaldaaukning hafi skilað miklum þjóðhagslegum árangri. En til hvaða ráða á þá að grípa til úrlausnar þessum mikla vanda? Ég ætla mér auðvitað ekki þá dul, að ég geti hér bent á ráðstafanir í einstökum atriðum, sem duga munu til lausnar á þessum mikla vanda. Áður en hægt væri að gera ýtarlegar till. um þessi efni, þyrftu að fara fram rannsóknir á mjög mörgum atriðum, sem vitneskja er nú ekki fyrir hendi um, en meginstefnuna er hins vegar hægt að marka. Stefna verður að því, að íslenzkur landbúnaður framleiði fyrst og fremst fyrir innlendan markað. Framleiðsluaukninguna verður að stöðva, sérstaklega framleiðsluaukningu kúabúanna. Helzt þyrfti beinlínis að minnka framleiðsluna smám saman, til þess að

væntanleg fólksfjölgun skapi sem fyrst eftirspurn eftir allri innlendu landbúnaðarframleiðslunni. Til þess að þetta markmið náist verður að grípa til samræmdra aðgerða á mörgum sviðum. Stefnan í fjárfestingarmálum landbúnaðarins getur mjög stuðlað að því, að þróunin verði í þessa átt, og því mikla fé, sem nú er varið til styrktar landbúnaðinum og nemur í ár 335 millj. kr., mætti eflaust með ýmsu móti verja þannig, að það stuðlaði að þessum breytingum í framleiðslumálum, — að þess konar breytingum í framleiðslumálum landbúnaðarins, sem nauðsynlegar eru.

Ríkisvaldið og bændasamtökin þurfa að hefja samvinnu um þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar eru. Sem fyrst ætti ríkisvaldið og bændasamtökin að efna til ýtarlegra rannsókna á þessu vandamáli öllu og freista þess að finna sem fljótvirkastar leiðir til lausnar á vandanum.

Það er ekki aðeins hagsmunamál þjóðarheildarinnar, að jafnmikilvæg framleiðslugrein og landbúnaðurinn sé hagkvæmlega rekin. Framleiðslumál landbúnaðarins eru nú því miður komin í þvílíkt öngþveiti, að bændur framleiða nokkurn hluta afurða sinna sjálfum sér beinlínis til tjóns. Úr því öfugstreymi verður að bæta sem fyrst. Það er jafnbrýnt hagsmunamál bændanna sjálfra og þjóðarheildarinnar.

Frsm. meiri hl. (Jónas Pétursson): Herra forseti. Ég ætla nú ekki á þessu stigi að fara út í þessa miklu ræðu, sem hæstv. viðskmrh. var að flytja. Ég hafði kvatt mér hljóðs áður út af till., sem hv. 5. þm. Norðurl. v. hefur lagt fram. Við 2. umr. málsins flutti hann ræðu og gagnrýndi m. a. nokkuð tvær gr. í því frv. til breytinga á framleiðsluráðsl., sem hér liggur fyrir, og vildi þá koma fram á þeim breyt. eða lagfæringum, eins og hann vildi orða það. Hann fór jafnframt fram á, að landbn.d. tæki frv. til athugunar á ný, en síðar við þessa umr. lýsti form. n. því yfir, að hann sæi ekki ástæðu til þess, þar sem hv. þm. Björn Pálsson hefði hreyft sínum hugmyndum allákveðið á fundi n., sem haldinn var um þetta frv., og málið var þar allmikið rætt, áður en það var afgr., en þessar till. hv. þm. fengu þar ekki hljómgrunn. En svo sem ég hef áður sagt, hefur hann nú lagt þær fram hér í hv. d. í þeim anda, sem hann hreyfði í n. og þeim anda, sem hann ræddi nokkuð um hér við 2. umr. málsins.

Í fyrri brtt. við 3. gr. felst aðeins það, að hann vill draga úr því valdi, sem Framleiðsluráði er fengið, valdi til þess að ákveða mismunandi hátt útborgunarverð á nýmjólk eftir árstímum, en leggur hins vegar til, að það sé tekið fram í þessari gr., að það skuli gert í samráði við stjórnir viðkomandi mjólkurbúa. Ég verð nú að segja það, að mér dettur ekki í hug, að Framleiðsluráðið starfi þannig, að það muni ekki hafa slíkt samráð án þess að það sé tekið sérstaklega fram í l., og þess vegna tel ég þessa till. með öllu óþarfa og sízt ástæðu til þess að vantreysta Framleiðsluráði að fara með þessa heimild.

Við 5. gr. frv. er síðari brtt. þessa hv. þm., en hún fjallar um vinnulaun vísitölubúsins. Í brtt. er lagt til, að breytt sé um viðmiðunarstéttir, sem kaup bænda er ákveðið eftir, og að opinberir starfsmenn og verzlunarfólk sé tekið þar inn í stað sjómanna. En hingað til hafa einmitt þessar þrjár viðmiðunarstéttir, verkamenn, sjómenn og iðnaðarmenn ásamt bændastéttinni verið aðalerfiðisstéttir þessa lands, og ég hygg, að það sé einmitt þess vegna og ekki sízt þess vegna, sem þessi viðmiðun er til komin. Hún hefur skapazt af venju og hún hefur einnig verið vegna þeirra ákvæða, sem alltaf hafa verið í framleiðsluráðsl., að þeir, sem tilnefna fulltrúa af hálfu neytenda í Sexmannanefnd, eru einmitt fulltrúar þessara þriggja stétta, sjómanna, iðnaðarmanna og verkamanna. Þess vegna finnst mér, að þessi brtt. sé sízt til bóta, og hún byggir í raun og veru á allt öðrum grunni. En hins vegar er ljóst, að það má orða þessa gr. á ýmsa vegu, en aðalatriðið er náttúrlega sá tilgangur, sem ætlað er að ná með henni, og hann er sá, sem alltaf hefur staðið í l. og stendur enn. Við því hefur ekki verið hróflað, að þeir, sem landbúnað stunda, beri úr býtum hliðstætt kaup fyrir sín störf eins og aðrar vinnandi stéttir, og eins og ég hef sagt: í framkvæmdinni hafa viðmiðunarstéttirnar orðið þessar þrjár, sem ég áður greindi. Nú varð um það samkomulag, að ég hygg í undirbúningsnefndinni, eða hún hafi a. m. k. fallizt á það, — þeirri sjö manna undirbúningsnefnd, sem aðallega hafði með að gera endurskoðun á l., þó að einum nm. undanskildum, — að bæta inn í þessa 4. gr. l., sem nú er, nánari skýringu á því, sem í þessu á að felast, að þeir, sem landbúnað stundi, hafi hliðstæðar tekjur og aðrar vinnandi stéttir. Það er á þá lund, að miðað skuli við taxtakaup þessara vinnustétta. Í brtt. hv. 5. þm. Norðurl. v. er kveðið á um að nota þær upplýsingar, sem fyrir hendi eru um vinnuþörf viðmiðunarbúsins. Ég held, að þetta sé með öllu óþarft, því að einmitt um þetta atriði fjallar 12. gr. þessa frv. Þar er gert ráð fyrir því, að gögn frá Búreikningaskrifstofu ríkisins og Hagstofunni séu höfð við ákvörðun vinnuaflsþarfar búsins. Ég fæ þess vegna ekki séð annað en það sé sízt til bóta, að þessi till. hv. þm. yrði samþ., auk þess sem hér er, eins og vitað er, um að ræða mál, sem þeir aðilar hafa fjallað um, sem lengst hafa farið með þessi mál að undanförnu í Sexmannanefnd, og ég vil leggja áherzlu á það, að frv. nái fram að ganga eins og það liggur fyrir.

Björn Pálsson: Herra forseti. Tilgangur minn með því að tala hér nokkur orð er nú fyrst og fremst að minnast á þær brtt., sem ég hef leyft mér að flytja. Hæstv. viðskmrh. hefur haldið hér langa ræðu um landbúnað, en ég sé nú ekki, að það sé hægt eiginlega tímans vegna að ræða svo viðtækt mál nú í þinglokin, þannig að ég geri ekki ráð fyrir að svara því miklu, enda ekki sérstaklega ástæða til, að ég geri það frekar en aðrir.

Ég hef leyft mér að leggja hér fram brtt. viðvíkjandi a-lið 3. gr. á þá leið, að í stað orðanna, að ákveða mismunandi hátt útborgunarverð til framleiðenda eftir árstímum og innheimta verðjöfnunargjald af innveginni mjólk komi: „að ákveða mismunandi verð til framleiðenda eftir árstímum, þar sem verulegur hluti mjólkurframleiðslunnar er seldur sem neyzlumjólk. Verðmunurinn skal ákveðinn í samráði við stjórnir viðkomandi mjólkurbúa. Framleiðsluráði er einnig heimilt að ákveða og innheimta verðjöfnunargjald af innveginni mjólk.“ Ég vil taka það fram, að ég er ekk-

ert sérstaklega og alls ekki að deila við Stéttarsamband bænda eða Framleiðsluráð út af þessu. Í þeim till., sem upphaflega komu frá þeirri n., sem skipuð var í þetta mál, mun þessi liður ekki hafa verið svona orðaður og ekki heldur sá liður, sem seinni brtt. mín á við, að virðist koma fram í grg. frv., að þessum liðum hafi verið breytt seinna til samkomulags. Upphaflega var gert ráð fyrir að skattleggja fóðurbætinn til að bæta upp útflutningsafurðirnar eða þann hluta landbúnaðarvaranna, sem fluttur er út, en síðan var þessu breytt og þessi skattur lagður á mjólkina. Í fyrsta lagi hefur það verið á valdi bænda og stjórnenda í mjólkursamlögunum að ákveða verð á þessari vöru. Með þessari lagabreyt. er þetta vald tekið af þeim. Ég fyrir mitt leyti hef alls ekkert umboð frá bændum í mínu héraði til þess að greiða atkvæði með slíku, en mér finnst ástæðulaust að fá Stéttarsambandinu meira vald í hendur en það hefur þörf fyrir. Ég skal játa, að ef á að afla fjár til þess að jafna afurðaverðið innanlands og bæta upp útflutningsafurðir, vissar tegundir af þeim, þarf náttúrlega að fá það fé einhvern veginn og þess vegna verður að fá heimild til þess að leggja á verðjöfnunargjald. En það er engin ástæða til þess að fá þeim heimild til þess að ákveða mismunandi verð eftir árstímum, nema þar sem þörf er fyrir að framleiða visst magn af mjólk að vetrinum. Það er miklu dýrara að framleiða vetrarmjólkina, og ég tel enga þörf á því að fá því það vald. Ég er ekki að segja, að Framleiðsluráð misnoti vald sitt. Ég hef enga trú á því, en yfirleitt er ekki ástæða til að fá neinum aðila meira vald en hann hefur þörf fyrir að nota og í þessu tilfelli álít ég, að Framleiðsluráð hafi enga þörf fyrir að hafa vald til að ákveða mismunandi verð vetur og sumar nema á þeim svæðum, þar sem þarf að selja mikla neyzlumjólk og það á að gerast í samr. við stjórnir mjólkurbúanna. Þess vegna gengur þessi till. mín eingöngu út á, að haft sé samráð við stjórnir mjólkurbúanna og Framleiðsluráði sé ekki fengið meira vald en það hefur þörf á til þess að geta gert þá hluti, sem ætlazt er til, að það geri. Hitt getur svo verið deiluatriði, hvort ástæða er til að skattleggja frekar mjólkina en fóðurbætinn. Það er atriði út af fyrir sig, sem ég kem ekki inn á, af því að ég lít svo á, að það sé búið að ná samkomulagi um að leggja það á mjólkina, en ekki á fóðurbætinn, jafnvel þótt ég telji, að þetta hafi dálítið öfugar verkanir, því að ef skatturinn er lagður á fóðurbætinn á hann að draga úr fóðurbætisgjöfinni, en með því að leggja hann á neyzlumjólkina og verðlauna þá, sem framleiða að vetrinum, þegar mest er notað af fóðurbæti, örvar það fóðurbætisnotkunina, svo að það verkar í raun og veru öfugt, þetta ákvæði, við það, sem það á að verka, ef maður miðar við það að draga úr heildarmjólkurframleiðslunni yfir árið. Svo er það náttúrlega hlutur út af fyrir sig, sem skattur á fóðurbæti gæti komið í veg fyrir, og það er það, hve mikið er gefið af fóðurbæti að sumrinu, til þess að kýrnar mjólki enn meira, og það er hlutur, sem við eigum í fyrsta lagi að leggja niður. Við eigum að beita kúm á gott haglendi og rækta það, ef með þarf, en við eigum ekki að moka í þær erlendum fóðurbæti eða fóðurbæti, sem við gætum selt fyrir góðan gjaldeyri, eins og við höfum gert við síldarmjölið. Við eigum ekki að gera það að sumrinu, meðan við höfum nóga mjólk í landinu. Og það er náttúrlega stórt atriði, sem bændastéttin í heild verður að leysa og verður ekki leyst hér með stuttum umr., það er að skipuleggja framleiðsluna á sem hagkvæmastan hátt.

Seinni brtt. mín, sem er við 5. gr. frv., gengur út á það í fyrsta lagi að gera þessa gr. skýrari hvað orðalag snertir. Hér er t. d. sagt: „og virða vinnutíma til samræmis við kaupgjald verkamanna, sjómanna og iðnaðarmanna.“ Þarna er talað um að virða vinnutíma til samræmis við kaupgjald. Mér finnst þetta vera algert bögumæli. Svona má reyndar segja um a-lið 3. gr. frv., þar sem talað er um að ákveða mismunandi hátt útborgunarverð. Eins og ég skýrði í ræðu minni um daginn, þá er með útborgunarverði átt við það verð, sem borgað er út, þegar tekið er á móti vörunni. Það er þannig notað hjá öllum samvinnufélögum, en endanlegt verð — eða verð, eins og ég orða það í brtt. minni — mjólkurinnar er fullnaðarverð hennar, þannig að ég álít, að þrátt fyrir það, að við samþ. þessa gr., geti stjórnir mjólkurbúanna skotið sér undan og haft sama verð vetur og sumar með því að snúa út úr þessu orði en ég veit, að meiningin hjá þeim, sem sömdu frv., er, að þetta eigi að vera endanlegt verð. En útborgunarverð er bara allt annað en endanlegt verð. Þá kem ég að því aftur að ég álít, að ekki sé hægt að miða vinnutíma við kaupgjald. Það sjá allir menn, að það er ekki rétt. Það er hægt að miða kaupgjald við kaupgjald og vinnutíma við vinnutíma og þess vegna legg ég til, að seinni gr. sé orðuð þannig: „miða vinnutíma og kaupháð til samræmis við meðallaun og meðalvinnutíma starfsmanna ríkis og bæja, verzlunarfólks, verkamanna og iðnaðarmanna.“ Ég felli sjómennina niður. Það kom hér fram hjá síðasta ræðumanni áðan, að samkv. þessu ættu bændur að hafa svipuð kjör og aðrar vinnandi stéttir í þjóðfélaginu. En það er nú bara dálítið öfugt. Með þessari gr. er bara tryggt, að þeir hafa ekki sömu kjör, algerlega. Ég skil vel, að hæstv. menntmrh., sem var að halda hér ræðu áðan, er ánægðari með þau, enda lét hann miklu betur af þessum lagaákvæðum heldur en aðrir. Með því að samþykkja þessa lagagr. er algerlega tryggt, að íslenzk bændastétt er lægst launaða stétt á Íslandi, meðan jafnmikil eftirspurn er eftir vinnu eins og nú er, og skal ég rökstyðja það frekar.

Það er tekið út, það er ekki verið að miða við iðnaðarmenn og sjómenn, eins og raunverulegar tekjur þeirra eru, nei, ónei. Það er tekin út öll ákvæðisvinna, og við vitum, að þar sem meginvinnan fer fram í þéttbýlinu, þar er enginn maður, sem er sæmilega hæfur, t. d. í byggingariðnaðinum, sem vinnur öðruvísi en ákvæðisvinnu, hvorki múrverk eða uppsláttur er framkvæmdur öðruvísi. Og þeir hafa svona 1000 kr. á dag og jafnvel upp í 1400. Mér var sagt í dag, það sagði mér einn af auðmönnum bæjarins, að hann hefði múrara og hann hefði 50 þús. kr. á mánuði núna og væri að spjalla um það svona á milli þess, sem hann væri að múra, að þetta væri gersamlega ómögulegt þjóðfélag til að lifa í. Eftir því sem menn fá meira, eftir því vanþakka þeir meira. En auðvitað leggur maðurinn mikið á sig, ég efast ekkert um það. Og ég

get vel gengið inn á, að þegar á að miða tímavinnu við ákvæðisvinnu beri að taka tillit til þess, að akkorðsmaðurinn leggur venjulega meira á sig. En fyrr má nú rota en dauðrota. Það er bara ekkert tillit tekið til þess, hvort sjómaðurinn hafi einhvern hlut eða ekki, það er bara miðað við tryggínguna hans, og ef það væri eingöngu miðað við tryggingu sjómanna, mundi ekki einn einasti sjómaður fást út á skip í dag, því að þeir mundu ekki draga fram lífið með fjölskyldum sínum á þeim tekjum. En ég get vel gengið inn á að miða ekki sjómenn við aðrar stéttir þjóðfélagsins, vegna þess að þeir eru mikið af árinu fjarri heimilum sínum og þá eyða þeir meiri peningum og neita sér náttúrlega um ýmislegt og verða fyrir ýmiss konar vosi, þannig að í till. minni felli ég þá alveg niður. Ég get gengið inn á, að það sé ekki rétt að bera þá saman við aðra, en ég get ómögulega gengið inn á, að það eigi að miða við þá iðnaðarmenn, sem vinna bara fyrir tímakaupi, skráðu tímakaupi, og verkamenn, af þeirri einföldu ástæðu, að ég hygg, að það megi telja á fingrum sér þá menn, sem eru vel vinnufærir og á bezta aldri og geta unnið hvaða verk sem er, sem vinna fyrir venjulegan verkamannataxta. Það eru margir menn, sem vinna hér í bæjarvinnunni, en margt af þessu eru eldri menn, sem ekki væru færir um að reka búskap, og hinir eru ýmist komnir út á sjóinn; í iðnað, sem gefur kannske frá 1000 upp í 1400 kr. með akkorðsvinnu á dag eða þá eitthvað annað. En við vitum, að bændur verða yfirleitt að vinna verkin einir, svo að segja, öll erfiðisverkin a. m. k., og þess vegna er ekki hægt fyrir aðra en menn með fullu vinnuþreki að stunda þá atvinnu. En með þessu frv. er algerlega tryggt, að ef rétt er reiknaður út kostnaðurinn við búin og réttur vinnutími við að reka þau og ef sá tími, sem fer í að hirða hverja skepnu, er ekki ofreiknaður, er bændastéttin lægst launaða stétt í landinu og það langlægst launuð, því að ég hef sannar sögur af því, að tímamenn hér venjulegir, sem ekki eru neinir fagmenn og vinna hér í holræsagerð o. fl. hjá mönnum og taka akkorðin hjá bænum, hafa 60 kr. á tímann, þar í er raunar orlof. En venjulegt verkamannakaup er svona 42-43 kr., sem á að miða kaup bóndans við. Ég fyrir mitt leyti vil ekki ganga inn á þetta. Þess vegna hef ég tekið grunninn breiðari, og ef við viljum draga meðallínu, er það algert lágmark að taka inn í viðmiðunina launafólkið í landinu, starfsmenn ríkis og bæja, sem er geysifjölmenn stétt orðin, og verzlunarfólkið, þetta er orðinn einhver fjölmennasti launamannahópur landsins, og ég vil taka það inn ásamt verkamönnunum og iðnaðarmönnunum, og það er náttúrlega ofurlítil hækkun, en engan veginn þó eins og ef teknir væru bæði iðnaðarmenn og sjómenn miðað við raunhæfar tekjur þeirra, það er ekki langt gengið, en það er þó ofurlítil bót í máli. En ég get ekki greitt atkv. með því að lögbinda það, að bændur séu skilyrðislaust lægst launaða stétt í landinu. Ofan á þetta á svo að bæta því, að bændur eiga að nokkru leyti að taka af þeim tekjum, sem reiknaður eru þeim þannig til tekna, til að bæta upp útflutningsverðlagið. Svo er það annað mál, að það má vel vera, að í gegnum samninga sé hægt að reikna meiri vinnu, að bóndinn geti ofreiknað sér vinnu við framleiðslu heys og hirðingu skepna, en það verður bara aldrei gert til langframa. Þess vegna er ekki rétt að binda það í l. Það má líka vel vera, að það sé hægt að blöffa einhverja og einhverja kostnaðarliði og gera þá eitthvað meiri en þeir raunverulega eru, en þetta er bara ekki rétta aðferðin. Við eigum að komast að sem sannastri og réttastri niðurstöðu um vinnuaflsþörf við búið og eðlilegum kostnaði við búið, og svo verðum við að reikna bændum eitthvað svipaðar tekjur og aðrir þjóðfélagsþegnar hafa. Ef það er ekki gert, ef það er lögbundið, að bændur séu lægst launaðir af öllum mönnum í þjóðfélaginu, hætta vitanlega allir sæmilega duglegir menn búskap og fara í eitthvað annað.

Ég hef ekki viljað taka undir það, að bændur landsins hafi búið við vond kjör s. l. 2 ár, því að það er ekki rétt, enda hafa þeir búið við betri kjör en þeir hafa verið vanir að búa við s. l. 2 ár, og það er meðfram af því, að þjóðartekjurnar hafa vaxið. Og það er alveg rétt, sem Jónas Haralz sagði í útvarpsviðtali, að þessum tekjum, sem hafa komið af síldargróðanum, hefur verið dreift meðal landsmanna. Þær sitja ekki nema að litlu leyti eftir hjá síldarsjómönnunum sjálfum, það er mikið tekið í útgjöld af útgerðarmönnunum, því hefur verið dreift meðal landsmanna. Meðan þannig árar held ég, að það hafi verið skynsamlegt og rétt, að þetta dreifðist einnig til bændastéttarinnar. En við getum ekki alltaf búizt við þeim gullgrefti, sem við höfum haft núna s. l. 2 ár. Ég veit, að þetta breytist. Þegar vinnueftirspurnin minnkar, breytist þetta. Þá lækka vafalaust þessar greiðslur, sem eru borgaðar umfram eðlilegt tímakaup, en ég get ómögulega fallizt á það að binda kaup bændanna skilyrðislaust, þannig að svo framarlega, sem rétt sé reiknaður út kostnaðurinn við búið og vinnutími við að hirða skepnurnar og heyja, sé það alveg tryggt, að þeir séu lægst launaða stétt á Íslandi og það langsamlega. Þess vegna hef ég viljað taka grunninn breiðari. Það má vel vera, að þessum l. verði breytt síðar meir, en ef við göngum einu sinni inn á að greiða atkv. með þessu, erum við búnir að viðurkenna þetta, sem ekki er rétt að viðurkenna, og það er, að bændur eigi að vera lægst launaða stéttin. Það er sama, hvað stendur á pappírnum, við vitum ósköp vel, að verkamenn og iðnaðarmenn og sjómenn bera ekki við að vinna fyrir venjulegt tímakaup. En hitt játa ég, að það eru náttúrlega menn, sem eru á þessum aflabátum, þetta eru duglegir menn og menn, sem taka að sér þessi akkorð, hvort heldur er í iðnaði eða öðru, það eru duglegir menn, en bændur verða bara líka að hafa vinnuþrek, annars geta þeir ekki búið. Um leið og bóndinn fer að gefa sig með vinnuþrek, hætta að geta unnið hvaða verk sem er, hann þarf ekki meira að segja annað en þola ekki að vera í heyjum, verður hann að gera svo vel og hætta að búa.

Ég hef ekki verið meiri kröfumaður fyrir íslenzka bændur en aðrir, ég skal játa það, og ég álít, að allar stéttir þurfi að kunna sér hóf í kröfum. En það er ekki ósanngjarnt, þó að ég telji, að bóndinn eigi að hafa eitthvað svipað kaup og meðallaun eru hjá opinberum starfsmönnum. Ég hygg, að það sé eitthvað nálægt því, sem gagnfræðaskólakennarar hafa, eða eitthvað svipað kaup og við höfum hérna í þinginu. En ég hef tekið það fram hérna í þessari gr., ég veit ekki, hvort ég nenni nú

að lesa hana, en hún liggur víst á borðinu hjá okkur, ég hef tekið það fram, að ég álít, að það eigi að miða við vinnutíma opinbers starfsmanns og verzlunarfólksins, hafa þar sama tíma og í daglaunavinnu, vegna þess að þó að skrifstofutíminn sé áætlaður dálítið styttri vitum við, að útivinnan er hollari en innivinnan og maðurinn hefur ekki sama þrek til að vinna við skrifstofustörf jafn lengi, þ. e. a. s. ef hann vinnur, þá hefur hann varla sama þrek eins og við útivinnu. Þeir, sem hafa reynt hvort tveggja, vita það, að innivinnan þreytir meira, þannig að ég held, að með þessum till. hafi ég ekki farið fram á neina ósanngirni.

Mér er það alveg ljóst, að þær verða ekki samþ. núna, a. m. k. seinni till. Orðalaginu mætti raunar breyta, vegna þess að það er búið að semja um þetta atriði. En ég vil ekki greiða atkv. með þeim eins og þær eru. Ég vil ekki binda það í l., að bændur séu skilyrðislaust lægst launaða stéttin í þjóðfélaginu, jafnvel þó að stjórn Framleiðsluráðs og Stéttarsambandsins geri sér vonir um það að geta með einhverjum samningum talið vinnuna kannske of mikla eða kostnaðinn of mikinn við búin, þannig að bændur fái þolanlegt verð, og ég satt að segja efast ekkert um það, að það muni verða einhvern veginn séð fyrir því, að þeir sleppi þolanlega út með verðið í sumar. Við erum bara búin að viðurkenna þetta í l., ef við greiðum atkv. með þeim, þess vegna geri ég það ekki.

Samkv. þeim búreikningum, sem ég hef farið yfir, síðustu búreikningunum, sem fyrir liggja, er gert ráð fyrir, að það fari um 300 tímar í að hirða um kúna og 12 tímar í að hirða um kindina. Annars mættu þeir gjarnan vera einfaldari og gleggri en þeir eru, ég verð nú að segja það. En það má vera, að þetta hafi verið á þeim búum, sem hafa legið fyrir hjá Búreikningaskrifstofunni, en ég efast nú um, að þetta sé rétt tala. Og ég álít, að ekkert sé við það að athuga, eins og ég tek fram hérna í brtt. minni, að höfð sé eitthver hliðsjón af nágrannalöndunum, þangað til Íslendingar eru búnir að finna þetta raunhæft út. Ég álít, að það sé ekki nema rétt og eðlilegt, að þetta sé gert raunar eins fljótt og unnt er. Náttúrlega er þetta ákaflega misjafnt, og í búreikningunum kemur fram, að það er alveg geysilega mikill munur á afkomu hjá einstökum bændum, og við eigum að miða náttúrlega að því að gera rekstur inn hagkvæmari. Það er ekki nóg að hækka alltaf verðið og það er alveg rétt tekið fram, sem kom alveg óbeint fram hjá hæstv. menntmrh., það er ekki nóg að hækka alltaf verðið. Þróunin hefur verið ákaflega ör og tæknin vaxið, en nú þurfa bændurnir að taka sig saman um að reka sinn búskap af sem mestri hagkvæmni, eins og t. d. Danir eru búnir að gera um áratugi. Það er allt saman útreiknað, hvað bezt er að gera. Þeir eru háþróuð þjóð í landbúnaðarmálum. Það er ekki nema eðlilegt, að það verði einhver hroðvirkni í þessu, meðan breytingar eru jafnörar og þær hafa verið. En þetta þurfa íslenzkir bændur að laga, og það tekur sinn tíma.

Þetta er nú aðalatriðið. Ég veit ekki, hvort ég sé ástæðu til að vera neitt að deila við hæstv. viðskmrh. Það var vafalaust margt rétt í því, sem hann sagði, og hæstv. ráðh. talaði nú í raun og veru miklu hógværlegar en hann hefur stundum gert um þessi mál, en ég held nú satt að segja, þegar hæstv. ráðh. var að reikna það út, hve miklar útflutningsuppbætur þyrftu að vera árið 1970, komi þar nú ýmsir póstar inn í, sem er ekki fyrir neinn að sjá fyrir, og þ. á m. er nú þróun verðlagsmálanna í landinu. Hans útreikningur miðast við það, að hún breytist ekki og búaukningin verði svipuð. En mér virðist, að vísitalan hafi ekki staðið í stað. Svo er nú hægt náttúrlega að taka fleira, t. d. það, að verð á sjávarafurðum hefur sífellt farið hækkandi undanfarin ár. Ef það hefði ekki gert það, væri sennilega orðið útilokað annað en að búið væri að lækka krónuna eða a. m. k. alveg að því komið, ef sjávarafurðir hefðu ekki hækkað frá því 1960 eða 1961. En landbúnaðarafurðir hafa aftur á móti hækkað mjög lítið. Við vitum ekki, hversu lengi þetta heldur áfram. Svo er nú miðað við verð á útflutningsafurðum. Þá er náttúrlega ekki hægt að miða kjötið við enska markaðinn, því að Bretar borga bændunum stórfé með hverjum grip, sem þeir framleiða innanlands, til þess að lækka framleiðslukostnaðinn til þess að geta haldið nýlendukjötinu niðri, sem er framleitt á ákaflega ódýran hátt, þar sem skepnur ganga sjálfala. Þá eru ýmsir fleiri póstar, en ég sé bara ekki ástæðu til að fara að ræða landbúnaðarmálin almennt í þetta skipti. Bæði er ekki tími til þess og svo eru þetta svo miklu viðtækari mál en hægt sé að gera þeim skil í fáum orðum, þannig að ég hef bara minnzt á þessar brtt. mínar. Mér er það ljóst, að þær munu ekki verða samþ., en ég hef sett þarna fram mína skoðun í málinu og þótt hún verði ekki tekin til greina núna, er ég ekki viss um nema það komi til greina að taka hana til greina síðar. Þess vegna þótti mér rétt að leggja till. fram, þótt því væri lýst yfir í n., að breytingar mundu ekki fást á frv. og mér sé ljóst, að þær verði ekki samþykktar.

Gunnar Guðbjartsson: Herra forseti. Ég held, að hv. 5. þm. Norðurl. v. hafi misskilið þær gr., sem hann flytur brtt. við í þessu frv., og vildi aðeins láta þess getið í sambandi við fyrri brtt., sem fjallar um útborgunarverð mjólkurbúanna og rétt Framleiðsluráðs til þess að fyrirskipa mismunandi útborgunarverð á mjólk, að þetta er hugsað þannig af Framleiðsluráði, að þetta yrði notað undir þeim kringumstæðum, þegar þyrfti að flytja meira af mjólkurvörum út úr landinu en hægt væri að fá útflutningsuppbætur greiddar á og að fyrirskipa lægra útborgunarverð yfir sumartímann, þegar mjólkurframleiðslan er langmest og grunur og reyndar vissa er fyrir því, að verulegur hluti þeirrar framleiðslu er framleiddur með erlendu kjarnfóðri, fyrirskipa þá lægra útborgunarverð og nota þann mismun, sem kæmi í útborgunarverði, til þess að bæta upp útflutning á mjólkurvörum. Þetta kemur skýrt fram í grg. með frv., og ég held, að það þurfi ekki frekari skýringar við.

Varðandi hitt atriðið, sem fjallar um viðmiðunina á kaupi bóndans, vil ég segja það, að ég tel, að þessi gr., sem nú er fram sett, eigi að tryggja hag bændanna betur og m. a. vegna þess að það verður tekið vegið meðalt. af launatöxtum viðmiðunarstéttanna og iðnaðarmenn eru langsamlega flestir af launþegum í þeim stéttum, sem við er miðað, eða um 48% og þeirra partur vegur því þar af leiðandi langsamlega mest, og í sambandi við sjómennina var það ætlun n., sem ræddi þessar till. og formaði þær, að það yrði miðað við þá sjómenn, sem

hafa tímakaup, þ. e. a. s. farmenn, en alls ekki við tryggingu bátasjómanna, því að það er hliðstætt aflahlutnum og kemur alls ekki til greina í þessu sambandi. Þess vegna held ég, að þarna sé um misskilning að ræða hjá hv. þm. og ástæðulaust að vera að gera breytingar á þessu.

Ég vildi þá ræða nokkuð það, sem hæstv. viðskmrh. kom hér inn á áðan í sambandi við landbúnaðarmálin. Hann byrjaði á því að geta um framleiðsluafköst í hinum einstöku atvinnugreinum og samkeppnisaðstöðu þeirra varðandi útflutning á vörum eins og sjávarútvegi og iðnaði. Það er alveg rétt, sem hann sagði hér, að mikil afköst í sjávarútveginum hafa orðið til þess, að sjávarútvegurinn hefur yfirleitt getað flotið á undanförnum árum og þó samhliða því aðeins, að orðið hafa miklar verðlagshækkanir á útfluttum sjávarafurðum samtímis. Og ég held, að það sé rétt, sem hv. 5. þm. Norðurl. v. sagði hér áðan, að ef þessar verðlagshækkanir hefðu ekki komið til, hefði sjávarútvegurinn ekki getað gengið, þrátt fyrir sín miklu afköst á undanförnum árum. Varðandi iðnaðinn er ég ekki eins fróður um þessa hluti, en ég hygg, að hann eigi nú í flestum greinum mjög örðugt um samkeppni við hliðstæðar greinar erlendis. Hæstv. viðskmrh. sagði, að landbúnaðurinn einn væri ekki samkeppnishæfur á erlendum markaði, því að verðlag á landbúnaðarvörum hefði ekki hækkað á heimsmarkaði á undanförnum árum og þetta er rétt. En hvers vegna hefur ekki verðlag á landbúnaðarvörum hækkað erlendis á undanförnum árum? Það er einfaldlega vegna þess, að það er ekki frjáls verðmyndun á landbúnaðarvörum meðal nágrannaþjóða okkar. Þær hafa flestar hverjar og nær allar greitt til bændanna verulegan hluta af framleiðslukostnaðinum í beinum eða óbeinum styrkjum og það svo miklu, miklu meira en íslenzkir bændur hafa þegið á undanförnum árum. Þannig hafa Bretar greitt sínum bændum um 74% af nettótekjum bændanna í beinum og óbeinum framleiðslustyrkjum. Það er gert með mörgum aðferðum, það er gert með því að bændum eru greiddir beinir framleiðslustyrkir á hverja framleiðslueiningu. Þeim eru veittir styrkir til þess að bæta aðstöðu sína, rækta og byggja og annað þess háttar, og svo eru líka greiddar verðuppbætur á seldar vörur, þannig að eftir ýmsum, mjög mörgum leiðum fá þeir um 74% af nettótekjum sínum sem framlög frá brezka ríkinu. Hjá Norðmönnum er þetta um 50%, en það er líka eftir mjög mörgum leiðum greitt, bæði sem framleiðslustyrkir og styrkir til ýmiss konar hagræðingar í búskap. Og það er rétt að leggja áherzlu á eitt atriði, sem ég hygg, að Íslendingar séu yfirleitt ófróðir um í þessu sambandi, að erlendis eru vinnsluvörur úr mjólk greiddar niður í verulega miklum mæli í flestum nágrannalöndum okkar, sem alls ekki hefur verið gert hér á Íslandi, og þetta skapar þá aðstöðu, að við eigum mjög erfitt með að keppa um sölu á vinnsluvörum úr mjólk á þeim mörkuðum, sem næstir okkur eru, og þessar vörur eru greiddar niður þar miklu meira en nýmjólkin, sem er þó sums staðar greidd niður, en ekki alls staðar. En þegar ég segi, að brezkir bændur fái 74% af nettótekjum sínum frá brezka ríkinu og Norðmenn fá 50% af sínum nettótekjum frá norska ríkinu, þá fá íslenzkir bændur að meðtöldum útflutningsuppbótunum tæplega 40% af sínum tekjum frá íslenzka ríkinu í öllum þeim styrkjum, sem íslenzka ríkið greiðir til landbúnaðarins. Og af þessu má augljóst vera, að aðstaða íslenzka landbúnaðarins hlýtur að verða örðugri til að keppa á þeim mörkuðum, sem við verðum að flytja okkar vörur á erlendis. Og alveg sérstaklega á þetta við, eins og ég sagði áðan, um vinnsluvörurnar úr mjólkinni, þar sem þær eru miklu meira greiddar niður erlendis en nýmjólkin.

En við hljótum þá að velta fyrir okkur: Er íslenzkur landbúnaður óhagkvæmari nú en hann var áður, þegar ekki þurfti að greiða útflutningsuppbætur? N. sú, sem undirbjó þetta frv., sem hér er til umr., lét athuga, hvernig verðlag til íslenzkra bænda hefði breytzt á undanförnum 23 árum, þ. e. a. s. síðan fyrsta Sexmannanefnd var sett á laggirnar 1943 til þessa dags, í hlutfalli við tímakaup verkamanna hér í Reykjavík. Og útkoman varð sú, að mjólk til bænda í verðlagsgrundvelli hefur hækkað um 100 stigum minna en tímakaup Dagsbrúnarverkamanna á þessum 23 árum. Tímakaup Dagsbrúnarverkamanna hefur hækkað um 25 stig, en mjólk í verðlagsgrundvelli til bænda um 608 stig. Sauðfjárafurðir eða kjöt hefur hækkað mjög svipað og tímakaup Dagsbrúnarverkamanna á þessu tímabili. Þetta segir okkur það, að íslenzkur landbúnaður hefur ekki hækkað sitt verðlag eða fengið sinn hag bættan með hækkuðu verðlagi umfram það, sem tímakaup verkamanna hefur hækkað, heldur hafa þær kjarabætur, sem hann hefur veitt bændum á undanförnum árum, fengizt með aukinni framleiðslu og hagræðingu í búrekstri, eingöngu og meira en það. Hann hefur skilað lækkuðu mjólkurverði til neytendanna miðað við það, sem var 1943, og þetta hlutfall hefur haldizt nokkuð jafnt þetta árabil. Það, sem veldur því nú, að íslenzkur landbúnaður á í örðugleikum og þeir eru vissulega talsvert miklir núna í sambandi við mjólkina varðandi útflutning, er verðbólgan hér í landinu síðustu 5—6 árin.

Árið 1960 þurftum við nálægt engar útflutningsuppbætur á landbúnaðarvörur og þó var flutt út allmikið af landbúnaðarvörum það ár og ekki minna kjöt en núna tvö síðustu árin, en þurfti ekki nema 15 millj. í útflutningsuppbætur það ár. En vegna þess að verðlagið hefur staðið í stað á markaðinum úti, en hækkað svona gífurlega mikið hér innanlands, eins og allir vita, að raun hefur á orðið vegna verðbólgunnar, er okkar aðstaða svona erfið nú í dag. Og ég hefði nú vænzt þess og átt von á því, að hæstv. viðskmrh. hefði einmitt vikið að þessu vandamáli, sem er höfuðvandamál okkar atvinnuvega, ekki aðeins landbúnaðarins, heldur líka annarra atvinnuvega nú í dag, það er verðbólgan, og hefði mátt vænta þess, að hæstv. ráðh. kæmi með einhverjar till. til úrbóta á þeim mikla vanda, því að þar liggur okkar þjóðfélagsvandi í dag. Eins og ég sagði hér fyrr og hv. 5. þm. Norðurl. v. sagði líka, mundi sjávarútvegurinn vera í mjög miklum vanda í dag, ef afurðir hans hefðu ekki hækkað jafnmikið í verði erlendis og raun hefur á orðið á undanförnum árum og við vitum ekki, hvað aðstaða hans kann að haldast. Hún gæti breytzt fyrr en varir, og þá er sjávarútvegurinn kominn í sama vanda og landbúnaðurinn er í í dag. Ég vænti

þess, að þetta vandamál, sem blasir við landbúnaðinum í dag, sé ekki langvinnt. Það er margt, sem gerir það að verkum, að ég held, að þetta hljóti að leysast, þó að það verði kannske viðvarandi nokkur ár, 3—4 ár kannske. Það er í fyrsta lagi, að bændur eru margir hverjir orðnir gamlir, og bændur eru eldri að meðaltali en menn hjá öðrum starfsstéttum þjóðfélagsins. Og þetta hlýtur að valda því, að það þarf mikinn fjölda í viðkomu á næstu árum, ef bændastéttin á að halda sinni tölu,og það eru ekki líkur til þess, miðað við þær aðstæður sem nú eru í landbúnaðinum, að viðkoman verði eðlileg, þannig að bændafjöldinn haldist, enda hefur sú reynsla verið síðustu 8 ár. Bændum hefur fækkað árlega og þetta eitt gerir það að verkum, að framleiðslan hlýtur að minnka á næstunni, og kannske mun meira á næstu árum en nemur fækkun bændanna sjálfra. Og þetta kemur til af því, að það er mjög örðugt fyrir unga menn að stofna til búskapar, vegna þess að það þarf svo mikið fjármagn til þeirra hluta. Annað kemur til, að fólki fjölgar mikið í landinu og það getur veitt sér í vaxandi mæli þessar vörur og það hefur verið reynslan núna a. m. k. síðustu árin, t. d. varðandi kjötið, að þar er neyzluaukningin mun meiri en nemur fólksfjölguninni í landinu, og það kemur til af því, að fólkið hefur betri lífskjör og getur veitt sér meira af þessari vöru en áður var. Og ég trúi því, að það eigi enn eftir að aukast allverulega. Má vera, að það verði ekki eins mikil aukning hlutfallslega í mjólkursölunni, en hún verður þó alltaf í öllu falli í samræmi við fólksfjölgunina. Og það er stefna bændasamtakanna að reyna að skipuleggja framleiðsluna þannig, að hún hæfi betur markaðsskilyrðunum, bæði heima og erlendis, og við væntum þess, að við getum haft þau tök á þessu, að það geti tryggt hag bændanna þannig, að þeirra hlutur verði ekki verri í hlutfalli við aðrar stéttir en verið hefur að undanförnu og helzt nokkru betri. Og ég vænti þess, að það frv., sem hér liggur fyrir, tryggi, að því marki verði náð.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ræða hæstv. viðskmrh. kom mér til að taka hér til máls. Mig langar í fyrsta lagi að beina einni fsp. til hans og hún er sú, hvort hann tali fyrir hönd ríkisstj. allrar í þessu máli og hvort þær yfirlýsingar, sem hann hér hefur gefið, svo sem m. a., að það sé engin nauðsyn á, að Ísland framleiði landbúnaðarvörur til útflutnings, séu gefnar fyrir hönd ríkisstj. í heild. Og mér þætti mjög vænt um og ég býst við fleirum, að það kæmi allt saman mjög greinilega fram hér, því að ég vil ekki svona að tilefnislausu fara að ásaka hæstv. ríkisstj. um það, að hún hafi tvær tungur og tali sitt með hvorri, heldur þykist ég vita, að hún muni hafa eina ákveðna pólitík, sem hún muni standa fast við að framfylgja.

Út frá því vildi ég einmitt ræða ýmislegt í sambandi við þetta, sem hér kom fram. Ég held, að þorri okkar þm. sé sammála um, að það sé nauðsynlegt, það sé lífsspursmál fyrir þjóðina að tryggja tilveru og það góða aðstöðu bændastéttarinnar, svo að menn fáist til þess að stunda hér landbúnað, það þýðir að tryggja bændastéttinni jafngóð lífskjör og öðrum vinnandi stéttum. Á þessu hefur sexmannanefndarsamkomulagið byggzt frá því að það var gert. En reynslan hefur sýnt það rækilega, auk þess sem verðbólgan hefur eyðilagt það mjög í framkvæmd, að menn mega ekki lengur loka augunum fyrir því, að það er ekki hægt að framkvæma það þjóðfélagslega réttlæti, sem maður vill bændastéttinni til handa, með verðlagningarmálunum einum saman. Það er gersamlega óhugsandi, og það er þetta, sem menn fyrst af öllu verða að horfast í augu við og taka tillit til, þegar þessi mál eru rædd. Þess vegna er það frv., sem hérna liggur fyrir, og samningarnir í sambandi við það, gersamlega ófullnægjandi í þessum efnum. Það sem þarf að reyna að gera samtímis því, sem á að tryggja þjóðfélagslegt réttlæti fyrir bændastéttina, er að reyna að samræma þetta þjóðfélagslega réttlæti hagsýni í sjálfri framleiðslunni. Og listin í því að stjórna landbúnaðarmálunum er í því fólgin að láta þetta tvennt fara saman, hagsýni í sjálfu efnahagslífinu hvað þetta snertir og réttlæti til handa bændastéttinni. Það að ætla að gera þetta með verðlagningunni einni saman þýðir, að fátækur bóndi norður í Dalasýslu eða Norður-Múlasýslu, sem þarf á því að halda að fá bætt lífskjör, fær ⅓ af því, sem stórbóndi hér á Suðurlandi fær, þegar verðlagið eitt er gert að aðalatriði, sem þýðir, að þessi fátæki bóndi verður nokkurn veginn jafnfátækur og áður, en þessi tiltölulega efnaði bóndi aftur á móti fær hlutfallslega mun meira en hann út frá þjóðfélagslegu réttlæti ætti að fá. Þess vegna hefur hvað eftir annað verið bent á það hérna, að það þarf að gera aðrar ráðstafanir í þessu sambandi, en þær hafa lítt fengizt ræddar. Við skulum þess vegna gera okkur ljóst, að ástandið er þannig í dag, að hluti af bændastéttinni er fátækasti og tekjulægsti hlutinn af vinnandi stéttum á Íslandi. Og hvernig á að afnema þetta? Þetta eru sumpart einmitt þeir sömu bændur, sem máske þræla mest, búa afskekktast og eru á smæstu jörðunum, sem sízt borgar sig að vinna á. En hvernig er þeirra ástand? Jú, ástandið er þannig, að þeir lifa við eins konar bændaánauð. Einstaklingseignarrétturinn á þeirra jörðum er eins konar ánauð. Þeir halda í þessar jarðir í von um, að afkomendurnir kunni kannske að vilja taka við þeim, og þeir þrauka þangað til þeir eru fimmtugir, sextugir, sjötugir, bændurnir á þessum jörðum, í von um, að þeir kannske geti komið þeim í verð, sem þeir ekki geta, og þeir fá ekki börnin sín til þess að setjast að á þeim, af því að þau flytjast burt í aðra vinnu. Þeirra einyrkjabúskapur, jafnvel þó að þeir séu búnir að steinsteypa hann, er þannig að hann er orðinn fjötur fyrir þá við þessa jörð og það, sem þarf að gera fyrir þessa bændur, er að kaupa af þeim jarðirnar og húsin og það á ríkið að gera, til þess að gera þeim kleift að flytja burt. Og þetta eigum við að gera bæði frá mannúðarlegu og hagsýnisjónarmiði. Ég skal ekki segja, hvað þetta eru margir bændur, hvort það eru 500, kannske milli 500 og 1000, en það á að rannsaka þetta og það á að ganga í að gera þetta. Og það er frá hagsýnisjónarmiði ríkisins rétt að gera þetta, og ríkið á að eignast þessar jarðir og það getur vel legið með þær nokkra áratugi og átt þær, því að eftir nokkra áratugi verður jafnt hér á Íslandi og annars staðar þörf fyrir alla þá matvælaframleiðslu, sem hægt er að afkasta í heiminum, og þá mun hún líka borga sig hér. En þó að það sé ekki núna í augnablikinu og þó að það sé í augnablikinu þrældómur að festa menn við þetta, er

einmitt rétt að nota tækifærið til þess að gera tvennt í senn, kaupa upp þessar jarðir, láta ríkið eignast þær. Ég býst við, að ríkið eigi allmikil ítök í þeim nú þegar gegnum sína banka, en gera þannig kleift fyrir þessa menn að flytja í bæina, ekki sem snauða menn, heldur þannig, að þeir fái eitthvað verulegt fyrir sitt og ríkið getur sannarlega gert vel við þá. Þetta er eitt af því marga, sem þarf að gera í þessu sambandi.

Það er líka vitanlegt, að það er hægt í landbúnaðinum að reikna alveg nákvæmlega út, hve stórt það bú er, sem ber sig bezt, bæði hvað sauðfjárbúskap og mjólkurframleiðslu snertir. Og það er ósköp vel hægt að láta stoppa við á þeim búum, sem hafa náð þeirri stærð, þegar við erum búnir að komast að vísindalegri niðurstöðu um, hver hún er hér á Íslandi, og segja við þá bændur, sem eru komnir upp í þessa bústærð: Nú er ekkert eftir, þið fáið engan styrk og engar uppbætur eða niðurgreiðslur fyrir það, sem þið aukið nú við, vegna þess að jafnt í landbúnaði sem öðru er ákveðið mark hvað hagsýnina snertir í slíku. Enn fremur er það gefið og hefur oft verið bent á það hér á Íslandi, að það er praktískt að koma á framleiðslusvæðum, sérstökum svæðum, þar sem mjólkurframleiðslan fyrst og fremst er og sérstökum svæðum, þar sem kjötframleiðslan er, en ekki hafa það eins og stundum hefur verið nú undanfarið, að menn hafa tælzt til þess að koma upp mjólkurbúum, þar sem raunverulega kannske 95% af mjólkinni fer í vinnslu á afskekktum stöðum á landinu, þar sem enginn neyzlumjólkurmarkaður er, en fara svo að skera niður kýrnar hérna í kringum Reykjavík. Það þarf í landbúnaðinum líka að hafa verkaskiptingu hvað þetta snertir. Og þetta er allt saman mál, sem alltaf hefur þurft að ræða og þurft að taka ákvarðanir um í sambandi við þessi landbúnaðarmál. Ég skal ekki fara frekar út í þetta, ég benti á þetta í fyrra, þegar við vorum að ræða þessi mál hér. Það fékkst ekkert tillit tekið til þess, en það er jafnbrýnt nú, að þessir hlutir allir saman séu athugaðir og ekki haldið áfram að ætla sér þá dul að reyna að leysa þessi mál með verðlagningunni einni saman, það er ekki hægt.

En nú vildi ég spyrja hæstv. viðskmrh.: Af hverju tekur hann, sem er viðskmrh., fyrst og fremst landbúnaðarmálin og bændastéttina í þessu sambandi? Nú er þetta ekki beint hans svið. Og hann byrjaði með því að gefa hér yfirlit yfir, hvernig aðrar greinar stæðu sig, sjávarútvegur, iðnaður, landbúnaður, en þegar hann kom að verzluninni, sem alveg sérstaklega heyrir undir hann, sagði hann: „Það er erfitt að segja til um, hvernig hún muni vera".

Ég er nú þeirrar skoðunar, að það hefði verið mjög æskilegt fyrir okkur, að hæstv. viðskmrh. hefði gefið okkur nákvæma skilgreiningu, eins nákvæma og töluríka skilgreiningu eins og hann hefur gefið okkur nú viðvíkjandi landbúnaðinum og bændastéttinni, á viðskiptalífinu og verzlunarstéttinni, ekki sízt hér í Reykjavík, og ég vildi leyfa mér að mælast til þess, að það liði ekki langt, þangað til við fengjum hana. Hvernig er það með verzlunina? Það reynir aldrei á, hvort hún sé samkeppnisfær við útlönd, það reynir aldrei á það. Og verzlunin er svo að segja eini aðilinn af öllum þessum, sem fær að skammta sér sjálf sitt verð. Hvað hana snertir ríkir algert frelsi. Þar eru hvorki gerðardómar né neitt annað. Þar er bara frelsi fyrir verzlunarstéttina, fyrir fésýsluvaldið að fá að skammta sér sjálfri, hvað hún vill taka í álagningu og hvað hún vill selja sína vöru á. Hvað mikið af íslenzku vinnuafli og hve mikið af íslenzku fjármagni fer í þessa verzlun? Ef okkur finnst landbúnaðurinn eitthvað dálítið ópraktískur, en viðurkennum þó, að við verðum, til þess að þjóðin lifi og til þess að hún haldi við einhverri sinni erfð, að halda bændastéttinni við og gera það vel við hana, að menn fáist til að verða bændur, hvernig snúa þá þessir hlutir við, þegar við förum að athuga verzlunarstéttina? Við höfum því miður engar skýrslur um það. Það eru 6 þús. bændur á landinu og okkur er sagt það hvað eftir annað, að þeir séu allt of margir. En hvað eru þeir margir, sem lifa á fésýslu og verzlun á Íslandi og hvað hafa þeir marga í sinni þjónustu og hver eru þeirra raunverulegu afköst og hvað eru þeir frekir á vinnuafl og fjármuni þjóðarinnar? Við vitum lítið um þetta. Hæstv. viðskmrh. minntist þó ofurlítið á þetta núna nýlega. Þá upplýsti hann okkur um það, að 40% af vinnuaflsaukningunni á Íslandi á nokkrum undanförnum árum hefðu farið til viðskiptalífsins, 40%. Og ég held, að hann hafi verið það heiðarlegur, eins og hans var von og vísa, að taka fram, að þessi 40% færu sem sé til þeirrar greinar, sem engin verðmæti skapar. M. ö. o., þegar á að ráðstafa vinnuaflinu á Íslandi eins og praktískast mundi vera fyrir þjóðfélagið og þegar því er slegið föstu, að t. d. sjávarútvegurinn sé ein þeirra greina, sem samkeppnisfærust er við útlönd og gefi þjóðinni mest, er 40% af vinnuaflsaukningunni ráðstafað til verzlunarinnar, sem gefur þjóðinni ekkert. Þessi viðbót gefur henni ekkert. Hvernig er með fjármagnið? Það liggja fyrir skýrslur — ég hef því miður ekki nýrri við höndina — yfir ég held 4 fyrstu stjórnarár þessarar hæstv. ríkisstj. Ef ég man rétt, var útlánaaukning bankanna á þeim árum til verzlunarinnar líklega 589 millj. kr. eða þó nokkuð miklu meiri en til sjávarútvegs og iðnaðar samanlagt, sömuleiðis þó nokkuð meiri en til sjávarútvegs og landbúnaðar samanlagt. M. ö. o., ljónsparturinn af allri lánaaukningunni fór til verzlunarinnar. Og ef það er rannsakað á Íslandi, hvernig vinnuaflsráðstöfunin er í heild og fjármunaráðstöfunin í heild, er ég hræddur um, að það komi í ljós, að verzlunin rífi nú eins og fyrr til sín bróðurpartinn af þessu öllu saman, þó að hún gefi minnst í hina hönd.

Hæstv. viðskmrh. man vafalaust eftir þeirri beztu þjóðfélagsrannsókn, sem enn hefur verið gerð á Íslandi, gömlu Rauðku frá 1934—1937, þegar því var slegið föstu, að hlutfallið væri þá þannig á Íslandi, að fjármagnið, sem var í verzluninni, væri 100 millj. kr., en fjármagnið, sem væri í sjávarútveginum, var að mig minnir 22 millj. Þannig var hlutfallið þá, og orsökin var sú sama og löngum hefur verið. Fjármagnið fór þangað, sem gróðinn var, og það var alltaf öruggur gróði í verzluninni, en það flúði það svið, þar sem tapið var, og það var í sjávarútveginum. Verzlunin hefur lengst af lifað þannig á sjávarútveginum hér á Íslandi, að hún hefur látið hann tapa og hirt gróðann sjálf og neyðzt svo öðru hverju til að gera ráðstafanir til að halda í honum lífinu, svo að hann dræpist ekki alveg, af því að sumum hefur þó verið ljóst, að það væri ekki

skynsamlegt að drepa mjólkurkúna. Mér þætti vænt um að fá þess vegna yfirlit yfir, hvað er vinnuaflið í íslenzkri verzlun? Og hvað er því vinnuafli greitt raunverulega? Helzt meðtalið það, sem er svikið undan skatti. Í öðru lagi, hvað er fjármagnið í allri íslenzkri verzlun? Við vitum t. d., að á sama tíma sem er kvartað yfir, að við eigum eitthvað erfitt með að leggja í einhverja smá Búrfellsvirkjun, eru byggð ein einustu 16 hús hérna inn við Suðurlandsbraut, sem kosta með núv. verðlagi 500 millj. kr. Það er bara smáræði fyrir verzlunarstéttina í Reykjavík. Hvað eru fjármunirnir í öllum byggingum og innbúum og öllu slíku hjá verzluninni sem stendur og í þessu svokallaða viðskipta- eða fésýslulífi? Ég vildi líka spyrja, hvað skyldi húsnæðið vera þar? Ef menn spyrja t. d. einhverja af kaupmönnunum, sem leigja hérna við Laugaveginn, hvað þeir borgi í leigu fyrir búðirnar, ja, þeir segja skattinum ekki stórt. Ég býst við, að þeir gefi ekki mikið upp eða fái að gefa sérstaklega mikið upp. En 30—40—50 þús. kr. á mánuði er allalgeng leiga og hverjir borga þetta allt saman að lokum? Þessir herrar, sem þetta eiga, fá að leggja á vöruverðið eins og þeim þóknast. Það er frelsi og þjóðin borgar. Af hverju getum við ekki fengið upplýsingar um þetta eins nákvæmar og um landbúnaðinn og bændastéttina? Er það vegna þess, að hæstv. ríkisstj. skoði sig sem sérstakan fulltrúa fyrir verzlunarvaldið, fésýsluvaldið í þjóðfélaginu og eigi að sjá um að varðveita frelsi fyrir það og gróða fyrir það á sama tíma sem eigi að þjarma að öllum öðrum stéttum þjóðfélagsins eins og vera vill? Hæstv. viðskmrh. sagði, að landbúnaðurinn væri erfiðasta vandamálið, sem við er að etja í íslenzkum þjóðarbúskap. Ég skal vissulega játa, að það eru ýmis vandamál í sambandi við landbúnaðinn, en ég held, að erfiðasta vandamálið í íslenzkum þjóðarbúskap sé nú sem fyrr verzlunin og hennar tilhögun, þ.e. það fésýsluvald, sem er að fara með atvinnulífið og vinnandi stéttirnar niður á leið og hefur sífellt verið að því, af því að það íþyngir þeim þannig, að það sekkur öllu í verðbólgu jafnóðum sem framleiðslustéttirnar skapa meiri og meiri verðmæti. Hæstv. viðskmrh. sagði, að hluti af framleiðslu bændastéttarinnar væri ekki aðeins gagnslaus frá þjóðhagslegu sjónarmiði, heldur líka skaðlegur fyrir bændastéttina sjálfa. Hvernig lítur þetta út með verzlunarbyggingarnar, t. d. hérna inn við Suðurlandsbraut? Þær eru ekki aðeins gagnslausar frá þjóðhagslegu sjónarmiði, þær eru bókstaflega til tjóns fyrir þjóðarheildina, vegna þess að þær soga til sín fjármagn og vinnuafl, sem gæti farið í annað, sem nytsamlegra væri, og auka síðan á sjálfa dýrtíðina í þjóðarbúinu. Hæstv. viðskmrh. talaði um, að bændurnir fengju styrki frá ríkinu og þess vegna hlyti ríkið að láta sig nokkru varða, hvernig þetta væri allt saman með bændastéttina og landbúnaðarframleiðsluna, en hvernig er þetta með fésýslustéttina? Öll verðhækkun frá hálfu fésýsluvaldsins, frá hálfu verzlunarauðvaldsins og annarra hér þýðir að taka peninga beint frá framleiðslunni, frá atvinnulífinu og frá framleiðslustéttunum, og fésýsluvaldið hefur sjálfdæmi um þessa hluti, hve mikið það vill taka. Hæstv. ríkisstj. hefur gefið því sjálfdæmi um álagningu og allt slíkt undir þessu dásamlega fagra kjörorði, að þetta á að heita frelsi. Ætli við þurfum ekki að athuga það um leið, að allir heildsalarnir okkar og allir slíkir eru á styrkjum frá ríkinu, þeir skammta sér bara þessa styrki sjálfir með því að hækka verðlagið og láta þjóðina borga og eftir nokkurn tíma, þegar þeir eru búnir að tvöfalda verðið, eins og var gert núna á 6 árum, kemur að því, að þeir heimta gengislækkun líka. Það eru ekki aðeins styrkir til bændanna, sem um er að ræða. Stærsti styrkþeginn í landinu er verzlunarauðvaldið í Reykjavík og það vald, sem ríkisstj. gætir fyrst og fremst hagsmuna fyrir.

Hæstv. viðskmrh. segir: Þessa framleiðsluaukningu í landbúnaðinum verður að stöðva. Vafalaust er það mjög skynsamlegt að skipuleggja framleiðsluna í landbúnaðinum og það er hlutur, sem ég hef bent á hvað eftir annað. Ég veit ekki af hverju hæstv. ríkisstj. tekur ekki tillit til slíks. En má ég spyrja, er engin þörf á að skipuleggja verzlunina í landinu? Er engin þörf á því að skipuleggja, hve það aukast mikið búðirnar, fésýslukontórarnir allir og annað slíkt? Er engin þörf á neinni breytingu þar? Er engin þörf á t. d. að þjóðnýta tryggingakerfið í landinu, hafa eina Tryggingastofnun ríkisins í staðinn fyrir allar þessar mismunandi tryggingar, sem hér eru? Er þetta hlutur, sem má aukast alveg hreint eins og menn vilja? Dettur mönnum í hug, að það sé hægt að reka einn þjóðarbúskap með því, að menn ætli bara að lifa svona hver á öðrum og helzt ættu allir að hætta að fást við landbúnað og sjávarútveg. Og þá muni menn lifa bezt. Það eru ályktanir, sem menn mundu draga af ástandinu, sem er í dag, ályktanir, sem allt of margir draga, því miður. Þess vegna dregur verzlunin til sín 40% af allri vinnuaflsaukningunni. En sér hæstv. viðskmrh. og hæstv. ríkisstj. ekkert við það að athuga og dettur þeim í hug, að það sé hægt að breyta þessu eitthvað með því að viðhalda hinu svokallaða verzlunarfrelsi í landinu, verzlunarfrelsi, sem hver einasti maður veit, að gerir ekkert að því að lækka vöruverðið, heldur hefur samtök um að hækka það. Það veit hver einasti maður, að það er engin frjáls samkeppni til á Íslandi, en það er verið að reyna að telja mönnum trú um þetta. Þurfum við ekki að taka þessa hluti fyrir dálítið alvarlega, áður en við förum að gera a. m. k. mjög drastískar ráðstafanir gagnvart bændastéttinni, af því að framleiðsluaukning sé allt of mikil og allt of mikið af mat. Ég held, að stórfelldustu ráðstafanirnar, sem við þurfum að gera í okkar þjóðfélagsbúskap, séu á verzlunarsviðinu.

Því miður fengum við aldrei tækifæri til hérna um árið, þegar hæstv. landbrh. flutti sína sögulegu landbúnaðarræðu, að halda áfram að ræða við hann hér á þinginu. En hefðum við komizt að með að ræða það þá, hefðum við beðið hann um aðra eins skilgreiningu á viðskiptalífinu á Íslandi eins og hann hefur gefið nú í tvígang á landbúnaðarframleiðslunni. Og ég vil vonast til þess, af því að þetta svið heyrir nú sérstaklega undir hann og af því að hann er sjálfur prófessor í hagfræði og vel að sér í þeim hlutum og hefur mikið af sérfræðingum í sinni þjónustu, sem geta rannsakað þetta, að hann setji þá í það að gefa okkur fullkomna skýrslu um það, hvað verzlunin á Íslandi sem atvinnugrein kostar þjóðina og engu sé undan stungið. Þar ríkir hreint öngþveiti. Þar ríkir algert stjórnleysi, þar eru rifnir út ríkisstyrkir eins og hverjum af þessum aðilum þóknast með því að

leggja bara á vöruna meira og meira. Ég held einmitt, að það, sem hann var að upplýsa nýlega, hvernig straumur vinnuaflsins og fjármagnsins lægi fyrst og fremst til verzlunarinnar, hefði átt að gefa honum tilefni til þess að taka þetta mál til enn þá dýpri og betri rannsóknar en landbúnaðinn og skýra okkur frá því, hvernig þetta stæði, nema þá að fésýslulífið í landinu sé helgur reitur, sem ekki má snerta við. Þar eigi menn að fá að vera algerir einræðisherrar, þeir, sem þar eru, skammta sér úr þjóðarbúinu það, sem þeim þóknast. Það, sem þarf í þessum hlutum, það, sem hæstv. ríkisstj. hins vegar er alltaf smeyk við, jafnt í landbúnaðinum sem í verzluninni, er heildarstjórn bæði á fjárfestingu og rekstri. Það þarf heildaryfirsýn yfir þessa hluti. Hjá svona lítilli þjóð eins og okkar þarf að ráðstafa vinnuafli og fjármagni eins og hagkvæmast er fyrir þjóðarheildina, en ekki út frá því hvað hverjum einstaklingi þóknast að leggja í það. Þetta skilur hæstv. viðskmrh., þegar við tölum um landbúnaðinn, en af hverju skilur hann það ekki, þegar við tölum um verzlunina?

Við höfum 38 þús. verkamenn hér á Íslandi. Það er álíka fjöldi og vinnur hjá einu einasta fyrirtæki í Svíþjóð. Dettur mönnum í hug, að við getum haldið uppi til lengdar þjóðfélagi með háum lífsstandard og án verðbólgu, svo framarlega sem við höfum enga stjórn á því, hvernig þessu vinnuafli er varið? Halda menn, að það sé hægt með því að veita 40% af því inn í fésýslulífið — og líklega fara þar af um 90% inn í fésýslulífið hér í Reykjavík — að halda uppi þeim lífskjörum, sem við höfum skapað, án verðbólgu? Við getum náttúrlega haldið þessu öllu uppi með verðbólgu, en menn vita, hvert það leiðir. Og verðbólguvaldurinn er fyrst og fremst verzlunarvaldið í Reykjavík, það vald, sem drottnað hefur nú á undanförnum árum og alltaf verið sterkasta valdið í íslenzku þjóðlífi og meðan það vald er ekki annaðhvort brotið á bak aftur eða tekið undir eftirlit þjóðfélagsins, verður hvorki verðbólgan stöðvuð né réttlátu skipulagi komið hér á.

Frsm. meiri hl. (Jónas Pétursson): Herra forseti. Ég skal reyna að verða ekki valdur að óþarflegri lengingu á þessum umr., en ég tel mig ekki geta látið hjá líða að segja nokkur orð út af ræðu hv. 5. þm. Norðurl. v., sem hann flutti hér áðan. Hann sagði hér og lagði þunga áherzlu á með krepptum hnefa: Með samþykkt þessarar lagagr. er algerlega tryggt, að bændur verði lægst launaða stétt í landinu! Þessu vil ég mjög harðlega mótmæla og ég vil nú benda á það, að eftir að hann sagði þessi orð og í öðru sambandi komst hann þannig að orði, að það væri sama hvað stæði á pappírnum. Þá kom það sem sagt honum vel að vitna þannig til einhvers annars í þessu, ég man nú ekki, hvað það var í þessu frv., þá skipti það ekki máli, hvað á pappírnum stæði. En ég verð nú að líta þá svo á, að með þessu hafi hann í raun og veru kippt öllum rökum undan þessari fyrri fullyrðingu sinni. En það er nú kannske ekki aðalatriði málsins, heldur hitt, að ég vona, að öllum hv. þdm. sé það ljóst, að tilgangur þessarar lagagr. með þeirri breyt., sem nú hefur verið gerð, hann er fyrst og fremst sá sami, sem hefur verið í l. hingað til, að tryggja það, að bændur hafi sömu laun fyrir störf sín eins og aðrar vinnandi stéttir. En vegna þess starfs, sem unnið hefur verið við framkvæmd á þessari lagagr., hafa þeir menn, sem að því hafa unnið, komizt að þeirri niðurstöðu, að það sé heppilegt að orða nokkru skýrar um framkvæmdina á þessu. En aðalatriðið er þetta, ég vil alveg eindregið mótmæla þessari fullyrðingu hv. þm.

Björn Pálsson: Herra forseti. Ég hef nú litlu að mótmæla hjá hv. 3. þm. Austf., vegna þess að hann hrakti ekki nokkurn skapaðan hlut af því, sem ég hafði sagt, ekki ein einasta röksemd um það, að það væri ekki rétt hjá mér, að samkv. þessum l. væru bændur lægst launaða stétt á landinu. Það kom ekkert málinu við, þó að ég hefði sagt um eitthvert annað atriði, að það yrði kannske ekki farið nákvæmlega eftir því, sem stæði skrifað, það á við allt annan hlut. Ég sé ekki, að ég þurfi að svara neinu viðvíkjandi því. Það er óhrakið, að ef þetta er framkvæmt eins og það er í l., að miðað sé við tímakaup, skráð tímakaup þessara manna og undanþegin ákvæðisvinnan, verður niðurstaðan þessi. Það er í því tilfelli, að það skiptir engu máli, hvað skráð er á pappírnum, tímakaupið, þegar menn vinna fyrir miklu hærra kaupi, og allir vita það. Það má ekki miða við það, t.d. akkorðin, og meira að segja hjá verkamönnunum hérna verður miðað við tímakaupið, en ekki það, sem þeir fá raunverulega. Þetta er alveg óskyldur hlutur og það stendur alveg óhrakið, sem ég sagði. Hitt er svo annað mál, að það má vel vera, að það verði eitthvað hægt á fyrsta ári að blekkja með því að reikna vinnutíma bóndans lengri en hann í raun og veru er, ég skal ekkert segja um það, eða reikna einhverja kostnaðarliði í því. Það er bara út í loftið, það er ekki nein ástæða til að ætla, að það verði í framtíðinni. En ég veit það vel, að Stéttarsamband bænda samþykkir þessa lagagr., hún er orðrétt eins og Sæmundur Ólafsson samdi hana. Það er bara skotið einu orði inn. Það kemur fram í grg., birt orðrétt, hvað Sæmundur Ólafsson lagði til, og það er einu orði skotið inn þar í gr.

Formaður Stéttarsambands bænda sagði hér áðan, að það væri ekki átt við sjómenn, heldur farmenn. Hvað stendur skrifað hér? „Tilfæra ársvinnutíma bóndans, skylduliðs hans og hjúa á búi af þeirri stærð, sem miðað er við hverju sinni, og virða vinnutímann til samræmis við kaupgjald verkamanna, sjómanna og iðnaðarmanna". Það er ekki minnzt á farmenn. Það má vera, að þeir teljist til sjómanna. Svo heldur áfram: „Eins og það er við upphaf hvers verðlagstímabils. Eigi skal taka til viðmiðunar ákvæðisvinnu verkamanna og iðnaðarmanna né aflahlut sjómanna." Hvað er verið að gera með að tala um aflahlut sjómanna, ef á að miða við farmenn? Hvers konar endileysuþvættingur er þetta? Og segja, að meiningin sé, að það eigi að miða við farmenn. Því geta menn ekki skrifað það, sem þeir meina. Það er betra, að þeir útskýri ekki málin en koma á eftir og segja, að þeir meini allt annað en er bókfært. Hvaða dómstóll mundi dæma, að þetta væru farmenn en ekki sjómenn? Hvað er verið að tala um aflahlut sjómanna, ef það á ekkert að miða við sjómenn? Það á auðvitað að miða við sjómenn, en ekki við aflahlut þeirra, eins og sagt er í l. Hvaða dómstóll mundi dæma þarna, að það væri átt við farmenn, en ekki fiskimenn eða síldarmenn? Það er e. t. v. vegur að koma farmönnum undir sjómenn, en það eru fyrst og fremst

fiskimennirnir, sem veiða síld og fisk, sem teljast sjómenn. Rétta orðið yfir hina er farmenn, og þá á náttúrlega að skrifa farmenn en ekki sjómenn. Það kann ekki góðri lukku að stýra, þegar lagagr. eru svona dæmalaust vitlaust orðaðar, og svo kemur form. Stéttarsambandsins og segir, að það sé átt við farmenn, þeir eru bara hvergi nefndir nema ef þeir eiga að tilheyra sjómönnum. Því skrifa menn ekki það, sem þeir meina? Það er þá betra að vera ekkert að segja frá því, hvað þeir meina, ef þeir geta ekki skrifað það, sem þeir meina. Þetta er nefnilega að gera hlutina hlægilega. Það stendur þarna alveg skýrum stöfum: það á að miða við sjómenn, en ekki við aflahlut þeirra. Það getur skeð, að dómstólar mundu dæma, að farmenn væru sjómenn, og tel ég það vafamál. Farmenn eru farmenn og sjómenn eru sjómenn, það má vera, en alls ekki, að það sé hægt að ganga fram hjá sjómönnum eða tryggingu þeirra, því að það er einmitt tekið alveg skýrt fram, að það á að miða við sjómenn, en ekki aflahlut þeirra. Þetta er alveg skýrt og þó að Sæmundur hafi orðað till., er það engin afsökun fyrir hina aðilana að vita ekki, um hvað er verið að semja. Þetta vildi ég nú taka fram og þetta staðfestir það, sem ég eindregið undirstrikaði áðan, að það þarf að semja þessar lagagr. þannig, að menn viti, við hvað er átt og hafa þetta svona á sæmilegu máli, það má ekki minna vera. En upphaflega er þetta ekki samið af Stéttarsambandinu, svo að ég er ekkert að bera á þá, að þeir séu klaufar í íslenzku máli, að þeir skrifi ekki það, sem þeir meina. En það er alveg sama, úr því að þeir hafa átt að fá þetta leiðrétt, svo að ekki batnar það nú við þessa útskýringu, þessi 5. gr., og væri sannarlega þörf þá að taka það fram, við hvað átt er, fyrst þessi skýring er nú komin á því. Það mætti ekki minna vera en nefna farmenn a. m. k. Auk þess eru farmenn nú það lágt launaðir, að þeir hafa sagt mér, að það væri ómögulegt að lifa á því nema þeir hefðu einhver hlunnindi og það var náttúrlega smyglið, sem þeir höfðu. Ég veit ekki, hvort þetta breytist eitthvað, það verði tekið harðara á því, þegar verið er að hækka fastakaup við þá, og það sagði mér einn maður, sem stjórnar millilandasiglingum, að það væri ómögulegt annað en hækka kaupið við þá, ef þeir fengju engu að smygla. Þetta væri talið eins og nokkurs konar liður í kaupgjaldi þeirra. Ég býst við, að það verði aldrei dæmt bændum til hlunninda.

Þá kem ég að a-liðnum. Það kom fram hjá formanni Stéttarsambands bænda, að það væri ætlunin að taka af verði sumarmjólkurinnar, að mér skildist, til þess að bæta upp útflutningsvörur. Ekki batnar það við það. Því í ósköpunum er þetta þá ekki orðað eins og það á að vera þar líka, að ákveða mismunandi hátt útborgunarverð, mismunandi hátt útborgunarverð til framleiðenda og nota þann mismun til verðuppbóta á útfluttar vörur? Því er þetta ekki tekið fram í stað þess að segja að ákveða mismunandi hátt útborgunarverð til framleiðenda eftir árstímum? Þetta er sérstakur liður. Það er hvergi tekið fram í þessari mgr. eða þessum hluta hennar, að þetta eigi að vera til útflutningsuppbóta. Ég skildi þetta þannig, að það væri tekið jafnt af mjólkurlítra allt árið, en bara að framleiðslufélögunum væri sagt að greiða mismunandi verð og svo kemur: „og innheimta verðjöfnunargjald af innveginni mjólk.“ Mér skilst, að það eigi að vera af öllu mjólkurmagninu, en það virtist koma fram hjá formanni Stéttarsambandsins, að það ætti fyrst og fremst að nota þennan verðmun, sem væri á útborgunarverðinu, til þess að bæta upp útflutningsvörurnar. Þá fer nú ekki að batna, ef á að taka það svo að segja allt af sumarmjólkinni, sem mér skilst, að eigi að vera lægri, taka svo að segja allt til útflutningsuppbótanna. Það gæti nú bara orðið skildingur. Ef ætti að bæta upp útflutningsafurðirnar, gætu þetta orðið svona 2 kr. á ltr. Ég held, að það fari að verða bezt fyrir okkur Húnvetninga og Skagfirðinga að taka höfuðin af þessum beljum okkar. Það skánar sannarlega ekki við þessa útskýringu. En ef menn ætlast til þess, að þetta sé framkvæmt á þennan hátt, því í ósköpunum er þetta ekki orðað svo, að það sé hægt að skilja það, en ekki annaðhvort svo óljóst eða bara alveg öfugt við það, sem á að vera? Ég hef ekki farið fram á neitt annað en að þetta sé gert sæmilega skiljanlegt og auk þess álít ég, að það sé ekki verjandi að ákveða kaupgjald bænda miðað við skráð kaup verkamanna, iðnaðarmanna og sjómanna, þegar aflahlutur eða ákvæðisvinnan er tekin frá, því að með því móti, ef hin atriðin eru rétt reiknuð hjá bændum, vinnutíminn við að fóðra hverja skepnu og vinnutíminn við að afla heyja, ef það er rétt reiknað, sem á náttúrlega að verða í framtíðinni og engin mynd annað en gera það og þetta þarf að rannsakast alveg hlutlaust, eru bændur, eins og nú er, tvímælalaust lægst launaða stéttin í landinu. Við það stend ég. En hitt er annað mál, að það má vera, að það verði einhverjir aðrir liðir rangt reiknaðir, svo að það komi fram núna á 1. eða 2. ári, en til lengdar verður það ekki, þannig að ef bóndinn á að fá svipað og aðrir, þá verðum við að taka breiðari grundvöll en aðeins tímakaup verkamanna, iðnaðarmanna og tryggingu eða við skulum segja skráð kaup háseta. En svo eru ýmsir liðir, sem þeir hafa í millilandasiglingum. Í fyrsta lagi eru nú, hugsa ég, þessir menn í millilandasiglingum oft engir kappar, þannig að ég er ekkert viss um, að það yrði nú mikið úr þeim við búskap og í öðru lagi hafa þeir ýmsar aukasporzlur, sem hvergi eru skráðar og ómögulegt verður að komast eftir. Það vita allir menn, þó að það sé ekki viðurkennt opinberlega.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Hæstv. viðskmrh. telur of mikið framleitt af landbúnaðarvörum og af því stafi það, að hluti af framleiðslunni sé fluttur á erlendan markað og seldur þar fyrir lægra verð en gildir hér innanlands. Niðurstaða hans er sú, að útflutningur á landbúnaðarvörum eigi að stöðvast og mér skilst, að það eigi að minnka framleiðsluna, en ekki auka hana. Út af þessu hlýtur að vakna sú spurning, hvernig sé ástatt að þessu leyti um útflutning á öðrum vörum. Aðalútflutningsvörur okkar eru og hafa lengi verið sjávarafurðir. Ég veit ekki betur en nú þurfi að veita ýmsum útflytjendum sjávarafurða opinbera aðstoð, sem nemur tugum millj. kr. á ári, vegna þess að rekstur þeirra ber sig ekki. Samkv. kenningu hæstv. ráðh. ætti að hætta að flytja út þær sjávarafurðir, sem nú þarf að styrkja með þessum hætti. Ekki lízt mér alls kostar á þetta. En það er auðvelt að sjá, hvað það er, sem veldur mestum erfiðleikum fyrir atvinnuvegina. Eins og fram var tekið hér í dag af hv. 3. þm. Vesturl. er það verð-

bólgan, en hún fer stöðugt vaxandi, verðbólgan, sem núv. hæstv. ríkisstj. ætlaði að stöðva, en ræður ekkert við. Auk þess má benda á, að illa hefur verið búið að landbúnaðinum og fleiri atvinnugreinum síðustu árin að ýmsu leyti. Má þar nefna t. d. hækkun vaxta.

Ríkisstj. og stuðningsflokkar hennar hafa nýlega samþ. lög um að veita útlendu fyrirtæki leyfi til atvinnurekstrar hér á landi og ákveðið að veita því stórkostleg fríðindi, sem íslenzkir atvinnurekendur njóta ekki. Útlenda fyrirtækið á t. d. að sleppa við greiðslu á aðflutningsgjöldum og söluskatti af efni til stofnunar verksmiðju og öllu, sem þarf til rekstrar hennar, öllum innfluttum vörum. Vissulega mundi afkoman batna hjá innlendum framleiðendum, þ. e. a. s. bændum, útvegsmönnum og iðnaðarmönnum, ef ríkisstj. væri jafngóð við þá og útlendingana og létti öllum þessum gjöldum af þeim. Einnig, ef hún seldi þeim raforku fyrir sama verð og útlendingunum.

Hæstv. ráðh. telur þörf á að athuga framleiðslumál landbúnaðarins. Vel má vera, að svo sé, en ég vil benda á, að félagssamtök bænda eru sífellt að vinna að slíkum athugunum. En það er vissulega þörf að athuga afkomumöguleika hjá fleiri atvinnugreinum, bæði sjávarútvegi og ýmiss konar iðnaði, sem stendur ákaflega höllum fæti, fyrst og fremst vegna verðbólgunnar, sem horfur eru á, að enn fari vaxandi, því miður, og einnig vegna yfirvofandi samkeppni um vinnuaflið við fríðindafyrirtæki ríkisstj., álbræðsluna.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 86. fundi í Nd., 3. maí, var fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 644,1 felld með 26:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BP.

nei: SvJ, ÁÞ, BGr, BF, BBen, EðS, KTh, EmJ, EystJ, SJJ, GunnG, VH, GGuðbj, IngJ, IG, JóhH, JP, JR, MB, MÁM, PS, SÁ, US, SE, SkG, SB.

GeirG, HEÞ, HV, JSk, LJós, ÓL greiddu ekki atkv.

7 þm. (ÞÞ, AJ, BFB, DÓ, EOl, GÞG, RA) fjarst.

Brtt. 644, 2 felld með 21:1 atkv.

Frv. samþ. með 25:5 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 698).

54. Fólksflutningar með bifreiðum.

Á 55. fundi í Nd., 15. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 42 4. apríl 1956, um skipulag á fólksflutningum með bifreiðum [149. mál] (stjfrv., A. 318).

Á 58. fundi í Nd., 22. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Lög um skipulag á fólksflutningum með bifreiðum hafa gilt óbreytt um 10 ára skeið, en á þessu tímabili hafa samgöngur aukizt mjög og ýmislegt fram komið, sem gerir l. erfið í framkvæmd, nema þeim verði breytt.

Þau ákvæði, sem gilda um hópferðirnar og skemmtiferðirnar, eru nokkuð óskýr í gildandi l., enda var sá þáttur sérleyfisflutninganna lítill, er l. voru sett, og er breyt. á l. ætlað að bæta úr því með skýrari ákvæðum. Aðrar breyt., sem frv. þetta felur í sér, eru þær, að sett eru nánari ákvæði um skyldur og réttindi sérleyfishafa og hópferðaréttindahafa, en er í gildandi l.

Helztu breytingar, sem lagt er til í þessu frv., að gerðar verði, eru skv. l. gr. frv. þessar:

Ákveðið er, að réttindi til hópferðaaksturs séu veitt á sama hátt og leyfi til áætlunarferða. Nánari ákvæði eru sett um, að það skuli teljast fastar ferðir í samræmi við þau ákvæði, sem gilda um það, hvað telja skuli áætlunarferðir. Ákvæði gildandi l. um, að hópferðir á héraðsmót og almennar skemmtanir innan hvers lögsagnarumdæmis, séu undanþegnar sérleyfi, er hér einnig látið ná til annarra hópferða innan lögsagnarumdæmanna og til flutninga starfsfólks að og frá vinnustað, sem framkvæmdir eru á kostnað vinnuveitanda.

Ákvæðum gildandi l. um rétt sýslu- og sveitarfélaga til sérleyfa er breytt til samræmis við gildandi ákvæði um rétt bæjarfélaga til einkaleyfa.

Ákvæði um rétt sérleyfishafa á endurveitingu á sérleyfum, sem eru í reglugerð, verði tekin inn í lög.

Breytingar þær, sem lagt er til að gera skv. 2. gr., eru þessar:

Ákvæði var sett um það, að skipulagsnefnd fólksflutninga með bifreiðum samþykki afgreiðslustöðvar þær, sem sérleyfisbifreiðar eru afgreiddar frá.

Ákvæði eru sett um réttindi og skyldur nýrra sérleyfis- og einkaleyfishafa til kaupa á fasteignum og tækjum, sem álitið er, að nauðsynlegt sé, að fylgi sérleyfis- og einkaleyfisleiðum.

Sett eru ákvæði um útgáfu hópferðaréttinda svo og gildistíma þeirra, enn fremur ákvæði um afgreiðslu fyrir hópferðir í samræmi við ákvæði um afgreiðslu fyrir sérleyfisferðir.

Breyt. þær á gildandi l., sem 3. gr. frv. felur í sér, eru einkum þær, að ákvæði eru sett um að hópferðaréttindahafar greiði sérleyfisgjald af hópferðum á sama hátt og sérleyfishafar greiða sérleyfisgjald af sérleyfisleiðum og enn fremur að hópferðaréttindahafar hafi fast árlegt gjald fyrir hópferðaréttindin og sé upphæð þess ákveðin með reglugerð. Sérleyfisgjald, sem hópferðaréttindahafar hafa greitt að undanförnu, hefur verið ákveðið með reglugerð.

4. gr. frv. gerir ráð fyrir breyt. á ákvæði 7. gr. gildandi l. um yfirumsjón og eftirlit með fólksflutningum með bifreiðum, ef sérleyfi eða undanþágu þarf til, þannig að það taki einnig til fólksflutninga, sem hópferðaréttindi eru veitt fyrir.

5. gr. gerir ráð fyrir breyt. á 9. gr. l. þ. e. að þessi grein, sem er um sviptingu sérleyfa, nái einnig til þess, að það megi svipta undanþáguhafa til hópferðaréttinda réttindum skv. sömu reglum og sérleyfishafa.

6. gr. gerir ráð fyrir hækkun sekta, þannig að lágmarkssektir séu 1000 kr. í stað 100 kr. áður.

Eins og að var vikið, gengur frv. þetta aðeins út á það að gera lagaákvæðin skýrari, gera l. og reglurnar hægari í framkvæmd, auk þess sem kveðið er fastara og nánara á um þau réttindi, sem sótt hefur verið mikið um upp á síðkastið, svokölluð hópferðaréttindi. Þykir eðlilegt og sjálfsagt, að þeir, sem þau réttindi hafa, greiði fyrir það

í samræmi við það, sem aðrir sérleyfishafar verða að greiða fyrir þau réttindi, sem þeim eru veitt.

Ég vil, herra forseti, leggja til, að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. samgmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til samgmn. með 25 shlj. atkv.

Á 70. fundi í Nd., 15. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 318, n. 477).

Frsm. meiri hl. (Sigurður Bjarnason): Herra forseti. Samgmn. hefur rætt þetta frv. um breyt. á l. um skipulag á fólksflutningum. Hefur n. sent frv. til umsagnar Félags sérleyfishafa og skipulagsnefndar fólksflutninga, en báðir þessir aðilar mæla nær einróma með samþ. frv.

Meginbreytingarnar, sem frv. þetta felur í sér frá gildandi l., eru þessar: Ákveðið er, að réttindi til hópferðaaksturs séu veitt á sama hátt og leyfi til áætlunarferða. Ákvæði gildandi l. um að hópferðir á héraðsmót og almennar skemmtanir innan hvers lögsagnarumdæmis séu undanþegnar sérleyfi, er hér einnig látið ná til annarra hópferða innan lögsagnarumdæmanna og til flutninga starfsfólks að og frá vinnustað, sem framkvæmdir eru á kostnað vinnuveitenda.

Þá eru ákvæði sett um það, að skipulagsnefnd fólksflutninga með bifreiðum skuli samþ. afgreiðslustöðvar þær, sem sérleyfisbifreiðar eru afgreiddar frá. Ákvæði eru einnig sett um skyldur og réttindi nýrra sérleyfishafa til kaupa á fasteignum og tækjum, sem álitið er nauðsynlegt, að fylgi sérleyfis- og einkaleyfisleiðum. Loks eru sett ákvæði um, að hópferðaréttindahafar greiði sérleyfisgjald af hópferðum á sama hátt og sérleyfishafar greiða sérleyfisgjald af sérleyfisferðum, og enn fremur, að hópferðaréttindahafar greiði fast árlegt gjald fyrir hópferðaréttindin og sé upphæð þess ákveðin með reglugerð. Sérleyfisgjald, sem hópferðarétindahafar hafa greitt að undanförnu, hefur verið ákveðið með reglugerð.

Meiri hl. samgmn. leggur til, að frv. verði samþ. með smávægilegum breyt. á 2. gr. frv. Leggur n. til, að við staflið b) í niðurlagi gr. bætist: „Og séu þær eingöngu notaðar til fólksflutninga." Þessi breyting er gerð samkv. ósk Félags sérleyfishafa, og er höfuðtilgangur hennar að koma í veg fyrir, að meira eða minna óhæfir bílar, sem að verulegu leyti stunda vöruflutninga, komi til greina sem hópferðabílar, og er breyt. ætlað að tryggja rétt notenda til góðra og þrifalegra farartækja.

Að svo mæltu leyfi ég mér fyrir hönd meiri hl. samgmn. að mæla með því, að frv. verði samþ. með tilgreindri breyt.

Umr. frestað.

Á 71. fundi í Nd., 18. apríl, var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 72. fundi í Nd., 19. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 318, n. 477 og 496).

Frsm. minni hl. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Samgmn. hefur haft þetta mál til meðferðar og fengið um það umsagnir Félags sérleyfishafa og skipulagsnefndar fólksflutninga. N. varð ekki sammála um afgreiðslu þess, og fylgi ég hér úr hlaði áliti minni hl. n.

Við, sem minni hl. skipum, teljum, að á frv. séu alvarlegir ágallar, sem séu þess eðlis, að ekki sé ástæða til að samþ. frv., ef þeir fást ekki leiðréttir. Í heild virðist okkur, að samþykkt frv. skipti ekki mjög verulegu máli, enda þótt segja megi, að það horfi til einhverra bóta að fá leiðréttingu á skipulagi þessara mála. Það virðist vera helzti tilgangur frv. að tryggja, að ekki aðeins áætlunarferðir og fastar ferðir hér innanlands verði bundnar við sérleyfi frá ríkisstj., heldur og hvers konar hópferðir á fólksflutningabifreiðum, sem taka fleiri farþega en 8. Í 2. gr. frv. er gert ráð fyrir því, að þegar ráðh. veitir slíkt leyfi, megi hann binda það ýmsum skilyrðum. Í 2. gr. h-lið segir, að hann megi binda það því skilyrði, að sérleyfishafi sé skuldbundinn til að kaupa þær fasteignir og bifreiðir, sem notaðar hafa verið áður til rekstrar á sérleyfisleiðinni og teljast nauðsynlegar og henta viðkomandi rekstri. Einnig kemur það fram í sömu grein, að meðal þeirra skilyrða, sem ráðh. getur sett, er það, að réttindi til hópferðaaksturs séu því aðeins veitt, að rétthafi skuldbindi sig til að hafa bifreiðir sínar á afgreiðslustöðum, sem skipulagsnefnd fólksflutninga samþykkir.

Við, sem skipum minni hl. n., teljum, að bæði þessi skilyrði, sem ráðh. er heimilt að setja, séu óeðlileg. Við sjáum ekki, hvaða ástæða á að vera til þess, að útgáfa sérleyfis sé bundin við eigendaskipti á bifreiðum og fasteignum, enda liggur í augum uppi, að slíkar eignir geta verið í mismunandi góðu ástandi, þegar nýr sérleyfishafi tekur við. Um þetta atriði varð m. a. ágreiningur í skipulagsnefnd fólksflutninga, og minni hl. n. segir um þetta atriði, með leyfi forseta:

„Ég tel óeðlilegt, að skapaður sé möguleiki fyrir því með ákvæði í l., að ráðh. og skipulagsnefnd séu áður en varir farin að sýsla með eignasölu. Ég tel fráleitt, að þótt einhver maður, sem hefur tekið að sér sérleyfisakstur og hann af einhverjum ástæðum vill hætta þeirri atvinnu, t. d. vegna þess að bifreiðakostur hans er orðinn of gamall og of slitinn og hann telur hagkvæmara að festa fé sitt í öðru en að endurnýja bifreiðakostinn, hafi fortakslaust endursöluákvæðisérleyfi. Það mætti fyllilega gera ráð fyrir því, að sumir sérleyfishafar vildu jafnvel losna við sérleyfið, ef þeir ættu það víst, að um leið og þeir segðu því lausu, gætu þeir selt hinar gömlu og úr sér gengnu bifreiðar."

Um seinna skilyrðið, sem ég nefndi, viljum við segja það, að við teljum ástæðulaust að keppa að því, að hver einasta hópferð, sem farin er í landinu og fellur undir hin víðu ákvæði þessara l., að hver einasta slík hópferð sé endilega farin frá fastákveðnum afgreiðslustöðvum, enda þótt við viðurkennum hins vegar, að fastar ferðir og áætlunarferðir sé nauðsynlegt að binda við slíkar stöðvar.

Í þriðja lagi teljum við, að í 3. gr. frv. sé um óeðlilega tvísköttun að ræða, þar sem gert er ráð fyrir, að þessir hópferðaréttindahafar greiði ekki aðeins sérleyfisgjald, heldur einnig sérstakt árlegt gjald fyrir hópferðaréttindi. Þetta atriði gagnrýndi minni hl. í skipulagsnefnd fólksflutninga, Einar Ögmundsson, alveg sérstaklega og taldi það mjög ranglátt ákvæði. Við erum á sama

máli í minni hl. n. og viljum, að þetta ákvæði sé fellt niður.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa þessi orð fleiri, þar sem á nál. 496 kemur glöggt fram, hverjar brtt. við gerum og ég hef hér lýst.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 496,1 felld með 17:9 atkv.
Brtt. 477 samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 496,2 samþ. með 17:10 atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 20:1 atkv.
Brtt. 496,3 felld með 15:10 atkv.
3. gr. samþ. með 22:1 atkv.
4.—8. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22:1 atkv.

Á 75. fundi í Nd., 22. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 531).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 21:2 atkv. og afgr. til Ed.

Á 67. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 69. fundi í Ed., 23. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 71. fundi í Ed., 25. apríl, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér er um að ræða um breyt. á l. nr. 42 4. apríl 1956 um skipulag á fólksflutningum með bifreiðum, hefur verið samþ. shlj. í hv. Nd.

Eins og kunnugt er, eru lög um skipulag á fólksflutningum með bifreiðum orðin nokkuð gömul, hafa gilt óbreytt um 10 ára skeið, en á þessu tímabili hafa samgöngur, sem l. þessi gilda um, tekið nokkrum breytingum, sérstaklega hafa hópferðir og skipulagðar skemmtiferðir um landið með innlenda og erlenda ferðamenn aukizt að mun og orðið stór þáttur í þessum flutningum.

Þau lagaákvæði, sem giltu um hópferðir og skemmtiferðir, eru nokkuð óskýr í gildandi l., enda var hinn umræddi þáttur sérleyfisflutninganna lítill, er þau voru sett, og er breytingum á l. ætlað að bæta úr því með skýrari ákvæðum. Aðrar breytingar, sem frv. þetta felur í sér, eru þær, að sett eru nánari ákvæði um skyldur og réttindi sérleyfishafa og hópferðaréttindahafa en eru í núgildandi l.

Samkv. 1. gr. frv. eru helztu breytingar þessar: Ákveðið er, að réttindi til hópferðaaksturs séu veitt á sama hátt og leyfi til áætlunarferða. Nánari ákvæði eru sett um, hvað skuli teljast fastar ferðir til samræmis við þau ákvæði, sem gilda um það, hvað telja skuli áætlunarferðir. Ákvæði gildandi l. um, að hópferðir á héraðsmót og almennar skemmtanir innan hvers lögsagnarumdæmis séu undanþegnar sérleyfi, eru hér einnig látin ná til annarra hópferða innan lögsagnarumdæmanna og til flutninga starfsfólks að og frá vinnustað, sem framkvæmdir eru á kostnað vinnuveitendanna. Ákvæðum gildandi l. um rétt sýslu- og sveitarfélaga til sérleyfa er breytt til samræmis við gildandi ákvæði um rétt bæjarfélaga til einkaleyfa. Ákvæði um rétt sérleyfishafa fyrir endurveitingu á sérleyfum, sem eru í reglugerð, verði tekin inn í l.

Breytingar samkv. 2. gr. eru þær, að ákvæði eru sett um það, að skipulagsnefnd fólksflutninga með bifreiðum samþykki afgreiðslustöðvar þær, sem sérleyfisbifreiðar eru afgreiddar frá. Ákvæði eru sett um skyldur og réttindi nýrra sérleyfis- og einkaleyfishafa til kaupa á fasteignum og tækjum, sem álitið er nauðsynlegt, að fylgi sérleyfis- og einkaleyfisleiðum. Sett eru ákvæði um útgáfu hópferðaréttinda svo og gildistíma þeirra, enn fremur ákvæði um afgreiðslu fyrir hópferðir í samræmi við ákvæði um afgreiðslu fyrir sérleyfisferðir.

Breytingar samkv. 3. gr. frá því, sem er í gildandi l., eru einkum þær, að ákvæði eru sett um, að hópferðaréttindahafar greiði sérleyfisgjald af hópferðum á sama hátt og sérleyfishafar greiða sérleyfisgjald af sérleyfisferðum og enn fremur, að hópferðaréttindahafar greiði fast, árlegt gjald fyrir hópferðaréttindin og sé upphæð þess ákveðin með reglugerð. Sérleyfisgjald, sem hópferðaréttindahafar hafa greitt að undanförnu, hefur verið ákveðið í reglugerð.

Breytingar þær, sem 4. gr. frv. felur í sér, eru, að ákvæði 7. gr. gildandi l. um yfirumsjón og eftirlit með fólksflutningum með bifreiðum, er sérleyfi eða undanþágu þarf til, taki einnig til fólksflutninga, sem hópferðaréttindi eru veitt fyrir.

Með 5. gr. frv. eru ákvæði 9. gr. gildandi l. um sviptingu sérleyfa einnig látin gilda um sviptingu hópferðaréttinda, og með 6. gr. frv. eru lágmarkssektir vegna brota á l. hækkaðar úr 100 kr. í 1000 kr.

Frv. þetta er sem sagt samið til samræmis við þær breytingar, sem orðið hafa á framkvæmd sérleyfa síðan l. voru sett fyrir 10 árum. Það er vitanlega sjálfsagt að hafa íhlutun um það, hvaða afgreiðslustöðvar eru samþykktar fyrir bifreiðarnar og þá ekki sízt vegna þess, að nú hefur verið gengið frá og komið upp hér í Reykjavík sérstakri afgreiðslustöð, sem ætlazt er til, að allar sérleyfisbifreiðar hafi afgreiðslu frá. Og þá er einnig stefnt að því að koma upp slíkum afgreiðslustöðvum víðar úti um land. Og þegar hópferðirnar eru orðnar svona stór þáttur sem raun ber vitni, er ekki eðlilegt, að hópferðaleyfi séu afgreidd, án þess að fyrir þau sé sérstaklega greitt. Það væri ranglátt gagnvart öðrum sérleyfishöfum.

Frv. er, eins og ég hef sagt, sniðið eftir þeim breytingum, sem orðið hafa á framkvæmd sérleyfisflutninga, og vildi ég vænta þess, að þessi hv. d. vildi samþykkja frv. nú sem fyrst, þannig að það gæti orðið að l. áður en þingi lýkur.

Herra forseti. Ég vil leggja til, að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til 2. umr. og hv. samgmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til samgmn. með 16 shlj. atkv.

Á 78. fundi í Ed., 2. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 531, n. 666).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Frsm. (Jón Þorsteinsson): Herra forseti. Um frv. þetta var fjallað í samgmn., og varð niðurstaðan sú, eins og kemur fram í nál. á þskj. 666, að n. leggur til, að frv. verði samþ., en 3 nm., sem þar eru tilgreindir, hafa þó áskilið sér rétt til þess að flytja brtt. við frv. og styðja brtt., sem fram kynnu að koma.

Lög um skipulag fólksflutninga með bifreiðum hafa nú gilt óbreytt um 10 ára skeið. Á þessu tímabili hafa þær samgöngur, sem l. gilda um, tekið ýmsum breytingum, einkum hópferðir, og skipulagðar skemmtiferðir um landið með innlenda og erlenda ferðamenn hafa aukizt að mun og orðið allstór þáttur í þessum flutningum. Þess vegna eru hér með þessu frv. m. a. sett skýrari ákvæði en verið hafa í gildandi l. um hópferðir og skemmtiferðirnar. En að öðru leyti eru breyt., sem frv. felur í sér, frá gildandi löggjöf þær, að ákveðið er, að réttindi til hópferðaaksturs séu veitt á sama hátt og leyfi til áætlunarferða. Nánari ákvæði eru sett um það, hvað teljast skuli fastar ferðir í samræmi við þau ákvæði, sem gilda um, hvað teljast skuli áætlunarferðir. Ákvæði gildandi l. um að hópferðir á héraðsmót innan hvers lögsagnarumdæmis séu undanþegnar sérleyfi, er hér einnig látið ná til annarra hópferða innan lögsagnarumdæmanna og til flutninga starfsfólks að og frá vinnustað, sem framkvæmdir eru á kostnað vinnuveitenda. Ákvæði gildandi l. um rétt sýslu- og sveitarfélaga til sérleyfa er breytt til samræmis við gildandi ákvæði um rétt bæjarfélaga til einkaleyfa, og ákvæði um rétt sérleyfishafa til endurveitingar á sérleyfum, sem verið hafa í reglugerð, eru sett inn í l.

Þá er einnig sett ákvæði um það, að skipulagsnefnd fólksflutninga með bifreiðum samþykki afgreiðslustöðvar þær, sem sérleyfisbifreiðar eru afgreiddar frá. Einnig eru ákvæði sett um skyldur og réttindi nýrra sérleyfis- og einkaleyfishafa til kaupa á fasteignum og tækjum, sem álitið er nauðsynlegt að fylgi sérleyfis- og einkaleyfisleiðum. Sett eru ákvæði um útgáfu hópferðaréttinda svo og gildistíma þeirra, enn fremur ákvæði um afgreiðslu fyrir hópferðir í samræmi við ákvæði um afgreiðslu fyrir sérleyfisferðir.

Í hv. Nd. var gerð minni háttar breyting á þessu frv., en þar komu að vísu fram brtt., sem ekki náðu fram að ganga, og það ákvæði, sem þar var aðallega ágreiningur um, er ákvæði, sem er hér í h-lið 2. gr. þessa frv., en þar segir, að heimilt sé ráðherra að fengnum meðmælum skipulagsnefndar fólksflutninga með bifreiðum að binda sérleyfi og einkaleyfi þeim skilyrðum, að sérleyfis- og einkaleyfishafar skuli skuldbundnir til að kaupa þær fasteignir og bifreiðar, sem notaðar hafi verið áður til reksturs á sérleyfisleiðum og teljast nauðsynlegar og henta viðkomandi rekstri, á verði, sem samkomulag verður um milli aðila. Náist ekki samkomulag um verð, skal það ákveðið með dómi með mati dómkvaddra manna.

Með þessu ákvæði er að vísu lögð nokkuð rík kvöð á þá, sem fá sérleyfi eða einkaleyfi, að það skuli geta orðið háð þessum skilyrðum, að einkaleyfis- eða sérleyfishafi verði skyldaður til þess að kaupa bifreiðar og afgreiðslustöðvar, sem þessu sérleyfi hafa fylgt. En þó verður að hafa það í huga, að þarna geta atvik borið að með ýmsum hætti, og reyndar ætti það að öðru jöfnu, að minnsta kosti ef bifreiðakostur er góður, að vera nokkuð eðlilegur hlutur, að sá, sem tekur við sérleyfi, kaupi bifreiðarnar af fyrri sérleyfishafa. Og það gæti líka oft og tíðum orðið þannig, að sá, sem af einhverjum ástæðum yrði að hætta við sérleyfi, en hefði á allan hátt góðan útbúnað, bæði sérleyfi, en hefði á allan hátt góðan útbúnað, bæði bifreiðakost og afgreiðslur, að hann væri ákaflega illa settur með að koma þessum eignum í verð, ef hann annaðhvort missti sérleyfið eða þyrfti af einhverjum ástæðum að hætta þessum rekstri. En hér er þess að gæta, að það er ekki ófrávíkjanlegt skilyrði, að sá, sem tekur við, þurfi að kaupa, heldur er það einungis, að ráðh. er heimilt að skylda hann til þess, þó því aðeins, að skipulagsnefnd fólksflutninga hafi gefið meðmæli. En ef ekki næst samkomulag um verð, á það að vera ákveðið með mati dómkvaddra manna. Nú, auk þess er það skilyrði, að þær bifreiðar og fasteignir, sem nýr sérleyfishafi kynni að vera skyldaður til að kaupa samkv. þessu ákvæði, þurfa að teljast nauðsynlegar og henta viðkomandi rekstri. Einmitt þetta, álít ég, geti hvatt þann, sem hefur sérleyfi, — hann hefur auðvitað hagsmuni af því að geta selt eignir sínar, ef hann vill hætta, — til þess að hafa alltaf sem beztan bifreiðakost. Þá er miklu frekar, að lögð verði á viðtakanda sú skylda að kaupa en ef bifreiðakosturinn er lélegur.

Það hefur orðið niðurstaða í samgmn., eins og ég gat um í upphafi, að mæla með þessu frv. eins og það liggur hér fyrir eftir þá einu breyt., sem gerð var í n. og skiptir út af fyrir sig tiltölulega litlu máli, en þó hafa, eins og ég gat um í upphafi, þrír nm. óbundnar hendur um að setja fram brtt. eða fylgja brtt., sem fram kynnu að koma.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2.—8. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 79. fundi í Ed., 3. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 699).

---

55. Ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga.

Á 36. fundi í Nd., 17. des., var útbýtt:
Frv. til l. um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga [99. mál] (stjfrv., A. 213).

Á 39. fundi í Nd., 10. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Núgildandi ákvæði um gerð ríkisreiknings og fjárl. og hlutverk ríkisbókhalds er að finna í II. kafla l. nr. 61 1931 um ríkisbókhald og ríkisendurskoðun. Það mun öllum hv.

þm. vera ljóst, að á þessum þremur áratugum eða rösklega það, sem þau hafa verið í gildi, hafa kröfur til opinberra reikningsskila að ýmsu leyti mjög breytzt af eðlilegum ástæðum, og það hlýtur því að vera margt, sem er orðið úrelt í sambandi við þetta kerfi, sem í meginefnum hefur verið óbreytt alla þessa tíð.

Tildrögin að því frv., sem hér liggur fyrir, eru þau, að sumarið 1961 fól fjmrn. þáv. ríkisbókara Magnúsi Björnssyni og Guðlaugi Þorvaldssyni deildarstjóra í Hagstofu Íslands að gera till. um breyt. á uppsetningu ríkisreikningsins og endurskoða í því sambandi l. um ríkisbókhald og endurskoðun nr. 61 frá 1931, l. um byggingarsjóð nr. 29 frá 1905 og l. um fyrningasjóð ríkisins nr. 78 frá 1947. Sökum veikinda ríkisbókara varð það úr, að hann stóð ekki að upphaflegu till., sem Guðlaugur Þorvaldsson skilaði til ráðun. í sept. 1962, en þáv. fjmrh. Gunnar Thoroddsen fól þá höfundi till. að undirbúa frv. um málið í samráði við ríkisbókara, ríkisendurskoðanda, ráðuneytisstjórann í fjmrn., hagstofustjóra, fulltrúa frá Efnahagsstofnun og Seðlabanka Íslands og ríkisskattstjóra. Á fyrri hluta árs 1963 var að mestu leyti gengið frá frv. því, sem nú liggur hér fyrir. Unnið var að frv. á þann hátt, að fyrst voru haldnir fundir ofangreindra aðila um frumtill. Guðlaugs Þorvaldssonar, en síðan var honum, Magnúsi Björnssyni ríkisbókara og hagfræðingunum Bjarna Braga Jónssyni frá Efnahagsstofnuninni og Sigurgeiri Jónssyni frá Seðlabanka Íslands falið að semja uppkast að frv. Samkomulag var hjá þeim um uppkaststill., sem síðan voru yfirfarnar og endurskoðaðar í samráði við þá aðra aðila, sem ráðh. hafði falið að ganga frá frv. um málið.

Af þessum inngangsorðum ætti það að vera ljóst, að það hefur verið vandað mjög til alls undirbúnings málsins, enda er hér að mörgu leyti um mjög hátekniskt mál að ræða, sem þarf auðvitað gaumgæfilegrar athugunar við, þegar um það er að ræða að breyta reglum um þetta efni og setja nýjar heildarreglur, sem að mörgu leyti eru verulega frábrugðnar þeim, sem nú hafa gilt.

Þetta frv., sem hér liggur fyrir, hefur svo nú síðustu mánuði enn verið nokkuð athugað af sérfræðingum fjmrn. og öðrum aðilum, sem málið helzt varðar og er lagt fram í því formi fyrir hið háa Alþ.

Eins og segir í aths. við frv. er markmið þess, að fjárlög og ríkisreikningur verði þannig úr garði gerð, að þau þjóni sem bezt þörfum fjárveitingavalds og fjármálastjórnar, almennrar stjórnsýslu og hagstjórnar, þjóðhagsreikninga og hagsýslugerðar yfirleitt, sem er hin brýnasta nauðsyn, þar sem hagsýslugerð og þjóðhagsreikningar hafa nú á síðustu árum komið inn í okkar mynd í efnahagskerfinu, og það er að sjálfsögðu mikil nauðsyn að ganga þannig frá uppgjöri ríkisbúskaparins, að hægt sé að fella það inn í þær athuganir, sem á því sviði eru gerðar. Með markmiði frv. eða jafnframt því sem þessi tilgangur er fyrir hendi og honum er fylgt í frv., er stefnt að því, að reikningakerfið verði þó eins einfalt og aðgengilegt og unnt er miðað við þann tilgang, sem ég hef lýst. Markmiði frv. er reynt að ná með því að kveða skýrar á en gert er í núgildandi l. um þau svið, sem fjárlög og ríkisreikningur ná yfir, um form þeirra og sundurliðun og ýmis reikningsleg hugtök. Jafnframt er stefnt að því, að meiri festa skapist en verið hefur í skráningu og fjárreiðum ríkisins og meira samræmi verði á milli reikninga ríkisstofnana og ríkisfyrirtækja innbyrðis.

Í aths., sem með frv. fylgja, er greint frá helztu nýjungum og breytingum, sem gerðar eru frá fyrri tilhögun, og skal aðeins lítillega vikið að þeim helztu.

Í fyrsta lagi eru settar nýjar og ýtarlegri reglur en áður um það, hvaða stofnanir, fyrirtæki og sjóði skuli taka í fjárlög og ríkisreikning. M. a. er kveðið svo á, að allar ríkisstofnanir og fyrirtæki og sjóðir í ríkiseign að frátöldum Seðlabanka Íslands og öðrum lánastofnunum skuli tekin í fjárlög og ríkisreikning. Þessum ákvæðum er m. a. ætlað að leggja áherzlu á þá þýðingu, sem ytri mörk fjárl. og ríkisreiknings hafa, og tryggja það, að þau fylgi jafnan föstum reglum. Auk þess eru sérstök ákvæði um aukið reikningslegt aðhald með þeim aðilum öðrum en opinberum aðilum, sem hafa tekjustofna samkv. sérstökum l. Með þeim reglum er stefnt að því, að heildarskattlagning ríkisins komi sem bezt fram.

Í öðru lagi eru settar fastari reglur en áður um afmörkun reikningsárs og lokun reikninga. Eins og málum er nú háttað, eru reikningar að vísu miðaðir við sömu meginreglur og hér er lagt til, að verði settar. En ákveðin fyrirmæli skortir um lokun reikninga. Sú venja hefur því myndazt m. a. til að losna við færslu viðskiptamannareikninga svo að nokkru nemi, að reikningum er haldið opnum langt fram yfir áramót, en það kemur ruglingi á greiðslur reikninga og venjulega skráningu viðskiptamannareikninga, svo að staðan um áramót kemur raunverulega ekki nógu vel fram. Auk þess eru lokunarmörkin ekki hin sömu frá ári til árs, og gerir það samanburð milli ára miklum mun torveldari.

Í þriðja lagi eru sett ákvæði um skiptingu ríkisreikningsins og fjárl. í tvo hluta, A-hluta og B-hluta, þar sem reikningum og fjárlagaáætlunum fyrirtækja og sjóða í ríkiseign er haldið aðgreindum frá reikningum og fjárlagaáætlunum annarra ríkisaðila. Enn fremur eru sett ákvæði um reikningslega sérstöðu fyrirtækja og sjóða á ýmsan hátt. Skipting ríkisreiknings í tvo hluta, A-hluta og B-hluta, er einkum gerð vegna þess, að ólíkra sjónarmiða gætir við reikningshald fyrirtækja, sem stunda atvinnurekstur annars vegar og stjórnsýslustofnana hins vegar, og æskilegt er að geta gert samanburð á rekstri atvinnufyrirtækja ríkisins og annarra fyrirtækja, er stunda atvinnurekstur. Ákvæðin, sem hér eru sett um það, að fjmrh. skuli setja fyrirtækjum og sjóðum í ríkiseign reglur um það, hvort greiða skuli rekstrarhagnað og fyrningar í ríkissjóð og þá á hvern hátt eða hvort fram skuli færður til eignaaukningar á einhvern hátt hjá fyrirtækjum, miða m. a. að því að veita hlutaðeigandi aðilum aðhald í fjárfestingarmálum. Hættulegt getur þó verið að hafa þessar reglur um of strangar. Ákveðið er, að fyrirtækjum og sjóðum í ríkiseign skuli reiknaðir vextir af lánum frá ríkissjóði. Á þann hátt gefa reikningarnir betur til kynna reikningsafkomu fyrirtækjanna. Ýmisleg reikningsleg hugtök eru skýrð nánar en nú er í núgildandi l. til þess að tryggja aukið samræmi í reikningsfærslu ríkisins. Einnig er gert ráð fyrir ýtarlegri og samræmdri flokkun gjalda, tekna, eigna og skulda, bæði í fjárl. og ríkisreikningi. Mesta þýðingu í því sambandi hefur það, að auk þeirrar

flokkunar gjalda, sem nú tíðkast eftir stofnunum og ráðuneytum, er gert ráð fyrir samræmdri, hagrænni sundurliðun, svo sem tíðkast nú orðið í fjárl. og ríkisreikningum nágrannalanda. Slík flokkun er nauðsynleg til þess að sjá megi fyrr og betur áhrif tiltekinna efnahagsaðgerða á ríkisútgjöldin.

Í fimmta lagi eru sett ný ákvæði um reikningslega meðferð geymdra fjárveitinga og tímamörk geymsluheimilda í fjárl. Frv. gerir þannig ráð fyrir því, að taka verði að jafnaði sem endurveitingu inn í fjárlög fjárveitingar, sem hafa ekki verið notaðar innan þeirra tímamarka, sem geymsluheimild ákveður. Óheimilt er samkv. frv., nema sérstakar ástæður séu fyrir hendi, að geyma fjárveitingar til lengri tíma en fjögurra ára, og ekki er heimilt nema með sérstakri undanþágu að geyma fjárveitingar til rekstrar ríkisstofnana eða annarra aðila, er slíkar fjárveitingar fá. Gert er ráð fyrir því, að settar verði nánari reglur um þessi atriði.

Í sjötta lagi eru sett ákvæði um ríkisreikninganefnd. Það er fastanefnd embættismanna til ráðuneytis fjmrh., fjmrn. og ríkisbókhaldi við gerð fjárl. og ríkisbókhaldi við gerð ríkisfjárlaga og ríkisreiknings. Þessum ákvæðum er ætlað að tryggja, að gerð fjárl. og ríkisreiknings verði frá tæknilegu sjónarmiði jafnan í samræmi við ákvæði og anda þessa frv., ef að lögum verður. Í XIII. kafla frv. er verksvið þessarar n. reifað nánar og talin upp helztu verkefnin. Má hiklaust telja þessi ákvæði ein hin þýðingarmestu í frv. frá skipulagslegu sjónarmiði.

Rétt er að lokum að vekja athygli á því ákvæði í 20. gr. frv., að rekstrarhagnað einkasala ríkisins skuli telja með sköttum á tekjuyfirliti A-hluta ríkisreiknings, þ. e. stjórnsýsluhlutanum, en ekki með arðgreiðslum frá fyrirtækjum og sjóðum í ríkiseign. Ég hygg óhætt að fullyrða það, þó að mönnum kunni að þykja, að hér sé um flókið mál að ræða og ekki alls kostar þægilegt að átta sig í einstökum atriðum, að þessi breyting miði engu að síður að því, að hv. þm. verði auðveldara en áður að fylgjast með hinni raunverulegu þróun ríkisbúskaparins, og upplýsingar þær, sem þeir fái í sambandi við fjárlög og ríkisreikning, verði mun betur til þess fallnar að þeir geti áttað sig á þessum málum, sem raunverulega verða yfirgripsmeiri og flóknari eftir því sem tímar líða og eftir því sem útþenslan verður meiri bæði hjá ríkinu og hjá ríkisstofnunum og skýrslugerðir í sambandi við efnahagskerfi þjóðarinnar verða flóknari og yfirgripsmeiri.

Það er ljóst, að mikla undirbúningsvinnu þarf í ráðun. og stofnunum til þess að hægt verði að semja fjárlagafrv. algerlega eftir ákvæðum þessa frv., ef að lögum verður. Með tilliti til þess, að eitt ár sé talið þurfa til þess að hrinda þessu átaki í framkvæmd, gerir frv. ráð fyrir, að fjárlagafrv. fyrir 1968 verði hið fyrsta eftir hinum nýju reglum. Undirbúningur að þeirri fjárlagagerð hefst snemma árs 1967. Á sama hátt yrði ríkisreikningurinn fyrir 1968 hinn fyrsti eftir hinum nýju reglum. Hins vegar, þrátt fyrir það þó að þessi lög hafi ekki enn fengið staðfestingu Alþ., hefur við lokun ríkisreiknings fyrir árið 1965 verið gert ráð fyrir, að í meginefnum verði fylgt þeim reglum, sem gert er ráð fyrir í þessu frv. um lokun ríkisreiknings. Það er gert ráð fyrir því, enda er það hin brýnasta nauðsyn, að áðurnefnd ríkisreikninganefnd taki til starfa svo fljótt sem auðið er, enda mundi það falla í hennar hlut að hafa eftirlit með undirbúningi að framkvæmd hins nýja kerfis.

Ég lít svo á, að í þessu frv. sé svo til eingöngu um að ræða tæknileg atriði, er varða gerð fjárl. og ríkisreiknings og hlutverk ríkisbókhalds almennt, og það er von mín, að hv. þm. geti því sameinazt um afgreiðslu málsins. Það er nauðsynlegt, að frv. geti orðið að l. á þessu þingi, ef hægt á að vera að koma skipulagsbreytingum á miðað við þau tímamörk, sem ég hef nefnt, og ég vænti þess, að hv. þm. geti eftir athugun á grg. minni og einnig á frv. og grg. þess verið ásáttir um það, að undirbúningur frv. hafi verið það rækilegur, að öll einstök atriði málsins hafi svo sem nauðsynlegt er verið það rækilega skoðuð fyrirfram, að það eigi ekki að þurfa að seinka afgreiðslu frv.

Ég vil að þessum orðum loknum, herra forseti, leyfa mér að leggja til, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til fjhn. með 24 shlj. atkv.

Á 77. fundi í Nd., 25. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 213, n. 563,564).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Frsm. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Eins og fram kemur á þskj. 563 í nál. frá fjhn. þessarar hv. d., þá hefur n. orðið sammála um afgreiðslu þessa máls. Guðlaugur Þorvaldsson deildarstjóri á Hagstofunni, sem átti mestan þátt í undirbúningi og samningu þessa frv., eins og fram kom í ræðu hæstv. fjmrh. hér við 1. umr., mætti á fundum hjá n. og gerði henni töluvert glögga grein fyrir því, á hvern hátt hér væri gert ráð fyrir breytingum á ríkisbókhaldi og gerð ríkisreiknings og fjárlaga. Málið er hins vegar þannig vaxið, að ég held, að ég bæti ekkert með því að gefa á því skýringar umfram það, sem hæstv. fjmrh. gerði hér í framsöguræðu sinni við 1. umr. málsins, svo og því, sem kemur fram í grg. með frv.

Nm. töldu að fengnum þeim upplýsingum, sem deildarstjórinn gaf, að hér mundi um að ræða breytingar til bóta á þessu máli og urðu því sammála um að mæla með samþykkt frv., en flytja brtt. á þskj. 564, tvær brtt. við 6. gr. Þá fyrri þar sem stendur: „Ríkisreikningur skiptist í tvo hluta, A-hluta og B-hluta. A-hluti nær yfir fjárreiður ríkissjóðs, ríkisstofnana, en B-hluti yfir fyrirtæki og sjóði ríkisins, þ. á m. almennar tryggingar.“ Við leggjum til, að við bætist: Samkv. nánari ákvörðun ríkisreikningsnefndar, sem gert er ráð fyrir í frv., að skipuð verði.

Á vegum Tryggingastofnunar ríkisins eru ýmsir sjóðir, og þar sem ekki var talið mögulegt að telja upp í frv. þann hluta Tryggingastofnunarinnar, sem hér væri um að ræða, þá væri eðlilegt að fela það væntanlegri ríkisreikningsnefnd, hvað af þeim sjóðum, sem heyra undir Tryggingastofnun ríkisins, væru teknir upp í ríkisreikninginn.

Önnur brtt. er við niðurlag 73. gr., það er nánast leiðrétting, þar sem stendur: Ríkisreikningsnefnd skal jafnan höfð með í ráðum um uppsetningu fjárl. Auðvitað er hér átt við fjárlfrv., og gerum við því till. um breyt. þar á.

Að svo mæltu endurtek ég það, að n. varð sammála og leggur til, að frv. verði samþ. að áorðnum þeim breyt., sem hún leggur til á þskj. 564.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
3.—5. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 564,1 samþ. með 23 shlj. atkv.
6. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.
7.—15. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
16. — 34. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
35.— 36. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
37.—41. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
42.—44. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
45.—50. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
51. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
52.—60. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
61. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
62.—68. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
69.—72. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 564,2 samþ. með 23 shlj. atkv.
73. gr., svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv.
74. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
75.—79. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
80.—82. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og kaflafyrirsagnir samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Á 78. fundi í Nd., 26. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 583).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 72. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 73. fundi í Ed., 28. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Með frv. því, sem hér liggur fyrir til umr., er gerð till. um það að setja nýja löggjöf um gerð ríkisreikn. og fjárl., sem að meginefni felur það í sér að taka upp að verulegu leyti nýja skipan þessara mála með hliðsjón af þeim kröfum, sem nútíminn krefst í þessu efni. Núgildandi ákvæði um gerð ríkisreikn. og fjárl. er að finna í 2. kafla l. nr. 61 frá 1931, um ríkisbókhald og endurskoðun, og á þeim tíma, sem síðan er liðinn, hafa að sjálfsögðu orðið mjög verulegar breytingar á þróun fjármála og efnahagsmála og sömuleiðis á þeim aðferðum, sem almennt eru notaðar í sambandi við skýrslugerðir fyrir ríkisbúskap þjóða.

Þetta frv. er mjög tæknilegs efnis, og eins og gert er grein fyrir í grg. frv., hafa fjallað um það margir aðilar, og það var, áður en það var lagt fram, borið undir allar þær stofnanir, sem hér koma við sögu, og eru þær allar sammála um það, að það sé til mikilla bóta að lögleiða þá skipan þessara mála, sem í frv. felst.

Það má segja, eins og í aths. frv. segir, að í stórum dráttum sé markmið frv. það, að fjárlög og ríkisreikningur verði þannig úr garði gerð, að þau þjóni sem bezt þörfum fjárveitingavalds og fjármálastjórnar, almennrar stjórnsýslu og hagstjórnar, þjóðhagsreikninga og hagsýslugerðar yfirleitt. Jafnframt er svo stefnt að því, að reikningakerfið verði svo einfalt og aðgengilegt sem unnt er miðað við þann tilgang, sem því er settur. Reynt er að ná markmiði frv. með því að kveða skýrar á en gert er í núgildandi l. um það svið, sem fjárlög og ríkisreikningur ná yfir, um form þeirra og sundurliðun og um ýmis reikningsleg hugtök. Jafnframt er stefnt að því, að meiri festa skapist en verið hefur í skráningu á fjárreiðum ríkisins og meira samræmi verði á milli reikninga ríkisstofnana og ríkisfyrirtækja innbyrðis. Það er gert ráð fyrir því, að þessi breyting leiði það af sér, að mun fullkomnari skýrslugerð verði bæði í sambandi við fjárlagafrv. hverju sinni og sömuleiðis ríkisreikning, og ætti það því frá sjónarmiði Alþ. að vera mjög jákvætt, til þess að alþm. geti betur áttað sig á afkomu allra þeirra fyrirtækja og stofnana, sem á vegum ríkisins eru.

Ég skal ekki fara nánar út í að útskýra frv. Það er, eins og ég sagði, mjög tæknilegs eðlis, en ég vænti þess, að sú grg., sem því fylgir, geri nægilega glögg skil þeim breytingum, sem hér eru gerðar og hvaða skipulag hér er gert ráð fyrir að taka upp. Hv. Nd. féllst einróma á það að lögfesta eða mæla með lögfestingu þessa frv., og vil ég leyfa mér að vænta þess, að þessi hv. d. geti sömuleiðis á það fallizt. Frv. hefur verið alllengi til meðferðar í Nd., og má segja, að það komi hér á seinni skipunum og það mætti því að því finna hér í þessari hv. d., að menn hafi ekki haft lengri tíma til að kynna sér það, en ástæðan til þess að það var svo lengi til meðferðar í Nd., var sú, að menn leituðust þar við að kynna sér til hlítar, hvort þær till., sem hér væri um að ræða, þjónuðu ekki einmitt þeim tilgangi, sem ég lýsti þar í upphafi, að ætlunin væri með frv. Og mun hv. fjhn. Nd. hafa sannfærzt um, að það væri svo. Ég vildi því leyfa mér að vænta þess, að hv. fjhn. þessarar d. gæti fallizt á að mæla með frv. án þess að jafnítarleg athugun þyrfti þá að fara fram á því hér.

Það er að vísu ekki gert ráð fyrir því, að fjárlagafrv. samkv. þessari nýju aðferð verði lagt fram fyrr en árið 1968, en það tekur langan tíma að koma þessu skipulagi á, og hafa nú þegar fyrir árið 1965 verið gerðar ráðstafanir til þess, að lokun reikninga ríkisins geti farið fram með þeim hætti, sem gert er ráð fyrir hér í þessu frv., og sömuleiðis hefur til bráðabirgða ríkisreikninganefnd, sem gert er ráð fyrir í frv., óformlega verið látin taka til starfa, til þess að hægt væri að framkvæma lokun reikninga nú í samræmi við þær reglur, sem leiða af þessu frv.

Ég sé ekki ástæðu til, herra forseti, að eyða um þetta fleiri orðum, en vil leyfa mér að leggja til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til fjhn. með 15 shlj. atkv.

Á 78. fundi í Ed., 2. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 583, n. 665).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Fjhn. hefur haft þetta frv. til meðferðar, og eins og nál. á þskj. 665 ber með sér, leggur n. til, að frv. verði samþ., en einn nm., hv. 6. þm. Sunnl., var fjarverandi, þegar n. afgreiddi málið, og hefur hann því að sjálfsögðu óbundnar hendur um afstöðu til þess.

Ég vil í byrjun taka það fram, að ég harma það og veit mig þar mæla fyrir munn allra nm., einnig þess eina og kannske ekki síst, sem fjarstaddur var, þegar n. afgreiddi málið, hversu stuttan tíma n. hefur haft til þess að athuga þetta mál. Það hefur borizt hingað í hv. d. alveg á síðustu dögum, en er búið að liggja alllengi í Nd. En hér er um allflókið mál að ræða og mál, sem ekki verður talið neitt smámál. Það hefur mikla þýðingu fyrir uppbyggingu ríkisreikningsins og jafnvel afgreiðslu fjárl. í næstu framtíð. Vona ég, að forðast verði í framtíðinni að viðhafa slík vinnubrögð, en ég vil taka það fram, að hæstv. fjmrh. á hér ekki sök á, því að málið var lagt fyrir Alþ. í tæka tíð til þess að hægt hefði verið að athuga það sómasamlega í báðum d. En með tilliti til þess, að hér er um verulegar umbætur að ræða í hinu opinbera bókhaldskerfi, bæði að dómi þeirra sérfræðinga, sem unnið hafa að frv. þessu, svo og að dómi hv. fjhn. Ed., sem einróma mælti með frv., taldi fjhn. rétt að afgreiða málið þrátt fyrir hinn allt of stutta tíma, sem hún hefur haft það til meðferðar. Þó að ég hafi, eins og aðrir, haft lítinn tíma til þess að kynna mér till. þær, er í frv. felast, í þeirri mynd, sem þær eru nú, vil ég þó fara örfáum orðum um þær mikilvægustu endurbætur, sem í frv. felast, þó að mér sé ljóst, að það bætir ekki hv. þdm. það upp, hve stuttan tíma d. hefur haft málið til meðferðar.

Til tiltölulega skamms tíma hefur sú skoðun verið ríkjandi bæði hér á landi og annars staðar að líta beri á ríkið sem hvert annað fyrirtæki, þannig að sama mælikvarða beri að leggja á það, hvort ríkisbúskapurinn sé rekinn með heilbrigðum hætti eins og ef um einkafyrirtæki væri að ræða. Tekjuöflun skyldi standa undir rekstursútgjöldum, en til fjárfestingar væri eðlilegt að taka lán innlend eða erlend. Mælikvarðinn á það, hvort fjárlagaafgreiðslan væri varleg eða ekki, var þá sá, hvort þau voru afgreidd án rekstrshalla eða tekjuhalla.

Á heimskreppuárunum eftir 1930 hefur sú skoðun hins vegar rutt sér til rúms, að hlutverk ríkisbúskaparins væri ekki eingöngu að veita borgurunum þá þjónustu, sem væri þess eðlis, að hið opinbera gæti betur látið hana í té en einkaaðilar, heldur bæri jafnframt að líta á ríkisbúskap og fjárlög, sem hagstjórnartæki, sem annars vegar væri beitt til þess að koma í veg fyrir óæskilegan samdrátt í atvinnulífinu og atvinnuleysi, en hins vegar að hamla gegn verðbólguþróun. Þessi skoðun, sem er í meira samræmi við nútímaviðhorf, fór fyrst að hafa áhrif á fjárlagaafgreiðslu hér á landi kringum 1950. Áður hafði það verið talið nægja, til þess að fjárlagaafgreiðsla væri með sómasamlegum hætti, að þau væru tekjuhallalaus, þannig að fjár til allrar fjárfestingar mætti afla með lánum. Þetta þýddi auðvitað, að á fjárl. var að jafnaði stórfelldur greiðsluhalli, og átti það sinn þátt í því öngþveiti í efnahagsmálum, sem hér varð á árinu 1947 og lýsti sér í gjaldeyrisskorti og vöruskorti og strangari höftum og skömmtun en áður hafði þekkzt. Síðan hefur jafnan verið lögð áherzla á það, að fjárlög væru afgreidd án greiðsluhalla, sem talið hefur verið, að tryggði það, að ríkisbúskapurinn hefði ekki verðbólguáhrif.

En þó að flestar eða allar þær ríkisstj., sem síðar hafa setið að völdum, hafi fylgt þeirri stefnu í fjármálum, hefur bókhald ríkisins ekki enn verið endurskipulagt með tilliti til þessa. Það mundi hins vegar gerast með samþykkt þessa frv. og endurskipulagningu ríkisbókhalds og ríkisreikninga í samræmi við það. Jafnframt mundi ríkisreikningurinn framvegis gefa miklu fyllri og gleggri upplýsingar um ríkisbúskapinn en áður hefur verið.

Af nýjungum, sem með samþykkt þessa frv. væru upptaknar, má nefna þessar helztar: Ríkisreikningurinn skal framvegis skiptast í tvo hluta, A- og B-hluta, samkv. 6. gr. frv., þar sem A-hluti nær yfir fjárreiður ríkissjóðs og ríkisstofnana en B-hluti yfir ríkisfyrirtæki og sjóði í ríkiseign, þ. á m. almannatryggingar. Þá eru í öðru lagi settar fastar reglur um það, hvenær reikningum ríkisins skuli lokað og hver frávik megi frá því leyfa í undantekningartilvikum, en áður var það raunverulega á valdi fjmrh. að bíða með lokun reikninga, þangað til þeir sýndu niðurstöðu, er hann taldi viðunandi, og gefur auga leið, að slíkt gat gert ríkisreikningana meira eða minna ósambærilega ára á milli. Þá er nú í þriðja lagi gefin ákveðin skilgreining á hugtakinu greiðslujöfnuður. Má að vísu um það deila, hvort nota skuli nákvæmlega þá skilgreiningu, sem l. gefa eða einhverja aðra, en að mínu áliti skiptir það ekki meginmáli, heldur hitt, að ákveðin skilgreining sé gefin í þessu efni, svo að ekki verði lengur um það deilt, hvað um er að ræða. Þá gerir frv. enn fremur ráð fyrir því, að framvegis verði gefin séryfirlit yfir ýmsa þætti ríkisreikninganna, sbr. 45. og 61. gr. frv., eftir hagrænu eðli þeirra, og gerir þetta upplýsingar ríkisreikningsins miklu nothæfari en áður hefur verið við gerð þjóðhagsreikninga og þjóðhagsáætlana.

Ég sé að öðru leyti ekki ástæðu til þess að fjölyrða meira um hið nýja skipulag, sem hér er gert ráð fyrir, að upp verði tekið. Vissulega tryggir það landinu út af fyrir sig ekki betri eða heilbrigðari fjármálastjórn en hið gamla fyrirkomulag gerði. Slíkt getur auðvitað engin nýskipan opinberrar reikningsfærslu gert, en hitt má fullyrða, að ríkisreikningurinn verður framvegis betri og fullkomnari skýrsla um ríkisbúskapinn en hingað til hefur verið.

Herra forseti. Samkv. þessu leggur fjhn. til, að frv. verði samþ. eins og það liggur fyrir.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Ég sé ástæðu til þess að þakka hv. fjhn. fyrir það, að hún skuli hafa afgreitt þetta mál, því að vissulega er það rétt, sem frsm. n. sagði, að það bar hér ekki að með eðlilegum hætti, og í rauninni má segja, að það væri lítt forsvaranlegt að ætlast til þess, að n. afgreiddi frá sér frv. á svo litlum tíma. Því miður hafði þetta mál legið lengi

fyrir fjhn. Nd., og það má kannske álykta sem svo, að það hafi verið íhugað vendilega og samróma álit þeirrar d. gefur þá til kynna, að það megi nokkuð á því byggja, að þar hafi öll atriði málsins verið íhuguð, en auðvitað má segja, að það fullnægi ekki þessari hv. d. Ég lagði á það áherzlu engu að síður að fá frv. afgreitt, þar sem það veltur á miklu að geta framkvæmt þetta með eðlilegum hætti. Það tekur sinn tíma, eins og ég sagði við framsögu málsins, að koma þessum hlutum í lag, og var því mjög mikilsvert, að hægt væri að fá málið afgreitt nú. Þykir mér því sérstök ástæða til þess að þakka hv. n. fyrir þann skilning, sem hún hefur sýnt á þessu.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2.—82. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og kaflafyrirsagnir samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 79. fundi í Ed., 3. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 701).

---

56. Fiskveiðasjóður Íslands.

Á 31. fundi í Sþ., 16. marz, var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um Fiskveiðasjóð Íslands [152. mál] (stjfrv., A. 325).

Á 57. fundi í Nd., 21. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Með frv. því, sem hér er lagt fram, frv. til l. um Framkvæmdasjóð Íslands, Efnahagsstofnun og Hagráð, er stefnt að því, eins og hæstv. forsrh. hefur þegar skýrt, að gera skipulag og starfsemi fjárfestingarlánasjóða einfaldari og hagkvæmari en verið hefur. Í frv. þessu er lagt til, að Fiskveiðasjóður Íslands og Stofnlánadeild sjávarútvegsins sameinist í nýjan sjóð, sem heiti Fiskveiðasjóður Íslands. Jafnframt sameinast skuldaskilasjóður útvegsmanna skv. lögum nr. 120 frá 1950 hinum nýja sjóði. Sjóðurinn verður, ef frv. þetta verður að lögum, undir sérstakri sameiginlegri stjórn Útvegsbanka Íslands, Landsbanka Íslands og Seðlabanka Íslands. Sjóðurinn verður í umsjá Utvegsbankans með aðskildum fjárhag og bókhaldi.

Eins og kunnugt er, hefur sjávarútvegurinn á undanförnum áratugum þarfnazt mikils fjármagns til uppbyggingar, að því er snertir byggingu veiðiskipa og byggingu fiskvinnslustöðva og iðjuvera. Sameining tveggja stærstu lánasjóða sjávarútvegsins, þ. e. Fiskveiðasjóðs Íslands og Stofnlánadeildar sjávarútvegsins, í einn öflugan sjóð hefur í för með sér, að auðveldara er að koma við hagkvæmari skiptingu ráðstöfunarfjárins milli hinna ýmsu greina sjávarútvegsins, en þarfir þeirra breytast frá ári til árs. Meira samræmi í útlánum ætti að nást og eftirlit með notkun lánsfjárins ætti einnig að verða virkara. Auk þess ætti sameiningin að hafa í för með sér sparnað í rekstri og fleira hagræði.

Með sameiningu Stofnlánadeildar sjávarútvegsins og Fiskveiðasjóðs munu stofnlánasjóðir sjávarútvegsins eflast, og mun það einkum leiða til aukinna lána til fiskiðnaðarins. Mál þetta á sér nokkurn aðdraganda. Hugmyndin um sameiningu þessara sjóða hefur lengi verið á döfinni. Árið 1961 var stigið spor í þessa átt með samstarfi því, sem upp var tekið milli Seðlabankans, Landsbankans og Útvegsbankans að lánamálum sjávarútvegsins, er lausaskuldum sjávarútvegsins var breytt í löng lán á vegum Stofnlánadeildarinnar.

Frá útvegsmönnum hafa oft komið fram óskir í þessa átt. Var hinn 22. apríl 1964 samþykkt á Alþ. þál. um athugun á sem hagkvæmastri skipan og um aukningu stofnlánasjóða sjávarútvegsins, en með þál. þessari var samþykkt að fela ríkisstj. að láta rannsaka möguleika á auknum stofnlánum til sjávarútvegsins til þess að tryggja eðlilega uppbyggingu og fjárfestingu í þessari mikilvægu framleiðslugrein landsmanna og jafnframt láta fram fara athugun á sem hagkvæmastri skipan með samræmdri eða sameinaðri starfsemi stofnana þeirra, er veita stofnlán til sjávarútvegsins.

Á vegum ríkisstj. hefur svo verið að þessu máli unnið. Frv. það, sem hér liggur fyrir, er niðurstaðan af því starfi. Frv. er í meginatriðum svipað að efni og lög og reglugerðir, sem fram að þessu hafa gilt um sjóðina. Fiskveiðasjóður Íslands var stofnaður með lögum frá 1905. Aðaltekjur hans hafa verið af útflutningsgjaldi sjávarafurða svo og framlag ríkissjóðs. Aðalhlutverk Fiskveiðasjóðs hefur verið að lána til nýbygginga fiskiskipa. Ef skip eru smíðuð erlendis, lánar hann ⅔ hluta af kostnaðarverði, en ¾ hluta af kostnaðarverði fiskiskipa, sem smíðuð eru innanlands. Útlán á vegum Fiskveiðasjóðs hafa undanfarin fjögur ár verið svo sem hér segir: Árið 1962 122.1 millj. kr., 1963 189.4 millj. kr., 1964 329.9 millj. kr. og 1965 224.7 millj. kr. Eignir sjóðsins voru taldar í árslok 1965 samtals rúmar 1192 millj. kr.

Fram til ársloka 1930 annaðist landsstjórnin, þ.e. atvmrn. sjóðinn, en Útvegsbanki Íslands hefur síðan haft með höndum stjórn sjóðsins og starfrækslu. Lögum um Fiskveiðasjóð hefur oft verið breytt. Gildandi heildarlög nú eru nr. 40/1955.

Eins og áður sagði, hafa lánveitingar Fiskveiðasjóðs fyrst og fremst verið til kaupa á nýjum fiskiskipum. Lánað er til þeirra eingöngu gegn 1. veðrétti og með lögum frá 1957 var hámarksstærð skipa, er sitja fyrir lánum, aukin í 300 rúmlestir. Fiskveiðasjóður veitir og lán til endurbóta og viðgerða á fiskiskipum svo og til véla- og tækjakaupa í þau. Þessi lán hafa verið veitt gegn 1. samhliða veðrétti í skipunum og numið um helmingi kostnaðar. Þá veitir Fiskveiðasjóður lán til fiskvinnslustöðva og annarra fasteigna í sjávarútvegi. Þessi lán sjóðsins nema hins vegar litlum hluta af heildarútlánum hans, enda hefur sjóðurinn jafnan átt fullt í fangi með að sinna lánsfjárþörf vegna uppbyggingar fiskiskipaflotans.

Þess skal getið, að lánstími lána Fiskveiðasjóðs er nú 15 ár til fiskiskipa, en 10—12 ár til fasteigna, 5—8 ár til vélakaupa og 3 ár til tækjakaupa. Vextir af lánum sjóðsins eru 6½% af lánum til skipakaupa og kaupa á tækjum og vélum, en 8% af fasteignalánum.

Stofnlánadeild sjávarútvegsins var stofnuð með l. nr.

41/1946 til að veita lán til nýsköpunar sjávarútvegsins. Má segja, að deildin hafi að mestu staðið undir nýsköpuninni í sjávarútvegi, er hófst á árinu 1946. Stóð deildin t. d. að mestu undir hinni miklu endurnýjun togaraflotans á þeim tíma. Segja má, að deildin hafi ekki fengizt við annað hlutverk fram til ársins 1961, er nýir lánaflokkar voru stofnaðir við deildina með lögum nr. 48/1961, en þá var stigið nýtt spor í sögu deildarinnar. Tilgangur laganna var að breyta lausaskuldum sjávarútvegsins við viðskiptabankana í hagstæð lán við Stofnlánadeildina. Fjár til þessara lánveitinga var aflað með því að stofna til skuldar við Seðlabankann, sem næmi hinum nýju stofnlánum. Ný lán úr deildinni voru veitt gegn veði í framleiðslutækjum, allt að 70% af matsverði, er miðaðist við endurkaupaverð eignanna að frádregnum eðlilegum afskriftum. Hámarkslánstími var 10—20 ár, eftir því hvort um var að ræða veð í vélum, skipum eða fasteignum og vextir 6½%. Lánveitingum í þessum lánaflokki lauk á árinu 1963, og námu lánin alls 376.6 millj. kr., en tala lánanna var 245. Með reglugerð frá 27. jan. 1965 var svo enn opnaður nýr lánaflokkur hjá Stofnlánadeildinni í þeim tilgangi að auka framleiðslu og framleiðni í fiskiðnaði og skyldri starfsemi. Var gerður um það samningur milli Seðlabankans, Landsbankans og Útvegsbankans, að fjármagn frá þessum bönkum, sem bundið er í útlánum deildarinnar frá 1961, yrði að verulegu leyti látið ganga til nýrra lána í hinum nýja lánaflokki, eftir því sem það fé losnaði. Gert er ráð fyrir, að í þessum lánaflokki verði hægt að veita 40—50 millj. kr. til nýrra lána árlega. Um s. l. áramót var búið að veita 29 lán, samtals um 59 millj. kr. Vextir hafa verið 8% á ári. Í þessum lánaflokki mega lán ásamt öðrum áhvílandi skuldum aldrei nema meiru en 60% af matsverði.

Þess skal getið, að Stofnlánadeildin lánaði upphaflega frá 1946 bæði til fiskiskipa og stöðva í landi. Frá 1961 hefur hún lánað bæði til skipa og landsstöðva, en hinn nýi lánaflokkur, sem er starfandi í útlánum samkvæmt áðurgreindri reglugerð, lánar eingöngu til fiskvinnslustöðva svo og að einhverju leyti til stöðva, sem veita sjávarútvegi þjónustu, t. d. skipasmíðastöðva, dráttarbrauta o.fl.

Eignir Stofnlánadeildar voru 31. des. 1965 rúmar 31 millj. kr. vegna eldri lána frá 1946, og rúmar 353 millj. kr. vegna nýrra lána.

Þá er rétt að geta þess, að Fiskveiðasjóður hefur annazt alla starfrækslu skuldaskilasjóðs vélbátaeigenda, sem stofnaður var 1935, og ennfremur rekstur skuldaskilasjóðs útvegsmanna frá árinu 1951 eftir að lánveitingu lauk. Skuldaskilasjóður útvegsmanna var settur á stofn með l. nr. 120/1950.

Lagafrv. það, sem hér er lagt fram, er að mestu sniðið eftir þeirri framkvæmd þessara mála, sem þegar hefur verið lýst hér að framan. Er hinum nýja Fiskveiðasjóði ætlað að taka við hlutverki áðurgreindra sjóða og stofnlána, og hlýtur sjóðurinn að mótast af því skipulagi, er þegar hefur myndazt í lánamálum sjávarútvegsins. Hlutverk sjóðsins er að vinna að þeim verkefnum, sem Fiskveiðasjóður og Stofnlánadeildin höfðu, þ.e. að efla framleiðslu og framleiðni í fiskveiðum og fiskiðnaði, bæði á sjó og í landi, með veitingu stofnlána, auk þess sem gert er ráð fyrir, að sjóðurinn veiti lán til þjónustustöðva sjávarútvegsins.

Þar sem Fiskveiðasjóður er stórum mun stærri og öflugri og eldri en Stofnlánadeildin og því með lengsta og haldbezta reynslu í starfi þessara sjóða, sem sameinaðir eru með þessu frv., er talið rétt að nefna hinn nýja sjóð Fiskveiðasjóð Íslands. Allar eignir og skuldbindingar hins eldra Fiskveiðasjóðs og Stofnlánadeildar og skuldaskilasjóðs útvegsmanna ganga til hins nýja sjóðs skv. frv. 1. jan. 1967.

Fjáröflunarleiðir hins nýja sjóðs verða hinar sömu og verið hafa. Lögin heimila, að allir lánaflokkar, bæði við Fiskveiðasjóð og Stofnlánadeildina, geti haldið áfram í núverandi mynd. Einnig er gert ráð fyrir stofnun nýrra lánaflokka við sjóðinn. Skulu reglur um þá settar í reglugerð, sem sjútvmrh. gefur út.

Skv. frv. tekur ríkissjóður á sig ábyrgð á öllum skuldbindingum, sem Fiskveiðasjóður tekst á hendur gagnvart innlendum aðilum. Sérstaka lagaheimild þarf hins vegar til að stofna til ríkisábyrgðar með gjaldeyrisláni Fiskveiðasjóðs við erlenda aðila. Ríkisábyrgð skal vera til tryggingar greiðslu allra lána og skuldbindinga, sem Fiskveiðasjóður tekur við frá fyrirrennurum sínum. Á þetta við, hvort sem ríkisábyrgð hefur verið fyrir hendi á slíkum lánum eða ekki.

Forstjóri sjóðsins verður ráðinn af stjórn hans og er hann ábyrgur gagnvart henni, en aðrir starfsmenn hins vegar ráðnir af Útvegsbankanum. Handbært fé Fiskveiðasjóðs skal geymt í Seðlabankanum með þeim undantekningum, sem frv. hefur að geyma. Lánshlutföll og trygging lána gegn veði í fiskiskipum eru óbreytt frá því, sem verið hefur í starfi Fiskveiðasjóðs. Reglur um lánshlutföll og tryggingu lána gegn veði í öðrum eignum en skipum verða þær sömu og gilt hafa við Stofnlánadeildina. Lánstímar verða að mestu óbreyttir frá því sem verið hefur við Fiskveiðasjóð og Stofnlánadeildina. Vaxtakjör verða einnig að mestu óbreytt.

Þess skal getið, að sjútvmrh. getur með reglugerð sett nánari ákvæði um starfsemi Fiskveiðasjóðs, svo sem kveðið er á um í frv.

Hér hefur nú lauslega verið gerð grein fyrir þeim helztu breytingum, er lagafrv. þetta felur í sér. Í stuttu máli má segja, að frv. feli í sér, að samræmd og sameinuð verði starfsemi þeirra stofnana, er veita sjávarútveginum stofnlán. Er með því vænzt, að komið verði á hagkvæmari skipan þessara lánsfjármála, sem stuðlað geti að heilbrigðri þróun þessa undirstöðuatvinnuvegs landsmanna. Með því að setja á stofn einn sjóð, sem eins og frv. gerir ráð fyrir á að sjá fyrir lánum til fiskiskipa og fasteigna í sjávarútvegi, ætti að nást betri yfirsýn og stjórn í þessum málum og þó einkum hagkvæmari skipting þess fjár, sem er til ráðstöfunar hverju sinni, með tilliti til breyttra þarfa á hverjum tíma.

Herra forseti. Ég sé svo ekki ástæðu til, nema frekara tilefni gefist að ræða frv. þetta nánar, en legg til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. sjútvn.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Með frv. þessu er gert ráð fyrir því að sameina Stofnlánadeild sjávarútvegsins og Fiskveiðasjóð Íslands í einum sjóði. Það

hefur alllengi verið rætt um það, að rétt væri að sameina þessa tvo stofnlánasjóði sjávarútvegsins, og ég er fyrir mitt leyti samþykkur því, að það sé gert. Því verður ekki neitað, að það er miklu eðlilegra, að aðalstofnlánasjóður sjávarútvegsins sé einn og fjalli þá um alla meginþætti, sem stofnlán sjávarútvegsins koma við, en að sú aðgreining sé ekki lengur, sem þarna hefur verið. En það hefði þó verið mikil þörf á því að mínum dómi um leið og þessir sjóðir eru sameinaðir í einum sjóði að gera ráð fyrir því að auka þá jafnframt nokkuð við tekjumöguleika þessa nýja sjóðs, ef hann á að geta sinnt með eðlilegum hætti stofnlánabeiðnum sjávarútvegsins yfirleitt. Það vita allir hv. alþm., að Fiskveiðasjóður hefur nú um langan tíma lánað að langmestu leyti sitt fé til kaupa á nýjum fiskiskipum eða til byggingar á nýjum fiskiskipum. Önnur stofnlánastarfsemi sjóðsins hefur verið tiltölulega lítil, enda hafði verið ráð fyrir því gert í lögum sjóðsins, að lán til uppbyggingar á fiskiskipaflotanum og það meira að segja til uppbyggingar á skipum undir ákveðinni stærð, undir 300 rúmlesta stærð, skyldu algerlega sitja fyrir um fé úr sjóðnum, og reynslan hefur líka orðið sú, að yfirgnæfandi meiri hluti af því fjármagni, sem sjóðurinn hefur ráðið yfir á hverjum tíma, hefur beinlínis gengið til þess að byggja upp fiskiskipaflotann.

Ég efast ekkert um það, að stjórnendum sjóðsins hefur verið það fyllilega ljóst á undanförnum árum, að það hefur verið brýn þörf á því, að sjóðurinn gæti sinnt ýmsum öðrum verkefnum í þágu sjávarútvegsins, en hann hefur ekki haft fé aflögu fram yfir þetta meginverkefni til þess að sinna slíkum þáttum nema þá að mjög litlu leyti.

Um langan tíma hafði Stofnlánadeild sjávarútvegsins í rauninni verið lokuð deild og ekki haft með höndum neina starfsemi, en svo tók deildin aftur upp nokkra starfsemi nú fyrir stuttu síðan, en hefur haft yfir að ráða mjög takmörkuðu fé og fer víðs fjarri, að hún hafi getað sinnt öllum þeim lánsbeiðnum, sem til hennar hafa borizt og hefði auðvitað verið mjög nauðsynlegt að sinna. En nú er sem sagt gert ráð fyrir því, að Stofnlánadeild sjávarútvegsins og Fiskveiðasjóður verði sameinuð í einum sjóði, og þeir sem þurfa því að leita eftir stofnlánum til sjávarútvegsins, jafnt til fiskiðnaðar sem til fiskiskipakaupa, eigi að beina lánbeiðnum sínum til þessa eina sjóðs án þess að gert sé ráð fyrir því, að tekjur hans aukist nokkuð frá því, sem verið hefur. Þetta tel ég mikinn galla, og ég tel, að það hefði í rauninni átt að vera sjálfsagt atriði, um leið og þetta skref var stigið að sameina þessa tvo stofnlánasjóði, að auka við fjármagn hins nýja sjóðs.

En sú breyt., sem felst í þessu frv., er miklu meira að formi til varðandi þetta atriði, að þessum tveim deildum er slengt saman í einn sjóð, sem þá auðvitað annast öll sömu verkefni og áður voru, og þá sjá menn, að í sambandi við það er ekki um neina verulega breyt. að ræða.

En meginbreytingin, sem felst í þessu frv. að mínum dómi, er fólgin í því, að nú er gert ráð fyrir nýrri yfirstjórn Fiskveiðasjóðs. Áður hefur það verið svo, að stjórn Fiskveiðasjóðs hefur verið skipuð bankastjórum Útvegsbankans, og sérstakur forstöðumaður hefur verið fyrir Fiskveiðasjóð nú um margra ára skeið, og fer ekkert á milli mála, að sá forstöðumaður hefur markað stefnu sjóðsins og störf í öllum meginatriðum. En nú er hins vegar gert ráð fyrir því, að stjórnin verði skipuð fyrir þennan nýja Fiskveiðasjóð með allt öðrum hætti. Nú er gert ráð fyrir því, að Seðlabankinn tilnefni einn af fimm stjórnarnefndarmönnum, Landsbanki Íslands tvo og Útvegsbanki Íslands tvo. Og síðan er gert ráð fyrir því, að viðskiptamenn þessa nýja sjóðs geti einnig rekið mál sín eða lagt fram lánbeiðni sína til viðskiptabankanna, ef viðskiptabankarnir eru þeirra viðskiptabankar, og að stjórnarnefndarmenn geti þá flutt hinar einstöku lánbeiðnir inn á stjórnarfundi skv. þessum viðtölum við hina einstöku lánbeiðendur og þannig sýnist mér, að það sé að því stefnt, að sá maður, sem á hverjum tíma verður valinn forstöðumaður hins nýja sjóðs, verði miklu fremur afgreiðslumaður og almennur starfsmaður heldur en slíkur framkvæmdastjóri, sem hann hefur verið í Fiskveiðasjóði nú um langan tíma.

Ég tel, að þessi breyt. sé ekki til bóta. Við höfum haft nokkra reynslu af hliðstæðu fyrirkomulagi í sambandi við nýju Stofnlánadeildina eftir að hún var endurvakin, en þá var svo ákveðið, að einmitt aðilar frá sömu bönkum og hér er gert ráð fyrir að eigi að skipa stjórn Fiskveiðasjóðs, áttu að skipa menn í raunverulega framkvæmdastjórn fyrir Stofnlánadeildina eða þá stofnlánadeild, sem hefur starfað nú síðustu árin. Ég held, að enginn vafi sé á því, að reynslan af þessu er ekki góð. Ég tel það mjög óheppilegt, að þeir aðilar, sem þurfa að sækja um stofnlán úr Stofnlánasjóði sjávarútvegsins, flytji mál sín ýmist fyrir bankastjórum í Landsbankanum eða þá fyrir bankastjórum í Útvegsbankanum eða jafnvel bankastjóra Seðlabankans, og að síðan eigi þessir fulltrúar bankanna í stjórn hins nýja Fiskveiðasjóðs að afgreiða þessar lánbeiðnir. Ég óttast það, að þá verði færð inn í Fiskveiðasjóð — sem ég tel, að hann hafi verið að mestu leyti laus við til þessa — allt of mikil sérsjónarmið viðskiptabankanna gagnvart hinum einstöku lánbeiðendum, því það fer vitanlega ekkert á milli mála, að það stendur æðioft þannig á í viðskiptabönkunum, að hinir einstöku viðskiptamenn þeirra vilja gjarnan fá stofnlán, og það kæmi sér á margan hátt vel fyrir þeirra almenna rekstur, að þeir gætu fengið stofnlán, en ég álít, að engin slík sjónarmið eigi að koma til greina, þegar valið er á milli aðila um það, hvort þeir eigi að fá stofnlán eða ekki, hvernig ástatt kann að vera fyrir þeim í sambandi við rekstrarreikninga þeirra á hverjum tíma í viðskiptabönkum.

Það er enginn vafi á því, að þær reglur hafa gilt hjá Fiskveiðasjóði Íslands nú um margra ára skeið, að þeir aðilar, sem uppfyllt hafa tiltekin skilyrði, hafa í rauninni allir átt jafnan rétt til þess að geta fengið stofnlán úr Fiskveiðasjóði. Það hefur ekki verið spurt um það, hvort viðkomandi aðili væri viðskiptamaður Landsbankans eða Útvegsbankans eða hvernig viðskiptabankarnir út af fyrir sig litu á viðkomandi aðila eða viðkomandi fyrirtæki, sem í sumum tilfellum var kannske verið að mynda, og ég held, að þessi sjónarmið, sem gjarnan koma upp og er kannske ekki óeðlilegt að komi upp frá viðskiptabönkunum, eigi ekki pláss inni í þessum stofnlánasjóði.

Því er það eins og ég sagði hér í sambandi við umr. um fyrra dagskrármálið í dag, að ég held, að það sé

mikil þörf á því að greina alveg skýrt á milli verkefna stofnlánasjóða og rekstrarbanka og svo aftur í þriðja lagi á milli verkefna þessara aðila og Seðlabanka, enhér er stefnt inn á þá braut, sem ég álít, að sé röng. Hér er stefnt inn á þá braut að hringla þessu öllu saman. Fulltrúi Seðlabankans er hér settur inn í stofnlánasjóð, sem á að hafa almenn viðskipti við fjölda marga aðila. Þetta er ekki verkefni Seðlabankans. Og fulltrúar viðskiptabankanna eru settir hér í stjórn stofnlánasjóðs, sem ég álít, að sé í mjög mörgum tilfellum óheppilegt. Allt annað mál er, hvort viðskiptabankar vilja hafa eitthvert gagnkvæmt samstarf við Stofnlánadeild eða stofnlánasjóð um sín almennu sjónarmið en að bankastjórar viðskiptabankanna gæti verið beint með fingurna í lánum til einstakra aðila inni í stofnlánasjóðunum, það tel ég ekki heppilegt.

Ég held það hefði farið langbezt á því, að hinn nýi sameinaði Fiskveiðasjóður, sem hefði þá yfirtekið Stofnlánadeild sjávarútvegsins, hefði fengið sína sérstöku yfirstjórn alveg óháða viðskiptabönkunum. Ég hafði áður sett það fram sem mína skoðun hér, að ég teldi það frekar galla á skipulagi hins gamla Fiskveiðasjóðs, að bankastjórar Útvegsbankans skyldu vera þar í stjórn, en ég játa, að vegna þeirrar sérstöðu, sem forstöðumaður sjóðsins var búinn að fá, og óumdeilanlegrar viðurkenningar, sem hann naut hjá bankastjórum Útvegsbankans, þá fór það ekkert á milli mála, að það var forstöðumaður sjóðsins, sem fyrst og fremst réð þar framkvæmdum mála.

Ég hefði því óskað eftir því í þessu tilfelli, að hér hefði verið sérstaklega kosin stjórn fyrir þennan nýja Fiskveiðasjóð annaðhvort af Alþingi eða þá af samtökum ýmissa þeirra aðila, sem hér eiga mjög hlut að máli, og þar tel ég bæði samtök útvegsmanna og sjómanna koma til greina.

Ef þessari stefnu á að halda áfram, býst ég við því, að næsta skref verði það, að lagt verði til, að Stofnlánadeild landbúnaðarins eigi að taka við sem stjórnarfulltrúum hjá sér mönnum frá Landsbankanum, vegna þess að það er vitað mál, að Landsbankinn lánar mjög mikið til landbúnaðarins. Og þannig má búast við því, að bæði Landsbankinn og Útvegsbankinn færu að reyna að koma því inn, að þeir ættu sérstaka fulltrúa í Stofnlánadeild iðnaðarins, af því að það er sannað mál skv. reikningum þessara banka, að þeir lána jafnvel mun meira fé til iðnaðarins heldur en Iðnaðarbankinn getur gert.

Ég er á móti þessari stefnu, ég tel hér vera farið inn á ranga braut. En að öðru leyti er ég samþykkur því að sameina Fiskveiðasjóð og Stofnlánadeildina, en tel, að það hefði þó þurft að gera með þeim hætti að auka talsvert við tekjur Fiskveiðasjóðs, svo mikið verkefni sem hann á að hafa.

Það er nú komið hér alllangt fram yfir fundartíma, og ég veit, að það er ekki hægt að halda þessum fundi lengur áfram nú. Ég mun því láta máli mínu lokið, en vildi að þetta kæmi fram hér við 1. umr. málsins, en frekar mun ég gera grein fyrir minni afstöðu til þessa frv., þegar það kemur úr nefnd. — [Fundarhlé.]

Björn Pálsson: Herra forseti. Ríkisstj. hefur lagt hér fyrir þingið frv. til l. um Fiskveiðasjóð Íslands. Ég hef ekki orðið var við neinar óánægjuraddir meðal útvegsmanna eða þeirra, sem fiskvinnslustöðvar reka, með lög Fiskveiðasjóðsins að því undanskildu, að það komu oft fram óskir um það, að vextir væru lækkaðir. En það fékkst ekki fram. Vera má, að því hafi verið hreyft að sameina Stofnlánadeildina og Fiskveiðasjóðinn, en ég hef ekki verið á þeim fundum. En háværar hafa þær raddir ekki verið. Það er ekki þar fyrir, að ég veit það, að þeir, sem fást við fiskvinnslu og fisköflun, eru fegnir að flytja sig úr Seðlabankanum og jafnvel Landsbankanum og yfir í Fiskveiðasjóðinn, þannig að ég býst við, að það skapi frekar ánægju meðal útvegsmanna heldur en hitt, því að okkur hefur yfirleitt líkað vel við Fiskveiðasjóðinn. Elías Halldórsson hefur skilið erfiðleika útvegsins, og þó að hann sé dálítið erfiður, þegar á að hefja lán, er hann raungóður ef erfiðleikar koma fyrir og skilur það, að dráttur getur orðið á greiðslum, jafnvel þó að vilji sé fyrir hendi að inna þær af höndum. En hvað sem því líður, hvort sem þetta hefur verið gert eftir eindregnum óskum eða alls engum óskum hjá útvegsmönnum að breyta hér mörgum ákvæðum viðvíkjandi Fiskveiðasjóði, er það ekki aðalatriðið úr því, sem komið er, heldur þau lög, sem hér liggja fyrir. Ég sá ástæðu til að biðja um orðið hér við 1. umr. til að benda á nokkur atriði, sem ég taldi, að hagkvæmara væri að haga á annan hátt. Hæstv. sjútvmrh. sagði, að tilgangur l. væri að gera hlutina einfaldari og hagkvæmari en verið hefði. Ég satt að segja er ekki sannfærður um, að þeir verði einfaldari og hagkvæmari með þessum l. heldur en þeim l., sem áður voru.

Í stjórn bankans eða stjórn Fiskveiðasjóðsins, — ég á ef til vill ekki að kalla það banka, en væri fullkomin ástæða að hafa það sjálfstæðan banka ekki síður en aðra banka, því að hann hefur meira hlutverki að gegna en ýmsar aðrar stofnanir í þessu landi, — eiga þrír bankar að velja fulltrúa. Það er ekki tekið fram, hverjir eiga að gera það í þessum bönkum, hvort það eiga að vera bankastjórarnir eða bankaráðið. En ég held, að það væri gleggra að hafa það ákveðið. Annars virðist mér það hjákátlegt, að þrír bankar séu að kjósa stjórn fyrir stofnun, sem er sjálfstæð, byggð upp af ríkissjóðnum og útvegsmönnum sjálfum, fyrst og fremst af útvegsmönnunum, þá eiga þrír bankar að kjósa stjórnina. Ég held, að Elías Halldórsson hafi ráðið hlutunum þarna og ég held, að það hefði ekki verið til bóta, að fleiri hefðu blandað sér mikið í það. En svo á þessi maður að fara að eiga húsbændur frá þremur stofnunum. Þetta er vitanlega til að gera aðstöðu hans alla veikari og lakari og þar að auki er það skv. ákvæði í 8. gr. þessara l. í verkahring þessara fulltrúa, sem bankarnir eiga að kjósa, að taka ákvarðanir um útlán sjóðsins og lánskjör. Mér skilst, að samkv. því eigi forstjórinn, hvort sem það er Elías Halldórsson eða ekki, ekki að hafa vald til að ráða þessu, heldur eigi þessir fulltrúar að gera það, þannig að eftir því eigi hann að vera þarna bara skrifstofumaður. Ég skal ekki segja, hvernig þetta verður framkvæmt, það getur enginn maður sagt, það fer eftir því, hvernig liggur á þessum fulltrúum, sem eru valdir af þessum þremur bönkum, hvað þeir eru ráðríkir og hvað þeir eru afskiptasamir. En það má nærri

geta, hvort það gerir aðstöðu þessa forstjóra sterkari, ef hann þarf að eiga fulltrúa frá þremur bönkum fyrir húsbændur. Ég sé ekki, að það geri hlutina einfaldari eða hagkvæmari í rekstri, ef þarna er nokkurs konar þríhöfða kerfi. Það hefur nú yfirleitt ekki gengið betur að stjórna með þremur höfðum en einu, ef það eina er bara í lagi. Hann þarf að sækja öll fyrirmæli til þessara þriggja banka. Ég veit ekki, hvort einhver þeirra á að hafa neitunarvald, en sennilega á meiri hl. að ráða. En það er nú þannig, er menn hlífast við að bera einn ofurliði, þannig að einn bankinn, ef honum þóknaðist svo, gæti krafizt þess með hnefann í borðið, að einhver aðili fengi fyrirgreiðslu. Ég sé ekki, að þetta sé að gera hlutina einfaldari eða hagkvæmari. Ég fyrir mitt leyti vildi miklu heldur hafa það eins og það er, að maður fengi að tala við einn mann og hann réði hlutunum, jafnvel þó ég geri ekki ráð fyrir, að þeir fái neinn, sem er alfullkominn. Það er eins og hv. 5. þm. Austf. benti á hér áðan, þetta er ekki hliðstætt hjá öðrum stofnunum, t. d. hjá Bústofnslánadeild landbúnaðarins. Verður þá ekki næsta skrefið eins og hv. 5. þm. Austf. sagði, að það verði farið að breyta þessu í öðrum greinum. Er ekki alveg eins mikil ástæða til þess í landbúnaði, iðnaði og verzlun, að þar yrði öllum þessum fyrirtækjum stjórnað þannig af bankastjórum eða bankaráðum — það þyrfti nú raunar að vita, hvort heldur væri, svo þetta lenti ekki í einum graut, hver ætti nú að kjósa þessa blessaða fulltrúa — frá öllum þessum bönkum. Annars held ég að fólki sé farið að ofbjóða þetta bankavald. Það má varla hundur pissa upp við vegg nú orðið án þess að Seðlabankinn fari eitthvað að vasast í því og skipta sér af því, alls staðar þarf hann að hafa fingurna og öllu þarf hann að stjórna. Ég sé ekki að þetta sé til að gera hlutina einfaldari eða hagkvæmari. Svo er gengið algerlega fram hjá útvegsmönnum. Ég hef heyrt ávæning af því, að L. Í. Ú. hafi alls ekki verið sent þetta frv. til umsagnar. Ég veit ekki, hvort Elías Halldórsson hefur nokkru fengið að ráða um þetta. Ég held, að fyrirkomulagið sé gott eins og það var, að framkvæmdastjórinn fái að ráða miklu og svo bankastjórar Útvegsbankans, það sé einfalt. Það er algerlega gengið fram hjá útvegsmönnum. Ætli væri ekki nær að lofa þeim að hafa einn fulltrúa í þessari stjórn heldur en að hafa fulltrúana úr þremur bönkum? Ætli væri ekki eins gott að þeir hefðu einn, eins og Landsbankinn tvo? Ég held, að ekki sé hægt að ganga fram hjá því, að útvegsmenn eru árlega reyttir um tugi milljóna inn í þessa stofnun og eiga svo engu að ráða, en vera algerlega ofurseldir duttlungum annarra. Fyrir utan það, að þetta er ekkert hliðstætt því sem er með aðrar stofnanir, og það má vera, að það sé meining ríkisstj. að fara að hafa þetta svona með allar stofnanir eða allar atvinnugreinar, að setja þær undir stjórn þriggja banka. En það er ekkert meiri ástæða til þess með sjávarútveginn heldur en aðra atvinnuvegi að taka, eins og virðist eiga að gera samkv. þessum lögum, alveg völdin af framkvæmdastjóranum. Mér skilst þessir fulltrúar bankanna eigi að veita lánin, eða a. m. k. að samþykkja þau.

Þá er í 15. gr. talað um vaxtakjörin og orðað þannig: „Vaxtakjörin skulu ákveðin af stjórn Fiskveiðasjóðs að höfðu samráði við sjútvmrh. og Seðlabankann.“ Þarna er aftur komið þríhausakerfið. Sjútvmrh. og Seðlabankinn og fulltrúarnir þeir eiga að ákveða vaxtakjörin. Nú held ég, að það sé þannig með Stofnlánad. landbúnaðarins, að ákveðnir séu í l. 6½% vextir, og það hefur verið í Fiskveiðasjóðnum líka. Því á ekki að ákveða vextina í l., eins og verið hefur og er hjá hliðstæðri stofnun eins og Stofnlánadeild landbúnaðarins, og skilja útvegsmenn og fiskvinnslustöðvarnar algerlega eftir í öryggisleysi. Nú er það þannig með þessa blessaða víxlavexti, að þeir voru hækkaðir um 1% við síðustu áramót, og mér varð hugsað, að það væri af því að þeir hefðu lítið að gera, þessir herrar í Seðlabankanum, en ekki af því, að þetta hefði mikil áhrif. Dettur eiginlega nokkrum manni í hug, að það hafi dregið úr beiðni um lánsfé við þessa 1% hækkun? Næst áður lækkuðu þeir, þá um 1%. Þetta er bara til að hafa eitthvað að gera, því vitanlega er verðbólgan ör, 1% hefur hreint ekkert að segja til eða frá. Ef á að reyna að koma á einhverri stöðvun með það, að menn séu alltaf að biðja um lán og festa peninga sína í öllu mögulegu, þá verður vitanlega að stöðva verðbólguna, en 1% til eða frá á vöxtunum, það hefur ekkert að segja. Það er bara til að hlæja að því. Við vitum allir, hvað íbúðirnar hafa hækkað ört síðustu tvö árin. Hvað ætli 1% ársvextir hefðu að segja viðvíkjandi því? Þarna eru útgerðarmenn skildir eftir í algeru öryggisleysi. Raunar er sagt: „enda séu vextirnir ekki hærri en Seðlabankinn ákveður vexti hæsta af sambærilegum skuldum.“ Hvaða skuldir eru sambærilegar? Í raun og veru, ef á að taka lán til sjávarútvegsins, þá eru engar skuldir sambærilegar, því að þetta eru miklu áhættumeiri lán. Það er ekkert líkt með Stofnlánadeild landbúnaðarins, hvað það er meira öryggi, sem kemur fram í því, að það eru miklu betri skil á þeim skuldum, heldur en hjá sjávarútveginum. Vitanlega græða sumir, en ef afli bregzt, þá er hætta á, að menn geti ekki staðið í skilum, þannig að þetta eru áhættusömustu lánin. Ég er ekkert að segja, að þetta verði misnotað, en þarna er um algert öryggisleysi að ræða.

En svo kemur rúsínan í pylsuendanum, það að dráttarvextir skulu vera ½% á hálfum mánuði. Það eina, sem er ákveðið, eru dráttarvextirnir og í viðbót skal vera ½% fyrir hvern byrjaðan hálfan mánuð, sem greiðsla dregst, takið þið nú eftir, þannig að ef við skuldum 1 millj. í 32 daga, verðum við að gera svo vel að greiða af henni vexti í 1½ mánuð og við skulum taka vexti af 1 millj. t.d., sem er fallin í gjalddaga, ekki stór upphæð í Fiskveiðasjóði. Þá eru mánaðarvextir reiknaðir með, 12%, dráttarvextir eru 10 þús., og ef greiðsla hefur dregizt í 1 dag eða 2, þá er bundið í l., að það á að greiða hálfan mánuð í viðbót, þá verða það 17-18%. Það er farið að nálgast það, sem Sigurður sálugi Berndsen lánaði mönnum fyrir, þegar þeir voru í vandræðum, og þetta á nú að leika við þá menn, sem þjóðin lifir á. Því við vitum það öll, að fjármagn þjóðarinnar er komið frá útveginum. Það þýðir ekkert að vera að blekkja sig á því, að erlendi gjaldeyririnn er þaðan kominn, og allt það peningaflóð, sem nú er í landinu, er þaðan komið, þó að því sé dreift á meðal fólksins. Ég held, að þetta sé ámóta gáfulegt og ef fjósameistari væri óánægður við kú, það væri of lítið í henni, hún hefði verið á slæmu haglendi, og hann ætlaði að auka nytina með því að

reka oddhvassan nagla í lærið á henni. Þetta er ekkert annað en að pína þessa menn, sem eiga erfiða aðstöðu og geta ekki greitt okurvexti — hreina okurvexti, sem geta nálgast, eins og ég bendi á, ef það aðeins losar mánuð, 18%. Ég veit ekki, hvers vegna þetta er tekið fram við þessa stofnun, hvort það er af því, að ég kom hér með þáltill. um að lækka þessa vexti. Við höfum ástæðu til að ætla, að þeir þarna í Seðlabankanum hafi átt mestan þátt í þessu frv. og verið svona minnugir á dráttarvextina einmitt vegna þess, og ég er nú sannfærður um, að þó að þeir hafi gengið ríkt eftir dráttarvöxtum í Fiskveiðasjóði þá hafa þeir ekki tekið einn dag, hafi hann verið fram yfir mánuð, til þess að láta menn borga vexti í 1 ½ mánuð, jafnvel þó að ég viðurkenni, að þeir hafi gengið vel eftir dráttarvöxtum, en það hafa þeir sagt mér að væri af því, að þeir væru bundnir af lögum. En þarna eru það lögbrot — það eru hrein lögbrot — ef ekki eru reiknaðir þarna ½% dráttarvextir fyrir hvern byrjaðan ½ mánuð, sem greiðsla dregst, af allri upphæðinni, sem er fallin í gjalddaga. Ég held það væri nær að lækka þessa okurvexti. Ég kom með þessa þáltill., af því að þessir vextir hafa ekkert verið lækkaðir síðan 1960. Þó að að allir aðrir vextir hafi verið lækkaðir, þá hafa ekkert verið lækkaðir vextir hvorki í Stofnlánadeild landbúnaðarins eða hjá sjávarútveginum. Gengið var fellt 1960 og krónan minnkuð og minnkuð, og þá voru hækkaðir vextir. Skriðan hélt áfram, og það hefur allt komið fram, sem ég sagði þá. Skriðan er ekki stöðvuð og vafasamt að hún verði stöðvuð fyrr en krónan er orðin sáralítils virði. En í stað þess að hafa vextina lægri og fella gengið minna og hækka vörurnar minna til bændanna, þá hefur allt saman flogið upp og stökkin aldrei verið stærri en 2 síðustu árin á landbúnaðarafurðunum, þannig að þær eru komnar alveg í blindgötu. Það er farið að stangast á þannig, að núna vantar 70-100 millj., eftir því sem form. Stéttarsambandsins skýrir frá, til þess að bændur geti fengið þetta verð, af því að bremsan verkar hvað snertir útflutningsuppbæturnar. Það er nefnilega ekki allt fengið með því að fjölga krónunum, sem menn fá fyrir hvert kíló af kjöti. Það er ýmislegt fleira, sem kemur til greina, og þ. á m. afsetningsmöguleikar. Hér er bara um hreina vitleysu að ræða, hvort hún verður framkvæmd eða ekki get ég ekki sagt um. En í stað þess að fara að binda þetta í l. og jafnvel að hækka vextina frá því, sem þeir hafa verið, þá á vitanlega að lækka þá, ef eitthvert vit er í þessu. Því að það eru fiskibátarnir fyrst og fremst, sem dregst að borga af. Stærri síldarbátarnir hafa margir getað borgað á réttum tíma, en það eru fiskibátarnir, sem skapa atvinnu hjá sjávarþorpunum, sem fyrst og fremst eiga í örðugleikum með að standa í skilum við Fiskveiðasjóðinn og þá á að refsa þeim með okurvöxtum. Þetta eru heimskulegar aðfarir, vildi ég segja. Það er enginn að tala um það, að menn eigi ekki að borga, ef þeir geta borgað, og ég álít, að útvegsmenn og þeir, sem hafa verið að stunda verkun sjávarafurða, hafi verið ógætnir með það, að ef þeir hafa haft fjárráð, þá hafa þeir alltaf fest meira og meira, en það eru ekki þessir menn, sem standa ekki í skilum, heldur hinir, sem eru að basla við að gera út fiskibátana og verka fiskinn, það eru þeir, sem eiga örðugast, og þeir þurfa helzt hjálpar við. Og þá á að pína þá með dráttarvöxtum, þannig að þeir gefist alveg upp, menn verða vonlausir, og það er það heimskulegasta að leggja þær byrðar á menn, að þeir gefist upp, því að meðan menn hafa kjarkinn, þá eru aldrei allar leiðir lokaðar.

Þá er í 18. gr. dálítið, liður, sem á að gera hlutina einfaldari og hagkvæmari í rekstri og það er það, „að stjórn Fiskveiðasjóðs skal skipa sérstaka matsnefnd til þess að meta þær eignir, sem í ráði er að veðsetja Fiskveiðasjóði. Skal n. skipuð þremur mönnum, einum tilnefndum af Seðlabankanum, einum af Landsbankanum og einum af Útvegsbankanum. N. kýs sér formann."

Svo er því nú ekki gleymt síðar í gr. „að lánbeiðandi greiði sjálfur matskostnað". Ég held, að þetta sé nú ekki til að gera hlutina einfaldari og ódýrari og hagkvæmari. Þeir hafa víst orðið nóg að borga, þessir lánbeiðendur, þó að þeir fari ekki að kosta heila hópa af mönnum til þess að meta þetta. Það hefur nú verið þannig, að Fiskveiðasjóður hefur sjálfur séð um þetta og ég veit ekki til, að það hafi neitt farið í handaskolum með þetta mat, þannig að ég held, að það væri alveg óhætt að fela framkvæmdastjóranum að láta fara fram mat, en þyrfti ekki endilega að taka það fram, að það yrði einn maður úr hverjum banka, því þessir blessaðir bankar eiga ekkert í þessum sjóði og hafa þess vegna engra hagsmuna að gæta þar. Þeir eru bara þarna að sletta sér inn í hluti, sem þeim koma ekkert við, og ég veit ekki til, að það hafi orðið mikil mistök á þessum mötum, ég veit ekki til, að mönnum hafi verið borið það á brýn.

Í 21. gr. eru ýmis ákvæði um það, að heimilt sé að segja upp lánum, þegar greiðslur af lánum eru ekki inntar af hendi á réttum gjalddaga. Þetta er víst í flestöllum lánskjörum og vitanlega er þetta heimilt, en þetta er bara ekki framkvæmt hjá lánastofnunum og allra síst í sjávarútvegi, því að satt að segja hefði Fiskveiðasjóður ekkert að gera með alla þá báta (setja þá á uppboð), sem dregst eitthvað að borga af, og mér finnst satt að segja óþarfi að vera að hafa ákvæði, sem vitað er að hvorki er framfylgt eða er vit í að framfylgja. Hitt er annað mál, að lánastofnun hefur eðlilega rétt til að krefjast þeirrar upphæðar, sem fallin er í gjalddaga, og hefur rétt til að ganga að veðinu í því tilfelli, þannig að þetta atriði skiptir ekki mjög miklu máli, en virðist þó vera nokkuð hart.

Þá er d-liður: „sé hin veðsetta eign flutt úr þeim stað, þar sem hún var starfrækt, er lán var veitt, þá er lánið uppsegjanlegt". Mér finnst þessi liður óþarfur, því að samkv. þessu getur sjóðsstjórnin eða þetta fulltrúaráð, kosið af 3 bönkum, algjörlega hindrað það, að skip séu seld með því að ganga að láninu. Þannig, að hvað sem a-liðnum líður, sé ég ekki, að d-liðurinn sé til annars en að skapa ófrelsi. Þetta eru nokkurs konar áttahagafjötrar. Það er ekki hægt að selja skip nema með leyfi stofnunarinnar. Ég er ekkert að segja, að það verði misnotað, en það getur verið misnotað og það er ástæðulaust þess vegna að hafa það.

Þetta eru nú helztu punktarnir, sem ég vildi vekja athygli á. Annars held ég satt að segja, að útvegsmenn harmi það ekkert, þó að þetta frv. verði ekki samþ., en

vitanlega má laga þessa liði, þannig að þeir komi ekki að sök, og ég vænti þess, að n. taki þessi atriði, sem ég benti hérna á, til athugunar. Geri hún það ekki, mun ég koma með brtt. við 2. umr. við sum atriðin a. m. k. og dugi það ekki, mun ég skrifa fáeinar línur, því að þó að þið trúið mér kannske ekki, þá munu útvegsmenn gera það, og satt að segja held ég, að ríkisstj. ætti ekki að vera að espa þá á móti sér með þessum fáránlegu dráttarvöxtum, þó að ekki sé annað, eða ganga algerlega fram hjá þeim með stjórn Fiskveiðasjóðsins, því að henni veitir ekkert af fylgi þeirra.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Mitt mál verður mjög stutt, enda hér um 1. umr. að ræða. Það er vafalaust hárrétt, sem hæstv. sjútvmrh. sagði í dag, að í þessu langa frv. eru aðallega tvær breyt., sameining Stofnlánadeildar og Fiskveiðasjóðs og svo breyt. á stjórn sjóðsins. Ég hef hins vegar ekki haft aðstöðu til, síðan frv. kom fram, að bera það gr. fyrir gr. saman við gildandi l. um Fiskveiðasjóð, en geri ráð fyrir, að þetta sé rétt, að það séu ekki margar aðrar breyt. í þessu frv.

Aðalbreyt. er þá sem sagt sú, að í stað þess að Útvegsbankinn hefur haft með stjórn Fiskveiðasjóðsins að gera að undanförnu, á nú að setja stjórn hans undir Seðlabankann, Landsbanka Íslands og Útvegsbankann. Við deildum um það í dag, sérstaklega við hæstv. forsrh., hvort hér væri um það að ræða að færa hluta af verkefni viðskiptabankanna aftur yfir til Seðlabankans, og hæstv. forsrh. taldi það ekki vera gert með frv., sem þá var til umr. En það fer þó ekkert á milli mála, að hér er að því stefnt með þessu frv. að færa nokkuð af verkefni viðskiptabanka, hrein viðskiptabankaverkefni, undir stjórn Seðlabankans að hluta til og ég endurtek það, sem ég sagði í dag, að ég er andvígur breytingum í þá átt og tel þar vera rangt stefnt. Og það liggur í augum uppi, að það er rangt stefnt, ef það hefur verið rétt stefna á sínum tíma að setja Seðlabankanum sérstök l. og aðskilja hann og starfsemi hans frá Þjóðbankanum sem viðskiptabanka.

Hv. síðasti ræðumaður fullyrti, að þessi breyt. væri ekki gerð að óskum og ráðum útvegsmanna, og ég hygg, að þetta sé rétt hjá honum. En ef hann fer þarna með rangt mál, þá leiðréttir hæstv. sjútvmh. það sjálfsagt og skýrir frá því, hvaða óskir hafi komið frá útvegsmönnum um það að breyta stjórn Fiskveiðasjóðs í þá átt, sem hér er lagt til, en ég á ekki von á því, að hæstv. ráðh. leiðrétti þetta.

Hins vegar var meginerindi mitt hér í ræðustól að þessu sinni að spyrja um það, sem raunar ætti nú ekki að þurfa að spyrja um. Það hlýtur að vera þannig, að einhverjir hafi óskað breyt. eða talið þörf á breyt. á gildandi l. um Fiskveiðasjóðinn. Ef ekki útvegsmenn, þá eru kannske óskirnar komnar frá núv. stjórn Fiskveiðasjóðs og Útvegsbanka Íslands. Ég tel það svo sjálfsagt, að þetta hljóti að vera gert að óskum þeirra aðila. Ef ekki er vegna umkvartana frá þeim, sem njóta eiga lána úr Fiskveiðasjóði, um að sjóðnum hafi verið illa stjórnað, þá gæti vel hugazt, að stjórnendur sjóðsins, stjórn Fiskveiðasjóðs og bankaráð Útvegsbanka Íslands hafi borið fram við hæstv. ríkisstj. rökstuddar óskir um það að breyta lögunum og þá sérstaklega að breyta stjórn hans á þann veg, að þar yrðu húsbændur Seðlabanki Íslands og Landsbankinn auk Útvegsbanka Íslands.

Ég tel sjálfsagt, að þetta frv. hljóti að vera fram borið í nánu samráði við núv. stjórnendur Fiskveiðasjóðs og Útvegsbanka Íslands. En ég vil a. m. k. fá að vita um það, hvort svo sé ekki, og þess vegna spyr ég hæstv. sjútvmrh., af því að ég heyrði það ekki koma fram í hans ræðu í dag, hvaða nauðsyn hefði rekið hæstv. ríkisstj. til að bera þetta frv. fram. Þá spyr ég hæstv. ráðh.: Er þessi breyt., sem í frv. felst, gerð í fullu samráði við núv. stjórn Fiskveiðasjóðs og bankaráð Útvegsbanka Íslands?

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Hér liggur nú fyrir hv. d. til 1. umr. frv. til nýrra l. um Fiskveiðasjóð Íslands flutt af hæstv. ríkisstj. og hefur verið rætt nokkuð hér í dag.

Ekkert er þess getið í grg. frv., svo ég hafi veitt því athygli, að lögin um Fiskveiðasjóð hafi verið endurskoðuð, þó að það hafi að sjálfsögðu verið, eða hverjir þá hafi framkvæmt þá endurskoðun, sem liggur til grundvallar þessu frv.

Hæstv. ráðh. gat þess í framsöguræðu sinni, að Fiskveiðasjóður Íslands hefði verið stofnaður árið 1905, þ. e.a. s. væri nú rúmlega 60 ára gamall. Þetta má til sanns vegar færa. Sjóðurinn með því nafni var stofnaður með lögum það ár. Landssjóður lagði fram til hans eins og segir hér í grg. 100 þúsund krónur, að mestu í skuldabréfum fyrir lánum úr viðlagasjóði, og síðan var honum ætlað 6 þús. kr. árlegt framlag úr ríkissjóði, en fastar tekjur hans að öðru leyti voru lengi ⅓ hluti sektarfjár fyrir ólöglegar veiðar í landhelgi ásamt ⅓ af andvirði upptæks afla og veiðarfæra. Það má nú sennilega segja, að meðan þessi lög giltu hafi sjóðurinn ekki líkzt mjög mikið þeirri stofnun, sem nú starfar, en árið 1930 var löggjöfinni um sjóðinn breytt, og má þá segja, að grundvöllur hafi verið lagður að núv. starfsháttum sjóðsins. Þá var honum fenginn tekjustofn, sem hann hefur enn, en hefur verið aukinn síðan oftar en einu sinni, sem er gjald af útfluttum sjávarafurðum, og þá var sjóðurinn fenginn Útvegsbanka Íslands til vörzlu og hefur verið svo síðan. Á þessum 35 árum eða rúmlega það, sem liðin eru síðan Fiskveiðasjóðurinn var þannig endurskipulagður, hefur sjávarútvegurinn byggt hann upp með útflutningsgjaldinu, þannig að hann er orðinn nokkuð öflug stofnun. Talið er, að hann eigi í stofnsjóði sínum, sem að sjálfsögðu er að mestu útistandandi í lánum, hátt á sjötta hundrað milljóna og hinn 31. jan. s. l. námu útistandandi lán sjóðsins nálega 1200 millj. króna. Hann hefur enn sem fyrr fastar tekjur af útflutningsgjaldi af sjávarafurðum, en nú fyrir skömmu, þegar útflutningsgjaldið var lækkað, tók ríkissjóður að sér að greiða sjóðnum árlega upphæð sem svarar því, sem tekjur hans af útflutningsgjaldinu voru lækkaðar um.

Sjávarútvegurinn hefur sem sagt byggt upp á þessum árum stofnlánasjóð sinn fyrir bátaflotann, og Fiskveiðasjóður Íslands hefur á sama tíma að verulegu leyti byggt upp hinn íslenzka bátaflota, sem nú mun telja fram undir 800 þilskip, að öðru leyti en því, sem

veitt var af lánum úr Stofnlánadeild sjávarútvegsins á fyrstu árunum eftir stríðið til bátakaupa.

Nú er það svo, að ef lög Fiskveiðasjóðs Íslands væru orðin 60 ára gömul eins og sjóðurinn eða frumgerð hans og jafnvel þó þau væru ekki nema 35 ára gömul eða frá þeim tíma, þegar sjóðurinn tók til starfa í svipaðri mynd og nú, þá mætti með sanni segja, að ástæða væri til endurskoðunar þeirrar löggjafar og setningar nýrra laga. En svo er ekki. Lögin um Fiskveiðasjóð Íslands eru frá 1955 og hafa þó verið að verulegu leyti endurnýjuð síðan og var síðast breytt á árinu 1961, og hið sama ár, þ. e. a. s. 1961, var einnig umsaminn sá kafli í lögum um Útvegsbanka Íslands, sem fjallar um Fiskveiðasjóð. Eiginlega er því ekki hægt annað að segja en að Alþingi hafi fylgzt nokkuð með þessari löggjöf og gert á henni breyt. í seinni tíð, þegar þess hefur þótt vera þörf, og sjálfur lagastofninn ekki nema tíu ára gamall, þannig að eiginlega virðist mér að það þyrfti að vera einhver sérástæða til þess að setja honum ný lög og afnema þau gömlu um sjóðinn.

Ég vil þess vegna segja það á þessu stigi málsins, að mér finnst það orka tvímælis, að ástæða sé til þess að gera það frv. að lögum, sem hér liggur fyrir. Mér finnst það orka tvímælis með tilliti til þessa, sem ég nú hef sagt. Meira ætla ég ekki að segja um það, enda á ég sæti í þeirri n., sem væntanlega fær þetta mál til meðferðar, og hef þá tækifæri til þess að fjalla um málið, en mér finnst þetta orka tvímælis. Mér er ekki kunnugt um, að óskir hafi verið uppi um breyt. á Fiskveiðasjóði eða sérstök óánægja hafi komið fram með gerðir þeirra manna, sem hafa stjórnað sjóðnum. Sami maður hefur nú um langa hríð haft framkvæmdastjórn sjóðsins með höndum, maður sem hv. þm. kannast víst flestir við, Elías Halldórsson, sem ég hygg að njóti almenns trausts í starfi sínu og hafi verðskuldað það. Ég hef ekki orðið þess var fremur en hv. 5. þm. Norðurl. v., sem hér talaði áðan, að frá samtökum útvegsmanna hafi borizt óskir um, að starfsemi sjóðsins yrði breytt eða um það sérstaklega, að nauðsyn bæri til þess, að stjórn hans yrði skipuð á annan hátt en hún nú er. Ég hef ekki orðið þess var. En Fiskveiðasjóði er, eins og komið hefur fram í umr., þannig stjórnað, að þar er ráðinn sérstakur forstöðumaður, sem tekur við umsóknum um lán og hefur með höndum fjárreiður sjóðsins ásamt mönnum, sem honum eru fengnir til aðstoðar, en Útvegsbanki Íslands hefur sjóðinn í sinni vörzlu og eins og lög eru nú, eru það bankastjórar Útvegsbankans, sem eru stjórn sjóðsins. Hins vegar heyrir hann ekki undir bankaráðið.

Það hefur verið talið hér af hæstv. ráðh. og kemur fram í grg. frv., að ástæða sé til að auka verkefni sjóðsins og að honum verði gert að lána til fiskiðnaðarfyrirtækja. Hingað til hefur hann einkum lánað til fiskiskipa. Af 1200 millj., sem sjóðurinn átti í útistandandi lánum 31. jan. s.l., voru 1000 millj. eða rúmlega það lán til fiskiskipa og vegna innlendra skipasmíða. Nú er talin ástæða til þess að fela sjóðnum einnig að annast lánveitingar til fiskiðnaðarfyrirtækja, en það hefur hann ekki gert undanfarið nema að litlu leyti. Hins vegar skortir það á, eins og fram kom hér í umr. í dag, að sjóðnum sé á fullnægjandi hátt séð fyrir fjármunum til þess að taka á sig þessar skyldur. Það, sem frv. gerir ráð fyrir í því sambandi, er, að Stofnlánadeild sjávarútvegsins verði sameinuð Fiskveiðasjóði og hann fái fjármuni hennar til starfsemi sinnar. Stofnlánadeild sjávarútvegsins var stofnuð fyrir 20 árum á sérstakan hátt með lánum úr Seðlabankanum og veitti þá lán til nýsköpunartogaranna, sem svo voru nefndir, og til allmargra fiskibáta, sem þá voru keyptir til landsins. Eftir það lá starfsemi deildarinnar niðri um langa hríð, en fyrir nokkrum árum var hún endurvakin og var fengið það verkefni að breyta lausaskuldum sjávarútvegsins í föst lán og var því lýst hér í dag af hæstv. ráðh. Síðan gerðist það á árinu 1965, að deildinni var fengið það hlutverk að annast lánveitingar til fiskiðnaðarfyrirtækja og var gert samkomulag um það við bankana og á milli þeirra, að þeir legðu henni til nokkurt lánsfé, sem hæstv. ráðh. drap einnig á í dag. Þetta lánsfé, sem deildin hefur aðgang að frá bönkunum, mun vera um 50 millj. kr. á ári en aðeins um takmarkaðan tíma, því að samningurinn er til takmarkaðs tíma. Og trúlega þarf að endurnýja þennan samning varðandi Stofnlánadeildina, ef hann á að gilda um þennan ráðgerða Fiskveiðasjóð Íslands. Sjálf virðist Stofnlánadeildin, eftir þeim reikningum, sem hér eru birtir í grg., vera nær eignalaus stofnun og því á engan hátt sambærileg við Fiskveiðasjóð, sem á nokkur hundruð millj. í stofnsjóði sínum, þannig að ef þessir aðilar, sem nú er talað um að slái saman í eins konar félagsbú, gera það, þá verður mjög misjafnt, sem þeir leggja til þessa félagsbús. Hins vegar er Fiskveiðasjóði ætlað í sambandi við þetta, sem hann fær frá Stofnlánadeildinni og sem er náttúrlega í miklu meira mæli skyldur en réttindi til fjár, að taka við nýrri stjórn, sem á að vera skipuð þannig, að Útvegsbanki Íslands tilnefni tvo menn, Landsbanki Íslands tvo menn og Seðlabankinn einn.

Það hefur verið sagt hér í umr., að nauðsyn beri til eða það sé a. m. k. æskilegt að sameina stofnlán til fiskiskipa og stofnlán til fiskiðnaðarfyrirtækja og að það reki á eftir þessari ráðstöfun, sem hér er verið að gera, sameiningu, sem kölluð er. Út af fyrir sig fæ ég nú ekki séð, að þetta sé mjög rík nauðsyn. Stofnlánin til fiskiskipa og stofnlánin til fiskiðnaðarfyrirtækja eru tvær greinar stofnlánastarfsemi, og ég hef a. m. k. ekki á reiðum höndum röksemdir fyrir því, að nauðsynlegt sé að þær séu endilega í sömu stofnun, úr því að þær nú ekki hafa verið það. En hins vegar má sjálfsagt færa rök fyrir því, að þetta megi vel svo vera. Ég fæ ekki séð, að það sé nein brýn nauðsyn til þess.

Niðurstöðuna af þessum fáu orðum, sem ég hef nú sagt, vil ég nú endurtaka stuttlega. Í fyrsta lagi, að mér virðist ekki, að löggjöfin um Fiskveiðasjóð Íslands sé komin svo til ára sinna, að nauðsyn beri til þess að endurskoða hana og setja ný lög. Í öðru lagi, að ég hef ekki orðið þess var, að fram hafi komið óskir um það, að starfsemi Fiskveiðasjóðs væri breytt, ekki frá þeim, sem hafa lagt honum til fjármagnið að mestu leyti, og mér er víst alveg óhætt að fullyrða, ekki frá stjórn Fiskveiðasjóðs. Í þriðja lagi virðist mér, að Fiskveiðasjóði verði ekki með þessu frv., ef að lögum verður, séð fyrir því fjármagni, sem hann þyrfti að fá til þess að taka á sig þær skyldur, sem 1. leggja honum á herðar. Niðurstaðan af þessu er sú, eins og ég sagði áðan, að mér

finnst það mjög orka tvímælis, að ástæða sé til þess að setja þessi nýju lög, en að sjálfsögðu verður það mál skoðað í n. og geri ég þá ráð fyrir, að allir telji sjálfsagt, að leitað verði umsagnar þeirra, sem þetta mál einkum varðar, eins og stjórnar Fiskveiðasjóðs og þá stjórnar Stofnlánadeildarinnar einnig, sem hér kemur við sögu, og síðast en ekki sízt, ef verða mætti, þeirra sem lagt hafa á undanförnum áratugum Fiskveiðasjóði til meiri hlutann af starfsfé hans. Að fengnum þeim umsögnum verður væntanlega hægt að gera sér nánari grein fyrir því, hvernig eigi að fara um þetta frv., ef það hlýtur fylgi, á hvern hátt væri ástæða til að breyta því. Í sambandi við hugsanlegar breyt. á frv., ef ástæða þætti til þess að gera það að l., vil ég alveg taka undir það, sem fram kom hér í dag í umr., að mér sýnist það mjög einkennilegt ákvæði og óvenjulegt að gera ráð fyrir því, að umsóknir um lán geti orðið afhentar öðrum en þeim, sem á að fjalla um þær og veita lánin. Að vísu er mönnum ekki gert skylt í frv., eins og það er orðað, að afhenda viðskiptabönkunum umsóknir sínar um lán, en vitanlega hefur það einhverja þýðingu, að þetta ákvæði er sett inn í frv. og hún getur engin önnur verið en sú, að það sé ætlazt til þess, að viðskiptabankarnir fái þessar umsóknir að meira eða minna leyti og fjalli um þær jákvætt eða neikvætt, áður en þær koma Fiskveiðasjóði í hendur.

Ég skal svo ljúka máli mínu að þessu sinni.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að ræða sérstaklega það frv., sem hér liggur fyrir, en í sambandi við það vildi ég beina fsp. til hæstv. sjútvmrh. í tilefni af þáltill., sem var samþ. hér á Alþ. 22. apríl 1964 og hljóðaði á þessa leið:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta rannsaka möguleika á auknum stofnlánum til sjávarútvegsins til þess að tryggja eðlilega uppbyggingu og fjárfestingu í þessari mikilvægu framleiðslugrein landsmanna. Sé jafnframt látin fara fram athugun á sem hagkvæmastri skipan með samræmdri eða sameinaðri starfsemi stofnana þeirra, er veita stofnlán til sjávarútvegsins. Ríkisstj. skipi 5 manna n. til að vinna að þessu verkefni. Verði niðurstöður n. lagðar fyrir næsta reglulegt Alþ. Kostnaður við störf n. greiðist úr ríkissjóði."

Það var hv. 7. landsk. þm., sem var flm. þessarar till., og í grg., sem fylgir henni, gerir hann grein fyrir því, „að það, sem fyrst og fremst vaki fyrir honum með þessari till. sé, að aukin verði stofnlán til sjávarútvegsins og þannig stuðlað að heilbrigðri þróun þessa undirstöðuatvinnuvegar landsmanna. Samtímis þessu fari fram athugun á sem hagkvæmastri skipan þessara lánsfjármála með samræmdri starfsemi stofnana þeirra, er veita sjávarútveginum stofnlán." Mér sýnist, að á frv. því, sem hér liggur fyrir, sé lagt til, að gerðar verði breyt., sem segja má að samrýmist síðara atriði þessarar till., en ekki því meginatriði hennar að láta rannsaka möguleika á auknum stofnlánum til sjávarútvegsins til þess að tryggja eðlilega uppbyggingu og fjárfestingu í þessari mikilvægu framleiðslugrein landsmanna. Ég vildi mega í framhaldi af þessu beina þeirri fsp. til hæstv. sjútvmrh., hvort þessi n. hafi ekki verið skipuð, hvort hún hafi ekki rannsakað eða unnið að því verkefni, sem henni var falið samkv. þessari þáltill. og hvort það sé ekki möguleiki á því fyrir þm. að fá að sjá niðurstöður hennar eða nál.

En um málið sjálft, sem hér liggur fyrir, vildi ég segja það, að mér virðist, að það sé langsamlega mikilvægast í þessu sambandi, sem greint er í upphafi þessarar þáltill., en það er að auka stofnlánin til sjávarútvegsins. Ég vildi þess vegna beina því til þeirrar hv. n., sem fær þetta mál til meðferðar, að hún taki það fyrst og fremst til athugunar, hvaða möguleikar séu á því að auka fjárráð Fiskveiðasjóðs frá því, sem nú er. En eins og komið hefur fram hér í umr., er það nauðsynlegt, þar sem gert er ráð fyrir að auka starfssvið sjóðsins, að honum verði séð fyrir auknum möguleikum til þess að fullnægja því hlutverki.

Sverrir Júlíusson: Herra forseti. Frv. það til l. um Fiskveiðasjóð á þskj. 325, sem hér er til umr., tel ég eins og fram hefur komið við umr., að verði að skoða í ljósi þeirra tillagna, sem ríkisstj. hefur lagt fram um breyt. á stofnlánasjóðum og hagræðingu ýmsa í sambandi við það. Ég vil í fáum orðum segja það, að þótt ég sé ekki 100% ánægður með ýmis atriði í frv., tel ég, að hér sé stórt spor stigið í áttina til aukningar stofnlána og haganlegri skipunar á stofnlánasjóðum sjávarútvegsins. Ég mun því fylgja þessu frv. Ég get sagt eins og hv. 3. þm. Norðurl. e., að ég er í n. þeirri, sem frv. þetta kemur til með að verða afgreitt í, og get þar af leiðandi rætt um ýmis atriði þar. En vegna þess að það hefur borið á góma og hæstv. sjútvmrh. vitnaði í þáltill., sem samþ. var á 84. löggjafarþingi, þar sem ég flutti till. um athugun á hagkvæmari skipan og aukningu stofnlánasjóða sjávarútvegsins, vil ég segja það, að ég tel, að þetta sé fyrsta sporið og ég vil enn fremur segja, vegna þeirra umr., sem hér hafa farið fram, að það hefur bæði verið leitað álits stjórnar Fiskveiðasjóðs og ýmissa samtaka um þessa till. og einmitt hv. 3. þm. Norðurl. e. var í allshn. Sþ. ásamt mér og fleirum á 84. löggjafarþingi og mælti eindregið með samþykkt þeirrar till. Í nál. því, sem skilað var með till., þegar hún var lögð fram til samþykktar, en hún var samþ. samhljóða, sagði m.a.:

„N. hefur athugað till. þessa og fengið um hana umsögn frá þessum aðilum: Framkvæmdabanka Íslands, Seðlabanka Íslands, Fiskimálasjóði, Fiskveiðasjóði Íslands, Landssambandi ísl. útvegsmanna, Sölusambandi ísl. fiskframleiðenda, Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna og Samlagi skreiðarframleiðenda. Öll sölusamtök útvegsins, Landssamband ísl. útvegsmanna og Fiskimálasjóður mæla einróma með samþykkt till. Seðlabankinn og Framkvæmdabankinn mæla einnig með, að till. verði samþ., en gera báðir nokkrar aths. við stofnlán útvegsins og framkvæmd þeirra. Fiskveiðasjóður „hefur fyrir sitt leyti ekkert á móti því, að umrædd athugun fari fram," en bendir á nauðsyn þess, að Fiskveiðasjóður fái aukið fjármagn til umráða. Það er einróma álit n., að æskilegt sé, að sú athugun fari fram, sem till. gerir ráð fyrir, og leggur n. til, að till. verði samþ. óbreytt, eins og hún liggur fyrir á þskj. 103."

Undir þetta skrifar m.a. einmitt hv. 3. þm. Norðurl. e. Þetta sýnir, að þó að ekki sé hægt að segja, að þetta sé í beinu framhaldi og ekki gengið eins langt og till. sú

gerði ráð fyrir, þá er opnaður þarna möguleiki og fari svo, að frv. um Framkvæmdasjóð, sem lagt var fram hér í hv. d. í dag, verði samþ., geri ég ráð fyrir, að einmitt þessi sjóður fái verulegt fjármagn þaðan. En til að skýra örlítið betur, hvað á sínum tíma vakti fyrir mér, vil ég lesa örstuttan kafla úr ræðu þeirri, sem ég flutti, þegar málið var lagt fram. Eftir að ég hafði talið upp sjóðina, sem kæmu til með að vinna saman í einu eða öðru formi, sagði ég m.a., með leyfi hæstv. forseta:

„Ég hef nú að nokkru rakið, hvernig mál þessi standa hjá sjóðum þeim, sem l. samkv. hafa heimild til að veita sjávarútveginum stofnlán. En þótt það liggi ekki fyrir, hve háum fjárhæðum stofnlán sjávarútvegsins nema í öðrum stofnunum, viðskiptabönkum svo og atvinnuleysistryggingasjóði, ýmsum lífeyrissjóðum og víðar, er það fullvíst, að upphæðir þessar eru mjög háar. Eins og segir í grg., vakir það fyrir flm. till. þessarar, að athugun fari fram á eðlilegri aukningu stofnlána til eflingar og breytinga á vinnutilhögun hjá þessum undirstöðuatvinnuvegi landsmanna og jafnframt girða fyrir, að óumsamdar lausaskuldir verði sjávarútveginum fjötur um fót, eins og komið var, þegar l. um heimild Stofnlánadeildar sjávarútvegsins við Landsbanka Íslands til að opna nýja lánaflokka voru sett samkv. l. nr. 48 29. marz 1961. Í öðru lagi vakir það fyrir flm., að athugað verði, hvort það væri ekki hagkvæmara að færa saman starfsemi þessara stofnana að því er lánveitingar til sjávarútvegsins snertir, og vitna ég hér til þess, er í grg. segir um þetta atriði. Ég tel, að ef þessi skipan kemst á, yrði það eðlileg vinnutilhögun, að aðrir sjóðir, er nú veita stofnlán til sjávarútvegsins, haldi því áfram á þann hátt annað tveggja að veita hinni nýju stofnun lán í stærri stíl eða að lánveitingar yrðu framkvæmdar í samráði við væntanlega stjórn. Ég tel, að þetta væri hliðstætt framkvæmd lána til húsnæðismála. En ganga verður út frá því, að sú stjórn eða sá aðili, er kæmi til með að annast það hlutverk, sem hér er hugsað, komi til með að hafa þá yfirsýn, hvað fjárhagsgeta þjóðarinnar leyfir í þessum efnum, og þá einnig, hvar framkvæmdanna er mest þörf hverju sinni, einnig að lánveitingum verði hagað þannig, að umráðaaðilum vinnslustöðvanna, verksmiðjanna, veiðiskipanna eða vegna aukningar og endurbóta á iðjuverum verði gert kleift að ljúka framkvæmdum á eðlilegum tíma til hagsbóta fyrir alla aðila. Fyrirkomulag það, sem hér er hugsað, mundi verða mjög til hagræðis fyrir þá aðila, sem í framkvæmdir þurfa og vilja ráðast af þessu tagi, og jafnframt auka öryggi þeirra, því að þeir, sem á annað borð þurfa að leita eftir lánsfé, en það eru flestir, ef ekki allir, sem þennan atvinnuveg stunda, yrðu að leita eftir því fyrir fram, hvaða lánsmöguleikar væru fyrir hendi og mundu þá haga sér eftir því. Ég tel, að sú skipulagsbreyting, sem ég hef hér talað um, sé hliðstæð breyt. þeirri, sem gerð var á lánasjóðum landbúnaðarins á s. l. ári."

Þetta er aðeins innsýn inn í, hvað ég hugsaði á þeim tíma, þegar ég bar þessar till. fram og þótt frv. það, sem hér liggur fyrir, sé aðeins einn þáttur í þeirri breytingu, sem núv. ríkisstj. vill koma á stofnlánasjóði og lánakerfi landsmanna, þá tel ég, að þetta sé til bóta. En það byggist vissulega á því, að það komi verulegt aukið fjármagn til þessarar starfsemi. Að mínu viti er það rétt, sem hv. 5. þm. Norðurl. v. sagði áðan, að það er ekki um háar fjárhæðir að ræða frá Stofnlánadeild sjávarútvegsins, sem koma í sjóðinn. En við skulum athuga einnig það, sem má lesa á milli línanna. Við vitum einnig, að bankarnir þrír, sem þar eru taldir, hafa gert samning um verulegt fjármagn, sem eftir því sem ég veit bezt á að standa inni til mjög margra ára, 20 eða jafnvel til 40 ára. Ef ég fer ekki hér með rétt mál, bið ég velvirðingar á því, en þetta er eftir því, sem ég veit bezt.

Það er rétt, að opnaðir eru möguleikar fyrir því að lána fleiri aðilum heldur en Fiskveiðasjóður hefur gert áður, en það vitum við, að Fiskveiðasjóður hefur haft heimild til að lána fiskvinnslustöðvum á undanförnum árum, þó að hann hafi ekki gert það nema mjög óverulega og á síðasta ári, ef ég man rétt, lánaði hann 2 millj. 503 þús. kr. til fiskvinnslustöðva, en það er vegna þess að hann hefur ekki getað svarað eftirspurninni vegna innflutnings á fiskiskipum. Það, sem hér hefur komið fram, að frv. væri vantraust á forstjóra Fiskveiðasjóðs, er sú firra, sem ekki er raunverulega svara verð, því að allir vita, að það er leitun á manni, sem nýtur jafn óskoraðs trausts eins og forstjóri Fiskveiðasjóðsins gerir. Hv. 5. þm. Norðurl. v. var að tala um það hér í kvöld, að þetta væri alger breyt., forstjórinn hefði samþ. allar lánveitingar einn. Við vitum, að hann hefur traust bæði viðskiptavina og stjórnenda sjóðsins og það hefur verið farið eftir hans till., en samkv. núgildandi l. hefur hann orðið að bera það undir stjórn Fiskveiðasjóðs, svo að raunverulega er þar engin grundvallarbreyting frá því, sem hefur verið. Breyt., sem hér er lögð til, er sú, að það verði þrír aðilar, sem tilnefna stjórnina. En endist þeim ágæta manni, sem hefur stjórnað Fiskveiðasjóði um langan aldur, líf og heilsa, þá er ég ekki í nokkrum vafa um það, að hann verður jafn ráðamikill — það verður eins mikið farið eftir hans till., þó að það verði fleiri aðilar frá fleiri stofnunum, sem eiga að veita lánin. En það vil ég að síðustu undirstrika, að ég vona, að þetta sé byrjunin á því, að öll stofnlán til sjávarútvegsins fari gegnum þennan sjóð. Ég man, að þegar ég var að ræða um þessi mál, taldi ég það eðlilega skipan og sú skipan hlýtur að komast á, að lán, sem eru lánuð í þessu augnamiði frá atvinnuleysistryggingasjóði og frá ýmsum öðrum stofnunum, hljóta að fara, þegar stundir líða fram, gegnum þennan sjóð. En þetta er tvíþætt. Annars vegar er það, að lánin nýtist sem bezt, það sé ekki verið að smáhenda út lánsupphæðum og síðan er það látið í framkvæmdir, sem ekki komast í gagnið. Því miður er hægt að benda á ýmis fyrirtæki, sem hafa fengið of lítið fjármagn, lánin hafa farið til ýmissa aðila, er ekki hafa fengið nægilegt fjármagn til þess að komast af stað. En hvað þýðir þetta? Það þýðir, að þetta er baggi fyrir framleiðsluna, það er baggi fyrir þjóðarheildina, það er baggi fyrir þá aðila, sem þarna eiga hlut að máli. Og einnig það, sem fyrir mér vakti á sínum tíma og ég veit, að þið eruð áreiðanlega sammála margir hverjir, að þessi skipan verði til hægðarauka fyrir þá, sem þurfa að leita eftir lánum, þeir þurfi ekki að fara í 6—8—10 eða hver veit hvað marga staði. Ég get sagt ykkur, að í mínu starfi hef ég séð, að stofnlán eru kannske upp í það frá 9 aðilum. Það hefur

verið stofnlán til sjávarútvegsfyrirtækja frá Ræktunarsjóði, meira að segja frá Ekknasjóði Íslands og þeir, sem hafa fylgzt með þessum málum, vita, hvaða göngu þeir hafa þurft að ganga, sem hafa þurft að leita eftir lánum. En sé það þannig, að þetta verði undir einum central, — ég er viss um, að það veljast þar sanngjarnir og góðir menn til starfa — þá verður það náttúrlega metið þannig, að það verður ekki farið í meiri framkvæmdir á hverjum tíma en nauðsynlegt er fyrir þjóðarbúið, það hefur ákaflega oft orðið okkur mjög dýrt. Eins og ég segi, er ég meðmæltur þessu frv., þó að það geti vel farið svo, að ég mundi vilja breyta einhverju í því, en ég skal ekki segja neitt um það á þessari stundu, því að þegar það kemur til meðferðar í n., hef ég möguleika til að fjalla um málið. En það er þegar upplýst af því, sem ég hef sagt, að framleiðendur hafa stutt þessa hugsun, að stofnlánasjóðir væru færðir saman, en það byggist vissulega að mestu leyti á framkvæmd þeirri um Framkvæmdasjóð Íslands og ýmsa aðra sjóði, sem koma til með að veita fé inn í þetta, að það verði sem mest, því að þessi atvinnuvegur þarf vissulega á mjög miklu fjármagni að halda.

Björn Pálsson: Herra forseti. Ég hélt, að ég yrði á eftir ráðh., en ég var þá settur á undan. Þeir ráða alltaf, hvenær þeir tala, þessir blessaðir ráðh. Ég verð bara að biðja um orðið aftur, ef ég þarf þess. Það eru aðeins örfá orð. Það er viðvíkjandi því, að hv. 7. landsk. þm. var að tala um það, að það væri engin breyting frá því, sem nú er, þó að það væru aðilar frá þremur bönkum, sem ættu að hafa þessa stjórn, vegna þess að framkvæmdastjóri Fiskveiðasjóðs hefði orðið að bera hlutina undir Útvegsbankann. Ég skal ekki segja um hvernig það er — ég veit, að löglega höfðu þeir vald til að taka ákvarðanir, en það mun ekki hafa skapað mikla árekstra og ég hygg, að framkvæmdastjórinn núverandi hafi aldrei verið gerður ómyndugur að því, sem hann lofaði einstaklingum viðvíkjandi lánum eða greiðslufresti eða öðru, þannig að það þurfti engu að breyta þess vegna. En hvaða sönnun hefur hv. 7. landsk. þm. fyrir því, að það verði engin breyting? Hann hefur enga sönnun fyrir því. Það gefur auga leið, hvort það er ekki allt annað að hafa þrjá húsbændur eða einn. Og hvaða trygging væri fyrir því, hvaða menn eru settir í þetta? Ef t.d. Seðlabankanum dytti í hug að setja Björn Ólafs., Landsbankanum Árna Jónsson, þá væri ósköp skemmtilegt fyrir útgerðarmenn að koma þangað. Ég hélt satt að segja, að það væri nær fyrir þennan hv. þm. að reyna að taka svari útgerðarmanna og þeirra, sem annast um fiskvinnsluna, að þeir verði ekki gerðir að algerum bankaþrælum og skriðdýrum, því að það er nóg að þurfa að skríða fyrir einum aðila, þó að maður þurfi ekki að skríða fyrir þremur. Og ætli það verði auðveldara að þurfa að hlaupa milli þeirra allra, þessara herra og biðja þá auðmjúklega um lán eins og lítur út fyrir, að verði að gera til að hafa þá alla góða eða snúa sér bara til eins aðila. En ég get ekki fullyrt þetta, við vitum ekkert, ef til kæmi, sem vonandi verður aldrei, að þessir þrír bankar eigi að stjórna þessu, hverjir þetta verða, en til bóta verður það aldrei, því að það er gott eins og það er.

Ég hef ekkert á móti því, að Stofnlánadeildin sé sameinuð. Það eru allir guðsfegnir að losna við að koma inn í Landsbankann og Seðlabankann. En það þarf bara ekki að breyta öllu kerfinu fyrir því. Af hverju vilja þeir losna við Stofnlánadeildina? Það er af því, að hún er plága á þessum aðilum. Ég get sagt ykkur eina smásögu. Ég skuldaði rúmlega 200 þús. við Stofnlánadeildina af bát. Það féll í gjalddaga, eftir að ég var farinn norður í vor í maí. Ég fékk tilkynningu með rauðu letri dálitlu áður en það féll í gjalddaga, tilkynningu um gjalddagann og að þetta yrði ekki krafið aftur með svona venjulegum Seðlabankahroka. Ég hafði mikið að gera í vor og sumar og nennti ekki að hugsa um þetta. Það voru 20 þús., sem ég þurfti að borga, og ég tel það nú satt að segja enga peninga — það var eitt af mínum fyrstu verkum, þegar ég kom suður í haust að rölta ofan í Seðlabanka til að borga þetta. En viti menn. Búið að biðja um uppboð á bátnum án þess að aðvara mig. Við grátum ekkert, þó að við yfirgefum svona stofnun. En við kærum okkur ekkert um að hafa neinn þriðja húsbónda frá þessari virðulegu stofnun. Ég fyrir mitt leyti vildi heldur vera laus við það, og ég hygg, að þeir, sem þurfa að taka lán, vilji heldur vita, hvert þeir eiga að snúa sér en vera að hlaupa á milli einhverra þriggja stofnana og biðja um fyrirgreiðslu með allri auðmýkt.

Það er allt í lagi að sameina þetta og ég skal ekki vefengja það, sem hv. 7. landsk. hélt fram um þetta, eða það atriði, að við viljum heldur skipta við Fiskveiðasjóðinn heldur en við Seðlabankann og Landsbankann. Það geng ég alveg inn á. Við viljum bara helzt hafa einn aðila, sem við getum snúið okkur til. En á þennan hátt ræður þingið engu um, hverjir þetta eru. Þingið ræður þó alltaf bankaráðsmönnunum og hefur vanalega lag á því að kjósa ekki neina sérstaka vitmenn í fjármálum. Þegar þingið velur menn, er nú sjaldan farið eftir því, að þetta séu neinir sérfræðingar, heldur að þeir komi sér vel við flokksstjórnirnar. En þeir eru ekkert illviljaðir menn og gera þess vegna ekkert illt af sér. En þetta er bara að fjarlægja öll áhrif frá þinginu og færa það inn í þetta blessaða bankakerfi, sem öllu á að ráða í þessu landi. Þingið ræður ekki genginu, það ræður ekki vöxtunum og ræður yfirleitt engu um fjármálin. Ríkisstj. ræður vafalaust, en þingið ræður orðið engu. Það er búið að taka öll völd af þinginu. Og viðvíkjandi þessu er þetta ekkert annað heldur en spor í þessa átt. Það eru alls staðar þessir fingur, þetta alræðisvald hjá Seðlabankanum, bankarnir verða að sitja og standa eins og Seðlabankinn vill. Ég spurði einn bankastjóra að því: Því neitið þið þessu ekki? Við getum það ekki. M.a. eru allar ávísanir sendar upp í Seðlabanka og hann greinir þetta allt í sundur. Annars hefur mér meira en dottið í hug að stofna banka til þess bara að neita að gútera þessa herra. Mér hefur dottið það í hug, og ef ég hefði tíma til þess, mundi ég gera það, og það mundu koma miklir peningar í þann sparisjóð, sem ég stofnaði. Ég mundi bara segja, að þeim kæmi þetta ekkert við. Ef ég væri ekki svona upptekinn við búskap og útgerð, mundi ég gera það. Svona kúgunarvald þarf að brjóta á bak aftur, en ekki gera það enn meira, eins og hv. 7. landsk. vill gera. Þetta er nefnilega að verða alveg óþolandi, þetta bankavald fyrir atvinnurekendurna og það á að

stræka á þetta alveg eins og strækað var í vor, þegar þeir lækkuðu verðið á bræðslusíldinni.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Menn spyrja hér ósköp sakleysislega í þessum umr., hver hefur beðið um þetta frv.? Hefur komið beiðni um það frá Fiskveiðasjóði, frá Útvegsbankanum, frá Landsbankanum, frá útvegsmönnum o.s.frv.? En þeir sömu menn vita nú ósköp vel, að það vill henda, að ríkisstj. beri fram frv. án þess að hafa fengið beinar beiðnir um það og jafnvel frv., sem snerta peningamál. Það er ekkert mjög langt síðan ein ríkisstj. bar hér fram víðtækar breytingar á allri bankalöggjöfinni og ég held, að hún hafi ekki spurt einn einasta af bönkunum um leyfi til þess að bera það frv. fram. En þetta var vinstri stjórnin 1957. Svona mætti lengi telja.

En það má segja, að ríkisstj. hafi verið beðin um að flytja þetta frv. Og hver var það, sem bað ríkisstj. um að flytja þetta frv.? Það var Alþ. Alþ. samþykkti ályktun um það, eins og vitnað hefur verið hér til, m.a. 1964, sem fól í sér það, að Alþ. óskaði eftir því, að stofnlánasjóðirnir yrðu auknir og að samræmd væri stjórnin á stofnlánasjóðum útvegsins. Megintilgangur þessa frv. er að samræma stjórn stofnlánasjóða sjávarútvegsins. Það er að vísu rétt, að skemmra er gengið heldur en margur hefði óskað, eins og fram kemur í umr. hér. Ríkisstj. hafði á vissu stigi málsins hugsað sér, að Fiskimálasjóður félli einnig til Fiskveiðasjóðs, og ríkisstj. hefur fyrir sitt leyti mikinn áhuga á því, að hægt væri að koma þeirri breytingu á með samvinnu við Atvinnuleysistryggingasjóð, sem hefur lánað töluvert til sjávarútvegs á einstökum stöðum, að því fé, sem þannig er varið, sé ekki af hans hálfu varið til hinna einstöku framkvæmda, heldur gegnum stofnlánasjóði sjávarútvegsins, sem hafa betri aðstöðu til þess að meta, hvar féð kemur að mestu gagni. Sjálfsagt verða einhverjar umr. um þetta, og hugsunin er einmitt að stefna að því, að það verði fleiri þættir, sem sameinist innan Fiskveiðasjóðs í framtíðinni heldur en gera nú hér. Þetta var vilji Alþ., að slík samræming ætti sér stað og nákvæmlega að þessu stefnir frv., sem hér liggur fyrir. Þál. gerði ráð fyrir, að skipuð yrði 5 manna n., eins og vikið var að hér áðan, og spurt var um, hvort hún hefði verið skipuð. Þessi 5 manna n. var ekki skipuð. Þál. er frá 1964, en ríkisstj. sjálf hefur síðan haft til athugunar hvort tveggja, eflingu stofnlánasjóðanna og samræminguna, og það hefur átt sér stað veruleg efling stofnlánasjóða atvinnuveganna einmitt á þessu ári, síðan þessi þáltill. var samþ., og ríkisstj. hefur átt mjög ríkan þátt í að afla fyrirtækjum lánsfjár til stofnlána í sjávarútvegi og hvað mest eftir að þessi umrædda till. var samþ.

Sakirnar standa þannig, að útlán Fiskveiðasjóðs aukast um 24% frá árinu 1964—1965. Og það mundi í mörgum tilfellum vera talin töluvert drjúg aukning. Þetta stafar m.a. af því, að útflutningsgjaldið er meira en gert hafði verið ráð fyrir, sjávaraflinn meiri og Fiskveiðasjóður hafði þarna úr meiru að spila. Það, að Fiskveiðasjóður hefur haft nægjanlegt fé til umráða og jafnvel meira heldur en spurt hefur verið eftir á stundum, er m.a. vegna þess, að ríkisstj. í samvinnu við bankana átti hlut að máli um það, að menn hafa átt greiðan aðgang að erlendum lánum til kaupa á fiskiskipum eða þeim 7 ára lánum, sem almennt eru tekin í því sambandi. Þegar við athugun málsins var það ljóst, að tekjur Fiskveiðasjóðs voru verulega að aukast. En jafnframt var á árinu sem leið sett reglugerð nr. 8 1965, þar sem opnaður er nýr lánaflokkur hjá Stofnlánadeildinni í þeim tilgangi að auka framleiðslu og framleiðni í fiskiðnaði og skyldri starfsemi. Þetta er aukning á stofnlánum til útvegsins, sem ríkisstj. átti hlut að máli um. En það var gerður sérstakur samningur milli Seðlabankans, Landsbankans og Útvegsbankans um það, að fjármagn frá þessum bönkum, sem var bundið í útlánum deildarinnar frá 1961, verði að verulegu leyti látið ganga til nýrra lána í hinum nýja lánaflokki eftir því, sem það losnar. Og af því heildarfjármagni, sem um var að ræða miðað við 1. jan. 1965, lögðu bankarnir fram 100 millj. kr. sem framlagsfé, en 234.8 millj. kr. sem lán til 25 ára. Framlagsféð var svo aukið um 10 millj. kr. í byrjun þessa árs.

Það hefur verið gert ráð fyrir því og reyndin hefur orðið sú, að í þessum lánaflokki væri hægt að veita 40—50 millj. kr. í nýjum lánum árlega. Hér var unnið að því með ákaflega góðum skilningi bankanna, er mér óhætt að segja, og góðu samkomulagi þeirra á milli, en einnig fyrir tilstuðlan ríkisstj. að auka einmitt stofnlán*in til sjávarútvegsins. Á sama tíma hefur ríkisstj.* á margvíslegan hátt beitt sér fyrir og aðstoðað við lánsfjáraflanir til fyrirtækja, sem sett hafa verið á laggirnar í sjávarútvegi. Ég hef ekki handbærar upplýsingar um það hér, hvað það lánsfé muni nema miklu, sem ríkisstj. hefur átt hönd í bagga með að útvega aðilum til byggingar síldarbræðslna á s.l. ári, en ég hygg, að þegar árið 1965 er talið, og bara árið í ár með það, sem þar er ráðgert og í uppsiglingu, þá nemi það stórum upphæðum og það verði ekki talið í tugum millj. kr., því að það verður áreiðanlega mikið yfir 100 millj. kr. Einnig hafa verið teknar ríkisábyrgðir til þess að koma þessum framkvæmdum upp, og það er ekki aðeins innlent lánsfé, sem ríkisstj. hefur stuðlað að, að þessi fyrirtæki ættu aðgang að, heldur hefur hún einnig stuðlað að því, að þeim væri útvegað og endurlánað erlent lánsfé til þess að koma upp síldarverksmiðjum og öðrum fyrirtækjum í fiskiðnaði.

Á s. l. ári veitti Framkvæmdabankinn lán til vinnslu fiskafurða, 25½ millj. kr. Það er miklu hærra en meðaltal lána til þessarar atvinnugreinar á árunum áður og þó var það svo, að í fyrstu tók bankinn að sér að afla lánsfjár til nokkurra stórra fyrirtækja í fiskiðnaði, stórra frystihúsa, sem síðan minnkaði aftur, en hefur svo verið aukið og töluvert af þessum lánum er einmitt í sambandi við vaxandi síldariðnað, bæði síldarsöltun, sem bankinn lánaði til, og síldarverksmiðjur.

Nú þegar Framkvæmdabankinn er lagður niður og Framkvæmdasjóður tekur við eignum hans og skuldbindingum, er auðvitað á það að líta, að Fiskveiðasjóður á að geta haft aðstöðu til þess að fá hér töluvert aukið fjármagn til sinna umráða. Það eykst að vísu ekki almennt í útveginum, en það samræmist þarna 25 millj. kr., skulum við segja, ef við tökum bara sömu upphæð, sem þeir, sem fara með stjórn Fiskveiðasjóðs ættu að geta a. m. k. fengið lánað hjá Framkvæmdasjóðnum til útlána og samræmt það öðrum sínum lánveitingum. Þetta er, eins og bent hefur verið á, mjög líklegt til þess,

að lánin verði þannig veitt, að þau skapi meira hagræði en ella.

Ég vil aðeins af því tilefni, að spurt var, — hæstv. sjútvmrh. var að vísu spurður að því, — hvort samráð hefði verið haft við bankana og Fiskveiðasjóð, taka fram, að hann var ekki kominn eða hafði ekki tekið við sínu embætti sem sjútvmrh. þegar þær viðræður hófust, en það var í ágústmánuði, sem fyrsti fundur var haldinn með fulltrúum ríkisstj. og fulltrúum bankanna um líkar breyt. á stofnlánasjóðum sjávarútvegsins og hér er gert ráð fyrir. Eftir að þær till. höfðu svo síðar verið færðar í frv.-form af embættismönnum ríkisins, voru þær sendar til bankanna og Fiskveiðasjóðs til athugunar. Það má svo segja, að það hafi verið nokkurt hlé á athugun þessa máls, af ýmsum ástæðum, síðasta mánuð ársins, eða frá miðjum nóv. og fram til áramóta og kannske ekki sízt vegna afgreiðslu fjárlaga, en einnig vegna forfalla og veikinda hjá bankastjórum í ríkisbönkunum. Þessar umr. hófust svo aftur síðar, og það hafa átt sér stað viðtækar viðræður af hálfu ríkisstj. við Útvegsbankann og Landsbankann, sem hér eiga helzt hlut að máli, og einnig við Fiskveiðasjóð. Ríkisstj. rak sig hins vegar á það, þegar átti að sameina þessar tvær stofnanir, Stofnlánadeild sjávarútvegsins og Fiskveiðasjóðinn, að um framkvæmd lána og lánveitinga höfðu gilt töluvert ólíkar reglur í þessum tveimur stofnunum. Og það er engin launung á því, að Landsbankinn lagði mikla áherzlu á að viðhalda þeim reglum, sem viðgengizt höfðu í Stofnlánadeildinni, eftir að samningar höfðu verið gerðir milli Útvegsbankans, Landsbankans og Seðlabankans, um fjármagn þessara banka til hins nýja lánaflokks, en Útvegsbankamönnum var eðlilega miklu kærari sá háttur, sem verið hefur á um lánabeiðnir og fyrirkomulag lánveitinga í Fiskveiðasjóðnum. Það hefur verið reynt að fara bil beggja af hálfu ríkisstj. í 14. gr. þessa frv. Ég geri ráð fyrir því, að hvorugur bankanna sé neitt sérstaklega hrifinn af því fyrirkomulagi, sem ráðgert er skv. greininni, en það er reynt að samræma þau sjónarmið, sem fram komu við ríkisstjórnina af hálfu beggja bankanna.

Það er mín skoðun, að hér hafi að verulegu leyti verið deilt um keisarans skegg og ég er sannfærður um, að þegar Fiskveiðasjóður hefur starfsemi sína í því formi, sem þetta frv. gerir ráð fyrir, ef að l. verður, þá munu fljótt sniðast af þeir agnúar, sem hvor bankinn um sig taldi vera á fyrirkomulagi lánbeiðna og lánveitinga skv. 14. gr.

Ég vil svo aðeins að lokum í sambandi við aukin stofnlán til sjávarútvegsins og þá fyrst og fremst til uppbyggingar fiskiskipaflotans og viðhalds skipa, segja það, að ríkisstj. hefur lagt áherzlu á, að hér í landinu gæti eflzt stálskipasmíði og að við gætum að verulegu leyti og í vaxandi mæli orðið þess megnugir að byggja okkar fiskiskip sjálfir. Henni hefur verið það alveg ljóst, að eftir því sem slík stálskipasmíði eykst hér innanlands, verður fjárþörf Fiskveiðasjóðs miklu meiri en hún hefur verið að undanförnu, vegna þess að menn hafa getað tekið 7 ára lán í sambandi við kaupin á fiskiskipum erlendis. En ef dregur úr þeim lánveitingum við aukna skipasmíði hér innanlands, þá hefur ríkisstj. haft í huga, að eðlilegt væri að afla þá í staðinn Fiskveiðasjóði lánsfjár, annaðhvort erlends lánsfjár eða innlends, ef það er fyrir höndum, til þess að mæta þeirri miklu og vaxandi þörf, sem yrði af aukinni stálskipasmíði. Ekki alls fyrir löngu hlupu af stokkunum 3 skip í sömu vikunni hér í íslenzkum skipasmíðastöðvum, og það er líklegt, að stálskipasmíðastöð á Akranesi geti tekið til starfa á þessu ári og á Ísafirði einnig, og þannig er það, að um leið og verið er að endurbyggja hinar gömlu dráttarbrautir víðs vegar um landið, þá er einnig gert ráð fyrir, að í framtíðinni verði jafnframt skipasmíðastöðvar á langflestum þessum stöðum á sama hátt og gömlu dráttarbrautirnar voru skipasmíðastöðvar eikarbáta, en þær smíði nú stálbáta. Og bátur af þeirri stærð, sem menn helzt kjósa núna, stálskip til síldveiða, getum við ætlað, að kosti svona 20 millj. kr., það er þá 3—400 tonna skip. Eftir reglum Fiskveiðasjóðs um lán út á innlenda skipasmíði er gert ráð fyrir að lána þarna 75% eða 15 millj. kr. út á slíkan bát og ef það væru margir bátar á hverju ári, sem þeir eflaust gætu orðið innan mjög skamms tíma, þá sjá menn, að hér er um stórkostlegar upphæðir að ræða og þeim hefur ríkisstj. hugsað sér að mæta með því að aðstoða Fiskveiðasjóð til lántöku og endurlána til þessara fiskiskipa. Og sem betur fer er aðstaða Fiskveiðasjóðs þannig, að hann er mjög öflugur sjóður, sem ætti að vera auðvelt að útvega lánsfé. Eigið fé sjóðsins mun vera um 600 millj. kr. eins og nú standa sakir eða eitthvað nálægt því, og meðan við a. m. k. verðum ekki fyrir neinum verulegum skakkaföllum í sjávarútveginum, er sjóður, sem svo tryggilega hefur verið uppbyggður, að sjálfsögðu vel til þess fær að taka mikil lán, og það mun hann þurfa að gera, langt umfram það sem eigið lánsfé hans mundi duga honum, ef við hefjum stálskipasmíðina að verulegu leyti sjálfir hér innanlands. Þetta er einn þátturinn í því líka, sem stjórnin hefur haft á prjónunum, að auka stofnlánin með því að vera reiðubúin til þess að hlaupa undir bagga og aðstoða, ef með þarf, Fiskveiðasjóðinn til verulega stórra lánveitinga til þess að stuðla að og efla innlenda skipasmíði.

Ég skal svo ekki hafa um þetta fleiri orð. Ég held, að það hafi gætt verulega mikils misskilnings í mörgu því, sem sagt hefur verið um þetta mál af hálfu hv. þm., og ég held, að það sé reginmisskilningur hjá hv. 5. þm. Austf., að það eigi að veita stofnlánin án nokkurrar hliðsjónar af því, hvernig rekstur fyrirtækjanna gangi. Ég álít einmitt, að það hafi verið eitt af því farsælasta í rekstri Fiskveiðasjóðs, hvað forráðamenn hans hafa búið yfir mikilli þekkingu á hverjum tíma á rekstrarafkomu allra þeirra aðila, sem sótt hafa um stofnlán til sjóðsins.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Ég skal ekki vera margorður. Hafði raunar ekki ætlað mér að taka aftur til máls, en mér finnst, að tilefni hafi gefizt til þess lítils háttar, og vænti ég þó, að ég með því, sem ég segi nú, stofni ekki til neinna deilna um þetta mál, enda er málið á því stigi, að það á eftir að fá meðferð í n. og á þeim vettvangi vonast ég eftir, að okkur hv. 7. landsk. þm. takist að komast að sameiginlegri niðurstöðu til hagsbóta fyrir sjávarútveginn, eins og stundum áður.

Það er nú samt að nokkru leyti í framhaldi af ræðu hans, sem ég tek nú hér til máls.

Hér hefur verið af þessum hv. þm. og raunar hæstv. dómsmrh., sem einnig tók til máls, nokkuð minnzt á þál., sem samþ. var á Alþ. 1964, og til þess að það komi í ljós, að sú till. fer a. m. k. ekkert í bága við það, sem ég sagði hér áðan, ætla ég að leyfa mér, með leyfi hæstv. forseta, að lesa þessa ályktun Alþingis, en hún er samþ. 22. apríl 1964, þskj. 491, og hljóðar þannig:

„Alþ. ályktar að fela ríkisstj. að láta rannsaka möguleika á auknum stofnlánum til sjávarútvegsins, til þess að tryggja eðlilega uppbyggingu og fjárfestingu í þessari mikilvægu framleiðslugrein landsmanna. Sé jafnframt látin fara fram athugun á sem hagkvæmastri skipan með samræmdri eða sameinaðri starfsemi stofnana þeirra, er veita stofnlán til sjávarútvegsins. Ríkisstj. skipi 5 manna n. til að vinna að þessu verkefni. Verði niðurstöður n. lagðar fyrir næsta reglulegt Alþ. Kostnaður við störf n. greiðist úr ríkissjóði."

Alþ. fól hæstv. ríkisstj. að skipa 5 manna n. til þess að athuga þessi mál, en mér skilst, að þessi n. hafi ekki verið skipuð, ef ég hef tekið rétt eftir í umr. hér í dag. (Gripið fram í.) Ég held, að hæstv. ráðh. hafi eitthvert kaup fyrir störf sín, en það skiptir nú ekki miklu máli, en sjálfsagt ætlaðist Alþ. ekki til þess, er það fól ríkisstj. að skipa 5 manna n., að það væru 3 ráðh. sem settir væru í n. og ekki aðrir. Ég nefni þetta aðeins. Má vera, að það skipti ekki máli, en ef menn telja, að stjórnin hafi verið hér að vinna það verk, sem Alþ. fól henni að vinna 1964, 22. apríl, þá hefur það ekki verið gert á þann hátt, sem Alþ. fól henni að gera það. Þessi till. til þál. var flutt af hv. 7. landsk. þm. og hann segir í grg.:

„Ef í ljós kæmi, að tiltækilegt þætti að koma fyrir samstjórn, sem hér um ræðir, þyrfti það ekki að skerða sjálfstæði þeirra stofnana, sem hafa verið nefndar. Þær hafa nokkuð aðskilið hlutverk, svo sem Fiskveiðasjóður, er lánar fyrst og fremst til veiðiskipakaupa, og Stofnlánasjóður, er lánar aðeins til fiskvinnslufyrirtækja."

Hér virðist mér, að hv. þm., flm. till., hafi verið nokkuð inni á þeirri hugmynd, sem ég sló hér fram áðan, að eiginlega væri ekki óeðlileg, eða þyrfti ekki að vera óeðlileg a. m. k., að greina milli lána til fiskiðjufyrirtækja og skipalána. Eitthvað svipað þessu virðist hafa vakað fyrir hv. þm., þegar hann flutti þessa till., að það gæti vel verið eðlilegt fyrirkomulag, og ég er honum í raun og veru sammála um það, þó að ég endurtaki það, sem ég sagði áðan, að hitt getur sjálfsagt vel blessazt líka, ef rétt er um búið. En mér virðist a. m. k. ekki nein brýn nauðsyn á því, að það þurfi endilega að sameina þetta tvennt hjá hinni sömu lánastofnun, þegar nokkur söguleg hefð er á því, að það hefur ekki verið sameinað og reynsla af því fengin. En þetta munu menn nú geta rætt nánar í hv. n.

Ég nefndi það hér áðan í ræðu minni og ég segi það vegna þess, sem hæstv. ráðh. mælti hér, að mér væri ekki kunnugt um, að óskir hefðu borizt frá nokkrum aðilum, sem ég nefndi, um að setja ný l. um Fiskveiðasjóð eða skipta um stjórn hans. Það var ekki óeðlilegt, að ég gæti þessa. Ég var að ræða um það, hvort ástæða væri til að setja ný lög. Þá skiptir það vitanlega máli, hvort óskað hefur verið eftir lagasetningunni af þeim aðilum, sem eiga við fyrirkomulagið að búa, þó að hitt sé auðvitað rétt, að hæstv. ríkisstj. getur flutt lagafrv. og þarf engan um það að spyrja, ef henni sýnist svo. En þegar Alþ. á að fara að gera sér grein fyrir því, hvort ástæða sé til að setja ný l., þá verður það að gera sér grein fyrir þeim rökum, sem mæla með eða á móti. Og það mælir vitanlega með nýrri lagasetningu, ef þeir aðilar, sem helzt eiga við lagasetninguna að búa, óska eftir því, að ný l. séu sett. Þess vegna ræddi ég þetta — og án þess að átelja hæstv. ríkisstj. á nokkurn hátt með því. En út af þessu, sem ég var að ræða hér áðan, um skiptingu þeirra lána, sem hér eru á dagskrá, á milli fleiri en einnar stofnunar, þá hef ég alltaf verið þeirrar skoðunar, að það væri óeðlilegt, að stofnlánin til skipa væru hjá fleiri en einni stofnun. Mér fannst óeðlilegt, að lán til fiskibáta væru á sama tíma hjá Fiskveiðasjóði og Stofnlánadeild Landsbankans. En hitt gegnir öðru máli, þó að skipalánin séu í annarri stofnuninni og fiskiðnaðarlánin í hinni. Hv. 7. landsk. drap á það, að þeir, sem hefðu komið upp fiskiðjufyrirtækjum, hefðu fengið fé frá ýmsum aðilum, og vel þekki ég til þess, að þeir sem í slíku hafa staðið, hafa oft orðið að leita víða til þess að ná saman stofnfé, til þess að geta komið upp fyrirtækjum sínum. Hann gat um einhver slík fyrirtæki, sem hefðu fengið lán hjá 8 stofnunum, þ. á m. hjá Ræktunarsjóði og Ekknasjóði Íslands, held ég. Nú, jafnvel þó að þetta frv. verði samþ., þá geri ég nú ráð fyrir því, að sá möguleiki kunni alltaf að verða fyrir hendi að menn fái lán hjá fleirum en Fiskveiðasjóði, enda þótt hann fái yfirráð yfir Stofnlánadeildinni og ég held, að ekki verði gerlegt fyrir okkur að sameina allar þær stofnanir, sem hafa einhvern tíma veitt lán til fiskiðnaðarfyrirtækja.

En það, sem ég vildi einkum benda á nú og er eiginlega aðalástæðan til þess, að ég kvaddi mér hljóðs, þó að það sé raunar einnig í tilefni af ræðu hv. 7. landsk., er það, að þetta frv. til l. um Fiskveiðasjóð Íslands er ekki í neinu órjúfandi sambandi við það frv., sem hæstv. ríkisstj. hefur mælt hér fyrir í dag um Framkvæmdasjóð, Efnahagsstofnun og Hagráð. Ég sé ekki annað en að þingið geti, ef því sýnist svo, vel samþ. það frv. og gert það að l. án þess að samþ. þetta frv. um Fiskveiðasjóð. Ég skal að vísu játa, að mér hefur ekki unnizt tími til þess, af því að þessum málum var svo seint útbýtt, að bera nákvæmlega saman þessi frv., en ég sé ekki annað en að Framkvæmdasjóður Íslands gæti alveg eins lánað Fiskveiðasjóði, þó að ekki væru sett ný l. um hann, og að hann gæti lánað Stofnlánadeildinni, ef hún væri látin starfa áfram. Ég held því, að það sé ekki nauðsynlegt að skoða það frv. og frv. um Fiskveiðasjóð sem óaðskiljanlega heild, þm. geti látið vera að samþ. þetta frv., þó að frv. um Framkvæmdasjóð o. fl. kynni að verða samþ. í þinginu. Mér virðist það a. m. k. og sé eitthvað það í frv. um Framkvæmdasjóð o. fl., þar sem ráð kynni að vera gert fyrir setningu nýrra Fiskveiðasjóðslaga þá er varla neitt því til fyrirstöðu, ef þetta frv. yrði ekki samþ., að breyta því og gæti ekki skipt neinu verulegu máli.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Það var nú hér örstutt aths. í tilefni af orðum hæstv. dómsmrh., sem hér féllu um þetta mál.

Hæstv. dómsmrh. vék af talsverðum kunnugleika

alveg augljóslega að því atriði þessa frv., sem er meginatriði þess, eins og ég hef bent hér á áður. En það er varðandi þá breyt., sem er fyrirhuguð á stjórn Fiskveiðasjóðs. Eins og hér hefur verið bent á í umr. áður, hefur stjórn Fiskveiðasjóðs verið þannig um langan tíma, að að nafninu til hafa verið þar í stjórn bankastjórnar Útvegsbankans, en ákveðinn forstöðumaður sjóðsins hefur haft með starfsemi hans að gera, eins og fullkominn bankastjóri væri í sinni stofnun og ráðið þar allri meginstefnu. Lántakendur hjá sjóðnum hafa flutt mál sín fyrir þessum forstöðumanni, og hann hefur athugað þau og í rauninni tekið ákvörðun um það hverju sinni, hvernig við skyldi bregðast. En nú er sem sagt með þessu frv. lagt til að gjörbreyta um stjórn Fiskveiðasjóðs, og það tel ég vera aðalatriðið í þessu frv. Það er gert ráð fyrir því, að þrír bankar, Landsbankinn, Seðlabankinn og Útvegsbankinn, eigi nú að fá stjórnaraðstöðu yfir þessum nýja Fiskveiðasjóði og greinilega er ætlunin sú, að þeir fái þarna í sínar hendur svipað vald yfir lánveitingum eins og forstöðumaður sjóðsins hefur haft að undanförnu. Og þegar hæstv. dómsmrh. vék að þessu og ákvæðum þeim í frv., sem um þetta fjalla, þá sagði hæstv. ráðh., að því væri ekki að leyna, að það hefðu verið uppi mjög skiptar skoðanir hjá viðskiptabönkunum um það, hvernig þessum málum ætti fyrir að koma. Þeir í Landsbankanum hefðu viljað tryggja, að það fyrirkomulag yrði haft á í þessum efnum, sem gilt hefði í Stofnlánadeild sjávarútvegsins. En hvaða fyrirkomulag hefur gilt þar, síðan sú deild var opnuð í síðara skiptið? Þar hafa bankastjórar frá Landsbankanum og bankastjórar frá Seðlabankanum og bankastjórar frá Útvegsbankanum beinlínis veitt lánin, ráðið algerlega yfir lánveitingunni og við þá hefur þurft að tala og leggja fyrir þá öll gögn. Þeir hafa þar haft algerlega með rekstur Stofnlánadeildarinnar að gera. Þar hefur ekki verið um neinn forstöðumann að ræða, sem gilt hefur í framkvæmdinni eins og bankastjóri væri. Sjónarmið Landsbankans var það nú í sambandi við hinn nýja Fiskveiðasjóð, að þetta fyrirkomulag ætti að taka upp, en fulltrúar Útvegsbankans vildu hafa gamla lagið á, það sem hefur gilt í Fiskveiðasjóði fram til þessa, að svipuð stjórn og stjórnin í Fiskveiðasjóði hefur verið væri til staðar í hinum nýja Fiskveiðasjóði og forstöðumaður stofnunarinnar hefði með framkvæmdavaldið að gera. Og þá skapast auðvitað viss vandi hjá hæstv. ríkisstj., hvernig hún eigi að komast út úr þessari flækju, og þá leysir hún það á þann hátt, sem hæstv. dómsmrh. skýrði frá, því að hann er sýnilega kunnugur málinu. Ríkisstj. ákvað að fara bil beggja og hræra þessu hvoru tveggja saman. Og þannig verður til 14. gr. frv., en hún er á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Umsækjendur um lán úr Fiskveiðasjóði geta valið um, hvort heldur þeir leggi lánbeiðnir sínar fyrir Fiskveiðasjóð eða viðskiptabanka sinn. Þær lánbeiðnir, sem lagðar eru fyrir viðskiptabanka umsækjenda, skal viðskiptabankinn senda Fiskveiðasjóði ásamt umsögn sinni. Fiskveiðasjóður skal á sama hátt leita umsagnar viðskiptabanka umsækjenda um umsóknir þær, er honum berast, áður en þær eru afgreiddar. Það er auðvitað greinilegt mál, að þó að ríkisstj. hafi í þessu tilfelli reynt nú að fara bil beggja, eins og hæstv. ráðh. sagði, sýnist mér, að sjónarmið þeirra Landsbankamanna eigi að ráða í framkvæmdinni. Yfirleitt er sagt við menn, að þeir skuli halda áfram í sambandi við sín stofnlán að tala við sína viðskiptabanka, og verður sennilega ekki allt of vel séð, þegar gengið verður fram hjá þeim háu herrum, séu menn í viðskiptum við þá, að ganga þá fram hjá þeim og sækja um stofnlán, sem þeir eiga síðan að greiða atkv. um, ef ekki hefur verið við þá talað, enda tryggja þeir það með orðalagi greinarinnar, að Fiskveiðasjóður skal líka leita umsagnar þeirra, sem teljast viðskiptabankar viðkomandi aðila um umsóknirnar. Hæstv. dómsmrh. reyndi svo að réttlæta þetta nýja kerfi með því að segja, að hann teldi öfugt við það, sem ég hafði sagt hér fyrr í þessum umr., að það ætti að miða veitingu stofnlána einmitt við viðskiptalega aðstöðu hinna einstöku fyrirtækja eða stöðu þeirra í viðskiptabönkunum, og hann teldi einmitt, að þetta hefði Fiskveiðasjóður gert á undanförnum árum eða á þann veg, að hann hefði kynnt sér vel aðstöðu hinna einstöku umsækjenda. En þá vil ég spyrja, hvernig stendur á því, að allir hafa verið sammála um það að greina á milli stofnlána sjóða og rekstrarlána banka? Af hverju hafa menn verið að þessu fikti? Af hverju hafa menn ekki fallizt þá bara á það að halda gamla laginu áfram að láta rekstrarlánabankana hafa stofnlánaféð líka og veita út stofnlánin? Nei, menn hafa fyrir löngu sannfærzt um það, að þetta fer illa saman. Það er eðlilegt, að stofnlánasjóðirnir starfi alveg sér eftir mjög föstum reglum og það eigi allir sama rétt, ef þeir uppfylla tiltekin skilyrði og geti fengið sín stofnlán, en hins vegar eigi ekki að koma til mjög mismunandi sjónarmið rekstrarlánabankanna með tilliti til þess, hvernig rekstri viðkomandi aðila kann að vera orðið háttað eftir margra ára viðskipti við rekstrarlánabanka. Við höfum ekki viljað viðurkenna það, að útgerðarmaður t. d., sem kominn er í allmikla skuld við rekstrarlánabanka eftir margra ára viðskipti, eigi að hafa einhvern forgang til þess að fá lán úr stofnlánasjóði, jafnvel þó að sjónarmið viðskiptabankans segðu það, að það væri anzi þægilegt, að þessi viðskiptamaður hans fengi stofnlán, til þess að hægt væri kannske að nota eitthvað af því stofnláni til að grynna á rekstrarskuldunum.

Ég held, að það hafi verið að vel athuguðu máli, sem þeirri reglu var slegið fastri, að það væri rétt að greina í sundur stofnlánasjóðina og stofnlánabankana og rekstrarlánabankann, og ég held, að það sé að halda inn á ranga braut í þessum efnum nú, þegar sú stefna er aftur tekin upp að blanda saman starfsemi stofnlánasjóða og rekstrarlánabanka og enn þá vitlausast er það þó, þegar verið er að draga Seðlabankastjóra inn í þessa starfsemi líka. (Gripið fram í.) Ég held líka, að einmitt þetta, sem hæstv. dómsmrh. minntist hér á um þessar mismunandi skoðanir, sem þarna eru ríkjandi hjá þeim Landsbankamönnum og Útvegsbankamönnum, að þetta boði ekkert gott um framkvæmdina í þessum efnum. Ég óttast það verulega, að stofnlán til hinna einstöku aðila úr hinum nýja Fiskveiðasjóði verði mjög lituð af sjónarmiðum rekstrarlánabankanna, og það kunni að gæta togstreitu, sem vissulega er á milli þessara aðila í sambandi við veitingu lána. Og ég er mjög hræddur um það líka, að það muni reynast erfitt fyrir

forstöðumann hins nýja Fiskveiðasjóðs að fóta sig á þeim reglum, sem þessir aðilar kunna að leggja þeim forstöðumanni, aðilar, sem eru meira og minna ósammála um reglurnar. Þetta var það, sem ég hafði hér fyrr í umr. bent á, að ég tel mestu annmarkana við þetta frv. Ég er sammála því út af fyrir sig að sameina Fiskveiðasjóðinn og Stofnlánadeild sjávarútvegsins. Ég sé enga ástæðu til þess, að Stofnlánadeildin sé tengd Seðlabankanum og rekstrarlánabönkunum á þann hátt, sem hún er nú. Það er ósköp eðlilegt, að hún gengi inn í Fiskveiðasjóð. Ég er sammála því út af fyrir sig.

Önnur þau atriði, sem hér koma fram, er nú ekki tími til þess að fara langt út í. Þó vildi ég aðeins segja það, að mér fannst nú hæstv. dómsmrh. gera æði mikið úr því í sinni upptalningu, hvað gert hefði verið á undanförnum árum til þess að greiða úr stofnlánaþörf sjávarútvegsins. Sannleikurinn er nú sá, að hinir nýju lánaflokkar Stofnlánadeildarinnar byggjast ekki á neinu nýju fjármagni til sjávarútvegsins. Þetta fé, sem þar var um að ræða og er um að ræða í öllum meginatriðum, var fé, sem var búið að lána til sjávarútvegsins og sem var orðið fast hjá sjávarútveginum í gegnum lán frá viðskiptabönkunum, en sem hinum ýmsu greinum sjávarútvegsins gekk illa að standa undir. Svo var ákveðið að færa þessar skuldir hinna einstöku sjávarútvegsfyrirtækja úr viðskiptabönkunum og inn í hina nýju lánaflokka Stofnlánadeildarinnar og breyta þessum lánum, sem höfðu verið óumsamin, í umsamin stofnlán. Hér var ekki nema að sáralitlu leyti um nýtt fjármagn að ræða. Hér var um að ræða vissa tilfærslu, af því að þörfin var orðin knýjandi, og þarna var að vísu um nokkrar umbætur að ræða, en ekki var það nú ýkja stórt.

Hið sama er um það að segja, að núv. ríkisstj. hefur auðvitað ekkert gert í því að greiða fyrir útgerðaraðilum með að útvega sér 7 ára lán í sambandi við byggingu fiskiskipa erlendis. Slík lán höfðu verið tekin fyrir hennar dag. Og það hefur ekkert staðið á því yfirleitt að fá þessi lán, svo að segja hvar sem er, í sambandi við byggingu nýrra skipa. Þar er því ekki um neitt nýtt eða sérstakt að ræða. Hins vegar verður að segja það eins og það er, að reglur í sambandi við nýsmíði skipa eða kaup á nýjum fiskiskipum eru nú margfalt erfiðari en þær, sem í gildi voru hér fyrir nokkrum árum síðan. Ég veit það, að hæstv. dómsmrh. veit það mætavel, að þeir aðilar, sem nú kaupa sér nýtt fiskiskip erlendis frá, verða áður en byggingarsamningurinn er gerður, löngu áður en skipið verður tilbúið, að borga alla sína fjárhæð út á borðið, það, sem þeir eiga að borga út í skipinu, um ⅓, og það fé er að hálfu leyti lagt inn í Seðlabankann til þess að liggja þar í eitt ár, meðan verið er að smíða skipið, og að hinum helmingnum er það látið liggja inni í viðskiptabönkunum talsverðan tíma, áður en það kemur til greiðslu til þeirra, sem þetta fé eiga að fá og byggja skipin. Þessar reglur hafa verið settar beinlínis til þess að draga úr því, að skipakaupin væru jafnmikil eins og vilji manna hefur staðið til.

Jú, það er rétt, að ríkisstj. beitti sér fyrir því á árinu 1963, að tekið var nokkurt lán í Bretlandi og talsverð framkvæmdalán og talsverður hluti af því láni gekk til sjávarútvegsins. Og á þessu tímabili hefur auðvitað gengið talsvert mikið fé bæði frá atvinnuleysistryggingasjóði og mörgum öðrum sjóðum til sjávarútvegsins í ýmsum greinum. Það er sem sagt svipað og áður hefur verið. En þessar aths., sem ég hef gert, eru í rauninni ekkert aðalatriði varðandi það frv., sem hér liggur fyrir. Ég hef bent á þennan ágalla, sem ég tel hér mestan á frv., að það er verið að fara inn á þá braut að kalla til aðila frá rekstrarlánabönkunum og frá Seðlabankanum í auknum mæli til þess að hafa yfirstjórn þessara mála. En ég hefði talið miklu eðlilegra, að samtökum útgerðarmanna og sjómanna hefði verið veittur einhver réttur til þess að tilnefna menn í stjórn fyrir hinn nýja Fiskveiðasjóð eða þá Alþ. hefði að sínu leyti tekið þátt í því að kjósa stjórn fyrir þennan nýja sjóð. En því atriði sem sagt að sameina Fiskveiðasjóð og Stofnlánadeildina er ég samþykkur.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Ég skal nú ekki lengja þessar umr. mikið frá því, sem þegar er orðið. Það er þó ástæða til þess að taka fram þegar í upphafi og ítreka það, sem kom fram hjá hv. 7. landsk. þm., að frv. þessu eða einstökum ákvæðum þess er ekki og hefur aldrei verið hugsað, að þeim væri beint gegn einum starfsmanni eða trúnaðarmanni, sem unnið hefur að framkvæmdum og hefur verið í forsvari fyrir Fiskveiðasjóð undanfarið langt tímabil og hefur þá sérstaklega verið nefndur forstjóri sjóðsins. Það ber ekki að skilja eitt einasta ákvæði þessa frv. á þann veg og er, að ég vil segja, svona a. m. k. óhætt að hafa grunsemdir uppi um það, að það sé vísvitandi rangtúlkun á þessu frv. að ætla því slíkan tilgang.

Varðandi þau önnur atriði, sem hér hafa verið gerðar beinar fsp. um til mín, hefur hæstv. dómsmrh. svarað sumum þeirra rækilega og sér í lagi þá varðandi öll tildrög þessa máls og undirbúning þess, en töluverður hluti þess undirbúningsstarfs hafði verið unninn, þegar ég tók við þessu starfi mínu og er ekki ástæða til þess að rekja það öllu frekar. Ég læt nægja í því efni að vitna til ummæla hans um það, að Alþ. sjálft hafi samþykkt áskorun um þá athugun, sem birtist í þessu frv. og frv. ber að skoða sem niðurstöður af þeirri athugun og ákvörðun ríkisstj. raunar um að fara þá leið, sem það frv. boðar. Þar með tel ég, að bæði fsp. hv. 5. þm. Vestf. og 7. þm. Reykv. sé að því leyti svarað.

Ég get farið örfáum orðum frekar um það, ef hv. þm. telur það ekki fullnægjandi svar, þá er, eins og hæstv. dómsmrh. skýrði frá, engin forsenda fyrir flutningi máls, að einhver aðili hafi óskað eftir því. Það er ákvörðun ríkisstj. eftir viðræður við þessa aðila frá því í sumar að flytja þetta frv. í því formi, sem það er nú. Og þurfa engar óskir að koma um það frá neinum aðilum, til þess hlýtur ríkisstj. að hafa fullar ástæður, svo sem hún færir rök fyrir því í grg. frv.

Hv. 5. þm. Norðurl. v. hafði það að meginuppistöðu í sinni ræðu hér áðan, að sem dæmi um þá aðför, sem þetta frv. væri að útvegsmönnum væri það m. a., að dráttarvextir væru hér ákveðnir ½% í frv. Samkv. þeim l., sem sjóðurinn starfar að meginefni tileftir, l. nr. 40 frá 1955, segir í 6. gr. þess frv., að dráttarvextir skulu vera ¾%, þannig að ég fæ nú ekki betur séð en að hér sé um lækkun um ¼% að ræða á þessari stóru meinsemd, sem

hv. þm. taldi þetta frv. vera. (Gripið fram í.) Það er rétt, það er fyrir hvern mánuð í l., það er alveg rétt. Hitt er hálfsmánaðarlega. Það er töluverður skilsmunur á. Ég tel, að það sé rétt að hafa það, sem sannara reynist í því. Það er rétt, féð stendur fyrir hvern mánuð, en í frv. fyrir ½ mánuð, þannig að mismunurinn er nú samt sem áður ekki ýkja mikill. Þess vegna er ekki a. m. k. ástæða til að telja það vera rök fyrir því, að málið skuli ekki ná fram að ganga. Og enn fremur vitnaði hann til þess, að vextir væru lögfestir í l. um Stofnlánadeild landbúnaðarins. Mér er tjáð af mönnum, sem hafa starfað við þá deild um langan tíma, að svo sé ekki, það ákvæði sé á valdi Seðlabankans svo sem um vexti annarra stofnlánadeilda. Ég held, að að öðru leyti hafi þeim efnisatriðum, sem fram hafa komið hér, verið svarað. Það er rétt um þetta mál sem um flest önnur, sem hv. 3. þm. Norðurl. e. sagði hér áðan í sinni fyrri ræðu, að það orkaði mjög tvímælis að setja slík lög sem þessi. Ég vildi þá spyrja á móti: Hvaða nýsmíði er það, sem ekki orkar tvímælis hér? Ég hygg, að það sé í færri atriðum, sem ekki megi vefengja einstök atriði þess.

Ég vil svo að lokum aðeins segja þetta. Það er niðurstaða ríkisstj. eftir, ég vil segja, mjög vandlegan undirbúning þessa máls, að hér sé um verulegar endurbætur að ræða með lagasetningu þessa efnis, svo sem frv. þetta gerir ráð fyrir, og allur undirbúningur málsins til þessa hefur sannfært ríkisstj. um, að svo sé. Eðlilegt er, eins og hér hefur komið fram, að einstök atriði frv. fái athugun í n. og sé þar hægt að bæta eitthvað um og n. geti orðið sammála um það, er eðlilegt, að þau atriði séu vandlega könnuð, áður en frv. fær endanlega afgreiðslu.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Ég verð að segja það, að ég skil ekki orð míns gamla skólafélaga, hv. 5. þm. Austf., þegar hann er að lýsa þessu frv. og hver sé mestur ágalli þess. Hann segir, að það sé mestur ágalli þess, að það sé verið að blanda saman tvennu, rekstrarlánum eða lánveitingum til stofnframkvæmda og reksturs fyrirtækjanna. Og hann spyr: Af hverju hafa menn verið að greina á milli stofnlánasjóða og rekstrarlána? Þetta fer mjög illa saman, segir hann. Hann segir, að þeirri reglu hafi verið slegið fastri, að rétt væri að greina í sundur stofnlánasjóði og rekstrarlánasjóði banka. Ég þekki ekki, að þetta sé rétt. Ég veit ekki betur en stjórn Fiskveiðasjóðs hafi verið í höndum bankastjóra rekstrarbankans, viðskiptabankans, Útvegsbankans, og þó að hann sé forstjóri fyrir sjóðnum, er það ekki hann, sem veitir lánið. Og ég hef nokkurn kunnugleika af því. Ég veit, að hún hefur verið mikilsverð, hans forstaða fyrir sjóðnum. En mér er líka kunnugt um það, að iðulega hafa ákvarðanir um lánveitingar markazt af þeirri þekkingu, sem innan bankastjórnar Útvegsbankans var fyrir hendi á rekstrarafkomu fyrirtækja, þegar ákvörðun um stofnlán var tekin. Og það var auðvitað algengt, meðan ég var í stjórn Útvegsbankans, að forstjóri sjóðsins var einmitt að bera ráð sitt saman við okkur bankastjórana um rekstrarlánaafkomu fyrirtækjanna, sem höfðu leitað til Fiskveiðasjóðs og hann hafði til athugunar, áður en sjóðsstjórnarfundur væri haldinn, en sambandið á milli forstjórans og bankastjóranna var þar svo náið sem verða mátti, og alltaf voru að jafnaði haldnir þarna vikulegir fundir og þess á milli ýmist ræddum við við forstjórann, bankastjórarnir, eða forstjórinn við okkur bankastjórana í sambandi við stofnlánin og rekstrarlánin. Hér er ekkert nýtt verið að taka upp. Hvernig er það þá með stofnlánadeildina? Voru það ekki bankastjórar, sem veittu stofnlánin þar, bankastjórar rekstrarlánabanka? Hvernig er það í Búnaðarbankanum? Eru það ekki bankastjórar Búnaðarbankans, sem veita stofnlánin til stofnlánadeildarinnar í Búnaðarbankanum? Það er m.ö.o. í öllum þessum stofnlánasjóðum sjávarútvegs, Fiskveiðasjóðs, stofnlánadeildar og stofnlánadeildar landbúnaðarins. Það eru alls staðar bankastjórar viðskiptabankanna, sem taka ákvarðanir um lánin. Hvernig er þá hægt að vera að tala hér um, að hér sé verið að taka upp einhverja nýja reglu og þetta sé mesti annmarkinn á frv., að það sé verið að blanda því saman, sem blandað hefur verið saman?

Ég skal ekki að öðru leyti lengja umr., en mér finnst ekki, að hv. þm., sem þekkja nú alveg til, og alveg sérstaklega þessi hv. þm., sem er þar að auki í bankaráði Útvegsbankans, þá mega menn ekki telja það mestu annmarka á frv., að það sé verið að taka upp einhverja reglu, sem ekki hafi þekkzt, þegar það liggur fyrir, að hún er og hefur verið notuð í öllum þessum stofnlánasjóðum, sem ég hef hér talað um.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Ég beindi í kvöld fsp. til hæstv. sjútvmrh. um það, hvort sú breyting, sem í þessu frv. fælist, væri gerð í fullu samráði við og með fullu samþykki stjórnar Fiskveiðasjóðs og núv. stjórnenda Fiskveiðasjóðs. Áður en hæstv. sjútvmrh. talaði, tók til máls hæstv. dómsmrh. og svaraði fyrir kollega sinn, og var mér ljóst af svari hans, að þessar breyt., sem hér er um að ræða, væru gerðar á þann veg, að báðir viðskiptabankarnir, Landsbankinn og Útvegsbankinn, væru óánægðir með þetta. Báðir óánægðir, sagði hæstv. ráðh. Það hefðu farið fram víðtækar viðræður við þá um þessi mál og reynt að miðla málum, finna milliveg, en báðir væru óánægðir. Ég held, að þessi vitneskja, þessar upplýsingar hæstv. dómsmrh. nægi til þess að gera hv. þingheimi kunnugt, að þessi breyt., sem hér er fyrirhuguð, er ekki líkleg til að stefna til farsældar með báða viðskiptabankana óánægða með breytinguna. Ég hefði nú kunnað betur við, að hæstv. ráðh. hefði svarað hreinskilnislega og játað það, sem staðreynd mun vera, að þessi breyt. er gerð gegn mótmælum allra bankastjóra Útvegsbankans. **(Dómsmrh.:** Það er ekki rétt.) Er það ekki rétt? Er það með þeirra góða vilja og samþykki, meðmælum? Ekki það?

Það er ekki gert með meðmælum og samþykki bankastjóra Útvegsbanka, ég þykist skilja þögn hæstv. ráðh. á þann veg örugglega. Það hefur a.m.k. farið fram hjá mér, ef hæstv. sjútvmrh. rökstuddi það í ræðu sinni í dag, að sérstök þörf, að ég ekki segi nauðsyn, kallaði á þessa breyt., sem hér er aðallega til umr., þ.e.a.s. breytinguna á stjórn Fiskveiðasjóðs. Ég heyrði hann ekki gera grein fyrir þeirri þörf eða þeirri nauðsyn, og ég heyrði hæstv. dómsmrh. ekki heldur gera það, og er hann þó sá Íslendingur, sem lengst mun hafa haft með

stjórn Fiskveiðasjóðs að gera, og ætti þannig að vera manna bezt kunnugt um, hvaða vandkvæði væru á því, að þessum sjóði væri stjórnað með sama hætti eins og var, þegar hann tók þátt í að stjórna sjóðnum. En nú virðist mér einmitt, að hann sé aðalfrumkvöðullinn að þessum breyt., sem hér er um að ræða, þrátt fyrir það, þó að hann sé einn af þeim mönnum, sem lengi hafa stjórnað þessum sjóði, máske lengst allra. Ég mundi vilja vænta þess, að hann gerði þá grein fyrir því, hvaða vandkvæði eru á því, að sjóðnum sé stjórnað með sama hætti og var, þegar hann var stjórnandi hans, hvaða vandkvæði komu þá í ljós og gerði þannig grein fyrir því, hvaða nauðsyn sé að breyta til um stjórn sjóðsins. En það hefur ekki komið fram í þessum umr. Það hefur enginn gert tilraun til þess að gera þingheimi grein fyrir, hvaða nauðsyn bæri til að breyta því stjórnarfyrirkomulagi, sem verið hefur á stjórn Fiskveiðasjóðs. Það er ógert enn.

Ég held, að þegar það er vitað, að það hefur engin óánægja verið með stjórn Fiskveiðasjóðs, sízt frá hendi þeirra aðila í þjóðfélaginu, sem við viðskipti hans áttu að búa, þ. e. a. s. útvegsmenn, og breyt. er gerð á móti vilja stjórnenda sjóðsins, þá muni mönnum vera það ljóst, að þessi breyt. horfir ekki til heilla og hér er um frv. að ræða, sem Alþ. á annaðhvort að svæfa eða fella.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Það eru aðeins tvö atriði. Hið fyrra er það, að hv. síðasti ræðumaður, hv. 5. þm. Vestf., kom ekki inn í þingsalinn fyrr en verulega var liðið á mína framsöguræðu, og ég get ekki þreytt þingheim á að fara að rifja það upp, hvað ég sagði í henni, en læt nægja að vísa til hennar.

Hið síðara er það, að forstöðumaður Fiskveiðasjóðs er staddur hér í þinghúsinu um þessar mundir og hefur tjáð mér varðandi það atriði, sem nefnt var hér í umr. áðan, bæði af 5. þm. Norðurl. v. og síðan af mér, að það sé á dálitlum misskilningi byggt. Frv. um þetta ákvæði sé nákvæmlega staðfesting á því, sem er í gildi í dag. Það er gert ráð fyrir 1% dráttarvöxtum á mánuði í dag, en frv. gerir ráð fyrir ½% á hálfum mánuði. Þetta vildi ég, að kæmi fram, áður en þessari 1. umr. lýkur.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 58. fundi í Nd., 22. marz, var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 33 shlj. atkv. og til sjútvn. með 33 shlj. atkv.

Á 77. fundi í Nd., 25. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 325, n. 537, 538 og 540, 539, 541, 560).

Frsm. meiri hl. (Birgir Finnsson): Herra forseti. Eins og fram kemur í nál. á þskj. 538 hefur ekki orðið samkomulag um afgr. þessa máls í sjútvn. Meiri hl. n. leggur til, að frv. verði samþykkt með þeim brtt., sem fram eru bornar á þskj. 539. Fyrri minni hl. n., hv. 5. þm. Austf., hefur tjáð sig fylgjandi sumum af brtt. meiri hl., en flytur frekari till. á þskj. 560, og hefur hann lýst því yfir í n., að hann sé út af fyrir sig fylgjandi því, að frv. nái fram að ganga á þessu þingi. Tveir hv. nm., annar minni hl. n., leggja aftur á móti til, að frv. verði vísað frá með rökstuddri dagskrá, eins og fram kemur á þskj. 537.

Frv. var ýtarlega rætt á nokkrum fundum n. og það var sent til umsagnar Fiskveiðasjóði Íslands, Útvegsbanka Íslands, Landssambandi ísl. útvegsmanna, Landsbanka Íslands og Seðlabanka Íslands og enn fremur barst n. erindi frá Landssambandi iðnaðarmanna í sambandi við þetta mál. Umsagnirnar, að undantekinni umsögn Útvegsbankans, eru yfirleitt jákvæðar, en í umsögn Fiskveiðasjóðs er ekki tekin afstaða með eða móti málinu, en hins vegar bent á ýmsar breytingar, sem talið er, að gera þurfi á frv.

Það urðu um þetta mál talsverðar umr. við 1. umr. og sé ég ekki ástæðu til að blanda mér í þær deilur, sem þar urðu um málið. Með frv., ef að l. verður, er gert ráð fyrir, að Stofnlánadeild sjávarútvegsins og Fiskveiðasjóður verði sameinuð í einn sjóð, sem beri áfram nafnið Fiskveiðasjóður Íslands, og verður það að teljast eðlilegt, þar sem sú stofnun er eldri og hefur um margra ára skeið verið aðallánastofnun sjávarútvegsins.

Enn fremur gegnir Fiskveiðasjóður, eftir þessa lagabreytingu, því hlutverki, sem hann áður hafði vegna Skuldaskilasjóðs sjávarútvegsins frá 1950.

Það má segja, að með þessu frv. verði ekki nein veruleg breyt. á lánamálum sjávarútvegsins önnur en sú, að þessar tvær höfuðlánastofnanir hans, Fiskveiðasjóður og Stofnlánadeildin, eru sameinaðir í eina lánastofnun. En af því leiðir að sjálfsögðu nokkrar breyt., m.a. á yfirstjórn sjóðsins, og hygg ég, að það sé sú breyt., sem í raun og veru er mest um deilt í sambandi við þetta mál. Það er m.a. um stjórn sjóðsins, sem ekki hefur orðið samkomulag í sjútvn.

Ég skal aðeins með örfáum orðum gera grein fyrir þeim breyt., sem meiri hl. sjútvn. flytur á þskj. 539. Það er þá fyrst við 2. gr. frv., sem fjallar um hlutverk Fiskveiðasjóðs. Þar er lagt til, að á eftir orðinu „fiskvinnslustöðvum" í gr. komi: „vélum og mannvirkjum, sem að dómi sjóðsstjórnar eru í þágu sjávarútvegs, þ. á m. skipasmíðastöðvum, dráttarbrautum, viðgerðarverkstæðum, veiðarfæragerðum og verbúðum." Það, sem er nýtt þarna, er, að orðinu „vélum" er skotið þarna inn í á eftir fiskvinnslustöðvum og voru allir nm. sammála um þessa breytingu, þar sem mönnum þótti fullþröngt tiltekið, að sjóðurinn skyldi eingöngu lána til fiskvinnslustöðva, því að það er vitað, að ýmsar fiskvinnsluvélar eru notaðar í sjávarútveginum, sem eru þar mjög þarfar og nauðsynlegar, þótt þær séu ekki hluti af fasteignum eða fiskvinnslustöðvum. M.a. vegna þessa var þessu orði skotið þarna inn í og því einnig bætt við, að þessar vélar skyldu vera lánhæfar, ef þær að dómi sjóðsstjórnar væru í þágu sjávarútvegsins, en að sjálfsögðu getur oft verið erfitt að meta, hvaða tæki skuli vera lánhæf, og það verður þá að vera á valdi sjóðsstjórnarinnar. Með því að verksvið Fiskveiðasjóðs er með þessum lögum fært út, eins og raun ber vitni, fannst sjútvn. ástæða til að rýmka einnig um þetta ákvæði, frá því sem frv. gerir ráð fyrir.

Önnur brtt. meiri hl. er um stjórnina, eða við 7. gr. frv., en um þá brtt. er ekki samkomulag í n. Breytingin, sem meiri hl. gerir á gr., er sú, að sett er fremst í gr.

undir hvaða ráðh. Fiskveiðasjóður skuli heyra og síðan er tekið upp, hvernig stjórnin skuli skipuð. Það var ekki gerð grein fyrir því í upphaflega frv. til hve langs tíma stjórnin skuli skipuð, en þarna er í okkar tillögu lagt til, að hún verði skipuð til tveggja ára í senn eftir tilnefningum, en tilnefningarnar eru með þeim hætti, sem frv. gr. gerir ráð fyrir.

Um þriðju brtt. á þskj. 539 hygg ég, að sé fullt samkomulag í sjútvn. Það er gert ráð fyrir því í frv., eins og það var upphaflega lagt fram, að sjóðurinn skyldi geyma fé sitt í Seðlabankanum og á reikningum í Landsbankanum og Útvegsbankanum. En m.a. vegna erindis frá Landssambandi iðnaðarmanna, þá er þessu nú breytt í það horf, að sjóðnum heimilist að geyma fé í viðskiptareikningum við aðra banka en Seðlabankann eða sparisjóði, ef svo stendur á, að sú lánastofnun, sem hlut á að máli, hefur veitt bráðabirgðalán til framkvæmda, sem stjórn Fiskveiðasjóðs hefur samþykkt, o.s.frv., eins og í gr. stendur.

Þá er 4. brtt. meiri hl. við 13. gr. frv. Í þeirri gr., eins og hún er í frv., er kveðið á um lánstíma. Má hámarkslánstíminn vera út á fasteignir 20 ár, en lán út á skip 15 ár. Þetta er sú regla, sem gilt hefur, en meiri hl. hefur orðið ásáttur um að breyta þessu í það horf, að sjálfur lánstíminn sé ekki tekinn fram í l., heldur sé haft á þessu það orðalag, sem kemur heim við gildandi ákvæði í 32. gr. l. um efnahagsmál, frá 20. febr. 1960. En þar er kveðið svo á, að ríkisstj. sé heimilt, að fengnu áliti stjórnar Seðlabankans, að kveða á um vaxtakjör og lánstíma hjá Fiskveiðasjóði, Stofnlánadeild sjávarútvegsins, Stofnlánadeild landbúnaðarins o.fl. stofnlánasjóðum.

Að þessu athuguðu taldi meiri hl. n. ekki ástæðu til að taka lánstímaákvæðið upp í frv.-gr. og flytur því brtt. nr. 4. Sama má segja um brtt. meiri hl. við 15. gr., þar sem fjallað er um vaxtakjör og dráttarvexti. Breyt., sem lögð er til við fyrri málsl. fyrri málsgr., er um það, að upphæð dráttarvaxtanna skuli ekki ákveðin í frv.-gr., heldur skuli hún, á sama hátt eins og vaxtakjörin almennt, ákvarðast af stjórn Fiskveiðasjóðs, að höfðu samráði við sjútvmrh. og Seðlabankann.

Enn fremur gerir meiri hl. n. þá breyt. við þessa gr., að í stað 1% lántökugjalds, sem renni í varasjóð skv. nánari ákvörðun sjóðsstjórnar, komi ¼%.

Þá er 6. brtt., sem meiri hl. flytur. Hún er við 18. gr., 2. málsl. 1. málsgr., um það, að þegar skipað er í matsnefnd, þá skuli orðin „einum tilnefndum af Seðlabankanum, einum af Landsbankanum og einum af Útvegsbankanum," falla burt. Þetta telur meiri hl. n. vera óþarft í sjálfum l. og nánast vera reglugerðaratriði og leggur því til, að þetta falli burt. Um þetta hygg ég, að sé ekki ágreiningur innan n. allrar.

Sömuleiðis leggur n. til, að aftan af 20. gr. falli burt orðin „ef þeir afhenda þau ekki Landsbankanum eða Útvegsbankanum." En í þeirri gr. er svo kveðið á, að öllum skuldunautum Fiskveiðasjóðs sé skylt að láta sjóðnum í té árlegt afrit af rekstar- og efnahagsreikningum sínum í því formi, sem Fiskveiðasjóður ákveður. Síðan stendur til viðbótar „ef þeir afhenda þau ekki Landsbankanum eða Útvegsbankanum" eða þau orð, sem meiri hl., og raunar n. öll, er sammála um að fella niður, og telur n., að þrátt fyrir það, að skipun stjórnarinnar komi til með að verða eins og gert er ráð fyrir í frv., þá sé Fiskveiðasjóður eftir sem áður það sjálfstæður aðili, að hann eigi skýlausan rétt á því að fá viðskiptareikninga þeirra aðila, sem við hann hafa viðskipti.

Síðasta brtt. er aðeins leiðrétting, og sé ég ekki ástæðu til að fjölyrða um hana.

Ég vil svo að lokum segja það, herra forseti, að með frv. þessu, ef að l. verður, er gert ráð fyrir að samræma og sameina starfsemi þeirra stofnana, er aðallega veita stofnlán til sjávarútvegsins. Er með frv. stefnt að því að koma hagkvæmari skipan á lánamál sjávarútvegsins, og þess vænzt, að sú skipan, sem lagt er til að upp verði tekin, geti stuðlað að heilbrigðri þróun og framförum í útgerðinni og þeirri margháttuðu starfsemi, sem grundvallast á henni.

Þess er einnig vænzt, að með hinni nýju skipan fáist betri yfirsýn yfir stjórn þessara mála og hagkvæmari skipting þess fjár, sem er til ráðstöfunar hverju sinni. Ætti það að vera til bóta fyrir lántakendur, ekki síður en stjórnendum lánamálanna, að unnt verði að taka tillit til breytilegra þarfa á hverjum tíma, en þróunin í sjávarútvegsmálum er hvort tveggja í senn, hröð og breytileg.

Að svo mæltu legg ég til f.h. meiri hl. sjútvn., herra forseti, að frv. nái fram að ganga, með þeim breyt., sem ég hef nú gert grein fyrir.

Frsm. 1. minni hl. (Jón Skaftason): Herra forseti. Afstaða okkar fulltrúa Framsfl. í sjútvn. þessarar d. til frv. um Fiskveiðasjóð kemur fram í nál. á þskj. 537. Við leggjum þar aðallega til, að frv. verði afgr. með rökst. dagskrá, sem hljóðar þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Með það fyrir augum, að frv. það, sem fyrir liggur, um Fiskveiðasjóð Íslands verði endurskoðað milli þinga í samráði við stjórnir Fiskveiðasjóðs Íslands, Stofnlánadeildar sjávarútvegsins og Landssambands ísl. útvegsmanna, og þá m.a. að því stefnt að auka fjármagn til stofnlána í þágu sjávarútvegsins, tekur d. fyrir næsta mál á dagskrá."

Til vara flytjum við nokkrar brtt. á sama þskj. Áður en ég vík að þessari till. okkar, langar mig almennt í örfáum orðum að lýsa yfir þeirri stefnu, sem ég tel, að eðlilegt sé, að fylgt verði um stofnlánamál sjávarútvegsins, en hún er sú, að ég er því alls ekki mótfallinn, að hinir ýmsu stofnlánasjóðir sjávarútvegsins séu sameinaðir í einn sjóð, eins og að vissu marki er stefnt að með þessu frv. Ég tel einmitt, að í því felist ýmislegt hagræði og sé á margan hátt eðlilegra en sú skipan málanna, sem nú er í gildi, þar sem segja má, að a.m.k. 3 stofnlánasjóðir séu til í landinu, er annist stofnlán til sjávarútvegsins. Ég viðurkenni, að með frv. þessu, sem aðallega miðar að því að sameina Fiskveiðasjóð og Stofnlánadeild sjávarútvegsins, er stefnt í þessa áttina, og út af fyrir sig hef ég ekkert við því að segja. En ef fylgja á þeirri stefnu, eins og mér skilst af frv. og grg. þeirri, er því fylgir, að stefnt sé að, sakna ég þess, að frv. skuli ekki einnig vera látið ná til Fiskimálasjóðs, sem veitir stofnlán til vissra framkvæmda í sjávarútveginum. Ég tel enn fremur, að starfsemi stofnlánasjóðs sjávarútvegsins, þ.e.a.s. Fiskveiðasjóðsins, sé eðlilegt að gera sem sjálfstæðasta og skipa honum sérstaka stjórn,

sem ekki sé of mikið bundin þeim viðskiptabönkum, sem annast lánveitingar, og þá fyrst og fremst rekstrslán, til sjávarútvegsins. Ég vildi láta þetta koma fram áður en ég vík að þeirri till., sem við fulltrúar Framsfl. í hv. sjútvn. flytjum á þskj. 537. Aðalástæðan fyrir því, að við leggjum til, að frv. verði að þessu sinni afgr. með rökst. dagskrá, er sú, að eins og frv. ber með sér, á að auka mjög verulega verksvið Fiskveiðasjóðs frá því, sem er í gildandi l. Þetta á að gera með því að leggja niður Stofnlánadeild sjávarútvegsins, sem lánað hefur stofnlán til vissra framkvæmda í sjávarútvegi. Nú á að leggja þá stofnlánadeild niður og leggja hana undir Fiskveiðasjóð og verður þá Fiskveiðasjóður að sjálfsögðu að taka við þeim verkefnum, sem Stofnlánadeildin hefur til þessa lánað út á. Nú er það svo, að Fiskveiðasjóður er rúml. 60 ára gömul stofnun, sem á verulegar eignir eða um rúmar 600 millj. kr. Einnig hefur Fiskveiðasjóður að gildandi l. árlegan, fastan tekjustofn, sem mun nú nema einhvers staðar á milli 100 og 200 millj. kr. Hins vegar er Stofnlánadeild sjávarútvegsins svo til eignalaus. Hrein eign hennar mun talin nema um 2 millj. kr., og hún hefur á engum föstum tekjustofni að byggja. Það hlýtur að liggja í augum uppi, að þegar útvíkka á verksvið Fiskveiðasjóðs svo mikið sem frv. gerir ráð fyrir, er nauðsynlegt að afla Fiskveiðasjóði nýrra tekna til þess að standa undir þeim nýju verkefnum, sem leggja á á hann að frv. samþ. Þetta er ekki gert í frv. nema síður sé. Enginn nýr tekjustofn er þar settur inn, sem eykur tekjur sjóðsins, en hins vegar er niður felldur einn tekjustofn, sem verið hefur allt frá 1960, að ég held, þ.e.a.s. 2 millj. kr. fjárframlag á fjárl. ríkisins, sem með frv. á að fella niður. Við fulltrúar Framsfl. í sjútvn. teljum, að það sé eðlilegt að reyna til hlítar með frekari samningum og frekari viðræðum þeirra aðila, sem þetta mál varðar, að reyna að tryggja Fiskveiðasjóði auknar tekjur til þess að standa undir þessum auknu verkefnum. Á því byggjum við aðallega rökstuddu dagskrártill. okkar. Einnig er á það að líta, að nú er komið að seinustu dögum þessa þinghalds og mörg mál þarf að afgreiða í flýti, og við fáum ekki séð, að frestun fram á haustið, þar til næsta þinghald byrjar, geti skaðað málið á nokkurn hátt, en hins vegar gæfist ráðrúm til frekari athugunar á möguleikum frekari tekjuaukningar heldur en frv. þetta gerir ráð fyrir. Á þessu er rökstudda dagskráin byggð fyrst og fremst.

Um brtt. get ég verið stuttorður. Við fulltrúar flokksins stöndum ásamt öðrum nm. í sjútvn. að nokkrum till., sem fluttar eru af meiri hl. á þskj. 539. Þ.e.a.s., það er 1. stafl., 3. stafl., 6., 7. og 8. stafl. Að þessum breyt. stöndum við, en til viðbótar þeim flytjum við nokkrar brtt., sem að mestu leyti eru samhljóða þeim till., sem L.Í.Ú. hefur lagt til, að teknar verði upp við frv., auk þess sem aðrar minni háttar till. eru einnig fluttar af okkur samkv. ábendingu framkvæmdastjóra Fiskveiðasjóðs, Elíasar Halldórssonar.

1. brtt. er þannig, að við leggjum til, að við 1. gr. frv. á eftir orðunum „í eigu ríkisins" komi: upphaflega stofnaður með l. nr. 52 10. nóv. 1905. Þessi breyt. skýrir sig sjálf og þarf ekki að ræða hana frekar.

2. brtt. okkar er við 4. gr. frv. Hún hljóðar þannig: Framlag úr ríkissjóði, það stendur 3 millj. kr., en hér hafa orðið mistök. Meiningin er, að brtt. geri ráð fyrir því, að ríkissjóður leggi á fjárl. 2 millj. kr. á ári til Fiskveiðasjóðsins, eins og verið hefur, og bið ég hv. alþm. velvirðingar á þessum mistökum og vona, að þau komi ekki að sök.

3. brtt. okkar er við 7. gr. frv. Hún er um skipan stjórnar Fiskveiðasjóðs og hljóðar þannig, að í stað orðanna „tveimur fulltrúum Landsbanka Íslands og tveimur fulltrúum Útvegsbanka Íslands" komi: einum fulltrúa Landsbanka Íslands, einum fulltrúa Útvegsbanka Íslands, einum fulltrúa Landssambands ísl. útvegsmanna og einum fulltrúa A.S.Í.

Eins og frv. er úr garði gert, er gert ráð fyrir því, eins og ég hér las áðan, að viðskiptabankarnir tveir, Landsbanki Íslands og Útvegsbankinn, eigi tvo menn hvor í 5 manna stjórn Fiskveiðasjóðs. Við teljum eðlilegt, að þessu sé breytt á þann veg, að bankar þessir hafi aðeins 1 mann hvor í stjórninni, en fulltrúa frá Landssambandi ísl. útvegsmanna og einum fulltrúa frá A.S.Í. verði bætt í stjórnina í stað þessara fulltrúa viðskiptabankanna. Við byggjum þetta á því, að aðaltekjustofn Fiskveiðasjóðs á að vera samkv. frv., eins og verið hefur hingað til, tekjur af útflutningsgjaldi, sem borgað er af útvegsmönnum og sjómönnum, og við teljum því eðlilegt, að fulltrúar frá þessum stéttum eigi setu í stjórn Fiskveiðasjóðs og hafi þar sitt að segja um það, hvernig hann er rekinn. Þetta er einnig í samræmi við þá skipan mála, sem nú mun vera um iðnlánasjóðinn, þar sem fulltrúar iðnaðarins eiga fulltrúa í sjóðsstjórninni.

4. brtt. okkar er við 10. gr., svo hljóðandi: Í stað orðanna „Útvegsbankinn og forstjóri sjóðsins skulu" komi: Forstjóri sjóðsins skal.

Þetta er ekki stórvægileg breyting, en hún er tekin upp eftir till. frá forstjóra Fiskveiðasjóðs Íslands, Elíasi Halldórssyni, og finnst okkur þetta eðlilegt og í samræmi við þær óskir okkar, að starfsemi Fiskveiðasjóðsins verði gerð sem sjálfstæðust og óháðust starfsemi viðskiptabankanna.

5. brtt. okkar er við 13. gr. frv. Hún er þannig, að í stað orðanna „og lán út á skip 15 ár" komi: lán út á skip 20 ár, vélakaupalán 8 ár og tækjakaupalán 5 ár.

Þessi till. er tekin beint upp úr till. frá L.Í.Ú., sem mig langar, með leyfi hæstv. forseta, að vitna hér örlítið til, en þar segir:

„Hámarkslánstími verði lengdur. Lán út á skip verði 20 ár í stað 15 ár. Lánstími Fiskveiðasjóðs út á skip var til ársins 1960 20 ár, en með l. nr. 4 frá 1960 var ríkisstj. gefin heimild til þess að ákveða lánstíma sjóðsins og var hann þá styttur í 15 ár. Telja verður með öllu óeðlilegt, að lánstími út á fiskiskip sé styttri en 20 ár miðað við gæði þeirra skipa, sem byggð eru í dag. Auk þess er rekstrarafkoma fiskiskipaflotans þannig með fáum undantekningum, að hún leyfir ekki, að skip séu greidd að fullu á 15 árum. Vegna betri rekstraraðstöðu fyrstu 10 árin teljum vér, að til greina gæti komið, að afborganir yrðu miðaðar við, að 60% af lánsupphæðinni yrði greitt fyrstu 10 árin, en 40% á síðara 10 ára tímabilinu. Ekki er getið um lánstíma vegna lána til véla- og tækjakaupa, en hann mun hafa verið 5—8 ár til vélakaupa og 3 ár til tækjakaupa. Vér teljum, að lán til vélakaupa þurfi að vera til 8 ára og til tækjakaupa til 5

ára.“ Við tökum sem sagt þessa till. L.Í.Ú. alveg fyllilega upp í okkar brtt.

6. brtt. okkar er við 14. gr. frv., en við leggjum til, að hún verði felld niður.

7. brtt. okkar er við 15. gr. Við leggjum til, að gr. orðist svo: Vextir af lánum Fiskveiðasjóðs til skipa skulu vera 4%, en af öðrum lánum 5½% og greiðast eftir á á gjalddögum afborgana. Stjórn sjóðsins ákveður gjalddaga lána við hina ýmsu lánaflokka. Dráttarvextir skulu vera ¾% fyrir hvern mánuð, sem greiðsla dregst. Auk matskostnaðar og annars beins kostnaðar skulu lántakendur greiða ¼% lántökugjald í varasjóð samkv. nánari ákvörðun sjóðsstjórnarinnar.

Það er eins um þessa brtt. að segja og þá, sem ég var að lýsa við 13. gr., að hún er tekin óbreytt upp úr till. eða aths. frá L.Í.Ú. Í þeim aths. segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Í l. nr. 40/1955 var ákveðið, að vextir af lánum Fiskveiðasjóðs til skipa skuli vera 4%, en af öðrum lánum 5½%. Með heimild í l. nr. 4 frá 1960 ákvað ríkisstj., að vextir skyldu hækka í 6½% og 8% og hafa þeir staðið óbreyttir síðan, þrátt fyrir breytingar á almennum vöxtum. Á aðalfundi L.Í.Ú. síðan 1960 hafa verið samþ. einróma óskir um, að vextir Fiskveiðasjóðs verði lækkaðir í það, sem þeir voru fyrir 1960, auk þess sem samþ. hefur verið, að lánstíminn verði lengdur í 20 ár eða í það sama og hann áður var. Eins og fyrr er vikið að, er helmingur af stofnfé Fiskveiðasjóðs framlag útvegsmanna. Sjáum vér ekki ástæðu til þess að skylda útvegsmenn til þess að greiða svo háa vexti, sem gilt hafa undanfarin ár, og óskum eindregið eftir því, að þeir verði lækkaðir í 4% eða 5½%. Jafnframt viljum vér geta þess, að það er álit allra, sem til þekkja, að 2½% vaxtamismunur hafi ekki mikil áhrif á eftirspurn eftir lánsfé frá Fiskveiðasjóði. Í frv. er gert ráð fyrir ½% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan hálfan mánuð. Við viljum leggja til, að í stað ½% komi ¾% fyrir hvern mánuð. Við viljum vekja athygli á því, að dráttarvextir af lánum hjá Fiskveiðasjóði hafa í fæstum tilfellum þau áhrif, sem þeim er ætlað. Geti útvegsmenn ekki greitt afborgun af láni á réttum tíma, stafar það af því, að útgerðin hefur gengið illa og ekki er fyrir hendi fé til þess að greiða með afborganir af lánum. Í slíkum tilfellum er óttinn við að missa skipið vegna vanskila nægilegur eftirrekstur. Þeim, sem þannig er ástatt hjá, er því ókleift að greiða háa dráttarvexti og afleiðingarnar verða þær, að þeim reynist enn erfiðara að standa í skilum. Í þessu tilfelli verka því dráttarvextir eins og skattur á útgerðina. Enn fremur er gert ráð fyrir því í frv., að lántakendur greiði 1% lántökugjald og er þetta nýr tekjustofn fyrir Fiskveiðasjóð. Þessu gjaldi mótmælir stjórn L.Í.Ú. eindregið og leggur á það áherzlu, að þetta gjald verði fellt úr frv., en það mundi hafa numið 5.5 millj. kr. fyrir 4 s.l. ár samkv. upplýsingum í frv. um útlán Fiskveiðasjóðs.

Eins og ég gat um áðan, stöndum við fulltrúar Framsfl. að breyt. við 15. gr., sem getið er um í c-lið 5. gr. á þskj. 539, þ.e. um lántökugjaldið, sem ég var hér að lesa um áðan, og L.Í.Ú. leggur til, að fellt verði alveg niður. Samkomulag tókst í sjútvn. um að lækka það lántökugjald úr 1% í ¼%, og getum við eftir atvikum fallizt á þá breyt., enda samþykktum við hana og höfum því ekki tekið upp þennan lið í aths. L.Í.Ú. um vaxtakjörin, en að öllu öðru leyti höfum við fylgt till. þess.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að fjölyrða meira um þetta hér að þessu sinni.

Frsm. 2. minni hl. (Lúðvík Jósefsson): Herra forseti. Tvær meginbreytingar felast í þessu frv. um Fiskveiðasjóð Íslands frá þeim reglum, sem í gildi hafa verið. Nokkrar aðrar breyt. er að vísu að finna í frv., en þær eru minni háttar og skipta hér tiltölulega litlu máli. Þessar tvær aðalbreytingar eru í fyrsta lagi, að gert er ráð fyrir því að sameina í einn lánasjóð Fiskveiðasjóð Íslands, sem starfað hefur nú um langa hríð, og Stofnlánadeild sjávarútvegsins við Seðlabankann. Í öðru lagi er svo sú breyt., að gert er nú ráð fyrir nýrri og allt annarri yfirstjórn á þessum stofnlánasjóði sjávarútvegsins en áður hefur verið. Þetta eru tvær meginbreytingarnar, sem felast í þessu frv. Fyrri breyt., sem stefnir að því að sameina Fiskveiðasjóð og Stofnlánadeild sjávarútvegsins, er ég samþykkur og hef oft lýst því yfir hér áður, að ég teldi að að þessu ætti að stefna, og ég tel það út af fyrir sig rétt. En breyt. á yfirstjórn sjóðsins er ég ósamþykkur. Þar tel ég stefnt í öfuga átt við það, sem stefna hefði átt, og ég tel, að þar sé gert ráð fyrir miklu óheppilegra skipulagi heldur en verið hefur á stjórn Fiskveiðasjóðs til þessa. Eins og hér hefur komið fram í þessum umr., hefur Fiskveiðasjóður Íslands verið aðalstofnlánasjóður sjávarútvegsins nú um langa hríð. Sá sjóður er orðinn á okkar mælikvarða tiltölulega öflugur sjóður, á orðið í skuldlausri eign um 600 millj. kr. og hefur fastar tekjur, sem munu vera nú í kringum 140 millj. kr. á ári eða eitthvað nærri því. En stofnlánadeildin við Seðlabankann er miklu yngri stofnlánasjóður sjávarútvegsins og hefur satt að segja ekki starfað mikið nú um alllangan tíma. Það var kunnugt, að það var stofnað til þessarar d. á nýsköpunarárunum á sínum tíma og þá voru veitt frá henni allmikil lán til togarakaupa og til stofnlána til sjávarútvegsins í ýmsum greinum, en síðan var d. lokað þar skömmu á eftir og veitti engin lán um margra ára skeið, þar til hún var nú aftur opnuð á árinu 1961 og að nokkru leyti á árinu 1962, ekki þó á þann hátt, að d. hefði í rauninni fengið nýjan tekjustofn, heldur á þann hátt, að fluttar voru yfir í d. lánsfjárhæðir, sem sjávarútvegurinn hafði fengið úr viðskiptabönkunum og ákveðið var að breyta þeim lánum þá í föst lán, og síðan var horfið að því ráði að endurlána úr d. það fé, sem kom inn í afborgunum og vöxtum af þessum lánum. En einnig nú í þetta síðara skipti hefur starfsemi d. ekki verið ýkjamikil.

Fiskveiðasjóður hefur starfað þannig lengst af, að hann hefur fyrst og fremst veitt stofnlán til fiskibátakaupa og til þess að byggja nýja fiskibáta. Það hefur meira að segja verið þannig, að í 1. sjóðsins hefur verið ákveðið, að fiskibátar innan við 300 rúml. að stærð skyldu sitja fyrir lánum frá sjóðnum og það má segja, að yfirgnæfandi meiri hl. af fjármagni sjóðsins hafi verið varið í þessu skyni. Síðan kom svo það til, að sjóðurinn fór að veita lán til endurnýjunar á vélum í fiskibátum og til ýmiss konar tækjakaupa í sambandi við breytingar bátaflotanum. En þessi sjóður hefur sem sagt fyrst og

fremst allan tímann verið fyrir fiskibátaflotann í landinu. Lánveitingar í sambandi við fiskiðnað og í sambandi við ýmiss konar aðra þjónustu við útgerðina í landinu hafa verið heldur litlar, af því að fjármagn sjóðsins hefur ekki leyft það, að hann lánaði neitt sem héti til slíks. En Stofnlánadeildin hefur hins vegar lánað það litla, sem hún hefur lánað að undanförnu, aðallega til fiskvinnslustöðva og ýmissa annarra þjónustufyrirtækja við sjávarútveginn, en ekki hins vegar til skipakaupa.

Það er því alveg augljóst mál, þegar menn virða þessar staðreyndir fyrir sér, að með því að sameina þessa tvo stofnlánasjóði sjávarútvegsins, Fiskveiðasjóð og Stofnlánadeildina við Seðlabankann, er Fiskveiðasjóður alveg greinilega sú leiðandi stofnun, miklum mun stærri og öflugri stofnun, eldri og fastmótaðri stofnun, og það er ofur eðlilegt, að það sé staðið að sameiningu þessara lánasjóða á þeim grundvelli, að það verði Fiskveiðasjóður, sem raunverulega yfirtekur hinn sjóðinn og þá þau verkefni, sem hann hafði með höndum eða hefur haft með höndum nú síðustu árin. Það er að vísu rétt, að það hefði verið mikil þörf á því, um leið og þetta skref var stigið að sameina þessa tvo stofnlánasjóði sjávarútvegsins, að auka talsvert á tekjustofna sjóðsins, ef hann ætti í rauninni að geta staðið undir því, sem til er ætlazt, að taka við því að lána stofnlán út á ýmsar þær greinar, sem sjóðurinn hefur ekki getað sinnt hingað til. En það hefur nú ekki verið gert í sambandi við þessa sameiningu, sem nú er fyrirhuguð. Hinum nýja sjóði á ekki að tryggja neinar nýjar tekjur, en hins vegar er beinlínis ráð fyrir því gert, að einn lítill tekjustofn, sem sjóðurinn hefur haft um margra ára skeið, 2 millj. kr. frá ríkissjóði, sem veittar hafa verið á fjárl. sem fast framlag til Fiskveiðasjóðs um mjög langan tíma, falli niður, þannig að raunverulega er það svo, að það á að minnka tekjustofna þessa sjóðs um leið og verið er að gefa mönnum vonir um það, að nú komi þarna til miklu stærri og öflugri sjóður heldur en sá, sem fyrir var. Það er því að mínum dómi staðið þannig að þessari sameiningu,að mjög ófullnægjandi má í rauninni telja. En eigi að síður get ég fyrir mitt leyti fallizt á það ákvæði þessa frv., sem miðar að því að sameina þessa tvo stofnlánasjóði. Það er ekki vegna þess, það skal ég taka fram eins og hér hefur nú komið fram í umr. hjá öðrum, að ég búist við því, að því fjármagni, sem þessir sjóðir hafa ráðið yfir að undanförnu, verði miklu betur ráðstafað, það komi að miklu meira gagni en það hefur komið nú að undanförnu. Ég á ekki von á neinu slíku. Ég held, að lánveitingar Fiskveiðasjóðs hafi verið með þeim hætti fram til þessa, að þær verði að vera í mjög svipuðu formi nú eftirleiðis á næstunni, og það megi ekki draga að neinu leyti úr því. sem Fiskveiðasjóður hefur gert. Ég held líka, að þær lánveitingar, sem átt hafa sér stað nú síðustu árin úr Stofnlánadeild sjávarútvegsins, hafi verið með þeim hætti, að það verði að sinna þeim á svipaðan hátt og nú hefur verið. Ég á því ekki von á því, að hinn sameinaði sjóður fái nýtt þetta takmarkaða fjármagn öllu betur en verið hefur. En ég tel aðeins eðlilegt, að þessi meginstofnlánasjóður sjávarútvegsins sé einn og tel, að Stofnlánadeildin í horninu þarna hjá Seðlabankanum sé í mesta máta óeðlileg. Seðlabankinn á ekki að hafa með neina slíka útlánastarfsemi að gera eins og viðskipti til einstaklinga eða ákveðinna fyrirtækja, og því tel ég eðlilegt að sameina þessa sjóði einmitt undir hatti Fiskveiðasjóðs.

Ég kem þá að hinni aðalbreytingunni, sem er að finna í þessu frv., en það er breyt. á yfirstjórn sjóðsins, sem ég hygg nú, að hafi verið aðalatriði hjá þeim mönnum, sem staðið hafa að því að semja þetta frv. En með þeirri breyt. er gengið út frá því, að stjórnendur hins nýja stofnlánasjóðs verði tveir fulltrúar tilnefndir af Landsbankanum, tveir tilnefndir af Útvegsbankanum og einn tilnefndur af Seðlabankanum. Það er því ekkert um að villast, að það koma nú inn alveg nýir aðilar, sem eiga að taka að sér yfirstjórn sjóðsins. Fulltrúarnir frá Landsbankanum og Seðlabankanum koma til með að skipa meiri hl. í hinni nýju sjóðsstjórn, en þessir aðilar hafa ekki átt neina fulltrúa í stjórn Fiskveiðasjóðs til þessa, en hins vegar hafa bankastjórar Útvegsbankans verið stjórn Fiskveiðasjóðs fram til þessa.

Nú skal ég taka það fram, að ég hef lengi verið á þeirri skoðun, að það væri óeðlilegt, að bankastjórar Útvegsbankans skipuðu stjórn Fiskveiðasjóðs. Ég hef einmitt talið, að það væri eðlilegt að skilja Fiskveiðasjóð að fullu og öllu frá Útvegsbankanum og skipa honum sjálfstæða og óháða stjórn. Sjóðurinn er orðinn svo stór, að það er eðlilegt. En hitt er skylt að taka fram, að þó að bankastjórar Útvegsbankans hafi verið stjórnendur Fiskveiðasjóðs nú um langa hríð, tel ég ekki, að það hafi komið að neinni sök, vegna þess fyrst og fremst, að sami maður hefur nú um langan tíma verið forstöðumaður Fiskveiðasjóðs, sem raunverulega hefur haft með stjórn sjóðsins að gera. Hann hefur í rauninni verið fyrir þessum sjóði eins og bankastjóri fyrir banka. Til hans hefur verið leitað um öll viðskipti við sjóðinn og hann hefur fyrst og fremst að mínum dómi mótað starfsemi sjóðsins, þó að honum hafi eflaust tekizt að hafa gott samstarf þar við bankastjóra Útvegsbankans. En nú er sem sagt gert ráð fyrir því, að stjórn hins nýja Fiskveiðasjóðs eigi að verða í höndum þessara þriggja banka, Útvegsbankans, Landsbankans og Seðlabankans. Ég hef lýst því hér áður yfir í umr. um þetta mál, að ég tel það mjög óheppilegt, að bankastjórar viðskiptabankanna eigi að taka að sér raunverulega stjórn eða raunverulegt áhrifavald yfir rekstri stofnlánasjóðs. Það er verulega mikill munur á þessari starfsemi, viðskiptabankastarfseminni annars vegar og rekstri stofnlánasjóðs hins vegar og þó tel ég öllu fráleitast, að fulltrúi frá Seðlabankanum sé að skipta sér af slíkum störfum eins og fram fara með eðlilegum hætti í stjórn stofnlánasjóðs. En ég veit það, að þeir menn eru eflaust til, sem segja: Ja, ætli þetta saki nú nokkuð, þó að það komi fulltrúar frá Landsbankanum og Seðlabankanum inn í stjórn ásamt fulltrúum frá Útvegsbankanum, fyrst þetta hefur nú blessazt fram til þess, að bankastjórar Útvegsbankans væru einir? En mér þykir eiginlega óeðlilegt, að þannig sé spurt af þeim, sem lesa þetta frv. vel í gegn, eins og það liggur fyrir, því að þeim, sem það gera, getur ekki blandazt neinn hugur um það, að uppbygging frv. er öll á þá lund, að þeir, sem ríkjum ráða í Landsbankanum og Seðlabankanum, vilja

komast til áhrifa í þessum sjóði, þeir vilja beinlínis, að Fiskveiðasjóður sé eins og nokkurs konar útibú frá bönkunum og eigi að vera þeim háður og lúta þeirra reglum í einu og öllu. Þetta er mjög áberandi í sambandi við orðalag á mörgum greinum. Ég nefni t. d. það, að á einum stað í frv., — meiri hl. n. hefur að vísu lagt það nú til að breyta því, — var tekið fram, að Fiskveiðasjóður gæti gert kröfu um það til síns viðskiptamanns, að hann legði inn reikninga sína til sjóðsins í sambandi við lánveitingar úr sjóðnum. En síðan var tekið fram í gr.: Ef þessi viðskiptamaður hefur ekki lagt slíka reikninga fram í viðskiptabönkunum. M. ö. o., það var gengið út frá því, að Fiskveiðasjóður væri slíkt aukaatriði í sambandi við þessar lánveitingar, að ef viðskiptamaðurinn hafði gert grein fyrir sínum fjárhagsástæðum til Landsbankans eða til Útvegsbankans, þurfti hann ekkert frekar að tala við Fiskveiðasjóð. (Gripið fram í.) Já, jafnvel það. Og þannig er þetta í ýmsum fleiri greinum. Það er auðvitað gert ráð fyrir því, að Fiskveiðasjóður hafi sína matsmenn til þess að meta eignir þeirra aðila, sem sækja um lán úr sjóðnum. En hvernig eiga þessir matsmenn að vera valdir, sem eiga að meta þær eignir, sem eiga að veðsetjast Fiskveiðasjóði? Það er tekið fram, að matsmennirnir eigi að vera tilnefndir einn af Landsbankanum, einn af Útvegsbankanum og einn af Seðlabankanum. Fiskveiðasjóður á ekki að velja þá matsmenn, sem eiga að meta þær eignir, sem eiga að veðsetjast Fiskveiðasjóði. Nei, það er vitanlega nóg, ef það er Seðlabankinn og Landsbankinn og Útvegsbankinn, sem hafa tilnefnt menn til að nefna þetta, þá varðar Fiskveiðasjóð ekki um meir.

Þannig er í rauninni uppbygging frv. öll, að hún ber það greinilega með sér, að það er ætlunin að sveigja starfsemi stofnlánasjóðs undir þessa þrjá banka, og af þessari ástæðu er svo komin inn í frv. 14. gr., þar sem það er tekið fram, að þeir, sem sækja um lán úr Fiskveiðasjóði, geti snúið sér með lánbeiðnir sínar til bankanna, til Útvegsbankans eða til Landsbankans eða Seðlabankans, en þurfa ekkert frekar að tala við Fiskveiðasjóð. Að vísu var það svo gert til samkomulags vegna ágreinings á milli bankanna, að það er tekið fram í þessari gr., að einnig megi þeir nú snúa sér beint til Fiskveiðasjóðs, ef þeir kjósi það frekar. En a. m. k. einn af bönkunum, Landsbankinn, hafði lagt ofurkapp á það, að skýrt væri fram tekið, að lánbeiðendur sneru sér beint til sinna viðskiptabanka með lánbeiðnir úr þessum sjóði. Ég held því, að það megi allir sjá það, að ætlunin er hjá viðskiptabönkunum og alveg sérstaklega hjá Landsbankanum í þessu tilfelli og Seðlabankanum, að þeir vilja taka að sér raunverulegan rekstur á Fiskveiðasjóði. Ég vil hins vegar skilja það svo, að það hafi verið greinileg skoðun meiri hl. sjútvn. þessarar hv. d., sem um málið fjallaði, að rétt væri að hugsa sér Fiskveiðasjóð sem sjálfstæða stofnun, sem ætti í rauninni að hafa sína sjálfstæðu og óháðu stjórn og marka hér skýrt sína útlánastarfsemi og sínar starfsreglur og sjóðurinn ætti sem minnst að blanda sinni starfsemi saman við rekstur bankanna. En eigi að síður fór það nú svo, að meiri hl. sjútvn. vildi ekki breyta frv. svo mikið sem ég legg til í mínum till., þar sem að því er stefnt að gera Fiskveiðasjóð sem sjálfstæðastan, þannig að það séu tekin af öll tvímæli um það, að þarna er um sjálfstæða stofnun að ræða, sem á ekki að hafa meiri bein skipti við viðskiptabankana en eðlilegt og samrýmanlegt er í sambandi við gott samstarf lánastofnana á milli.

Ég efast ekkert um það, að þeir sjávarútvegsmenn, sem átt hafa sín viðskipti undanfarandi ár bæði við Fiskveiðasjóð með sín stofnlán og sín viðskiptalán í viðskiptabönkunum, muni yfirleitt kvíða fyrir því ástandi að þurfa að leggja mál sín eða ganga með þau í gegnum viðskiptabankana í sambandi við sín eðlilegu viðskipti við stofnlánasjóð. Það þekkja líka allir það, að viðskiptabankarnir eru því miður ekki allt of samrýmdir í sínum störfum. Þeir koma sér ekki allt of vel saman um það, hvernig eigi að leysa hin einstöku mál, sem kunna að falla undir þá báða. Það munu því fæstir útvegsmenn óska eftir því að þurfa að hrekjast á milli þeirra með mál sín, þau mál, sem menn vilja fá afgreidd með eðlilegum hætti eftir tiltölulega föstum reglum eins og stofnlánasjóður á að starfa eftir.

Ég skal svo víkja með nokkrum orðum að þeim brtt., sem ég flyt hér við frv. Fyrst er hér um að ræða 6 brtt. á þskj. 541.

1. brtt. á því þskj. er við 1. gr. frv. Með þeirri till. tek ég undir það sjónarmið, sem kom fram frá forstöðumanni Fiskveiðasjóðs um það að slá því föstu, að sá fiskveiðasjóður, sem hér er verið að samþykkja lög fyrir, er í rauninni sá sami fiskveiðasjóður, aðeins í framhaldi, sem stofnaður var fyrir fullum 60 árum síðan. Ég tek undir þá skoðun hjá forstöðumanni Fiskveiðasjóðs, ég kann ekki við það, þó að um þessa sameiningu sé að ræða á hinni tiltölulega veiku stofnlánadeild, að við þurfum að leggja niður okkar 60 ára gamla Fiskveiðasjóð, sem er býsna mótuð stofnun, og mynda hér alveg nýjan sjóð. Ég kann miklu betur við það að slá því föstu, að þessi fiskveiðasjóður, sem hér er verið að setja löggjöf um, er í beinu framhaldi af hinum sjóðnum, en þá mundi sem sé 1. gr. orðast svo eða upphaf hennar: Fiskveiðasjóður Íslands er sjálfstæð stofnun í eigu ríkisins, stofnaður með l. nr. 52 10. nóv. 1905. Það má segja, að þetta sé ekki stórt atriði, en ég fyrir mitt leyti tek undir þetta sjónarmið, sem þarna kom fram hjá forstöðumanni sjóðsins og þykir þetta réttara.

2. brtt. er við 4. gr. frv., en þar legg ég til, að tekið verði upp fast framlag á fjárl., 2 millj. kr. á ári, eins og verið hefur til Fiskveiðasjóðs um margra ára skeið.

3. brtt. er um það að undirstrika nokkuð frekar en er í gr. sjálfstæði Fiskveiðasjóðs og mikilvægi hans forstjóra, en þar er sem sagt tekið fram, að málefni sjóðsins skuli vera í höndum forstjóra sjóðsins og stjórnar Útvegsbankans, vegna þess að undir hana kæmu til með að falla nokkuð atriði í rekstri sjóðsins, sem eru meira almenns eðlis, Sama er að segja um 4. brtt. á þessu þskj. Þar er ég að undirstrika alveg hið sama og forstjóri Fiskveiðasjóðs hefur lagt til. Þar er sem sagt tekið fram, að forstjóri sjóðsins skal sjá um að ganga frá reikningum sjóðsins fyrir tiltekið tímabil, en ekki segja, að Útvegsbankinn skuli ganga frá reikningum sjóðsins.

5. brtt. mín er um það, að 14. gr. frv. falli niður. Á þetta bendir einnig forstöðumaður Fiskveiðasjóðs, Elías Halldórsson. Hann leggur það líka til, að 14. gr. falli niður, en þar er að finna þetta krull, þar sem það er lagt til, að þeir, sem sækja um lán úr sjóðnum, skuli snúa sér

með sína lánbeiðni til viðskiptabankanna eða til sjóðsins. Þessi gr. á að mínum dómi að falla niður, því að þeir, sem sækja um lán úr sjóðnum, snúa sér með eðlilegum hætti til sjóðsins sjálfs og einskis annars.

Þá er 6. till. mín á þessu þskj. við bráðabirgðaákvæði, en þar er í rauninni um sams konar atriði að ræða eins og önnur, sem ég hef minnzt hér á, að í bráðabirgðaákvæði frv. kemur það líka skýrt fram, hver virðist vera megintilgangurinn með frv., en það er sem sagt að slá því föstu, að það séu bankarnir þrír, sem séu nú að yfirtaka Fiskveiðasjóð með einu og öllu, sem hann á. En orðalag bráðabirgðaákvæðisins er svona í frv. orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Seðlabankinn, Landsbankinn og Útvegsbankinn skulu nefna til sinn manninn hver til þess að taka við verðmætum, skuldum og skuldbindingum Fiskveiðasjóðs annars vegar og Stofnlánadeildar sjávarútvegsins hins vegar úr hendi núverandi stjórnenda þessara sjóða."

Það er sem sagt verið að slá því föstu, að fulltrúar bankanna, viðskiptabankanna beggja, og fulltrúi Seðlabankans, þeir skulu koma og láta leggja sér út þetta, sem fyrir er. Ég hins vegar legg til vegna þeirra skipulagsbreytinga, sem þarna eru fyrirhugaðar, að bráðabirgðaákvæðið hljóði þannig:

„Sjútvmrh. skipar 3 menn í n. til þess að taka við verðmætum, skuldum og skuldbindingum o. s. frv."

Vitanlega er það eðlilegra, að sjútvmrh. tilnefni þá menn, sem eiga að taka við þeim eignum frá hvorum aðilanum um sig um það leyti, sem á að sameina þetta í einum sjóði. En ég vil hins vegar, að það hverfi úr frv., sem ber einkenni þess, að bankarnir eigi nú að yfirtaka þennan fiskveiðasjóð, því ég er á móti því.

Þá flyt ég á þskj. 560 3 brtt., sem eru stílaðar við brtt. meiri hl. sjútvn. á þskj. 539. 1. brtt. mín er um stjórn Fiskveiðasjóðs. Ég legg til, að stjórn hins nýja Fiskveiðasjóðs verði skipuð 7 mönnum og fimm þeirra verði kosnir af Alþ., en tveir verði tilnefndir, annar af L. Í. Ú. og hinn af A. S. Í. Ég tel alveg sjálfsagt, að landssamtök útgerðarmanna og sjómanna eigi fulltrúa í stjórn þessa sjóðs, þar sem því verður ekki neitað, að tekjur sjóðsins eru lagðar fram í aðalatriðum að jöfnum hluta af útgerðarmönnum og sjómönnum, þar sem útflutningsgjaldið er í rauninni tekið af óskiptum afla.

Ég vil taka það fram í þessu sambandi um till. þá, sem fulltrúar Framsfl. flytja í sjútvn. um skipun stjórnarinnar, að segja má að vísu, að hún sé skárri, en þar er ekki um stóran mun að ræða frá því, sem er að finna hjá meiri hl. eða í frv., því að þar er áfram gengið út frá því, að bankarnir eigi beina fulltrúa inni í stjórninni, sem ég er fyrir mitt leyti algerlega á móti. Hins vegar er hinu sjónarmiðinu mætt í þeirri till., að fulltrúar frá samtökum útgerðarmanna og sjómanna verði í stjórninni og segja má því, að það sé nokkur stigsmunur, en ekki er nú um hreinar línur í þessu að ræða að mínum dómi.

Þá er önnur brtt. mín á þessu þskj. um það, að lán úr sjóðnum út á skip megi vera til 20 ára, en það er sem sagt í sömu átt eins og fulltrúar Framsfl. leggja til í sínum brtt.

3. till. mín er varðandi 15. gr. frv., en þar legg ég til, að sú gr. verði umorðuð og því verði slegið föstu, að vextir af lánum Fiskveiðasjóðs út á skip skuli vera 4%, en af lánum út á fasteignir 5½%. Vexti af öðrum lánum ákveður stjórn sjóðsins. Hún ákveður og gjalddaga lána og önnur lánsskilyrði. Dráttarvextir skulu vera ½% fyrir hvern nánuð, sem greiðsla dregst.Ég legg sem sagt til með þessari till., að teknir verði upp á ný sömu vextir og dráttarvextir, sem lengst af hafa verið á lánum Fiskveiðasjóðs. En þessir vextir og einnig dráttarvextirnir voru hækkaðir í sambandi við hina almennu vaxtahækkun, sem ákveðin var af Seðlabankanum á árinu 1960. En ég tel, að það sé eðlilegt, að vextir á lánum Fiskveiðasjóðs séu mun lægri en á flestum öðrum lánum, vegna þess hvernig stofnfé sjóðsins er tilkomið. Þar sem útvegsmenn og sjómenn leggja það að mestu leyti fram, er engin ástæða til þess að þau lán beri jafnþunga vexti eins og ýmis önnur lán, sem í gangi eru í landinu.

Ég skal svo ekki orðlengja þetta frekar, en vil aðeins segja þetta að endingu: Ég vil, að það komi hér skýrt fram, ég er samþykkur þeirri breytingu að sameina þessa tvo stofnlánasjóði og get verið með frv. að því leyti til. Hins vegar er ég algerlega mótfallinn þeirri stefnu, sem kemur fram í frv. varðandi yfirstjórn sjóðsins. Ég álít hins vegar, að það hafi lítið að segja að leggja til að vísa málinu frá og láta fara fram endurskoðun á því. Ég vil þó ekki vera á móti því, en hér er um hreint stefnuuppgjör að ræða. Málið er ósköp einfalt. Vilja menn, að stjórn Fiskveiðasjóðs sé óháð stjórn, sjálfstæð stjórn, ekki skipuð af viðskiptabönkunum eða bönkunum í landinu, eða vilja menn fallast á þá kröfu Seðlabankans og Landsbankans, að það séu bankarnir, sem eigi raunverulega að stjórna þessum sjóði í einu og öllu. Málið er því ofureinfalt. Það er í rauninni bara að velja á milli. Mér hefði því fundizt full ástæða til þess, að það hefði verið hægt að fá fram þá afgreiðslu á þessu frv. hér á þessu þingi, sem hefði mátt heita viðunandi fyrir sjávarútvegsmenn, þó að sjálfsögðu væri margt enn eftir, sem hefði þurft að taka til nánari athugunar síðar, eins og t. d., hvernig ætti að útvega þessum sjóði auknar tekjur til sinnar starfsemi. Það skil ég miklu fremur, að getur verið ágreiningur um, hvernig eigi að afla slíkra tekjustofna, en um þetta hefði ég eiginlega ætlazt til, að ekki þyrfti að verða hér mikill ágreiningur, en því miður virðist það nú vera svo, að um það geti ekki orðið samstaða hér, hvernig á að afgreiða þetta skipulagsmál sjóðsins.

Ég hef þá gert grein hér fyrir mínum till. og minni afstöðu til málsins.

Björn Pálsson: Herra forseti. Ég vil þakka n. fyrir þessar brtt., sem hún hefur komið með. Ég álít þær flestar til bóta, einkum hjá minni hl. flokkunum, og raunar má segja hjá meiri hl. líka, að þær séu til bóta, það sem þær ná, en þær ná bara of skammt. Ég skal ekki endurtaka það, sem frsm. nál. hafa sagt. Ég vil þó aðeins taka undir það, sem þeir hafa sagt viðvíkjandi stjórn Fiskveiðasjóðsins, að mér finnst þetta fyrirkomulag, sem er í frv., óþolandi. Þarna eiga 3 bankar að skipa stjórnina. Þetta er hliðstæð stofnun við Búnaðarbankann, Iðnaðarbankann og það má segja Verzlunarbankann. Bændur borga visst skattgjald til Búnaðarbankans, útgerðarmenn

gera það einnig til Fiskveiðasjóðsins. Sama er að segja um Iðnaðarbankann. Iðnaðarmenn borga þangað fjárhæðir árlega og ríkið leggur nokkurt fé til hans einnig og því á þetta ekki að vera hliðstæð stjórn? Það væri þá bezt að fara að hafa það þannig, að þessir stærri bankar veldu menn í stjórn hjá öllum þessum bönkum, það væri alveg hliðstætt. Það er alls ekki þolandi fyrir útgerðarmenn, að þeirra lánastofnun búi við allt annað skipulag heldur en þessir bankar og séu á allan hátt ófrjálsari. Það nær náttúrlega engri átt, eins og það, að það eigi að afhenda einhverjum bankanum þessar lánbeiðnir og annað slíkt. Ég tek undir það með hv. 5. þm. Austf., að þetta á að vera alveg sjálfstæð stofnun, og þannig á að velja stjórnina. Það er engin ástæða til annars. Við höfum sannarlega nóg af þessu bankavaldi, og ef það teygir fingurna í þessa lánastofnun, sem er einhver þýðingarmesta lánastofnunin, er alveg eins eðlilegt og réttlátt, að þessir herrar fari að stjórna öllum minni bönkunum, þingið hætti að velja í bankaráðin eða þeir aðilar, sem eiga þá að einhverju leyti. Hins vegar gæti ég vel gengið inn á það, að útvegsmenn ættu þarna fulltrúa og A.S.Í. einnig. Þessi lánastofnun kemur sjómönnum við alveg eins og útvegsmönnum. Þeir njóta þess, ef útgerðarmenn fá hagstæð lán til skipanna, þá eru möguleikar að láta þá fá betri kjör. Að öðru leyti fer ég ekki út í einstök atriði í þessum brtt.

Meiri hl. leggur til, að það sé hvorki ákveðið um vexti eða dráttarvexti. Seðlabankinn og ríkisstj. ráði þessu. Ég er þessu mótfallinn. Það er verið að afhenda allt vald í fjármálum í landinu í hendur Seðlabankans eða ríkisstj., bæði hvað snertir skráningu gengisins, vexti og lánin yfirleitt. Nú er þannig ástatt fyrir bönkunum, að í gegnum þetta haftakerfi eru þeir svo að segja allir alveg peningalausir og geta alls ekki sinnt þörfum viðskiptamanna sinna. Helzt eru það sennilega Búnaðarbankinn og Landsbankinn, sem hafa einhverja aura, þó að litlir séu. Í ofanálag á bindinguna í Seðlabankanum er tekið til fjárfestingarinnar ég held eitthvað 10% af auknigunni, og þetta þrengir þannig þeirra kosti, að þeir hafa ekki möguleika á að fullnægja svipað því eftirspurn viðskiptamannanna, jafnvel þó að það séu alveg tryggir viðskiptamenn. Ég tel þetta of langt gengið.

Þá er farið að styrkja sjávarútveginn, sennilega eru það 80 millj., sem varið er til þess að aðstoða hann í ár. Það er talið hagræðingargjald til fiskvinnslustöðvanna. Það má vera, að þetta hafi verið nauðsynlegt, en ég álít, að hægt hefði verið að fara aðrar leiðir. Það er dregið úr niðurgreiðslunum, því að fé er ekki fyrir hendi í ríkissjóðnum og er það fyrir það, að vísitalan hækkar. Raunar er ég sammála því, að það sé að ýmsu leyti rétt að hætta niðurgreiðslum á fiski, vegna þess að ég er sannfærður um það, að þær skýrslur hafa ekki allar verið réttar. Það getur einnig verið réttlætanlegt að hætta niðurgreiðslum á smjörlíki, en þá á bara að auka niðurgreiðslur á öðrum vörum, þannig að vísitalan hefði ekki þurft að hækka þess vegna. Ég get bara bent á einn lið, sem hefði verið hægt að létta af útgerðinni í stað þess að styrkja hana með hagræðingargjaldinu og það er launaskatturinn. Það sagði mér einn stærsti útgerðarmaður og fiskverkandi hér við Faxaflóa, að það væri svipuð upphæð, sem hann þyrfti að borga í launaskatt, eins og hagræðingargjaldið væri, sem hann fékk. Ríkisstj. hefði getað útvegað þetta fé með því að selja vísitölubréf eða útvega lán á annan hátt, en ekki að skattleggja útgerðarmenn til þess að standa undir húsbyggingum eða lánum til þeirra. Það ætti að vera hlutverk allra annarra frekar heldur en þeirra.

Þá eru vextirnir. Ef þeir væru lækkaðir eitthvað, mundi það létta á útgerðinni. Þá er t. d. greitt orlof á hlut. Bæði hefur L. Í. Ú. hreyft því, að það væri ranglátt og eins hefur verið talað um það bæði af mér og öðrum hér. Ég er ekkert á móti orlofi, en að borga það á hæstu hlutina er eins og hver önnur fjarstæða, þannig að skipstjóra, sem hefur 1 millj. kr. í tekjur á ári, þarf útgerðarmaðurinn að borga 70 þús. kr. í orlofspeninga. Svo er megnið af þessu fé tekið, eða 60%, af bæjarfélögum og ríki, þannig að þarna er beinn skattur til opinberra aðila.

Þá er t. d. eitt atriði í l. og það er það að greiða hlut, ef t. d. einhver yfirmaður á skipi verður veikur, þarf hann að fá meira heldur en trygginguna. Það þarf að greiða honum hlut líka og ef þetta er skipstjórinn með háan hlut, getur þetta orðið ónotaleg upphæð fyrir útgerðina.

Allt þetta gæti ríkisstj. lagað, ef hún vildi, með breyttri löggjöf. Ef ýmsir svona hlutir væru gerðir til hagræðingar við útgerðina, þyrftum við ekki á beinum styrkjum að halda. Það eina, sem á þyrfti að halda, væri þá einhver aðstoð við línuútgerð, til að hún leggist ekki alveg niður og það væri hægt að gera þetta, án þess að verðbólgan ykist eins og nú er með því að taka þessar niðurgreiðslur af og láta vísitöluna hækka. Þetta er fjármálaleg glópska, sem þarna er verið að framkvæma, og svo á að fela þessum mönnum, sem ráða fjármálum í landinu, sem við skulum segja, að sé Seðlabankinn, að halda áfram að framkvæma meiri glópsku. Sannleikurinn er sá í þessum kjaramálum, að þá er ekki nema tvennt til. Það er annaðhvort að semja um þau eða þá að lögbjóða þau. En nú er það þannig, að löggjafarvaldið er að grípa inn í með viss lagaákvæði, en svo eru aðrir aðilar að semja, þannig að úr þessu verði meiri og minni vitleysa. Þannig er t. d. með vinnuna á togurunum. Það eru lögákveðin vaktaskiptin og allt slíkt og það er engu hægt að breyta. Þetta ætti bara að vera samningsatriði og það ætti að vera samkomulag á milli sjómannasamtakanna og togaraeigendanna, hvernig væri hægt að hagræða vinnunni, þannig að togararnir bæru sig betur, og væri þá um leið hægt að láta háseta og yfirmenn hafa betri kjör. Það horfir til vandræða. Þeir hafa ekki nægilega góð kjör, til þess að þangað veljist góðir menn, og þeir verða að sæta því að taka þá sem eru lélegri, en bátarnir hafa alla beztu mennina, svo að það er ekki von, að togararnir beri sig vel.

Annars er nú þannig með þessa ríkisstj., að hún er yfirleitt ekki við, þegar verið er að tala um svona mál, og mér finnst það dálítið skrýtið að koma með jafnmikið mál og þetta í þinglokin og svo eru ráðh. ekki við, þegar verið er að ræða það. Annars veit ég ekki, hvort það er alvara ríkisstj. að hespa þetta mál í gegn nú, en illa er það undirbúið.

Það er sannleikurinn, að ef við ætlum að koma málum vel fyrir, atvinnumálum, þá er ekki nema tvennt til. Það verður annaðhvort að vera samningsatriði,

þannig að þessir aðilar geti komið sér saman um það, að þeim sé komið sem bezt fyrir, þannig að þeir geti báðir unað því, bæði launþegarnir og vinnuveitendur, eða þá að lögbjóða yfirleitt launin í þessu landi. Ég sé ekki, að það sé yfirleitt mikið unnið við það að binda í löggjöf ýmis atriði viðvíkjandi þessu, sem auðvelt er að semja um. En ekkert af þessu fæst lagað. Ég kom með þál. í vetur um það að lækka dráttarvexti ofan í ¾% á mánuði eða 9% yfir árið. Þeir hafa tekið undir þetta, minni hl. nm., og ég er þeim þakklátur fyrir það og þeir hafa gengið lengra. Þeir hafa komið með mikla lækkun á föstum vöxtum í Fiskveiðasjóði. Ég leyfði mér nú ekki að fara fram á svona mikið. Satt að segja gerði ég mér nú engar vonir um, að því fáist framgengt að lækka fastavexti ofan í 4% og dráttarvexti ofan í ½% á mánuði og ef það fæst, hef ég ekkert nema gott um það að segja. En ég hefði nú viljað fara hóflegar í sakirnar og fara á 5-6% með föstu vextina og þá ofan í ¾% með hina. En ef þessar till. verða allar felldar, geri ég ráð fyrir, að ég og kannske einhverjir með mér, ef ég get fengið einhvern til þess, komi með brtt. við 3. umr. um hóflegri vaxtalækkun eða minni, og það verður þá að reyna á það, hve vel stjórnarliðar eru handjárnaðir í þessum efnum. Satt að segja finnst mér kjarninn ekki mikill hjá þeim, að þeir skuli ekki leyfa sér að koma með till. um einhverja ákveðna vexti í þessari lánastofnun, hún er ekki það þýðingarlítil og það er a. m. k. þannig í Búnaðarbankanum, að það er ákveðið 6½% þar í 1. Því má þá ekki ákveða í 1. líka um Fiskveiðasjóðinn? Það reynir þá á, hve vel þeir eru handjárnaðir, því að ég geri ráð fyrir, að við þessi atriði verði haft nafnakall og ég er sannfærður um það, að í liði stjórnarliða eru margir menn, sem í einlægni vilja útveginum vel, og það er þá bara af því að þeir fá ekki að gera það, sem þeir hafa löngun til, ef þeir eru ekki með einhverri tilslökun á okurvöxtum, eins og dráttarvextirnir eru nú, þessi 12% á mánuði og í viðbót við það á að reikna brot úr mánuði, hvað lítið, sem það er, eins og fullan mánuð.

Ég skal svo ekki fjölyrða meir um þetta. Ég býst við að ykkur sé það ljóst í aðalatriðum, enda lætur sjútvmrh., sem hefur með þessi mál að gera, ekki svo lítið að vera við, þannig að ég sé ekki að það sé til neins að halda langa ræðu um þetta.

ATKVGR.

Rökst. dagskrá frá 1. minni hl. sjútvn. á þskj. 537 felld með 18:9 atkv.

Brtt. 541,1 felld með 16:7 atkv.
— 537,1 felld með 19:11 atkv.
1. gr. samþ. með 20:3 atkv.
Brtt. 539,1 samþ. með 26 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 537,2 felld með 18:7 atkv.
— 541,2 tekin aftur.
4. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
5.—6. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 560,1 felld með 19:5 atkv.
— 539,2 (ný 7. gr.) samþ. með 21:2 atkv.
— 537,3 kom ekki til atkv.
— 541,3 felld með 17:6 atkv.
8. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 539,3 samþ. með 21 shlj. atkv.
9. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 537,4 felld með 19:10 atkv.
— 541,4 kom ekki til atkv.
10.—12. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 560,2 felld með 19:5 atkv.
— 539,4 (ný 13. gr.) samþ. með 20:2 atkv.
— 537,5 kom ekki til atkv.
Brtt. 537,6 felld með 19:10 atkv.
— 541,5 kom ekki til atkv.
14. gr. samþ. með 19:4 atkv.
Brtt. 537,7 tekin aftur til 3. umr.
— 560,3 felld með 19:6 atkv.
— 539,5 samþ. með 21:2 atkv.
15. gr., svo breytt, samþ. með 19:2 atkv.
16.—17. gr. samþ. með 21:1 atkv.
Brtt. 539,6 samþ. með 21 shlj. atkv.
18. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
19. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 539,7 samþ. með 21 shlj. atkv.
20. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 539,8 samþ. með 21 shlj. atkv.
21. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
22.—26. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 541,6 felld með 18:5 atkv.
Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 19:2 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19:2 atkv.

Á 78. fundi í Nd., 26. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 587, 537,7).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Brtt. 537,7 felld með 19:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: LJós, SE, JK, ÞÞ, ÁÞ, BP, EðS, EÁ, EOl, EystJ, HEÞ, VH, IG, JSk.

nei: MB, MÁM, ÓL, PS, SÁ, USt, SvJ, AJ, BGr, BF, BBen, DÓ, GunnG, SJJ, GÞG, IngJ, JóhH, JP, SB.

7 þm. (RA, BFB, EmJ, GeirG, HS, HV, JR) fjarstaddir.

Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Sverrir Júlíusson: Herra forseti. Þar eð frv. á þskj. 587 (sbr. 325), sem hér er til afgreiðslu, kveður svo á, eftir að brtt. meiri hl. sjútvn. Nd. voru samþ. í gærkvöldi, að stjórn Fiskveiðasjóðs skuli í samráði við sjútvmrh. og stjórn Seðlabankans ákveða lánstíma allra lána sjóðsins, svo og upphæð vaxta og önnur lánskjör, tel ég, að heildarsamtök útvegsmanna hafi góða aðstöðu til þess að koma sínum sjónarmiðum að varðandi þessi mál. Ég tel því brtt. þá, sem hér er til afgreiðslu, ótímabæra og segi því nei.

Frv. samþ. með 20:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÞÞ, AJ, BGr, BF, BBen, DÓ, SJJ, GunnG, GÞG, IngJ, JóhH, JP, MB, MÁM, ÓL, PS, SÁ, USt, SvJ, SB.

nei: BP.

ÁÞ, EðS, EÁ, EOl, EystJ, HEÞ, VH, IG, JSk, LJós, SE, JK greiddu ekki atkv.

7 þm. (BFB, EmJ, GeirG, HS, HV, JR, RA) fjarstaddir.

Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Björn Pálsson: Herra forseti. Ég tel það móðgun við íslenzka útvegsmenn að gera þessa lánastofnun að nokkurs konar undirlægju hjá þremur bönkum í landinu og ég tel, að það hafi verið gengið fram hjá vilja L.Í.Ú. og framkvæmdastjóra Fiskveiðasjóðs með flest af því, sem þeir lögðu til, að breytt yrði í þessu frv., og ég tel það enn fremur ósæmandi fyrir Alþ. Íslendinga að treysta sér ekki til að taka ákvörðun um vexti eða lánskjör í þessari lánastofnun og segi því nei við frv.

Frv. afgr. til Ed.

Á 72. fundi í Ed., s.d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 76. fundi í Ed., 30. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Frv. þetta um Fiskveiðasjóð Íslands hefur nú alllengi verið til meðferðar hjá hv. Nd. og hafa verið gerðar á því nokkrar breyt., svo sem þskj. 587 ber með sér, en um þær breyt., sem þar voru ákveðnar, var samkomulag í d., þó að um önnur atriði væri ágreiningur þar.

Frv. þetta er, eins og áður hefur komið fram í umr. um Framkvæmdasjóð Íslands og Seðlabanka Íslands, nátengt þeim frv. og að nokkru leyti afleiðing af þeirri stefnu, sem þar var upp tekin.

Með frv. því, sem hér er lagt fram, og frv. til l. um Framkvæmdasjóð Íslands, Efnahagsstofnun og Hagráð, er stefnt að því að gera skipulag á starfsemi fjárfestingarlánasjóða einfaldara og hagkvæmara en verið hefur, en í athugun hefur verið á vegum ríkisstj., hvernig samræma megi fjárfestingarlánastarfsemina almennt. Í frv. þessu er lagt til, að Fiskveiðasjóður Íslands og Stofnlánadeild sjávarútvegsins sameinist í nýjan sjóð, sem heitir Fiskveiðasjóður Íslands. Jafnframt sameinast skuldaskilasjóður útvegsmanna skv. l. nr. 120 frá 1950 hinum nýja sjóði. Sjóðurinn verður, ef frv. þetta verður að l., undir sérstakri sameiginlegri stjórn Seðlabanka Íslands, Landsbanka Íslands og Útvegsbanka Íslands. Sjóðurinn verður í umsjá Útvegsbanka Íslands með aðskildum fjárhag og bókhaldi.

Eins og kunnugt er, hefur sjávarútvegurinn á undanförnum áratugum þarfnazt mikils fjármagns til uppbyggingar, að því er snertir byggingu veiðiskipa og byggingu fiskvinnslustöðva og iðjuvera í landi. Sameining tveggja stærstu lánasjóða sjávarútvegsins, þ.e. Fiskveiðasjóðs og Stofnlánadeildar sjávarútvegsins, í einn öflugan sjóð hefur í för með sér, að auðveldara verður að koma við hagkvæmari skiptingu ráðstöfunarfjárins milli hinna ýmsu greina sjávarútvegsins, en þarfir þeirra breytast frá ári til árs. Meira samræmi í útlánum ætti að nást og vonir standa til, að það náist og eftirlit með notkun lánsfjárins ætti að verða virkara. Auk þess ætti sameiningin að hafa í för með sér sparnað — nokkurn sparnað í rekstri og fleira hagræði.

Með sameiningu Fiskveiðasjóðs og Stofnlánadeildar sjávarútvegsins munu stofnlánasjóðir sjávarútvegsins eflast, og mun það einkum leiða til aukinna lána til fiskiðnaðarins. Það má segja, að mál þetta eigi sér nokkurn aðdraganda, því hugmyndin um sameiningu þessara sjóða hefur lengi verið á döfinni. Á árinu 1961 var stigið spor í þessa átt með samstarfi því, sem tekið var upp á milli Seðlabankans, Landsbankans og Útvegsbankans að lánamálum sjávarútvegsins, er lausaskuldum sjávarútvegsins var breytt í löng lán á vegum Stofnlánadeildarinnar.

Frá útvegsmönnum hafa komið fram óskir í þessa átt. Hinn 22. apríl 1964 samþ. Alþ. þál. um athugun á hagkvæmari skipan og aukningu stofnlánasjóðs sjávarútvegsins, en með þál. þessari var samþ. að fela ríkisstj. að láta rannsaka möguleika á nánara samstarfi þessara aðila.

Um sögu Fiskveiðasjóðs get ég verið fáorður. Hin 60 ára saga hans er nokkuð skýrt rakin í greinargerð frv. og ætti þess vegna að vera óþarfi að rifja hana upp nú, nema sérstakt tilefni gefist til. Stofnlánadeild sjávarútvegsins var stofnuð með l. nr. 41/1946 til að veita lán til nýsköpunar sjávarútvegsins. Segja má, að deildin hafi ekki fengizt við annað hlutverk fram til ársins 1961, er nýir lánaflokkar við deildina voru stofnaðir með l. nr. 48/1961, en þá var stigið nýtt spor í sögu deildarinnar. Ný lán úr deildinni voru veitt gegn veði í framleiðslutækjum, allt að 70% af matsverði, er miðast við endurkræft verð eignanna, að frádregnum eðlilegum afskriftum. Hámarkslánstími var 10—20 ár, eftir því, hvort um var að ræða veð í vélum, skipum eða fasteignum og vextir 6½%. Með reglugerð frá 27. febr. 1965 var svo opnaður nýr lánaflokkur í Stofnlánadeildinni í þeim tilgangi að auka framleiðslu og framleiðni í fiskiðnaði og skyldri starfsemi. Það var gerður samningur milli Seðlabankans, Landsbankans og Útvegsbankans um þetta efni og var byrjað að verulegu leyti að láta fjármagn frá þessum bönkum, sem bundið hafði verið í útlánum frá 1961, ganga til nýrri lána í hinum nýja lánaflokki.

Lagafrv. það, sem hér er lagt fram, er að mestu leyti sniðið eftir þeirri framkvæmd þessara mála, sem þegar hefur verið lýst hér að framan. Er hinum nýja Fiskveiðasjóði ætlað að taka við hlutverki áðurgreindra sjóða og stofnana, og hlýtur sjóðurinn að mótast af því skipulagi, er þegar hefur myndazt í lánamálum sjávarútvegsins. Hlutverk sjóðsins er að vinna að þeim verkefnum, sem Fiskveiðasjóður og Stofnlánadeildin höfðu, þ.e. að efla framleiðslu og framleiðni í fiskveiðum og fiskiðnaði bæði á sjó og í landi og veita stofnlán, auk þess sem gert er ráð fyrir að veita lán til þjónustustöðva sjávarútvegsins.

Ég hirði ekki um, nema tilefni gefist til, að rekja í einstökum greinum efni frv. frekar en þegar hefur verið gert á hinn almenna hátt, en lagafrv. þetta felur í stuttu máli það í sér, að sameinuð og samræmd verði starfsemi þeirra stofnana, er veita sjávarútveginum stofnlán. Er með því vænzt, að komið verði á hagkvæmari skipan þessara lánsfjármála, sem stuðlað geti að heilbrigðri þróun þessa undirstöðuatvinnuvegs landsmanna. Með því að setja á stofn einn sjóð, sem, eins og frv. gerir ráð fyrir, á að sjá fyrir lánum til fiskiskipa og fasteigna í

sjávarútvegi, ætti að fást betri yfirsýn og stjórn í þessum málum, en þó einkum hagkvæmari skipting þess fjár, er til ráðstöfunar er hverju sinni.

Herra forseti. Ég legg til, að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til sjútvn. með 17 shlj. atkv.

Á 79. fundi í Ed., 3. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 587, n. 679 og 681).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Sveinn Guðmundsson): Herra forseti. Frv. til l. um Fiskveiðasjóð Íslands hefur verið til athugunar hjá sjútvn. Ed. N. klofnaði í máli þessu, meiri hl. mælir með frv. óbreyttu og hefur gefið út nál. á þskj. 681. Eins og segir í nál., er hér um að ræða einn lið í heildaráætlun hæstv. ríkisstj. um að endurskipuleggja fjárfestingarsjóði höfuðatvinnuvega þjóðarinnar. Er frv. flutt af hæstv. ríkisstj. og hefur það hlotið samþykki Nd. Umsögn um frv. barst sjútvn. Nd. frá Fiskveiðasjóði Íslands, Landsbanka Íslands, Seðlabanka Íslands, Landssambandi iðnaðarmanna, Útvegsbanka Íslands og Landssambandi ísl. útvegsmanna. Sjútvn. Ed. hefur kynnt sér álit þessara aðila, en þeir virðast hafa verulega mismunandi skoðanir á þessu máli. Útvegsbanki Íslands hefur þó nokkra sérstöðu, sem ekki er óeðlilegt, enda hefur Útvegsbankinn haft á hendi stjórn og afgreiðslu sjóðsins frá 1930. Forstjóri Fiskveiðasjóðs bendir á nokkur tækniatriði í sinni umsögn um frv., Landsbankinn og Seðlabankinn mæla með frv. óbreyttu. Landssamband iðnaðarmanna bendir á, að breytinga sé þörf á 9. gr., og var sú breyt. gerð í hv. Nd. L.Í.Ú. bendir á nokkrar breyt., sem nokkuð voru teknar til greina einnig, breyt., sem hv. Nd. gerði á frv., eru skráðar á þskj. 587. Þ. á m. er breyt. á 2. gr. Bætt er við heimild til að lána út á fiskvinnsluvélar. Í 7. gr. er bætt við ákvæði um, að stjórn sjóðsins skuli kosin til tveggja ára. Breyt. var gerð á 9. gr., þar sem Fiskveiðasjóði er heimilað að geyma fé hjá þeirri lánastofnun, sem veitt hefur bráðabirgðalán út á framkvæmdir, sem Fiskveiðasjóður lánar til. Í upprunalega frv. var gert ráð fyrir, að fé sjóðsins yrði eingöngu bundið í Seðlabankanum og svo Útvegsbankanum og viðskiptabönkunum og Landsbankanum.

Með breyt. á 13. gr. er stjórn sjóðsins sett í sjálfsvald lánstíminn í samráði við sjútvrn. og stjórn Seðlabankans. Í upprunalega frv. var lánstíminn ákveðinn 20 ár út á fasteignir, en 15 ár út á skip. Kemur fram í umsögn L.Í.Ú. að félagssamtök útvegsmanna voru óánægð með þennan tiltekna lánstíma, fannst hann of stuttur. Lántökugjald í 15. gr., sem var 1%, er fært niður í ¼%. Nokkuð var breytt um með einstök formsatriði á 18., 20. og 21. gr. Meiri hl. sjútvn. fellst á þessar brtt., þær, sem gerðar voru á frv. í hv. Nd. og fram komu á þskj. 587.

Frv. þetta kveður á um að sameina Fiskveiðasjóð og Stofnlánadeild sjávarútvegsins í einn sjóð. Fiskveiðasjóður er stofnaður með l. frá 1905, en gildandi lög um sjóðinn eru nú komin á 11. ár. Útlán Fiskveiðasjóðs á síðasta ári námu 157.5 millj., en nokkru minna á árunum á undan eða frá 128—135 millj. kr. Á yfirstandandi ári er reiknað með samkv. framkvæmdaáætlun ríkisstj., að Fiskveiðasjóður láni 159 millj. kr. Eftirtektarvert er, að tekjur sjóðsins voru á árinu 1965 218 millj. kr., en útlán aðeins 157.5 millj., enda átti sjóðurinn inneign í bönkum, sem nam 70—80 millj. kr. Heildarútlán Fiskveiðasjóðs í lok janúar s. l. námu um 1100 millj. kr. Stofnlánadeild sjávarútvegsins var stofnuð með l. frá 1946. Lánaði deildin aðallega til togarakaupa, en nokkuð til báta og vinnslustöðva. Með l. frá 1961 var stofnaður nýr lánaflokkur við Stofnlánadeildina með samningi milli Seðlabankans, Landsbankans og Útvegsbankans. Bættust Fiskveiðasjóði þarna 350 millj. kr. Já, með þessari sameiningu bætast Fiskveiðasjóði 350 millj. kr. Það er ekki vafi á því, að með sameiningu þessara fjárfestingarsjóða sjávarútvegsins fæst meiri heild í útlán og betri yfirsýn ættu viðskiptabankar að hafa yfir einstaka lántakendur. Meiri hl. sjútvn. mælir því með, að frv. þetta verði samþykkt.

Frsm. minni hl. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Sjútvn. hefur ekki getað orðið sammála um afgreiðslu þessa frv. Við í minni hl., en hann skipa fulltrúar Framsfl. í sjútvn. og fulltrúi Alþb., leggjum til, að þetta frv. sé afgreitt með rökst. dagskrá. Ástæðurnar til þeirrar rökst. dagskrár eru ekki þær, að við teljum í sjálfu sér óeðlilegt, að þessir sjóðir, sem þarna er um að tefla, séu sameinaðir. Ég geri ráð fyrir því, að það sé á margan hátt eðlilegt. Raunar er á það bent í þeim umsögnum, sem um málið hafa borizt, að þarna er tvennu ólíku saman að jafna, annars vegar Fiskveiðasjóðurinn, sem er voldug stofnun með stórkostlegar eignir á bak við sig, hins vegar Stofnlánadeild sjávarútvegsins, sem er ung stofnun og fátæk. En hvað um það, það út af fyrir sig getur verið eðlilegt að sameina þessar stofnanir, og ég vil alls ekki hafa á móti því, þannig að við erum ekki í prinsippinu andvígir því, en ástæðan til þess, að við leggjum til, að frv. sé að þessu sinni afgreitt með rökst. dagskrá, er fyrst og fremst sú, að við teljum, að undirbúningur málsins hafi ekki verið með þeim hætti, sem réttur megi teljast, vegna þess að við undirbúning málsins og samningu þessa frv. virðist alls ekki hafa verið haft nægilegt samráð við yfirstjórn Fiskveiðasjóðs, sem er bankastjórn Útvegsbankans. Það kemur fram í umsögn Útvegsbankans, að það hefur ekki verið haft samráð við þá um málið fyrr en á lokastigi þess. Þetta verður að teljast óeðlilegt, þegar þess er gætt, að bankastjórn Útvegsbankans hefur um langt skeið haft á hendi stjórn Fiskveiðasjóðs og farizt það vel úr hendi að allra dómi, er allra manna bezt kunnug þessum málum, þekkir, hvað við á, hver þörf er og hverjar reglur eru heppilegastar í þessu efni. Það er því að mínu viti óráð að semja lagafrv. um þetta efni, án þess að leita til þeirra fyrst og fremst. Í stað þess hefur sú leið hér verið farin, að því er virðist, að Seðlabankinn sýnist hafa haft alla forystu í þessu máli og frv. samið í raun og veru þar, þó að á lokastigi málsins hafi verið rætt við bankastjórn Útvegsbankans um það.

Enn fremur rennir það stoðum undir þessa rök-

studdu dagskrártill. okkar, að frv. virðist vera þannig úr garði gert, að það megi benda á nokkra ágalla á því. Og eins og hv. frsm. meiri hl. gerði rækilega grein fyrir, hefur verið bent á það í ýmsum þeirra umsagna, sem um frv. hafa borizt, fyrst og fremst frá Útvegsbankanum, í öðru lagi frá Fiskveiðasjóði sjálfum eða forstjóra hans, og að nokkru að mig minnir frá Landssambandi iðnaðarmanna og L.Í.Ú. Sumar af þessum aths. og ábendingum hafa að vísu verið teknar til greina við afgreiðslu málsins í Nd., en þó hvergi nærri allar, þannig að eftir sem áður er frv. í því formi, sem t. d. Útvegsbankinn gerir mjög veigamiklar aths. við í sinni umsögn um málið. Og þær aths., sem Útvegsbankinn fyrst og fremst gerir við frv., eru þessar, að hann telur ekki ástæðu til eða a. m. k. hafi ekki verið bent á nein veigamikil rök fyrir því að breyta stjórn Fiskveiðasjóðs. En eins og kunnugt er, er gert ráð fyrir því samkv. þessu frv., að stjórn Fiskveiðasjóðs sé hér eftir í höndum 5 manna n., þar sem Útvegsbankinn skipi tvo, Landsbankinn tvo og Seðlabankinn oddamann. En eins og ég áðan sagði, hefur stjórn Fiskveiðasjóðs hingað til verið í höndum bankastjórnar Útvegsbankans og sú stjórn hefur ekki sætt gagnrýni, svo að kunnugt sé, enda ber hagur sjóðsins þess gleggstan vott, að honum hefur verið vel stjórnað, þar sem yfir 50% af umráðafé sjóðsins eru nú eigið fé hans eða um 600 millj.

Í annan stað gerir Útvegsbankinn sérstaka aths. við það, að eftir frv. er ætlazt til þess framvegis, að handbært fé sjóðsins verði geymt á reikningi í Seðlabankanum. Að vísu mun það vera í samræmi við eitthvert almennt ákvæði, sem þar um er í Seðlabankal., en eigi að síður felst í þessu mikil breyting frá því, sem nú er í reyndinni, vegna þess að laust fé Fiskveiðasjóðs hefur hingað til verið geymt í Útvegsbankanum og það er alveg auðsætt og viðurkennt af öllum, að Útvegsbankinn verði fyrir stórkostlegum hnekki við það að láta þetta fé þannig af hendi. Það er látið í það skína, ef ég man rétt, í aths. með þessu frv., að reynt muni verða með vinsamlegum hætti af Seðlabankans hálfu að greiða fyrir því, að þetta geti farið fram þannig, að það verði ekki Útvegsbankanum til stórlegra vandræða í bili, en ekki er nánar tekið fram, hvernig það skuli gert. Útvegsbankinn bendir á, að hann telur æskilegt, að samningar um þetta séu gerðir glöggir fyrir fram. Þá gerir Útvegsbankinn og málgögn bankans aths. við það, að hingað til hafa auðvitað allar lánsumsóknir um lán úr Fiskveiðasjóði verið afhentar Fiskveiðasjóði og þar verið meðhöndlaðar eins og sjálfsagt og eðlilegt er. Nú er í þessu frv. hins vegar gert ráð fyrir því, að lánaumsækjendur geti lagt inn sínar umsóknir til viðskiptabanka sinna og þær komi um þeirra hendur til Fiskveiðasjóðsins. Þetta telja þeir ágalla, ekki aðeins fyrir starfsmenn sjóðsins, heldur líka fyrir viðskiptamenn.

Herra forseti. Ég sé nú ekki ástæðu til þess að vera að hafa lengra mál um þetta. Ég vona, að það hafi komið greinilega fram, hverjar ástæður liggja til þeirrar afstöðu okkar, sem þennan minni hl. skipum, að við teljum bezt fara á því að afgreiða þetta mál með rökst. dagskrá og auðvitað eru það engin rök gegn því, sem hv. frsm. meiri hl. drap aðeins á í sinni ræðu, að þetta frv. væri liður í einhverjum heildarsamdrætti fjárfestingarlánasjóða, sem nú væri á döfinni. Það gerir náttúrlega engum neitt til, þó að það dragist fram til næstu áramóta að ganga frá endanlegri skipun þessa máls, en ef því væri frestað á milli þinga, mundi gefast kostur á að athuga þetta mál betur og þá fyrst og fremst í samráði við stjórnendur Fiskveiðasjóðs, þeirra sem hingað til hafa verið, bankastjórn Útvegsbankans og forstjóra Fiskveiðasjóðs, en þeir vita náttúrlega manna bezt, hvernig réttast muni að skipa þessum málum.

Bjarni Guðbjörnsson: Herra forseti. Ég hef nú ekki átt þess kost að kynna mér rækilega þetta frv. og, enda þótt það sé sitt hvað við það að athuga, mun ég ekki gera neinar aths. við það, en það er eitt atriði, sem mig langaði þó til að kæmi hér fram undir þessum umr. Það er í sambandi við það, að Fiskveiðasjóður lánar út á erlendu skipin og lætur andvirði lánanna inn á innistæðureikning, en lántakendurnir fá það ekki til ráðstöfunar, heldur greiðir Fiskveiðasjóður það svo aftur á gjalddögum hinna erlendu lána. Í sambandi við þetta hefur mér alltaf fundizt óréttlátur sá kostnaðarauki, sem kemur fram í þessum krókaleiðum og lendir með fullum þunga á þeim mönnum eða aðilum, sem kaupa bátana. Þar á ég við, að þegar bátur er keyptur erlendis frá, þá verður að skaffa bankaábyrgð fyrir láninu, sem tekið er erlendis. Venjulega er það lán með lakari kjörum, hærri vöxtum heldur en það lán eða þeir vextir nema, sem Fiskveiðasjóður greiðir af innstæðunni hverju sinni. Fiskveiðasjóður greiðir vexti af þessum innstæðum, jafnháa og útlánsvextir eru hjá Fiskveiðasjóði hverju sinni. Flestir erlendu bátarnir eru keyptir með frá 6½ upp í 8% vöxtum á þeim lánum, sem tekin eru úti. En mér hefði fundizt eðlilegast, að það væri ekki verið að fara þá krókaleið að láta skaffa bankaábyrgð eða láta viðkomandi viðskiptamenn útvega bankaábyrgð, heldur að Fiskveiðasjóður tæki erlendu lánin og þessi krókaleið yrði ekki farin, vegna þess að þetta kostar hvern þann, sem kaupir bát, mörg hundruð þúsund krónur. Fyrst er tekið ábyrgðargjald af láni, sem skipasmíðastöðin skaffar úti, og hún leggur það á kaupverð bátsins, síðan þarf viðskiptabankinn hér heima að taka ábyrgðargjald af viðskiptamanninum, og þegar bátar kosta þetta frá 12 og upp í 20 milljónir, þá nemur þetta allverulegum upphæðum, áður en erlenda lánið er greitt. Mér hefur alltaf fundizt þetta óréttlátt, og ég vildi ekki láta hjá líða að koma þessu sjónarmiði á framfæri, því að það segir sig sjálft, að það munar um þennan skatt.

Annað atriði er líka, sem ég vildi láta koma fram og það er í sambandi við lánstímann. Þess eru dæmi, að menn hafi þurft að borga af eða það hefur verið ætlazt til þess, að menn borguðu af fiskveiðasjóðslánum, áður en ár er liðið frá því að lánið er veitt. Ef lán er veitt t.d. í maímánuði, þá er held ég ætlazt til þess, að fyrsti gjalddaginn sé 1. nóv., og það er yfirleitt fráleitt með þessi fjárfestingarlán, að menn þurfi að vera að borga af þeim svo fljótt sem raun ber vitni um, því að stofnkostnaðurinn er svo mikill, að þeir hafa varla nokkur tök á að gera þetta.

Ég hefði óskað þess, þótt ekki sé tækifæri til að koma þeim breyt. fram núna, að það yrði tekið til athugunar, að fyrsta afborgunin af þessum lánum yrði aldrei innt

af hendi fyrr en ári eftir að lánsskjölin hafa verið undirrituð, því að annars er í raun og veru verið að stytta lánstímann.

Ég vildi aðeins bara koma þessum aths. á framfæri undir þessari umr.

ATKVGR.
Rökst. dagskrá á þskj. 679 felld með 11:8 atkv.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.—26. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 80. fundi í Ed., s.d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgreitt sem lög frá Alþingi (A. 704).

---

57. Ábyrgð á láni fyrir Flugfélag Íslands.

Á 38. fundi í Sþ., 20. apríl, var útbýtt frá Ed.:

Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. að ábyrgjast lán fyrir Flugfélag Íslands hf. til kaupa á millilandaflugvél [194. mál] (stjfrv., A. 535).

Á 67. fundi í Ed., 22. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Með frv. þessu er lagt til, að Flugfélagi Íslands verði veitt aðstoð til þess að kaupa þotu til millilandaflugs, allt að 80% af kaupverði þeirrar vélar, og getur sú fjárhæð farið allt að 238 millj. kr. Þessi upphæð leiðir glöggt í ljós, að hér er um mjög mikla skuldbindingu að ræða, sem ríkisstj. tekst á hendur, ef úr verður, og því ber að sjálfsögðu brýna nauðsyn til að kanna þetta mál sem rækilegast.

Flugfélag Íslands hefur um alllangt skeið haft til athugunar að endurnýja vélakost sinn, og miðað við þær miklu framfarir, sem eru í flugvélagerð og þær sífullkomnari vélar, sem teknar eru í notkun hér á Atlanthafsflugleiðum, hygg ég, að allir geti verið sammála um, að það sé óumflýjanlegt fyrir Flugfélagið að gera ráðstafanir til þess að bæta flugvélakost sinn að þessu leyti, til þess að vera samkeppnisfært.

Flugfélagið hefur að undanförnu bætt verulega vélakost sinn innanlands. Það keypti á s. l. ári Fokker Friendship-vél, sem veitt var ríkisábyrgð fyrir, og jafnframt var samþ. á Alþ. að veita ríkisábyrgð fyrir annarri flugvél af sömu tegund, og verða þessar vélar báðar notaðar til innanlandsflugs. Það hefur komið í ljós við notkun hinnar fyrri Fokker Friendship-vélar, að það hefur stórkostlega bætt aðstöðu Flugfélagsins, og farþegafjöldi með vélum þess, sem fyrst og fremst er að þakka þessari vél, hefur stórkostlega aukizt. Það hefur verið svo að undanförnu, að það hefur verið halli á innanlandsflugi, en utanlandsflugið hefur borið uppi þennan halla og raunar allmiklu betur, enda þótt Flugfélag Íslands hafi engu að síður ekki getað safnað þeim fjármunum, sem nauðsynlegt hefði verið. Og einmitt þetta gerir að verkum, að það er mikilvægt að kanna til hlítar, hvaða spor er stigið, þegar umrædd vél verður keypt, sem hér er um að ræða.

Því miður hefur það viljað brenna við á síðustu árum, þegar beðið hefur verið um ríkisábyrgð fyrir flugvélakaupum Flugfélagsins, að það hefur verið gert með litlum fyrirvara og litlum athugunum hægt að koma við varðandi grundvöllinn fyrir rekstri slíkra véla. Þó að þetta mál komi seint fyrir Alþ., er það ekki vegna þess, að sami háttur hafi verið hér á hafður, heldur hefur þetta mál verið rannsakað eins ýtarlega ofan í kjölinn bæði af Flugfélaginu sjálfu og einnig af bæði Ríkisábyrgðasjóði eða Seðlabankanum og Efnahagsstofnuninni svo sem frekast hefur verið kostur á og menn hafa við að kynna sér það til hlítar, hversu mikil áhætta kynni að vera á þeirri miklu skuldbindingu, sem ríkið hér tekur sér á herðar, ef þetta frv. verður samþ. Ég tel því sjálfsagt, að hv. fjhn. kynni sér athuganir þessara aðila, bæði Efnahagsstofnunarinnar og Seðlabankans, til þess að fá glöggar upplýsingar um það, hvaða horfur séu varðandi rekstur þessarar vélar. Vitanlega verður þó aldrei örugglega sagt fyrir um, hvort hér sé um áhættulausa skuldbindingu að ræða, en hún er svo veigamikil og stór, að það er auðvitað útilokað að taka hana á herðar ríkissjóðs, nema þetta sé kannað til hlítar.

Á síðustu árum hefur Flugfélagið staðið í skilum með ríkisábyrgðarskuldbindingar sínar frá fyrri tíð. Það urðu vanskil um tíma, en nú eru þau vanskil að heita má horfin, þannig að það er ekki um að ræða, að það sé af þeim sökum hindrun á því að veita þessa ábyrgð. Það skal tekið fram, að enda þótt þetta sé miðað við sérstaka flugvél, Boeing-727, er, eins og hv. þdm. sjá í aths., gert ráð fyrir því, að hugsanlegt sé, að ekki verði ráðizt í kaup á slíkri þotu. Það eru ýmis atvik, sem þessu valda og ég tel ekki ástæðu til að ræða hér, en það kann að reynast hentugra eða óumflýjanlegt fyrir félagið að fara aðrar leiðir. Þá er gert ráð fyrir því engu að síður, að þessi ábyrgðarheimild sé fyrir hendi, auðvitað að því tilskildu, að athugun leiði í ljós, að slíkar vélar séu hagkvæmar og að heildarábyrgð fari ekki fram úr þeirri fjárhæð, sem hér er um að ræða.

Með hliðsjón af því, að hér er í mikið ráðizt af Flugfélaginu, þótti óumflýjanlegt, að gerðar yrðu ráðstafanir til að auka mjög verulega hlutafé í félaginu, og er gert ráð fyrir því og út frá því gengið í sambandi við þessa ríkisábyrgð, að hlutafé í Flugfélagi Íslands verði þrefaldað, eða aukið um 40 millj. kr. Það er lagt til, að ríkissjóður, sem nú á um 13% hlutafjár, taki þátt í þessari hlutafjáraukningu og auki hana sem því nemur, að hann haldi eignarhlutfalli sínu í félaginu.

Þá er loks eitt atriði, sem vert er að minnast á hér og hefur mikilvæga þýðingu, en það er, hvaðan þessi flugvél verður gerð út. Það hafa verið uppi um það miklar umr. á liðnum árum, hvernig hagað yrði millilandaflugi hér og hvernig yrði með endurbyggingu Reykjavíkurflugvallar. Út í það mál skal ég ekki fara, en svo sem hv. þdm. er kunnugt, hafa Loftleiðir flutt allt sitt millilandaflug til Keflavíkur, og þykir mjög

ósýnt mál af mörgum ástæðum, að það sé fært að gera þotu út héðan frá Reykjavíkurflugvelli. Af þessum sökum hefur verið lögð á það áherzla og af hálfu ríkisstj. verið tekið fram við Flugfélagið, að því aðeins sé hugsanlegt að veita ríkisábyrgð sem þessa, að það sé hægt að sanna með rekstraráætlunum, sem gildar verði teknar, að auðið sé að gera þotuna út frá Keflavíkurflugvelli, ef það reynist niðurstaða í flugvallarmálum okkar, að ekki verði talið auðið að gera þotu út héðan frá Reykjavík, nema með því að leggja í mjög verulegan tilkostnað hér við Reykjavíkurflugvöll, sem menn séu ekki þá reiðubúnir að leggja í. Það hefur verið gengið út frá því, og ég hygg, að það sé almenn skoðun, að eðlilegt sé, að innanlandsflug sé rekið héðan frá Reykjavíkurflugvelli, en það þykja horfur á því og raunar ekki aðeins horfur, heldur nokkurn veginn vissa, að ef taka á inn á þennan flugvöll þotu sem þessa, yrði að leggja til allverulegt fjármagn til að gera flugvöllinn þannig úr garði, að þar væri hægt að starfrækja þessa miklu vél. Þetta hefur því þótt óumflýjanlegt, að Flugfélagið gerði sér grein fyrir og sannaði með viðhlítandi áætlun um sinn rekstur, að ef það þætti óumflýjanlegt, væri auðið að gera flugvélina út frá Keflavík, þannig að ekki væri eftir á hægt að koma og segja sem svo, að ríkið yrði að leggja svo og svo mikið fjármagn til viðgerða á Reykjavíkurflugvelli, því að ella væri ekki auðið að gera þessa flugvél út með eðlilegum hætti, án þess að þær skuldbindingar féllu á ríkið, sem hér er gert ráð fyrir að veita.

Ég sé ekki, herra forseti, ástæðu til, nema tilefni gefist til, að fara um þetta fleiri orðum, en með hliðsjón af því, sem ég áðan sagði um þær athuganir, sem fram hafa farið, og rekstraráætlanir, sem gerðar hafa verið og með hliðsjón af því, hvað hér er um mikla skuldbindingu að ræða, sem ríkið tæki sér á herðar, tel ég sjálfsagt og eðlilegt, að hv. fjhn. kynni sér þetta mál hjá þeim aðilum af hálfu ríkisins, Seðlabankanum og Efnahagsstofnuninni, sem hafa kynnt sér þessar áætlanir allar, og þá að sjálfsögðu leita nánari upplýsinga um það hjá Flugfélaginu, ef eitthvað þykir óljóst eða ekki nægilega skýrt af því, sem ég hef gert grein fyrir varðandi þeirra fyrirætlanir í þessu efni. Að öðru leyti er það mjög mikilvægt, að málinu sé hraðað, því að það er ekki hægt fyrir Flugfélagið að gera samninga um kaup á þessari vél, fyrr en það liggur ljóst fyrir, hvort Alþ. vill fallast á að veita þá fyrirgreiðslu, sem hér er lögð til.

Ég legg svo til, herra forseti, að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til fjhn. með 15 shlj. atkv.

Á 73. fundi í Ed., 28. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 535, n. 618).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Frsm. (Jón Þorsteinsson): Herra forseti. Þessu frv. var vísað til fjhn. til athugunar. Í lagafrv. þessu felst einkum tvennt. Það er í fyrsta lagi að heimila ríkisstj. að ábyrgjast lán fyrir Flugfélag Íslands h. f. til kaupa á millilandaflugvél, og má ábyrgðin vera allt að 80% af kaupverði flugvélar með nauðsynlegum varahlutum og tækjum, þó eigi hærri fjárhæð en 238 millj. kr. Í öðru lagi er fjmrh. heimilað að auka núverandi hlutafjáreign ríkissjóðs í Flugfélagi Íslands h. f. jafnmikið og nemur fyrirhugaðri heildaraukningu hlutafjárins.

Eins og kunnugt er rekur Flugfélag Íslands bæði innanlandsflug og millilandaflug. Það á nú 3 millilandaflugvélar, sem allar eru orðnar mjög gamlar, ég hygg, að þær yngstu séu 9 ára gamlar. Það er þess vegna orðin mjög brýn þörf fyrir Flugfélagið að endurnýja flugvélakost sinn á millilandaleiðum. Þá hefur helzt komið til álita af hálfu forráðamanna Flugfélagsins að kaupa þotu af gerðinni Boeing-727, en hún mun kosta með öllu tilheyrandi tæpar 300 millj. kr. Það mun vera ráðgert, að ef úr þessum kaupum verður, komi þessi flugvél til landsins næsta vor og byrji flugferðir í maí mánuði 1967, en þá verði um leið seldar 2 af 3 millilandaflugvélum Flugfélagsins. Eins og allir vita, rekur Flugfélagið mjög mikilsverða samgönguþjónustu innanlands með sínu innanlandsflugi hér á mörgum flugleiðum. Reynslan hefur nú orðið sú, að fjárhagsafkoman af innanlandsfluginu hefur verið nokkuð erfið, en Flugfélagið hefur getað styrkt aðstöðu sína með hagnaði á utanlandsfluginu hin síðari ár. Það er þess vegna m. a. vegna innanlandsflugsins og til þess almennt að styrkja fjárhagsaðstöðu og rekstrarafkomu Flugfélagsins nauðsynlegt, að því gefist kostur á að efla millilandaflugið.

Eins og hæstv. fjmrh. gat um við 1. umr. þessa máls, er hér um heimild til mjög mikillar fjárskuldbindingar að ræða, þar sem eru 238 millj. kr., og verður auðvitað að búa vel um hnútana, að ríkisábyrgð sé ekki veitt, nema það séu miklar tryggingar fyrir því, að þetta lán, sem á að ábyrgjast, verði örugglega greitt, þannig að ekki þurfi að bitna á ríkissjóði eða Ríkisábyrgðasjóði. Það er þó ljóst mál, að rekstur flugfélags til millilandaflugs er nokkuð áhættusöm starfsemi, þar sem erfitt er að vera alveg öruggur fyrir fram um það, að fjárfesting í nýjum flugvélum sé skynsamleg og muni bera tilætlaðan árangur.

Það var auðvitað enginn kostur þess fyrir fjhn. nú á síðustu og annasömustu dögum þingsins að kanna þetta til hlítar. N. fékk þó í sínar hendur allítarlega rekstrarreikninga og rekstraráætlun, sem Flugfélagið hafði látið gera, þ. e. rekstrarreikninga frá árinu 1963 og síðan rekstraráætlun fram í tímann allt til ársins 1975, miðað við að þessi Boeing-þota verði keypt á næsta vori, eins og ég hef greint frá. Þessi rekstraráætlun mun hafa verið send Seðlabankanum, og það mun í ráði að senda hana einnig til Export-Import bankans í Washington, en þar mun Flugfélagið leita eftir lántöku til flugvélakaupanna. Ég hitti að máli framkvstj. Flugfélagsins og aðalendurskoðanda, sem skýrðu þessa áætlun út fyrir mér, og þó að það þurfi náttúrlega mikla sérþekkingu til þess að botna í þessu, verður nú ekki annað sjáanlegt af þessari áætlun en að hún sé gerð af fullri varúð og það sé ríkástæða til að ætla, að þessi kaup á millilandaflugvél séu skynsamleg fjárfesting. En þar sem hér í þessu frv. er aðeins um heimild að ræða fyrir ríkisstj. til að ábyrgjast þessi lán, verður auðvitað ríkisstj. og

hæstv. fjmrh. að ganga betur úr skugga um, að óhætt sé og eðlilegt að veita þessa ríkisábyrgð, þegar þar að kemur, að það liggur ljósar fyrir, á hvern hátt þess verður þörf.

Þá taldi n. eðlilegt, að jafnhliða heimildinni fyrir ríkisábyrgðinni væri fjmrh. heimilt að auka hlutafjáreign ríkisins í Flugfélagi Íslands h. f., en ríkissjóður á nú 13% af hlutafé félagsins, en eins og kemur fram í aths. við frv., þá er eitt með öðru, sem á að gera til þess að styðja þessi flugvélakaup, að auka hlutafé Flugfélags Íslands um 40 millj. kr., og er sjálfsagt og eðlilegt, að ríkissjóður haldi sínum hluta í þessu félagi, sem er auðvitað, eins og fram hefur komið, mjög nauðsynlegt þjónustufyrirtæki.

N. hefur sem sagt athugað þetta frv., eftir því sem föng voru á á stuttum tíma, og leggur einróma til, að frv. verði samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 74. fundi í Ed., 28. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 80. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 81. fundi í Nd., 29. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til fjhn. með 27 shlj. atkv.

Á 86. fundi í Nd., 3. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 535, n. 677).

Frsm. (Sigurður Ingimundarson): Herra forseti. Fjhn. d. hefur athugað frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til að ábyrgjast lán fyrir Flugfélag Íslands h. f. til kaupa á millilandaflugvél og var einróma sammála um að mæla með samþykkt frv.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Vegna mikils röskleika í þessari hv. d. gafst mér ekki kostur á að tala fyrir þessu frv. við 1. umr. þess, og ber það vissulega ekki að lasta, en ég tel hins vegar rétt, ekki til að lengja umr., heldur til þess, að fram komi tilteknar upplýsingar, að segja aðeins örfá orð við þessa umr.

Eins og hv. þdm. er áreiðanlega öllum ljóst, er hér beðið um heimild til þess að veita þá mestu ríkisábyrgð í einu lagi, sem áður hefur verið veitt, og er að sjálfsögðu ríkisstj. vel ljóst, að það ber hina brýnustu nauðsyn til, að með fullri varfærni verði í þessar sakir farið. Þetta mál hefur verið kannað mjög rækilega á undanförnum mánuðum, bæði af Seðlabankanum og Efnahagsstofnuninni. Að svo miklu leyti sem hægt er að gera sér ákveðnar hugmyndir eða draga ákveðnar ályktanir af undirbúningi slíkra mála, þá er það skoðun þessara aðila, að þetta megi teljast skynsamlega undirbúið af hálfu Flugfélagsins, en það, sem ég tel rétt, að komi hér fram, er það, að í fyrsta lagi verður þessi ábyrgð að sjálfsögðu ekki veitt nema því aðeins, að endanlegar athuganir á rekstraráætlunum leiði til þess, að þetta verði talið tiltölulega áhættulítið fyrir ríkissjóð. Í annan stað, eins og fram kemur í frv., hefur það verið gert að skilyrði, sem raunar stjórn Flugfélagsins er algerlega ásátt með fyrir sitt leyti og hafði einnig fyrirhugað, að aukið yrði verulega hlutafé Flugfélagsins til þess að styrkja fjárhagsaðstöðu þess. Og í þriðja og síðasta lagi, sem ekki er enn þá endanlega afgert mál, er það, að af hálfu ríkisstj. hefur verið sett það skilyrði, að hægt verði að sanna með raunhæfum rekstraráætlunum, að auðið sé að gera þessa millilandaflugvél út frá Keflavíkurflugvelli, ef á þarf að halda. Millilandaflugið með hinum stærri vélum hefur færzt til Keflavíkurflugvallar. Loftleiðir eru komnir þangað með alla sína starfsemi, og hér er um þotu að ræða, ef til kemur af hálfu Flugfélagsins, og það er ljóst, að ef á að gera hana út frá Reykjavíkurflugvelli, þarf að gera margvíslegar breytingar og kostnaðarsamar á flugvellinum. Einhverjar lagfæringar þarf hvort sem er á honum að gera, en það er nokkurn veginn ljóst, að þær þurfa að vera í miklu stærri stíl, ef héðan á að gera út þotu. Það verður því ekki veitt þessi ríkisábyrgð, nema hægt verði að leiða rök að því, að ef svo kynni að fara, að það yrði talið óumflýjanlegt, að rekstur þotunnar yrði frá Keflavíkurflugvelli, leiði rekstraráætlanir í ljós, að slíkt sé auðið að gera á þann veg, að engu að síður verði hægt að standa undir þeim lánum, sem tekin verða til flugvélakaupanna.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Á 87. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 705).

---

58. Atvinnuréttindi vélstjóra á íslenzkum skipum.

Á 1. fundi í Sþ., 11. okt., var útbýtt frá Ed.:

Frv. til l. um atvinnuréttindi vélstjóra á íslenzkum skipum [7. mál] (stjfrv., A. 7).

Á 5. fundi í Ed., 21. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér er til umr., er samið af mþn., sen hæstv. menntmrh. skipaði í febrúarmánuði 1964 og nú hefur lokið störfum. Í n. áttu sæti Jón Þorsteinsson alþm., Gunnar Bjarnason skólastjóri, tilnefndur af Vélskólanum í Reykjavík, Guðmundur Pétursson vélstjóri, tilnefndur af Vélstjórafélagi Íslands, Jón S. Pétursson, tilnefndur af Mótorvélstjórafélagi Íslands, og Magnús J. Magnússon forstöðumaður mótornámskeiðanna, tilnefndur af Fiskifélagi Íslands. Í stað Jóns S. Péturssonar tók varamaður hans, Halldór Guðbjartsson vélstjóri, sæti í n. og starfaði í henni, þar til hún lauk störfum. Í tímabundinni fjarveru Guðmundar Péturssonar tvisvar sinnum starfaði í hans stað Örn Steinsson vélstjóri. N. vann mjög ötullega og vandlega starf sitt, og er sérstök ástæða til að færa henni þakkir fyrir störfin, og er það gert hér með.

Þetta frv. er eins konar afleiðing af aðalstarfi n., sem var að semja frv. til l. um vélstjóranám, sem hæstv. menntmrh. hefur einnig lagt hér fram á Alþingi. Í samráði við siglingamrn. samdi n. einnig það frv., sem hér er til umr. nú, og leitaði að lokinni fyrstu samningu frv. álits ýmissa þeirra samtaka, sem málið er skyldast, s. s. A. S. Í., skipaskoðunarstjóra, Landssambands ísl. útvegsmanna, Fiskifélags Íslands, Vélstjórafélags Íslands, Mótorvélstjórafélags Íslands og loks skráningarfulltrúans í Rvk. Enn fremur til Vinnuveitendafélags Íslands og Vinnumálasambands samvinnufélaga. Frá nokkrum þessara aðila bárust svör og ábendingar um breytingar. Nokkrar af þessum aths. þessara aðila kveðst n. hafa tekið til greina, en aðrar taldi n. sér ekki fært að taka undir. Eðlilegt verður því að telja, að þingnefnd sú, sem frv. þetta fær nú til meðferðar, kynni sér hjá undirbúningsnefnd málsins, í hverju þær ábendingar, sem n. treysti sér ekki að taka inn í frv., eru sérstaklega fólgnar. Enn fremur leyfi ég mér að benda hv. þingnefnd á, að nauðsynlegur kynni að vera samanburður á þessu frv. og þeirri heimild, sem samþ. var hér s. l. vetur, um að veita mætti við styttri farþega- og vöruflutningasiglingar undanþágur um fjölda yfirmanna þar á meðal vélstjóra, og þannig að tryggja sem bezt samræmi í lagasetningunni um réttindi og skyldur í þessum efnum.

Höfuðbreytingu á þessu frv. frá gildandi l. verður að telja þá stigbreytingu réttinda, sem fást eftir próf í hverju hinna fjögurra námskeiða Vélskólans, eins og þegar er kunnugt af skýringum með því frv. Hin tvenns konar réttindi mótorvélstjóranámskeiðs á vegum Fiskifélags Íslands verða samkv. frv. lögð niður, og reynslutími er styttur. Þess í stað verða gefin réttindi eftir próf í hverju hinna 4 námskeiða, sem frv. þetta og frv. um Vélskólann gera ráð fyrir, eða eftir hvern vetur. Það skilyrði við upptöku í Vélskólann að hlutaðeigandi hafi lokið iðnnámi í járnsmíði er og einnig fellt niður með ákvæðum frv. Þó verður sá vélstjóri, sem fær hæstu réttindi, áður að hafa lokið sveinsprófi í vélvirkjun, og þó má hann einnig ljúka því prófi eftir að hafa lokið vélskólanáminu.

Um þegar áunnin réttindi vísast til 16. gr. frv., en hún staðfestir hugmyndir undirbúningsnefndarinnar um, að enginn einstaklingur, sem samkv. gildandi l. hefur tiltekin réttindi, lækki í sessi. Lægstu og hæstu réttindi hækka að mun, og viðmiðun í þeim efnum er ekki lengur vélategund — það er, hvort vélin er gufuvél eða mótorvél eða tonnafjöldi skips, eins og áður var — heldur hestaflafjöldi eða orka vélarinnar í hvaða skipi, sem vélin annars er, og hvert sem verkefni skipsins er. Skylt er þó að taka fram, að allur samanburður á ákvæðum þessa frv. og allur samanburður á ákvæðum þessa frv. og gildandi l. er mjög erfiður, því að með frv. þessu er aðgreining gerð skýr á milli þriggja skipategunda eftir verkefni þeirra, þ. e. fiskiskip, flutningaskip og farþegaskip. Núgildandi l. frá 1946 með breytingum síðar eru hins vegar grundvölluð eftir vélategund í tvo flokka, mótorskip og gufuskip. Þar eru þó ótal undantekningar og frávik, sem of langt mál og flókið yrði upp að telja.

Eimskipum og gufuskipum er nú sem óðast að fækka, án þess að sjálf skipin fari úr umferð. Í fjölmörgum eldri gufuskipanna hefur verið skipt um vélar og mótor- eða dísilvélar settar í stað hinna eldri, auk þess sem öll endurnýjun flotans er með mótorvélum. Með þessar staðreyndir í huga væri fjarstæða að viðhalda hinni eldri viðmiðun um sjálfa vélategundina, þegar um er að ræða flokkun á atvinnuréttindum. Við þessa ákvörðun sína hafði n. hliðsjón af reglum um atvinnuréttindi vélstjóra hjá Dönum og Norðmönnum.

Reglur þessa frv. um lágmarksfjölda vélstjóra eru ekki mikið breyttar frá núgildandi l., þó er yfirleitt um lækkun að ræða á skipum með undir 4000 hestafla vélar. Umtalsverðar breytingar eru hins vegar gerðar á ákvæðum um starfstíma og siglingatíma, og er meginstefnan í þá átt að veita réttindi eftir skemmri starfstíma en áður við allar aflminni vélar. Því hærra námsstigi sem vélstjóri hefur lokið, þeim mun fljótari er hann að vinna sér inn réttindi til yfirvélstjórnar við sömu vélastærð.

Ég sé ekki ástæðu til að ræða frekara um einstök ákvæði frv., þar sem mjög greinargóðar skýringar fylgja því ásamt aths. um einstakar gr. þess. Herra forseti. Ég geri það að till. minni, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til sjútvn. með 15 shlj. atkv.

Á 73. fundi í Ed., 28. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 7, n. 609).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

Frsm. (Jón Árnason): Herra forseti. Frv. þetta um atvinnuréttindi vélstjóra á íslenzkum skipum er stjfrv. Það er samið af mþn., sem hæstv. menntmrh. skipaði 21. febr. 1964. Sjútvn., sem haft hefur málið til athugunar, hefur rætt það á fundum sínum, en auk þess leitaði n. umsagna um frv. og fékk svör frá eftirtöldum aðilum: Vinnuveitendasambandi Íslands, Vélstjórafélagi Íslands, Landssambandi ísl. útvegsmanna, Fiskifélagi Íslands, Vinnumálasambandi samvinnufélaganna, Félagi ísl. botnvörpuskipaeigenda og Mótorvélstjórafélagi Íslands. Jafnhliða þessu frv. samdi þessi sama mþn. annað frv., sem er um vélfræðinám, og

hefur þessi hv. d. þegar samþ. það frv. og afgreitt til Nd.

Félag ísl. botnvörpuskipaeigenda mælir með samþykkt frv. að því er snertir ákvæði varðandi togaraflotann með hliðsjón af þeirri tækniaðstöðu, sem nú er fyrir hendi hjá togurunum. Fiskifélag Íslands mælir með því, að frv. verði samþ. óbreytt. Sömuleiðis mæla Vélstjórafélag Íslands og Mótorvélstjórafélag Íslands einróma með því, að frv. verði samþ. óbreytt, eins og það liggur hér fyrir.

Landssamband ísl. útvegsmanna gerir í umsögn sinni um málið allmargar brtt. við frv. Felast þær breytingar, sem L.Í.Ú. vill gera, nær eingöngu í því að hækka réttindi hvers stigs, þannig að í stað þess, að frv. gerir ráð fyrir, að réttindi 1. stigs manna nái til 500 hestafla véla, leggur L. Í. Ú. til, að 1. stigs menn njóti réttinda, sem nái allt að 700 hestöflum. Þá leggja þeir enn fremur til, að 1000 hestafla mörkin í b-lið 1. gr. frv. verði hækkuð í 1200 hestöfl, þannig að nægilegt verði að hafa tvo vélstjóra á fiskiskipum með allt að 1200 hestafla vélum, en það er sú vélastærð, sem nú er í nýjustu og stærstu fiskiskipum vorum að undanskildum togurunum.

Vinnumálanefnd samvinnufélaganna mælir með samþykkt frv., en tekur þó fram, að enda þótt deila megi um ýmis ákvæði þess nýja fyrirkomulags, sem frv. gerir ráð fyrir, telji þeir, að í meginatriðum stefni frv. í rétta átt, en búast þó við og telja sennilegt, að á næstu árum komi í ljós einhverjir gallar á þessu fyrirkomulagi og megi þá sníða þá af að fenginni slíkri reynslu. Umsögn Vinnuveitendasambands Íslands felur í sér svipaðar aths. og fram komu hjá L. Í. Ú., en á frekar við kaupskipaflotann.

Það var álit sjútvn., að þar sem ekki væri fyrir hendi að ná samstöðu um breytingar á þessu frv., væri margt í því, sem stæði þó til bóta, og það kom yfirleitt fram í umsögnum þeirra, sem þó höfðu aths. fram að flytja við frv., að þeir töldu, að ýmis atriði í þessu frv. stefndu í rétta átt, og ég held, að það hafi verið niðurstaða sjútvn., að það væri rétt að mæla með frv. að þessu sinni, að það næði fram að ganga, eins og það liggur hér fyrir. Hitt verður svo að ráðast í sambandi við framtíðina, hvort í ljós koma einhverjir þeir gallar, sem á hefur verið bent af sumum, sem um umsagnir var leitað til, má þá taka málið á ný til endurskoðunar á næstu árum og sníða þá af þá galla, sem í ljós kunna að koma, að eru í sambandi við þetta fyrirkomulag.

Sjútvn. mælir einróma með því, sem fram kemur í nál., að frv. þetta verði samþ., eins og það liggur hér fyrir, og ég leyfi mér að leggja til, að því verði að lokinni þessari umr. vísað til 3. umr.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

2.—30. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 74. fundi í Ed., 28. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 80. fundi í Nd., s.d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 81. fundi í Nd., 29. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér er nú til umr., um atvinnuréttindi vélstjóra á íslenzkum fiskiskipum hefur Ed. afgreitt eftir alllanga athugun á málinu og afgreitt það óbreytt, eins og það var upphaflega lagt fyrir. Frv. þetta er samið af n., sem skipuð var í febrúarmánuði 1964, en í henni áttu sæti Jón Þorsteinsson alþm., Gunnar Bjarnason skólastj., tilnefndur af Vélskólanum í Reykjavík, Guðmundur Pétursson vélstjóri, tilnefndur af Vélstjórafélagi Íslands, Jón S. Pétursson, tilnefndur af Mótorvélstjórafélagi Íslands, og Magnús J. Magnússon forstöðumaður mótornámskeiðanna, tilnefndur af Fiskifélagi Íslands. En hæstv. menntmrh. skipaði þessa n. Í stað Jóns S. Péturssonar tók varamaður hans, Halldór Guðbjartsson vélstjóri, sæti í n. og starfaði í henni þar til hún lauk störfum. Í tímabundinni fjarveru Guðmundar Péturssonar tvisvar sinnum starfaði í hans stað Örn Steinsson vélstjóri. N. vann mjög ötullega og vandlega starf sitt, og er sérstök ástæða til að færa henni þakkir fyrir störfin, sem voru mjög vandasöm og margbrotin.

Þetta frv. er eins konar nauðsynleg afleiðing af aðalstarfi n., sem var að semja frv. til l. um vélstjóranám, sem nú er um það bil að hljóta endanlega afgreiðslu Alþ. Í samráði við siglingamálaráðun. samdi n. síðar einnig það frv., sem hér er til umr., og leitaði að lokinni fyrstu samningu frv. álits ýmissa þeirra samtaka, sem málið er skyldast, svo sem Alþýðusambands Íslands, Landssambands ísl. útvegsmanna, Fiskifélags Íslands, skipaskoðunarstjóra, Vélstjórafélags Íslands, Mótorvélstjórafélags Íslands, lögskráningarfulltrúans í Reykjavík, Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnumálasambands samvinnufélaganna. Frá flestum þessum aðilum bárust svör og ýmsar óskir og ábendingar um breytingar. Nokkrar af aths. aðila kveðst n. hafa tekið til greina og séu þær efnislega í gr. frv., en enn aðrar taldi n. sér ekki fært að taka undir. Eðlilegt er, að þn. sú, sem málið fær nú til umr., athugi þetta enn frekar, þó að málið hafi hlotið í Ed. allnána athugun og yfirvegun.

Höfuðbreytinguna í þessu frv. frá gildandi l. verður að telja þá stigbreytingu réttinda, sem fæst eftir próf í hverju hinna fjögurra námsstiga Vélskólans, svo sem þegar er kunnugt af skýringum með því frv. Hin tvenns konar réttindi mótorvélstjóranámskeiðs á vegum Fiskifélagsins yrðu með samþykkt frv. lögð niður, og reynslutími er styttur, en þess í stað eru gefin réttindi, svo sem fyrr er greint, eftir próf í hverju hinna fjögurra námsstiga, sem frv. þetta og frv. um Vélskólann gera ráð fyrir, eða eftir hvern vetur. Það skilyrði fyrir upptöku í Vélskólann að hlutaðeigandi hafi lokið iðnnámi í járnsmíði er og einnig fellt niður með ákvæðum frv. Þó verður sá vélstjóri, sem fær hæstu réttindi, áður að hafa lokið sveinsprófi í vélvirkjun, en því prófi má hann ljúka, eftir að hafa lokið vélskólanámi.

Um þegar áunnin réttindi vísast til 16. gr. frv., og hún staðfestir hugmyndir undirbúningsnefndarinnar um,

að enginn einstaklingur, sem samkv. gildandi l. hefur tiltekin réttindi, lækkar í sessi frá þeim réttindum, sem hann nú hefur í dag. Lægstu og hæstu réttindi hækka að mun, og viðmiðun í þeim efnum er ekki lengur vélategund, eins og verið hefur, það er, hvort vélin er gufuvél eða mótorvél eða tonnafjöldi skips, heldur er hestaflafjöldi eða orka vélarinnar ein látin ráða, í hvaða skipi sem vélin annars er og hvert sem verkefni skipsins er.

Skylt er þó að taka fram, að allur samanburður á ákvæðum þessa frv. og gildandi l. er ákaflega erfiður, því að með frv. þessu er gerð skýr aðgreining á þremur skipategundum eftir verkefni þeirra, þ. e. fiskiskip, flutningaskip og farþegaskip. Núgildandi l. frá árinu 1946 með breytingum síðar eru hins vegar grundvölluð eftir vélartegund í tvo flokka, mótorskip og gufuskip. Er hér tekið tillit til þess, að hestaflafjöldi véla í skipum fer sífellt hækkandi frá því, sem áður var, og skipin fara einnig stækkandi. Eimskipum eða gufuskipum er nú sem óðast að fækka, án þess að sjálf skipin fari úr umferð. Í fjölmörgum eldri gufuskipum hefur verið skipt um vélar og mótor- eða dísilvél sett í stað hinna eldri gufuvéla, auk þess sem öll endurnýjun flotans er nánast með mótorvélum. Með þessar staðreyndir í huga væri fjarstæða að viðhalda hinni eldri viðmiðun um sjálfa vélategundina, þegar um er að ræða flokkun á atvinnuréttindum. Við þessa ákvörðun sína hafði n. hliðsjón af reglum um atvinnuréttindi vélstjóra hjá Dönum og Norðmönnum.

Reglum þessa frv. um lágmarksfjölda vélstjóra er ekki mikið breytt frá núgildandi l. Þó er yfirleitt um lækkun að ræða á skipum með eða undir 4000 hestafla vélar. Umtalsverðar breytingar eru hins vegar gerðar á ákvæðunum um starfstíma og siglingatíma, og er meginstefnan í þá átt að veita réttindi eftir skemmri starfstíma en áður við allar aflminni vélar. Því hærra námsstigi sem vélstjóri hefur lokið, þeim mun fljótari er hann að vinna sér inn réttindi til yfirvélstjórnar við sömu vélarstærð.

Ég sé að öðru leyti ekki ástæðu til þess, herra forseti, að ræða einstök ákvæði frv. frekar, þar sem mjög greinargóðar skýringar fylgja frv. og aths. þess við einstakar greinar. Ég legg til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. sjútvn. Ég vil ennfremur leggja áherzlu á það, að frv. nái fram að ganga á þessu þingi, þó að langt sé á það liðið, enda mikil áherzla á það lögð af hlutaðeigandi samtökum, sem af skiljanlegum ástæðum vilja sem fyrst fá að vita um þær breytingar, sem frv. hefur í för með sér, ef samþ. verður.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Mér er það ljóst, að það frv., sem var afgreitt hér í gær um menntun vélstjóra og þetta frv., sem liggur hér fyrir, eru mjög samtvinnuð, og fyrst annað frv. fór í gegn, er eðlilegt, að þetta frv. fari einnig í gegn, því að annars kemur þar gloppa frá því sem nú er, ef við eigum, eftir að vera búnir að setja nýja löggjöf um menntun vélstjóra, að búa við óbreytt atvinnuréttindi. Hins vegar vil ég ekki láta hjá líða að láta í ljós óánægju mína yfir því í fyrsta lagi, hvernig sú n., sem þetta frv. og bæði frv. samdi, hvernig hún var skipuð. Í þessari n. átti enginn maður sæti frá útveginum eða frá þeim, sem eiga að borga hlutina, en að vísu skal það viðurkennt, að þessi n. hafði samráð við n. frá Landssambandi ísl. útvegsmanna, en tók ekki nema að mjög litlu leyti tillit til þeirra skoðana, sem þar komu fram. Ég tel það fráleitt, þegar slík löggjöf sem þessi er endurskoðuð, að ekki skuli eiga sæti í þeirri n., sem á að endurskoða löggjöfina, bæði fulltrúar frá sérhagsmunasamtökunum, stéttarsamtökunum og sömuleiðis frá útvegsmönnum, og þá hefði kannske náðst betra samkomulag en í raun og veru er fyrir þessu frv.

Á þessu stigi ætla ég ekki að þvælast fyrir samþykkt frv. En ég ætla að lýsa því hér með yfir, að ég hygg á það að hausti að semja viðtækar brtt. aftur um atvinnuréttindi vélstjóra, og ég ætla að minna á það, að fyrir tveimur árum fluttum við þm. úr öllum flokkum frv. um breytingu á l. um atvinnuréttindi vélstjóra, og í því frv. gerðum við ráð fyrir því að hækka þau réttindi, sem núna eru að 400 hestöflum í 600 hestöfl, og ég hygg, að með því að leggja slíkt frv. fram, sé að vissu marki lýst yfir ákveðnum vilja Alþ. að stíga þetta spor, en þessi hv. n., sem fékk þetta mál til umráða, fékkst ekki til þess að sinna þessu atriði nema að örlitlu leyti eða hækka réttindin úr 400 hestöflum í 500 hestöfl. Ég vil líka láta bæði hæstv. ráðh. og aðra vita það, að það er ekki sameiginlegt áhugamál vélstjórastéttarinnar, hvernig þetta frv. ber að og hvernig það er lagt fram, því að það er mikil óánægja hjá hinum minni vélstjórafélögum úti um land, og ég hef hér í fórum mínum bréf út af því, sem ég kom á framfæri við formann hæstv. n. í Ed. En ég sé það, að n. hefur lagt til, að frv. færi óbreytt í gegnum þingið, og í umsögn stórvélstjóra segir, að það geti raskað öllu jafnvægi, ef stafkrók sé breytt í frv. En af þeirri ástæðu, að þingi er að ljúka, ætla ég ekki að flytja brtt. við þetta frv., en mun, eins og ég sagði áðan, beita mér fyrir því, að það verði flutt frv. á komandi hausti um breytingar á þessum l. um atvinnuréttindi vélstjóra. Og það standa bæði útvegsmenn að slíkum breytingum og stór hópur hinna minni vélstjóra, því að það er hvergi nóg gert af því að taka tillit til þeirra manna, sem hafa stundað þessi störf í fjöldamörg ár, og það er ekki hægt að ætlast til þess, að menn, sem eru komnir fram yfir miðjan aldur, setjist á skólabekk hér í Reykjavík, enda eru þeir eins vel færir um að sinna og gegna sínu starfi áfram, þó að um stærri vélar sé að ræða, og þeir, sem setjast á skólabekk án þess að ég vilji á nokkurn hátt rýra gildi menntunar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til sjútvn. með 22 shlj. atkv.

Á 85. fundi í Nd., 2. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 7, n. 664).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.

Frsm. (Birgir Finnsson): Herra forseti. Það frv., sem hér liggur fyrir, er eitt af fyrstu málum þingsins og hefur alllengi verið til athugunar í hv. Ed., en er komið til þessarar hv. d. nú fyrir skömmu. Sjútvn. hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþ. með þeirri einu

breytingu, að gildistökuákvæðinu verði breytt, en í þeirri frvgr., sem um það fjallar, er gert ráð fyrir, að l. þessi öðlist gildi 1. jan. 1966. N. leggur til, að l. öðlist gildi nú þegar.

Eins og hæstv. sjútvmrh. skýrði frá, þegar hann talaði fyrir þessu frv. við 1. umr., þarf það að fylgjast að með frv., sem nú er reyndar orðið að l., um menntun vélstjóra á íslenzkum skipum, og eru bæði frv. samin af sömu n.

Það kom fram við 1. umr. málsins, að mönnum hafði ekki fundizt nægilega tekið tillit til sjónarmiða útvegsmanna í sambandi við þá breytingu, sem hér er lögð til að gerð verði á atvinnuréttindum vélstjóra á íslenzkum skipum. Í sjútvn. kom þetta sama sjónarmið fram, en þó er það mat n. og enginn ágreiningur um það, að með þessu frv. séu gerðar talsverðar breytingar til þess að koma til móts við þær óskir, sem útvegsmenn hafa borið fram í sambandi við þetta mál, og m. a. þess vegna sé eðlilegt, að það nái fram að ganga, en menn áskilja sér þó rétt til að flytja till. til breyt. á l. á næsta þingi, ef ástæða þykir til.

Það er einkum í tveim atriðum, sem frv. kemur til móts við áðurnefndar óskir. Það er í fyrsta lagi, að frv. eykur réttindi minna námskeiðs manna úr 400 hestöflum í 500 hestöfl á fiskiskipum, en meira námskeiðs manna úr 900 hestöflum í 1000 hestöfl á fiskiskipum og úr 600 hestöflum — það voru 400 hestöfl frá '58 — í 800 hestöfl á flutningaskipum. Réttindi vélavarða eru aukin úr 15 hestöflum í 50 hestöfl. Í öðru lagi eru gerðar talsverðar breytingar á ákvæðunum um starfstíma eða siglingatíma, sem ganga yfirleitt í þá átt að veita réttindi eftir styttri starfstíma en áður við vélar með lágri hestaflatölu. En því hærra námsstigi sem vélstjórinn hefur lokið, því fljótari er hann að vinna sér inn réttindi til yfirvélstjórnar á sömu vélarstærð. Lágmarkshestaflatala við undirvélstjórn til þess að öðlast samsvarandi réttindi og áður er yfirleitt hækkuð. Að þessu leyti hygg ég, að það sé komið verulega til móts við þær óskir, sem útvegsmenn hafa borið fram um vélstjóraréttindin, en sem kunnugt er er yfirleitt mikill skortur á vélstjórum á fiskiskipaflotanum, og hefur oft orðið að notast við menn með alls konar undanþágur. L., sem búið er að samþykkja, um menntun vélstjóra og þetta frv. stefna að því að bæta úr því ástandi, sem ríkt hefur að þessu leyti.

Ég leyfi mér að leggja til, herra forseti, fyrir hönd sjútvn., að frv. verði samþ. með þeirri breytingu, sem ég hef gert grein fyrir.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
2.—7. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
8.—11. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
12.—15. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
16. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
17.—18. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
19.—20. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
21.—29. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 664 samþ. með 27 shlj. atkv.
30. gr., svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Á 86. fundi í Nd., 3. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 691).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 27 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 80. fundi í Ed., 3. maí, skýrði forseti frá, að frv. væri endursent frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Frsm. (Jón Árnason): Herra forseti. Mál þetta kemur aftur frá Nd. út af smávægilegri breyt., sem þar hefur verið gerð, en sem nauðsynleg var þó. Hún er einungis fólgin í því, að breytt er um gildistöku l. Ég hef rætt þessa sjálfsögðu breytingu við nm., og við mælum með því, að frv. verði samþ. eins og það kemur fyrir.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 706).

---

59. Landshöfn í Þorlákshöfn.

Á 64. fundi í Ed., 15. apríl, var útbýtt:

Frv. til l. um landshöfn í Þorlákshöfn [188. mál] (stjfrv., A. 485).

Á 65. fundi í Ed., 18. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Þegar undan eru skildar aðgæzluverðar hafnir á Eyrarbakka og Stokkseyri og hafnarframkvæmdir í Þorlákshöfn, er enn þá um algjört hafnleysi að ræða á allri suðurströnd landsins, vestan frá Grindavík austur að Hornafirði. Úti fyrir landinu eða í Vestmannaeyjum er að vísu fullkomin og ágæt höfn, en þar sem um er að ræða stærstu verstöð landsins með sífellt stækkandi vélbátaflota, verður vart hægt að gera ráð fyrir, að sú höfn annist mikla þjónustu umfram þá, sem nauðsyn ber til að veita heimaflota Vestmannaeyinga, ásamt óumflýjanlegri og nauðsynlegri þjónustu við kaupskipaflotann. Fyrir suðurströnd landsins eru þó óvefengjanlega ein fengsælustu fiskimið landsins og hafa stundum verið talin gjöfulustu gullkistur íslenzka fiskveiðiflotans. Af framangreindum ástæðum er eðlilegt, að menn hafi lengi velt fyrir sér möguleikunum á því að byggja örugga höfn á þessari mikilvægu, hafnlausu strandlengju. Það, sem af er þessari öld, má segja, að þessar hugleiðingar hafi verið uppi, og mikilsverðar athuganir hafa farið fram. Á tímum áraskipanna var útræði frá Þorlákshöfn verulegt, en lagðist niður með tilkomu vélskipanna. Þrátt fyrir þær mismunandi öru breytingar, sem átt hafa sér stað á stærð og útbúnaði veiðiflotans, má segja, að umr. um staðsetningu hafnar í Þorlákshöfn hafi verið uppi allt frá síðustu aldamótum.

Till. í framkvæmdaátt hafa þó í höfuðatriðum verið

þrjár. Sú fyrsta árið 1919 með till. N. B. Kirks, en áætlanir hans um framkvæmdir miðuðust við 320 þús. fm hafnarsvæði innan hafnargarða, sem samtals áttu að verða um 1600 m langir. Áætlaður kostnaður við þessar framkvæmdir var 4.2 millj. kr. í gjaldmiðli þeirra tíma.

Það er þó ekki fyrr en 10 árum síðar, eða árið 1929, að framkvæmdir hefjast og þá með nokkuð breyttri áætlun frá því, sem Kirk hafði hugsað sér. Framkvæmdir þessar urðu þó minni en ráð hafði verið fyrir gert. Byggðir voru nokkrir skjólgarðar, er bættu lítið eitt lendingarskilyrði í svokallaðri Norðurvör, og enn fremur var byrjað á smíði Suðurgarðs.

Á árinu 1946 taka sýslurnar, þ. e. Árnes- og Rangárvallasýsla, höndum saman um að hrinda framkvæmdum á ný af stað í Þorlákshöfn. Þá var jörðin Þorlákshöfn keypt og nauðsynlegar endurbætur gerðar á þeim litlu mannvirkjum, er fyrir voru, ásamt vegagerð þangað. Þær framkvæmdir, sem með þessum hætti eiga sér stað í Þorlákshöfn til ársloka 1960, kosta um 14 millj. kr., og er greinilega frá þeim skýrt í grg. frv.

Yfirstandandi framkvæmdir í Þorlákshöfn hefjast svo með útboði Vitamálaskrifstofunnar árið 1961 að undangengnum undirbúningsrannsóknum. Samkv. útboði þessu var ætlazt til, að í höfninni myndaðist 1900 fm athafnasvæði fyrir vélbáta. Verksamningur samkv. útboði þessu var undirritaður við fyrirtækið Efra-fall s. f. í maí 1962, og hófust framkvæmdir skömmu síðar. En ári frá undirritun hins fyrsta samnings var aftur undirritaður viðbótarverksamningur, sem gerði ráð fyrir 2000 fm aukningu á athafnasvæði hafnarinnar.

Á grundvelli framangreindra samninga hafði hinn 1. des. s. l. verið unnið fyrir rúmlega 50 millj. kr. Þrátt fyrir þessar háu fjárhæðir telur vitamálastjórnin, að enn muni skorta 30 millj. kr., miðað við núverandi verðlag, til að ljúka þeim áfanga, sem boðinn var út árið 1961. Af framangreindum tölum er ljóst, að þau félög, sem hér eiga landfræðilega hlut að máli, geta af eigin rammleik ekki staðið undir afborgunum og vöxtum af þegar fengnum lánum og þá að sjálfsögðu enn síður undir kostnaði við framhaldsframkvæmdir.

Svo sem frá er greint í grg., hefur ríkissjóður þegar greitt vegna þessara hafnarframkvæmda nálega 30 millj. kr. í afborgunum og vöxtum af þegar teknum lánum. Það fer því ekki á milli mála hjá þeim, sem raunsætt vilja á málið líta, að framhaldandi framkvæmdir í hafnarmálum Þorlákshafnar verður að leysa með atbeina og beinni forgöngu ríkisins.

Af framangreindum ástæðum er í frv. þessu lagt til, að Þorlákshöfn verði gerð að landshöfn. Að gefnu tilefni í dagblöðum bæjarins varðandi efasemdir um einstök atriði í framkvæmdum í Þorlákshöfn, þá vil ég leyfa mér að gefa eftirfarandi skýringar, sem vitamálastjóri hefur látið mér í té, en þær eru orðrétt svo hljóðandi:

„Þýzka verktakafyrirtækið Hochtief gerði á sínum tíma athuganir og áætlanir og útboðsteikningar varðandi stækkun Þorlákshafnar. Á þeim grundvelli var verkið boðið út og síðan gerður samningur við Efra-fall s. f. í maí 1962 um framkvæmd verksins. Sá samningur var byggður á breyttri gerð mannvirkja samkv. till. Efra-falls. Við frekari athugun á aðstæðum kom í ljós, að ýmsir annmarkar voru á framkvæmd verksins frá því, sem upphaflega hafði verið ráð fyrir gert. Meginorsök þess var, að þar sem álitið var, að fastur botn væri fyrir hendi, var ekki um það að ræða, heldur aðeins grjótlag, sem ekki hafði verið komizt í gegnum við boranir. Þá var og það, að steypuefni og fyllingarefni, sem hugsað hafði verið að taka í næsta nágrenni hafnarinnar, var mjög til þurrðar gengið, þar sem ekki þótti ráðlegt að taka frekara efnismagn úr malarkömbum sunnan hafnarinnar, þar sem allmikil hætta var þá á skemmdum í landi af völdum sjávarfalla. Þessar tvær meginástæður urðu til þess, að endurskoða varð byggingaráætlun og gerð mannvirkja. Var sú endurskoðun gerð á vegum Efra-falls í samráði við Vitamálaskrifstofuna og leiddi til breyttrar gerðar mannvirkja, þannig að í fyrsta lagi var aðalgarðurinn breikkaður úr 12.5 m í 14.5 m og undirstöðu var breytt. Þá var og fengið steypuefni að með ærnum tilkostnaði. Verð suðurgarðsins samkv. tilboði, þegar tekið er tillit til aðkeypts steypuefnis, hefði átt að vera 20 millj. 526 þús. kr., en einingarverð, reiknað á sama hátt, — þýðir verkið eins og það var unnið, þ. e. a. s. með breikkun og öðrum breytingum, er gera varð, — varð 26 millj. 729 þús. kr., þannig að hækkanirnar vegna breytinga voru 6,2 millj. kr. eða 33%. Ef tilboði Hochtief hefði verið tekið, má búast við, að tilsvarandi breytingar hefði orðið að gera á mannvirkjunum með tilsvarandi hækkunum.

Endanlegur kostnaður til verktaka vegna efniskaupa við suðurgarðinn hefur orðið um 35 millj. kr., þannig að hækkanir af völdum verðlagsbreytinga og fyrrgreindra atriða hafa orðið um 7.6 millj. kr. eða um 28% af grunnverði mannvirkisins.

Hvað norðurgarðinn snertir, þá var hann í upphafi ráðgerður 12 m breiður og 187 m langur, þ. e. a. s. hinn nýi hluti hans. Með tilkomu hinna stóru báta og sívaxandi útgerðar í Þorlákshöfn var síðan ákveðið að breikka garðinn um rúma 2 m, þannig að hann er nú 14.35 m breiður, og jafnframt ákveðið að lengja hann um 13 m, þannig að heildarlengingin verður nú 200 m. Jafnframt var framálmum garðsins snúið nokkuð, þannig að allmiklu meira rými fæst innan garðanna en áður, auk þess sem með frekari lengingu garðsins er möguleiki á, að það rýmkist enn frekar til.

Samhliða þessari breytingu var jafnframt athugað, hvort ekki væri hægt að gera innri garðinn nokkru ódýrari en tilboð Efra-falls bar með sér. Ef reiknað er með, að aukning á breikkun garðsins kosti jafnmikið og aðrir hlutar garðsins svo sem er mjög nálægt lagi, þá hefur garðurinn fullbúinn 187 m langur kostað um 31.4 millj. kr. miðað við einingarverðtilboð eða 168 þús. kr. á lengdarmetrann.

Eftir endurskoðun og útreikninga á nýrri gerð verksins virðist svo sem hver metri ætti ekki að kosta meira en 130 þús. kr. miðað við einingarverð, þannig að um allverulegan sparnað hefur verið að ræða við endurskoðunina.

Af innri garðinum hafa þegar verið fullgerðir 53 m, og hefur kostnaðurinn við það orðið alls um 9.5 millj. kr. Þá var og eldri hluti norðurgarðsins hækkaður og breikkaður, og varð kostnaður við það tæplega 1 millj. kr. Áætlað verð þess, sem er óbyggt af nýrðri garðinum,

miðað við verðlag í dag, er rúmar 30 millj. kr. Heildarkostnaður við verkið, eins og það stendur í dag, mun vera um 51 millj. kr., og er þá í reiknaður allur kostnaður Vitamálaskrifstofunnar og verktaka, efnisbirgðir og kostnaður greiddur fyrirfram í innréttingum á vinnustað, stálmótum og öðru þess háttar, sem hafa reiknazt með á þeim hluta verksins, sem eftir er.

Samkv. framanskráðu má draga niðurstöðurnar saman þannig, að tilboðsverð var 43.67 millj. kr., verður eftir breytingar þær, er nauðsynlegt var að gera vegna breyttra aðstæðna, 58.1 millj., eða hækkaði um 33%. Líklegt heildarverð mannvirkjanna, með óbreyttu verðlagi frá því sem nú er í dag, er 82 millj. kr. Verðhækkanir eru því 24 millj. eða 41%."

Þessar athugasemdir vildi ég þegar láta koma fram að gefnu tilefni, eins og ég áðan skýrði frá.

Sú takmarkaða hafnaraðstaða, sem þegar er fyrir hendi í Þorlákshöfn, hefur sannað, svo að ekki verður um villzt, nauðsyn á lúkningu hafnarinnar, bæði hvað fiskiskipaflotann áhrærir hvaðanæva af landinu og ekki síður þann þjónustuauka, sem farskip hafa þar þegar fengið, með upp- og útskipun hvers konar nauðsynjavara. Það verður vart dregið í efa af neinum, sem kynnir sér alla málavöxtu, að eðlilegt sé að gera Þorlákshöfn að landshöfn, þeirri þriðju í röðinni.

Um einstakar gr. frv. skal ég ekki vera fjölorður. Í aths. frv. er ítarlega gerð grein fyrir efni þeirra hverrar um sig, en þær eru almennt efnislega samhljóða gildandi l. um landshafnir í Njarðvíkum og Rifi.

Herra forseti, það er till. mín, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

Helgi Bergs: Herra forseti. Það hefur lengi verið eitt aðaláhugamál Sunnlendinga, að upp komi höfn í Þorlákshöfn. Hér er raunar ekki aðeins um að ræða hagsmunamál þeirra, heldur landsmanna allra. Eins og hæstv. sjútvmrh. drap á í framsöguræðu sinni, er lega Þorlákshafnar þannig á hafnlausri suðurströndinni, að hún liggur betur en aðrir staðir, sem hugsanlegt er að gera hafnir á, við fengsælustu fiskimiðum landsins. Hinu er ekki heldur ástæða til að gleyma, sem hæstv. sjútvmrh. gat ekki um í þessu sambandi, að það er mikil nauðsyn fyrir það fjölmenna og athafnamikla hérað, sem upp frá Þorlákshöfn liggur, allt Suðurlandsundirlendið, að fá góða flutningahöfn til þess að auðvelda aðdrætti þungavarnings af margvíslegu tagi.

Ég ætla ekki til viðbótar því, sem hæstv. sjútvmrh. sagði um þetta og ég er alveg sammála, að eyða tíma í að færa rök fyrir nauðsyn þess, að í Þorlákshöfn verði komið á góðum hafnarskilyrðum. Framkvæmdir í þá átt eru nú þegar nokkuð vel á veg komnar. Þær hófust fyrir mikla bjartsýni og dugnað héraðsbúa sjálfra, en hafa vissulega notið margvíslegs stuðnings frá ríkisvaldinu, eins og líka vera ber. En eins og nú er háttað um skiptingu opinberra tekna og opinberra verkefna milli ríkisins annars vegar og sýslufélaga og sveitarfélaga hins vegar, er það í rauninni ekki lengur á færi byggðarlaganna að annast þær miklu framkvæmdir, sem víða eru nauðsynlegar í þessum efnum, nema með mjög miklum stuðningi ríkisheildarinnar. Það er ljóst okkur öllum, að þó að margt hafi verið gert í þessum efnum víða um land og mikið fé lagt fram, hefur sá stuðningur, sem ríkisvaldið hefur veitt byggðarlögunum til þess að koma framkvæmdamálum sínum, þ. á m. hafnargerðum, áfram, ekki reynzt nægilegur.

Ég vil í þessu sambandi minna á það, að af hálfu þm. Framsfl. hafa á undanförnum árum og nú síðast á þessu þingi verið lögð fram frv. um það að auka opinberan stuðning við hafnargerðir verulega, að koma á kerfisbundnari vinnubrögðum í þeim efnum og að koma á þeirri reglu, að ríkið leggi strax fram það fé, sem því ber lögum samkvæmt að leggja fram. Ég nefni þetta vegna þess, að það mál, sem hér er til umr., ætti að minna okkur á, að það þarf að auka verulega stuðning ríkisins við hafnargerðir víða um land, ef þær eiga að geta haldizt í eigu og umsjá byggðarlaganna, sem hefur verið meginreglan fram að þessu og ég geri ráð fyrir, að flestum muni á ýmsan hátt þykja æskilegast.

Nú skal ég ekki draga fjöður yfir það, að stuðningur ríkisvaldsins við Þorlákshöfn sérstaklega hefur á margvíslegan hátt verið með alveg sérstökum hætti, enda hefur hér verið um stórbrotnara verkefni að ræða og meiri almenna nauðsyn að flestra dómi en víðast hvar annars staðar. Ríkisvaldið hefur tekið stór lán til þess að koma framkvæmdum þarna áfram og endurlánað höfninni og hefur í rauninni staðið að verulegu leyti straum af þessum lántökum, en eigi að síður er það svo, að þessi stuðningur hefur ekki nægt til þess að ljúka þeim áfanga, sem nú er í gangi og er hið brýnasta nauðsynjamál að verði framkvæmdur og verði lokið sem allra fyrst.

Reynsla okkar af framkvæmdum í landshöfnunum hefur ekki verið sérstaklega góð, og í rauninni held ég, að ég taki ekki of djúpt í árinni, þótt ég segi, að það sé kannske ekki æskilegasta lausnin frá margra sjónarmiði, að Þorlákshöfn verði gerð að landshöfn. Hitt væri í rauninni æskilegra, ef kostur væri nægilegs opinbers stuðnings til þess, að sýslufélögin gætu haldið áfram þeim framkvæmdum, sem þau hafa hafið svo myndarlega. Úr því sem komið er, er það þó ekki aðalatriði málsins, hver á þessi mannvirki, sem þarna er um að ræða, heldur fyrst og fremst hitt, að framkvæmdirnar komizt áfram og að þarna verði sú höfn, sem lengi hefur verið beðið eftir.

Í 1. gr. þessa frv. stendur, að ríkissjóður láti síðan, eftir að kaup hafa farið fram á þeim mannvirkjum, sem þarna eru, starfrækja og auka hafnarmannvirki í Þorlákshöfn á sinn kostnað. Aðalatriðið í þessu máli er það, að hafnarmannvirkin verði aukin og þá alveg sérstaklega sú brýna nauðsyn, sem við stöndum frammi fyrir í dag, að ljúka þeim áfanga, sem í gangi er. Það væri fróðlegt að heyra nánar frá hæstv. sjútvmrh. um þær áætlanir, sem menn hafa nú um það að ljúka þessum framkvæmdum og að halda nauðsynlegri mannvirkjagerð áfram. Ég held, að við meðferð þessa máls sé það æskilegt og nauðsynlegt að kanna ítarlega, hvernig málefni hafnarinnar standa.

Ég þakka hæstv. sjútvmrh. fyrir það, að hann gerði hér í ræðu sinni áðan nokkra tilraun til þess að útskýra ýmis atriði í sambandi við framkvæmdir á undanförnum árum, sem hafa orðið fyrir nokkurri gagnrýni. Ég þakka sjútvmrh. fyrir þetta, vegna þess að ég álít, að það sé mjög nauðsynlegt að skýra þessi mál og eyða tortryggni og þeim getsökum, sem fram hafa komið í

þessu sambandi. Hins vegar vil ég játa, að við að hlusta á lestur hæstv. ráðh. gat ég ekki gert mér nægilega ljóst efni hans. Það voru margar tölur, sem erfitt var að henda reiður á við fljótlegan lestur, og sjálfsagt er, að sú n., sem fær málið til athugunar, kynni sér þessa skýrslu hæstv. ráðh. og aðrar upplýsingar í þessu sambandi, sem nauðsynlegt er að afla til þess að gera hreint borð í þessum efnum.

Ég skal ekki eyða tíma í það að fara út í einstök atriði frv. Ég hef tækifæri til þess að fjalla um þau, þar sem ég á sæti í þeirri n., sem væntanlega fær málið til meðferðar. En það er þó eitt atriði, sem ég vildi strax nefna, sem ég rek mig á við lestur þessa frv. Í l. um landshöfn í Keflavík eða Njarðvíkum er gert ráð fyrir því, að stjórn hafnarinnar sé skipuð þremur fulltrúum kosnum af Alþ. og tveimur af sveitarfélögum í nágrenni hafnarinnar. Í þessu frv. er hins vegar gert ráð fyrir því, að stjórn hafnarinnar sé skipuð fimm þingkjörnum mönnum. Ég hefði talið það eðlilegt og æskilegt með tilliti til forsögu þessa máls, að við hefðum þarna tekið hin landshafnarlögin til fyrirmyndar að þessu leyti og gert ráð fyrir, að tveir af þeim fulltrúum, sem sæti eiga í stjórn hafnarinnar, komi frá þeim sýslum, sem unnið hafa brautryðjendastarfið í sambandi við gerð þessarar hafnar, Árnessýslu og Rangárvallasýslu.

En meginatriði þessa máls er það, að framkvæmdir í málefnum hafnarinnar geti haldið áfram án óeðlilegra tafa, og úr því sem komið er virðist mér líklegasta leiðin til þess að koma málefnum hafnarinnar áfram að samþ. þetta frv., og væri æskilegt og nauðsynlegt, að það takist að afgreiða það á þessu þingi, þó að það sé seint fram komið, sem ber að harma. En það má þó ekki verða til þess, að Alþ. víkist undan þeirri skyldu sinni að kanna málefni hafnarinnar til fulls.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Ræða hv. 6. þm. Sunnl. (HB) gefur ekki sérstakt tilefni til stórfelldra eða frekari umr. um málið. Þó þykir mér rétt að víkja örlítið að tveimur atriðum, sem hann minntist á.

Hann spurði um það, hvað hugsað væri um framhald í þessu máli, og er þá að sjálfsögðu átt við fjárhagslega tryggingu þeirra framkvæmda. Ég vil upplýsa það, sem hæstv. fjmrh. gerði hér áðan fyrr á þessum fundi í sambandi við annað mál, að einmitt nú um þessar mundir er verið að ljúka við að ganga frá framkvæmdaáætlun, og geri ég ráð fyrir, að í sambandi við hana verði hægt að segja í tölum, hvað miklar framkvæmdir séu fyrirhugaðar í Þorlákshöfn, eins og um ýmsa aðra einstaka liði. Ég get aðeins upplýst það nú þegar, að það er fyrirhugað, að framkvæmdum verði þar haldið áfram og eftir því sem kostur er reynt að tryggja fé til þeirra framkvæmda. En tölur í því efni verða að bíða þess, að alþm. verði gefin skýrsla um framkvæmdaáætlunina í heild.

Varðandi annað atriði, sem hann minntist á í sinni ræðu, stjórnaraðildina, þá er það rétt, að heimamenn höfðu í viðræðum sínum við vitamálastjóra lagt til nokkra aðra skipan á þessu máli og þá í svipaða átt og hv. þm. talaði um hér áðan, þ. e. að tryggja það, að báðar þær sýslur, sem þarna eiga landfræðilega aðild að, ættu fulltrúa í n. Nú er það að sjálfsögðu n. að taka þetta mál til umr., þegar hún fær það til sín, en það er mín skoðun, og þess vegna er frvgr. um stjórnaraðildina ákveðin svo sem frv. ber með sér, að hægt sé að tryggja á þennan hátt einnig, að fulltrúar þessara héraða eigi þarna aðild að, og ég geri ráð fyrir því, að þingflokkarnir, sem væntanlega velja menn í þessa n. eða gera uppástungur um menn í hana, kjósa það hér á Alþ., geri sér far um að hafa einmitt menn úr þessum héruðum, sem öllum hnútum eru kunnugir.

Fjölda nm. getur n. að sjálfsögðu líka rætt um, hvort það er heppilegra að fjölga þarna um einn eða tvo í stjórninni, ef þannig mætti betur tryggja þetta sjónarmið, en að öðru leyti er frv., þegar frá er dregin þessi gr. þess, samið og hugsað í samráði við það samkomulag, sem vitamálastjóri gerði við fulltrúa þessara héraða.

Þetta vildi ég að kæmi nú þegar fram, áður en málið gengur til n.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til sjútvn. með 14 shlj. atkv.

Á 69. fundi í Ed., 23. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 71. fundi í Ed., 25. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 485, n. 551, 552).

Frsm. (Sveinn Guðmundsson): Herra forseti. Frv. til l. um landshöfn í Þorlákshöfn, 188. mál í Ed., hefur verið til athugunar í sjútvn. N. mælir með því, að frv. sé samþ. með þeirri breyt., að stjórn hafnarinnar sé skipuð 7 mönnum í stað 5, eins og frv. gerir ráð fyrir. Nm. áskilja sér þó rétt til að fylgja brtt., sem fram kynnu að koma. Vitamálastjóri, Aðalsteinn Júlíusson, mætti á fundi hjá n. og gaf henni margháttaðar upplýsingar um framkvæmd við byggingu hafnarinnar og áætlun um framhald verksins. En hafnarframkvæmdin hefur orðið mun dýrari en áætlað var, bæði vegna þess, hversu dýrtíð hefur aukizt á framkvæmdatímabilinu og einnig vegna tæknilegra örðugleika við framkvæmdirnar.

Þorlákshöfn er gömul útgerðarstöð. Er hún talin draga nafn sitt af Þorláki biskupi Þórhallssyni hinum helga í Skálholti, sem þar steig í land eftir vígslu 1178. Útræðis frá Þorlákshöfn er getið í heimildum frá 15. öld, en á hinni löngu strandlengju frá Grindavík og austur á Hornafjörð hefur ekki verið annar betri griðastaður fyrir sjófarendur en Þorlákshöfn, enda hefur hún oft verið nefnd lífhöfn Suðurlands. Á vetrarvertíðum var það ekki óalgengt, að aðkomuskip leituðu til Þorlákshafnar, og er þess getið einn dag 1895, að þar hafi lent 50 aðkomuskip vegna ofsaveðurs. Fiskigengd var og er ætíð talin mikil út frá Þorlákshöfn og styttra á miðin en frá öðrum verstöðvum þar syðra. Hafnleysi var slíkt, að þær 11—12 vikur, sem sjómenn dvöldu þar á vetrarvertíð, voru róðrardagar sjaldan fleiri en 30. Um 1700 er talið, að 40 áraskip hafi verið gerð út frá Þorlákshöfn. 1919 eru þar enn 23 skip, en 1933 hefur þessi forna útgerðarstöð aðeins 3 skip, og er eflaust hafnarskilyrðum þar um að kenna að langmestu leyti.

1928 var skipuð n. að tilhlutan Fiskifélags Íslands til þess að athuga lendingarbætur og aðra aðstöðu til sjó-

sóknar á vélskipum frá Þorlákshöfn. Formaður þeirrar n. var Jón Ólafsson alþm., en aðrir í n. Geir Sigurðsson skipstjóri, Júlíus Guðmundsson stórkaupmaður, Bjarni Eggertsson búfræðingur á Eyrarbakka og Þorleifur Guðmundsson fyrrv. alþm. og ábúandi Þorlákshafnar um áraskeið. Í grg., sem þessi n. lét Fiskifélaginu í té, segir svo m. a.:

„Frá ómunatíð og allt til ársins 1916, meðan útvegur stóð í blóma, hélzt fólkið í sveitunum. Landbúnaður og sjávarútvegur studdi hvað annað. Hnignun útgerðar í Þorlákshöfn hefur tvímælalaust dregið úr efnahag bænda austan fjalls og valdið því, að fólkið flutti úr sveitinni."

Á niðurlægingartímabili Þorlákshafnar gekk jörðin kaupum og sölum allt til ársins 1946, þegar Árnes- og Rangárvallasýsla eignuðust jörðina og hófu þar stórfelldar hafnarframkvæmdir. Með tilkomu hafnarmannvirkja í Þorlákshöfn hefur útgerð blómgazt þar á ný, og með því að ljúka þeim áfanga hafnarinnar, sem nú er ráðgert, batnar aðstaðan þar svo, að ganga verður út frá, að hún verði tiltölulega viðunanleg.

Frv. til l. um landshöfn í Þorlákshöfn er borið fram af hæstv. ríkisstj. vegna nauðsynjar þess, að þessar hafnarframkvæmdir stöðvist ekki. En það er algerlega um megn núverandi eigendum að halda framkvæmdum áfram, enda hefur þyngstur baggi af framkvæmdinni fram til þessa fallið á ríkissjóð. Þorlákshöfn yrði með samþykkt þessa frv. þriðja landshöfnin, en fyrir eru landshöfn í Keflavík, Njarðvík, sem stofnað er til með l. frá 1955, og landshöfn á Rifi, sem stofnað er til með l. nr. 38 frá 1951. Stjórnir landshafnanna eru þannig skipaðar: Landshöfn í Keflavík, Njarðvík, 5 manna hafnarstjórn, þar af þrír kosnir af sameinuðu Alþ., en einn kosinn af bæjarstjórn Keflavíkur og annar af hreppsnefnd Njarðvíkurhrepps. Stjórn landshafnar á Rifi er einnig 5 manna hafnarstjórn en skipuð af ráðh. Með brtt., sem hér hefur verið borin fram af sjútvn., er gert ráð fyrir 7 manna hafnarstjórn, sem kosin sé af Sþ.

Eins og kemur fram í grg. með frv., er kostnaður við hafnargerð í Þorlákshöfn nú orðinn 50 millj. kr., miðað við framkvæmdir frá árinu 1963, en áætlað er, að 30 millj. kosti að ljúka þessari áætluðu framkvæmd. Til samanburðar má upplýsa, að lagt hefur verið í landshöfnina á Rifi samkv. upplýsingum Vitamálaskrifstofunnar fram til ársloka 1965 53 millj. kr., og fyrirhugað er að vinna þar í ár fyrir 3 millj. Í landshöfnina Keflavík-Njarðvík hefur verið lagt til á sama tíma 50 millj. kr. og áætlað að vinna þar í ár fyrir 15 millj. Gert er hins vegar ráð fyrir að leggja til hafnargerðarinnar í Þorlákshöfn á yfirstandandi ári um 10 millj. og ljúka þessum fyrirhugaða áfanga, sem kostar 30 millj., á 3 árum. Hafnarframkvæmdin í Þorlákshöfn hefur skapað ríkissjóði veruleg útgjöld. Þannig hefur ríkissjóður þegar greitt um 30 millj., en lán hafnarinnar með vöxtum til greiðsludags eru talin 40 millj., sem ríkissjóður að sjálfsögðu yfirtekur með samþykkt þessa frv. Heildargreiðslur ríkissjóðs fram að þessu og til að ljúka þeim áfanga, sem nú er fyrirhugaður, verður því 110 millj. kr. Gert er ráð fyrir, að eigendur Þorlákshafnar, sýslusjóðir Árnes- og Rangárvallasýslu, afhendi ríkinu án endurgjalds hæfilegt landssvæði fyrir höfnina og ekki komi til endurgreiðslu á því framlagi, sem sýslusjóðirnir hafa lagt höfninni, en það nemur líklega 300—400 þús. kr. á ári hin síðari ár.

Þótt þessi framkvæmd í Þorlákshöfn sé kostnaðarsöm, á hún án efa eftir að vera mikil lyftistöng byggðinni austanfjalls og verða liður í því að tengja saman sjávarþorpin meðfram ströndinni og Selfoss. Með brúarbyggingu við mynni Ölfusár skapast án efa í framtíðinni samfelld byggð allt frá Þorlákshöfn til Eyrarbakka, Stokkseyrar og allt að Selfossi.

Sjútvn. mælir með því, að frv. verði samþ. með þeirri einu breyt., sem ég hef lýst hér að framan.

Gils Guðmundsson: Herra forseti. Ég átti sæti í þeirri n., sem fjallaði um þetta mál, og hef ásamt meðnm. mínum skrifað undir nál. og mælt með því, að frv. verði samþ. Ég get þó ekki látið hjá líða að láta fylgja þeirri afstöðu minni örfáar aths. í sambandi við þetta mál. Það, sem ég vil sérstaklega leggja áherzlu á, er það, að ég tel það fyllilega upplýst, að því er þetta hafnarmál í Þorlákshöfn varðar, að þar hefur á ýmsan hátt verið um að ræða helzt til lítinn undirbúning undir svo stórar og dýrar framkvæmdir eins og þar er verið að vinna að. Eins og hv. frsm. n. greindi frá, hefur það gerzt hvort tveggja, að þetta verk hefur orðið miklu dýrara en áætlað var, og jafnframt, sem ekki er síður bagalegt, að verkið hefur gengið miklu seinna og komið miklu síðar í gagnið en áætlað var og við mátti búast samkv. þeim samningum, sem gerðir voru á sínum tíma um framkvæmdina. Og í sambandi við það er ekkert á móti því, að það komi fram, að ákveðin framkvæmd, hafnargarður, sem átti að vera fulltilbúinn um síðustu áramót, verður samkv. þeim áætlunum, sem nú liggja fyrir, ekki tilbúinn fyrr en eftir 2½—3 ár. Ég vildi vekja athygli á þessu, að þarna hefur á ýmsan veg ekki tekizt eins vel til og skyldi um undirbúning þessa stóra máls. Hins vegar er það ljóst, að þau sveitar- og sýslufélög, sem hér eiga hlut að máli og eiga þetta mannvirki og hafa staðið að nokkru leyti straum af því, þó með mjög verulegum fjárframlögum frá ríkissjóði, það er þessum sýslufélögum algerlega um megn að standa undir þeim framkvæmdum, sem enn er ólokið við þessa hafnargerð, og hitt liggur jafnframt fyrir, að hér er um mikið nauðsynjamál að ræða að fá þarna sem fyrst góða og vel búna höfn. Þess vegna er það, að sjútvn. varð sammála um að mæla með samþykkt frv., en ég vil leggja á það áherzlu, að í sambandi við slík stórmál sem þetta þarf vissulega í framtíðinni að hafa betri gát á í upphafi um það, að frumrannsóknir og undirbúningur að slíkri mannvirkjagerð, sem kostar mikið fé og er mikilvæg, sé góður og fullnægjandi.

Það liggur að vísu ekki fyllilega ljóst fyrir af þeim upplýsingum, sem ég hef fengið, hverjum er um að kenna, að þetta verk hefur bæði orðið helmingi dýrara eða lítur út fyrir, að það verði helmingi dýrara en áætlað var og það tekur miklu lengri tíma að ljúka því en gert var ráð fyrir og samningar voru gerðir um. Það virðist svo, að vita- og hafnarmálaskrifstofan annars vegar og verktakinn hins vegar ýtist dálítið á um þetta, og ég skal ekki fella neinn dóm um það, hvor aðilinn beri meiri ábyrgð á því, að þannig hefur til tekizt, að verkið hefur orðið miklu dýrara og seinunnara en ráðgert var. E. t. v. eiga báðir þar nokkra sök, en það er

ljóst, að þarna hefur verið um ónógan undirbúning að ræða. En í þessu efni er komið sem komið er, og til þess eru vítin að varast þau.

Að lokum vil ég aðeins endurtaka það, að ég tel rétt, eins og málum er háttað, að þessi höfn í Þorlákshöfn, sem vafalaust á eftir að koma að miklum notum og það fleiri aðilum en þeim, sem byggja nálægar sveitir, verði gerð að landshöfn og verði sem fyrst gerð, henni verði komið til fullra nota, eins og til hefur staðið, allt frá því að hafnar voru framkvæmdir við þetta mannvirki.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 552 samþ. með 11 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
5.—15. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 72. fundi í Ed., 26. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 584).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 78. fundi í Nd., s. d. skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 80. fundi í Nd., 28. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér um ræðir, er komið frá hv. Ed. og var samþ. þar samhlj. með þeirri breyt. einni, sem frá greinir á þskj. 584, um að fjölga stjórnarmönnum landshafnarinnar úr 5 mönnum í 7 menn. Að öðru leyti var frv. samþ. eins og það var upphaflega fram lagt.

Frv. er að meginefni það, að þær framkvæmdir, sem þegar hafa verið gerðar í Þorlákshöfn og fyrirhugaðar eru, verði gerðar að landshöfn, þeirri þriðju í röðinni.

Þegar undan eru skildar aðgæzluverðar hafnir á Eyrarbakka og Stokkseyri og þær byrjunarframkvæmdir, sem átt hafa sér stað í Þorlákshöfn, er ennþá um algert hafnleysi að ræða á allri suðurströnd landsins, vestan frá Grindavík austur að Hornafirði. Úti fyrir landinu eða í Vestmannaeyjum er að vísu fullkomin og ágæt höfn, en þar er um að ræða stærstu verstöð landsins með sífellt stækkandi vélbátaflota, og vart verður hægt að gera ráð fyrir, að sú höfn annist mikla þjónustu umfram þá, sem nauðsyn ber til að veita heimaflota Vestmanneyinga, ásamt óumflýjanlegri þjónustu við kaupskipaflota þar.

Það er óþarft að fara mörgum orðum um það, hver nauðsyn er á að úr þessum vanda verði bætt fyrir suðurströnd landsins. Þar eru ein fengsælustu fiskimið landsins og hafa stundum verið nefnd einar gjöfulustu gullkistur íslenzks sjávarútvegs.

Á tímum áraskipanna var útræði frá Þorlákshöfn verulegt, en lagðist niður með tilkomu vélskipanna. Þrátt fyrir þær mismunandi öru breytingar, sem átt hafa sér stað á stærð og útbúnaði veiðiflotans, má segja, að umræður um staðsetningu hafnar í Þorlákshöfn hafi verið uppi allt frá síðustu aldamótum, og er merkust sú áætlun, sem N. B. Kirk verkfræðingur gerði um framkvæmdir í Þorlákshöfn árið 1919 og frá er skýrt í grg. frv. Framkvæmdir samkv. þessari áætlun urðu þó minni en ráð hafði verið fyrir gert. Byggðir voru nokkrir skjólgarðar, er bættu lítið eitt lendingarskilyrði í svokallaðri Norðurvör í Þorlákshöfn, enn fremur byrjað á smíði Suðurgarðs.

Árið 1946 taka sýslurnar, þ. e. Árnes- og Rangárvallasýslur, höndum saman um að hrinda framkvæmdum af stað á ný. Jörðin Þorlákshöfn er þá keypt og nauðsynlegar endurbætur eru gerðar á þeim litlu mannvirkjum, er fyrir voru, ásamt vegagerð til Þorlákshafnar. Þær framkvæmdir, sem með þessum hætti eiga sér stað í Þorlákshöfn til ársloka 1960, kosta um 14 millj. kr., og er greinilega frá þeim skýrt í grg. frv.

Yfirstandandi framkvæmdir í Þorlákshöfn hefjast svo með útboði Vitamálaskrifstofunnar árið 1961 með undangengnum undirbúningsrannsóknum. Samkv. útboði þessu var ætlazt til, að höfnin myndaði 1900 fm athafnasvæði fyrir vélbáta. Verksamningur samkv. útboði þessu var undirritaður við fyrirtækið Efrafall s. f. í maí 1962, og hófust framkvæmdir skömmu síðar. En ári eftir undirritun þessa samnings er aftur undirritaður viðbótarsamningur, sem gerir ráð fyrir tvö þús. fm aukningu á athafnasvæði hafnarinnar.

Á grundvelli framangreindra samninga hafði hinn 1. des. s. l. verið unnið fyrir nálega 50 millj. kr. Þrátt fyrir þessar háu fjárhæðir telur vitamálastjórnin, að enn muni skorta 30 millj. kr., miðað við núverandi verðlag, til að ljúka þeim áfanga, sem boðinn var út 1961.

Af framangreindum tölum er ljóst, að þau héruð, sem hér eiga landfræðilega hlut að máli, geta af eigin rammleik ekki staðið undir afborgunum og vöxtum af þegar fengnum lánum og þá að sjálfsögðu enn síður undir kostnaði við framhaldsframkvæmdir. Það fer því ekki á milli mála hjá þeim, sem raunsætt vilja á málið líta, að áframhaldandi framkvæmdir í hafnarmálum Þorlákshafnar verður að leysa með atbeina og beinni forgöngu ríkisins.

Af framangreindum ástæðum er í frv. þessu lagt til, að Þorlákshöfn verði gerð að landshöfn. Í sambandi við þær framkvæmdir, sem ég nú minnist á, að þegar hefðu verið gerðar í Þorlákshöfn, og vegna þeirra blaðaskrifa, sem orðið hafa opinberlega um þessar framkvæmdir, óskaði ég eftir því við vitamálastjórnina, að gerð yrði nokkru nánari grg. eða grein fyrir þeim framkvæmdum og hvernig þær hefðu átt sér stað, því að ég tel rétt nú við þessa 1. umr. málsins hér að gefa eftirfarandi upplýsingar, sem vitamálastjóri hefur látið mér í té. En þær eru svo hljóðandi, með leyfi forseta:

„Þýzka verktakafyrirtækið Hochtief gerði á sínum tíma athuganir og áætlun og útboðsteikningar varðandi stækkun Þorlákshafnar. Á þeim grundvelli var verkið boðið út og síðan gerður samningur við Efrafall s.f. í maí 1962 um framkvæmdir verksins. Sá samningur var byggður á breyttri gerð mannvirkja samkv. till. Efrafalls. Við frekari athugun á aðstæðum kom í ljós, að ýmsir annmarkar voru á framkvæmd verksins, svo sem upphaflega hafði verið gert ráð fyrir. Meginorsök þess var, að þar sem álitið var, að fastur botn væri fyrir hendi, var ekki um hann að ræða, heldur aðeins grjót-

lag, sem ekki hafði verið komizt í gegnum við fyrri boranir. Þá var það, að steypuefni og fyllingarefni, sem hugsað hafði verið að taka í næsta nágrenni hafnarinnar, var mjög til þurrðar gengið, þar sem ekki þótti ráðlegt að taka frekara efnismagn úr malarkömbunum sunnan hafnarinnar, þar sem allmikil hætta var þá á skemmdum á landi af völdum sjávargangs.

Þessar tvær meginástæður urðu til þess, að endurskoða varð byggingaráætlun og gerð mannvirkja alla. Var sú endurskoðun gerð á vegum Efrafalls í samráði við vitamálaskrifstofuna og leiddi til breyttrar gerðar mannvirkja, þannig, að í fyrsta lagi var aðalgarðurinn breikkaður úr 12.5 m í 14.5 m og undirstöðum hans breytt. Þá var og fengið steypuefni að með ærnum tilkostnaði. Verð suðurgarðsins samkv. tilboði, þegar tekið er tillit til aðkeypts steypuefnis, hefði átt að vera 20 millj. 526 þús. kr., en einingarverð, reiknað á sama hátt, — þýðir verkið eins og það var unnið, þ. e. a. s. með breikkun og öðrum breytingum, er gera varð, — var 26 millj. 729 þús. kr., þannig að hækkanir vegna breytinga voru um 6.2 millj. kr. eða 33%.

Ef tilboði Hochtief hefði verið tekið, má búast við, að tilsvarandi breytingar hefði orðið að gera á mannvirkjum með tilsvarandi hækkunum. Endanlegur kostnaður til verktaka vegna efniskaupa við suðurgarðinn hefur orðið um 35 millj. kr., þannig að hækkanir af völdum verðlagsbreytinga hafa orðið um 7.6 millj. kr., eða 28% af grunnverði mannvirkisins.

Hvað varðar norðurgarðinn, þá var hann í upphafi ráðgerður 12 m breiður og 187 m langur, þ. e. a. s. hinn nýi hluti hans.

Með tilkomu hinna stóru báta og sívaxandi útgerðar í Þorlákshöfn var síðan ákveðið að breikka garðinn um rúma 2 m, þannig að hann yrði gerður 14.35 m breiður og jafnframt ákveðið að lengja hann um 13 m, þannig að heildarlengingin verður nú um 200 m. Jafnframt var framálmu garðsins snúið nokkuð, þannig að allmiklu meira rými fæst innan garðanna en áður, auk þess sem með frekari lengingu garðsins er möguleiki á að auka það rými enn frekar.

Samhliða þessari breytingu var jafnframt athugað, hvort ekki væri hægt að gera innri garðinn nokkuð ódýrari en tilboð Efrafalls bar með sér. Ef reiknað er með, að aukning á breikkun garðsins kosti jafnmikið á rúmmetra og aðrir hlutar garðsins, sem er mjög nálægt lagi, þá hefði garðurinn fullbúinn, 187 m langur, átt að kosta 31.4 millj. kr., miðað við einingarverð verðtilboðsins, eða 168 þús. kr. á lengdarmetra.

Eftir endurskoðun og útreikninga á nýrri gerð verksins, virðist svo sem hver metri í garði ætti ekki að kosta meira en 130 þús. kr., miðað við einingarverð, þannig að um allverulegan sparnað hefði verið að ræða við endurskoðunina.

Af innri garðinum hafa þegar verið fullgerðir 53 m, og hefur kostnaðurinn við það orðið alls um 9.5 millj. kr. Þá var og eldri hluti norðurgarðsins hækkaður og breikkaður, og varð kostnaður við það tæplega ein millj. kr. Áætlað verð þess, sem eftir er af nyrðri garðinum, miðað við verðlag í dag, er rúmar 30 millj. kr. Heildarkostnaður við verkið, eins og það stendur í dag, mun vera um 51 millj. kr., og er þá reiknaður allur kostnaður vitamálaskrifstofunnar og verktaka, efnisbirgðir og kostnaður greiddur fyrirfram í innréttingum á vinnustað, stálmótum og öðru þess háttar, sem afreiknast mun á þeim hluta verksins, sem eftir er.

Samkvæmt framanskráðu má draga niðurstöðurnar saman þannig, að tilboðsverð var 43.67 millj. kr., en verður eftir breytingar þær, er nauðsynlegt var að gera vegna breyttra aðstæðna, 58.1 millj., eða hækkun um 33%. Líklegt heildarverð mannvirkjanna að óbreyttu verðlagi frá því sem nú er er 82 millj. kr., þ. e. verðhækkanir um 24 millj., eða 41%."

Þessar upplýsingar taldi ég rétt að kæmu fram nú þegar að gefnu tilefni, eins og ég áðan skýrði frá, að gefnu tilefni á opinberum vettvangi.

Sú takmarkaða hafnaraðstaða, sem þegar er fyrir hendi í Þorlákshöfn, hefur sannað, svo að ekki verður um villzt, nauðsyn á lúkningu hafnarinnar, bæði hvað fiskiskipaflotann áhrærir hvaðanæva af landinu og ekki síður þann þjónustuauka, sem farskip hafa þar þegar fengið með upp- og útskipun hvers konar nauðsynjavarnings. Það verður vart dregið í efa af neinum, sem kynnir sér alla málavöxtu, að eðlilegt sé að gera Þorlákshöfn að landshöfn, þeirri þriðju í röðinni.

Ég skal ekki tefja tímann með því að fjölyrða um einstakar gr. frv., þar sem þær eru í aths. frv. mjög greinilega skýrðar hver um sig, en þær eru almennt efnislega samhljóða gildandi l. um landshafnir í Njarðvíkum og Rifi. En í sambandi við framkomu þessa máls hér nú vildi ég í sambandi við flutning þessa frv. og framkomu þess hér nú í hv. þd. nota tækifærið til að lýsa því yfir, að ríkisstj. hefur ákveðið, að fram verði látin fara endurskoðun á hinum almennu hafnarlögum í framhaldi af þeim athugunum, sem nú standa yfir, á tekjumöguleikum hinna einstöku hafna.

Herra forseti. Það er till. mín, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

Sigfús J. Johnsen: Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr. með málþófi. Ég get þó ekki látið hjá líða í sambandi við þetta frv. til l. um landshöfn í Þorlákshöfn að leyfa mér að mótmæla því alveg eindregið sem rökum fyrir þörfinni á þessu Þorlákshafnarmáli, sem kom fram í ræðu hæstv. sjútvmrh., að úr hafnarþörfinni við Suðurland verði ekki bætt, eins og hæstv. ráðh. vék að, með því að stóla þar á Vestmannaeyjahöfn, sem í engu muni geta bætt við sig því, sem hún þurfi að hafa til að bera til þess að geta sinnt öðru en Vestmannaeyjaflotanum einum. Ég beinlínis leyfi mér að mótmæla því, að þetta séu rök fyrir þörfinni á landshöfn í Þorlákshöfn á sama tíma og við vitum það, að í dag, sennilega á þessu augnabliki, sem við stöndum hér, munu vera líklega á annað hundrað bátar víðs vegar af landinu að fá sína fullkomnu þjónustu í Vestmannaeyjahöfn. Ég vildi aðeins láta þetta koma fram og skal svo ekki þreyta þingheim á því að taka frekari þátt í þessum umr. um Þorlákshafnarmálið.

Sigurður Bjarnason: Herra forseti. Það mun hafa verið árið 1958, að samþykkt var hér á hv. Alþ. svo hljóðandi till. til þál.:

„Alþ. ályktar að fela ríkisstj. að láta í samráði við vitamálastjóra gera 10 ára áætlun um nauðsynlegustu hafnarframkvæmdir í landinu og sé fyrst og fremst við

það miðað, að framkvæmdirnar geti stuðlað að öruggri og aukinni útflutningsframleiðslu. Einnig verði endurskoðuð gildandi lagaákvæði um skiptingu kostnaðar við hafnargerðir milli ríkis og sveitarfélaga, svo og ákvæðin um landshafnir og önnur þau atriði l. um hafnargerðir, er ástæða þykir til að breyta með hliðsjón af fenginni reynslu og til samræmis við aðrar niðurstöður athugunar þessarar. Jafnframt verði endurskoðuð l. um hafnarbótasjóð og athugað, hvort ekki sé tiltækilegt að efla starfsemi hans, svo að hann geti m. a. veitt hagkvæm lán til langs tíma til nýrra hafnarframkvæmda."

Þessari endurskoðun er nú fyrir alllöngu lokið, og hv. þm. er það öllum kunnugt, að ríkisstj. hefur verið sent frv., sem samið hefur verið á grundvelli þessarar endurskoðunar. Hæstv. ríkisstj. hefur hins vegar að svo vöxnu máli ekki talið sér fært að flytja þetta frv. Með frv. því, sem hér liggur fyrir, er hins vegar lagt til, að l. verði sett um þriðju landshöfnina, þ. e. a. s. um einungis eitt atriðið, sem gert var ráð fyrir, að heildarendurskoðun færi fram á.

Ég skal ekki fara út í það að ræða mikið um landshöfn í Þorlákshöfn og skal raunar ekki andmæla því, að þetta frv. verði samþ. En ég tel þó, að þessi ráðstöfun orki mjög tvímælis af mörgum ástæðum m. a. meðan engri höfn hefur verið veittur slíkur stuðningur á öllu Norðurlandi, Vestfjörðum og Austfjörðum. Mörg ákvæði gildandi hafnarlaga eru löngu úrelt orðin, t.d. ákvæðin um hlutföllin milli framlaga ríkissjóðs og sveitarfélaganna til hafnanna. Mjög nauðsynlegt er einnig að efla hafnarbótasjóð verulega, ef hann á að geta sinnt hlutverki sínu.

Hæstv. sjútvmrh. lýsti því yfir hér í framsöguræðu sinni, að ríkisstj. hefði ákveðið að gera nú gangskör að því að ljúka heildarendurskoðun hafnarlaganna, og fagna ég þeirri yfirlýsingu. En ég vildi nú samt gjarnan fá að heyra öllu meira um það frá hæstv. ráðh., hvað skjótt þessi endurskoðun á að gerast. Mér finnst varla hægt að ætlast til þess af okkur, stuðningsmönnum hæstv. ríkisstj., að við samþykkjum þetta frv., án þess að vita hið minnsta um það, hver eigi að verða örlög hinnar almennu endurskoðunar hafnarlaganna. Ég mundi þess vegna óska þess að fá að heyra nánar um það frá hæstv. sjútvmrh., hvort hann hyggist leggja frv. um þessi efni, almenna endurskoðun hafnarlaganna, fyrir næsta reglulegt Alþ., eða hvort vænta má frekari dráttar á þessari nauðsynlegu endurskoðun. Ég hika ekki við að segja það, að fylgi mitt við þetta frv. fer nokkuð eftir því, hvert svar hæstv. ráðh. verður um þetta atriði.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Í sambandi við þær tvær ræður hv. þm., sem haldnar hafa verið frá framsöguræðu minni, vil ég aðeins taka það fram varðandi ræðu fyrri þm., hv. 3. þm. Suðurl. (SJJ), að þó að ég nefndi það sem eina af ástæðunum, eru það alls ekki nein höfuðrök, að Vestmanneyingar gætu e. t. v. ekki bætt á sig allri þeirri þjónustu, sem sístækkandi fiskveiðifloti hlyti að krefjast á ókomnum árum, það eru engin grundvallarrök út af fyrir sig fyrir hafnargerðinni í Þorlákshöfn, heldur hitt, að það hefur sýnt sig, eins og ég lagði nú höfuðáherzlu á í minni ræðu, að á þeim litlu framkvæmdum, sem þegar hafa átt sér stað í Þorlákshöfn, hefur verið full þörf og að framhaldsframkvæmdir munu ekki eiga sér stað í þessari höfn, ef aðstoð ríkisins í formi landshafnaraðstoðar kemur ekki til greina. Það er því um það að velja að hafa höfnina þannig hálfgerða, eins og hún er nú, eða að ríkið komi í ríkari mæli til aðstoðar þessari nauðsynlegu höfn en gert er með almennri hafnaraðstoð. Ég vænti þess, að þetta dugi sem svar við aths. hv. þm.

Varðandi þá fsp., sem hv. 2. þm. Vestf. (SB) beindi til mín sérstaklega og taldi að gæti varðað afstöðu sína til afgreiðslu þessa frv., þ. e. a. s. þá yfirlýsingu mína, sem ég gaf í framsöguræðunni, að hugað væri að lúkningu endurskoðunar á hafnarlögunum, sem yfir hefur staðið of lengi, þá skal ég taka undir það með hv. þm., en það hefur nú reynzt ýmsum erfiðleikum háð að fá samstöðu um þá endurskoðun og þó kannske öllu frekar um útvegun þess fjármagns, sem nauðsynlegt er til þeirra framkvæmda, sem allir eru sammála um, að nauðsynlegar séu. Ég vil lýsa því yfir sem skoðun minni, að að því mun verða stefnt, að niðurstaða þessarar endurskoðunar liggi fyrir í frv.-formi til afgreiðslu á næsta Alþ.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til sjútvn. með 23 shlj. atkv.

Á 85. fundi í Nd., 2. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 584, n. 649).

Frsm. (Birgir Finnsson): Herra forseti. Eins og fram kemur í nál. sjútvn. á þskj. 649, hefur n. orðið sammála um, að óhjákvæmilegt sé, að þetta frv. nái fram að ganga. Það hefur komið í ljós, að þau tvö sýslufélög, sem áttu frumkvæðið að hafnargerðinni í Þorlákshöfn, rísa ekki undir verkinu fjárhagslega og verður ekki hjá því komizt, að ríkissjóður taki á sig þær skuldir, sem til hefur verið stofnað, og sjái um áframhald verksins, eftir því sem tiltækilegt er og nauðsynlegt verður talið. N. fellst á, að ekki verði hjá þessu komizt, en hins vegar kom það fram í n., að menn töldu, að ekki væri ástæða til að fara geyst í framkvæmdirnar við Þorlákshöfn umfram það, sem nauðsynlegt er til þess að ljúka þeim áföngum, sem þegar hefur verið byrjað á, og tryggja það, að þeir komi að sem mestu gagni.

N. ber fram breyt. við 4. gr. frv., sem er um stjórn hafnarinnar. Sú gr. er þannig í frv., eins og það kom frá hv. Ed., að í stjórn hafnarinnar skuli eiga sæti 7 menn, kosnir af sameinuðu Alþ., og ráðh. sá, sem fer með hafnarmál, skipi formann hafnarstjórnarinnar úr hópi stjórnarmanna. N. leggur til, að kjörtímabil stjórnarinnar verði ákveðið 4 ár í senn, eins og fram kemur í brtt. n. á þskj. 649. Enn fremur var rætt um það í n., að ástæða mundi vera til að kjósa jafnmarga varamenn, en líklega er það mín sök, að sú till. hefur ekki verið tekin upp í brtt. n., og verð ég því að flytja hér skriflega brtt. hvað þetta snertir. Leyfi ég mér fyrir hönd sjútvn. að leggja til svo hljóðandi breyt. við 4. gr.: „Á eftir orðunum „7 menn" komi: og jafnmargir varamenn". Ég

fer þess á leit við hæstv. forseta, að hann leiti afbrigða fyrir þessari till.

Rætt var um það í sjútvn., að mjög væri æskilegt, að þeirri endurskoðun á l. um hafnargerðir, sem lengi hefur staðið til, yrði lokið sem allra fyrst, og fögnuðu menn því, að hæstv. sjútvmrh. skyldi lýsa því yfir við 1. umr., að hann mundi beita sér fyrir nýrri lagasetningu um þetta atriði fyrir næsta þing.

Það er augljóst, að menn eru ekki allt of hrifnir af því að fjölga landshöfnum, þegar hugtakið landshöfn hefur ekki lengur aðra þýðingu en þá, að ríkið borgi allan kostnað við landshafnirnar. Með því móti, að fáeinar hafnir í landinu njóti slíkra forréttinda umfram aðrar, má gera ráð fyrir því, að af ráðstöfunarfé, sem fyrir hendi er á hverjum tíma, fari verulegur hluti til landshafnanna, en hinar hafnirnar fái ekki eins mikið í sinn hlut af ráðstöfunarfénu. Þannig er á fjárl. yfirstandandi árs veitt, ef ég man rétt, til 58 hafna framlag úr ríkissjóði 16.6 millj. kr., en afborganir af hafnalánum vegna landshafna og Þorlákshafnar eru 16.8 millj. kr., eða heldur hærri upphæð. Þetta er augljós hlutur. Hitt má svo aftur segja, að mjög hafi greitt fyrir hafnargerðum í landinu sá háttur, sem upp hefur verið tekinn á síðustu árum, að ríkisvaldið beiti sér fyrir lánsfjárútvegunum til hafnanna, og það er auðvitað mjög þýðingarmikið atriði. En einnig er augljóst, að mjög margar hafnir fá ekki risið undir öllum stofnkostnaðinum, sem á þeim hvílir, og ríkið verður þá að greiða vegna þeirra í gegnum Ríkisábyrgðasjóð. Það má segja, að það væri betri regla á þessu að ákveða þegar í byrjun, að ríkissjóðsframlagið skuli vera hærra, og fyrir því hygg ég, að sé almennur þingvilji.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 680) leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.

Frsm. (Birgir Finnsson): Herra forseti. Ég gleymdi að geta þess í framsöguræðunni, að í meðförum sjútvn. kom fram sú till. frá einum nm., að í sambandi við þá gr. frv., sem fjallar um hafnargjöld, verði skip, sem flytja eingöngu farþega og farartæki þeirra, undanþegin hafnargjöldum á sama hátt og skemmtiferðaskip og herskip eru samkv. gr. Mér var falið sem formanni n. að ræða þetta atriði við hæstv. sjútvmrh., og hann tók því vel, að þetta atriði yrði tekið til greina við setningu reglugerðar um gjaldskrá fyrir höfnina.

Sigfús J. Johnsen: Herra forseti. Frsm. tók nú reyndar af mér ómakið, en vegna þess, sem fram kom hér í niðurlagi af framsöguræðu hv. frsm. sjútvn., vildi ég aðeins með örfáum orðum skýra það, sem á bak við þetta liggur, og ég treysti fullkomlega á það, að ráðh. hlutist til um, að þetta ákvæði verði sett inn í reglugerð.

Það mun verða svo kannske innan örfárra ára, að flest sýslufélög og bæjarfélög munu verða komin í þjóðvegasamband við höfuðborgina og stærstu bæi landsins. Það verður alltaf svo, sennilega til eilífðarnóns, að eitt bæjarfélag verður þó alltaf útundan í þessu, og á ég þar við Vestmannaeyjar. Þannig mun það verða í framtíðinni, að ef einhver varanleg bót á að fást á þessum þætti samgöngumála Vestmannaeyja, hlýtur að koma að því, að þar komi upp almennileg og myndarleg bílaferja, sem kæmi þá til með að ganga til þeirrar hafnar, sem næst væri og bezt gæti sinnt þessu hlutverki. Með það fyrir augum, að framtíðin færði okkur það einhvern tíma, að slík ferja kæmist á, óskaði ég eftir því, að í sambandi við 8. gr. um undanþágur frá hafnargjöldum, væri tekin fram þessi heimild, að farþegaskip, sem einvörðungu fer með farþega og farartæki þeirra, væri þarna undanþegið þessu gjaldi. Að því leyti mundi þessi ríkishöfn vera þáttur í þjóðvegakerfi landsins, að þau farartæki, sem þarna eru flutt til meginlandsins frá Vestmannaeyjum, yrðu aðnjótandi þeirra friðinda, sem við fáum ekki í neinu gegnum þau gjöld, sem við þó greiðum gegnum benzínskatt og vegagjöld af benzíni, sem eru að öllu leyti nákvæmlega þau sömu í Vestmannaeyjum og annars staðar á landinu. Það er því þessi ástæða samhliða hinni, að í dag höfum við þegar nokkrar ferðir til Þorlákshafnar, og mér sýnist svo, að þegar farið verður að ýta eftir því, að Skipaútgerð ríkisins verði rekin með eins hagkvæmum hætti og mögulegt sé, yrðu það vissulega rök fyrir formanni útgerðarinnar eða forstjóra að vitna til þess, þegar óskað er eftir því, að skip eins og t. d. Herjólfur héldi uppi ferðum frá Vestmannaeyjum til Þorlákshafnar og Reykjavíkur, yrðu það vissulega rök hjá honum, að hann gæti vitnað til þess, að með því að koma við í þessari höfn yrði að greiða tvívegis hafnargjöld, en flutningar með skipinu mundu aðeins minnka með viðkomu í viðkomandi höfn, þ. e. a. s. í Þorlákshöfn. Ég vænti þess, að mönnum sýnist það vera réttlætismál, að þetta ákvæði sé sett inn í og yrði þá orðað á þá leið, að skip, sem eingöngu eru með farþega og farartæki þeirra, væru undanþegin þessum gjöldum. Ég treysti fyllilega á, að hæstv. sjútvmrh. gangi svo frá þessum málum, að þau séu þar með tryggð í reglugerð.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 649 samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 680 samþ. með 24 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
5.—15. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Á 86. fundi í Nd., 3. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 685, 687).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Brtt. 687 samþ. með 23 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 82. fundi í Ed., 4. maí, skýrði forseti frá, að frv. væri endursent frá Nd., eftir 3. umr. þar, og var frv. á þskj. 694 útbýtt á fundinum.

Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Frsm. (Sveinn Guðmundsson): Herra forseti. Nd.

hefur gert þá breyt. á frv. um landshöfn í Þorlákshöfn, að við 4. gr. komi: 7 menn,— þ. e. jafnmargir varamenn í hafnarnefndina. Nm. fjhn. Ed. mæla með þessari breytingu.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 711).

60. Kísilgúrverksmiðja við Mývatn.

Á 67. fundi í Ed., 22. apríl, var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. um kísilgúrverksmiðju við Mývatn, nr. 22 21. maí 1964 [195. mál] (stjfrv., A. 543).

Á 69. fundi í Ed., 23. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 71. fundi í Ed., 25. apríl, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Frv. þetta til l. um breyt. á l. um kísilgúrverksmiðju við Mývatn er nú flutt af hálfu ríkisstj. vegna ýmissa breytinga, sem fram hafa komið og orðið í sambandi við þetta mál frá því, að Alþ. á sínum tíma samþykkti l. um kísilgúrverksmiðju við Mývatn á árinu 1964. En eins og hv. þm. rekur minni til, var gert ráð fyrir því í þeim l., að samvinna yrði höfð um þessa kísilgúrverksmiðju og sölu kísilgúrs við hollenzkt fyrirtæki, AIME. Síðar urðu á þær breytingar, að þetta fyrirtæki dró sig í hlé og óskaði ekki eftir lengur að vera aðili að byggingu verksmiðjunnar, og upp úr því hófust viðræður við annan aðila, ameríska fyrirtæki, Johns Manville Corporation í New York, eins og gert er grein fyrir í grg. frv. Það var stofnað, eins og gert var ráð fyrir í eldri l., undirbúningsfélag, Kísiliðjan h.f., og þar voru þeir hluthafar í, þetta hollenzka fyrirtæki, en ríkisstj. hefur nú leyst til sín þeirra hluta og gert ráð fyrir, að hlutafé ríkisins, sem lagt var fram í því, gangi svo inn í verksmiðjufyrirtækið, ef verksmiðjan yrði reist. Það þótti vera komið á það stig, þetta mál, á s. l. ári, að ég skipaði í aprílmánuði nefnd til þess að semja eða gera tilraun til þess að semja við Johns Manville um samvinnu í kísilgúrmálinu, og eins og stendur í grg. voru nm. Magnús Jónsson fjmrh., sem hafði verið formaður í Kísiliðjunni, hann var formaður n., og með honum þeir dr. Jóhannes Nordal bankastjóri, Karl Kristjánsson alþm. og Pétur Pétursson forstjóri.

Svo segir í grg., að viðræður við Johns Manville hafi frá því fyrsta verið jákvæðar og eru nú taldar vera komnar á lokastig af hálfu nm. Þeir telja sig hafa líkur fyrir því, að samningar gætu tekizt við þetta ameríska fyrirtæki og þá með þeim hætti, að það yrði hluthafi að vissu marki í sjálfri verksmiðjunni og tæki að sér með samningum sölu á kísilgúrnum. En þetta fyrirtæki er með stærstu kísilgúrframleiðendum og mjög ráðandi á heimsmarkaðinum, en það hefur frá upphafi verið talið mjög þýðingarmikið í sambandi við þetta mál að reyna að tryggja í samvinnu við erlenda aðila söluna á heimsmarkaðinum, sem annars kynni að reynast okkur nokkuð erfið.

Ég tel, að breytingarnar, sem í þessu frv. felast frá eldri l., séu næsta eðlilegar og eingöngu miðaðar við það breytta viðhorf, sem fram hefur komið og þá breytingu, sem orðið hefur á skipun mála, að í stað hollenzka fyrirtækisins kemur þetta ameríska fyrirtæki, sem gert er ráð fyrir, að hafi söluumboð fyrir verksmiðjuna. Það hefur verið gert ráð fyrir, eins og n. gerði grein fyrir, að þetta fyrirtæki mundi staðsetja sitt sölufyrirtæki á Húsavík, sem í sjálfu sér er mjög hagkvæmt fyrir okkur. Það munu aldrei vera nema fáeinir menn þar starfandi, en ef það væri ekki staðsett þar, mundi sennilega söluumboð fyrirtækisins í Evrópu, eitthvað af þeirra umboðum þar, taka að sér söluna og við þá missa þann spón úr aski okkar, sem okkur gæti áskotnazt þarna í sambandi við greiðslu skatta og annað af hálfu þessa fyrirtækis.

Ég vil aðeins nefna, að það var beint til mín fsp. út af þessu máli í sameinuðu þingi í sambandi við náttúruvernd og hugsanleg spöll í hinni fögru Mývatnssveit, og svaraði ég því þá. Það var frá hv. 4. þm. Norðurl. e., sem þessi fsp. kom fram. Ég veit, að mörgum er það viðkvæmt mál, og ég hef nýlega móttekið frá þeim mönnum, sem hafa undirbúið þetta mál, bréf hér að lútandi, sem ég tel nú rétt, að hv. þd. sé gerð grein fyrir. En það er svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Ríkisstj. og stjórn Kísiliðjunnar h.f. hafa lagt mikla áherzlu á að tryggja sem bezta fjölbreytni náttúrunnar við Mývatn, hún geti haldið sér, þótt kísilgúrnáman í botni vatnsins sé nýtt. Hefur Baldur Líndal verkfræðingur verið fulltrúi stjórnarinnar að því er þetta atriði snertir.

Með tilliti til þeirra umr., sem orðið hafa um þetta mál, þykir rétt að gefa nánari upplýsingar um þær öryggisráðstafanir, sem gert er ráð fyrir að framkvæma. Fyrirhugaðir erlendir sameignaraðilar hafa sama áhuga á þessu máli og Íslendingar. Í allri mannvirkjagerð í sambandi við fyrirhugaða kísilgúrvinnslu við Mývatn hefur það sjónarmið ríkt, að náttúrudýrð þessa staðar sé í engu spillt. Þannig er verið að byggja verksmiðjuna langt frá vatninu í eyðilegu hrauni 3 km austan norðurhluta Mývatns. Það eru smávægilegar byrjunarframkvæmdir, sem hafa átt sér stað. Svo háttar þarna til, að staðurinn sést ekki frá Mývatni, og ætti því verksmiðjan að engu leyti að spilla augnayndi manna og nautn af fegurð Mývatns og nágrennis þess. Kísilgúrleðjunni úr Mývatni er dælt um granna leiðslu alla leiðina að verksmiðjunni. Við Mývatn eru rafknúnar dælur ásamt leðjugeymi, sem lítið mun bera á, eftir að gengið hefur verið frá staðnum, enda leggur Kísiliðjan hér enn höfuðáherzlu á, að upprunalegt umhverfi haldi sér. Leðjunámið mun að sinni fara fram í aðeins litlum hluta Mývatns. Meðfylgjandi kort sýnir þann hluta vatnsins, sem fyrirhugað er að dæla úr næstu 20 ár eða lengur. Yfirferðin er lítil, og dæluskipið á vatninu er mjög staðbundið, engin skaðleg gruggun á sér stað og tækin máluð þannig, að lítið ber á þeim. Kísiliðjan hefur leitað álits Náttúruverndarráðs auk annarra sérfræðinga, svo sem dr. Finns Guðmundssonar fuglafræðings, Þórs Guðjónssonar veiðimálastjóra og Hjálmars Bárðarsonar skipaskoðunarstjóra viðvíkjandi

fyrirhugaðri kísilgúrvinnslu við Mývatn. Ekki hefur komið fram uggur um, að kísilgúrnám úr Mývatni væri skaðlegt lífi í vatninu. Flestir álíta á móti, að gott væri að dýpka vatnið, sökum þess að Mývatn er óðum að fyllast af kísilgúr. Sá hluti vatnsins, sem námið mun ná til á næstunni, er þó langgrynnstur, svo að þar vill vel til. Náttúruverndarráð hvetur að sjálfsögðu til varúðar við framkvæmd verksins. Öll meðferð olíu við verksmiðjuna og í sambandi við leðjudælinguna úti á vatninu verður á þann veg, að olíumengun getur tæpast átt sér stað. Meðal þeirra ráðstafana, sem ákveðnar hafa verið, eru lekavarnargarðar við olíugeymana, bæði við verksmiðjuna og við kísilolíugeymi niðri við Mývatn. Áætlaðar verða enn fremur tiltækar olíugildrur til varnar því, að olíubrák geti breiðzt út í sambandi við hugsanleg mistök við áfyllingu dæluskipsins. Þó er þar aðeins um venjulega dísilolíu að ræða, sem ekki er talin það skaðleg, að hún heyri undir reglugerðir um olíumengun hér á landi eða alþjóðareglur þar um.

Stjórn Kísiliðjunnar hefur mjög góða samvinnu við eigendur Reykjahlíðar og hreppsnefnd Skútustaðahrepps. Gerir stjórnin sér vonir um áframhaldandi góða samvinnu varðandi byggingu verksmiðjunnar og væntanlegs þorps í sambandi við verksmiðjurekstur-inn."

Þetta bréf er undirritað af einum nm., Pétri Péturssyni. En kísilgúrvinnslan samkv. þessu meðfylgjandi korti er á örlitlu svæði af vatninu, aðeins örlitlum hluta þess, eins og sú n., sem fær þetta mál til meðferðar, getur kynnt sér nánar um næstu 20 árin.

Í samræmi við þetta nál. eru ákvæði 7. gr., sem ekki voru í eldri l., og fram hefur komið ábending frá þm. þessa kjördæmis o. fl. þess eðlis, eins og þar stendur, að framleiðslufélagið skuli gera allar þær varúðar- og öryggisráðstafanir, sem við verður komið til þess að koma í veg fyrir, að dýralíf og gróður við Mývatn bíði tjón af starfsemi kísilgúrverksmiðjunnar. Einnig skal hafa gerð mannvirkja þannig, að þau fari sem bezt í umhverfinu. Þetta er í 7. gr. þessa frv.

Ég vil svo leyfa mér, herra forseti, að leggja til, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjhn. þessarar d.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjhn. með 11 shlj. atkv.

Á 75. fundi í Ed., 29. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 543, n. 627).

Frsm. meiri hl. (Karl Kristjánsson): Herra forseti. Árið 1964, 21. maí, voru samþ. l. hér á hv. Alþ. um kísilgúrverksmiðju við Mývatn. Skv. 1. gr. þeirra l. er svo fyrir mælt, að ríkisstj. skuli beita sér fyrir stofnun hlutafélags, er reisi og reki verksmiðju við Mývatn og Námaskarð í Suður-Þingeyjarsýslu, og til þess voru í l. ríkisstj. veittar heimildir ýmiss konar, sumar takmarkaðar, aðrar opnar, eftir því sem þurfa þótti og við átti, eins og þá horfði í þessum málum. M. a. var ríkisstj. heimilað að taka þátt í stofnun sérstaks hlutafélags til bráðabirgða, áður en framleiðslufélagið skyldi stofnað, og skyldi það bráðabirgðafélag annast skipulagningu kísilgúrverksmiðjunnar og annan undirbúning að byggingu og rekstri hennar, enda skyldi stefnt að því, að framleiðslufélagið tæki við af slíku undirbúningsfélagi.

Er l. voru sett, var gengið út frá því, að í framleiðslufélaginu og undirbúningsfélaginu einnig yrði þátttakandi hollenzka fyrirtækið AIME, og var frá því skýrt allítarlega í grg. frv. að l., þótt nafn fyrirtækisins væri ekki tekið inn í l. sjálf, enda var ekki búið að fullganga frá samningum við það fyrirtæki. Í l. var heimilað, að framleiðslufélagið mætti festa kaup á hlutabréfum í erlendu hlutafélagi, sem stofnað kynni að verða til sölu og dreifingar á framleiðslu kísilgúrverksmiðjunnar erlendis. Rætt var þá um, að það félag mundi hafa heimili í Hollandi.

Ég tel mér skylt að fara fljótt yfir sögu vegna þess, hve hv. Alþ. hefur nú orðið nauman tíma til starfa.

Undirbúningsfélagið var stofnað af ríkinu og AIME. Var því gefið nafnið Kísiliðjan h. f. Hóf það undirbúningsstörfin, eins og til var ætlazt. Fljótlega kom í ljós, að hollenzka fyrirtækið taldi sig tæplega hafa fjárhagslegt bolmagn til þess að standa undir fyrirtækinu, svo að vel væri, enda bundið öðrum verkefnum. Og annað, sem verra var í þessu sambandi, var það, að AIME gat ekki tryggt á viðunandi, hvað þá æskilegan hátt, sölu framleiðsluvörunnar, þ. e. kísilgúrsins. AIME hafði að vísu sölukerfi með ýmsar annars konar vörur, en það kerfi var ekki líklegt til að geta leyst söluvandann með kísilgúrinn, því að salaþeirrar vöru er sögð mjög bundin í höndum sterkra fyrirtækja og óárennilegt fyrir byrjanda að komast með nýtt vörumerki inn á þann markað, án samvinnu við sterkan aðila, sem þar er fyrir.

Í fáum orðum sagt. AIME vill draga sig til baka og hefur dregið sig til baka. Teknar voru, þegar þetta kom í ljós, upp í staðinn viðræður við bandaríska fyrirtækið Johns Manville, sem er mikill framleiðandi kísilgúrs og hefur mikið og sterkt sölukerfi, sem selur m. a., að því er talið er, 65% af öllum kísilgúr, sem notaður er í Evrópu, auk þess fjársterkt fyrirtæki, sem nýtur mikillar tiltrúar. Virtist Johns Manville strax hafa talsverðan áhuga á aðild að málinu, en taldi sig hins vegar verða að láta rækilega rannsaka og prófa hráefnið og öll skilyrði til vinnslu þess, svo og áætlanir um rekstur væntanlegs fyrirtækis. Athuganir þessar voru talsvert fyrirhafnarsamar og tímafrekar, af því að hvergi í heiminum hefur hráefnið fyrr verið tekið úr vatni, heldur úr þurrum jarðlögum eða uppþornuðum vatnsbotnum. Lengst vafðist fyrir, hvernig væri á hagkvæman hátt hægt að ná vatninu úr hráefninu og járni, sem það taldist innihalda í of miklum mæli. Nú teljast ráð til þessa fundin, og nú hefur Johns Manville ákveðið sig til þátttöku, ef um semst. Dagana 14. og 15. þ.m. voru hér í Reykjavík fulltrúar fyrirtækisins til þess að ræða við fulltrúa ríkisstj. um þetta og meginatriði væntanlegra samninga, og varð samkomulag um aðalatriðin, þótt ekki væru þau sett upp í samningsform. Bæði hinir erlendu aðilar og hinir íslenzku höfðu fyrirvara um, að umbjóðendur samþykktu, og veit ég ekki betur en að tilkynning sé komin um, að Johns Manville fallist fyrir sitt leyti á umrædd meginatriði, en vill hins vegar ekki ganga til samstarfsins, fyrr en Alþ. hafi veitt mótað-

ilanum, þ. e. ríkisstj., fullt umboð til að undirrita. Að nokkru leyti felst slíkt umboð í 1. frá 1964, en að því er á skortir, að það sé fullt, er þess leitað með breytingum og viðbótum þeim, sem felast í frv. því til breyt. á l., sem hér liggur fyrir.

Undirbúningsfélagið Kísiliðjan h. f. hefur orðið að hafast allmikið að með undirbúningsstarfi. Kaupa varð dæluskip til að sannprófa þann hluta hinna verklegu framkvæmda. Koma varð upp dælustöð og röraleiðslum frá henni 3 km leið til verksmiðjustæðisins til þess að sannprófa, hvort hráefnið þyldi slíka meðferð. Enn fremur varð að kaupa svokallaðar skiljur til þess að aðgreina hráefnið. Rétt þótti að koma upp húsi fyrir skrifstofuaðstöðu og fyrir mötuneyti. Er því húsi að verða lokið, svo að sú aðstaða verður til reiðu í sumar, eins og nauðsynlegt er, ef ekki á að slitna framkvæmdaþráðurinn. Búið er að jafna verksmiðjugrunninn. Mikil verkfræðileg vinna hefur átt sér stað við undirbúning sjálfrar verksmiðjunnar, fyrirkomulag hennar og vélakost. Búið er að tryggja með pöntun kaup á öllum helztu nauðsynlegum vélum til verksmiðjunnar, eftir ítarlega athugun á því, hvað hentar bezt og fæst jafnframt með beztu kjörum.

Allt krefst þetta áframhalds, ef að gagni á að verða, enda hefur alltaf verið gengið út frá því, að verksmiðjan yrði reist, svo sem l. frá 1964 mæla fyrir um, þó að AIME skærist úr leik. Vonir hafa jafnframt verið um þátttöku Johns Manville, þó að vissu hafi skort um, að þeir tækju þá ákvörðun með aðgengilegum skilmálum fyrir okkur þangað til nú, að svo er komið.

Fyrir mitt leyti álít ég málinu miklu betur borgið með aðild Johns Manville en aðild AIME. Johns Manville hefur yfir mikilli þekkingu að ráða, að því er við kemur framleiðslu kísilgúrs, en sú framleiðsla krefst mikillar nákvæmni. Það fyrirtæki er miklu öruggari seljandi og hefur í þeim efnum hina fullkomnustu aðstöðu. Það fyrirtæki er fjársterkt og hefur lofað að lána framleiðslufélaginu 800 þús. dollara eða yfir 30 millj. ísl. kr. tryggingarlaust, og má endurgreiðsla annarra stofnskulda ganga á undan skilum á þeirri upphæð. Rannsóknir þær, sem Johns Manville hefur látið fram fara á hráefninu,og áætlanir þær, sem þeir hafa tekið þátt í að gera um arðvænleik hinnar íslenzku kísilgúrvinnslu, tel ég, að séu mjög þýðingarmiklar. Vegna þeirra rannsókna og áætlana er öryggislegra en ella hefði verið að ráðast í kísilgúrvinnsluna.

Þetta er í sjálfu sér ekki stórfyrirtæki. Stofnkostnaður eitthvað í kringum 150 millj. kr. eftir því, sem áætlað er, en lítur hins vegar út fyrir að geta orðið allvel arðgæft, þegar það er komið í fullan gang.

Gert var ráð fyrir því 1964, þegar gildandi l. voru sett, að stofnað yrði erlent sölufélag úti í Hollandi á vegum AIME til að selja og dreifa framleiðslunni frá íslenzku verksmiðjunni, eins og ég minntist á áðan. Nú er talað um, að Johns Manville komi upp sölufélagi, sem hafi heimili hérlendis og annist söluna á kísilgúrnum erlendis sem umboðssali. Einn maður íslenzkur sé kjörinn í stjórnina af Íslands hálfu til þess að fylgjast með framkvæmdum umboðssölunnar og annar hvor maður af þeim, sem útlendingarnir kjósa í stjórnina sé íslenzkur ríkisborgari, svo að meiri hlutinn sé Íslendingar. Félagið lúti íslenzkum lögum. Leitað er heimildar með frv. fyrir þessari breyt. að því er snertir sölufélagið. Það er eingöngu vegna óska frá okkur, sem að samningagrundvellinum höfum unnið, að Johns Manville hefur fallizt á, að sölufélagið telji sér heimili á Íslandi, nánar tiltekið á Húsavík. Johns Manville telur sér alls ekkert hagræði að því, síður en svo, en með því vinnst það, að umboðslaunin verða skattskyld á Íslandi. Er samkomulag fengið um, að félagið greiði 45% í skatta af umboðslaununum, en frá álögustofninum dragist aðeins tilkostnaður félagsins hérlendis, og hann verður mjög lítill. Mannahald félagsins á heimilisstað má áætla 2-3 menn. Aðalsölutilkostnaðurinn verður vitanlega erlendis. Lít ég fyrir mitt leyti svo á, að skattskylda sölufélagsins sé eins og fundið fé miðað við áður hugsað fyrirkomulag.

Ég hef ekki rætt um einstakar gr. frv., en leyfi mér að skírskota um þær til aths., sem fylgja frv. Ég hef hins vegar talið gagnlegra að stikla á stóru í frásögn um framkvæmd l. frá 1964 og lýsa breyt. þeirri, sem hefur orðið um viðsemjendur. Um leið á þá að skýrast þörfin á þeim breyt. á l. og viðaukum heimilda, er frv. inniheldur. Ég tel viðhorfin betri en 1964, þegar af stað var farið. Ég tel, að afgr. frv. sé nauðsynleg á þessu þingi, því að annars mundi framkvæmdaþráðurinn slitna meira eða minna. Enginn veit heldur, hvað viðsemjandinn, Johns Manville, yrði þolinmóður að bíða. Vel gæti snurða hlaupið á samningaþráðinn, sem nú er sléttur, ef bið yrði til næsta Alþ. Málið er seint lagt fyrir þing, en það er ekki vegna neins tómlætis af hálfu hæstv. ríkisstj., það get ég vottað, enda er allt annað fyrir Alþ. að afgr. á stuttum tíma framhaldsmál eins og þetta en að móta og afgr. nýtt mál.

Ég hef orðið þess var, að einstaka maður heldur, að þeir sem standa fyrir athöfnum í þessu máli, séu ekki viðkvæmir fyrir því, þótt spjöll kunni að verða unnin á fágætri náttúrufegurð í Mývatnssveit og fugla og fiskilífi Mývatns. En sannleikurinn er, að á það hefur verið lögð rík áherzla í undirbúningi málsins að miða framkvæmdir við, að slík spjöll eigi sér ekki stað. Staðið hefur verið í sambandi við Náttúruverndarráð, aðalfuglafræðing landsins, Finn Guðmundsson, veiðimálastjóra, Þór Guðjónsson, og fleiri ráðunauta til þess að leita álits og fyrirsagna hjá þeim. Ein gr. í frv. miðast alveg við þessi atriði, það er 7. gr. Á þetta benti hæstv. iðnmrh. í framsöguræðu sinni við 1. umr. málsins mjög rækilega, svo að ég fer ekki frekar út í það, þó að ég telji það mjög þýðingarmikinn þátt í málinu, enda ekki þakkarvert, þó að sú sé mín afstaða, þar sem ég er íbúi sýslunnar, sem Mývatnssveitin prýðir mest.

Meiri hl. fjhn. mælir með samþ. frv. eða 6 nm. af 7. Einn nm., sá 7., hv. varamaður 4. þm. Norðurl. e., fulltrúi Alþb., Hjalti Haraldsson, skrifaði ekki undir nál. og gerir hann væntanlega grein fyrir afstöðu sinni. Einn af okkur 6 nm., sem mælum með samþykkt frv., skrifaði undir með fyrirvara. Það er flokksbróðir minn, hv. 6. þm. Sunnl., Helgi Bergs. Veit ég, að hann gerir grein fyrir fyrirvara sínum, sem mun vera í því fólginn, að vegna þess hve heimildirnar til ríkisstj.eru opnar í frv. og þurfa, eins og sakirnar standa, að vera það, vill hann fá yfirlýsingar frá hæstv. ríkisstj. um, hvernig hún muni nota þær sumar, ef hún fær þær.Mér finnst þetta vera eðlilegur fyrirvari og mundi líka hafa skrifað undir með

fyrirvara á þessa leið, ef ekki stæði svo á vegna þátttöku minnar í undirbúningi málsins, að ég veit, hvernig ákveðið er að nota heimildirnar. Og vegna þessarar þátttöku minnar í undirbúningsstarfinu hef ég haft tækifæri til að kynnast því, hvernig að málinu hefur verið staðið af stjórnvöldum landsins og að hverju er stefnt, og vegna þess kunnugleika er ég þess fullviss, að óhætt er að veita ríkisstj. þessar heimildir og legg það hiklaust til, þótt ég sé andstæðingur hæstv. ríkisstj. og stefnu hennar yfirleitt í mörgum öðrum efnum.

Hæstv. fjmrh., Magnús Jónsson, hefur verið form. undirbúningsnefndarinnar, þ. e. stjórnar Kísiliðjunnar h. f. Hann hefur stýrt störfum stjórnarinnar og n. og farið fyrir í þessum efnum, og mér þykir hlýða einmitt í sambandi við þetta frv. og afgr. heimildanna að votta sem stjórnarandstæðingur, að hann hefur að mínu áliti sýnt mikla lagni og festu í því að ná góðum niðurstöðum gagnvart hinum erlendu aðilum í samningastappinu við þá og tekizt að láta þá frekar þurfa að hafa eftirgangsmuni, þó að okkar í milli sagt sé það áreiðanlega mikilsvert fyrir okkur, að þeir verði samstarfsaðilar okkar fyrstu árin, svo mikilsvert, að ég fyrir mitt leyti tel sjálfsagt, að gerður skuli við þá sá 20 ára samningur, sem grundvöllur hefur fengizt fyrir af þeirra hálfu. Um það að ná sem hagfelldustum samningum við Johns Manville hefur ríkt hinn bezti einhugur og samstaða hjá þeim fulltrúum stjórnarinnar, sem að málinu hafa unnið. Og mér dettur ekki í hug að ætla, að slakað verði á og sleppt þeim tökum, sem náðst hafa, þótt hin að forminu til opnu umboð verði veitt með samþykkt frv.

Endurtek ég svo það, sem ég áður sagði og nál. á þskj. 627 ber með sér, að meiri hl. fjhn. mælir með því, að frv. verði samþykkt, eins og það liggur fyrir.

Hjalti Haraldsson: Herra forseti. Ég gat þess í sambandi við afgreiðslu þessa máls í fjhn. þessarar hv. d., að ég mundi gera grein fyrir afstöðu minni, annaðhvort í sérstöku nál. eða þegar málið yrði tekið fyrir á deildarfundi. Og þar sem ég gaf ekki út nál., vil ég í stuttu máli gera grein fyrir þeirri afstöðu minni.

Á fundi Sþ. nú í vetur hafa orðið umr. um þetta mál í sambandi við fsp. á þskj. 91, er 4. þm. Norðurl. e. beindi til hæstv. iðnmrh., og þar sem hæstv. ráðh. gefur þau svör, að Alþ. muni að sjálfsögðu fá að fjalla um væntanlega samninga, sem gerðir kynnu að verða við hið erlenda félag um vinnslu og sölu kísilgúrs úr Mývatni.

Eins og nú er komið, virðast þessi loforð hafa verið gefin upp í ermina, þar sem hér liggur ekki fyrir uppkast af neinum slíkum samningum og ekki einu sinni rekstraráætlun fyrir væntanlega verksmiðju.

Með samþykkt þessa frv., sem hér liggur fyrir, á að gefa hæstv. ríkisstj. víðtæka heimild til þess að semja við erlent félag um verksmiðju við Mývatn og einkasölu á framleiðslu hennar. Enn fremur á að veita heimild til frávika frá íslenzkum skatta- og útsvarslögum, og tel ég, að fordæmi til hvorstveggja sé illt að gefa og eigi ekki að gera.

Þá vil ég benda á, að 7. gr. þessa frv., en hún fjallar um ráðstafanir til verndar náttúru Mývatnssveitar, ég tel, að hún sé ekki nógu fast orðuð, og vil því gera væntanlegu félagi skylt að fara í öllu hvað þetta snertir eftir þeim fyrirmælum, sem Náttúruverndarráð Íslands mælir fyrir um, og varði það missi réttar til vinnslu, ef út af sé brugðið. Ég hef í gær og í dag átt tal um þetta við ýmsa hér í borginni og sérfróða á sviði náttúrurannsókna, og í gegnum þær viðræður hef ég komizt að því, að það má telja víst, að með tilkomu þessa fyrirtækis og tilfæringa í sambandi við það, missi Mývatnssveit sumt af því, sem hún á dýrmætast og fær sennilega aldrei aftur. Það verður þess vegna aldrei nógu vel brýnt, að farið skuli að með fullri gát og gengið með varúð að. Mývetningar sjálfir munu nú líka vera að vakna til meiri skilnings á þessu en verið hefur, því að nú þann 9. þ. m. samþykkti ungmennafélag Mývatnssveitar áskorun á sveitarstjórn Skútustaðahrepps, en sveitarstjórnin er eini aðilinn, sem haft hefur verið samband við í Mývatnssveit, þar sem áskorun er samþykkt um það, að kallaður skuli saman almennur sveitarfundur og á hann boðuð stjórn Kísiliðjunnar og Náttúruverndarráð.

Þetta þykja sennilega ekki þung rök á metaskálunum, þegar hagnaðarvonin metin í milljónum er annars vegar, enda ekki hægt að setja upp í tölum dæmið um viðskiptin við móður náttúru, ef taka ætti spöll á henni með í reikninginn. En eftir því sem tæknin hefur vaxið og áhöldin orðið stórvirkari, höfum við orðið borubrattari og borubrattari í aðförunum, og þótt slysi hafi verið valdið stingum við allri tilfinningasemi undir stól og ég og þú höfum fengið verkalaunin greidd, já, kannske vel það, og rentan af fjármagninu unnizt, og megum við þá ekki vera ánægðir?

Þótt ég hafi minnzt á þetta nú, geri ég mér það ljóst, að of seint mun vera um að tala, og skal ég því ekki lengja umr. um þetta frekar. Ég vil hins vegar taka það fram, að þótt ég hafi gert þessar aths., þýðir það ekki sama og það, að ég sé á móti málinu í sjálfu sér. Ég vil hins vegar á það benda, að það eru þegar til lög um kísilgúrvinnslu við Mývatn, og verð ég að segja, að mér hefði fundizt þau geðfelldari að vinna eftir, ef hægt hefði verið, en þessum, sem hér liggja fyrir.

Herra forseti, ég hef lokið máli mínu. Þökk fyrir.

Helgi Bergs: Herra forseti. Ég hef skrifað undir nál. meiri hl. fjhn., sem mælir með frv., með fyrirvara, og fyrirvari minn er þess eðlis, að það er nauðsynlegt, að ég geri grein fyrir honum.

Í gildandi lögum, sem eru frá 1964, um kísilgúrverksmiðju við Mývatn voru mjög litlar undanþágur frá þágildandi löggjöf. Það var að vísu heimild fyrir ríkisstj. til þess að lækka tolla á vörum til stofnunar verksmiðjunnar, og það var enn fremur heimild um frávik frá hlutafélagalögunum, sem þó voru fyrst og fremst sett fyrir íslenzka ríkið, en ekki fyrir þann erlenda aðila, sem um er að ræða, vegna þess að hann átti að eiga minna en 20% í fyrirtækinu, eftir því sem yfirlýst var. Framleiðslufélagið var þá sem sagt innlent að 80%. Efni þess samnings, sem þá var ráðgert að gera við hinn erlenda aðila, lá fyrir Alþ. sem fskj. með frv. til þessara laga.

Samkvæmt því frv., sem hér liggur fyrir um breytingu á þessum lögum, horfir málið nokkuð öðruvísi við. Í fyrsta lagi eru í því heimildir fyrir ríkisstj. til þess að

semja við erlendan aðila, sem eru mjög almennt orðaðar. Í öðru lagi er gerð grein fyrir því, að það sé gert ráð fyrir meiri þátttöku erlends aðila í framleiðsunni en áður var. Í þriðja lagi er gert ráð fyrir alerlendu félagi, sem starfar á Íslandi að sölu þessarar framleiðslu. Og í fjórða lagi eru settar sérstakar reglur í frv. um, hvernig skattleggja skuli ekki aðeins hið erlenda félag sem sölufélag, heldur einnig hið íslenzka framleiðslufélag. Ég vil í þessu sambandi taka það fram, að mér virðist og ég held, að um það sé nægileg samstaða hér á Alþ. Ég man ekki betur en hæstv. iðnmrh. hafi einhvern tíma og kannske oftar en einu sinni látið slíka skoðun í ljós, að samningar við erlenda aðila um starfsemi á Íslandi, sem fela í sér frávik frá íslenzkri löggjöf, skuli lagðir fyrir Alþ. til staðfestingar, þannig að þeir fái lagagildi. Ég held, að þetta eigi að vera meginreglan, og þó að Alþ. vildi gjarnan gera frávik frá þessum reglum í sérstökum tilfellum, þar sem alveg sérstaklega virðist standa á, þá sé a. m. k. nauðsynlegt, að Alþ. sé fyllilega ljóst, hvað í þeim heimildum felst, sem það veitir hæstv. ríkisstj. til slíkra samninga.

Í öðru lagi nefndi ég, að það er gert ráð fyrir meiri þátttöku hins erlenda aðila í framleiðslufyrirtækjum en áður var. Í því sambandi er þó ástæða til að benda á það, að enn er gert ráð fyrir, að ríkissjóður skuli eiga a. m. k. 51% af hlutabréfum framleiðslufélagsins, og má því segja, að umráð íslenzka ríkisins séu allvel tryggð. En hins vegar leiðir þetta til þess, að menn, þar á meðal ég, fara kannske frekar að óttast að áhrif hinna erlendu aðila á tæknilega framvindu á þessum sviðum kunni að verða meiri en ella og áhrif hinna íslenzku manna, sem hafa unnið að þessum málum um árabil af miklum dugnaði og myndarskap, kunni að fara minnkandi, kunni að vera minni en ella, sem ég tel óæskilegt.

Um skattreglurnar vildi ég segja það, að vissulega er það heldur ógeðfellt að þurfa að gera frávik frá íslenzkum skattreglum í einstökum tilfellum, en mér virðist þó, að vel komi til greina, að Alþ. meti hverju sinni fyrirliggjandi hugmyndir um slíkt, og eftir að hafa athugað þau ákvæði, sem þetta frv. gerir ráð fyrir um þetta efni, virðist mér, að út af fyrir sig sé kannske ekki óeðlilegt að fallast á þau. En ég kem þá að því, að þetta frv. felur í sér þá breytingu, að nýr erlendur aðili, nefnilega erlent félag, verði sett upp á Íslandi til þess að annast söluna á þessu.

Ég er þeirrar skoðunar, að ef leyfa á starfsemi erlends félags á Íslandi, þá þurfi að leggja á það þann mælikvarða, sem ég og við framsóknarmenn höfum áður gert grein fyrir að leggja beri á slíkt félag. Við þurfum að athuga, hvort uppfyllt eru þau skilyrði, sem við teljum æskilegt, að uppfyllt séu og nauðsynlegt, að uppfyllt séu til þess að slíkt komi til greina. Við höfum um rekstur erlendra manna á Íslandi talið nauðsynlegt að setja skilyrði eins og þau, að starfsemi þeirra sé eðlilegur liður í skipulegri framkvæmd heildaráætlunar um atvinnurekstur á Íslandi og þar með, að þau séu eðlilegur liður í því, einnig frá sjónarmiði þeirrar byggðaþróunar, sem við óskum að verði í landinu.

Nú er hér um að ræða fyrirtæki, sem ekki hefur framleiðslu eða starfrækslu af þessu tagi, af því tagi að þessi skilyrði eigi hér raunverulega við. En það kemur þá annað skilyrði, sem við höfum talið nauðsynlegt, að uppfyllt sé í sambandi við það að leyfa rekstur erlendra á Íslandi, og það er það, að þau lúti í öllum atriðum íslenzkum lögum og þá um leið íslenzku dómsvaldi og réttarvenjum. Auk þess teljum við æskilegt og nauðsynlegt, að það liggi fyrir, til hve langs tíma slíkur samningur er gerður.

Í önnum, sem Alþ. er nú í seinustu dagana fyrir þinglausnirnar, hefur ekki verið tækifæri til þess að skoða hinn nýja fjárhagslega og tæknilega grundvöll fyrir rekstri þessum. Enda má segja sem svo, að þar sem l. frá í hitteðfyrra gera ráð fyrir, að ráðizt yrði í slíkan rekstur, þá hljóti það þaðan í frá að vera hlutverk þeirra, sem hafa framkvæmd málsins með hendi, að tryggja eðlilega fjárhagslega og tæknilega framvindu málsins. Auðvitað væri það fróðlegt fyrir Alþ. að setja sig inn í, hvernig þau mál horfa við, og sjálfsagt, ef tími hefði verið til.

Út af ummælum hv. 4. þm. Norðurl. e. hér áðan vil ég taka það fram, að í sjálfu sér væri líka æskilegt fyrir Alþ. að gera sér grein fyrir því, hvernig viðhorf náttúruverndarmanna til þessara hluta standa, en á hinn bóginn er þess að minnast, að strax fyrir tveimur árum var gert ráð fyrir því, að slík verksmiðja yrði sett upp. Þó að hún yrði sett upp eftir þeim breyttu l., sem hér er gert ráð fyrir, mundi það í sjálfu sér ekki valda neinni breytingu á áhrifum hennar á náttúru Mývatns, svo að það er í sjálfu sér ekki nein nauðsyn að taka það mál upp í sambandi við þær breytingar, sem hér liggja fyrir. Spurningin, sem Alþ. verður að taka afstöðu til, er hins vegar sú, hvort lagagrundvöllurinn er eðlilegur, og í mínum augum veltur það á því, hversu rúmt eða þröngt þær heimildir eru túlkaðir og framkvæmdar, sem í lögunum felast.

Ég hefði talið æskilegt og vil fara fram á það við hæstv. ráðh., að þeir lýstu því yfir við þessar umr., að þeir mundu ekki nota heimildir þessara laga til þess að gera samninga við sölufélagið eða hina erlendu aðila, sem fælu annað í sér en það, að þessi starfsemi á Íslandi lúti í einu og öllu íslenzkri löggjöf og dómsvaldi. Í öðru lagi, að samningur verði ekki gerður til lengri tíma en 20 ára og í þriðja lagi, að lögð verði áherzla á það í samningunum, að íslenzkir tæknimenn hafi með höndum stjórn framleiðslunnar, eftir því sem frekast er kostur.

Í viðtölum fjhn. við hæstv. fjmrh., sem jafnframt er formaður Kísiliðjunnar og þeirra samningan., sem um þetta hefur fjallað, kom það fram, að hann hugsar sér málið þróast þannig, að þessi atriði, sem ég nefndi, verði uppfyllt. En ég óska þess, að það komi skýrt fram af hálfu hæstv. ráðh. hér í umr., og fyrirvari minn er fólginn í því, að stuðningur minn við þetta mál er háður því, að fullnægjandi yfirlýsingar fáist um þetta mál.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Það voru tvö atriði í sambandi við ræðu hv. þm., sem ég vildi víkja að. Í fyrsta lagi kom hér fram nokkur misskilningur í ræðu hv. 4. þm. Norðurl. e. í sambandi við þau svör, sem af minni hálfu höfðu verið gefin í fsp.-tíma í Sþ. í vetur í sambandi við kísilgúrverksmiðjuna vegna spurninga frá Birni Jónssyni, hv. 4. þm. Norðurl. e. Ein spurningin eða 2. spurning hans var eftirfarandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Er fyrirhugað að leggja samninga, ef gerðir verða við aðra aðila og á öðrum grundvelli en ráð var fyrir gert í grg. ríkisstj. með frv. til l. um kísilgúrverksmiðju við Mývatn, fyrir Alþ.?"

Þessu svaraði ég á eftirfarandi hátt: L. um kísilgúrverksmiðju við Mývatn nr. 22 frá 1964 veita almennan rétt til samvinnu við erlendan aðila um framleiðslu og sölu kísilgúrsins, og takmarkast l. því ekki við hollenzka félagið AIME og samvinnu við það. Ég tel hins vegar rétt, að Alþ. verði gerð grein fyrir málinu til hlítar, ef og þegar fyrir liggja hugsanlegar breytingar frá því, sem áður var ráðgert við afgreiðslu málsins í þinginu. Að svo miklu leyti sem aðstöðubreytingar kynnu að leiða til þess, að nauðsyn væri breytinga í löggjöf, verður að sjálfsögðu ekki hjá því komizt, að málið komi að nýju fyrir Alþ. Ég gaf engin fyrirheit, eins og fram kom hjá hv. þm., um að samningar yrðu lagðir fyrir þingið, og það hlýtur að byggjast á einhverjum misskilningi á þessu svari mínu. Það hefur því í einu og öllu verið uppfyllt.

Hv. 6. þm. Sunnl. vildi vita um viðhorf ríkisstj. eða ráðh. til nokkurra atriða — var það ekki gildistíminn? (**HB:** Rétt var það.) Já, og um að íslenzkir tæknimenn séu hafðir með í stjórn við framleiðsluna, eins og frekast er kostur. Um gildistímann hefur verið gert ráð fyrir og mér tjáð af þeim mönnum, sem í samningum hafa staðið, að milli þeirra og hins erlenda fyrirtækis sem væntanlegs þátttakanda í verksmiðjufélaginu og eiganda sölufélags hafi verið talað um 20 ár. Um það hefur verið, eins og hv. l. þm. Norðurl. e. gerði grein fyrir, alveg fullt samkomulag milli þeirra aðila, sem að málinu hafa unnið, og ég hef enga ástæðu til og hef ekki í hyggju að beita mér fyrir neinum breytingum á því atriði. Hinu tel ég alveg sjálfsagt að vinna að, sem vikið var að um íslenzka tæknimenn.

Um það, að sölufélagið, sem er eign erlends fyrirtækis, lúti í einu og öllu íslenzkri löggjöf, er ég reiðubúinn til að gefa þá yfirlýsingu mína, að það tel ég, að rétt sé, og það muni að sínu leyti verða alveg eins og álbræðslufyrirtækið í Straumsvík, lúta í einu og öllu íslenzkri löggjöf. Ég vil ekki binda mig við neinar yfirlýsingar um það, að ríkisstj. í framtíðinni kunni ekki að vilja skjóta ágreiningi í sambandi við Johns Manville, þetta ameríska fyrirtæki, út af sölufélaginu og fjárkröfum, sem kynnu að skapast þar, undir erlendan gerðardóm eða alþjóðlegan gerðardóm eða hvað við eigum nú að kalla það. Eins og kunnugt er, er hér fyrir þinginu nú mál, sem við getum kallað samþykkt Alþjóðabankans, sem gerir ráð fyrir gerðardómi á milli ríkja og einkafyrirtækja, og ef það nær samþykki Alþ. er það að sjálfsögðu í samræmi við íslenzka löggjöf, ef íslenzk ríkisstj. síðar meir teldi henta að fara þá leið að skjóta ágreiningi við Johns Manville til gerðar samkv. þeirri samþykkt. Það gæti vel svo farið, að það væri hreint og beint hagsmunamál ríkisstj., en ekki Johns Manville, að þessi leið væri farin og hún liti þá svo á, að það að fara að ákvæðum þessarar samþykktar og skjóta málinu til þeirrar gerðar, sem þar er gert ráð fyrir, mundi kannske auðvelda henni að ná þeim árangri, sem hún ætlar sér í sambandi við fjárkröfur á hendur Johns Manville.

Annað var það ekki, held ég, sem ég þurfti að taka fram í sambandi við þetta.

Helgi Bergs: Herra forseti. Ég verð nú að láta í ljós vonbrigði mín yfir því, að yfirlýsing hæstv. ráðh. um seinasta atriðið var svolítið óljós. Ég geri mér það vel ljóst, að eftir að búið er að staðfesta hér l. um gildi alþjóðabankagerðardómsins, þá er það auðvitað að fara eftir íslenzkum l. að vísa deilumálum þangað. Við því er ekkert að gera, ef það frv. á annað borð verður samþ. og fær hér lagagildi. En samkv. þeim samningi skal ákveða það hverju sinni í hverju deilumáli, hvort því skuli vísa til dómsins eða ekki, það skal vera eftir samkomulagi aðila.

Það, sem máli skiptir í þessu sambandi, er það, hvort hæstv. ráðh. hugsar sér það, að frekari ákvæði um erlenda gerðadóma verði tekin upp í þennan samning milli hins útlenda félags og íslenzkra yfirvalda eða ekki. Og ég vildi leyfa mér að fara fram á það við hæstv. ráðh., að hann svaraði þessari spurningu skýrt, hvort frekari ákvæði um erlenda gerðadóma en á hverjum tíma kunna að felast í íslenzkum lögum komi til greina í þessum samningum eða ekki.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Það var aðeins eitt atriði, sem ég vildi láta koma hér fram. Hæstv. iðnmrh. hefur svarað þeim fsp., sem til hans var beint af hv. 6. þm. Sunnl. varðandi þau sjónarmið, sem ríkisstj. mundi fylgja í þessum efnum. Ég tel rétt, að það komi fram hér, og að ég skýri frá því sem formaður þeirrar samningan., sem hefur haft með málið að gera við Johns Manville, að eitt atriði í þeim samningum, sem ekki hefur enn þá verið afhent ríkisstj. sem formleg till., vegna þess að þessari samningagerð er ekki lokið, er það, að það er gert ráð fyrir því, að deilumálum milli aðila, ef upp rísa, geti orðið skotið til gerðardóms, og það er gert ráð fyrir því, að þessi gerðardómur verði þannig skipaður, og ég tel nokkurn veginn öruggt, að um það náist samkomulag við Johns Manville, að í fyrsta lagi, eins og hæstv. ráðh. hefur lýst yfir, þá lúti þetta að sjálfsögðu íslenzkum lögum, það hefur aldrei komið annað til álita. En í annan stað, að þessi gerðardómur verði þannig skipaður, að hvor aðili um sig skipi aðila í gerðardóminn og þeir komi sér saman um oddamann, en ef það samkomulag næst ekki, þá *tilnefni Hæstiréttur Íslands oddamanninn.*

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Hv. 6. þm. Sunnl. hefur óskað hér eftir ákveðinni yfirlýsingu ráðh. um alveg tiltekið atriði. Hann hefur óskað eftir yfirlýsingu hans um það, að í þessum samningum, sem fyrir dyrum standa, verði svo um samið, að þetta fyrirtæki, sem hér er um að ræða, hinn útlendi aðili, lúti í einu og öllu íslenzkum l. og íslenzku dómsvaldi.

Fyrra atriðinu hefur hæstv. ráðh. svarað, en hann hefur ekki svarað síðara atriðinu á fullnægjandi hátt. Þess vegna er það ósk okkar, sem mundum vilja láta afstöðu okkar til þessa máls ráðast af því, hver svör fást við þessu, að hann gefi alveg skýr og greinileg svör við þessu. Þetta er mjög ákveðin og einföld spurning, sem hægt er að gefa alveg skýr svör við.

Því miður var yfirlýsing hæstv. fjmrh. heldur ekki

fullnægjandi, af því að hann skýrði svo frá, að hann teldi líklegt eða nokkurn veginn öruggt, að samkomulag mundi nást um gerðardóm, sem hann talaði um. En hann gat ekki fullyrt það. Það, sem á vantar, er yfirlýsing um, að það verði ekki samið á annan hátt en hann gerði líklegt, að samningar mundu takast um. Og vitaskuld er það, að ef um slíkan gerðardóm verður samið, eins og hann gerði ráð fyrir, þá verður þetta fyrirtæki að öllu leyti undir íslenzku dómsvaldi og þýðir ekki að vera með neinn samanburð um það við hina íslenzku álbræðslu.

Ég óska eftir því, að hæstv. ráðh. gefi alveg skýr og ótvíræð svör við þessu atriði.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Ég gef engar frekari yfirlýsingar í þessu máli en ég þegar hef gefið.

Helgi Bergs: Herra forseti. Með því að yfirlýsingar hæstv. ráðh. hafa verið með þeim hætti, sem d. hefur heyrt, og með tilvísun til fyrirvara míns í nál., þá verð ég að segja það, að þeim fyrirvara, sem ég gerði, hefur ekki verið fullnægt.

Ég vil því leyfa mér að leggja fram till. til rökstuddrar dagskrár í þessu máli, svo hljóðandi:

„Með því að d. telur að leggja beri samning, er gerður verður við hið erlenda fyrirtæki, fyrir Alþ. til staðfestingar, sér d. ekki ástæðu til þess að gefa svo viðtækar heimildir og tekur fyrir mæsta mál á dagskrá."

Þessi till. er óprentuð.

Frsm. meiri hl. (Karl Kristjánsson): Herra forseti. Það geta fleiri en hæstv. ráðherrar gefið yfirlýsingar, þó að yfirlýsingar annarra hafi vitanlega ekki sama gildi. Af því að ég hef verið þátttakandi í því að prófa, um hvað getur samizt milli Johns Manville og Íslendinga í þessu kísilgúrverksmiðjumáli, þá sé ég ástæðu til að segja frá því, að það hefur verið ákveðið og hreinlega fram tekið, að í þessu máli yrðu félögin að lúta algjörlega íslenzkum l., og ég veit ekki betur en það væri hreinlega yfirlýst af fulltrúum Johns Manville, að þeir féllu frá því að gera kröfur um erlendan gerðardóm, sem þeir að vísu höfðu uppi, enda höfðu þeir fréttir af öðru máli, sem hér hefur verið í umr.

Ég finn nú ekki betur en því miður hafi þarna slegizt saman á vissan hátt þræðir tveggja mála, orðið samsláttur og nokkurs konar straumrof að því er snertir yfirlýsingar af hálfu hæstv. ríkisstj. Mér dettur samt ekki í hug að halda, að hæstv. ríkisstj. fari að óska eftir því, að Johns Manville fái inn í samninginn ákvæði um erlendan dómstól í málefnum félaganna. Mér dettur ekki í hug að ætla það. Og þess vegna læt ég þessi straumrof ekkert koma við mig og tel rökst. dagskrá fyrir mitt leyti óþarfa og mun greiða atkv. á móti henni og fylgja frv., af því að ég veit svo gjörsamlega örugglega, að hér er ekki um það að ræða, sem ágreiningi virðist ætla að valda. Það er alls ekki um það ágreiningsefni að ræða í samningunum.

Gils Guðmundsson: Herra forseti. Reynslan af störfum hæstv. ríkisstj. er sú, að sporin hljóti að hræða og að það sé þess vegna mjög óeðlileg bjartsýni, sem kemur fram í afstöðu hv. l. þm. Norðurl. e. um, að það sé allt í bezta lagi að veita henni slíkar lítt takmarkaðar samningaheimildir eins og ráð er gert fyrir í þessu máli.

Ég mun eindregið styðja þá rökstuddu dagskrá, sem hv. 6. þm. Sunnl. hefur lagt fram í málinu, og tel, að það beri að samþ. hana og afgreiða málið að svo komnu með henni, þannig að það geti legið ljósar fyrir Alþ. þegar samningagerðin er komin á annað stig en hún er nú.

ATKVGR.

Rökstudd dagskrá á þskj. 650 felld með 10:8 atkv.

1. gr. samþ. með 11:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: RJ, EggÞ, PP, JÁ, KK, MJ, ÓB, SvG, ÞK, AuA, SÓÓ.

nei: HjH, GilsG, HB, BGuðbj, ÓlJ, PÞ, AG, ÁB.

1 þm. (JÞ) fjarstaddur.

2.—9. gr. samþ. með 11:2 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 11:3 atkv.

Á 76. fundi í Ed., 30. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12:5 atkv. og afgr. til Nd.

Á 83. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 84. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. – Afbrigði leyfð og samþ. með 23 shlj. atkv.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Breyt. á kísilgúrlögunum, sem hér eru lagðar fram, eiga rót sína að rekja til þess, að eftir að l. um kísilgúrverksmiðju við Mývatn voru samþ. hér á sínum tíma og ráðgerð samvinna við hollenzkt fyrirtæki um þá verksmiðju, kom það á daginn, að það dró sig út úr eða óskaði eftir að draga sig út úr samvinnunni við kísilgúrverksmiðjuna af sérstökum ástæðum, sem þetta fyrirtæki gerði grein fyrir. Skömmu síðar hófust svo viðræður við annað fyrirtæki, amerískt fyrirtæki, Johns Manville, um þátttöku í hlutafélagi með ríkinu til þess að reisa og reka kísilgúrverksmiðju við Mývatn. Ríkisstj. skipaði í apríl á s. l. ári, eins og kemur fram í grg., sérstaka n. til þess að annast samningaviðræður við Johns Manville, og n. telur, að málið sé nú komið á það stig, að það séu líkur til þess eða líklegt, að samningar geti tekizt, en áður hafa farið fram rannsóknir af hálfu þessa fyrirtækis á botnleðjunni í Mývatni og gæðum hráefnisins, sem í heild hafa reynzt mjög jákvæðar.

Það er með nokkuð öðrum hætti, sem samvinnan er nú ráðgerð. Í öllum aðalatriðum er hún eins í sambandi við kísilgúrverksmiðjuna, en það var gert ráð fyrir því áður, að mynduð yrðu sölufyrirtæki erlendis og Íslendingar jafnvel yrðu aðilar að, en hér er gert ráð fyrir, að Johns Manville, sem er einn stærsti kísilgúrframleiðandinn og eitt stærsta sölufyrirtækið á þessu sviði, staðsetji sölufyrirtæki, sem það á, hérlendis, og þarf að veita heimild til þess. Einnig eru nokkrar nýjar heim-

ildir teknar inn í l. í sambandi við skattgreiðslurnar, eins og fram kemur í 6. gr., sem í samningaviðræðunum hafa verið lagðar til grundvallar af hálfu n. Það þarf þess utan að veita ríkisstj. heimildir til þess að ganga frá samningunum, en ef það væri ekki gert eins og hér er lagt til, mundi þetta mál, eins og nú er komið, tefjast, og er lögð áherzla á þessa afgreiðslu málsins nú, til þess að framkvæmdir gætu hafizt af fullum krafti á þessu ári, ef samningar takast, sem mundi þá á reyna sennilega strax í júnímánuði.

Ég vil taka það fram, að það eru sett hér inn í þetta frv. ákvæði, sem eiga að kveða frekar á um en áður var, að gerðar séu nægjanlegar öryggisráðstafanir til verndunar fuglalífi við Mývatn og einnig náttúrufegurðar þar. Um þessi atriði hefur n. átt samráð við Náttúruverndarráð, og það er að dómi þeirra, sem um málið hafa fjallað, alveg öruggt, að það sé hægt að ganga nægilega tryggilega frá því, að hvorki fuglalíf né náttúrufegurð þurfi að spillast eða skerðast af völdum þessara framkvæmda. Að öðru leyti held ég, að ég þurfi ekki að hafa fleiri orð um þetta mál að þessu sinni og legg til, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Ég átti nú ekki von á því, að þetta mál yrði hér til umr. í dag. Það var ekki á þeirri dagskrá, sem fyrir þessum fundi lá, og ég hafði fengið upplýsingar um það, að það yrði aðeins stuttur fundur í d. nú að þessu sinni. En svo hefur verið horfið að því ráði að setja hér aukafund og taka þetta mál hér fyrir, sem er óneitanlega stórt mál. Mér þykja þetta heldur óeðlileg vinnubrögð, og ég held, að það verði ekki til þess að flýta afgreiðslu þessa máls að taka það hér fyrir á þennan hátt, að ekki geti farið hér fram eðlileg 1. umr. um málið. Upplýsingar varðandi þetta mál eru sáralitlar gefnar í grg. frv., og þær komu hér nánast engar fram hjá hæstv. ráðh. í sambandi við framsögu hans með málinu.

Með þessu frv. er farið fram á mjög víðtækar heimildir til handa ríkisstj. til samninga við erlendan aðila um framkvæmdir í þessum efnum. En hins vegar er engin grein gerð fyrir því, hvernig þessir samningar við erlenda aðila eiga að vera í meginatriðum. Þetta tel ég, að nái vitanlega engri átt, að leggja slíkt stórmál sem þetta fyrir þingið, án þess að full grein sé þá gerð fyrir því, hvernig þeir samningar eiga að vera í meginatriðum, sem verið er að biðja um heimild til þess að gera. Ég hefði t. d. viljað fá upplýsingar um það eftir alla þá undirbúningsvinnu, sem átt hefur sér stað í sambandi við þetta mál, hvað er áætlað, að stofnkostnaður verksmiðjubyggingarinnar verði miðað við nýjustu áætlun. Og ég vildi gjarnan fá það einnig upplýst, hvernig er hugsað að afla fjár til þessara framkvæmda. Þó að ákveðnar upplýsingar hafi verið gefnar í þessum efnum, þegar l. um kísilgúrverksmiðju við Mývatn voru samþ. hér fyrir alllöngu síðan, tel ég víst, að á því hafi orðið mikil breyting, og það er vitanlega sjálfsagt að skýra Alþ. frá því, hvernig þessi mál standa nú. Ég vil einnig fá upplýsingar um það, hvernig verður háttað hlutdeild sveitarfélaga í því hlutafélagi, sem gert er ráð fyrir að setja á fót um byggingu verksmiðjunnar og rekstur verksmiðjunnar. Svo langt er um liðið, síðan l. um kísilgúrverksmiðju voru sett, að það hlýtur að liggja orðið fyrir í meginatriðum, hver sé vilji sveitarfélaga í þessum efnum, og hvort það sé líklegt, að sveitarfélögin á Norðurlandi gerist hér hluthafar í þessu félagi, sem nemur 10%. Þetta skiptir miklu máli, vegna þess að þetta frv. er þannig byggt upp, að hinn erlendi aðili, sem gert er ráð fyrir, að eigi a. m. k. 39% af hlutafé fyrirtækisins, getur, ef sveitarfélögin ekki notfæra sér sinn rétt um það að eignast 10%, þá getur hann orðið eigandi að allt að 49% hlutafjárins. Um þetta hljóta að vera til upplýsingar og eiga vitanlega að koma hér fram á hv. Alþ., þegar þetta mál er hér til 1. umr. Þá efast ég ekki um, að það hljóti að hafa verið gerðar áætlanir um rekstur þessa fyrirtækis. Enginn fer út í það að efna til fyrirtækis, sem kostar jafnvel nokkur hundruð millj. kr. eða nokkuð yfir 100 millj. kr., án þess að gerðar hafi verið rekstursáætlanir. Og það er full ástæða til þess að upplýsa hér um það, hvernig þessum áætlunum er farið.

Nú er gert ráð fyrir því samkv. þessu frv., að nýr erlendur aðili eigi að koma hér til. Það á ekki að vera hið hollenzka fyrirtæki, sem á að verða meðeigandi í framleiðslufélaginu eða hafa með höndum sölu á framleiðslu verksmiðjunnar, heldur er þar um ameríska félag að ræða samkv. þessu frv. Ég vildi fá upplýsingar um það, af því að talsverðar viðræður hafa átt sér stað við þetta ameríska fyrirtæki, sem nú er gert ráð fyrir, að taki að sér einkasölurétt til þess að selja framleiðslu verksmiðjunnar, hvað á að greiða þessu erlenda fyrirtæki há sölulaun? Það er eflaust búið að ræða um það. Ég vil gjarnan fá það upplýst um leið og verið er að gefa tilteknum aðila einkaumboðsrétt til þess að fara með söluna, hvaða þóknun hann á að fá í meginatriðum fyrir sitt starf.

Þá er gert ráð fyrir í þessu frv., að framleiðslufélagið, sem á þó að vera íslenzkt félag að meiri hl. til, þar sem ríkið á að eiga 51% hlutafjárins, skuli skattlagt eftir sérstökum reglum, en ekki eins og innlent fyrirtæki. Ég spyr um það, hvers vegna nauðsynlegt sé að setja slíkar sérreglur um þetta félag. Hvað er það, sem kallar á það að skattleggja þetta félag eftir öðrum reglum en önnur innlend félög? Er þetta krafa frá hinum erlenda aðila, sem á að vera hluthafi í félaginu, og hvaða ástæður liggja til þess arna?

Ég verð að segja það fyrir mitt leyti, að mér þykir í rauninni alveg furðulegt, að farið skuli fram á jafnvíðtækar heimildir til þess að semja við erlendan aðila, eins og gert er ráð fyrir í þessu frv., um jafnstórt mál og hér er um að ræða, án þess að það sé gerð hér allítarleg grein fyrir því, hvernig þessir samningar séu fyrirhugaðir í öllum meginatriðum. Ég hefði talið miklu eðlilegra, að þegar þannig stendur á, að það þykir rétt að semja við erlenda aðila um mál eins og þetta, væru beinlínis lögð fyrir Alþ. til staðfestingar þau drög að samkomulagi, sem gerð hafa verið, svoleiðis að þar færi ekkert á milli mála. Mörg önnur atriði koma svo auðvitað inn í þetta mál. Væntanlega verður hægt að fá eitthvað upplýst um málið í þeirri n., sem kemur til með að fjalla um það. En ég hefði kunnað miklu betur við það, að hæstv. ráðh. hefði gert hér nánari grein fyrir því, hvað á bak við þetta stendur en hann hefur gert hér í sinni framsögu, og ég lýsi hér óánægju minni yfir því, að þetta mál skuli vera tekið hér fyrir á þann hátt, sem

gert er hér nú á þessum aukafundi, án þess að nokkur vitneskja hafi verið gefin um það, að þetta mál yrði tekið til umr. nú í dag.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Það er í sjálfu sér ekkert nema eðlilegt, að fram komi óánægja hjá hv. þm., en ég hafði sannast að segja búizt við því, að það væri samkomulag á milli þingflokkanna um þessa meðferð málsins, eins og hún var höfð nú. Það var svo í Ed., að málið gekk umræðulaust til n., og n. vann að málinu og gerði nánari grein fyrir því. Ég vissi ekki sjálfur um, að málið væri á dagskrá, þegar ég kom hér, frekar en þessi hv. þm. Ég get að sjálfsögðu gefið nánari upplýsingar um málið, eins og óskað hefur verið eftir. Hvort þær eru nægjanlega miklar, skal ég svo ekki fullyrða um.

Það er gert ráð fyrir því, að áætlaður byggingarkostnaður þessarar verksmiðju sé 145 millj. kr. Áætluð fjáröflun til verksmiðjunnar er, að hlutafé verði 60 millj. kr., lán frá Export-Import bankanum er áætlað 35 millj. kr. og export lán í Kanada, Englandi og Hollandi, 4—6 ára lán, 18 millj. kr. og lán frá Johns Manville 35 millj. kr. Þau eru ríkistryggð lán Export-Import bankans og styttri lánin, en e. t. v. þarf meiri lán fyrstu árin, og þess vegna er beðið um ríkisábyrgð, alls 75 millj. kr.

Framleiðsluáætlun hefur verið gerð og gert er ráð fyrir því, að verksmiðjan verði einmitt stærri eða stækki fljótt miklu meira en áður var gert ráð fyrir, en hún er í stórum dráttum þannig, að fyrsta árið framleiðir hún 6 þús. tonn, annað árið 9 þús., þriðja árið 12 þús., fjórða árið 14 þús., fimmta árið 18 þús., sjötta árið 24 þús., sjöunda árið 28 þús. og áttunda árið og þaðan í frá upp að 20 ár um 30 þús. Sölulaun til Johns Manville hefur verið gert ráð fyrir, að væru, fyrir 3 þús. tonn 10% af fobverði, 3—6 þús. tonn 12%, 6—9 þús. tonn 15%, 9—12 þús. tonn 18%, 12—20 þús. tonn 21%, 20—24 þús. tonn 24% og 24 þús. tonn og meira 31%. Útflutningsverð pr. tonn er áætlað á 100—105 dollara. Má gera ráð fyrir því, að við verksmiðjuna vinni um 30—40 manns fyrir utan bílstjóra og starfsmenn á Húsavík, og þar af eru um 5 efnafræðingar, 5 við yfirstjórn á skrifstofu, 5 pökkunarmenn, 3 vélvirkjar og 6 til þess að stjórna tækjum verksmiðjunnar, og gert er ráð fyrir, að þarna verði unnin vaktavinna. Jarðhiti er, eins og kunnugt er, notaður til þess að þurrka leðjuna, en olía við sjálfa framleiðsluna.

Framleiðslan verður fyrst um sinn undir stjórn sérfræðinga frá Johns Manville, og Johns Manville tekur á sig ábyrgð á gæðum framleiðslunnar fyrir fast gjald. Gert er ráð fyrir, að samningurinn gildi til 20 ára, eða þeir verði gerðir til 20 ára við sölufélag á Húsavík. Við það vinna væntanlega 2—3 menn. Íslendingar vinna bæði við framleiðsluna og í sölufélaginu, eftir að hafa fengið þjálfun. Tryggingar, sem rætt hefur verið um við Johns Manville, eru gagnvart verðinu, að trúnaðarmaður ríkisstj. hafi heimild til að ganga úr skugga um, að verðið sé í samræmi við það verð, sem Johns Manville selur sína eigin vöru á og gagnvart magninu, að ef salan fellur á tveggja ára tímabili niður fyrir 75% áætlaðrar framleiðslu, getur framleiðslufélagið sjálft hafið sölu með eins árs fyrirvara. Lán Johns Manville verður endurgreitt eftir öðrum skuldum og er tryggingarlaust. Greiðsla á stjórnunargjaldi geymist á reikningi Johns Manville fyrstu 5 árin, ef félagið hefur ekki laust fé. Arður greiðist ekki fyrr en eftir að skuldir hafa verið greiddar, nema stjórnin ákveði annað. Það er gert ráð fyrir því, að Alþ. kjósi meiri hl. stjórnar framleiðslufélagsins, en ekki er enn ákveðið eða ráðið, hvort um mundi vera að ræða 5 eða 7 í þeirri stjórn, talað um hvort tveggja. Ríkisstj. tilnefnir 1 af 3 eða 5 í stjórn sölufélagsins, en helmingur þeirra stjórnarmanna, sem Johns Manville tilnefnir, skulu vera íslenzkir ríkisborgarar. Skattar samkv. gildandi skattalöggjöf hafa verið reiknaðir út fyrir 15 ára tímabil eftir áætlunum og mundu vera 37—38% af framleiðslufélaginu, en um 42% af sölufélaginu. Samkv. væntanlegu samkomulagi greiða bæði félögin 45%. Af hverju þetta fyrirkomulag er haft, þá hefur mér verið tjáð, að í aðalatriðum sé það vegna þess, að þeir vilji vita örugglega, að hverju þeir ganga, en telji okkar skattalöggjöf þannig vaxna, að þó að skattaprósenta sé þarna töluvert hærri í báðum tilfellunum en reiknað hefur verið út, hafa þeir óskað eftir þessu. Þetta er höfuðástæðan fyrir þessu fyrirkomulagi.

Sé um ágreiningsmál að ræða af hvaða tagi sem er, hefur verið gert ráð fyrir því, að þau færu fyrir íslenzka dómstóla eða íslenzkan gerðardóm, þar sem hvor aðili nefndi sinn manninn til og samkomulag gert um þriðja manninn, en ef samkomulag ekki næðist, mundi Hæstiréttur tilnefna oddamanninn. Þetta hefur verið talað um, nema samkomulag sé um aðra meðferð, og eftir því sem fram kom af hálfu formanns n., hæstv. fjmrh. í Ed. í gær, og hv. 1. þm. Norðurl. e., Karls Kristjánssonar, er gert ráð fyrir, að ekkert sé til fyrirstöðu um samkomulag um þá meðferð, sem ég lýsti í fyrstu, þ. e. a. s. með íslenzka dómstóla og íslenzkan gerðardóm, eins og ég lýsti honum núna. Þetta upplýstist við umr. í Ed. í gær.

Þetta er í stórum dráttum það, sem ég get upplýst í þessu máli, en hins vegar finnst mér og hef ekkert við það að athuga, þó að þessari umr. væri frestað, ef hv. þm. óska frekar eftir því, því að þá mundi auðvitað n. vinna meira úr málinu og gefa fyllri upplýsingar, þegar málið kæmi fyrir eftir helgina.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Ég vil nú þakka hæstv. iðnmrh. fyrir þær upplýsingar, sem hann hefur hér gefið, var kannske varla von á því, að það yrði meira en hér kom fram af hans hálfu, þar sem hann hafði heldur ekki gert ráð fyrir því, að málið yrði hér til 1. umr. í dag. Ég verð nú að játa, að ég náði nú engan veginn öllu því, sem hann sagði, en þó ýmsum atriðum og þóttist heyra það greinilega, að hann gæti auðveldlega veitt mér þær upplýsingar, sem ég var hér að biðja um, og ég geri þá ráð fyrir, að þær geti legið fyrir n. til athugunar.

Ég hjó sérstaklega eftir því í þeim upplýsingum, sem hann gaf hér, að gert er ráð fyrir því, að hið erlenda sölufélag eða hinn erlendi aðili, sem á að eiga sölufélagið, fái í söluþóknun frá 10 og mér skildist upp í 31% af verðmæti vörunnar í sinn hlut. Ég veit, að það mun vera nokkuð algeng regla hjá amerískum fyrirtækjum, að þau taka býsna háa prósentu í sinn hlut fyrir það að annast söluumboð, en mér sýnist líka, að í þessu tilfelli tryggi hinn erlendi aðili sér býsna álitlega fjárhæð. Ég

veit, að það er rétt, að það er eflaust miklum mun erfiðara og meira verk að annast sölu á þeirri framleiðslu, sem hér um ræðir, en t. d. á framleiðslu alúmínverksmiðjunnar, en það þótti ýmsum nóg, að gert var ráð fyrir því, að Swiss Aluminium mátti taka 1½% í sölulaun, en hér er gert ráð fyrir því, að hinn erlendi aðili megi reikna sér frá 10—31% af verði. Það er rétt, að mikið af alúmínframleiðslunni er auðvitað selt í stórsölu til þess að gera, en þetta hins vegar selt í heldur smáum einingum og til margra aðila, en mér sýnist nú, að hinn erlendi aðili tryggi sig nú allvel að þessu leyti.

Ég skal svo ekki fara frekar út í það að ræða málið hér á þessum fundi, en vænti, að upplýsingar fáist greiðlega um málið í fjhn., þar sem ég á sæti, og dreg það ekki sízt af þeim orðum, sem hér komu fram hjá hæstv. iðnmrh., sem stendur fyrir flutningi málsins. Ég treysti á það, að þar fáist þær upplýsingar, sem eiga að koma fram í þessu máli, og skal þá ekki ræða frekar um málið hér að þessu sinni.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Mig langaði til að segja nokkur orð, áður en þetta mál fer til n. Í fyrsta lagi vildi ég koma með fsp., — hún þarf ekki endilega að vera til hæstv. iðnmrh., og þetta yrði upplýst í fjhn. Hvað veit ríkisstj. mikið um það, af hverju hollenzka fyrirtækið dró sig til baka? Það er kannske sagt eitthvað og eitthvað á yfirborðinu, en ég álít, að það væri ákaflega gott, ef við fengjum alveg hreinar upplýsingar um það, hvort það muni vera svo, að þegar þetta fyrirtæki, hvað það nú er kallað, þetta hollenzka fyrirtæki, fór að leita fyrir sér alvarlega á Evrópumarkaðinum og víðar í þessum efnum, hvort það hafi þá fengið vísbendingu frá þessum ameríska einokunarhring, Johns Manville, um að vera ekki að skipta sér af þessu. Ég geng út frá því, að þegar lagafrv. er lagt fyrir Alþ., eins og var um kísilgúrverksmiðjuna í fyrra, og lögð áherzla á það af hálfu hæstv. ríkisstj., og það var nú það, sem gerði, að þetta mál mætti tiltölulega lítilli mótspyrnu hér þá, að við ætluðum að reyna að vera ofurlítið sjálfstæðir Íslendingar, við ætluðum að vita, hvort ríkið, okkar eigið ríki, gæti ekki ráðið nokkuð við þetta, og við ætluðum eiginlega að taka í okkar þjónustu útlendan agent, eiginlega eins konar sölufyrirtæki, sem við hefðum samvinnu við, en hefðum full tök á. Þá var sem sé meiningin, að við ynnum mjög sjálfstætt að þessu, allt vald í þessu væri alveg svo að segja í höndum íslenzka ríkisins. Svo gerist þetta allt í einu, eftir að Alþ. er búið að samþykkja lög í þessum efnum, hæstv. ríkisstj. og sú n., sem í þessu hefur unnið, búin að vinna á þessum grundvelli, að þetta fyrirtæki kippir allt í einu að sér hendinni. Ég held, áð hæstv. ríkisstj. hljóti að hafa rannsakað það, hvernig á slíku stendur, og hafi ekki tekið neinar yfirskinsráðstafanir eða yfirskinsafsakanir fullgildar í því efni. Og það, sem mér dettur fyrst og fremst í hug, er þetta, vegna þess að mér er ósköp vel ljóst, hver styrkleikur Johns Manville er, að þessi ameríski einokunarhringur hafi bara sagt við þetta litla hollenzka fyrirtæki: Verið þið ekki að skipta ykkur af þessu. Þetta ætla ég að yfirtaka. — Það væri mjög gott, að það kæmi alveg hreint í ljós hér við 2. umr. þessa máls, hvernig þetta hefur verið.

Það frv., sem nú liggur fyrir, þýðir gerbreytingu á allri afstöðu frá þeim lögum, sem áður voru samþ. um þetta. Í verksmiðjunni átti áður hollenzka fyrirtækið að eiga minnst 10% og mest 20%, en hitt áttu Íslendingar sjálfir að eiga, íslenzka ríkið 51% og aðrir Íslendingar, sveitarfélög og aðrir aðilar, þannig að mér skildist alltaf, að hollenzka fyrirtækið mundi aldrei eiga meira en 10% þarna og það yrðu eins konar fríhlutabréf af þeirra samstarfi við þetta og annað slíkt, án þess að ég hafi nokkuð haft meira fyrir mér í því. Þess vegna var það eðlilegt, þegar verið var að ræða um þetta hér, að menn litu ekki á það sem neina hættu upp á fjárhagslegt eða efnahagslegt sjálfstæði eða tök erlends fyrirtækis á slíku, þó að það ætti þarna 10 eða jafnvel 20%, og þar að auki var þarna um smáfyrirtæki að ræða, þegar það er athugað á heimsmælikvarða. Í sölufyrirtækinu var áður meiningin, að framleiðslufyrirtækið hér heima, sem íslenzka ríkið réði, ætti 40%, þ. e. a. s. 40% af hlutafé í sölufélaginu átti að vera eign íslenzka ríkisins, eða kontrolerað af íslenzka ríkinu, af því að framleiðslufélagið hér heima átti að eiga það. Nú aftur á móti er þetta svo gerbreytt hvort tveggja, að nú getur ameríski kísilgúreinokunarhringurinn Johns Manville átt 39% í verksmiðjufyrirtækinu og gæti jafnvel eignazt allt upp í 49%, og ameríski einokunarhringurinn á að eiga allt sölufyrirtækið algerlega. Ég veit, að ríkið á að mega tilnefna einn mann þar í stjórn eða eitthvað slíkt, en það er algerlega einokunarhringurinn sjálfur, Johns Manville eða hvað nú hann heitir, sem á að eiga sölufyrirtækið. Þarna er sem sé um algera breytingu að ræða frá því, er þetta mál var áður lagt fyrir Alþ., fyrst og fremst efnahagslega séð.

Það er alveg auðséð á þeim ákvæðum, sem hér er verið að setja inn í með þessu frv., að hvað skattgreiðslu snertir eru samningarnir við alúmíniumhringinn farnir að vera fordæmi fyrir sköttum á félögum, sem að meiri hl. til eiga að heita íslenzk, þannig að mér sýnist, að það hafi ekki verið langt að bíða þess, að ef sá asni, er klyfjaður væri gulli, væri kominn inn fyrir borgarhliðið, þá kæmu fleiri þarna á eftir. Nú á alúmíniumsamningurinn sem sé að vera fyrirmyndin, sem að meira eða minna leyti á að sníða kísilgúrfyrirtækið eftir, og ríkisstj. á svo að gefa með þessu lagafrv. mjög víðtækar heimildir í þessum efnum. Það er ekki einu sinni svo, að samningurinn sé nú lagður fyrir, heldur bókstaflega svo að segja heimildir um allt mögulegt. Það, sem ég álít, að hefði verið rétt, er, að hæstv. ríkisstj. hefði upplýst Alþ. nákvæmlega um, þegar þetta mál er lagt fyrir, hvers konar aðili þessi Johns Manville er. Jú, það er sagt hér, að það sé stórt fyrirtæki, hann ráði miklu á sviði kísilgúrframleiðslu. Sannleikurinn er, að þetta fyrirtæki, sem er einn stærsti hringur heimsins í öllum byggingarvörum, jafnt asbesti og öðru slíku, þessi hringur hefur núna á síðustu árum orðið eitt af 15 ríkustu fyrirtækjum í veröldinni og er einn þáttur í Morgan-samsteypunni amerísku, þannig að þarna er um að ræða fyrirtæki, sem er mjög voldugt á heimsmælikvarða, eitt af sterkustu fyrirtækjum, sem til eru í veröldinni, þ. e. a. s. einokunarhringur, sem drottnar alveg hreint á þessu sviði, jafnt kísilgúr sem byggingarefnis, asbests og öllu mögulegu slíku. Hann á námur í veröldinni í ótal álfum og hefur sem sé alveg heims-organisation í þessu, er einokunarhringur,

og maður er gersamlega ofurseldur vilja og valdi þessa hrings, þegar maður einu sinni gengur inn á það að ánetjast honum. Ég segi þetta sérstaklega vegna þess, að það er öðru hverju verið að telja okkur trú um, að það sé til eitthvað, sem heitir frjáls samkeppni, og það var jafnvel talað um það í fyrra, þegar kísilgúrfrv. lá fyrir, að við Íslendingar ætluðum að vera eitthvað stórir aðilar, við ætluðum að keppa þarna sjálfstætt, við ætluðum að vinna að því að útvega markaði, við ætluðum jafnvel að standa þarna í styrjöld við einokunarhringi og annað þess háttar. En það var runnið á rassinn með allt slíkt.

Það, sem nú hefur gerzt, er, að við erum settir í vasann á þessum einokunarhring, og að þessi einokunarhringur er það voldugur á þessu sviði og í það góðum samböndum við Morgan-samsteypuna, eina voldugustu samsteypu í veröldinni, að það væri blekking við Alþ. að vera að telja mönnum trú um, að við værum að gera nokkurn skapaðan hlut annan en ofurselja þessar námur, sem þarna kunna að vera, alveg í hendurnar á einum voldugasta einokunarhring veraldarinnar. Þessa á ekki að dylja menn. Menn eiga að vita um þetta, áður en menn taka sínar ákvarðanir. Það á ekki að vera hægt að fara með okkur, eins og við værum — eins og Reykvíkingar mundu segja — „saklausir sveitamenn" í þessum efnum. Við eigum að vita, út í hvað við göngum. Ef við viljum fara í vasann á þessum hring, skulum við gera það vitandi vits. Við skulum ekki láta narra okkur þar niður í.

Ég held, að það sé nauðsynlegt, að sú n., sem fær þetta til meðferðar, athugi þessa hluti, og ég vil alveg sérstaklega skora á hana að gefa okkur hér við 2. umr. nákvæmar upplýsingar um fjárhagslegan status þessa hrings. Það var sagt hér frá því, hvað svissneski alúmínhringurinn ætti í fjármagni, var það ekki 15 þús. millj. ísl. kr.? Við höfðum alveg hugmynd um það, þegar gengið var að því af meiri hl. Alþ., og það er bezt, að það liggi alveg hreint fyrir líka, hvers konar samsteypa það er, sem við erum þarna að afhenda þessi auðæfi.

Eins og hæstv. iðnmrh. upplýsti og hv. 5. þm. Austf. vakti athygli á, er mjög eftirtektarvert, að sölulaunin hjá þessum hring fara hækkandi prósentuvís því meiri sem framleiðslan er. Það hefur nú áður stundum þótt réttara, að slíkt lækkaði prósentuvís en hitt, en það er auðséð, að þessi hringur ætlar frá upphafi að tryggja sig þarna alveg sérstaklega vel.

Viðvíkjandi útflutningsverðinu er það þessi hringur, sem algerlega ræður því í veröldinni. Það er hann, sem mótar það. Við eigum bara að heyra og hlýða, hvað það snertir, a. m. k. meðan ekki eru komnar einhverjar vörur, sem hægt er að setja þarna í staðinn fyrir, og þá náttúrlega veit maður, hvernig fer. Ef einhverjar slíkar vörur eru framleiddar á kemiskan hátt, sem gætu verið í samkeppni við þetta, þá eru náttúrlega þær nýlendur, sem hringurinn hefur ítök í, látnar sitja á hakanum, ef til einhverrar kreppu kemur í slíku, og þessi sölusamningur mun vera til 20 ára. Við erum við hann bundnir allan þann tíma. Það er jafnframt upplýst af hæstv. iðnmrh., að þessi hringur er um leið lánardrottinn hvað snertir 35 millj. kr. af því fjármagni, sem byggingin á að kosta og í þetta er lagt. Ég vildi nú aðeins láta þetta koma fram, þessar hugmyndir, sem ég hef um þennan hring, og hef ég þó ekki getað rannsakað það til fullnustu, sérstaklega ekki þær allra nýjustu, en ég vil vonast til þess, að fjhn. sjái til þess, að hún fái þessar upplýsingar.

Svo er hitt málið, sem aftur snertir allt annan hlut en þetta. Og það er spurningin um Mývatn sjálft og þess náttúrufegurð. Ég flutti till. um það, þegar gamla frv. var til umr. hér, að það yrði nú ekki haldið allt of stíft á því að ætla sér endilega að einbeita sér að þessari kísilgúrframleiðslu, heldur yrði sú fjárupphæð, sem gengið yrði út frá, að fyrirtækið mundi kosta, sett til ráðstöfunar sveitarfélaganna á Norðurlandi til þess að leggja máske í önnur fyrirtæki, sem þau teldu heppileg sér til handa. Ég álít, að áður en í þetta er lagt og með þeim l., sem hér yrðu samþykkt, ef þetta frv. nær fram að ganga, þurfi að ganga algerlega út frá því, að það sé engin áhætta til, engin áhætta til í sambandi við náttúrufegurð Mývatns, ef þetta frv.. er gert að l. Það verður að vera harðvítuglega frá því gengið í þessum lögum. Náttúruverndarráð eða hvaða sérfræðingar, sem þarna eru, verða að vera einróma samþykkir, áður en það sé hægt að framkvæma þetta frv. Ég álít, að það dugi engin eftirkaup í þessu efni, og það megi ekki koma fyrir, að eftir á sé sagt: Ja, við reiknuðum nú ekki með þessu. Við reiknuðum nú ekki með olíubrák af olíuvinnslunni eða öðru þess háttar, og þetta hefur verið vanræksla einhverra og einhverra. Ég álít, að við eigum ekki að eiga á hættu, að nokkur skapaður hlutur af slíku geti komið til á eftir. Þeir menn, sem eiga að vera sérfræðingar á þessu sviði, verða að taka persónulega ábyrgð á því, að þetta geti að engu leyti orðið til að granda náttúrufegurð Mývatns. Ég vil segja það alveg beint út, að í fyrsta lagi þá álít ég, að við eigum að setja þá náttúrufegurð og þá sérstöku náttúru, sem þar er, það hátt, að þó að einhver gróði eða slíkt væri þarna í boði, þá vísum við því frá, ef um það er að ræða. Svo vil ég í öðru lagi hins vegar benda á það, að með eins sérkennilegt landslag, dýralíf og annað slíkt og þarna er að öllu leyti, er vafalaust, ef almennilega er um það hugsað, hægt að festa fé við Mývatn á miklu skynsamari máta með ýmsum sumarbúðum og öðru slíku. Við skulum gá að því, að eitt af því, sem eykst mest í veröldinni núna og meira en jafnvel nokkur framleiðslugrein, eru sumarferðalög manna um allan heim, og þau eiga eftir að margfaldast þannig á næstunni, að þeir staðir í veröldinni, sem hafa upp á eitthvað sérstakt að bjóða, verða dýrmætari vegna sinnar náttúrufegurðar en þeir nokkru sinni gætu verið vegna einhverrar framleiðslu, sem þar væri hægt að hafa. Meira að segja þeir menn, sem eingöngu vilja athuga alla hluti frá peninganna sjónarmiði og ekki taka tillit til fegurðar eða neins annars, ættu að hugsa sig um tvisvar sinnum, áður en þeir gera ráðstöfun, sem gæti að einhverju leyti orðið til að draga úr eða skemma eða jafnvel eyðileggja að einhverju leyti þá sérstöðu, sem Mývatn hefur, því að þeir gætu vafalaust í framtíðinni, þeir menn, sem fyrst og fremst hugsa um peninga og gróða í þessu sambandi, haft miklu meira upp úr því að gefa almenningi, ekki aðeins á Íslandi heldur erlendis, aðstöðu til þess að geta notið þess unaðar, sem þar má fá.

Ég vildi nú aðeins, áður en þetta mál færi til n., láta

þessar aths. mínar koma fram, en ég skil það vel, að af því að málið kemur svona skyndilega inn til okkar, séu menn ekki sérstaklega við því búnir að ræða það mikið.

ATKVGR.

Frv. *vísað til* 2. umr. með 22:5 atkv. og til fjhn. með 31 shlj. atkv.

Á 86. fundi í Nd., 3. maí, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 88. fundi í Nd., 4. maí, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 543, n. 678, 693 og 707).

Frsm. meiri hl. (Jónas G. Rafnar): Herra forseti. Með 1. nr. 22 frá 21. maí 1964 var ríkisstj. falið að beita sér fyrir stofnun hlutafélags, er reisti og ræki verksmiðju við Mývatn til þess að vinna markaðshæfan kísilgúr úr botnleðju vatnsins. Áður hafði verið leitað eftir samkomulagi við hollenzka fyrirtækið AIME um væntanlega byggingu og rekstur slíkrar verksmiðju. Í framhaldi af nefndri lagasetningu var undirbúningsfélag, *Kísiliðjan hf., stofnsett með þátttöku hollenzka fyrirtækisins.* Þegar á átti að herða, kom það hins vegar í ljós, að fyrirtækið taldi sig ekki hafa fjárhagslegt bolmagn til þess að gerast aðili að stofnun framleiðslufyrirtækis þess, er annast skyldi byggingu og rekstur verksmiðjunnar. Var því ekki lengur grundvöllur fyrir frekari samvinnu við hollenzka fyrirtækið, eins og lýst er í grg. fyrir frv. þessu.

Þetta frv. er flutt vegna hinna breyttu viðhorfa, en til boða stendur að semja við bandarískt fyrirtæki, Johns Manville, um samvinnu í kísilgúrmálinu. Gerir frv. ráð fyrir að veita lagaheimildir, sem hið fyrirhugaða samkomulag við Johns Manville þarfnast, til viðbótar þeim heimildum, sem fyrir hendi eru í l. 1964. Gert er ráð fyrir því í stuttu máli að stofna tvö hlutafélög, framleiðslufélag og sölufélag. Framleiðslufélagið reisi og reki kísilgúrverksmiðjuna, en sölufélagið annist sölu framleiðslunnar erlendis. Fyrirkomulagið á hinni fyrirhuguðu samvinnu við Johns Manville verður einkum að því leyti frábrugðið samkomulaginu við hollenzka fyrirtækið, að í stað þess að staðsetja sölufélagið erlendis eins og samkomulagið gerði ráð fyrir, yrði það nú staðsett hér á landi og greiddi þá hér skatta. Jafnframt er gert ráð fyrir því, að Johns Manville verði einn eigandi sölufélagsins. Að þessu er vikið í grg. frv., og hæstv. iðnmrh. gerði málinu ítarleg skil við 1. umr.

Athuganir, sem fram hafa farið, hafa ótvírætt leitt í ljós, að stofnsetning kísilgúrverksmiðju við Mývatn geti orðið upphafið að þýðingarmiklum útflutningsiðnaði og kæmi þannig til með að auka fjölbreytnina í atvinnulífi landsmanna. Vegna þess, hvernig markaðsmálum er háttað, sölumöguleikar munu vera takmarkaðir, hefur verið talið óráðlegt að ráðast í þessa framkvæmd án samvinnu við aðila, sem tryggt gæti, eftir því sem frekast er kostur, sölu framleiðslunnar erlendis. Fái ríkisstj. þær heimildir, sem frv. þetta fjallar um, hefjast framkvæmdir við byggingu sjálfrar kísilgúrverksmiðjunnar sennilega nú á þessu ári. Eins og fram kemur í nál., hefur fjhn. athugað þetta frv., og meiri hl. hennar leggur til, að það verði samþ. óbreytt, en minni hl. n. hafa skilað sérálitum.

Frsm. 1. minni hl. (Lúðvík Jósefsson): Herra forseti. Eins og fram kemur í nál. hefur fjhn. d. ekki orðið sammála um afgreiðslu málsins. Ég hef skilað nál. á þskj. 678 og legg til, að frv. verði fellt. Meginástæðurnar fyrir því, að ég legg til, að frv. verði fellt, eru þær, að þetta frv. felur í sér þannig breytingar á gildandi l. um kísilgúrverksmiðjuna við Mývatn, að ríkisstj. fengi samkv. þessu frv. svo víðtækar heimildir til þess að semja við erlendan aðila um byggingu verksmiðjunnar og rekstur hennar og um sölu á framleiðslunni, að ég tel, að það sé ekki rétt að veita slíka heimild á meðan jafnmikið skortir á um upplýsingar um það, hvernig sá samningur yrði endanlega, sem ríkisstj. gerði við þennan erlenda aðila. Ég tel líka, að það sé gert ráð fyrir því að heimila hinum erlenda aðila allt og mikla þátttöku í þessu rekstrarfélagi og það sé gert ráð fyrir því að veita honum allt of sterka aðstöðu í sambandi við rekstur fyrirtækisins. Nokkrar upplýsingar hafa verið veittar um málið, eins og það liggur nú fyrir, og skal ég minnast hér á nokkur þau atriði, sem fram komu á fundi fjhn. og máli varða.

Upplýst er, að nú sé gert ráð fyrir því, að stofnkostnaður þessarar verksmiðju verði 145-150 millj. kr. Ráðgert er, að þessi stofnkostnaður fáist með þeim hætti, að í fyrsta lagi sé um að ræða hlutafé, sem nemur 60 millj. kr., vörukaupalán frá Export-Import bankanum, sem nemur 28 millj. kr., og lán frá hinum erlenda aðila, sem á að verða þátttakandi í verksmiðjufélaginu, 34 millj. kr. og auk þess síðan nokkur smærri erlend lán, *þannig að heildarstofnkostnaðurinn fengizt eða í kringum 145 millj. kr.* Það er því ljóst af þessu, að ríkissjóður mundi þurfa að taka á sig talsverðar lánsútveganir fyrir fyrirtækið og veita þó nokkrar ríkisábyrgðir, vegna þess að talsvert af þessum lánum, sem fyrirhugað er að taka, er til tiltölulega stutts tíma, til 7-10 ára. Upplýsingar voru gefnar um það, að talsverð óvissa ríkti um rekstur þessa fyrirtækis, og þar skipti að sjálfsögðu mestu máli um verð á framleiðsluvöru verksmiðjunnar, en mér sýnist á þeim upplýsingum, sem gefnar voru, að allmikil hætta sé á því, að um nokkurn taprekstur kunni að vera að ræða nokkur fyrstu árin. Þó gæti orðið um hagstæðan rekstur að ræða, ef verðið á framleiðslunni væri í hámarki þess, sem kunnugt er nú um, að þessi framleiðsluvara seljist á.

Sá erlendi aðili, sem hér er gert ráð fyrir, að verði þátttakandi í byggingu verksmiðjunnar og fái einkasöluumboð á framleiðsluvörum hennar, mun vera einn stærsti framleiðandi í þessari grein í heiminum og ábyggilega sá, sem hefur mest af þessari vöru til sölumeðferðar af öllum aðilum. Upplýst er, að hann hafi haft með höndum um 65% af sölu á slíkri framleiðslu sem þessari af því magni, sem selt hefur verið í Vestur-Evrópu að undanförnu. Það er því enginn vafi á því, að hér er fyrirhugað að gera samning við mjög voldugan aðila og mér sýnist, að hann eigi að fá hér ákaflega sterk tök, þar sem hann á að eiga í framleiðslufélaginu minnst 39% af hlutafénu, en beinlínis er gert ráð fyrir því, að hann geti átt allt að 49%, ef sveitarfélögin á Norðurlandi notuðu sér ekki sinn rétt til þess að eiga 10% af hlutafénu, því að upplýst var, að hringurinn væri tilbúinn að bæta við sig hlutafé til viðbótar við þessi 39%. Mér sýnist því, að þessi voldugi hringur

komi til með að verða mjög stór aðili að sjálfu framleiðslufélaginu, en fái síðan alger yfirráð varðandi sölu á framleiðsluvörum verksmiðjunnar. Upplýst hefur verið, að sölufélagið eigi að fá í sölulaun 10% af verði miðað við 3000 tonna sölu á ári, 12% miðað við 6 þús. tonna sölu á ári, 15%, ef salan verður 9 þús. tonn, 18%, ef salan verður 12 þús. tonn, 21% sölulaun, ef salan verður 20 þús. tonn, 24% sölulaun, ef salan verður 24 þús. tonn, sem gert er ráð fyrir, að geti verið hámarksframleiðsluafköst verksmiðjunnar á ári, en 31%, ef sölumagnið fer yfir 24 þús. tonn á ári, sem gæti að sjálfsögðu verið, ef nokkur framleiðsla hefði safnazt fyrir og ekki selzt á fyrra árinu, en full framleiðsluafköst hefðu svo aftur orðið á því síðara.

Manni kemur þetta þannig fyrir sjónir, að þessi söluþóknun sé gífurlega há, en það er að vísu ekki gott að gera sér fulla grein fyrir því, hvað sanngjörn sölulaun ættu að vera, vegna þess að maður veit of lítið um það, hvernig sala á þessari vöru fer fram og hversu kostnaðarsöm sölumeðferðin er. En það hefur jafnframt komið fram, að nokkur hluti eða talsverður hluti af þessari söluþóknun eigi raunverulega að skila sér aftur til Íslendinga vegna þess að sölufélagið eigi að greiða skatt, sem numið geti 45% af hagnaði sölufélagsins, en meginhlutinn af söluumboðslaununum yrði einmitt talinn sem hreinar tekjur sölufélagsins eða að mestu leyti, svo að þó nokkur hluti af þessum háu sölulaunum kæmi til með að renna til Íslendinga í gegnum skattgreiðslur. Þá er einnig upplýst, að hinn erlendi aðili eigi að fá 6% miðað við framleiðsluandvirði verksmiðjunnar á ári hverju vegna tækniupplýsinga og leiðbeininga í sambandi við stjórn og rekstur. Mér sýnist því, að hinn erlendi aðili, sem vonlegt var um þennan volduga hring, tryggi sig býsna vel, hann fær 6% örugglega í sinn hlut á hverju ári af framleiðsluandvirði verksmiðjunnar vegna þessara upplýsinga, sem hann lætur í té, og síðan fær hann þessi gífurlega háu sölulaun og hefur einkaumboð varðandi alla söluna. Hér er að vísu ekki um ýkja stórt fyrirtæki að ræða. Upplýst var, að í verksmiðjunni mundu vinna í kringum 30 manns, og kann það þó að verða eitthvað nokkru meira, þegar hún er komin alveg í fulla stærð. Ég er ekki alveg viss um það. En hvort heldur sem litið er á stofnkostnað verksmiðjufyrirtækisins eða litið er til þess mannafla, sem gert er ráð fyrir, að vinni við verksmiðjuna, er ekki hægt að ætla, að hér sé um ýkja stórt fyrirtæki að ræða, ekki einu sinni á íslenzkan mælikvarða. Mér þykir því býsna hart í sambandi við stofnsetningu þessa fyrirtækis, að það skuli þurfa að fara þá leið í þessu, sem fyrirhuguð er, að hinn erlendi aðili, jafnsterkur og hann er á þessu sviði, eigi að fá svona gífurlega sterk tök eins og hann fær óumdeilanlega á þessu fyrirtæki, að maður ekki segi, að þetta verði hans fyrirtæki að langsamlega mestu leyti.

Með hliðsjón af þessu, sem ég hef sagt um ýmis ákvæði, sem felast í frv. um fyrirkomulag á rekstri verksmiðjunnar og mjög svo víðtæku heimildir, sem í því felast til handa ríkisstj. til þess að semja við erlendan auðhring um byggingu og rekstur fyrirtækis hér í landinu, verð ég á móti því, að þetta frv. verði samþ., og tel, að það ætti að fella frv. og þá stæðu að sjálfsögðu eftir l. um kísilgúrverksmiðju, eins og þau eru nú, og ætti þá ríkisstj. að vinna áfram að því að reyna að leysa málið á þeim grundvelli, sem þau gera ráð fyrir og heimila. Það er að vísu sjálfsagt, að það getur orðið um að ræða meira eða minna samstarf og samninga við erlenda aðila í sambandi við uppkomu slíkrar verksmiðju, eins og hér um ræðir, og rekstur hennar, en samstarf eða samblöndun á þann hátt, sem gert er ráð fyrir með þessu frv. og þeim upplýsingum, sem hér hafa verið lagðar fram, getum við Alþb.-menn ekki fallizt á og leggjum því til, að frv. verði fellt.

Frsm. 2. minni hl. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Þegar þetta frv. lá fyrir fjhn. þessarar d., óskuðum við fulltrúar Framsfl. í n., hv. 11. þm. Reykv. og ég, eftir því, að gefin yrði ótvíræð yfirlýsing um, að framkvæmd l. yrði þannig, að félögin, sem um ræðir í frv., skyldu í einu og öllu lúta íslenzkri löggjöf og íslenzku dómsvaldi, og ef til þess kæmi, að ágreiningsmálum yrði skotið til úrskurðar gerðardóms, skyldi Hæstiréttur tilnefna oddamann í dóminn. Þessi yfirlýsing fékkst ekki, og því höfum við lagt fram í nál. okkar á þskj. 707 till. til rökstuddrar dagskrár. Þessi dagskrártill. okkar er þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Með því að d. telur, að frv. að samningi, er gerður kann að verða við hið erlenda fyrirtæki, eigi að leggjast fyrir Alþ. til ákvörðunar, telur d. ekki ástæðu til að gefa þær heimildir, er í frv. felast, og tekur fyrir næsta mál á dagskrá."

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Ég skal reyna að lengja ekki þessar umr., en ég tel þó alveg nauðsynlegt vegna þeirra minni hl. nál., sem hér hafa komið fram, að segja nokkur orð, svo að mönnum verði það fullkomlega ljóst, hvað hér er um að ræða, hafi þeim ekki verið það áður.

Ég get út af fyrir sig ekki sagt, að mig furði á nál. hv. 5. þm. Austf., vegna þess að þeir, hann og flokksbræður hans, hafa af einhverjum lítt skiljanlegum ástæðum breytt um viðhorf til þessa máls, þannig að það lá ljóst fyrir, þó að ekki lægi ljóst fyrir, af hvaða ástæðum það væri, og skal ég engar getgátur uppi um það hafa. Hann lýsti hér í sínu máli í rauninni efnislega alveg rétt þeim samningum, sem stendur til að gera, og þeim drögum, sem þegar hafa verið gerð að samningum, en mér skildist helzt, að það væri tvennt, sem hann hefði á móti þeim eftir hans ræðu að dæma. Annars vegar væri það, að ríkissjóður tæki á sig áhættu, og hins vegar væri það, að hinn erlendi aðili yrði of sterkur. Varðandi áhættu ríkissjóðs, þá auðvitað verður aldrei fullkomlega um hana vitað, en það má raunar segja, að það hljómi dálítið einkennilega í eyrum hér, þegar sagt er af hálfu aðila, sem hingað til hafa talið og það með réttu, að vel væri gerlegt að ríkissjóður tæki á sig nokkra áhættu til þess að byggja upp atvinnurekstur úti um landsbyggðina, að það sé eitt gundvallaratriðið til andstöðu við málið, að nokkur áhætta verði fyrir ríkissjóð að veita þessar ábyrgðir. Ég hygg mig geta alveg fullyrt það, að svo miklu leyti sem nokkuð verður fullyrt, að þessar ábyrgðir, sem hér er um að ræða, séu sannarlega með minnstu áhættuábyrgðum, sem ríkissjóður tekur á sig eða hefur tekið á sig í sambandi við atvinnuuppbygg-

ingu úti um land. Það er að vísu ekki nákvæmlega hægt að segja, hver verður afrakstur þessarar verksmiðju, en það hefur verið kannað bæði það lakasta og það bezta, sem hugsanlegt er, að út úr þeim rekstri komi, og þó að það sé rétt, að það sé líklegt, að það geti orðið halli á rekstri verksmiðjunnar fyrstu árin miðað við það, að allt gangi með því versta, sem við höfum talið, að hugsanlegt væri, jafnast það þegar eftir 3-4 ár og verður úr því mjög verulegur hagnaður.

Hitt atriðið varðandi áhrifavald hins erlenda aðila, þá á það auðvitað heldur ekki við nokkur rök að styðjast. Hér er ekki um stórt fyrirtæki að ræða. Út af fyrir sig má segja, að Íslendingar hefðu auðveldlega ráðið við að byggja þessa verksmiðju sjálfir, en ástæðan til þess, að frá upphafi hefur verið leitað til erlendra aðila og það í rauninni með, að ég hygg, samhljóða stuðningi allra hv. þm. í sambandi við kísilgúrl., þegar þau voru á sínum tíma sett, — ég man ekki til, að nein andstaða væri gegn þeim, — ástæðan er fyrst og fremst sú, að það er talið, og ég er sannfærðari um það eftir því sem ég kynni mér betur þetta mál, — það hefur fallið í minn hlut að leiða þessar umr. og vera stjórnarformaður í kísiliðjunni, — að það væri algert glapræði, að Íslendingar færu sjálfir að ráðast út í að byggja þessa verksmiðju, án þess að geta komizt í samband við aðila, sem gæti tryggt bæði tæknibekkingu og sölu framleiðslunnar að svo miklu leyti sem auðið er að fá nokkurn til þess formlega að taka á sig slíka algera skuldbindingu.

Það liggur ljóst fyrir og er engin ætlun að breyta því, að íslenzka ríkið verður meiri hl.-eignaraðili að þessari verksmiðju. Og hvort hinn erlendi aðili á 29% eða 39% eða eitthvað þar á milli, það auðvitað skiptir ekki hinu minnsta máli nema að því leyti, að það getur aukið áhuga hans á því að stuðla að sem beztri afkomu verksmiðjunnar eftir því sem hann á meira. En allavega er meiri hl.-aðstaða Íslands tryggð. Þetta er alíslenzkt hlutafélag og lýtur íslenzkum l. að öllu leyti og því ekki um það að ræða, að hér sé verið að veita þessum erlenda aðila, þótt fjársterkur sé, sem hann vissulega er, og ég segi, að það er vel, þá er ekki verið að veita neina sérstöðu hér í landi á neinn minnsta hátt. Hitt er svo sagt í þessu sambandi jafnhliða, sem talað er um, að fyrirtækið sé lítið, og það er rétt, að það er ekki mjög stórt, en getur hins vegar orðið mjög gagnlegt til atvinnuuppbyggingar á þessu landssvæði, að hinn erlendi aðili fái einhverja sterka aðstöðu hér á landi. Það er rétt, að hann ætlar að setja hér upp sölufélag, sem yrði staðsett hér, en það er eingöngu eftir ósk okkar Íslendinga og íslenzku samninganefndarinnar. Við höfum lagt á það mikla áherzlu, að sölufélagið yrði hér staðsett, og það er vegna þess, að þetta félag kemur til með að gefa landinu verulegar tekjur miðað við það samkomulag, sem tekizt hefur að fá um, hvernig það félag verði byggt upp. Útgjöld þess verða hverfandi lítil, þannig að það má segja, að meginhluti þeirra umboðslauna, sem til sölufélagsins renna, verði skattskyld, þannig að 45% af þeim verði eftir í landinu í formi skatta til ríkis og sveitarfélaga. Þetta er að sjálfsögðu mjög mikið hagsmunamál fyrir það bæjarfélag, þar sem sölufélagið yrði staðsett, en það er ætlunin, að verði Húsavík. Það er auðvitað með einu símtali hægt að koma því til leiðar, að þetta sölufélag verði ekki hérlendis. En ég vil ekki bera ábyrgð á því. Það getur verið, að einhverjir hv. þm. vilji gera það. Ég vil það ekki. Ég tel, að það sé ekki verjandi, og ég held, að ég geti talað þar fyrir munn allra meðnm. minna í samninganefndinni við Johns Manville.

Ég vil svo taka það fram, án þess að fara nánar út í þetta mál, að það er skoðun okkar allra í samninganefndinni, að samkomulagshorfur eða samningar þeir, sem nú er nokkuð öruggt að takist að gera við Johns Manville, séu okkur mjög hagstæðir og leggi traustan grundvöll að afkomu þessa fyrirtækis í framtíðinni. Og það væri okkur til mikils tjóns, ef við spiluðum úr höndum okkar þeim möguleika að gera þessa samninga.

Það kann vel að vera, að á grundvelli samninganna um kísilgúrverksmiðju, eins og þeir eru í dag, væri hugsanlegt að finna einhverja erlenda aðila, sem vildu eiga við okkur einhverja samvinnu. Það er búið að athuga það mál víða, eftir að slitnaði upp úr samningum við hið hollenzka fyrirtæki AIME, en ég held, að ekki nokkur af okkur, sem höfum komið nærri þessu máli, mundum telja, að það væri til bóta og í rauninni í því stórfelld áhætta og engar líkur til, að við getum tryggt okkar hagsmuni á líkan hátt og við teljum nú vera auðið að gera.

Menn kunna að spyrja. Má þetta mál ekki engu að síður bíða til næsta þings? Það má ekki bíða til næsta þings af mjög einföldum ástæðum, þeim, að sannleikurinn er sá, að ég mundi ekki vilja fullyrða það, að Johns Manville biði þess tíma. Þeirra áhugi hefur ekkert verið meiri en okkar að ná fram þessu samkomulagi, og í annan stað eru fjárhagsástæður þannig, að okkur er það mikil nauðsyn að fá gengið frá samningum m.a. til þess að fá þau lán, sem eru okkur mjög þýðingarmikil, en Johns Manville ætlar að veita fyrirtækinu 800 þús. dollara lán eins og hv. 5. þm. Austf. upplýsti hér réttilega, og er það veitt með þeim kjörum, að ef erfiðleikar eru hjá verksmiðjunni, þarf ekki að greiða af því láni fyrr en afborganir annarra lána hafa verið greiddar, þannig að hér er að sjálfsögðu um mjög mikið atriði að ræða, auk þess sem er mikilvægt að fá endanlega gengið frá hlutafélaginu og að Johns Manville greiði sitt hlutafé. Framkvæmdir við kísiliðjuna eru í fullum gangi, og það hefði mjög alvarleg áhrif að stöðva þær. Vélar hafa þegar verið pantaðar. Fyrir þessu öllu voru heimildir á sínum tíma í kísillögunum, og það getur valdið okkur ófyrirsjáanlegu tjóni, ef ekki er hægt að halda áfram þessu verki með eðlilegum hætti. Ég tel þess vegna, að það væri til mikils tjóns og raunar ósýnt, hvað slæmar afleiðingar það gæti haft, ef fresta ætti þessu máli nú.

Varðandi það, sem kemur fram í hinni rökstuddu dagskrá hv. fulltrúa Framsfl. í fjhn., get ég ekki annað en lýst nokkurri undrun yfir þeirri afstöðu. Í Ed. var sambærileg afstaða frá hálfu hv. þm. Framsfl. í þeirri d. að undanteknum hv. 1. þm. Norðurl. e., Karli Kristjánssyni, sem hefur fylgzt með þessu máli frá upphafi, unnið mjög dyggilega og gott starf í þeirri n., sem að þessu hefur unnið, og á grundvelli sinnar þekkingar og reynslu af því máli markaði hann sína afstöðu. Þar var því hins vegar haldið fram, að ekki

hefði komið nægilega skýrt fram, hvað gert væri ráð fyrir, að yrði um deilumál milli Johns Manville og Íslendinga eða hvað yrði í samningnum um þau atriði. Því var í Ed. lýst yfir bæði af mér sem formanni samninganefndarinnar þar og hv. l. þm. Norðurl. e., Karli Kristjánssyni, hvað gert væri ráð fyrir, að yrði í umræddum samningi eftir þeim viðræðum, sem við hið ameríska fyrirtæki hafa farið fram, og hæstv. iðnmrh. gaf þar almenna yfirlýsingu, sem hann einnig endurtók hér í Nd., og gerði hér einnig, að ég hygg, grein fyrir þeim upplýsingum, sem fram hefðu komið í Ed. um, hvað hugsað væri í þessu sérstaka tilfelli. Ég gerði einnig grein fyrir þessu í fjhn. hv. Nd., þar sem ég mætti eftir ósk formanns n. til að gefa upplýsingar, sem þar var beðið um og að sjálfsögðu var eðlilegt að gefa, og þar skýrði ég enn frá því, að það væri gert ráð fyrir, að í þessum samningi yrði sérstakt ákvæði um, hvernig útkljá skyldi deilumál, þannig að þar yrði að sjálfsögðu dæmt eftir íslenzkum lögum, og ef um deilur yrði að ræða, sem ekki færu fyrir íslenzka dómstóla, þá yrði gerðardómur, sem yrði þannig skipaður, að hvor aðili tilnefndi sinn mann og Hæstiréttur tilnefndi oddamann eins og algeng venja er hér á landi. Ég er hins vegar þeirrar skoðunar, að það sé gersamlega ómögulegt að gefa yfirlýsingu um það, að í komandi framtíð verði ekki undir neinum kringumstæðum notaðar aðrar aðferðir til að leysa deilumál milli þessara aðila.

Eftir að lögin um gerðardóm Alþjóðabankans hafa verið gerð að lögum þá eru það íslenzk lög, og hv. framsóknarmenn, sem töluðu í Ed., staðfestu það einnig þar, að það væri einnig þeirra skoðun, að að sjálfsögðu væru það orðin íslenzk lög, eftir að Alþ. hefði staðfest þau, og það er auðvitað ekki með nokkru móti mögulegt fyrir ríkisstj. að gefa yfirlýsingu um það, að á einhverjum seinni tíma, seinni stigum máls, eftir mörg ár, kunni ekki þykja henta að nota slíka aðferð í deilu, sem við skulum vona, að ekki rísi, en kynni að rísa milli íslenzka ríkisins og þess aðila, sem hér er um að ræða. Það er auðvitað gersamlega útilokað að gefa slíka yfirlýsingu. Hitt er hægt að gefa yfirlýsingu um, sem liggur ljóst fyrir, að í samningnum sjálfum, eins og hann er, er gert ráð fyrir þessu gerðardómsákvæði, sem ég hef skýrt frá. Að minni hyggju eru það þess vegna einhverjar aðrar ástæður, sem valda því, ef menn eru á móti málinu, eftir að þetta liggur fyrir, sem ég hér hef skýrt frá.

Ég sé ekki ástæðu, herra forseti, til að lengja þessar umr. meira af minni hálfu. Ég taldi rétt, að þetta kæmi fram, þar sem það hefur fallið í minn hlut að bera nokkra ábyrgð á þeim samningum, sem fram hafa farið við hið ameríska fyrirtæki. Ég teldi vera okkur til mikils tjóns, ef það rynni út í sandinn, sem gert hefur verið í þessu máli.

Hjörtur E. Þórarinsson: Herra forseti. Þar sem hér er um að ræða mál, sem snertir fólkið á Norðurlandi og Norðausturlandi öðru fólki fremur, vil ég leyfa mér að leggja nokkur orð í belg.

Ég veit, að það mun vera óhætt að fullyrða það, að almenningur þar nyrðra fylgist af mjög miklum áhuga og athygli með afdrifum þessa máls hér í þinginu og yfirleitt óskar það málinu framgangs. Ég veit það af viðtölum við margt fólk fyrir norðan, að það er mikill áhugi á þessu máli, og menn vilja, að það komist í höfn, því að þó að hér sé ekki beinlínis um stórmál að ræða frá atvinnulegu sjónarmiði eða mundi a. m. k. ekki þykja það hér við Faxaflóa, ber þess þó að gæta, að þar norður frá eru menn óvanir því, að nýstárlegir hlutir gerist á atvinnusviðinu, allra sízt að það gerist fyrir atbeina ríkisvaldsins, en þegar það gerist, glæðir það vonir manna um fleiri og meiri atvinnutækifæri og traustari byggð. Þess vegna taka menn fegins hendi öllu því, sem getur stuðlað að slíku. Og sérstaklega er nú ástæða til að taka vel öllum heiðarlegum tilraunum til stofnunar atvinnutækja norðanlands, þegar sá landshluti hefur einmitt, ef svo mætti segja, misst af stóra vinningnum, sem er álbræðslan, því að hvað sem um það mál má annars segja verður því ekki neitað, að þar er um að ræða fyrirtæki, sem hlýtur að verða feiknaleg atvinnulyftistöng, hvar sem það er sett niður. Atvinnujöfnunarsjóður er auðvitað spor í rétta átt, þó að það sé stutt spor, en ég vil aðeins líta á hann sem litla byrjun á meiri, ákveðnari og markvissari lagasetningu, sem miði að því að skipuleggja byggð þjóðarinnar í landinu. Ég er að minnast á Atvinnujöfnunarsjóðinn hér, þó að það komi ekki beinlínis þessu máli við, af því að mig langar til að skjóta inn þeirri till., að hann verði ávaxtaður og honum stjórnað t. d. frá Akureyri. Ég sé ekki neitt, sem mælir gegn því, en allt, sem mælir með því.

En svo að ég snúi mér að kísilmálinu, virðist svo sem að í fyrra hafi allir flokkar hér á hv. Alþ. verið þolanlega sammála um afgreiðslu málsins, eins og það lá fyrir þá, og þar á meðal um aðild útlendinga að fyrirtækinu, en það er náttúrlega grundvallaratriði. En eins og málið liggur nú fyrir, eins og frv. liggur nú fyrir þessu þingi, þá er náttúrlega um mjög verulegar breytingar að ræða frá því, sem áður var, og sumar reyndar til bóta frá mínum bæjardyrum séð en aðrar að sjálfsögðu nokkuð athugaverðar, a. m. k. á pappírnum. Lakast er þó það, að samningamönnum okkar hefur ekki unnizt tími til að ganga það mikið frá samningum, að unnt væri að leggja fyrir hv. Alþ. samningsuppkast. Það verður að sjálfsögðu að telja mjög miður farið, einkanlega nú, eftir að alúminíummálið hefur verið til lykta leitt og hefur verið fjallað um það hér á þinginu, en sporin þaðan hræða að sjálfsögðu.

Með tilliti til þeirra skýringa, sem nú hafa fengizt frá samninganefndarmönnum okkar, þ. á m. hæstv. fjmrh., sem talaði nú rétt áðan og er formaður nefndarinnar, formaður Kísiliðjunnar, að ég held, þá vil ég álíta, að þm. verði að taka þær góðar og gildar, a. m. k. geri ég það og lýsi því yfir hér með fyrir mitt leyti, að ég tel, að rétt sé að samþykkja frv., eins og það liggur fyrir.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Hv. frsm. meiri hl. n. gaf okkur þær upplýsingar, að það hollenzka fyrirtæki hefði ekki haft fjárhagslegt bolmagn — ég held, að ég hafi heyrt það rétt — til að halda áfram því starfi, sem það hafði tekið að sér. Þegar frv. um að hefja kísilgúrverksmiðjuna við Mývatn lá fyrir síðast, var sagt um þetta fyrirtæki, fyrirtækið AIME, eða hvernig sem á að bera það fram: „Framleiðslufyrirtæki, verzlunarfyrirtæki með efnavörur ýmiss konar. Hefur fyrirtækið gott dreifingarkerfi með slíkar vörur og traust viðskiptasambönd.“ Og svo, með leyfi hæstv. forseta: „Samvinna þess

þykir bezt tryggð með því, að hið erlenda fyrirtæki hætti sjálft fjármagni í kísilgúrverksmiðjuna.“ M. ö. o., okkur var sagt hér á Alþ., að þetta fyrirtæki, sem þarna væri verið að semja við og þetta allt saman ætti að byggjast á, væri mjög traust fyrirtæki og hefði mjög góð viðskiptasambönd í Evrópu. Nú allt í einu er sagt við okkur: Þetta fyrirtæki hefur ekki fjárhagslegt bolmagn. Megum við ekki fá dálítið betri upplýsingar um þetta? Ég þykist alveg hreint vita fyrir víst, að það var ekki verið að blekkja okkur neitt þegar hitt frv. var lagt fyrir. Hæstv. ríkisstj. hafi verið búin að ganga úr skugga um það, að þetta hafi verið mjög tryggt fyrirtæki, sem þarna var. Hvað hefur breytzt í millibilinu? Það langar mig til að fá að vita.

Ég kastaði því hér fram við 1. umr. þessa máls, að við ættum að fá það upplýst, sem ég held, að hafi breytzt, þ. e. hvort Johns Manville hafði hótað þessu fyrirtæki vissum hlutum, ef þeir væru að skipta sér af þessu, og mér þætti vænt um að vita, hvort hæstv. ríkisstj. hefur einhverja hugmynd um slíkt. Ef þetta fyrirtæki hefur ekki allt í einu orðið hálffallít, beðið eitthvert stórt fjárhagslegt tjón eða eitthvað annað slíkt, hefur það sama fjárhagslegt bolmagn til að leggja í þetta tiltölulega litla fyrirtæki fyrir norðan, eins og það hafði fyrir 2 árum. Það hlýtur eitthvað að vera rangt hér í, nema þá að það hafi komið þarna til, að þessi stóri aðili hafi sagt: Vert þú ekki að skipta þér af þessu. Og það er það, sem ég held, að hafi gerzt. Við erum búnir að verða varir við þetta áður. Það var áður búið að leita til eins ákveðins fyrirtækis, ef ég man rétt, var það ekki, ég held það hafi verið þýzkt fyrirtæki, það hafi verið athugað um þetta nokkurn tíma, en síðan kippti þetta fyrirtæki að sér hendinni. Mig langar að fá upplýsingar um þetta, vegna þess að ég kann ekki við, að það sé verið með feimnismál hér í þessum efnum.

Hæstv. ríkisstj. hefur haft þann hátt undanfarið að reyna að telja okkur trú um, að það væri einhver frjáls samkeppni ríkjandi í heiminum, og ég vil fá það fram hjá þessari hæstv. ríkisstj., að þetta séu ósannindi, það sé ekki nein frjáls samkeppni ríkjandi í heiminum í þessum hlutum, það, sem sé ríkjandi í heiminum, sé drottnun ákveðinna einokunarhringa á þessum sviðum, voldugra einokunarhringa, sem skipi fyrir, hvað gera skuli. Ef menn hafa farið eins og börn út í þetta upphaflega, hafandi ekki hugmynd um, að heimurinn væri þannig í kringum þá, þá er kominn tími til þess, að þeir opni augun. Og ég held, að það sé það, sem hefur gerzt þarna. Hæstv. ríkisstj. hefur ekki gert sér það ljóst, að það eru allmargir áratugir síðan nokkrir einokunarhringir lögðu yfirleitt undir sig markaði og sölumöguleika á ákveðnum sviðum iðnaðar í veröldinni, og þegar maður er að reyna að pota sér áfram af áhuga en litlum auði, verður maður fyrir því, að þessir hringir vilja fá að ráða og vilja fá að segja fyrir verkum. Við ætluðum að vera voða hraustir eins og víkingar, Íslendingar og berjast fyrir að koma út kísilgúr. Vafalaust hefur verið talað við allar dönsku bjórverksmiðjurnar og þær þýzku til að athuga, hvort þær vildu kaupa þetta, vegna þess að þær eru einn höfuðkaupandi í þessum hlutum, svo að það eru þarna vinir okkar og frændur, sem nota þetta. Vafalaust hefur verið unnið að því, og það hefur verið fengið fyrirtæki, sem er tiltölulega traust sölufyrirtæki, til að starfa að þessu. En svo bara kemur allt í einu upp, að þetta er allt blekking. Menn reka sig á það, að allt í einu ræður þetta fyrirtæki ekki við neitt. Markaðurinn er einokaður. Það er einn voldugur aðili sagður vera með 65% af framleiðslunni og sölu kannske á svo og svo miklum hluta af hinu. Hann segir: Hingað og ekki lengra. Hvað ætlið þið að fara að flækjast út í þetta? Kippið að ykkur hendinni.

Það er bezt, að við fáum að vita, hvað gerist í þessum frumskógi villidýranna, þar sem nokkur ljón rífa til sín ljónspartinn af þessu öllu saman, nokkrir einokunarhringir, sem vilja fá að ráða og segja við menn, ef þeir fara að flækjast út í þetta, eins og við hérna heima með eitt lítið hollenzkt fyrirtæki til að vinna fyrir okkur: Hættið þið þessu. Svo kemur hæstv. fjmrh. hér og segir við okkur: Ja, af einhverjum lítt skiljanlegum ástæðum hefur stjórnarandstaðan að miklu leyti breytt um skoðun. Ég held, að ég hafi það rétt eftir honum: af lítt skiljanlegum ástæðum. Við skulum fyrst tala um þær lítt skiljanlegu ástæður, sem valda því, að það skuli hafa verið lagt frv. fyrir Alþ. fyrir tveimur árum, sem er búið að gerbreyta núna í það öfuga við það, sem það var. Hvað var það, sem við ætluðum að gera fyrir tveimur árum? Við Íslendingar ætluðum að taka í okkar þjónustu erlent félag til að láta þetta félag selja fyrir okkur kísilgúr úti í Evrópu. Við sögðum við þetta félag: Það er gott, að þú leggir 10% í þetta framleiðsluhlutafélag okkar. Ríkið sem sé átti að eiga þetta framleiðsluhlutafélag, en við gátum vel hugsað til þess, að þeir ættu þarna 10%, kannske upp undir 20%, það hafði litla þýðingu svo að segja, það var bara eins og eins konar trygging, svo að þeir hefðu einhverja dálitla hagsmuni af því. Við höfðum öll völd og ráð þar. Nú og við ætluðum enn fremur að hafa full tök á þessu sölufélagi líka. Við ætluðum sjálfir að eiga 40% af hlutafénu. Þar með vorum við Íslendingar að taka erlendan aðila í okkar þjónustu til að vinna að því að útbreiða vöru, sem íslenzka ríkið ætlaði að framleiða í íslenzkri ríkisverksmiðju. Hvað er það, sem hefur breytzt? Það, sem hefur breytzt, er, að nú kemur frv., þar sem erlendur einokunarhringur býðst til að taka okkur í sína þjónustu, taka kísilgúrverksmiðjuna íslenzku svo að segja undir sína stjórn. Hann skuli eiga milli 39-49% af hlutafénu í framleiðslufélaginu og hann skuli fá alls konar sérréttindi hér heima í sambandi við þetta framleiðsluhlutafélag og þá eign, sem hann á í því, og í sambandi við sölufélagið, sem hann á aleinn. M. ö. o., málinu er gersamlega snúið við. Okkar hraustu íslenzku víkingum, sem áttu að herja á meginland Evrópu til að útvega þar markað fyrir kísilgúr, er sagt: Verið þið ekki að fást við þetta, þið skulið puða við Mývatn, ég skal taka það, sem mér þóknast að taka. Það er sá ameríski einokunarhringur, sem er kominn þarna í spilið og ætlar nú að fara að ráða.

Við heyrðum á hæstv. fjmrh., að hann sagði: Ja, það dugar nú ekki fyrir okkur að vera að hugsa neitt sérstaklega mikið um þetta. Við verðum að flýta okkur. Johns Manville liggur á. Ef hann ekki fær svar núna, — það er náttúrlega hægt með einu símtali að segja nei, — er það búið að vera. Ég veit, að þetta mun hæstv. fjmrh. segja algerlega satt. Ég efast ekki um, að það sé alveg hárrétt hjá honum. Þessir karlar segja við menn: Hvað

eruð þið litlir karlar þarna úti á Íslandi að flækjast í þessu? Hérna er tilboð, ef þið takið því. Það er mikið, að þeir skyldu ekki setja 24 klst. úrslitafrest, við vorum nú vanastir því frá Bandaríkjamönnum þannig. Það er vafalaust hárrétt, að ef við ætlum að fara eitthvað að hugsa í þessum málum, þá er þetta búið, og ég held, að það sé gott, að við hugsum.

Nú er lagt til, að í staðinn fyrir, að við Íslendingar reynum sjálfir að vinna að framleiðslu kísilgúrs og hafa ítök í sölu hans, ofurseljum við okkur amerískum einokunarhring, sem hvort sem er drottnar svo að segja yfir þessum markaði. Og svo finnst hæstv. fjmrh. það vera af lítt skiljanlegum ástæðum, að við séum núna á móti því, sem við gátum vel hugsað okkur áður. Það er alveg gerólíkt, tvennt ólíkt, sem þarna er um að ræða. Annað var sjálfstæð íslenzk starfsemi, hitt er að gerast aftur þjónn einokunarhringa, eins og í gamla daga. Í þetta skipti er það ekki brennisteinninn, þetta er kísilgúr við Mývatn. En einokunarhringurinn, sem í hlut á, eða einokunarkóngurinn, hann er áreiðanlega eins sterkur og þeir gömlu Danakonungar voru, sem höfðu brennisteinseinokun á sínum tíma.

Þegar hæstv. ríkisstj. lagði alúmínsamninginn fyrir Alþ., lét hún fylgja með upplýsingar um Alusuisse, mjög greinilegar upplýsingar, og það var eins og ýmislegt fleira í þeim upplýsingum, sem gefnar voru, þær voru mjög góðra gjalda verðar, það var ekki verið að reyna að stinga neinu undir stólinn, heldur þvert á móti, það var sagt satt og rétt frá. Af hverju er ekki núna upplýst alveg hreint til fullnustu um Johns Manville, hvers konar fyrirtæki það er? Það er sagt jú, að það sé stórt fyrirtæki, en það er í raun og veru allt. Það er sagt, að það sé mjög voldugt á þessum markaði, og það er mjög rétt. Það er sagt, að sölumöguleikar séu takmarkaðir, það var sagt hérna áðan. Já, það er alveg rétt. Sölumöguleikar eru að vísu miklir, en þeir eru takmarkaðir af þessum hring, af því að þessi hringur ræður þessu, hann gín yfir þessum markaði. Hann einokar þennan markað, og það er rétt að segja það frá upphafi. Í staðinn fyrir, að við ætluðum að berjast við einokunarhring, erum við núna að ganga undir jarðarmen þess einokunarhrings. Við skulum segja þetta líka. Þetta er sannleikurinn í því. Það var tæpt ofurlítið á því, þegar gamla frv. lá hér fyrir um árið, að það væri mjög voldugur hringur, sem við væri að fást, einmitt Johns Manville, og við þyrftum þess vegna að geta barizt við hann. Ég man ekki betur en það hafi verið sagt, og undir þeim forsendum ætluðum við að hafa þetta samband við þetta hollenzka félag, til að geta barizt þannig. Núna er gefizt upp í þeirri baráttu, og í staðinn er gengið einokunarhringnum á hönd. Og hæstv. fjmrh. finnst ástæða til að segja, að það séu lítt skiljanlegar ástæður, sem valdi því, að maður hafi breytt um skoðun. Ég held, að hæstv. ríkisstj. hefði átt að vera alveg hreinskilin í þessu frá upphafi, hún hefði átt að segja: Jú, við ætluðum að stofna íslenzkt ríkisfyrirtæki, við ætluðum af okkar klókindum að fá duglegt hollenzkt sölufélag til að vinna þarna með okkur, og það var mjög skynsamlegt, en við rákum okkur á það, að þetta félag hafði ekkert bolmagn, ef þessi hringur vildi beita sér, og það var auðséð, að þessi hringur ætlaði að beita sér og þá gafst þetta hollenzka félag upp, og þá stöndum við hér uppi og getum ekki neitt, nema gefizt upp líka og gengið á hönd einokunarhringnum, og það er það, sem þetta frv. fjallar um. Þá lægi þetta alveg hreint fyrir. Við ætluðum áður að berjast og eiga eitthvað á hættu máske í þessu, og það gat verið mjög erfitt fyrir okkur. Nú hins vegar eigum við að vera hornrekur, þegar þessum hring þóknast. Hann á sjálfur mjög mikið af kísilgúrnámum, og það er gefið, að þegar eitthvað bjátar á, lætur hann svona námur eins og hjá okkur sitja á hakanum, ef um það er að ræða, að við verðum hornreka. Hann á slíkar námur víðar en á Íslandi.

Ég hef því miður ekki mjög miklar upplýsingar um þennan hring. Ég hef ekki náð í þau plögg, sem ég hafði von um að fá. Það er nú einu sinni svo með allt, sem snertir slíkar upplýsingar, að það er varla að fá hér í Reykjavík, ekki einu sinni þau tímarit, sem kunnust eru í veröldinni eins og bandaríska tímaritið „Fortune", helzta business-tímarit Bandaríkjanna. Það, sem ég veit um hringinn, veit ég m. a. úr bók, sem þegar er orðin nokkurra ára gömul, en þá, þegar þær upplýsingar voru gefnar, 1955, hafði Johns Manville Co. sem activan, sem raunverulegan höfuðstól 217 millj. dollara eða á milli 8—9 þús. millj. ísl. kr. Ég býst við, að það muni vera mun meira nú eftir 10 ár, því að ég veit, að þessi hringur hefur vaxið mjög mikið á millibilinu. Ég gizka á, að hans fjármagn sé ekki undir 10-20 þús. millj. ísl. króna. Hann slagar þannig alveg upp í þann svissneska alúmíníumhring, sem við vorum að semja við, og þessi hringur stendur heldur ekki neitt einstakur. Hann er einn af hringunum í þeirri samsteypu, sem er kennd við Morgan, einni voldugustu samsteypu, sem nú er til í veröldinni. Hann er einn af þeim iðnaðarhlutafélögum, sem ásamt Coca Cola og United States Steel Company og General Electric og International Business Machines eru í Morgan-samsteypunni. Þannig, að sá aðili, sem við erum þarna að eiga við, er ekki bara eitt félag út af fyrir sig í Bandaríkjunum, Johns Manville & Co. Þetta er önnur voldugasta samsteypan sem til er í veröldinni, Morgan-samsteypan, sem við hliðina á Rockefeller-samsteypunni er sú voldugasta, sem til er í veröldinni. Það er þess vegna vitað mál, að við erum þarna að eiga við aðila, sem er hvað styrkleika, auð og áhrifavald snertir svoleiðis margfalt, margfalt sterkari en við, og ef við lendum í einhverjum deilum við hann út af einhverju, þó að þetta sé lítið fyrirtæki og slíkt, hefur hann áhrifavald á bak við sig, sem við mundum lítið ráða við. Þess vegna eiga þessar upplýsingar að liggja fyrir.

Þetta fyrirtæki er ekki bara fyrirtæki í kísilgúr. Þetta fyrirtæki er eitt helzta fyrirtæki í asbestframleiðslu í veröldinni. Ég held, að mér sé óhætt að segja, að meira að segja suður í Suður-Afríku eigi það ítök í stórum námum, og ég man ekki betur en t. d. á Kýpur hafi þetta fyrirtæki líka ítök. Þess fé stendur víða um veröld. Og í sjálfum Bandaríkjunum og raunar líka í Kanada, þar sem það hefur mjög mikil ítök, er þetta eitt helzta fyrirtækið í öllum byggingariðnaði. Þetta fyrirtæki er þannig mjög voldugur hringur í enn þá voldugri hringasamsteypu, og ég skil þess vegna vel, að það tali þannig við hæstv. fjmrh., að annaðhvort þurfi að ganga að þessum hlutum, eða þá, að þetta sé búið. Þeir eru vanir að tala þannig, þessir herrar. En betur hefði ég

kunnað við það, ef við hefðum fengið eins miklar upplýsingar og hægt var um þetta fyrirtæki, þannig að við vissum, hvað við erum að eiga við.

Því var haldið hérna fram af einhverjum í sambandi við umr. um alúmíníumverksmiðjuna, ég held, að það hafi áreiðanlega verið einhver af hv. þm. stjórnarliðsins, ég held í útvarpsumr. í gærkvöldi eða fyrrakvöld, að það væri mjög ánægjulegt, að þegar við hefðum nú lagt út í þá vissu áhættu að eiga samninga við erlent fyrirtæki, skyldum við eiga þá við svissneskt fyrirtæki, við svo ágæta lýðræðisþjóð eins og Svisslendingar væru. Og maður skildi svo sem hvað á bak við bjó hjá þeim manni, sem auðsjáanlega hafði hugsað nokkuð um þetta. Hann áleit, að það hefði nú verið svona dálítið varasamt að leggja út í svona hlut, ef í staðinn fyrir svissneska alúmíníumhringinn væri t. d. ameríski alúmíníumhringurinn eða sá kanadíski, hringur, sem hefði eitthvert stórveldi á bak við sig. En hvað Johns Manville snertir, er einmitt um þetta að ræða. Það er voldugur amerískur einokunarhringur, sem hefur aðra voldugustu einokunarsamsteypu Bandaríkjanna á bak við sig, sem við þarna erum að semja við. Nú erum við að vísu ekki að semja um neitt stórt. Hringurinn verður ekki í krafti þess að setja fjármagn í þetta neinn voldugur aðili hér á Íslandi eins og svissneski hringurinn gæti orðið, en það er hins vegar alveg vert að gera sér ljóst, hvaða aðili það er, sem við erum að semja við, og þau rök, sem notuð voru af sumum þm. stjórnarliðsins í sambandi við alúmíníð, að þetta væri svissneskt auðfélag, þau eiga ekki við hér. Hér er það ameríska auðfélag, sem við erum að eiga við, og það ekki af smærra tagi nu.

Svo er því gerbreytt frá því, sem frv. var, að nú á að setja sérstök ákvæði um skatta. Meðan við vorum að ræða þetta hér áður fyrr, var það ríkið sjálft, sem átti þetta, þó að það væri í hlutafélagsformi. Við þurftum ekki að vera í neinum vandræðum með skatta eða neitt slíkt. Það var allt saman ósköp eðlilegt. Allt í einu kemur alveg nýtt frv., og það er lagt til í þessu frv., í 8. gr., að ríkisstj. skuli ákveða með samningi, hvernig skattarnir skuli greiddir. Ég verð að segja það, hrakspár okkar sumra stjórnarandstæðinga rætast fyrr en maður bjóst við, þ. e. að farið yrði að því fordæmi, sem gefið væri í alúmínsamningnum. Hvað er það, sem var eitt höfuðbaráttumálið á milli þinga og konungsvalds á meðan verið var að berjast fyrir þingræði? Það var að fá að ákveða skattana. Það var það, að konungur gæti ekki sett skattana eins og honum þóknaðist, og það var ekki hvað sízt borgarastéttin sjálf, sem barðist fyrir því, að þing kjörið af almenningi eða a. m. k. af borgarastéttinni fengi að ákveða þá skatta. Um það stóð baráttan öldum saman, og þetta var eitt höfuðátakið, a. m. k. af hálfu borgarastéttarinnar, í því að knýja fram þingræðið. Nú er komið hér til okkar og sagt með þessari 6. gr., sem hér er lögð fyrir okkur: Alþ. á að hætta að ákveða í aðalatriðum skatta. Ríkisstj. á að semja um skatta, og ríkisstj. á að semja um skatta við einstaka aðila til 20 ára jafnvel, það var til 45 ára í sambandi við alúmíníumhringinn. M. ö. o., það er farið fram á, að Alþ. Íslendinga eigi að gefa ríkisstj. það vald, sem konungar höfðu hér áður fyrr, meðan þingræðið ekki var. Í næstu 20 ár væri, ef ríkisstj. notaði þær heimildir, sem hún þarna fengi, ekki hægt að breyta þessum ákvæðum. Eftir sem áður væru þeir undanþegnir vissum sköttum, sem hér yrðu lagðir á, og annað slíkt. Næstu 20 ár mætti ekki leggja nýja skatta á þetta fyrirtæki. Í fyrsta lagi, þetta er gerbreyting frá því, sem var áður og er ein af mjög skiljanlegum ástæðum til þess, að menn breyti algerlega um afstöðu til þessa. Það er í öðru lagi önnur ósvífnin til að heimta úr höndum Alþ. og það upp á framtíðina valdið til að ákveða skatta á Íslandi. En það er sem sé auðséð, að um leið og eitt erlent auðfélag er komið þarna inn í, á íslenzkt þingræði ekki lengur að gilda. Ef þetta félag á að staðsetjast hér á landi að einhverju leyti, skal það tryggja sig 20 ár fram í tímann með það, hvers konar skatta það skuli borga. Ef kjósendur á Íslandi breyta um skoðun um næstu eða hinar kosningar og ákveða skattafyrirkomulag á Íslandi öðruvísi en nú er, þá skulu þessir herrar undanþegnir þeim sköttum, og ef farið væri eitthvað á að bjáta, býst ég við, að ameríska sendiráðið fengi sín fyrirmæli frá Morgan & Co. um að sjá um, að ekki yrði farið að ganga á hlut ameríska borgara. Og ef búið væri að segja upp herverndarsamningnum og við komnir út úr Atlantshafsbandalaginu, væri það kannske góð átylla til þess að fara að senda hingað menn til þess að sjá um, að þessir barbarar á Íslandi færu ekki að ganga á rétt ameríska borgara hér. Þetta er hvað snertir heimildirnar um skattinn.

Ég sé, að framsóknarmenn í d. hafa lagt fram rökstudda dagskrá um það, að slíkur samningur skuli fyrst lagður fyrir Alþ. Ég skil það mjög vel, að þeir vilji ekki ganga inn á svona nokkuð óséð. Þetta er að gefa ríkisstj. in blanco heimild með þessum litlu takmörkunum, sem þarna eru í, og það til svona langs tíma. Þetta eru hlutir, sem ekki er hægt að gera, og við verðum að stöðva þetta nú þegar. Hvernig verður haldið áfram?

Okkur var tilkynnt hér í gær, að það kæmu hér fleiri félög. Hæstv. forseti okkar d. tilkynnti okkur, þegar hann talaði hér sem þm., að það mundi vera von á fleiri félögum hér. Hann nefndi þ. á m. eitt félag. Hann nefndi, að það mundi verða farið fram á að koma upp olíuhreinsunarstöð, sem áður hefur reyndar verið stungið upp á og barizt fyrir í Morgunblaðinu. Og við vitum ósköp vel, hverjir standa þar á bak við. Það átti að fara ósköp leynt hér á árunum, þegar maður var sendur hingað til þess að tala hér við menn, og vissir menn í Morgunblaðinu voru mjög hrifnir af þessu, og við upplýstum það síðan, að um væri að ræða aðallögfræðingasamband Standard Oil. Og það mál var lagt á hilluna, eftir að mönnum varð það ljóst, að það var Standard Oil hringurinn, sem var að fara fram á að koma upp olíuhreinsunarstöð, sem þýddi algera einokun á olíu og benzíni á Íslandi um ófyrirsjáanlega framtíð. En í útvarpsumr. í gær var það upplýst, að þetta væri raunverulega alveg á næstunni. Hvað segir Standard Oil, þegar hann kemur hingað? Hann kemur náttúrlega til með að segja, að hann vilji hafa sams konar réttindi og aðrir aðilar hafa þegar fengið, sams konar réttindi viðvíkjandi sköttum, sams konar réttindi viðvíkjandi dómsaðstöðu, sams konar réttindi um allt slíkt.

Hv. 2. þm. Vestf., hæstv. forseti okkar d., talaði hins

vegar í sömu ræðu í gærkvöldi um það, að það mundu koma voldugir fiskiðnaðaraðilar, sem vildu reisa fiskiðnaðarstöðvar úti um allt. Ég þykist alveg vita og hef vitað lengi, að bæði Findus og Unilever og fleiri hafa áhuga, og auðvitað fengju þeir sams konar samninga og aðrir góðir, fínir útlendingar hafa fengið áður. M. ö. o., ef er haldið áfram á þessari braut, á þá að semja til 20—30 ára við fulltrúa Morgans, við fulltrúa Standard Oil, við Findus um að fá sérréttindi hér á Íslandi til 20—40 ára, um skatta og annað slíkt og um að vera undanþegnir íslenzkri lögsögu, og Alþ. sé raunverulega gert vanmegna við að ákveða, hvaða lög og hvaða skattar skuli vera í landinu? Og þessir aðilar væru orðnir meiri hl. í allri íslenzkri iðnaðar- og sjávarútvegsframleiðslu, hvað fjármagn snertir, þegar þeir verða komnir hér.

Ég þykist svo sem alveg vita, hvað á eftir komi. Hv. 4. landsk. þm., Jón Þorsteinsson, sagði nokkurn veginn orðrétt þegar hann talaði hér í fyrrakvöld — ég hef það skrifað hjá mér, — að íslenzkir atvinnurekendur gætu fengið þetta sama og útlendingar. Og nú held ég, að það yrði farið að koma við kaunin á hæstv. fjmrh., svo að nú færi hann kannske að verða mér sammála. Var þetta tilboð, sem hv. 4. landsk. þm. setti fram, að íslenzkir atvinnurekendur gætu auðvitað fengið sams konar kjör og þessir útlendu aðilar hefðu fengið nú þegar, var það sett fram af hálfu einhvers hluta af ríkisstj.? Ég þykist alveg viss um, að það sé ekki hennar athöfn. Eigum við að búast við því á næstunni, að hér komi lagaparagraf í næstu hagræðingarlögum, t. d. um, að það skuli hagræða sköttum á þann hátt á Íslandi, að næstu 45 ár skuli öllum íslenzkum atvinnurekendum, sem stunda þessa og þessa grein, tryggðir skattar svona og svona og Alþ. skuli ekki hafa leyfi til að breyta því? Ég vil bara spyrja. Ég vil spyrja út frá því, hvort menn álitu, að Alþ. gæti samþ. slík lög? Og ég vil sérstaklega beina þeirri fsp. til hæstv. fjmrh., þegar hann hugsar til sinna komandi kollega á næstu áratugum, hvort hann álíti, að Alþ. 1966 gæti samþ. lög, sem ákvæðu skatta til ársins 2000 t. d. fyrir íslenzka atvinnurekendur og ekki mætti breyta þeim. Fyrir mér er þetta spursmál, sem ég álít, að við eigum heimtingu á að fá útkljáð. Er þetta hægt, og eru einhverjir menn hér inni, sem álíta að þetta sé hægt? Að t. d. meiri hl. hér á Alþ., við skulum segja eins atkv. meiri hl. í hvorri d., gæti ákveðið, að t. d. allir íslenzkir atvinnurekendur í sjávarútvegi, iðnaði o. s. frv. skyldu greiða einhvern ákveðinn skatt fram til 2014, næstu 45 ár. Ég vil heyra, hvort menn álíta þetta mögulegt. Kannske vill einhver segja, að ef tekjuskatturinn sé ákveðinn 45%, sé þetta allt í lagi. En ef þeir hafa heimild til þess að samþykkja 45%, hafa þeir líka heimild til þess að samþykkja 35%, 25% og 10%, og ef þeir hafa heimild til þess, hafa þeir líka heimild til þess að samþykkja 2% skatta á þá til þetta langs tíma. Ég vil fá að heyra það frá lærðari mönnum en mér í lögfræði, hvort þetta sé hægt, hvort þetta rekist ekki á við alla stjórnarskrá. En ef þetta er ekki hægt með íslenzka atvinnurekendur, er þetta heldur ekki hægt með útlenda atvinnurekendur. Það er ekki hægt með l. að veita útlendum atvinnurekendum þann rétt, sem þeir neita íslenzkum atvinnurekendum um. Í stjórnarskránni stendur í 40. gr., með leyfi hæstv. forseta:

„Engan skatt má á leggja né breyta né af taka nema með lögum."

Það þýðir, að Alþ. hefur á hverjum tíma rétt til þess að taka þær ákvarðanir, sem því þóknast, um þetta. Og það er ekki hægt að binda hendur þess. En hins vegar vil ég taka það fram, ef hér koma fram yfirlýsingar um það, að það sé hægt að ákveða skatta til 20 ára eða til 45 ára gagnvart íslenzkum atvinnurekendum, gagnvart útlendum atvinnurekendum, að þá er líka hægt að gera íslenzka atvinnurekendastétt skattfrjálsa til 45 ára. Ef hægt er að ákveða, að hún skuli greiða 10% skatta aðeins eða 45% skatt aðeins, þá er líka hægt að ákveða, að hún skuli greiða 1% skatt aðeins til 45 ára. Þá er m. ö. o. hægt að innleiða hér það, sem var nú í gömlu stjórnarskránni frá 1974 og átti að hindra, að menn gætu komið hér á aðli. Það stóð og stendur enn í 78. gr., að sérréttindi, er bundin séu við aðal, nafnbætur og lögtign, megi ekki taka í lög. Þessi sérréttindi, það að vera atvinnurekandi, mundu vafalaust ekki skoðast sem lögtign. En með þessu móti væri búið að mynda hér það, sem væri sama sem aðall, það væri að vísu peningaaðall, en ekki furstar og barónar og greifar, en þessi peningaaðall, honum væri búið að tryggja sérréttindi til þess tíma. Ég vil biðja þá menn, sem hér eru betur að sér í l. en ég, ekki sízt hæstv. forsrh., um að gefa Alþ. alveg ótvíræðar yfirlýsingar um þennan hlut, ekki sízt eftir yfirlýsingar hv. 4. landsk. í fyrrakvöld í útvarpinu, um að íslenzkir atvinnurekendur geti fengið það sama, geti fengið það sama og alúmíníumhringurinn hefur fengið. Hann er líka lögfræðingur, ef ég man rétt, Jón Þorsteinsson. Ég vil, að við séum ekki neitt að efast um þessa hluti. Höfum við rétt til þess að skapa hér skattfrjálsa stétt til næstu 100 ára? Eru það lög, sem ætti að respektera? Ég segi það náttúrlega um leið svona sem byltingarseggur, að auðvitað respekterar þjóðin ekki slík lög. Það dettur engum í hug. Allt okkar lýðræði í Evrópu hefur byggzt á frönsku byltingunni, sem afnam öll slík sérréttindi. En þá er líka vert fyrir menn að gera sér það ljóst, að um leið og verið er að setja slík lög, eru menn að segja við þjóðina: Auðvitað brýtur þú þessi lög, þegar þér þóknast. Þú ert ekkert bundin við þetta, þú bara breytir því, þegar þér þóknast. Ef svona lög eru sett, er um leið verið að segja við þjóðina, af því að þetta er í mótsögn við alla réttarvitund hennar, í mótsögn við allt það vald, sem felst í stjórnarskránni, þá er um leið verið að segja við hana: Auðvitað þurfið þið ekki að halda þetta. En ég vil vita það, hvort hæstv. ríkisstj. er að segja það við þjóðina.

Ég hef farið inn á þessi mál svona fræðilega, vegna þess að ég hef enn ekki getað komið inn í minn haus, að þetta þing hafi nokkurn rétt til þess að gera þetta. Ég veit, að ef um er að ræða að gera samning við útlent ríki, er um allt annað að ræða, og um það eru allt aðrir paragrafar í stjórnarskránni. En að ákveða skatta á fyrirtækjum, sem starfa hér á Íslandi, hvort sem þau eru íslenzk eða útlend, ræður Alþ. og Alþ. eitt. Og ef þetta þing gerir eitt í dag, getur þingið, sem næst kemur saman, eða hitt, gert annað.

Þá vildi ég koma að öðru máli í sambandi við þetta. Í 7. gr. þessa frv. stendur, að það skuli gera allar þær varúðarráðstafanir, sem við verður komið, til þess að koma í veg fyrir, að dýralíf og gróður við Mývatn biði

tjón af starfsemi kísilgúrverksmiðjunnar. Ég hef áður komið inn á það, skal ekki fjölyrða neitt um það nú, að ég álít — og það eru fleiri en ég, sem álíta það, — að það stafi veruleg hætta af þessu, og þegar þau l., sem hingað til hafa gilt um þetta, voru samþ., voru menn fullvissaðir um, að svo væri ekki. En því meira sem þarna er farið að gera núna, því meiri hætta sýnist mér á því, að þarna gæti verið voði á ferðum. Og ég álít, að áður en lengra er haldið þarna, þurfum við að hafa algert öryggi um það. Mývatn er eiginlega næst eftir Þingvöllum sá reitur, sem við fyrst og fremst ættum að helga á Íslandi. Ég sá áhuga hjá Morgunblaðinu nýlega fyrir því að benda á náttúrufegurð í Bandaríkjunum, og Johnson forseta var mjög hælt í því sambandi, og Bandaríkin hafa vissulega verið til fyrirmyndar á vissum svæðum þar. Þau hafa haft sinn þjóðgarð, þar sem þau hafa alveg löghelgað, þannig að ekki mætti þar neinu breyta og náttúran fengi að haldast, og ég álít, að við þurfum að vera öruggir um það, áður en við leggjum í þetta smáfyrirtæki þarna, eins og hæstv. fjmrh. segir réttilega, að það spilli engu um náttúrufegurð eða fuglalíf við Mývatn. Þetta fyrirtæki er ekki það stórt, að þó að maður vildi leggja peningamælikvarða á það allt saman, borgar það sig ekki að gera slíkt. Fyrir utan ununina væri líka í framtíðinni miklu meira upp úr því að hafa fyrir þá, sem eingöngu hugsa um peninga, að varðveita Mývatn óskert. Og þetta er náttúrlega ekki okkar stjórnmálamanna eða fjármálamannanna að dæma um, þetta er það, sem Náttúruverndarráð verður að segja til um og taka ábyrgð á. Það duga engin eftirkaup með það. Og ég vil leyfa mér að leggja fram svohljóðandi brtt. við þessa 7. gr., að hún orðist þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Allar framkvæmdir samkv. þessum l. eru því skilyrði bundnar, að Náttúruverndarráð hafi einróma samþykkt og tekið ábyrgð á, að vegna framkvæmda þessara verði engin spjöll á fuglalífi eða náttúrufegurð Mývatnssveitar."

Það er vafalaust kannske hægt að gera ýmsar framkvæmdir þarna þannig, að seinna meir geti maður rifið þetta, þegar manni þóknast, og náttúran komizt í sinn sama svip, fengið aftur sinn sama svip, ef manni finnst einhverjar byggingar óprýða og annað slíkt. Það var líka talað um það í l., að byggingarnar skyldu vera í sem mestu samræmi við náttúruna, og vafalaust er það hægt, ef góðir menn eru þar að verki. En hitt er aftur aðalatriðið, að hvað framtíðina snertir, sé maður þarna alveg öruggur. Og það er Náttúruverndarráð álít ég, sem verður að taka á sig þá ábyrgð. Því er falið það með l. frá Alþ. að vernda þá reiti, sem sérstaklega séu til varðveizlu fallnir vegna fegurðar, og þess vegna á það að segja til um þetta.

Hæstv. fjmrh. kom hér alveg réttilega inn á það, og er það mjög vel gert af honum, að hvað dómsvald snerti, væri það náttúrlega gefið mál, að þar sem við værum búnir að samþykkja þessa alþjóðasamþykkt um hina erlendu gerðardóma, mundi viðkomandi hringur geta skírskotað til þeirra á þeim svæðum. Það er vafalaust alveg rétt. Til þess hefur Alþjóðabankinn, sem Morgan og þeir eru aðalvaldhafarnir í, látið setja þessa alþjóðlegu samninga að tryggja sér og sínum dómsvald og gerðardómaaðstöðu út um allan heim, þar sem löndin yfirleitt ganga inn á það að afsala sér að einhverju leyti dómsvaldi yfir erlendum mönnum. Það er þess vegna gefið, að Johns Manville fær náttúrlega þá sömu aðstöðu, sem alúmíníumhringurinn er þegar búinn að tryggja sér, ef hann kærir sig um. Þetta verður lagt þannig út. Þó að það séu ekki nema fjögur ríki í Afríku og Ísland, sem hafa samþ. þetta af þeim þingum, sem eru skuldunautar, verða hins vegar nokkur lánadrottnaríki, sem samþykkja þetta undir eins, svoleiðis að þetta fær sitt gildi, og þar með er nýlendustefna komin í gang á þessu sviði.

Það hefur verið minnzt á það hér, að það væri þýðingarmikið fyrir Norðlendinga að fá upp þetta fyrirtæki. Ég vil minna á, að í fyrra eða hittiðfyrra, hvenær sem það nú var, það var víst á þinginu 1963—1964, flutti ég brtt. við þessi l. um að setja inn ákvæði til bráðabirgða, sem hljóðaði á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Nú þykir ríkisstj. að rannsökuðu máli tvísýnt að hefja byggingu á kísilgúrverksmiðju og heimilast ríkisstj. þá að taka engu að síður lán allt að 150 millj. kr. og verja því láni sem hér segir: Ríkisstj. kallar saman ráðstefnu fulltrúa bæjarstjórna og sýslufélaga norðanlands. Skal vera einn fulltrúi frá hverju sýslufélagi og hverri bæjarstjórn. Ríkisstj. gefur síðan þessari ráðstefnu kost á að fá handa bæjunum og sýslunum lán alls að upphæð 150 millj. kr. til þess að koma upp nýjum verksmiðjum víða norðanlands samkv. nánari áætlun, er ríkisstj. og þessir aðilar gera í samningnum."

M. ö. o. ég vildi tryggja, að ef ekkert yrði úr þessum kísilgúr, ef okkar víkingaferð út á markaðinn í Evrópu skyldi mistakast, vegna þess að við allvoldugan keisara væri þar að etja, gætu þó Norðlendingar fengið þetta fjármagn, sem við ætluðum að setja í þetta, til umráða. Ég orðaði þetta þannig, að ef ríkisstj. þætti að rannsökuðu máli tvísýnt, og þá hugsaði ég út frá tvennu. Í fyrsta lagi út frá því fjárhagslega, að ríkisstj. þætti tvísýnt að leggja í þetta. Mér sem sagt hafði dottið í hug, að þessi víking okkar í austurveg kynni að verða eitthvað tvísýn. Mér datt í hug, að það yrði erfiðara að útvega markaðina í Evrópu en ríkisstj. þá trúði á. Og þá áleit ég, að það ætti að taka það ráð að hætta við kísilgúrverksmiðjuna í staðinn fyrir að gefast upp fyrir kísilgúrkeisaranum og verja þessu fé þá á annan hátt til verksmiðjubygginga á Norðurlandi. Það vakti að vísu líka fyrir mér, ef þetta kynni hvað náttúrufegurð og annað slíkt snerti, að vera óheppilegt að áliti ríkisstj., þegar hún fari nánar að athuga þetta allt saman, því að allt voru þetta nú heimildir þá, að hún gæti þá varið þessu fé á annan máta í samráði við Norðlendinga. Ég held, að það hefði verið betra, að sú till. hefði þá verið samþ. Og ég held, að það hefði verið betra, að hæstv. ríkisstj. hefði farið út í það að fara þá að athuga, hvaða verksmiðju væri bezt að setja upp á Norðurlandi, og ég held, að það hefði verið réttara en að fara út í að gefast upp fyrir Johns Manville og afhenda þetta fyrirtæki.

Ég vil svo, herra forseti, leyfa mér að leggja fram þessa brtt. við 7. gr. frv. og biðja þess, að leitað verði afbrigða fyrir henni, af því að hún er bæði skrifleg og of seint fram komin.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 713) leyfð og samþ. með 31 shlj. atkv.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr., þar sem fundartíma er að ljúka, þó að fróðlegt hefði verið að ræða margt af því, sem kom fram í ræðu hv. 3. þm. Reykv., og var sannast sagna sumt nokkuð einkennilegur málflutningur miðað við, hve gáfaður maður talaði. En af því að ákveðin fsp. kom hér fram, tel ég mér skylt að segja aðeins örfá orð. Áður en ég geri það þó, vil ég vekja athygli á þeirri brtt., sem hv. þm. flutti hér, en ég geri ráð fyrir, að hv. þdm. sé öllum ljóst, að útilokað er að samþykkja hana, vegna þess að hún felur í sér slíkar skuldbindingar fyrir ákveðna nefnd, sem er Náttúruverndarráð, að það er útilokað með öllu, að slíkt ráð mundi nokkurn tíma taka á sig slíka ábyrgð og það væri því það sama og að gera út af við málið. Hitt get ég fullvissað alla hv. þdm. um, að allir þeir, sem að þessu máli standa, hafa fullan skilning á mikilvægi þess að vernda náttúruverðmæti og sérkenni Mývatnssveitar og það verða gerðar og hafa þegar verið gerðar í samráði við Náttúruverndarráð og fleiri aðila margvíslegar ráðstafanir og athuganir til þess að tryggja það, að þar verði ekki nein óhöpp. En að ætla ákveðinni n. að ábyrgjast það, að slíkt geti aldrei komið til og það verði ekki leyft nema hún ábyrgist, að ekki geti orðið nokkurt tjón á fuglalífi eða slíku, það er auðvitað ekki hægt að leggja á neinn aðila.

Það var svo aðeins þessi ákveðna fsp., sem ég vildi ræða um. Hv. 3. þm. Reykv. sá nú orðið mikinn auðhring hér og taldi, að öll málsatvik bentu til þess, að það væri ekki hægt í rauninni að byggja þessa verksmiðju öðruvísi en að koma sér í samband við auðhring, sem réði yfir markaði, og stakk það að vísu nokkuð í stúf við ummæli hv. flokksbróður hans, sem tók ekki málinu óvinsamlega, en taldi rétt að athuga það, hvort ekki væri hægt eftir þeim l., sem við höfðum í gildi, að reisa verksmiðjuna. Það mundi naumast vera hægt, ef það er rétt, að þessir hringar geri það útilokað ekki aðeins fyrir okkur, heldur hafi með hótunum getað hrætt hollenzkt fyrirtæki, sem er stórt fyrirtæki á okkar mælikvarða, að vísu ekki mjög stórt fyrirtæki á hollenzkan mælikvarða, til þess að hætta við aðild að þessu máli. Ég vil aðeins, að það komi hér fram, m. a. vegna þess hollenzka fyrirtækis, sem mjög drengilega vann með okkur að margvíslegum athugunum á málinu, markaðskönnunum og öðru, að því fer víðs fjarri, að hér hafi nokkuð óeðlilegt komið til. Þetta fyrirtæki er því miður ekki mjög stórt. Það hafði starfsemi með höndum erlendis, sem það varð að gera ýmsar breytingar á, án þess að ég geti hér farið út í að ræða einkamál þess fyrirtækis, en meginorsökin var sú, að fyrirtækið þurfti, sem því var ekki ljóst, þegar viðræður okkar hófust, að ráðast í mjög dýrar fjárfestingarframkvæmdir á sínum vegum og taldi því ekki mögulegt að gerast aðili að þessu með því að leggja fjármagn nokkurt fram í sambandi við kísilgúrverksmiðjuna hér. Það vildi hins vegar mjög gjarnan taka að sér að reyna söluna, en það var mat okkar, að eins og málum væri háttað, væri ekki nægilega hægt að tryggja söluna, m. a. vegna athugana, sem við fengum sjálfstætt markaðskönnunarfyrirtæki í Hollandi til þess að annast fyrir okkur, og það skilaði okkur mjög ítarlegri og greinargóðri skýrslu um. Því fer víðs fjarri, að hér hafi átt sér stað nokkrar hótanir eða baktjaldamakk, og jafnframt get ég upplýst það, að það vorum við Íslendingar, sem fyrst höfðum samband við Johns Manville, en þeir ekki við okkur, þegar við fórum að kynna okkur, hvaða möguleikar væru líklegastir til þess að tryggja öruggan rekstur þessa fyrirtækis okkar hér.

Það er rétt, að markaðurinn er þröngur. Það hefur aldrei verið farið dult með það, og það er rétt, að það eru mjög stórir aðilar, sem þar hafa mikil tök vegna þess m. a., að þeir eru fjársterkir og geta veitt miklar tæknilegar leiðbeiningar til notkunar á þessari vöru, en hún er vandmeðfarin á margan hátt, og þarf því að að vera hægt að veita slíka þjónustu, og það gerðu Hollendingarnir okkur einnig ljóst og þeir tæknilegu sérfræðingar, sem við ræddum við úti í Hollandi um málið, en þeir voru á engan hátt tengdir hinum bandarísku aðila.

Það er svo líka rétt, að það komi hér fram, að Hollendingarnir vildu gjarnan æðilöngu seinna koma inn í þetta aftur, vegna þess að fjárhagsaðstaða þeirra hafði þá mjög breytzt og raunar mjög sterkir aðilar þar í landi gerzt að verulegu eða öllu leyti eigendur þessa hollenzka fyrirtækis, AIME. En þá voru viðræður okkar við Johns Manville komnar það langt, að við töldum á engan hátt það okkur til hagsbóta að hverfa frá þeim og taka aftur upp hinar fyrri viðræður.

Ég vil, að það liggi ljóst fyrir, vegna þess að þau virðast hafa verið misskilin orð mín hér áðan, að það voru engir úrslitakostir, sem okkur voru settir. Því fer víðs fjarri, að það séu nokkrir úrslitakostir. Hitt er annað mál, að það hefur verið meira sótt á af okkar hálfu en hinna amerísku aðila um að fá þá í samvinnu við okkur, og veltur afkoma þeirra ekki að neinu leyti á því, hvort þessi framleiðsla kemst í gang eða ekki. Það er hins vegar okkar mat, eins og ég skýrði frá áðan, að það sé grundvallarnauðsyn fyrir okkur að halda þessu. Við erum komnir í fullan gang með þetta verk, byggingu þessarar verksmiðju, og við þurfum einmitt að fá það fjármagn, sem hinn ameríski aðili ætlar að leggja fram til okkar reksturs hér bæði sem lán og hlutafé.

Varðandi skattana vil ég aðeins segja það, að það er mikill misskilningur hjá hv. þm., sem ég er mjög hissa á, að hér sé verið að opna einhverja óljósa heimild eða leið fyrir ríkisstj. til þess að heimila skattlagningu án samþykktar Alþ. Hér er um að ræða alveg ákveðna heimild, sem ríkisstj. er veitt, gersamlega ákveðna heimild. Það eru svo ýmis atriði, þar sem talað er um samninga, en það er annars vegar um greiðslumáta og hins vegar hitt, eins og menn sjá, að skipting skattanna er enn óákveðin milli ríkis og sveitarfélaga, og hefur ekki gefizt kostur á að ræða það mál. Hitt er hins vegar ljóst, að eins og skattgreiðsluprósentan er hér ákveðin, er hún bæði fyrir sölufélagið og framleiðslufélagið verulega hærri en hún mundi vera eftir núgildandi skattalögum. Það er hins vegar ekki kannske neitt undarlegt, þó að það komi fram hjá hinum erlenda aðila, að vegna þess, hve íslenzk skattalög eru margbrotin og flókin, því miður, vildu þeir semja um ákveðna skattprósentu, en þeir voru ekki að biðja um nein sérhlunnindi í því efni.

Frsm. 2. minni hl. (Skúli Guðmundsson): Herra for-

seti. Út af því, sem fram hefur komið hér í umr., vil ég minna á það, að þegar l. um kísilgúrverksmiðju við Mývatn voru samþ. hér á þingi vorið 1964, studdi Framsfl. *það mál og mér mun óhætt að fullyrða*, að afstaða flokksins til þess máls er óbreytt. Hann vill enn sem fyrr stuðla að því, að þessi verksmiðja við Mývatn verði reist. Þetta vil ég láta koma fram. En það, sem liggur til grundvallar þeirri rökstuddu dagskrá, sem við flytjum, hv. 11. þm. Reykv. og ég, á þskj. 707, er einkum það, að við viljum reyna að hindra hæstv. ríkisstj. í því að ganga lengra á þeirri braut að færa dómsvaldið í okkar málum út úr landinu, en hún og hennar stuðningslið hafa nýlega stigið inn á þá götu, svo sem kunnugt er.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Hæstv. fjmrh. upplýsti, að ríkisstj. væri þegar í nokkrum vanda í þessum málum, eftir að þetta hefði gerzt með þetta hollenzka hlutafélag, og sagði hann í því sambandi, að það hefði nú upp á síðkastið verið meira sótt á eða kannske frá upphafi verið meira sótt á af hálfu ríkisstj. en frá Johns Manville, þannig að það væri ríkisstj. eða hlutafélagið, sem hefði orðið að sækja á með að fá þessa samninga. Það þýðir náttúrlega enn þá frekar, að það er ríkisstj., sem er þarna í meiri vandræðum og að afstaða auðfélagsins er hin sterkari. Ég verð enn í sambandi við þessar upplýsingar að ítreka það, sem ég áður lét í ljósi, að það hefði verið betra, áður en ríkisstj. gerbreytti þeirri stefnu, sem var fyrst í frv., að hún hefði talað við Alþ., áður en hún sneri sér til Johns Manville, því að það var sú algera stefnubreyting í þessu, sem ég skal svo ekki ræða meira, því að ráðh. gerði nú engar aths. við þær upplýsingar, sem ég gaf viðvíkjandi þessu. Hann sagði, að ég hefði orðað það þannig, eða hann orðaði það þannig, að ég hefði séð þarna mikinn auðhring, og ég býst nú við, að hann sé mér alveg sammála um það, þó að hann hafi nú ekki viljað gefa fyrirfram miklar upplýsingar um hann.

Það er eitt atriði, og það er stórt atriði í þessu öllu saman, sem hæstv. fjmrh. kom að vísu ekki mikið inn á, nema til þess að sýna fram á, hvað ég væri illa að mér í lögum, en var svo elskulegur eftir á að leiða mig í allan sannleika um. Það er í sambandi við skattinn og 6. gr. Ef ég skil það rétt, sem hann fræddi mig um, sem sjálfur er lögfræðingur, liggur málið þannig, að ef svona grein um skatt er orðuð þannig, að ríkisstj. sé heimilt að gera samning t. d. við Johns Manville eða hver það er, um að skattur sé svona og svona og til svona og svona langs tíma, er Alþ. þar með bundið. En hins vegar, ef það stæði bara, að skattur skuli vera svona, jafnvel þó það sé tiltekinn einhver tími, þá getur næsta Alþ. breytt því. Þá er sem sé formúlan fundin. Við skulum segja t. d., að meiri hl. Alþ. samþykki með eins atkv. meiri hl. í hvorri d., að ríkisstj. sé heimilt að semja við Landssamband ísl. útvegsmanna um það, að skattur af öllum meðlimum þess skuli vera t. d. 45%, 35%, 10% eða 5% næstu 20 árin. Mér skilst það vera alveg hreint ótvírætt, að lögfræðilega sé þetta þá heimilt með þessum skilningi l. Ríkisstj. getur samið t. d. við Félag ísl. iðnrekenda eða t.d. við eitt einstakt félag, t. d. stóran atvinnurekstur hér einhvern, til 25—30 ára um ákveðna skattaprósentu. Ef Alþ. seinna meir breytir þessu, t. d. í 10 ár, á þar með þetta félag svona og svona mikla skuldbindingakröfu á hendur ríkinu fyrir samningsrof. Ég er eiginlega alveg hissa, að mönnum skuli ekki hafa dottið þetta í *hug fyrr, að það skuli vera útlendingar fyrst og fremst*, sem þurfi að koma með það þessa leið. Ég sé ekki betur en þarna sé fundið alveg nýtt patent fyrir íslenzka yfirstétt. Ef hún væri eitthvað dálítið hrædd um, að Alþ. ætlaði að fara að verða fullróttækt fyrir sig, léti hún bara samþ. í seinustu kosningum, áður en þeir héldu, að illa færi, að til næstu 25 ára t. d. væru gerðir svona samningar við öll þessi nafngreindu fyrirtæki eða nafngreind samtök þeirra og annað slíkt, og þar með væri Alþ. bundið.

Ég vil bara vekja eftirtekt á þessu, af því að ég hef einmitt verið að gera aths. við það, að svona væri ekki hægt að afgreiða l. frá Alþ. Ef þessi háttur er á hafður, þýðir það, að ef skattarnir eru kallaðir samningar um skatta og ríkisstj. heimtar að gera slíka samninga um skatta, er hægt að skuldbinda Alþ. fram í tímann og raunverulega svipta Alþ. skattálagningarvaldinu, gera komandi Alþ. skaðabótaskyld fyrir að samþ. álögur á þessi fyrirtæki, sem raunverulega var búið að undanþiggja þau. Hér stendur t. d. í 6. gr., með leyfi hæstv. forseta:

„Jafnframt er ríkisstj. heimilt að kveða svo á með samningi, að framleiðslufélaginu skuli eigi skylt að greiða hér á landi umfram tekjuskatt þann, sem að framan greinir, aðra skatta en þá, sem hér segir:"

Svo eru skattarnir taldir upp. Allir skattar, sem Alþ. kynni að samþykkja á næstu 20 árum, sem væru aðrir en þessir, allir þeir skattar kæmu ekki þessu félagi við. (Gripið fram í.) Ja, það er alltaf hægt að finna upp nýja skatta. Fjmrh. eru alveg sérstaklega sniðugir í því margir, en viðkomandi félag væri undanþegið öllu slíku, hvað mikið hugvit sem allir komandi fjmrh. hefðu. Það væri örugglega undanþegið öllu slíku, og ef svona samningur væri síðan gerður t. d. við Félag ísl. iðnrekenda, Landssamband ísl. útvegsmanna, Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna og einhverja fleiri, væri nokkurn veginn búið að undanþiggja yfirstéttina fyrir næstu ár jafnvel áratugi. Ég vil þess vegna spyrja, eins og stundum er sagt í daglegu máli: Er þetta hægt? Er það hægt að ætla sér að skuldbinda Alþ. svona? Gera Alþ. skaðabótaskylt fram í tímann fyrir samningi, sem svona er gerður? Ég verð að segja alveg hreint eins og ég meina. Ég er ákaflega hræddur um, að eitthvert komandi Alþ. kynni að líta svo á, eftir að búið væri að gera hvern samninginn á fætur öðrum, fyrst við Swiss Aluminium síðan við Johns Manville, næst á eftir við Standard Oil, síðan við Findus og við Félag ísl. iðnrekenda o. s. frv., þá er ég anzi hræddur um, að það kæmi að því, að á einu Alþ. yrði samþykkt, að þeir menn, sem hefðu samþykkt þessa skatta á þinginu og þessa samninga svona, yrðu gerðir persónulega ábyrgir fyrir því og öllum þeim skaðabótum, sem af því mundu hljótast. (Gripið fram í.) Nei, ég er ákaflega hræddur um, að það væri ekki heldur gilt. Ég er hræddur um, að Alþ., sem gerði slíkt, mundi láta það verða gilt, vegna þess að það er nú einu sinni svo, að það, sem ákveðið er af Alþ. á hverjum tíma, eru lög, þó að það sé þveröfugt við það, sem var gert áður. Ég býst við, að svo kynni sem sé að fara, að þegar búið væri að ganga mjög lengi

fram í þessu og þyngja að sama skapi skattana á almenningi, kæmi að því, að menn segðu: Nú þolum við þetta ekki lengur.

Það, sem gerði, að ég fór að ræða þetta hér, er, að þegar menn byrja á svona hlut, eins og samningunum við Swiss Aluminium og samningunum við Johns Manville nú, þá eiga menn að hugsa brautina til enda. Það er í fyrsta lagi gefið, að hver einasti útlendur hringur, sem hér kemur á eftir, — og við eigum von á mörgum, eftir því sem hæstv. forseti lýsti yfir, — hver einasti útlendur hringur heimtar sama rétt. Johns Manville gerir það nú þegar að vissu leyti, og Standard Oil verður ekki linari í kröfum. Þá verður það ekki bara danskur djöfull, sem pínir alþýðuna, hann verður annar.

Hvað lengi halda menn nú, eftir að helmingurinn af fjármagni í íslenzku atvinnulífi er orðinn útlendur, hvað lengi halda menn, að íslenzk atvinnurekendastétt mundi vera það aum, að hún léti bjóða sér það að vera hornreka í sínu eigin landi og sitja með miklu þyngri skatta en útlend stórgróðafyrirtæki hefðu í landinu? Skyldi hún ekki segja á meðan hún hefði enn þá meiri hl. á þingi, skyldi hún ekki segja við sína fulltrúa: Þetta lið ég ekki lengur. Nú heimta ég sams konar samninga. Landssamband ísl. útvegsmanna segir: Nú fer enginn bátur úr vör. Félag ísl. iðnrekenda segir: Nú verður engin verksmiðja rekin fyrr en búið er að láta okkur hafa svona samninga. Við fellum okkur vel við það, að ríkisstj. sé heimilað að gera svona samninga við okkur. Þar með höfum við samningsréttinn, og framtíðin verður síðan að borga. En ég vil bara spyrja. Ég er ekki endilega að gefa fulltrúum Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna eða Landssambandi ísl. útvegsmanna hér þessa hugmynd. Ég veit, að þetta eru það hugmyndaríkir menn, að þeim dettur það í hug sjálfum, en ég bara meina, að um leið og við gerum þessa ráðstöfun er bezt að skoða endinn á þessu.

Ég ætlaði ekki með þessu neitt sérstaklega að vera að tefja þetta mál, aðeins að láta það koma fram, sem ég álít, að þurfi að koma fram í þessu, og þakka þeim, sem hafa hjálpað mér til þess að upplýsa það.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég skal ekki blanda mér í deilur hv. 3. þm. Reykv. og hæstv. fjmrh., en vegna þess að hv. 3. þm. Reykv. beindi fsp. til mín sérstaklega í fundarlokin áðan og þar sem hann er svo vanur að vera kennari okkar hér í d. og fræða okkur, þá fannst mér ekki nema eðlilegt, að ég reyndi að endurgjalda honum, þegar hann leitaði til mín með ákveðna spurningu.

Ég hygg, að það sé alger misskilningur hjá hv. þm., að slík skatthlunnindaákvæði séu algert nýmæli í íslenzkum l. Ég fór og fletti upp ákveðnu dæmi, sem ég þóttist muna, og rakst strax á. Það var að vísu umdeilt fyrirtæki, ég skal geta um það á eftir, að hve miklu leyti þær deilur eru réttnætar, en það er í l. nr. 11 frá 7. júní 1902 um heimild til að stofna hlutafélagsbanka á Íslandi, þ. e. a. s. um Íslandsbanka. Þar segir í 12. gr.:

„Aldrei má íþyngja Íslandsbanka með nokkru gjaldi eða skatti, öðrum en þeim, sem nefndur er í 14. gr., meðan hann hefur heimild til seðlaútgáfu samkv. 1. þessum".

Og skv. 1. er í inngangi þeirra heimilt að veita honum einkarétt um 30 ára tímabil til að gefa út seðla, svo að þarna felst 30 ára heimild til skatthlunninda samkv. ákvæðum l. sjálfra, sem að vísu taka ekki gildi almennt, nema samkomulag verði milli hinna erlendu fésýslumanna og þáverandi handhafa ríkisvalds á Íslandi, sem var danska stjórnin, eins og við vitum, á árinu 1902. Það er enginn vafi á því, að skattálagning umfram það, sem segir í þessum l., mundi hafa verið óheimil á þessu 30 ára tímabili. Ég hygg, að lögfræðinga geti ekki greint á um það, að íslenzkum löggjafa mundi vera óheimilt að breyta þessu ákvæði, nema þá því aðeins, að bætur kæmu til gagnaðila.

Við sjáum svo aftur, að einmitt þetta dæmi sýnir, að slík löggjöf langt fram í tímann stenzt oft miður en ráðgert hafði verið. Íslandsbanki sjálfur varð að hætta störfum, eins og við vitum, strax 1930, og raunar löngu áður hafði hann sökum vanefnda skuldbindinga af sinni hálfu orðið að undirgangast ýmsar kvaðir gagnvart íslenzka ríkinu, sem ekki voru ráðgerðar í þessum fyrstu l. Ég er einungis að rifja upp sögu, ég er ekkert að spá, hvernig fara muni fyrir öðrum fyrirtækjum, en svona var það í þessu tilfelli, og út af fyrir sig held ég, að þó að Íslandsbanki yrði til að valda miklum deilum í íslenzkum stjórnmálum, hafi aldrei verið fundið að þessu skattahlunnindaákvæði sérstaklega, eða a. m. k. rekur mig ekki minni til þess, og hef ég þó ekki getað sannreynt það á þessum stutta tíma.

Ég hygg, að það væri hægt við nánari skoðun að finna ýmis fleiri ákvæði í íslenzkum l. um skattahlunnindi tiltekinn tíma. Sum af þeim ákvæðum hafa komizt í framkvæmd, að því er ég hygg, önnur hafa ekki komizt í framkvæmd, vegna þess að ekki varð úr samningum, sem gert hafði verið ráð fyrir, þegar tilsvarandi l. voru sett. Auðvitað er heimilt að breyta almennum skattalögum án þess að nokkrar skaðabætur komi til þess, sem una hefur orðið þeim almennu skattlagningarákvæðum. Aftur á móti, ef tilteknum aðila eru veitt skatthlunnindi, hvort heldur samkv. beinu lagaákvæði eða skv. samningi, sem byggist á beinu lagaákvæði, er ekki heimilt að afnema það að mínu viti, nema með bótum til gagnaðila. Við skulum taka ákveðið dæmi. Ég hygg, að það hafi legið fyrir á þessu þingi a. m. k. þáltill. um, að það yrði athugað, að fyrirtækjum, sem sett væru upp, þar sem atvinnuskortur er, yrðu veitt tiltekin skatthlunnindi. Þetta er t. d. með fordæmi frá Noregi, eins og við vitum. Þetta er einföld regla, en getur verið erfið í framkvæmd. Það er enginn vafi á því, að ef einstök fyrirtæki væru sett upp samkv. lagaboði, þar sem sagt væri, að þau fyrirtæki, sem fullnægðu þessum og þessum nákvæmu skilyrðum, og sagt væri síðan, að þau ættu að njóta skattfríðinda í 20—30 ár, væri óheimilt að breyta því, nema bætur kæmu til, ef þannig er um tiltekin skilyrði að ræða, staðbundin, en ekki almenna reglu. Það fer eftir því, hvort talið verður um almenna reglu að ræða eða ekki.

Svo er allt annað mál, sem ég veit, að hv. 3. þm. Reykv. getur frætt mig mikið betur um en ég kann, hvernig á þetta verður litið, ef bylting er gerð, og skal ég ekki fara út í þá sálma. Þá viðurkenni ég hann tvímælalaust betur að sér og miklu hæfari kennara en ég þykist vera í þessum fræðum.

Svona hygg ég, að málið horfi við lögfræðilega, og ætti það í raun og veru að róa hv. þm., að þau ákvæði, sem nú er verið að setja, eru engin nýjung. Þetta hefur verið sett öðru hvoru, án þess að það skapaði nokkur þau fordæmi hér, sem kollsteyptu okkar skattakerfi, eða gerði það að verkum, að hér kæmi nokkur aðalsstétt ríkisbubba, sem heimtaði að vera skattlaus. Það hefur staðið svo sérstaklega á í þeim tilfellum, þegar slík ákvæði hafa verið sett, að aðrir hafa ekki talið sig geta sótt fordæmi til þeirra. Hitt skulum við svo játa, að það er allt annað mál, hvort slík ákvæði hverju sinni þykja heppileg eða heppileg ekki.

Það var deilt um Íslandsbanka á sínum tíma. Það var svo um Íslandsbanka eins og um ýmis fleiri mál oft vill verða, að deilurnar snerust nokkuð. Fyrst voru þeir með Íslandsbanka, sem síðan urðu á móti honum, og þeir að lokum með honum, sem áður höfðu barizt harðast á móti. Slíkt er engin sérstök nýjung í stjórnmálum nú og hefur oft skeð áður. Það var getið um það, og það var til lofs, hér í umr. í hv. d. fyrr á þessu þingi, að Magnús heitinn Stephensen landshöfðingi fékk því ráðið að Landsbankinn var lagður niður. Við skulum þó ekki gleyma því, og það vil ég, að komi alveg skýrt fram, — ég hef raunar heyrt, að hv. samþingsmaður minn, 8. þm. Reykv., Ólafur Björnsson, hafi bent á það í umr. í Ed., — að það er enginn vafi á því, að fáar stofnanir hafa orðið Íslandi hollari á þessari öld en Íslandsbanki. Það mátti deila ákaflega mikið um margar fjármálaráðstafanir, sem Íslandsbanki gerði, og það var hart um þær deilt, og það var eðlilegt, að þegar Íslendingum óx fiskur um hrygg vildu þeir ekki una því, að Íslandsbanki væri aðalfjármálastofnun landsins, en óhlutdræg sögukönnun hlýtur að sannfæra alla, sem henni vilja kynnast, um það, að Íslandsbanki átti mjög verulegan þátt í því, að fiskveiðar urðu höfuðatvinnuvegur Íslands og verzlunin fluttist inn í landið, þannig að þegar saga Íslandsbanka er skoðuð í heild, varð hún Íslandi til mikillar gæfu. Það er rétt, að þetta komi einnig hér fram. Það skiptir ekki máli um deiluefni okkar nú, en mér þótti rétt að geta þess, úr því að ég hafði tilefni til þess að svara spurningu hv. 3. þm. Reykv.

Einar Olgeirsson: Má ég þakka hæstv. forsrh. fyrir kennslustundina, og nú er rétt að vita, hvort ég hef lært nokkuð.

Í fyrsta lagi er ég alveg sammála því og álít það alveg hreint rétt, að einmitt sú löggjöf, sem samþ. er um Íslandsbanka á meðan hér er dönsk stjórn í landinu, sé fyrirmynd að því, sem við erum að gera núna, þannig að ég samþ. alveg hreint, að það hefði verið til heimild fyrir því, sem nú er gert. En um leið er það líka að mínu áliti alveg hárrétt hjá hæstv. forsrh., að það hafa hvað eftir annað verið samþykkt skattalög um einstök fyrirtæki, t. d. ný fyrirtæki, sem verið hafa að koma upp, togarafyrirtækin, þegar verið var að kaupa þau hér á árunum, sérstakar afskriftir og ýmislegt annað slíkt, og enn fremur hafa hvað eftir annað verið sett sérstök l. um skatta almennt, sem gæfu sérstakar undanþágur um slíkt, en þeim l. hefur þó alltaf verið hægt að breyta. Þá er munurinn þessi eftir því sem mér skilst, svo að ég taki t. d. eitt dæmi.

Það voru samþykkt sérstök skattalög viðvíkjandi samvinnufélögunum hér á árunum, og þau stóðu hér alllengi. Og samvinnufélögin höfðu sérstaka skatta á þeim tíma. Er þetta ekki rétt hjá mér? Síðan var þeim l. breytt og samvinnufélögin höfðu öðruvísi skatta eftir það. Ef nú í staðinn, við skulum segja t. d. 1931, þegar Framsfl. var hér mjög sterkur á þingi, ef ríkisstj. Framsfl. hefði verið heimilað að gera samning um skatt til 45 ára við Samband ísl. samvinnufélaga og þau kaupfélög, sem í því voru, og tilgreint, hvernig sá skattur ætti að vera, hefði það verið löglegt? Ef við hefðum farið að hreyfa við því seinna, einhverjir hér á Alþ. og breyta því, þá hefði Alþ. verið skaðabótaskylt. Er það ekki rétt skilið hjá mér? Yfirsjónin sem sé hjá Framsókn á þessum tíma, þegar hún var að berjast fyrir réttindum samvinnuhreyfingarinnar, var að þekkja ekki þessar nútíma aðstæður, að fela einni ríkisstj. að gera bara samning við Samband ísl. samvinnufélaga um kaupfélögin til 45 ára um skattana, þá var málið komið, þá áttu menn ekkert undir um það, að samvinnulögunum og þeirra skattgreiðslu yrði nokkurn tíma breytt.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég vil einungis vekja athygli á því, að ég tel, að það, hvort slíkur samningur sé heimilaður í löggjöf eða hvort löggjöfin segi beint, að þetta eigi að vera svo og svo, skipti engu máli. Hitt er annað mál, að ef tilteknum aðila er veittur ákveðinn réttur, heldur hann honum, nema því aðeins að sá réttur sé felldur löglega burtu aftur. Hvaða skilyrði þurfi að vera til þess, er aftur á móti svo margþætt mál, að því verður ekki svarað til hlítar. Við skulum segja, að varðandi Íslandsbanka liggur dæmið alveg ljóst fyrir. Við skulum halda okkur að því dæmi. Hann missir þau hlunnindi, sem honum eru veitt, ekki aðeins skattahlunnindin, heldur er hann búinn að missa mörg hlunnindi áður, eftir því sem tímar liðu, vegna þess að breyttar aðstæður gerðu það að verkum, að samningar komust auðveldlega á milli aðila um að fá nauðsynlegar breytingar fram. Við skulum segja, að ef Sambandið hefði á sínum tíma fengið slík allsherjarskatthlunnindi, eins og hv. þm. gerði ráð fyrir og Alþ. hefði ákveðið þau, þá er auðvitað alveg víst, að aðrar aðstæður í þjóðfélaginu hefðu leitt til þess, að það hefði verið hægt að koma þessu í skaplegt horf, alveg eins og aðrar aðstæður í þjóðfélaginu gera það að verkum, að ég efast ekki um, að mörg ákvæði þess samnings, sem nú er verið að fjalla um, og mörg ákvæði álsamningsins verða endurskoðuð áður en samningstími er búinn. Þannig er lífið ætíð, hefur verið og verður. Þetta fæst með góðu samkomulagi aðila á milli, jafnvel þó að ekki verði farið í þá stóru kennslustund hjá hv. 3. þm. Reykv. um byltinguna.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Ég ætla að leyfa mér að gera svolítið að umtalsefni þá afstöðu, sem lýst hefur verið hér af hálfu fulltrúa Framsfl. í þeirri n., sem fjallaði um þetta mál, og hv. l. þm. Norðurl. v. gerði grein fyrir áðan. Hann sagði, að Framsfl. hefði verið með löggjöfinni um kísilgúrverksmiðju á sínum tíma og væri það enn. Það væri ekki það, en hann vildi bara með sinni afstöðu og þá þessir

tveir nm. fyrst og fremst, sem hafa gert grein fyrir sinni afstöðu í nál. og rökstuddu dagskránni, hindra ríkisstj. í því að færa dómsvaldið út úr landinu. Ég veit, að það hafa margir furðað sig á þeim tilbrigðum, sem fram hafa komið í sambandi við afstöðu Framsfl. eða fulltrúa hans, þm. hans, sem talað hafa fyrir honum, og nm. og annarra í þessu máli, og ég hef ekki séð ástæðu til að víkja neitt frekar að því, nema vegna þessarar sérstöku yfirlýsingar hv. 1. þm. Norðurl. v. áðan. Ég held, að það sé alveg rétt, að hv. þm. geri sér alveg grein fyrir því, til hvers hefur verið ætlazt af mér af þessum þm. til þess að þeir gætu fylgt málinu, og menn sjá þá svona svolítið, hver efnisleg afstaða manna er eða hvort hún er kannske bara hégómleg eða eitthvað annað og á rætur sínar að rekja til annarlegra sjónarmiða. Það er ætlazt til þess af mér, að ég lýsi því yfir, að ríkisstj. muni aldrei semja um það, að hlutlaus, erlendur dómstóll kæmi til með að fjalla um deilumál þessara aðila. Ég gerði þá grein fyrir afstöðu minni í Ed., að slíka yfirlýsingu vildi ég ekki gefa. Í fyrsta lagi væri það óeðlilegt, að ég væri að gefa slíka yfirlýsingu, því að hún mundi ekki binda síðari ríkisstj. á neinn hátt, og um það geta menn auðvitað haft skiptar skoðanir, en auk þess var mín skoðun og er, að ég tel það, að vel gæti svo farið, að það væri hagsmunamál ríkisstj. en ekki í þessu tilfelli Johns Manville, að milli þessara tveggja aðila gæti samizt um það að láta hlutlausan erlendan gerðardóm Alþjóðabankans fjalla um deilumál, sem kynnu að rísa, fremur en íslenzka dómstóla og ekki vegna neins vanmats á íslenzkum dómstólum. Þá hugsa ég mér það, að það sé fyrst og fremst íslenzka ríkisstj., sem hefði fjárkröfu á hendur sölufélaginu, sem er staðsett á Húsavík. Það er gert ráð fyrir, að um 2—3 menn séu í þjónustu þess fyrirtækis, og það er kannske ein skrifstofa með einhverjum skrifstofuhúsgögnum, og ef hér væri um háa og verulega dómkröfu að ræða, þyrfti kannske að framfylgja þeim dómi á erlendri grund, þar sem eigandi fyrirtækisins er, Johns Manville, og það er ekki alveg búið í einu vetfangi að fá þar aðfararhæfan dóm fyrir þessari kröfu, þó að íslenzkur dómstóll hafi fellt þann úrskurð, að svo skuli vera. Það er þess vegna, eins og eðli þessa máls er, ekkert ósennilegt, að það gætu skapazt þær kringumstæður, að þetta væri fyrst og fremst hagsmunamál ríkisstj., að hún vildi þetta heldur og teldi það auðvelda sína málsmeðferð og gera hana sterkari til þess að fá fullnægt sínum dómsúrskurði um réttmætar fjárkröfur sínar á hendur slíku fyrirtæki. Og ég benti á það, að þegar væri orðin að l., sem Alþ. hefur nú afgreitt, heimild fyrir ríkisstj. til þess að gerast aðili að alþjóðasamningi um lausn fjárfestingardeilna milli ríkja og þegna annarra ríkja, og væri það því samkv. íslenzkum l., að ríkisstj. semdi um það við fyrirtækið, ef hún óskaði sjálf eftir því, að slík yrði málsmeðferð á milli þessara tveggja deiluaðila. En samkv. þeirri samþykkt er það háð samþykki aðilanna hverju sinni, eins og kunnugt er, hvort þannig yrði farið að. En að gefa yfirlýsingu, sem útilokaði okkur frá því, ef hún ætti að vera bindandi, að hagnýta okkur nokkurn tíma þetta og vilja ekki meta það miðað við þær kringumstæður, sem þá væru fyrir hendi, það teldi ég ákaflega óskynsamlegt. Ég gaf hins vegar jafnhliða þessu þá yfirlýsingu, að ég mundi ekki beita mér á neinn hátt fyrir því, að tekin væri inn í samningsgerðina núna nein skuldbinding í eitt skipti fyrir öll um það, að slíkar deilur skyldu fara fyrir þennan alþjóðlega gerðardóm. Því lýsti ég yfir í Ed., og það kom fram í ræðu minni hér í Nd. á laugardaginn var eða þegar þetta mál var rætt hér. Og þá lá það fyrir í yfirlýsingu hæstv. fjmrh., að það væri ekki gert ráð fyrir að semja um annað en íslenzka dómstóla og íslenzka gerð, sem væri í því fólgin, að hvor aðilinn nefndi sinn aðilann og kæmi sér saman um oddamanninn, og ef þeir ekki næðu samkomulagi, þá Hæstiréttur. Og þar við bættist yfirlýsing hv. 1. þm. Norðurl. e., Karls Kristjánssonar, sem ég vitnaði í. Hann lýsti því yfir vegna síns kunnugleika og veru í samninganefndinni, að erlendi aðilinn gerði enga kröfu um slíkt. Mér finnst þess vegna með öllu óskiljanleg afstaða þeirra manna í Framsfl., sem setja þetta fyrir sig.

Það kom fram í ræðu hv. 3. þm. Reykv. hér áðan, að það gæti vel verið, að það yrði lagzt með þunga á íslenzka málsaðilann af sendiráði Bandaríkjanna hér, sem sendiráði þess ríkis, sem þessi aðili er frá, lagzt af þunga á íslenzka aðilann og íslenzka ríkið í deilum, sem við hann stæðu hérna. En það er einmitt eitt atriði í alþjóðabankasamþykktinni, sem ég kallaði svo, að ríki viðkomandi einkaaðila má ekki blanda sér í deiluna, ef búið er að semja um að láta hana fara til úrlausnar samkv. þessari samþykkt. En þar segir svo í 27. gr. samþykktarinnar:

„Ekkert aðildarríki skal veita diplómatíska vernd eða gera alþjóðlega kröfu varðandi deilu, sem einn af þegnum þess og annað aðildarríki hafa samþykkt að vísa eða hafa þegar vísað til gerðar samkv. samningi þessum."

Að þessu leyti væri það kannske einnig hagræði að reka málið eftir þessum leiðum, en það fer hins vegar, eins og ég segi, eftir mati ríkisstj. á hverjum tíma, og það er áreiðanlega ekki skynsamlegt af neinni ríkisstj. að vera að gefa neinar yfirlýsingar fram í tímann um það, sem við skulum segja, að eðlis málsins samkv. ætti þá að binda viðkomandi ríkisstj. svo lengi, sem hún væri, en getur með engu móti bundið aðrar ríkisstj. að mínum dómi.

Hér hefur hlaupið einhver kökkur í þetta mál hjá hv. framsóknarmönnum, enda hafa þeir ekki samstöðu um þetta eins og skiljanlegt er. Þetta vildi ég benda mönnum á, svo að mönnum væri ljóst, hver afstaða mín hefur verið og af hverju ég hef færzt undan að vilja gefa yfirlýsingar, sem mér finnst óráðlegar og óskynsamlegar og hafa enga efnislega þýðingu í sambandi við afstöðu til þessa máls.

ATKVGR.

Rökst. dagskrá felld með 25:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÞÞ, ÁÞ, EðS, KTh, EOl, EystJ, GeirG, VH, GGuðbj, HV, LJós, RA, SE, SkG.

nei: AJ, BGr, BF, BBen, BP, DÓ, EmJ, HEÞ, SJJ, GunnG, GÞG, IngJ, IG, JóhH, JSk, JP, JR, MB, MÁM, ÓL, PS, SÁ, US, SvJ, SB.

Einn þm. (BFB) fjarstaddur.

Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Ingvar Gíslason: Herra forseti. Fyrir tveimur árum

voru samþ. einróma l. um kísilgúrverksmiðju við Mývatn. Í umr. um málið tóku til máls þm. úr öllum þingflokkum. Var ekki annað að heyra en allir eða a. m. k. flestir fögnuðu þeim framkvæmdum, sem fyrirhugaðar væru í Mývatnssveit. Sérstaklega var því fagnað, að ný verksmiðja væri staðsett í dreifbýlinu. Að vísu hefur sumt farið á annan veg í þessu máli en vænzt var fyrir tveimur árum, og ber vissulega að harma það. Ekki tel ég þessi atriði þó stórvægileg, og fyrir mér kemur samanburður á þessu máli og álbræðslumálinu ekki til greina. Ég tel brýna nauðsyn bera til að hraða sem mest byggingu kísilgúrverksmiðjunnar við Mývatn og tryggja sölu á afurðum hennar. Að því miða þeir samningar, sem leitað er heimilda fyrir í þessu frv., og í trausti þess, að ekki verði samið um erlendan gerðardóm né nein önnur afbrigði frá íslenzkum l. en greinir í þessu frv., segi ég nei.

1. gr. samþ. með 25:14 atkv.
2.—6. gr. samþ. með 25:14 atkv.
Brtt. 713 felld með 22:8 atkv.
7. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
8.—9. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25:13 atkv.

Á 89. fundi í Nd., 5. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 25 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 25:14 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 714).

---

61. Innflutningur á hvalveiðiskipi.

Á 13. fundi í Nd., 9. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til þess að leyfa h/f Hval innflutning á hvalveiðiskipi [58. mál] (þmfrv., A. 66).

Á sama fundi í Nd. var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 25 shlj. atkv.

Frsm. (Birgir Finnsson): Herra forseti. Þetta litla frv., sem hér liggur fyrir á þskj. 66, er flutt af sjútvn. hv. d. samkv. beiðni samgmrn. Frv. felur það í sér, að hlutafélaginu Hval verði leyfður innflutningur á einu hvalveiðiskipi, þótt eldra sé en 12 ára, en eins og kunnugt er, eru ákvæði í 35. gr. l. nr. 50 frá 1959, sem banna innflutning á skipum, sem eldri eru en 12 ára. Þegar hvalveiðiskip hafa verið flutt til landsins á undanförnum árum, hefur sams konar undanþága og í þessu frv. felst jafnan verið veitt. Það skip, sem nú á að kaupa, er 13 ára gamalt, og það mun koma í stað elzta hvalveiðiskipsins, sem nú er í notkun og er 26 ára gamalt. Það skip verður ekki lengur notað við veiðarnar. Nýja skipið er um 600 brúttórúmlestir, en það gamla, sem lagt verður upp, er um 400 rúml. Norsku hvalveiðiskipunum er nú sem óðast breytt í fiskiskip, og er þetta eins og sakir standa eina tækifærið til að kaupa hvalveiðiskip til landsins af þeirri stærð, sem okkur hentar. Fyrsta greiðsla fyrir skipið þarf að fara fram 15. þ. m. en getur ekki átt sér stað fyrr en það leyfi er fengið, sem felst í frv.

Eins og fram kemur á fskj. með frv., hefur Skipaskoðun ríkisins fengið þetta mál til umsagnar og mælir með því, að umbeðið leyfi verði veitt. Ég vil svo mælast til þess við hæstv. forseta, að afgreiðslu þessa máls verði hraðað, helzt þannig, að það hljóti afgreiðslu í þessari hv. d. í dag, ef mögulegt er.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv.

Á 14. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 2. umr.
Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Á 15. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 13. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 14. fundi í Ed., 11. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér um ræðir, er ekki mikið að vöxtum, og ekki þarf langra skýringa á því. Frv. er flutt að beiðni samgmrn. af hv. sjútvn. Nd. í þeirri hv. d. og hlaut þar einróma samþykki á 3 fundum, sem haldnir voru sama daginn. Ástæðan til þess, að þetta frv. er fram komið, er sú, eins og í grg. þess segir, að skipakaup þessi, sem um er að ræða í þessu tilfelli — skip það, sem um er að ræða í þessu tilfelli — er aðeins eldra en lögheimilað er með kaup á notuðum skipum, eða um 13 ára að aldri, þ. e. a. s. 1 ár yfir hinn lögboðna 12 ára aldur. Ég legg til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. sjútvn., og óska þess eindregið, að n. hraði svo störfum sem unnt er um afgreiðslu málsins, því brýna nauðsyn ber til, að málið hljóti afgreiðslu eigi síðar en n. k. mánudag.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til sjútvn. með 18 shlj. atkv.

Á 15. fundi í Ed., 15. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 66, n. 76).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Frsm. (Jón Árnason): Herra forseti. Eins og fram kemur á þskj. nr. 76, mælir sjútvn. með því, að frv. þetta verði samþ. Í grg. fyrir frv. segir, að h/f Hvalur hafi farið þess á leit að fá að flytja inn hvalveiðiskip, sem er eldra en 12 ára, sbr. 35. gr. l. nr. 50 frá 1959. Kveðst félagið eiga kost á að kaupa nú slíkt skip í Noregi, sem henti mjög til hvalveiða hér við land, en nauðsynlegt sé að endurnýja hvalveiðiskipaflotann, og enn fremur, að þar sem hið umrædda skip sé eldra en 12 ára, en vandkvæðum bundið að kaupa yngra skip til hvalveiða, beri brýna nauðsyn til að heimild sé veitt til innflutnings skipsins, sbr. 35. gr. fyrrnefndra l. Þá kemur fram sem fylgiskjal með þessu frv., að Loftur Bjarnason, framkvstj. útgerðarfélagsins Hvalur, hefur snúið sér til skipaskoðunarstjóra, og mælir hann enn fremur með, að frv. þetta verði samþ. og leyfður innflutningur á skipinu. N. mælir, eins og fram kemur á nál., einróma með því, að þetta frv. verði samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 16. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 84).

---

62. Sinubrennur.

Á 9. fundi í Sþ., 3. nóv., var útbýtt frá Ed.:
Frv. til l. um sinubrennur og meðferð elds á víðavangi [53. mál] (þmfrv., A. 56).

Á 12. fundi í Ed., 8. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Frsm. (Bjartmar Guðmundsson): Herra forseti. Landbrn. hefur sent landbn. Ed. frv. til l. um sinubrennur og meðferð elds á víðavangi og óskað þess, að n. flytti frv. N. hefur lesið frv. yfir á einum fundi, ekki fullskipuð að vísu alveg, en verið sammála um það, að einboðið væri að flytja þetta frv. að ósk landbrn. Frv. mun vera samið af 2 mönnum, Ólafi E. Stefánssyni í Búnaðarfélagi Íslands og Hákoni Guðmundssyni yfirborgardómara, að ósk landbrn. Þetta frv. virðist vera fremur vel gert, og n. hefur við fyrstu athugun ekki fundið neitt sérstakt, sem hún óskaði eftir að taka fram til breytinga, en mun að sjálfsögðu athuga það betur síðar.

Í l. munu ekki vera til ákvæði um sinubrennur eða meðferð elds á víðavangi önnur en gömul ákvæði í Jónsbók í landsleigubálki 29. kapítula, sem hljóðar þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Brenna má maður sinu af jörð sinni, þar sem hann vill, og bæta skaða þann allan, er öðrum mönnum verður af, ef hann hefur þá eigi orlofs til beðið, er næstir búa."

Sem sagt, það hefur verið talið leyfilegt að brenna sinu á hvaða árstíma sem er, undirskilið, að sá, sem kynni að verða valdur að skaða af þeim sökum, hann yrði að bæta það, ef hann hefði ekki leyfi frá nágrönnum sínum til íkveikjunnar.

Nú hefur það færzt mjög í vöxt síðustu ár að brenna sinu, vegna þess að hún torveldar víða notkun lands til beitar, ekki sízt síðan hætt var að nytja allt graslendi svo að segja, sem fyrirfannst til slægna, og er þetta mjög nauðsynlegt. Að sjálfsögðu hefur þetta og tíðkazt á öllum tímum landsbyggðarinnar og stundum orðið tjón að, þegar eldur hefur hlaupið í kjörr eða kviknað hefur í jörðinni sjálfri, þegar hún er orðin mjög þurr, og eru ýmis dæmi til þess nú frá seinni tímum, að eldur hefur orðið laus á víðavangi og valdið spjöllum, einkum þó fyrir óvarkárlega meðferð elds hjá ferðafólki.

Frv. er í 9 gr., og 1. gr. fjallar um sinubrennslu í kaupstöðum eða innan kauptúna, og er gert ráð fyrir, að þar þurfi að leita leyfis lögreglustjóra eða hreppstjóra, til að menn megi kveikja þar eld.

2. gr. fjallar um sinubrennslu í sveitum. Eru þau ákvæði ofurlítið margbrotnari og í höfuðatriðum þau, að ekki megi kveikja eld nær mörkum lands, sem spjöll geta hlotizt á, en 1000 m nema tilkynna það áður, og leyfi hreppstjóra þurfi til hverju sinni að brenna sinu þar.

Þá eru í 3. gr. ákvæði um það, að stöðug gát skuli vera höfð á þeim eldi, sem kveiktur er, unz hann hefur kulnað, til að fyrirbyggja það, að hann dreifist út á svæði, þar sem hann má ekki koma.

4. gr. er um það, að hreppstjóri skuli gæta þess, að þar sem leyfð er sinubrenna, þá fari hún fram lögum samkvæmt.

5. gr. er um það, að ekki sé leyfilegt að brenna lyng eða kjarr, nema taka eigi það land til ræktunar síðar. Það er til verndar kjarrskógi og slíku landi, að því verði ekki eytt, því að kjarr sprettur ekki aftur, ef það er brennt, fyrr en þá eftir langan tíma.

6. gr. lýtur að því að fyrirbyggja það, að vörp skemmist af völdum sinubrennu, og má því hefja hana í síðasta lagi 1. maí ár hvert, vegna þess, að eftir þann tíma er talið, að fuglar hafi orpið á víðavangi í venjulegum vorum. Þó eru ákvæði um það, að þetta megi dragast til 15. maí norðanlands, þar sem venjulega vorar seinna, en þá þurfi leyfi hreppstjóra til að koma eins og til annarrar íkveikju í sinu.

7. gr. er um það, að öllum þeim, sem fara með eld á víðavangi í almenningum eða á öðrum stöðum fjarri mannabústöðum, skuli vera skylt að fara mjög varlega með eld og gæta þess, að hann hafi verið kulnaður, þegar staðurinn er yfirgefinn.

8. gr. fjallar um það, að skylt sé að tilkynna annaðhvort landeiganda eða yfirvaldi hverju sinni, ef maður verður þess var, að eldur sé laus í heimalöndum eða almenningum eða yfirleitt á víðavangi.

9. gr. fjallar um það, að sá, sem valdur er að skemmdum vegna sinubrenna eða óvarkárlegrar meðferðar á eldi á víðavangi, skuli vera bótaskyldur.

Ég tek það fram, að landbrn. hefur ekki enn athugað þetta frv. eins og skyldi, en fljótt á litið virðist mér, að öll ákvæði frv. séu til bóta og nauðsynleg, þar sem raunar er engin ákvæði að finna í l. um þessa hluti, sem verður að teljast mjög óeðlilegt, þar sem vel getur farið svo, að þar sem eldur verður laus hljótist af stórkostlegir skaðar og spjöll, ekki aðeins á landi heldur og á mannvirkjum, bæði húsum, girðingum, símalínum og raflínum.

Þar sem frv. er flutt af n., tel ég ekki nauðsynlegt að vísa því til n., en lýsi því hins vegar yfir, að það verður tekið til athugunar betur, áður en það er afgreitt úr þessari hv.d., og ég mun að sjálfsögðu taka til athugunar allar bendingar, sem fram kunna að koma um einhverjar breytingar eða lagfæringar á þessu frv., ef ástæða þykir til.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv.

Á 20. fundi í Ed., 25. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 56, 96).

Frsm. (Bjartmar Guðmundsson): Herra forseti. Á þskj. 96 er lítil brtt., sem landbn. hefur flutt við þetta frv., og efni hennar er það að leyfa sinubrennur lengri tíma en gert er ráð fyrir í frv., en það gerir ráð fyrir, að þær séu aðeins leyfilegar í marzmánuði og aprílmánuði. Í frv. eru þó ákvæði um það að leyfa megi sinubrennur síðar á vorinu í vissum landshlutum, þegar þannig viðri eða þegar seint vori, eða allt til 15. maí. Þetta ákvæði um l. maí eða 15. maí er miðað við það, að brenna fari ekki fram, eftir það að fuglar hafi orpið í úthaga. En þeir menn, sem sömdu þetta frv. og virðast hafa gert það af mikilli vandvirkni, munu sennilega ekki hafa verið það kunnugir í öllum landshlutum, að þeir hafi áttað sig á því, að fyrr en í marzmánuði getur oft verið mjög hentugt að brenna sinu, í febr., jan. eða jafnvel í des. Þetta á minnsta kosti við norðanlands sums staðar, þar sem tíðarfar er þannig á þessum tíma, að það getur verið langbezt að koma þessu verki af einmitt á þessum tíma. Og til þess að gera þetta leyfilegt er þessi brtt. fram flutt. Ég geri ekki ráð fyrir, að það verði neinn ágreiningur um þetta atriði, þar sem það er víst, að sinubrennsla á þessum tíma hefur sízt af öllu þær afleiðingar, sem teljast geta hættulegar á nokkurn hátt. Sé ég svo ekki ástæðu til að fjölyrða meira um þessa brtt. en vænti þess, að hún verði samþ.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Mér hefur verið á það bent af umbjóðendum mínum norðanlands, þeim, sem þar eru kunnugir, að í snjóasömum útsveitum muni sá frestur, sem settur er, eða þau tímatakmörk, sem sett eru í 6. gr., tæplega fá staðizt í öllum árum, vegna þess að þó að það sé gerð þar undantekning frá aðalreglunni um það, að sinubrennur skuli hafa farið fram fyrir 1. maí og hreppstjóra sé heimilað að gefa leyfi til sinubrennu á tímabilinu 1.—5. maí, þá geti það verið stundum svo í sumum árum, að það sé algerlega ómögulegt að láta sinubrennur fara fram fyrir 15. maí, vegna þess, að þá geti snjór verið mikill og yfir öllu. Nú eru mér að sjálfsögðu ljósar þær ástæður, sem valda því, að það tímatakmark hefur verið sett, sem hv. 8. landskjörinn gerði grein fyrir hér áðan, og auðvitað verður að gæta þess, að ekki sé gengið of nærri fuglalífi með þessum brennum, en það er nú ólíklegt, að varp sé byrjað að ráði, ef svo hagar til, að snjór liggur enn yfir landi að verulegu leyti. Þess vegna vildi ég nú mælast til þess, að hv. n., sem hefur flutt þetta frv., athugaði þetta enn betur en hún hefur gert hingað til fyrir 3. umr. og kynnti sé það, hvort það væri ekki ástæða til þess að sinna þessum ábendingum, sem fram hafa komið í þessu efni. Ég taldi mér skylt að koma þessum ábendingum á framfæri, en skal ekki leggja neinn dóm á það, hvað fært er í þessu efni. Mér sýnist raunar, að það ætti að vera skaðlaust, að það væri lagt eitthvað svolitið meira á vald hreppstjóra eða jafnvel sýslumanns en hér er gert í þessu frv., Staðhættirnir eru svo mismunandi, veðráttufarið er svo ólíkt. Það er ekki svo þægilegt að setja allsherjar reglu, sem ætlað er að gilda undantekningarlaust alls staðar. Ég held, að það geti komið til greina að leggja hér meira á vald staðbundinna yfirvalda en gert er í þessu frv., yfirvalda, sem eru kunnug öllum staðháttum. En sem sagt, ég vildi bara mælast til þess, að hv. n. tæki þetta til athugunar.

Frsm. (Bjartmar Guðmundsson): Herra forseti. Ég get vel fyrir hönd n. fallizt á það, að athuga þetta atriði betur, sem hv. 3. þm. Norðurl. v. gerði hér að umræðuefni, en mín skoðun er, að það muni vera mjög örðugt að láta sinubrennur fara fram síðar en um miðjan maí, ef þá á annað borð á að fyrirbyggja það, að slíkar brennur grandi hreiðrum, eftir að fuglar fara að verpa. Það er að vísu alveg rétt, að svo seint getur vorað norðanlands, að sinubrennu verði alls ekki komið við fyrir 15. maí. En ég held, að það verði mjög hæpið, að henni verði þá við komið á því vori, vegna þess, að undireins og snjóa leysir eftir þann tíma er fuglinn setztur og jafnvel áður en snjóa leysir og einhvers staðar er auður blettur, ég þekki það vel. Ég bar þetta atriði undir nokkra bændur áður en við gengum frá þessari brtt., og einn bóndi að norðan sagði mér, að þetta ákvæði væri ekki viðunandi fyrir sig, því ef hann þyrfti að brenna sinu, ef hún yrði á annað borð brennd að vori til, þá gæti hann ekki mörg ár brennt fyrr en um miðjan júní. Og það er að sjálfsögðu allt of seint, ef á annað borð á nokkuð að taka tillit til varps. Og ég held, að brennum verði tæplega við komið seinna en þetta að vori. Hitt er svo annað mál, að í þeim landshlutum, þar sem svona seint vorar, er venjulega hægt að brenna seint að hausti eða minnsta kosti snemma vetrar, í des., jan. eða febr., ef ekki eru því meiri snjóalög. Þá hagar oft þannig til, að þá er mjög auðvelt að brenna, ef auð er jörð, og sú brenna er minnst af öllu skaðleg, því að þá er brennt á frosinni jörð. Engin hætta er þá á, að eldur fari í jörð eða lyng eða neitt annað til skemmda. En sem sagt, ég er fús á það, að þetta sé athugað betur með breytingu fyrir augum. Ég er til með að hafa nefndarfund um þetta og athuga málið. Það liggur ekki það á þessu, og þá má taka þessa till. til baka til 3. umr.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.

2.—5. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 96 tekin aftur til 3. umr.
6.—12. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Á 22. fundi í Ed., 30. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 23. fundi í Ed., 6. des., var frv. aftur tekið til 3. umr.

Frsm. (Bjartmar Guðmundsson): *Herra forseti.* Ég gerði stuttlega grein fyrir brtt. á þskj. 96 hér við 2. umr. þessa máls, en fram kom þá ósk frá hv. 3. þm. Norðurl. v. um það, að landbn. athugaði frv. betur fyrir 3. umr. Með tilliti til ýmissa bendinga, sem hann kom með við 2. umr., þá skaut ég á fundi í landbn., og frv. var rætt enn á ný að því er snerti þau atriði, er hv. þm. óskaði eftir, að athuguð væru, og einnig átti ég tal við þá menn, sem sömdu frv., um þetta atriði, og á þessum fundi landbn. kom ekki fram nein ósk um það, að n. gerði brtt. um frv. Hins vegar má geta þess, að þessi fundur landbn. *var ekki fullskipaður, og tel ég því, að einstakir* nm. hafi óbundnar hendur um það, ef brtt. kemur fram, en tel ekki ástæðu til að gera breyt. við gr., sem hér hafa orðið til umr. Ég hef ekki fundið neitt, sem gerir það knýandi, en ýmislegt, sem valdi því, að það sé örðugt að breyta þessu ákvæði um tímatakmark, hvenær sinubrennur megi síðast fara fram. Sem sagt, það er ekki nein till. frá n. um að breyta þessu, og ég fyrir mitt leyti legg til, að sú till., sem dregin var til baka hér við 2. umr., nái fram að ganga og að öðru leyti verði ekki gerðar breyt. á frv.

ATKVGR.
Brtt. 96 samþ. með 14 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 26. fundi í Nd., 7. des., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 145).
Á 27. fundi í Nd., 9. des., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til landbn. með 25 shlj. atkv.

Á 30. fundi í Nd., 14. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 145, n. 162).

Frsm. (Gunnar Gíslason): Herra forseti. Þetta frv. var upphaflega borið fram í hv. Ed. og var flutt þar af landbn. þeirrar hv. d. samkv. beiðni landbrn. Ed. samþ. frv. svo til óbreytt, gerði þá einu breyt., að hún lengdi tímabilið, sem brenna má sinu á, frá 1. marz til 1. maí í tímabil frá 1. des. til 1. maí, því að það mun vera margra álit, að hentugast sé að brenna sinu einmitt á þeim tíma árs, ef jörð er auð og frosin.

Við vorum sammála um það í landbn. þessarar d., að það væri eðlilegt, að það væru sett l. um sinubrennur, því að vitaskuld geta þær alltaf leitt til þess, að tjón verði af, ef ekki er farið að með gát. Þær reglur, sem bændum er ætlað að fara eftir, er einkum að finna í 2. gr. frv. l. gr. frv. gerir ráð fyrir því, að það sé bannað að kveikja í sinu og brenna innan kaupstaða, en aftur á móti sé það leyft í sveitum með þeim skilyrðum, sem eru sett í 2. gr. frv. Ég vil taka það fram, að okkur barst bréf frá Dýraverndunarfélagi Íslands, þar sem þess var óskað, að undanþáguákvæðin í 6. gr. frv. yrðu felld niður, en þar segir, að það sé leyfilegt að brenna sinu til 15. maí á svæðum norðan Ísafjarðardjúps og yfirleitt um norðanvert landið, því að svo getur hagað þar til, að snjór liggi þar á jörðu í byrjun maímánaðar, svo að ekki sé hægt að brenna sinu á þessum svæðum, en ég vil taka það fram, að aðalreglan á að vera sú, að sinubrennur séu ekki leyfðar eftir 1. maí nema nauðsyn beri til. Það var skilningur okkar í hv. landbn. En hreppstjórum er ætlað að hafa eftirlit með þessum málum öllum, og menn verða að sækja um leyfi til þeirra, ef þeir ætla sér að brenna sinu á jörðum sínum. Ég sé ekki ástæðu til þess að ræða frv. frekar. Landbn. leggur til, að það verði samþ. eins og það kom frá hv. Ed.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
2.—12. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 29 shlj. atkv.

Á 31. fundi í Nd., 15. des., var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 38. fundi í Nd., 8. febr., var frv. aftur tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 222).

---

63. Sala eyðijarðarinnar Hálshúsa.

Á 5. fundi í Nd., 21. okt., var útbýtt:
Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til að selja eyðijörðina Hálshús í Reykjarfjarðarhreppi [34. mál] (þmfrv., A. 34).

Á 7. fundi í Nd., 26. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Yfirleitt er ég andvígur því, að ríkið selji þær bújarðir, sem eru í eigu þess. Ég fæ ekki séð, að það sé neitt vit í því, að bóndi byrji á því að kaupa bújörð, sem ríkið á, standi síðan í því stríði að ljúka þeim skuldum, beri vaxtabyrði af andvirði jarðarinnar, og þegar þeim leik er svo lokið hjá honum og næsti ábúandi tekur við, byrji hann aftur að standa í sama skuldastríðinu og fyrirrennarinn, og þannig kynslóð eftir kynslóð er alltaf verið að standa undir skuldabagga af andvirði jarðarinnar. Hjá þessu er vitanlega hægt að komast með því, að ríkið sé eigandi jarðarinnar, samfélagið skili jörðinni, bújörðinni, sem samfélagseign til þess, sem notar hana hverju sinni. Þetta tel ég vera hagkvæmara og vitlegra fyrirkomulag, þegar hægt er að koma því við. Hins vegar hef ég þó,

þegar svo hefur staðið á, að hér hafa verið flutt frv. á Alþ. um að selja ríkisjarðir, sem ekki hafa getað talizt frambúðarbújarðir og ekki haft skilyrði til þess að framfleyta fjölskyldu, en hins vegar í nágrenni þeirra verið sjálfseignarbóndi, sem hefur skort landrými, annaðhvort til beitar eða ræktunaraðgerða, þá hef ég ekki séð, að annað væri hagkvæmara en að viðkomandi bóndi, ef hann óskaði þess, fengi ríkisjörð, sem svona stæði á um, keypta, og hef ég greitt slíkum málum atkv.

Nú verð ég hér ásamt tveim öðrum þm. Vestf. flm. að frv. um, að ríkið selji kotið Hálshús í Reykjarfjarðarhreppi í Norður-Ísafjarðarsýslu bóndanum að Þúfum í sama hreppi. Þarna stendur þannig á, að bújörðin Þúfur er vafalaust framtíðarbýli, hefur gnægð beitarlands, en land til ræktunar takmarkað. Ríkisjörðin, eyðijörðin Hálshús liggur þarna rétt hjá Þúfum, löndin liggja saman, hefur hún verið í eyði allmörg ár, hús eru þar öll fallin. Fyrrv. ábúandi í Þúfum hefur haft kotið á leigu frá ríkinu, og núv. eigandi Þúfna, Ásgeir Svanbergsson, hefur einnig leiguafnot af kotinu Hálshúsum. Nú hefur hann óskað þess að fá þetta kot keypt til þess að bæta úr ræktunarmöguleikum eignarjarðar hans, Þúfna. Hann hefur leitað umsagnar hreppsnefndar Reykjarfjarðarhrepps og hreppsnefndin tekið hans erindi fyrir og gert ályktun, sem er á þessa leið: „Hreppsnefndin samþykkir í einu hljóði að mæla með þessari beiðni.“ Enn fremur hefur bóndinn í Þúfum, sem vill fá Hálshúsin keypt, leitað umsagnar héraðsráðunautarins í Norður-Ísafjarðarsýslu, Jóns Guðjónssonar, og fengið efnislega þessa umsögn frá honum: Hann telur búrekstrargildi Hálshúsa vera það lítið, að fráleitt sé að mæla með því, að þau endurbyggist. Þau hafi sem sagt ekki búrekstrarskilyrði sem sjálfstætt býli. Og í framhaldi af þessu segir ráðun.: Með tilliti til nærliggjandi byggðar er hagstæðast og eðlilegast, að Hálshús falli undir Þúfur, sem sökum ónógra landgæða er vafasamt sem framtíðarbýli. Þó að Þúfur eigi gott beitarland, vegur það mikið á móti því, sem jörðina vantar af ræktanlegu landi til túnauka í framtíðinni. En þar mundu Hálshús geta orðið til allgóðrar uppfyllingar. Ég held því, að hér standi þannig á, að þessi jörð, eyðijörð í eigu ríkisins, verði með engu móti talin hafa skilyrði til sjálfstæðs búrekstrar og geti þannig ekki orðið framtíðarbýli, en jörðin Þúfur verður framtíðarbýli og skortir land til túnræktar, og því eðlilegt, þar sem löndin liggja saman, að túnrækt í Hálshúsum verði sem sagt framkvæmd af eiganda og ábúanda Þúfna.

Að sjálfsögðu mundi sú n., sem þetta mál fer til, leita umsagnar landnámsstjóra, Pálma Einarssonar, og jarðeignadeildar ríkisins og efa ég ekki, að þessar stofnanir munu fallast á þau rök, sem hér eru fram færð að ósk bóndans í Þúfum, fyrir því, að Hálshús verði seld eiganda Þúfna.

Ég legg svo til, herra forseti, að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. landbn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til landbn. með 21 shlj. atkv.

Á 25. fundi í Nd., 6. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 34, n. 116).

Enginn tók til máls.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 26. fundi í Nd., 7. des., var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 29 shlj. atkv.

Á 27. fundi í Nd., 9. des., var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 26 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 25. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 26. fundi í Ed., 10. des., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til landbn. með 16 shlj. atkv.

Á 45. fundi í Ed., 3. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 34, n. 243).

Frsm. (Bjartmar Guðmundsson): Herra forseti. Frv. þetta er komið frá Nd., var afgreitt þar samhljóða og fjallar um sölu á eyðijörð í Reykjarfjarðarhreppi í Norður-Ísafjarðarsýslu, sem Hálshús nefnist. Með frv. eru meðmæli hreppsnefndarinnar þar og einnig héraðsráðunautar. Landbn. Ed. hefur athugað frv. og lítur svo á, að það hafi fengið alla venjulega meðferð í Nd. og sér ekkert athugavert við að samþykkja frv. og leggur því til, að svo verði gert.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 46. fundi í Ed., 7. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 290).

---

64. Sala Efri-Vallar.

Á 17. fundi í Sþ., 8. des., var útbýtt frá Nd.:

Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til að selja eyðijörðina Efri-Völl í Gaulverjabæjarhreppi [88. mál] (þmfrv., A. 148).

Á 27. fundi í Nd., 9. des., var frv. tekið til 1. umr.

Ágúst Þorvaldsson: Herra forseti. Þetta frv. á þskj. 148, sem er flutt af mér og hv. 3. þm. Sunnl., fer fram á það að veita ríkisstj. heimild til að selja Stefáni Jasonarsyni, bónda í Vorsabæ í Gaulverjabæjarhreppi, eyðijörðina Efri-Völl þar í sveit, en sú jörð er lítið kotbýli, sem hefur verið í eyði nú um nokkurra ára skeið, er sama sem húsalaus og hefur alltaf verið lélegt kot. Vorsabær er hins vegar frekar landlítil jörð og hefði mikla þörf fyrir að bæta við sig landi þessarar jarðar, en svo vel stendur á um þá sameiningu, að lönd jarðanna liggja saman. Með frv. er birt sem fskj. bréf hreppsnefndarinnar í Gaulverjabæjarhreppi, þar sem segir, að hreppsnefndin mæli með því, að þessi kaup og sameining þessara jarða geti farið fram. Ég sé enga ástæðu til þess að vera að hafa um þetta fleiri orð. Málið skýrir sig sjálft. Ég vildi leyfa mér að leggja til, að þegar þessari umr. er lokið, verði málinu vísað til 2. umr. og til hv. landbn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til landbn. með 21 shlj. atkv.

Á 42. fundi í Nd., 17. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 148, n. 230).

Frsm. (Ágúst Þorvaldsson): Herra forseti. Landbn. hefur haft þetta mál til athugunar og mælir einróma með því, að frv. verði samþ. N. sendi frv. til umsagnar tveggja embættismanna, landnámsstjóra og forstöðumanns jarðeignadeildar ríkisins, og ég vil með leyfi hæstv. forseta hv. þm. til frekari skýringar lesa þessar umsagnir, sem borizt hafa frá þessum embættismönnum. Þá er það í fyrsta lagi umsögn frá forstöðumanni jarðeignadeildarinnar, Sveinbirni Dagfinnssyni:

„Ráðun. hefur borizt til umsagnar frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til að selja eyðijörðina Efri-Völl í Gaulverjabæjarhreppi. Vegna þessa skal eftirfarandi tekið fram:

Jörðin Efri-Völlur fór í eyði árið 1964, en þangað til hafði verið rekinn þar nokkur búrekstur. Jörð þessi er landlítil, húsakostur allur lélegur, girðingar ónýtar og ræktun léleg og lítil. Það er skoðun d., að rangt væri að verja fé í mannvirkjagerð á jörðinni til að endurreisa þar búskap. Jörðin er það lítil, að þar er aldrei hægt að búa með þá bústærð, sem þörf krefði vegna fjárhagsafkomu búsins. Engir sérstakir hagsmunir eru tengdir því, að ríkið eigi áfram þessa jörð. Ráðun. getur því vel fallizt á, að jörðin verði seld Stefáni Jasonarsyni, en lönd hans jarðar, Vorsabæjar, og Efri-Vallar liggja saman, og munu kaup á Efri-Velli bæta til muna búrekstraraðstöðu í Vorsabæ."

Þetta var umsögn Sveinbjörns Dagfinnssonar. Þá kemur hér umsögn landnámsstjóra, Pálma Einarssonar:

„Með bréfi dags. hinn 14. des. 1965 fer hv. landbn. Nd. Alþ. fram á, að umsögn sé gefin um mál nr. 88 á þskj. 148, frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til að selja jörðina Efri-Völl í Gaulverjabæjarhreppi til herra hreppstjóra Stefáns Jasonarsonar, Vorsabæ í sama hreppi. Jörð þessi féll úr ábúð vorið 1964 og byggðist ekki aftur. Áður hafði þessi jörð fallið úr ábúð fardagaárið 1949—1950, og þeir 7 ábúendur, er á jörðinni hafa búið allt frá 1915, hafa haft fremur erfiðan búhag, enda nær engar umbætur af þeim gerðar á jörð þessari. Tún er 4.65 ha, og véltækt af því er um 3 ha. Engjar eru þýfðir móarimar með vélfærum dælum á milli, sem þó skást nytjast til slægna í þurrkatíð. Land jarðarinnar er að mestu ræktanlegt og framræsluaðstaða sæmileg. Jörðin er hlunnindalaus, og skilyrði til vetrarbeitar eru léleg. Akfær vegur er til verzlunarstaðar, ca. 15 km leið að Selfossi, en ca. 1 km vantar til að akfært sé heim að bænum. Húsakostur jarðarinnar er íbúðarhús úr timbri, 6.4x6.4 m að flatarmáli, 1 hæð með lágu risi, byggt 1937. Skort hefur eðlilegt viðhald á húsinu, og eins og er telst það ekki íbúðarhæft. Fjós er úr torfi og grjóti með járni á þaki, en tyrft yfir járnið, rúmar 14 gripi, ónothæft fyrir gripi til mjólkurframleiðslu, þröngur flór, engir fóðurgangar, þakið lekur. Fjárhús eru yfir 28 kindur, lítt nothæf, hey- og áburðargeymslur eru engar nothæfar. Þó er uppistandandi 90 teningsmetra votheysgryfja, sem vatn gengur upp í. Geymsluskúr við íbúðarhúsið, allsæmileg bygging. Ljóst er, að útilokað er, að jörð þessi verði tekin í ábúð, eins og hún er. Þótt land hennar gæti með ræktun og framræslu framfleytt nokkru búi, kostar mikið fé að gera jörðina búhæfa, sem telja má litlar líkur til, að leiguliði fengist til að kosta. Allt land jarðarinnar er í sameign við Vallarhjáleigu, sem er í ábúð. Ekki eru líkur til, að hreppsfélagið missi mikils, þótt sala færi fram á jörð þessari. Hins vegar má telja nokkrar líkur til, að væntanlegur kaupandi geti styrkt og eflt búrekstur sinn, eignist hann jörðina. Samkv. því verður ekki séð, að neitt mæli gegn því, að sala fari fram á jörð þessari, og mæli ég því með samþykkt þessa frv.

Pálmi Einarsson."

Ég hef þá lesið þessar umsagnir téðra embættismanna, til þess að þm. fengju um það nánari hugmynd en áður hefur verið gefin hér í umr. um þetta mál, hvernig ástand þessarar jarðar er. En eins og ég sagði áðan, mælir landbn. eindregið með, að frv. verði samþ., og er álit hennar á þskj. 230.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Á 43. fundi í Nd., 21. febr., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 27 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 39. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 45. fundi í Ed., 3. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til landbn. með 15 shlj. atkv.

Á 55. fundi í Ed., 24. marz, var frv. tekið til 2. umr.(A. 148, n. 362).

Frsm. (Bjartmar Guðmundsson): Herra forseti. Þetta frv. er komið frá Nd., var flutt þar af tveimur þm. Sunnl. og fjallar um að heimila jarðeignadeild ríkisins eða ríkinu að selja tilteknum manni jörðina Efri-Völl í Gaulverjabæjarhreppi. Fyrir lágu meðmæli frá hreppsnefnd Gaulverjabæjarhrepps, sem mælir með því, að þessi jarðarsala verði leyfð, og einnig var þetta sent venjulega boðleið til landnámsstjóra og jarðeignadeildarinnar, og báðar þær stofnanir leggja til, að frv. verði samþ. Það liggja fyrir samhljóða meðmæli landbn. í Nd. um frv., og landbn. Ed. hefur einnig haft það til meðferðar og leggur til, að það verði samþ. Þess má geta, að ekki náðist í undirskriftir tveggja nm. í landbn., þegar álitið var lagt fram, en ég hef ástæðu til að ætla, að hvorugur þeirra hafi nokkuð við þessa sölu að athuga. N. leggur til, að frv. verði samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 56. fundi í Ed., 28. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 394).

65. Sala jarðarinnar Kollaleiru.

Á 23. fundi í Nd., 29. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til að selja Reyðarfjarðarhreppi jörðina Kollaleiru [83. mál] (þmfrv., A. 106).

Á 26. fundi í Nd., 7. des., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Við flytjum þetta frv., þm. Austurlands í d., en það fjallar um að heimila ríkisstj. að selja Reyðarfjarðarhreppi jörðina Kollaleiru í Reyðarfjarðarhreppi. Reyðarfjarðarkauptún er í örum vexti, og kauptúnið er að miklu leyti byggt í landi Kollaleiru, en það er ríkisjörð. Það er augljóst, að kauptúnið mun vaxa mjög í landi Kollaleiru, og í landi þeirrar jarðar munu verða mestu athafnasvæði staðarins framvegis. Okkur virðist eðlilegast, að Reyðarfjarðarhreppur fái Kollaleiru keypta, þegar allar ástæður eru skoðaðar, og hreppsnefnd Reyðarfjarðarhrepps hefur farið þess á leit við okkur, að við beitum okkur fyrir því, að heimildarlöggjöf verði samþ. um það efni á hv. Alþ. Um það fjallar þetta frv., og vil ég leyfa mér að óska þess, að því verði vísað til landbn. að aflokinni þessari umr.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég vil lýsa samþykki mínu við þetta frv., en ég vildi aðeins skjóta því til þeirrar n., sem það fer til, hvort ekki væri rétt að setja þarna það ákvæði inn í, að hreppurinn megi ekki selja aftur þetta land, sem hann þannig eignast. Við vitum, að það hafa verið ein helztu vandkvæði allra þeirra bæja, sem hafa vaxið yfirleitt svo ört hjá okkur á þessari öld, að þeir hafa ekki átt sjálfir jarðirnar, sem þeir raunverulega voru byggðir á, og stundum hafa menn verið það óforsjálir meira að segja, þegar bæirnir hafa átt þessar jarðir, að það hefur verið selt svo og svo mikið af þeim og þær lóðir síðan komizt í gífurlegt verð seinna meir og bæirnir jafnvel orðið að kaupa þær dýru verði eða á annan hátt lagzt á atvinnulíf bæjanna mikill þungi vegna þess. Við skulum vona, að Reyðarfjarðarkauptún eigi fyrir sér að vaxa, og þá mun það kauptún þurfa á því að halda að geta ráðið alveg yfir þessu landi. Vafalaust er núv. hreppsnefnd inni á því að selja ekki. Ég býst við, að það sé yfirleitt orðinn skilningur á því hjá flestum hreppsnefndum og bæjarstjórnum, en þó hefur slíkt komið fyrir, að þetta hefur verið gert, þannig að bezt væri, þegar ríkið selur svona jarðir, að það sé um leið gert að skilyrði gagnvart hreppunum, að þeir selji þetta ekki aftur. Þetta vildi ég biðja n. alvarlega að athuga.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til landbn. með 21 shlj. atkv.

Á 45. fundi í Nd., 24. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 106, n. 252).

Frsm. (Jónas Pétursson): Herra forseti. Landbn. hefur haft þetta mál um sölu Kollaleiru í Reyðarfjarðarhreppi til athugunar og sendi það til umsagnar, eins og venja er, til landnámsstjóra og jarðeignadeildar ríkisins. Fékk hún um það umsagnir þeirra, sem báðar eru jákvæðar, og leggur hún þess vegna til, að frv. verði samþ., en þó með lítils háttar viðauka samkv. því, sem fram kemur í ábendingum frá jarðeignadeild ríkisins. En með leyfi hæstv. forseta ætla ég að lesa umsögn jarðeignadeildar. Þar segir svo:

„Á undanförnum árum hafa mörg hrepps- og bæjarfélög fengið keypt það ríkisland, sem liggur innan takmarka viðkomandi sveitar- eða bæjarfélags. Hefur þetta þótt hagkvæmt af ýmsum ástæðum, m. a. vegna skipulagsins, enda hefur ríkissjóður ekki þurft á landinu að halda, og í annan stað áskilið sér rétt til að fá keyptar lóðir og lendur vegna opinberra bygginga og framkvæmda og þá á hlutfallslega sama verði og landið er selt á. Með hliðsjón af þessu sér jarðeignadeildin ekki ástæðu til annars en mæla með fyrrgreindu frv.

Vakin skal athygli á því, að þeir, sem hafa ábúðar- og lóðarleigusamninga á Kollaleiru, halda vitanlega sínum réttindum, þrátt fyrir sölu þessa."

Umsögn landnámsstjóra hnígur mjög í sömu átt, og í niðurlagi hennar er einnig vikið að því sama og í niðurlagi umsagnar jarðeignadeildar, og ég vil enn fremur vekja athygli á hér við umr., að þó að þessi sala sé samþ. eða heimiluð, þá er gengið út frá því, að þeir, sem hafa nú lóðarleiguréttindi, ábúðar- og lóðarleiguréttindi, haldi þeim eftir sem áður. En landbn. leggur sem sagt til, að frv. verði samþ. með þeirri breyt., sem er á þskj. 252.

ATKVGR.
Brtt. 252 samþ. með 23 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Á 50. fundi í Nd., 3. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 266).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 45. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 47. fundi í Ed., 8. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Páll Þorsteinsson: Herra forseti. Frv. þetta er flutt af því tilefni, að í vetur barst þm. Austurlandskjördæmis erindi frá hreppsnefnd Reyðarfjarðarhrepps í Suður-Múlasýslu, þar sem hreppsnefnd fór þess á leit, að þm. kjördæmisins beittu sér fyrir því, að lagaheimild yrði veitt til þess að selja Reyðarfjarðarhreppi jörðina Kollaleiru. Þm. kjördæmisins ræddu þetta mál og urðu sammála um að verða við þessum tilmælum hreppsnefndar, og er frv. borið fram í Nd. af öllum þm. Austurlandskjördæmis, þeim, er þar eiga sæti.

Frv. þetta hefur nú verið afgr. frá Nd. og hlaut þar meðmæli landbn. allrar. Efni frv. er það, að Reyðarfjarðarhreppur fái heimild til að eignast jörðina Kollaleiru og þá um leið full umráð þess lands, en framtíð staðarins er að mjög verulegu leyti bundin við, að hreppurinn hafi óskoruð umráð yfir þessu landi, því að kauptúnið er að miklu leyti byggt í landi Kollaleiru. En það er, eins og mörg önnur kauptún hér á landi, í örum vexti, og hið mikla atvinnulíf, sem nú er á Austf. og m. a. á Reyðarfirði, kallar á ýmsar framkvæmdir í sveitarfélaginu.

Ég vil vænta þess, að þetta mál, sem í eðli sínu er mjög einfalt, mæti skilningi í þessari hv. d. eigi síður en í Nd. og legg til, að frv. verði vísað til 2. umr. og landbn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til landbn. með 13 shlj. atkv.

Á 55. fundi í Ed., 24. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 266, n. 361).

Frsm. (Bjartmar Guðmundsson): Herra forseti. Þetta frv. er komið frá Nd., flutt þar af 4 hv. þm. Austf. og fjallar um að heimila ríkisstj. að selja Reyðarfjarðarhreppi jörðina Kollaleiru. Þarna mun haga þannig til, að byggingar Reyðarfjarðarhrepps standa í landi þessarar jarðar, og eru svipaðar ástæður fyrir ósk hreppsins um að fá þessa jörð keypta eins og víðar hefur verið leyft, þar sem svipað hefur staðið á. Nd. gerði lítils háttar breytingu við frv. á þá leið að tryggja ríkinu umráðarétt eða kauprétt með svipuðum kjörum og það selur, ef af þessu verður, ef það þarf á aðstöðu að halda í landi jarðarinnar. Ég tel rétt, að heimild verði veitt til að selja jörðina, og landbn. Nd. hefur einnig litið svo á, en þess ber að geta, að tveir nm. voru ekki viðstaddir, þegar nál. var undirritað, en ég hef ástæðu til að ætla, að þeir hafi ekkert við þessa sölu að athuga frekar en aðrir nm. N. leggur til, að frv. verði samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 56. fundi í Ed., 28. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 395).

---

66. Sala Litla-Gerðis í Grýtubakkahreppi.

Á 35. fundi í Ed., 14. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til að selja eyðijörðina Litla-Gerði í Grýtubakkahreppi [103. mál] (þmfrv., A. 223).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Flm. (Bjartmar Guðmundsson): Herra forseti. Að ósk bóndans að Skarði í Grýtubakkahreppi, sem heitir Skírnir Jónsson, er þetta frv. flutt um sölu ríkisjarðarinnar, eyðijarðarinnar Litla-Gerðis í sama hreppi. Hugmynd þessa bónda er að sameina þessa jörð, sem er lítil og svo sem ekkert nýtt nú orðið og hefur verið í eyði í allmörg ár, að sameina hana Skarði og nytja hana með sinni jörð, en þetta er ungur og atorkusamur bóndi, sem vill auka sauðfjárrækt sína. Það er talið nauðsynlegt að bera svona mál undir Alþ., því að ekki mun vera heimild í lögum fyrir ríkisstj. að selja ríkisjarðir án þess, ef um eyðijarðir er að ræða. En öðru máli gegnir aftur, að það er heimilt að selja ábúendum ríkisjarðir án sérstakrar lagaheimildar.

Þess ber að geta, að það hefur tvisvar sinnum áður verið flutt frv. um að selja þessa jörð, en í hvort tveggja skiptið var málið ekki útrætt á þingi. Það mun hafa verið 1962 og aftur 1963. Í grg. fyrir frv. 1963 segir m.a., að landbn. Ed. hafi leitað álits Landnámsins, umráðamanns ríkisjarða og hreppsnefndarinnar í Grýtubakkahreppi, og allir þessir aðilar hafi verið því hlynntir og talið, að eðlilegt væri að selja þessa jörð.

Nú er að vísu annar umsækjandi um söluna, en það munu ekki vera neinir árekstrar á milli þess, sem áður hugsaði sér að kaupa hana, og þess, sem nú óskar að fá hana keypta.

Ég geri ráð fyrir, að þetta mál fari eðlilega leið og verði lagt fyrir landbn., og legg því til, að frv. verði vísað þangað.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til landbn. með 15 shlj. atkv.

Á 39. fundi í Ed., 21. febr., var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 40. fundi í Ed., 22. febr., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 223, n. 244).

Frsm. (Bjartmar Guðmundsson): Herra forseti. Eins og sjá má af nál. á þskj. 244, mælir landbn. einróma með því, að frv. þetta verði samþ. Þess ber þó að geta, að nefndarfundur var ekki fullskipaður, en ég hef ástæðu til að ætla, að þeir nm., sem ekki mættu á þeim fundi, hafi ekkert við þetta frv. að athuga sérstaklega, enda er frv. ekki stórt í sniðum og verður aldrei talið með meiri háttar málum, sem koma fyrir Alþ., þar sem er sala á einni lítilli eyðijörð.
Sem sagt, landbn. mælir með, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 41. fundi í Ed., 24. febr., var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 43. fundi í Ed., 28. febr., var frv. aftur tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 48. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 50. fundi í Nd., 3. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til landbn. með 21 shlj. atkv.

Á 61. fundi í Nd., 29. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 223, n. 378).

Frsm. (Gunnar Gíslason): Herra forseti. Frv. þetta var flutt í Ed. og mun hafa verið afgreitt þaðan, að því er ég held, án ágreinings. Frv. felur það í sér að heimila ríkisstj. að selja Skírni Jónssyni bónda að Skarði í Grýtubakkahreppi í Suður-Þingeyjarsýslu eyðijörðina Litla-Gerði í sama hreppi. Þegar mál þetta kom til landbn. þessarar hv. d., lágu ekki fyrir neinar umsagnir um málið, en yfirleitt er það venja okkar í landbn. að senda mál sem þessi til umsagnar landnámsstjóra og jarðeignadeildar ríkisins, og það gerðum við. Umsagnir beggja þessara aðila eru á þá lund, að þeir mæla með því, að ríkisstj. verði heimilt að selja nefndum bónda þessa jörð, og segir landnámsstjóri í sinni umsögn, að hann telji eðlilegt, að þessi jörð verði sameinuð Skarði, og yrði það til hags fyrir búrekstur þeirra jarðar. Að fengnum þessum jákvæðu umsögnum þessara tveggja aðila leggur landbn. d. einróma til, að frv. verði samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Á 62. fundi í Nd., 31. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 427).

---

67. Aðför.

Á 6. fundi í Sþ., 20. okt., var útbýtt frá Ed.:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 19 frá 1887, um aðför, sbr. l. nr. 18 frá 1932 [30. mál] (þmfrv., A. 30).

Á 6. fundi í Ed., 25. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Í frv. því, sem hér liggur fyrir, er um tvær breytingar að ræða frá núgildandi l. Í fyrsta lagi þá breytingu, að hækkaðar eru þær undanþágufjárhæðir, sem þar er um að tefla, og í öðru lagi þá breytingu, að þær undanþáguheimildir eiga einnig að gilda við innheimtu skatta og annarra opinberra gjalda, en samkv. núgildandi l. gildir ekki undanþágan, þegar um innheimtu þvílíkra gjalda er að tefla.
Í l. um aðför var upphaflega ákveðið, 1887, að skuldunautur mætti undanþiggja nauðsynjamuni fjárnámi að upphæð 20 kr. eða 120 kr., ef hann ætti fyrir heimili að sjá. Árið 1932 var þessum fjárhæðum breytt á þá lund, að skuldunaut var heimilað að undanskilja fjárnámi nauðsynjar að verðmæti 100 kr., ef um einstakling var að tefla, 500 kr., ef hann átti fyrir heimili að sjá, og að auki 100 kr. fyrir hvert barn. Þessar upphæðir, sem gilda þannig samkv. l. nú, eru vegna þeirra verðbreytinga, sem orðið hafa á síðari tímum, orðnar algerlega úreltar, þannig að í raun og veru er ómögulegt eftir þeim að fara lengur. Í framkvæmdinni mun þó ekki hafa verið gengið jafnnærri skuldunaut eins og þó hefði e. t. v. mátt gera eftir orðanna hljóðan, vegna þess að matinu á þeim nauðsynjum, sem undanþegnar hafa verið, mun nú hafa verið hagað á þá lund, að allra nauðsynlegustu munir hafa verið undanþegnir. En það virðist sjálfsagt að breyta þessum fjárhæðum eins og reyndar svo mörgum öðrum í samræmi við breyttar aðstæður, í samræmi við breytt verðgildi peninga og í samræmi við breytta dýrtíð, og hér er það lagt til, að þessum fjárhæðum sé nú breytt, þannig að í staðinn fyrir 100 kr. í núgildandi l. komi 1000 kr. og í staðinn fyrir 500 kr. í núgildandi l. komi 5000 kr. Ég held, að það sé ekki óvarlega farið í sakirnar að gera ráð fyrir þessum fjárhæðum. Þetta er fyrri breytingin, og tel ég

hana eðlilega og aðeins til samræmis við breyttar aðstæður.

Hin breytingin er svo sú, sem ég drap á, að í núgildandi l., og hefur reyndar svo verið frá því að aðfararl. voru sett 1887, er gert ráð fyrir því, að þessi undanþáguheimild, sem hér er um að tefla, gildi ekki, þegar verið er að innheimta skatta og önnur opinber gjöld, þannig að eftir lögunum mætti hið opinbera, þegar það er að innheimta þau gjöld, ganga eitthvað nær skuldunaut og mætti rýja hann alveg inn að skyrtunni. Ég er nú ekki að segja, að það sé framkvæmt á þá lund, en mér finnst eiginlega hálf ósæmilegt, að hið opinbera gangi þannig eða áskilji sér rétt til þess að ganga nær skuldunaut heldur en öðrum kröfuhöfum er heimilt. Þetta hefur kannske þótt eðlilegt á sínum tíma, þegar þessi ákvæði voru sett, en ég held, að það samrýmist naumast réttarvitund almennings nú á dögum, að hið opinbera megi áskilja sér að þessu leyti þvílík forréttindi, og ég álít eðlilegast, að þessi undanþáguheimild gildi alveg jafnt, hvort sem um er að ræða innheimtu skatta eða annarra opinberra gjalda eða fjárskuldbindingar almennt. Ég vænti þess, að menn geti fallizt á það, að þessar breytingar séu eðlilegar. Það er ekki haggað við öðrum ákvæðum aðfararl. heldur en þessum, en ég tel, að það sé vel hægt að gera þessar breytingar einstaklega, þó að önnur ákvæði aðfararl. haldist, enda var þegar á sínum tíma með l. frá 1932 breytt fjárhæðunum, eins og ég hef drepið á.

Ég leyfi mér svo, herra forseti, að leggja til, að þessu frv. sé að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til allshn. með 15 shlj. atkv.

Á 41. fundi í Ed., 24. febr., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 43. fundi í Ed., 28. febr., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 30, n. 249).

Frsm. (Friðjón Skarphéðinsson): Herra forseti. Frv. þetta fjallar um breyt. á 27. gr. l. um aðför frá 19. nóv. 1887, en grein þessari var á sínum tíma breytt með l. nr. 18 23. júní 1932. Greinin fjallar um það, hversu nærri megi ganga gjörðarþola með aðför, þegar fjárnám er gert eftir dómi eða annarri aðfararheimild.

Í núgildandi l. á skuldari rétt á að halda eftir verðmætum þeim, sem talin eru í 1. mgr. 27. gr. l., en það eru rúm og sængurföt, er nauðsynleg eru honum, konu hans og börnum. Enn fremur lín og íveruföt, sem þau mega ekki án vera. Eigi hann fyrir heimili að sjá, má hann auk þess undanþiggja fjárnámi nauðsynjar, sem nema að markverði allt að 500 kr., og auk þess allt að 100 kr. fyrir hvert barn, sem er á skyldaframfæri hans. Eigi skuldari ekki fyrir heimili að sjá, má hann undanþiggja fjárnámi verðmæti fyrir 100 kr. og sömu upphæð fyrir börn á ómagaaldri, sem hann kann að eiga.

Í frv. er gert ráð fyrir, að upphæðir þessar verði hækkaðar í 5000 og 1000 kr. í stað 500 og 100 kr. Enn fremur gerir frv. ráð fyrir, að fellt verði niður ákvæði í síðustu mgr. 27. gr. l., sem segir að undanþáguréttindi gildi þó ekki, þegar aðför er gerð fyrir sköttum eða opinberum gjöldum. Með því að fella þetta ákvæði niður í l., yrði sú breyting á þeim, að undanþáguákvæðin giltu einnig, þegar gerð er aðför fyrir opinberum gjöldum, enda segir í 7. gr. lögtakslaganna, að lögtak skuli fara fram eftir ákvæðum laganna um fjárnám, að öðru leyti en því, sem beint er fram tekið í lögtakslögum, að með öðrum hætti skuli vera.

Allshn. þessarar hv. d. hefur fjallað um frv. og sent það til umsagnar yfirborgarfógetanum í Reykjavík og stjórn Lögmannafélags Íslands. Yfirborgarfógeti mælir með frv., en lætur í ljós, að verðmæti undanþegin fjárnámi megi sízt minni vera en frv. ráðgerir. Stjórn lögmannafélagsins hefur ekki látið í té skriflega umsögn, en formaður þess félags hefur tjáð mér munnlega, að félasstjórnin hafi tekið jákvæða afstöðu til málsins.

Niðurstaða af athugunum n. hefur þó leitt til þess, að hún flytur brtt. við frv. á þskj. 249 og leggur til, að í stað 5000 kr. komi 10000 kr. og í stað 1000 kr. komi 2000 kr. Rök fyrir því eru þau helzt, að fróðir menn telja, að 10000 kr. nú séu ekki fjarri því að samsvara 500 kr. 1932, þegar sú upphæð var ákveðin. Auk þess má á það benda, að sé rétt og samvizkusamlega metið, eru ekki veigamiklar eignir, t.d. í innbúi, sem metnar yrðuá 10000 kr., og því tæplega hægt að halda því fram, að of mikið sé gengið á rétt kröfuhafa, þó þessum ákvæðum yrði breytt í það horf, sem till. n. gera ráð fyrir. Enda veigra menn sér við að ganga það nærri gjörðarþola, að hann standi nánast allslaus uppi, sviptur húsgögnum öllum og hvers konar innbúi.

Ég held því, og það er álit n., að þarna sé sanngjarnlega í sakir farið, og n. mælir með því, að frv. verði samþ. með þessum breyt., sem ég hef lýst.

ATKVGR.

Brtt. 249 samþ. með 14 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 44. fundi í Ed., 1. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 45. fundi í Ed., 3. marz, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 276).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 50. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 52. fundi í Nd., 8. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til allshn. með 27 shlj. atkv.

Á 62. fundi í Nd., 31. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 276, n. 384).

Frsm. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Í gildandi l. um aðför er svo fyrir mælt, að skuldunautur eigi rétt á að undanþiggja fjárnámi nauðsynjar, sem nemi ákveðinni fjárhæð að virðingarverði. Það er orðið nokkuð langt síðan þessi l. voru sett, og vegna mikilla verðlagsbreytinga, sem síðan hafa orðið, þykir nú óhjákvæmilegt að hækka þær fjárhæðir, sem undanþágan er miðuð við, og um þetta eru ákvæðin í frv., sem hér liggur fyrir.

Enn fremur er það nýmæli í frv., að sömu reglur um undanþágur skuli gilda, þegar fjárnám er gert til innheimtu á opinberum gjöldum, en þannig hefur ekki verið áður.

Frv. þetta var flutt í Ed. og er komið þaðan. Allshn. þessarar d. hefur athugað málið og mælir með því, að frv. verði samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 63. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 23 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 431).

---

68. Skrásetning réttinda í loftförum.

Á 6. fundi í Nd., 25. okt., var útbýtt:

Frv. til l. um skrásetningu réttinda í loftförum [37. mál] (þmfrv., A. 38).

Á 8. fundi í Nd., 28. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 11. fundi í Nd., 4. nóv., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Frsm. (Sigurður Bjarnason): Herra forseti. Frv. þetta um skrásetningu réttinda í loftförum er flutt af samgmn. d. samkv. ósk hæstv. samgmrh. Hafa einstakir nm. óbundnar hendur um flutning og fylgi við brtt. við það.

Frv. þetta var flutt á síðasta Alþ. sem stjfrv., en varð ekki útrætt í Ed. Þessi hv. þd. hafði þó afgreitt málið. Á síðasta ári voru sett lög um loftferðir nr. 34 1964. Frv. það, sem hér liggur fyrir, er samið í framhaldi af þeim l. og með sama hætti og þau. Samkv. l. gr. l. nr. 49 1947 skal stofnun og vernd eignarréttar og eignarhafta á skrásettu loftfari fara eftir reglum um fasteignir að svo miklu leyti, sem þeim verður við komið. Nú eru loftför alþjóðleg samgöngutæki. Er auðsætt, að móta ber reglur um eignarrétt og eignarhöft í loftförum með hliðsjón af því. Genfarsáttmálinn frá 19. júní 1948 geymir reglur um þessi efni. Er sáttmálinn reistur á málamiðlan milli lögskipana sáttmálaríkjanna. Ísland hefur undirritað þennan sáttmála, en hefur eigi fullgilt hann. Frv. það, sem hér liggur fyrir, er við það miðað, að Ísland staðfesti sáttmálann og öðlist þar með þá vernd fyrir loftför sín í sáttmálaríkjunum, sem sáttmálinn veitir. En sáttmálinn geymir reglur um, að hve miklu leyti sáttmálaríki ber að virða réttindi í loftförum, er heima eiga í öðrum sáttmálaríkjum. Koma slíkar reglur einkum til greina, þegar innlendur aðili eignast erlent loftfar, svo og ef lögsókn er hafin gegn fyrirsvarsaðila erlends loftfars hér á landi. Sérstaklega má benda á, að aðild ríkis að sáttmálanum veitir hagræði, þegar leitað er láns gegn veði í loftförum.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fara fleiri orðum um þetta frv. fyrir hönd samgmn., en legg til, að því verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv.

Á 25. fundi í Nd., 6. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 38, n. 126).

Frsm. (Sigurður Bjarnason): Herra forseti. Samgmn. þessarar hv. þd. hefur rætt frv. til l. um skrásetningu réttinda í loftförum og mælir með því, að það verði samþ. óbreytt.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 26. fundi í Nd., 7. des., var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
2.—25. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.
26.—30. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
31.—32. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
33.—36. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
37. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 29 shlj. atkv.

Á 27. fundi í Nd., 9. des., var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 28 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 25. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 26. fundi í Ed., 10. des., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til samgmn. með 17 shlj. atkv.

Á 58. fundi í Ed., 31. marz, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 59. fundi í Ed., 1. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 38, n. 386).

Frsm. (Jón Þorsteinsson): Herra forseti. Frv. þetta er

flutt af samgmn. Nd. eftir ósk hæstv. samgmrh. Var frv. samþ. óbreytt í Nd.

Þetta frv. er í raun og veru fylgifrv. með frv. um loftferðir, sem samþ. var hér á Alþ. fyrir 2 árum síðan. Aðalefni þessa frv. kemur fram í upphafi grg., en þar segir, að samkv. 1. gr. 1. nr. 49 1947 skuli um stofnun og verð eignarréttar og eignarhafta á skrásettu loftfari fara eftir reglum um fasteignir, að svo miklu leyti, sem þeim verður komið við. Nú eru loftför alþjóðleg samgöngutæki, og er auðsætt að móta ber reglur um eignarrétt og eignarhöft í loftförum með hliðsjón af því. Genfarsáttmálinn frá 19. júní 1948 geymir reglur um þessi efni. Er sáttmálinn reistur á málamiðlun milli lögskipana sáttmálaríkjanna. Ísland undirritaði sáttmálann, en hefur eigi fullgilt hann.

Frv. það, sem hér liggur fyrir, er við það miðað, að Ísland staðfesti sáttmálann og öðlist þar með þá vernd fyrir loftför sín í sáttmálaríkjunum, sem sáttmálinn veitir. En sáttmálinn geymir reglur um, að hve miklu leyti sáttmálaríki ber að virða réttindi í loftförum, er heima eiga í öðrum sáttmálaríkjum. Koma slíkar reglur einkum til greina, þá er innlendur aðili eignast erlent loftfar og svo, ef lögsókn er hafin gegn fyrirsvarsaðila erlends loftfars hér á landi. Sérstaklega má benda á, að aðild ríkis að sáttmálanum veitir hagræði, þá er leitað er láns gegn veði í loftförum.

Eins og heyra má, er þetta frv. mjög sérfræðilegs eðlis, en það er hins vegar samið af hinum færustu mönnum. Samgmn. hefur athugað þetta frv., og n. mælir með því, að frv. verði samþykkt án breytinga.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2.—37. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 60. fundi í Ed., 4. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 455).

---

69. Nauðungaruppboð.

Á 6. fundi í Nd., 25. okt., var útbýtt:
Frv. til l. um viðauka við l. nr. 57 25. maí 1949, um nauðungaruppboð [38. mál] (þmfrv., A. 39).

Á 11. fundi í Nd., 4. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Frsm. (Sigurður Bjarnason): Herra forseti. Um þetta mál gildir hið sama og málið, er var til umr. hér á undan. Frv. er flutt að ósk hæstv. samgmrh. af samgmn., og hafa einstakir nm. óbundnar hendur um flutning og fylgi við brtt. við frv. Það var flutt á síðasta Alþ. sem stjfrv., en varð ekki útrætt, enda þótt þessi hv. þd. afgreiddi málið. Frv. er undirbúið með sama hætti og önnur frv. um loftferðamál. Það miðar að því að veita ákvæðum Genfarsáttmálans frá 1948 um uppboð á loftförum lagagildi. Ákvæðin eru þó ekki takmörkuð við sáttmálaríki, þar sem þau þykja eiga við um önnur loftför. Sáttmáli um alþjóða viðurkenningu á réttindum í loftförum gerður í Genf 19. júní 1948 er fskj. með frv. til l. um skrásetningu réttinda í loftförum, sem afgreitt var við 1. umr. hér í hv. þd. fyrir skömmu.

Ég legg til, að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til 2. umr. Að sjálfsögðu mun samgmn. taka bæði þetta frv. og frv. um skrásetningu réttinda í loftförum til frekari meðferðar á milli umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv.

Á 25. fundi í Nd., 6. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 39, n. 127).

Frsm. (Sigurður Bjarnason): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, um nauðungaruppboð er í nánum tengslum við frv. það, sem var afgreitt hér á undan, um skrásetningu réttinda í loftförum. Samgmn. d. hefur rætt frv. og orðið sammála um að mæla með því, að það verði samþ. óbreytt.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 26. fundi í Nd., 7. des., var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 28 shlj. atkv.

Á 27. fundi í Nd., 9. des., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 25. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 26. fundi í Ed., 10. des., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til samgmn. með 18 shlj. atkv.

Á 58. fundi í Ed., 31. marz, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.

Á 59. fundi í Ed., 1. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 39, n. 387).

Frsm. (Jón Þorsteinsson): Herra forseti. Þetta frv., sem er skylt hinu fyrra, er einnig flutt af samgmn. Nd. eftir ósk hæstv. samgmrh. og hefur verið samþ. óbreytt í Nd. Það er á sama hátt og frv. um skráningu réttinda í loftförum fylgifrv. með frv. um loftferðir, sem samþ. var hér á Alþ. 1964. Þetta frv. um viðauka við l. um nauðungaruppboð miðar að því að veita ákvæðum Genfarsáttmálans frá 1948 um uppboð á loftförum

lagagildi. Þó eru ákvæðin eigi takmörkuð við sáttmálaríki, þar sem þau þykja einnig geta átt við önnur loftför.

Samgmn. hefur athugað þetta frv. og mælir með því, að það verði samþ. án breytinga.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

2.—5. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 60. fundi í Ed., 4. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 456).

---

70. Sala hluta úr landi ríkisjarðarinnar Vorsabæjar.

Á 35. fundi í Ed., 14. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um heimild handa ríkisstj. til að selja Hveragerðishreppi hluta úr landi ríkisjarðarinnar Vorsabæjar og um eignarnámsheimild á lóðum og erfðafesturéttindum [104. mál] (þmfrv., A. 224).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Frsm. (Bjartmar Guðmundsson): Herra forseti. Landbrn. hefur sent landbn.Ed. þetta frv. og óskað eftir því, að n. flytti það. Einstakir nm. hafa litið á frv. og orðið sammála um það, að eðlilegt sé að verða við þessari bón n., en hafa hins vegar ekki áttað sig að öllu leyti svo á málinu, að fyrir liggi yfirlýsing um stuðning við málið frekar en fram mun koma, þegar málið hefur verið athugað betur.

Aðalatriði þessa frv. er það, að ríkisstj. fái heimild til að selja Hveragerðishreppi hluta úr landi Vorsabæjar, sem er eign ríkisins. Á landi Vorsabæjar eða á því landi, sem hér er óskað eftir að heimild fáist um að selja, standa miklar byggingar í Hveragerðishreppi. Enn fremur er óskað eftir því, að heimild fáist fyrir því að taka einstakar lóðir, sem leigðar hafa verið á erfðafestu eða seldar, eignarnámi, ef þurfa þykir, vegna skipulags í hreppnum. Fordæmi munu vera fyrir því, að ríkið selji eignir sínar, þegar svona stendur á, t. d. að því er snertir Eyrarbakka og Stokkseyri.

Ég sé ekki ástæðu til að fara frekar út í einstök atriði þessa frv., þar sem ég hef ekki einu sinni kynnt mér öll atriði þess til hlítar, og því síður n. öll. Geri ég ráð fyrir því, að n. taki þetta mál til athugunar, áður en 2. umr. fer fram. En þar sem þetta er flutt af n., tel ég þó ekki ástæðu til að vísa því sérstaklega til n., heldur að yfirlýsing mín verði látin nægja um það, að landbn. taki þetta mál til athugunar, áður en það kemur aftur hér fyrir þessa hv. deild.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 50. og 51. fundi í Ed., 15. og 17. marz, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 53. fundi í Ed., 21. marz, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 224, 306, 321).

Frsm. (Sigurður Ó. Ólafsson): Herra forseti. Frv. þetta, sem hér er til 2. umr., er, eins og tekið var fram við 1. umr. þess, flutt af landbn. að beiðni hæstv. landbrh. og að ósk hreppsnefndar Hveragerðishrepps.

Í 1. gr. frv. segir: „Ríkisstj. er heimilt að selja Hveragerðishreppi í Árnessýslu allt það land jarðarinnar Vorsabæjar, sem liggur austan hamarsins og línu frá Litla-Hamri skemmstu leið í Varmá.“ Þá er einnig í 1. gr. kveðið á um, hvernig fara skuli með, ef ekki næst samkomulag um söluverð landsins, og einnig um það, að andvirði landsins skuli hreppnum heimilt að greiða á 25 árum. Þá segir enn fremur í 1. gr., að „þarfnist ríkið eða ríkisstofnanir byggingalóða úr landinu undir opinberar byggingar, skal því heimilt að kaupa þær og þá á sama verði hlutfallslega og Hveragerðishreppi verði gert að greiða fyrir landið, en óheimilt er hreppsnefnd Hveragerðishrepps að selja öðrum land eða lóðir úr umræddu landi.“ Þá er einnig tekið fram, að jarðhitaréttindi fylgi ekki hinu selda landi.

Í 2. gr. er hreppsnefnd Hveragerðishrepps heimilað að taka eignarnámi lóðir í einkaeign og með erfðafesturéttindi úr landi jarðarinnar Vorsabæjar, er liggja innan takmarka þeirra, er um ræðir í 1. gr., ef nauðsyn krefur vegna skipulags hreppsins.

Landbn. hefur athugað frv. milli umr. og fengið Sveinbjörn Dagfinnsson á sinn fund til að fá hjá honum upplýsingar, sem óskað var eftir, og var það þá sérstaklega viðvíkjandi jarðhitanum og notkun hans.

Í Hveragerði er sem kunnugt er risin upp töluvert mikil byggð. Í byrjun reis þessi byggð upp í landi Vorsabæjar í Ölfushreppi á hinu mikla hvera- og jarðhitasvæði, sem þar er. Reis þar brátt upp mikil gróðurhúsarækt og byggð í sambandi við jarðhitann, og voru öll hús hituð upp með heitu vatni eða gufu. Sú breyting varð 1946, að Hveragerðishreppi var skipt úr Ölfushreppi og lagt til hins nýja hrepps allt land jarðarinnar Vorsabæjar vestan Varmár og auk þess spildur úr jörðunum Öxnalæk og Reykjum. Öll byggð Hveragerðis er nú og verður í framtíðinni á landi Vorsabæjar eða á því svæði, sem hreppurinn óskar nú eftir að fá keypt. Hreppurinn fer ekki fram á, að ríkissjóður selji það land, er liggur ofar en Hamarinn, það land liggur í dalnum innan við byggðina, og þar hafa farið fram hinar miklu jarðboranir á vegum ríkisins til rannsóknar á jarðhitanum. Og það má gera ráð fyrir því, eins og segir í greinargerð frv., að raforkumálastjórnin þurfi á þessu landi að halda vegna frekari rannsóknar og mannvirkjagerðar til nýtingar jarðhitans, sem þar er, enda ekki gert ráð fyrir, að þar rísi upp byggð svo neinu nemi nema þá í sambandi við nýtingu jarðhitans, sem þar er. Eins og ég gat um, þá verða jarðhitaréttindi á hinu selda landi áfram í eigu ríkisins. Afnotarétt jarðhitans, þ. e. a. s. þess hluta hans, sem virkjaður hefur verið innan núverandi byggðar, hafa íbúar Hveragerðis nú eftir þörfum. Þeir hafa byggt hitaveitukerfi og lagt um hið byggða svæði, auðvitað á sinn kostnað, og

annast boranir þær, sem þurft hefur að framkvæma.

Það er almennt viðurkennt, að m. a. vegna skipulagsmála og almenningsþarfa sé nauðsynlegt, að bæjar- og sveitastjórnir hafi fullan umráðarétt yfir þeim lóðum og löndum, sem á hverjum tíma er ætlað til bygginga og annarrar mannvirkjagerðar, og að þeir geti með nokkurri framsýni unnið að heildarskipulagi byggðarinnar. Má í þessu sambandi minna á það, að nú fyrir nokkru höfðu Eyrarbakki og Stokkseyri fengið keypt þau lönd, sem þeirra byggð stendur á, keyptu það af ríkissjóði, en þau lönd voru áður í eign ríkisins. Hverageröi er ört vaxandi þorp með mikla möguleika til aukins atvinnurekstrar vegna hinnar miklu jarðhitaorku í nágrenninu, og er því nauðsynlegt, að af framsýni sé unnið þar að skipulagsmálum og öðrum almenningsmálum.

Landbn. var sammála um að mæla með samþ. frv., en flytur við það tvær smávægilegar brtt. á þskj. 306 og 321.

Brtt. á þskj. 306 hljóðar svo:

„Námur og jarðhitaréttindi fylgja ekki hinu selda landi. Seljandi skal jafnan án endurgjalds eiga umferðarrétt og rétt til annarra landsnota, sem þörf kann að vera á vegna hagnýtingar jarðhitans."

Í frv. er þessi málsgr. aðeins þannig: „Jarðhitaréttindi fylgja ekki hinu selda landi."

Landbn. þótti rétt að hafa þessa mgr. heldur fyllri og taka fram t. d. um umferðarrétt á þessu landi, sem hreppurinn fær nú keypt, sem nauðsynlegur verður vegna starfsemi ríkisins við jarðboranir þar í nágrenninu. Þessi brtt. er flutt í samráði við deildarstjóra jarðeignadeildar ríkisins, Sveinbjörn Dagfinnsson, og eftir hans tillögu.

Brtt. á þskj. 321 er aðeins um það, að aftan við 3. gr. bætist nýr málsliður við,svohljóðandi:„Jafnframt eru úr gildi numin l. nr. 25 18. apríl 1964 um heimild fyrir ríkissjóð til lóðakaupa í Hverageröi." Þessi lög voru sett 1964 af sérstöku tilefni að beiðni hreppsnefndarinnar vegna skipulags, sem þá fór fram og ekki var hægt að fullgera nema að fá landspildu, sem var í einkaeign. En nú að þessu frv. samþ., kemur þessi heimild að öllu leyti í hendur hreppsnefndarinnar, svo að ekki þótti ástæða til annars en að nema þessi l. úr gildi um leið og frv. væri samþ.

Herra forseti. Landbn. leggur til, að frv. verði samþ. með þeim breyt., sem ég nú hef skýrt frá.

ATKVGR.
Brtt. 306 samþ. með 13 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 321 samþ. með 13 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 54. fundi í Ed., 22. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 360).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 58. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 60. fundi í Nd., 28. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til landbn. með 23 shlj. atkv.

Á 66. fundi í Nd., 4. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 360, n. 440).

Frsm. (Ágúst Þorvaldsson): Herra forseti. Landbn. þessarar hv. d. hefur fengið til meðferðar frv. til l. um heimild handa ríkisstj. til að selja Hverageröishreppi hluta úr landi ríkisjarðarinnar Vorsabæjar og um eignarnámsheimild á lóðum og erfðafesturéttindum, sem er komið frá Ed. á þskj. 224. Frv. er flutt af landbn. hv. Ed. að beiðni landbrh. eftir ósk hreppsnefndarinnar í Hverageröishreppi. Við meðferð málsins í Ed. voru gerðar smávægilegar breytingar eða viðaukar á 1. og 3. gr. frv., svo sem sjá má af þskj. nr. 360.

Hverageröi er ört vaxandi þorp með ótakmarkaða möguleika til atvinnurekstrar vegna hinnar miklu jarðhitaorku í nágrenninu, og er því nauðsynlegt að af framsýni sé unnið þar að skipulagsmálum og öðrum málum, sem til almenningsheilla horfa. Á undanförnum áratugum hefur töluvert af lóðum í Hverageröishreppi verið selt eða leigt á erfðafestu, og er því farið fram á heimild til að taka lóðir þessar og erfðafesturéttindi eignarnámi, ef þurfa þykir vegna skipulagsins.

Það er viðurkennt, m. a. með lagasetningu um aðstoð við bæjarfélög og þorp til að kaupa lönd innan marka sinna, sbr. lög nr. 41 1963, að vegna skipulagsmála og almenningsþarfa sé nauðsynlegt, að bæjar- og sveitarstjórnir hafi fullan umráðarétt yfir þeim lóðum og löndum, sem á hverjum tíma eru ætluð til bygginga og annarrar mannvirkjagerðar og þær geti með nokkurri framsýni unnið að heildarskipulagi byggðanna. Með tilliti til þess og einnig því, að Alþ. hefur áður veitt heimild til að selja bæði Eyrarbakkahreppi og Stokkseyrarhreppi öll lönd ríkissjóðs innan þeirra hreppa, mælir landbn. þessarar hv. d. með því, að frv. á þskj. 360 verði samþ. og að 1. gert.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 28 shlj. atkv.

Á 67. fundi í Nd., 5. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 458).

---

71. Matreiðslumenn á farskipum.

Á 27. fundi í Sþ., 16. febr., var útbýtt frá Ed.:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 50 29. marz 1961, um bryta

og matreiðslumenn á farskipum og fiskiskipum [117. mál] (þmfrv., A. 238).

Á 41. fundi í Ed., 24. febr., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 43. fundi í Ed., 28. febr., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Frsm. (Friðjón Skarphéðinsson): Herra forseti. Eins og segir í grg. þessa frv., flytur iðnn. þessarar hv. d. frv. að beiðni skólanefndar Matsveina- og veitingaþjónaskólans.

Efni þess er það í fyrsta lagi, að gera nokkrar orðalagsbreytingar á 1. um bryta og matreiðslumenn frá 1961 til glöggvunar, nánar tiltekið að taka upp orðið „matsveinn" í stað „matreiðslumaður", og í öðru lagi, að ákvæði 1. um bryta og matreiðslumenn skuli ekki ná til þeirra, sem starfað hafa sem matsveinar eða brytar í 1 ár eða lengur á skipum yfir 50 rúmlestir, enda hafi þeir krafizt viðurkenningar ráðuneytis til starfans innan 5 ára frá gildistöku l., en í núgildandi l. er miðað við starf á 100 rúmlesta skipi.

Iðnn. mun taka þetta mál til frekari athugunar milli umræðna og væntanlega fá um það umsögn nokkurra aðila, ef til vill gefa út um það nál. En n. hefur ekki tekið afstöðu til málsins enn. En þess er rétt að geta, að iðnrn. hefur í bréfi til n. mælt með frv. og lagt til, að það yrði samþ.

Þetta frv. er flutt af n., og þarf því ekki að vísa því til n., og ég legg því einungis til, að því verði vísað til 2. umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 53. fundi í Ed., 21. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 238).

Sveinn Guðmundsson: Herra forseti. Frv. til l. á þskj. 238 um breyt. á 1. nr. 50 frá 29. marz 1961 um bryta og matreiðslumenn á farskipum og fiskiskipum hefur verið til frekari athugunar hjá iðnn. Frv. þetta er flutt af iðnn. þessarar hv. þd. samkv. tilmælum skólanefndar Matsveina- og veitingaþjónaskólans, og hefur n. ekki sent frá sér sérstakt nál.

Í framkvæmd hinna eldri laga er talið, að lagafyrirmæli um matreiðslumenn hafi tíðum valdið ruglingi, og því er þetta lagafrv. borið fram. Samkv. 1. gr. þessa frv. eru sett skýrari mörk milli starfsheita þeirra manna, sem hafa aflað sér fullra sveins- eða meistararéttinda í matreiðslu, nefnast þeir áfram matreiðslumenn, en hinir, sem aðeins hafa lokið námskeiði í matreiðslu, nefnast matsveinar eða aðstoðarmatsveinar. Skv. 2. gr. frv. er nú miðað við 50 rúmlesta skip í stað 100 rúmlesta áður varðandi réttindi þeirra, sem starfað hafa sem matsveinar á skipum 1 ár eða lengur og þeim veittur 5 ára frestur til að afla sér viðurkenningar til starfsins.

Eins og fram kemur í grg. með frv., barst n. bréf frá iðnmrn., þar sem eindregið er mælt með frv. Nefndin leitaði umsagnar Sjómannasambands Íslands, Landssambands ísl. útvegsmanna og Farmanna- og fiskimannasambands Íslands. Allir þessir aðilar, svo og félag bryta, mæla eindregið með frv.

Iðnn. mælir því með, að frv. verði samþ. óbreytt, en einstakir nm. áskilja sér óbundnar hendur um afstöðu til frv.

Herra forseti. Ég leyfi mér að vænta þess, að frv. þetta fái afgreiðslu í þessari hv. þd. og verði að lokinni 2. umr. vísað til 3. umr.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 55. fundi í Ed., 24. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 59. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 60. fundi í Nd., 28. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 61. fundi í Nd., 29. marz, var frv. aftur tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 28 shlj. atkv. og til iðnn. með 28 shlj. atkv.

Á 70. fundi í Nd., 15. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 238, n. 474).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 25 shlj. atkv.

Frsm. (Sigurður Ingimundarson): Herra forseti. Iðnn. hv. þd. hefur haft þetta mál til athugunar. Frv. er flutt af iðnn. Ed. eftir beiðni skólanefndar Matsveina- og veitingaþjónaskólans. Með frv. er lagt til, að breytt verði tveim gr. laga nr. 50 29. marz 1961, um bryta og matreiðslumenn á fiskiskipum, þar sem talið er, að l. hafi valdið nokkrum erfiðleikum í framkvæmd, m. a. vegna ónákvæmni í orðalagi. Er þar annars vegar um að ræða starfsheitin matreiðslumaður og matreiðslusveinn, eftir því hvaða starfsmenntun þessir aðilar hafa hlotið, og hins vegar þau ákvæði, sem gera ráð fyrir því, að þeir, sem starfað hafa eitt ár eða lengur fyrir gildistöku l. á fiskiskipum 100 rúmlesta eða stærri, skyldu öðlast starfsréttindi. Réttara þykir nú að fenginni reynslu að miða þetta við 50 rúmlesta skip.

Umsagnir hafa borizt frá Farmanna- og fiskimannasambandinu, Landssambandi ísl. útvegsmanna, Matsveinasambandi Sjómannasambands Íslands og frá Félagi bryta, og mæla allir þessir aðilar með samþykkt frv., en áður lágu fyrir meðmæli iðnmrn. Hv. Ed. hefur afgreitt málið samhljóða og iðnn. þessarar d. leggur til, að það verði líka samþ. samhljóða hér.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv.

Á 71. fundi í Nd., 18. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 518).

72. Hreppamörk milli Hafnarhrepps og Nesjahrepps.

Á 56. fundi í Nd., 17. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á hreppamörkum milli Hafnarhrepps og Nesjahrepps [155. mál] (þmfrv., A. 328).

Á 58. fundi í Nd., 22. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Þetta frv. er flutt af okkur 4 þm. Austf. í d. og í fullu samráði við þann 5., sem á sæti í hv. Ed. Við stöndum sem sagt allir að þessu frv., en það er um breyt. á hreppamörkum milli Hafnarhrepps og Nesjahrepps í A-Skaftafellssýslu.

Þannig stendur á, að kauptúnið í Höfn er verzlunar- og útgerðarstaður Austur-Skaftfellinga, og þar er eina höfnin í sýslunni, en fyrir 20 árum var Nesjahreppi skipt og Hafnarkauptún gert að sérstöku hreppsfélagi. Nær Hafnarhreppur yfir landareign jarðarinnar Hafnarness, og voru landamerki þeirrar jarðar látin ráða hreppamörkunum, þegar þessi ákvörðun var gerð. En Hafnarhreppur tók þá að sér rekstur hafnarinnar að öllu leyti, og fyrsta hafnarreglugerðin var sett 1936.

Nú hagar þannig til, að eyjan Ósland, sem fyrir nokkru var tengd landi Hafnarkauptúns með uppmokstri úr höfninni og upphlöðnum veggi, liggur að höfninni að sunnan, en eyjan er í landi jarðarinnar Horns, sem er í Nesjahreppi, þannig að aðliggjandi land þessarar hafnar er í tveimur hreppum.

Nú standa miklar hafnarframkvæmdir fyrir dyrum í Hornafirði, og fyrirhuguð hafnarmannvirki eiga m. a. að koma meðfram eyju þessari, Óslandinu, enda er aðstaða þar hin bezta. Því er nauðsynlegt, að höfnin fái land í Óslandinu, sem er í Nesjahreppi. Samkomulag hefur ekki tekizt á milli hreppsnefndanna um breytingu á hreppamörkum, þannig að Ósland tilheyri Hafnarhreppi, en formaður Sambands ísl. sveitarfélaga hefur haft á hendi milligöngu um viðræður á milli aðila í samráði við okkur þm. Hefur hann tjáð okkur, að nánast virðist ágreiningurinn nú orðinn um bótafjárhæð, og gæti þá sætt tekizt um, að Óslandið félli allt til Hafnarhrepps. Ákjósanlegast hefði verið, að hrepparnir hefðu getað náð samkomulagi um málið, en hafnarmálið er mál allra Austur-Skaftfellinga og enginn ágreiningur um það, að þessar hafnarframkvæmdir þoli enga bið.

Nú er gert ráð fyrir því með frv., að enn verði reynt til þrautar að ná samkomulagi um bótafjárhæð til Nesjahrepps vegna Óslandsins, en jafnframt er lagt til, að matsgerð óvilhallra aðila verði látin skera úr um bótagreiðslu vegna breyt. á hreppamörkunum, náist ekki samkomulag innan þriggja mánaða frá gildistöku þessara l. Þetta mál þolir nú ekki bið, og vildum við mega vonast til þess, að fyrir því verði greitt í hv. þd., en það er flutt að eindreginni ósk hreppsnefndar Hafnarhrepps.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 23 shlj. atkv.

Á 62. fundi í Nd., 31. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 328, n. 418).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 30 shlj. atkv.

Frsm. (Guðlaugur Gíslason): Herra forseti. Frv. til l. um breyt. á hreppamörkum milli Hafnarhrepps og Nesjahrepps er flutt hér í þessari hv. d. af öllum þm. Austf., sem þar eiga sæti. Það kom fram í framsöguræðu 1. flm. frv., að það væri einnig flutt í fullu samráði við hv. 4. þm. Austf., en hann á sæti í Ed.

1. gr. frv. er um að breyta mörkum Hafnar- og Nesjahrepps í Austur-Skaftafellssýslu. Um þetta atriði mun hafa verið deila heima í héraði milli forráðamanna þessara sveitarfélaga. Formaður Sambands ísl. sveitarfélaga hefur haft milligöngu um að reyna að koma á samkomulagi, en það ekki tekizt. Deilan mun þó aðallega vera um bótaupphæð frekar heldur en um skiptingu landssvæðis milli þessara sveitarfélaga. En vegna fyrirhugaðra hafnarframkvæmda á Hornafirði er talið eðlilegt og nauðsynlegt, að nokkur hluti af landi Nesjahrepps verði látinn ganga til Hafnarhrepps.

2. gr. frv. er um framkvæmd á bótum, ef til kemur, og gert er ráð fyrir skipun gerðardóms, ef samkomulag næst ekki á milli aðila. Er í 2. gr. gert ráð fyrir bótum fyrir tekjumissi til handa Nesjahreppi, en n. hefur fengið upplýsingar um, að einnig og ekki síður beri að taka tillit til aðstöðumissis þessa hrepps í því sambandi.

Heilbr.- og félmn. hefur athugað frv., og leggur hún einróma til, að það verði samþ. óbreytt.

Birgir Finnsson: Herra forseti. Ég hef skrifað undir nál. heilbr.- og félmn. varðandi þetta mál með fyrirvara, þótt raunar megi segja, að sá fyrirvari sé almenns eðlis fremur en að hann eigi við þetta sérstaka mál. Ég er eindregið þeirrar skoðunar, að það beri að vinna að því að sameina sveitarfélög, þar sem skilyrði eru fyrir hendi til þess. Mér skilst, að þarna fyrir austan, á Hornafirði og í Nesjahreppi, séu slík skilyrði fyrir hendi, en ósamkomulag heimamanna til hindrunar, og þá um leið, að ósamkomulag sé um þetta sérstaka mál.

Ég álít, að það sé ekki nægilegt að láta við það sitja, sem nú gildir í sveitarstjórnarlögum, að þar séu eingöngu heimildir fyrir sveitarstjórnirnar til að vinna að sameiningu sveitarfélaganna. Það sýnir sig í reynd, að sveitarfélögin nota ekki þessa heimild eins og vert væri. Þarf þá að koma til frumkvæði annars staðar frá, en þá á ég ekki við frumkvæði í deilum eins og þeirri, sem hér er fjallað um, heldur út af sameiningunni sem slíkri. Meðan það ástand varir, að sveitarfélög, sem eðli sínu samkvæmt ættu að renna saman, eru aðgreind, þá geta alltaf risið upp einstök deilumál eins og það, sem við erum nú að ræða, og í slíkum deilumálum er að

sjálfsögðu mjög erfitt fyrir Alþ. að taka afstöðu, því að við vitum ekki, hvenær við kunnum að halla á annan hvorn aðilann í þeirri úrlausn, sem við ákveðum í hvert skipti. Þess vegna er minn fyrirvari við þetta nál. aðallega um það, að ég tel ekki, að það hafi verið nægilega reynt af hálfu réttra stjórnvalda að koma á sættum í deilunni. Að vísu hefur Samband ísl. sveitarfélaga haft málið með höndum og reynt að koma á samkomulagi, en það ekki tekizt. Það má vel vera, að þótt félmrn. hefði reynt sættir, þá hefði það ekki náð betri árangri, en í sem skemmstu máli sagt álít ég, að þegar svona deilur rísa upp, þá eigi að óbreyttum l. að reyna frekari sáttaumleitanir, áður en Alþ. tekur sér í hendur úrskurðarvaldið.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Á 63. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 23 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 58. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 60. fundi í Ed., 4. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 61. fundi í Ed., 5. apríl, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Páll Þorsteinsson: Herra forseti. Frv. þetta er borið fram af fjórum þm. Austurl. í Nd. En allir þm. kjördæmisins standa að þessu máli, og vil ég af þeim ástæðum segja um það örfá orð nú við 1. umr. í þessari hv. d.

Efni þessa frv. er það, að kveðið er á um það í 1. gr. að breyta hreppamörkum milli Hafnarhrepps og Nesjahrepps í Austur-Skaftafellssýslu þannig, að ein eyja, Ósland í Hornafirði, verði innan marka Hafnarhrepps, en eyja þessi hefur verið og er í Nesjahreppi. Hún fylgir jörðinni Horn og er í einkaeign allmargra aðila. En eyjan er tengd Hafnarkauptúni og er innan hafnarsvæðisins, og fyrirhugað er að koma upp nýjum hafnarmannvirkjum við eyjuna, þar sem hún liggur að sjálfri innsiglingunni að aðalhafnarsvæðinu. Þetta mál hefur að sjálfsögðu verið til athugunar heima í héraði og hlutaðeigandi hreppsnefndir hafa átt um það viðræður sín á milli, og aðilar frá báðum hreppsnefndum voru á ferð hér í Reykjavík fyrir nokkru, og þá var þetta mál rætt hjá Sambandi ísl. sveitarfél. undir leiðsögn formanns sambandsins, en þær viðræður leiddu ekki til samkomulags. Af þeim ástæðum er frv. þetta fram borið.

2. gr. frv. mælir svo fyrir, að verði ekki samkomulag milli hlutaðeigandi hreppsnefnda innan þriggja mánaða frá gildistöku þessara l., þá skuli bætur fyrir tekjumissi Nesjahrepps, sem leiðir af ákvæðum 1. gr., ákveðnar af gerðardómi skipuðum 3 mönnum, þar sem aðilar skipa hvor sinn mann í dóminn, en Hæstiréttur tilnefnir oddamann. Vanræki aðilar að tilnefna í dóminn, tilnefnir Hæstiréttur, þannig að dómur verði fullskipaður. Þessi ákvæði frv. eru sniðin eftir hliðstæðum l., sem gilda um aðra staði, og ætlazt er til þess af hálfu okkar þm. kjördæmisins, sem stöndum að þessu máli, að um þetta mál gildi að öllu leyti venjulegar reglur, sem farið hefur verið eftir, þegar svipað hefur staðið á annars staðar. Ég skal svo ekki hafa fleiri orð um þetta frv. nema sérstakt tilefni gefist til, en legg til, að frv. verði vísað til 2. umr. og háttv. heilbr.- og félmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 15 shlj. atkv.

Á 69. fundi í Ed., 23. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 71. fundi í Ed., 25. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 328, n. 548).

Frsm. (Ragnar Jónsson): Herra forseti. Frv. það um breyt. á hreppamörkum milli Hafnarhrepps og Nesjahrepps í Austur-Skaftafellssýslu, sem hér er til umr., er komið frá Nd. Heilbr.- og félmn. þessarar hv. d. hefur haft frv. til athugunar og rætt það á fundum sínum, og leggur hún til, að frv. verði samþ. með einni breyt. við 2. gr. Í frvgr. segir svo:

„Nú verður ekki innan þriggja mánaða frá gildistöku l. þessara samkomulag milli hreppsnefnda Hafnarhrepps og Nesjahrepps um bætur fyrir tekjumissi Nesjahrepps", o. s. frv. N. leggur til, að fyrir orðið „tekjumissi" komi „tekju- og aðstöðumissi."

Þar sem nú eru Nesja- og Hafnarhreppar var eitt hreppsfélag þar til fyrir 20 árum, að hreppnum var skipt og Hafnarkauptún gert að sérstöku sveitarfélagi. Hafnarkauptún hefur risið á landi Hafnarness, og voru landamerki þeirrar jarðar látin ráða hreppamörkum við skiptinguna, svo sem fram kemur í grg. fyrir frv. Þegar hreppaskiptingin fór fram, munu íbúar Hafnarhrepps hafa verið kringum 300. Síðan hefur byggðin vaxið mjög með aukinni útgerð og bættri aðstöðu til atvinnurekstrar á ýmsum sviðum, og eru íbúar Hafnarkauptúns nú um 800 manns. Vaxandi bær þarfnast vitanlega aukins athafnasvæðis, og eru nú fyrirhugaðar miklar hafnarframkvæmdir á staðnum. En þannig hagar til, að land það, sem liggur að hafnarsvæðinu, er í tveimur hreppum. Er það eyja, svonefnt Ósland, í landi jarðarinnar Horns í Nesjahreppi, sem hér er um að ræða. Þrátt fyrir samningaumleitanir hefur samkomulag ekki tekizt milli hreppsnefnda Nesjahrepps og Hafnarhrepps um breyt. á hreppamörkunum, þannig að Óslandið yrði framvegis í Hafnarhreppi. Hefði þó á allan hátt verið æskilegast, að svo hefði mátt verða. Ágreiningurinn virðist að mestu vera um bótaupphæð til Nesjahrepps. Frv. felur það í sér, að unnt verði enn þá að ná samkomulagi um bætur til handa Nesjahreppi vegna landmissis. En jafnframt er lagt til, að mat óvil-

hallra manna skeri úr um greiðslur vegna breyt. á hreppamörkunum.

Það eru nú víða uppi raddir um nauðsyn þess að breyta hreppaskipuninni í landinu og fækka hreppunum að mun. Það er því trúlegast, að núverandi hreppaskipun eigi eftir að taka miklum breytingum á næstu árum. Að mínum dómi hefði því verið eðlilegast, að þessir tveir umræddu hreppar hefðu sameinazt í eitt sveitarfélag, eins og þeir voru allt til ársins 1946, en sá möguleiki virðist ekki vera fyrir hendi, eins og sakir standa.

Breyting sú, sem heilbr.- og félmn. leggur til, að gerð verði á frv., stefnir að því að gera ákvæðin um bótagreiðsluna skýrari, þar sem orðin „tekju- og aðstöðumissi" koma í stað orðsins „tekjumissi," eins og það var í frv. og ég gat um áðan. Hér er tvímælalaust um aðstöðumissi fyrir Nesjahrepp að ræða, þar eð Óslandið liggur að hinu fyrirhugaða nýja hafnarsvæði. Bæturnar fyrir aðstöðumissinn gætu orðið á ýmsa vegu. Þar gæti orðið um fébætur að ræða í eitt skipti fyrir öll. Líka mætti hugsa sér greiðslu, sem innt væri af hendi á nokkrum árum, eða þá aðstöðu, sem Nesjahreppur nyti um skemmri eða lengri tíma.

Ég vil taka það fram, að það, sem ég segi um þetta atriði málsins, eru mínar persónulegu hugleiðingar, en engar umr. fóru fram um þennan þátt þess í n. Mér er vel ljóst, að það er nauðsyn stækkandi kauptúni að fá aukið rými fyrir ný mannvirki. En þar sem hin miklu hafnarmannvirki eiga einmitt að koma meðfram Óslandinu, sem er í Nesjahreppi, er skylt að hafa einnig sjónarmið íbúa þess hrepps í huga. Það breytir engu þar um, þó að mér þyki trúlegast, að þessir tveir hreppar eigi eftir að sameinast á ný, áður en langir tímar líða.

Ég vil svo að lokum óska þess, að hv. þdm. sjái sér fært að samþykkja frv. í því formi, sem það er nú komið í frá heilbr.- og félmn.

Páll Þorsteinsson: Herra forseti. Ég þakka heilbr.- og félmn. fyrir afgreiðslu á þessu máli. Út af brtt., sem n. flytur, vil ég segja þetta: Við 1. umr. þessa máls í þessari hv. d. tók ég fram, að ákvæði 2. gr. frv. væru sniðin eftir hliðstæðum l., sem gilda um aðra staði, og ætlazt væri til þess af hálfu þm. Austf., en þeir standa allir að flutningi þessa frv., að um mat á bótum til Nesjahrepps samkv. 2. gr. gildi í framkvæmd almennar, venjulegar reglur, sem farið hefur verið eftir, þegar svipað hefur staðið á annars staðar á landinu. Ég lít svo á, að í brtt. n. felist raunverulega ekki efnisbreyting á frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 548 samþ. með 14 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 72. fundi í Ed., 26. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 585).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 78. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að frv. væri endursent frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 80. fundi í Nd., 28. apríl, var frv. tekið til einnar umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 637).

---

73. Lögheimili.

Á 30. fundi í Sþ., 9. marz, var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 35 frá 1960, um lögheimili [138. mál] (þmfrv., A. 291).

Á 53. fundi í Nd., 10. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Sigurður Bjarnason): Herra forseti. Frv. þetta, sem ég hef leyft mér að flytja ásamt hv. 5. þm. Vesturl. og hv. 5. þm. Reykv., felur í sér þá breyt. eina á l. um lögheimili, að íslenzkir starfsmenn alþjóðastofnana, sem Ísland er aðili að, haldi lögheimili sínu hér heima, þrátt fyrir búsetu erlendis, en sú regla gildir nú um starfsmenn í utanríkisþjónustu Íslands. Virðist sanngjarnt, að íslenzkir starfsmenn alþjóðastofnana njóti sömu aðstöðu að þessu leyti.

Ég leyfi mér að leggja til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. allshn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til allshn. með 25 shlj. atkv.

Á 72. fundi í Nd., 19. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 291, n. 508).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 25 shlj. atkv.

Frsm. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Þetta frv. um breyt. á l. nr. 35 frá 1960, um lögheimili, felur í sér þá breyt. eina, að íslenzkir starfsmenn alþjóðastofnana, sem Ísland er aðili að, haldi lögheimili sínu hér heima, þrátt fyrir búsetu erlendis, en sú regla gildir nú um alla starfsmenn í utanríkisþjónustu Íslands.

Allshn. hefur haft þetta frv. til meðferðar og telur sanngjarnt og eðlilegt, að þessi breyt. verði gerð, og leggur einróma til, að frv. verði samþykkt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Á 73. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 23 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 66. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 67. fundi í Ed., 22. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til allshn. með 17 shlj. atkv.

Á 72. fundi í Ed., 26. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 291, n. 576).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Frsm. (Friðjón Skarphéðinsson): Herra forseti. Frv. þetta um breyt. á l. nr. 35 frá 1960, um lögheimili, er þmfrv. komið frá Nd. Það felur í sér þá breyt. eina, að íslenzkir starfsmenn alþjóðastofnana, sem Ísland er aðili að, haldi lögheimili sínu hér heima, þrátt fyrir búsetu erlendis, en sú regla gildir nú um starfsmenn utanríkisþjónustu Íslands.

Allshn. hefur fjallað um málið og leggur einróma til, að frv. verði samþykkt óbreytt, þó þannig, að einn nm., Ólafur Björnsson, var ekki viðstaddur, þegar n. afgreiddi málið.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 73. fundi í Ed., 28. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 641).

---

74. Sala Örlygsstaða í Helgafellssveit.

Á 34. fundi í Sþ., 30. marz, var útbýtt frá Ed.:

Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til að selja eyðijörðina Örlygsstaði í Helgafellssveit [172. mál] (þmfrv., A. 398).

Á 58. fundi í Ed., 31. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 59. fundi í Ed., 1. apríl, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Ásgeir Bjarnason): Herra forseti. Þetta frv. er flutt eftir beiðni Guðmundar Gíslasonar bónda að Kársstöðum í Helgafellssveit. Og eins og frv. ber með sér, er það þess efnis, að heimila ríkinu að selja jörðina Örlygsstaði í Helgafellssveit, en Örlygsstaðir er næsta jörð við Kársstaði. Frv. fylgja meðmæli frá hreppsnefnd Helgafellssveitar, þar sem hún mælir með því, að Guðmundur fái keypta Örlygsstaði, og sömuleiðis hefur héraðsráðunautur, Leifur Jóhannesson, gefið yfirlýsingu um, að það væri æskilegt, að Guðmundur fengi Örlygsstaði keypta.

Þannig háttar til á Kársstöðum, að fyrir allmörgum árum síðan var gerð girðing á vegum sauðfjárveikivarna á milli Narfeyrar og Kársstaða, og töpuðu Kársstaðir þá þó nokkru landi við þá girðingu, og það er ekki séð fyrir endann á því enn þá, hvenær Kársstaðir kunna að endurheimta sitt land, sem varð utan þeirrar girðingar, þegar henni var komið á. En Örlygsstaðir hafa verið í eyði í 29 ár, og þar eru engin mannvirki og ég held ekkert tún, sem í það minnsta er afgirt nú, og jörðin er aðeins 1000 kr. að fasteignamati, svo að hér er ekki um geysimikil verðmæti að ræða, en eigi að síður mundi það bæta verulega aðstöðu þeirra bænda eða þess bónda, sem er á Kársstöðum, ef hann fengi trygg afnot af jörðinni Örlygsstöðum, og sýnist mér allt mæla með því, að ábúandinn fái þessa jörð keypta.

Ég vil mælast til þess, að þetta mál fari til landbn., og þá hefur n. það að sjálfsögðu í hendi sér, hvort hún leitar skriflegrar umsagnar frá jarðeignadeild ríkisins og landnámi ríkisins eða hefur samband við þá aðila á annan hátt, en ég tel, að það verði að gera, til þess að það sé vitað mál, að ekki verði nein vandkvæði á þessum kaupum, þegar þar að kemur.

Ég vil svo leggja til, að þetta mál verði að þessari umr. lokinni tekið fyrir til 2. umr. og sent til landbn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til landbn. með 14 shlj. atkv.

Á 67. fundi í Ed., 22. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 398, n. 529).

Frsm. (Ásgeir Bjarnason): Herra forseti. Við 1. umr. þessa máls gerði ég grein fyrir kaupum þessarar jarðar, og landbn. hefur einnig leitað umsagnar jarðeignadeildar ríkisins, sem mælir með sölu jarðarinnar, og n. mælir einróma með samþykkt þessa frv., og legg ég því til, að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til 3. umr.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Á 69. fundi í Ed., 23. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 76. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 77. fundi í Nd., 25. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til landbn. með 23 shlj. atkv.

Á 80. fundi í Nd., 28. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 398, n. 593).

Frsm. (Gunnar Gíslason): Herra forseti. Þetta er eitt af allmörgum frv. um jarðasölu, sem legið hafa fyrir þessu þingi. Það var flutt í hv. Ed. þetta frv. og felur í sér að heimila ríkisstj. að selja bóndanum á Kársstöðum í Helgafellssveit eyðibýlið Örlygsstaði í sömu sveit. Lönd þessara jarða liggja saman, og er talið, að búsetuskilyrði á Kársstöðum yrðu miklu betri, ef bóndinn þar fengi þetta kot keypt. Landbn. þessarar hv. d. leggur til, að frv. verði samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 20:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20:2 atkv.

Á 81. fundi í Nd., 29. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 26 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 655).

---

75. Aðstoð við vangefið fólk.

Á 69. fundi í Ed., 23. apríl, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 43 29. maí 1958, um aðstoð við vangefið fólk [196. mál] (þmfrv., A. 546).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. (Friðjón Skarphéðinsson): Herra forseti. Heilbr.- og félmn. flytur þetta frv. til l. um breyt. á l. nr. 43 29. maí 1958, um aðstoð við vangefið fólk, og er efni þess það, að 30 aura gjald, sem nú er greitt af hverri öl- og gosdrykkjarflösku, sem framleidd er og seld hér á landi og runnið hefur til Styrktarsjóðs vangefinna, skuli nú hækkað í 60 aura gjald, sem skiptist þannig, að ¾ hlutar eða 45 aurar renni til Styrktarsjóðs vangefinna, en ¼ hluti eða 15 aurar skuli renna til Hjartaverndar, samtaka hjarta- og æðaverndarfélaga á Íslandi.

Tildrög þess, að frv. þetta er flutt nú, þegar svo áliðið er þingtíma, sem raun ber vitni, eru þau, að n. hafa alveg nýlega borizt erindi frá Styrktarfélagi vangefinna og Hjartavernd, sem fara þess eindregið á leit, að þeim verði liðsinnt fjárhagslega á þann hátt, sem frv. ráðgerir.

Styrktarfélag vangefinna hefur unnið þjóðnýtt starf um nokkur ár, og er það hv. dm. kunnugt að meira eða minna leyti. Á s.l. ári voru félagar 666 talsins, og hefur félagið nú skrifstofu hér í borginni. Félagið hefur aflað sér fjár með margvíslegum hætti til starfsemi sinnar svo sem með happdrætti, merkjasölu, sölu minningarspjalda, gjöfum og áheitum. Þá hafa ýmis sveitarfélög og þó einkum Reykjavíkurborg látið fé af hendi rakna til félagsins. Frá 1958 hafa svo Styrktarsjóði vangefinna verið tryggðar tekjur með l. nr. 43 það ár, 30 aura gjald það, sem þar ræðir um.

Fé sjóðsins hefur jafnótt verið varið til bygginga og endurbóta dvalar- og vistheimila fyrir vangefið fólk, en slík heimili eru nú í Kópavogi, þar sem um 140 vistmenn dveljast, í Skálatúni, þar sem 28 vistmenn dveljast, í Sólheimum, en þar eru um 40 vistmenn, og að Tjaldanesi, þar sem einnig eru fáeinir vistmenn. Auk þess er dagheimilið Lyngás með yfir 40 börnum og unglingum. Um hið síðastnefnda heimili, Lyngás, má geta þess sem dæmi um, hve umfangsmikil og kostnaðarsöm þessi starfsemi er, að þar starfa 6 fóstrur, forstöðukona, matráðskona, einn kennari í bóklegum greinum, tveir handavinnukennarar, sjúkraþjálfari svo og læknir og sálfræðingur.

Vistmenn á hælum fyrir vangefna eru nú 214 og verða væntanlega nokkru fleiri, þegar lokið er byggingum og viðgerðum á vistheimilum, sem nú er unnið að. Hins vegar vantar enn hælisvist fyrir hátt á annað hundrað manns, sem engin leið er að sinna fyrr en aflað hefur verið nýrra vistheimila eða þau hæli stækkuð, sem nú eru til.

Í erindi, sem yfirlæknir Kópavogshælis, frú Ragnhildur Ingibergsdóttir, hefur flutt og n. hefur verið sent, segir svo m.a.:

„Nú í dag liggja fyrir um 80 umsóknir um hælisvist í Kópavogi. Margar þessar umsóknir eru mjög aðkallandi, og margar eru þær mjög gamlar, en að sjálfsögðu verða þeir, sem mesta hafa þörfina, að ganga fyrir, eftir því sem frekast er unnt. Reynt hefur verið að sinna þeim, sem lakasta hafa heilsuna, andlega og líkamlega, og verstar heimilisástæður, en það er ógaman að eiga að vega og meta vandkvæði þeirra, sem til hælisins leita, því að undantekningarlaust er um mikið persónulegt og félagslegt vandamál að ræða og víða hreina neyð. Hingað til hefur aðeins verið hægt að sinna umsóknum þeirra, sem vonlaust var að útskrifa aftur, en margir eru þeir, sem hægt væri að hjálpa til meiri þroska, ef hægt væri að vista þá á hæli um tíma til læknismeðferðar, uppeldis eða kennslu. Þetta hlutverk verður ekki hægt að rækja hér á landi til fullnustu, fyrr en komnar eru nægjanlega margar vistmannadeildir fyrir karla og konur og börn á aðalhæli ríkisins og þar er komin viðhlítandi aðstaða fyrir hvers konar þjónustu aðra, hvað viðvíkur læknismeðferð og uppeldi, svo sem vinnu-, kennslu- og lækningastofur og aðstaða til fræðilegra rannsókna. Auk þess þarf að vera aðstaða til að taka fólk til dagvistar, m.a. á vinnustofur. Þá þurfa að rísa hér upp fleiri heimangöngustofnanir fyrir vangefna, þar sem þéttbýli er nóg, svo að sem flestir þeirra, sem möguleika hafa á að ná þeim andlega þroska, geti séð fyrir sér að einhverju leyti og slitni ekki úr tengslum við heimili sín og umhverfi."

Þetta var kafli úr erindi yfirlæknis Kópavogshælis.

Af þessu er ljóst, að hér er um mikið og alvarlegt vandamál að ræða, sem Alþ. getur ekki látið hjá líða að láta til sín taka og í ríkara mæli en enn hefur átt sér stað. Skylt er að geta þess, að Styrktarfélag vangefinna fór fram á 20 aura hækkun á flösku, úr 30 upp í 50 aura, en með tilliti til þess, að í fleiri horn er að líta, eins og ég brátt mun koma að, hefur n. ekki treyst sér til þess að fara hærra en í 45 aura gjald í Styrktarsjóð vangefinna.

Mér er tjáð, að af slíku gjaldi mundu safnast um 15 millj. kr. á ári.

Er þá komið að Hjartavernd, samtökum æða- og hjartaverndarfélaga. Þessi félagssamtök eru tiltölulega ung, þau eru stofnuð í des. 1964, og mun prófessor Sigurður Samúelsson yfirlæknir hafa verið driffjöður um stofnun þeirra samtaka ásamt fleiri góðum mönnum og látið jafnan til sín taka fyrir samtökin og unnið þeim ærið starf. Er hann formaður stjórnar samtakanna og hefur sótt alþjóðafundi um þessi efni, og eins og allir vita er hann sérfræðingur á þessu sviði.

Í grg. frv. er skýrt frá tilgangi samtakanna og þess getið, að þau hafa með ærnum dugnaði safnað fé til kaupa á húsnæði að Lágmúla 9 hér í borg til þess að koma á fót hjartarannsóknarstöð í Reykjavík. Húsnæði þetta er tvær hæðir í fyrrnefndu húsi, hvor hæð 383 fermetrar að stærð, en af því má sjá, að hér er um talsvert stóra stofnun að ræða. Þá vantar Hjartavernd fé til þess að koma upp hæfum rannsóknartækjum og til reksturs stöðvarinnar. Til hjartarannsókna úti á landsbyggðinni þarf félagið að eignast stóra bifreið, búna röntgentækjum og öðrum nauðsynlegum tækjum og búnaði til þess háttar rannsókna. Talið er, að rannsóknarstöðin muni geta tekið til starfa á þessu ári, ef ekki brestur fé til reksturs hennar. Þetta er tilefni þess, að Hjartavernd hefur farið þess á leit við heilbr.- og félmn., að hún flytti frv. um 15 aura gjald af öl- og gosdrykkjarflöskum, er renni til Hjartaverndar í ofangreindu skyni. N. hefur orðið við þessum tilmælum, enda er henni ljóst, að hér er um brýnt vandamál að ræða. Og hún hefur ekki komið auga á aðra tiltækari fjáröflunarleið. Því má að vísu halda fram, að hér sé verið að seilast inn á fjáröflunarsvið vangefinna, en á það má benda, að frv. gerir ráð fyrir 50% hækkun á gjaldinu til Styrktarsjóðs vangefinna, þótt vissulega hefði það mátt vera meiri hækkun, og einnig hitt, að engan veginn er einsdæmi, að tvö eða fleiri félög eða sjóðir fái tekjur í sama formi af sölu eins og sama hlutar. Er þess skemmst að minnast, að með l. nr. 9 1965 var svo ákveðið, að ¼ af fé því, sem aflað er samkv. l. nr. 25 1962, um aðstoð við fatlaða, skuli varið til aðstoðar við blinda. Fleiri dæmi ætla ég að nefna mætti samsvarandi.

Heilbr.- og félmn. væntir þess, að hv. dm. taki frv. þessu af skilningi og mælist til þess við hæstv. forseta, að hann greiði fyrir hraðari afgreiðslu málsins í d., þar sem senn líður að þinglausnum og ella gæti verið hætta á, að frv. dagi uppi. Frv. er flutt af n. og því ekki gerð till. um að vísa því til n., en ég legg til, að því verði vísað til 2. umr. að lokinni þessari umr.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Í sambandi við framkomu þessa máls tel ég rétt að upplýsa, að ríkisstj. hefur ákveðið að láta fara fram allsherjar endurskoðun á gildandi lagaákvæðum um gjaldheimtu til hinna ýmsu líknarfélaga. Áætlað er, að endurskoðun þessi miðist við að færa gjaldheimtu þessa til aukins samræmis og meiri heildarstjórnar með þarfir hinna þýðingarmiklu og nauðsynlegu líknarsamtaka í huga, sem þegar hafa lagt fram ómetanlegt starf fyrir sjúka og hrjáða hér á landi.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 71. fundi í Ed., 25. apríl, var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 72. fundi í Ed., 26. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 78. fundi í Nd., s.d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 79. fundi í Nd., s.d., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 28 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 27 shlj. atkv.

Á 80. fundi í Nd., 28. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 546, n. 617).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 23 shlj. atkv.

Frsm. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Heilbr.- og félmn. hefur haft þetta frv. til athugunar, og hefur n. orðið sammála um að leggja til, að frv. verði samþ., og var það samþ. af 6 nm., en einn nm., Hannibal Valdimarsson, var fjarstaddur við afgreiðslu málsins.

Eins og fram kemur í nál., þá bendir n. á það, að nauðsynlegt sé, að fram fari endurskoðun á lagaákvæðum um fjárhagsaðstoð, sem látin er í té ýmsum stofnunum og félögum í svipuðu formi og gert er ráð fyrir í þessu frv., með það fyrir augum, að heildarlöggjöf verði sett um aðstoð við þessa aðila.

Mér þykir rétt að geta þess, að n. barst erindi frá stjórn Geðverndarfélags Íslands, þetta erindi kom 22. apríl, en þar fer félagið fram á það, að það fái einhvern ákveðinn tekjustofn til þess að standa undir sinni starfsemi, og sendir með afrit af bréfi, sem það skrifar til landlæknis 27. marz og afrit af bréfi landlæknis til dómsmrn.

Vegna þess hversu seint þetta erindi kom fram og að Ed. var búin að afgreiða þetta mál, þá taldi n. ekki rétt, þar sem ekki var meiri tími til stefnu, að verða við erindi Geðverndarfélags Íslands að þessu sinni, en það er ekki af því, að n. líti síður á starfsemi þess félags en hinna tveggja félaganna, sem hér eiga hlut að máli.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 81. fundi í Nd., 29. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 656).

---

76. Eignarnám lands í Flatey.

Á 22. fundi í Sþ., 15. des., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um eignarnám lands í Flatey á Breiðafirði [95. mál] (þmfrv., A. 183).

Á 31. fundi í Nd., 15. des., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 32. fundi í Nd., s.d., var frv. aftur tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið og of skammt liðið frá útbýtingu þess. — Afbrigði leyfð og samþ. með 29 shlj. atkv.

Flm. (Sigurður Bjarnason): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, er flutt af okkur þm. Vestfj. í hv. þd. og er flutt samkv. beiðni hreppsnefndar Flateyjarhrepps og í samræmi við till. mþn., sem skipuð var 2. okt. 1959 til þess að athuga atvinnuástand í Flateyjarhreppi og gera till. til endurreisnar atvinnulífi þar.

N. þessi skilaði áliti 10. des. s.l. Í henni áttu sæti Gísli Jónsson alþm., sem jafnframt var skipaður formaður n., Knútur Kristinsson héraðslæknir í Flatey og Pálmi Einarsson landnámsstjóri.

Efni frv. þessa er það, að lagt er til, að hreppsnefnd Flateyjarhrepps á Breiðafirði verði heimilað að taka eignarnámi þá 4/5 hluta lands eyjarinnar, sem nú eru í einkaeign. Skal um framkvæmd eignarnámsins fara eftir ákvæðum laga nr. 61 14. nóv. 1917.

Í bréfi, sem oddviti Flateyjarhrepps, Aðalsteinn Aðalsteinsson bóndi í Hvallátrum, ritaði Vestfjarðaþingmönnum á síðasta vori gerði hann m. a. að umtalsefni skiptingu landa í Flatey. Komst hann þar m. a. að orði á þessa leið:

„Í aldaraðir hefur Flatey verið skipt í átta jarðir, sem hver er 5 hundruð að fornu mati. Landið var hlutað niður í smáreiti, jafnvel sumum eyjunum skipt í helmingi fleiri staði en jarðirnar, svo slægjublettirnir yrðu sem jafnastir. Þessi skipti haldast enn og gera samfellda ræktun útilokaða, því að eigendurnir, sem flestir eru Reykvíkingar, vilja enga samvinnu hafa um þau mál frekar en önnur, sem verða mættu byggðinni til gagns, enda er svo komið, að varla er nokkurt hús nothæft yfir menn eða skepnur á jörðunum. Hver um sig eru jarðirnar of litlar til að bera kostnað af gagnlegum byggingum, og þar að auki verður að telja leiguna úr hófi háa.

Nú vil ég fyrir hönd hreppsbúa biðja þm. Vestfjarðakjördæmis að flytja á Alþ. till. um eignarnám á öllum jarðeignum í Flatey nema þeim 5 hundruðum að fornu mati, sem Flateyjarhreppur á, í því formi, sem þið teljið vænlegast til árangurs, til þess að hægt sé að nota landið í fyrrnefndum tilgangi, en ég hef hugsað, að það yrði gert á þennan hátt:

Landinu yrði skipt þannig, að á heimaeyjunni yrði stofnað nýbýli fyrir 20—25 kúa bú, og þar yrði byggt og ræktað eftir nýbýlalögum. Þá mætti, ef henta þætti, kaupa eitthvert þeirra íbúðarhúsa, sem til eru og standa ónotuð. Hinum hluta jarðarinnar ætti svo að skipta milli þeirra bænda, sem nú eru þar, og tel ég, að þeirra hlutur þyrfti ekki að versna frá því, sem nú er, með betri skilyrðum til ræktunar og eðlilegri leigu."

Þetta voru ummæli oddvita Flateyjarhrepps. Við flm. þessa frv. höfum fallizt á þá skoðun hans og fyrrgreindrar mþn., að nauðsynlegt sé, að Flateyjarhreppur eignist það land í Flatey, sem nú er í einkaeign. Þess vegna er þetta frv. flutt. Að sjálfsögðu má gera ráð fyrir, að nauðsynlegt reynist, að ríkissjóður hlaupi undir bagga með hreppnum vegna þeirra útgjalda, sem hann kann að hafa af jarðarkaupunum.

Íbúar í Flatey í Breiðafirði eru nú tæplega 30 talsins og í öllum Flateyjarhreppi um 75. Að sjálfsögðu þarf að gera ýmsar umbætur í Flatey og þeim eyjum öðrum, sem enn eru í byggð af Vestureyjum Breiðafjarðar, til þess að bæta aðstöðu byggðarinnar þar og tryggja framtíð hennar. Auk Flateyjar eru nú í byggð Svefneyjar, Skáleyjar og Hvallátur. En í öllum þessum þremur síðast töldu eyjum er búið myndarbúskap og nytjuð þar margvísleg hlunnindi, sem jafnan fylgja eyjajörðum.

Í áliti mþn. er það talið frumskilyrði fyrir áframhaldandi byggð í Flatey, að hreppurinn eignist allt land og öll landsréttindi í Flatey, þar með talin öll hlunnindi, er fylgja jarðeignum þar. Að fengnum slíkum eignarumráðum sé leitað til Landnáms ríkisins um, að það veiti hreppnum aðstoð til að rækta allt ræktanlegt land í Flatey og styðja uppbyggingu bújarða þar með þeim hætti, að þar geti orðið 1—2 bú af stærð, sem líkleg er til að gefa þeim, er við þeim taka, lífvænlega afkomu.

Þá leggur n. til, að ríkið hlutist til um það við héraðsrafveitur ríkisins, að sett sé upp dieselrafstöð í Flatey með lögnum til allra heimila og atvinnustöðva í eynni. N. telur á sama hátt, að aukning athafnalífs í Flatey geri alveg óhjákvæmilegt, að símaþjónusta sé bætt og því alveg nauðsynlegt, að unnið sé að því við Landssíma Íslands, að hann komi upp símakerfi fyrir byggðina, svo að hvert heimili þar og atvinnuveitendur, sem kynnu að óska eftir síma, gætu notið þeirra þæginda, sem sú þjónusta veitir. Í þessu sambandi vil ég geta þess, að ég hef fyrir tveim árum ritað Landssíma Íslands bréf og óskað þess, að nýjum og fullkomnum talstöðvum verði komið upp í öllum Breiðafjarðareyjum. Hefur póst- og símamálastjóri hinn 9. des. s.l. ritað mér bréf, þar sem skýrt er frá því, að Landssíminn eigi von á þremur nýjum og fullkomnum talstöðvum, sem áformað sé að setja upp í Breiðafjarðareyjum á næsta ári. Ætti það mál því að vera komið á sæmilegan rekspöl.

Þá leggur mþn. til, að Jarðborunum ríkisins sé falið að gera athugun á því, hvernig bætt verði úr þörf fyrir nægt og gott neyzluvatn í Flatey, og sé þá einnig höfð í huga þörf útgerðar á staðnum fyrir aukna notkun vatns. N. leggur einnig til, að nauðsynlegar athuganir fari fram á því, hvort heitt vatn kunni að fást með borunum

í Flatey, þar sem vitað sé, að í eyjum og útskerjum í nálægð Flateyjar séu jarðhitasvæði. Þá ræðir n. um möguleika þess að koma á þang- og þaravinnslu í Flatey og bendir loks á, að skynsamlegt væri að hefjast handa um að koma upp sumarbúðum í Flatey fyrir unglinga og leita samkomulags við þá aðila í landinu, sem framkvæmd þeirra mála hafa með höndum. Í framhaldi af því segir n., að sér sýnist eðlilegt, að hluti sumarbúðanna verði gerður að heils árs búðum með skóla á vetrum.

Í skýrslu mþn. felast margvíslegar upplýsingar um atvinnulíf og þróun byggðar í Flatey. Það má geta þess, að á s.l. vori var hafinn nýr atvinnurekstur í eynni í sambandi við kaup á nýjum flóabát fyrir eyjarnar og byggðirnar við norðanverðan Breiðafjörð. Var hinn nýi flóabátur gerður út á fiskveiðar meginhluta sumars, og var afli hans lagður upp í Flatey. Gafst sú útgerð allvel. Að sjálfsögðu skiptir meginmáli, að auknum atvinnurekstri verði komið á fót í eynni. Kemur þar bæði til greina útgerð, fiskverkun og einhvers konar iðnaður. Er eðlilegt, að stuðningur verði veittur af opinberri hálfu við hvers konar viðleitni til þess að reisa við atvinnulíf staðarins. Þess má geta, að 2—3 fjölskyldur hafa flutt til Flateyjar á þessu ári.

Þessi mál verða ekki frekar rædd hér almennt í sambandi við afgreiðslu þess frv., sem hér liggur fyrir, en það er skoðun okkar flm., að eðlilegt sé og brýna nauðsyn beri raunar til, að hlúð verði að eyjabyggðinni á Breiðafirði. Lífsskilyrði eru að mörgu leyti góð á þessum sérkennilegu og fögru stöðum, en einangrun og breyttir þjóðlífshættir hafa valdið þessari byggð eins og mörgum öðrum á landi hér ýmsum erfiðleikum. En það væri þjóðfélagslegt tjón, ef allar Breiðafjarðareyjar færu í eyði. Þess vegna ber að stefna að því að bæta aðstöðu fólksins þar og tryggja þar áframhaldandi blómlega byggð.

Ég leyfi mér svo, herra forseti, að óska þess, að þessu frv. verði vísað að lokinni þessari umr. til 2. umr. og væntanlega til hv. landbn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til landbn. með 29 shlj. atkv.

Á 71. fundi í Nd., 18. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 183, n. 484).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 23 shlj. atkv.

Frsm. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Landbn. d. hefur fjallað um þetta mál og sent það til umsagnar Sambandi ísl. sveitarfélaga og Flateyjarnefnd, þ.e.a.s. mþn., sem hafði haft það hlutverk að athuga, hvað hægt væri að gera til þess að viðhalda og efla byggð í Flatey á Breiðafirði. Báðar þessar umsagnir eru jákvæðar.

Samband ísl. sveitarfélaga segir: „Stjórnin" — þ. e. a. s. stjórn sambandsins — „samþykkir að mæla með því, að frv. nái fram að ganga."

Mþn. um vandamál byggðar í Flatey sendi einnig umsögn, og vil ég leyfa mér, með leyfi hæstv. forseta, að lesa það svar. Það er á þessa leið, það er dags. 2. okt.:

„Flateyjarnefnd hefur meðtekið bréf hv. Nd. Alþ., dags. 18. febr. 1966, ásamt frv. til l. um eignarnám lands í Flatey á Breiðafirði á þskj. 183, þar sem beiðzt er umsagnar n. um frv. Eins og við tókum fram á fundi með landbn. nýlega, teljum við, að frv. á þskj. 183, þótt að l. verði, leysi ekki að fullu þann vanda, sem leysa þarf í þessu máli. Hreppsfélag þetta er fámennt og hefur eins og stendur sjálft enga fjárhagslega möguleika á af eigin fé að staðgreiða líklegt andvirði þessarar eignar. Við teljum því, að frv. verði að taka verulegum breyt., ef leysa á þann vanda, sem hér um ræðir. Nm. hafa því orðið sammála um að leggja til við hv. landbn., að eftirfarandi breyt. verði gerðar á frv., en þær fela í sér, að ríkið veiti tímabundna fjárhagslega aðstoð til þess, að hreppurinn síðar geti eignazt landið. Með tilvísun til þessa leggjum við til eftirfarandi:

Að 1. gr. frv. orðist svo: Ríkissjóði er heimilt að kaupa þá 4/5 hluta Flateyjarjarða á Breiðafirði ásamt tilheyrandi hlunnindum þeirra, sem nú eru í einkaeign. Náist ekki samkomulag um kaupin við eigendur, er ríkissjóði heimilt að eignarnema Flatey 1, 2, 3, 4, 6 og 7 með gögnum og gæðum, er þeim fylgja, og skal framkvæmd eignarnámsins fara eftir ákvæðum laga nr. 61 frá 14. nóv. 1917.

2. gr. frv. orðist svo: Þegar ríkissjóður hefur eignazt þessar jarðir, svo sem fyrir er mælt í 1. gr., skal hann endurselja þær Flateyjarhreppi með þeim greiðslukjörum, að hreppsfélaginu verði fært að standa undir vöxtum og afborgunum til ríkissjóðs, miðað við, að leigur fyrir land og hlunnindi fari ekki fram úr venjulegri leigu af jörðum í eign ríkisins. Við endursölu til hreppsins sé sett það skilyrði, að hreppnum sé óheimilt að selja eignirnar eða hluta þeirra, þó að undanskildum jarðarhúsum. Við ráðstöfun á jörðunum til ábúðar sé tryggt, þurfi hreppurinn eða ríkið á landi að halda til sérstaks atvinnureksturs, að eigi komi til önnur bótaskylda fyrir land eða hlunnindi en lækkun á leigu, er svari til þeirrar rýrnunar, er verður af notun lands og hlunninda. Takist ekki samkomulag milli hreppsins og ríkissjóðs um kaup hreppsins á eignunum, leigir ríkissjóður hreppnum eignirnar, enda séu ákv. 2. mgr. að fullu tryggð með leigusamningunum. Þá skal og Flateyjarhreppur jafnan eiga þess kost að kaupa eignirnar með þeim kjörum, sem í l. mgr. getur.

Virðingarfyllst.

Gísli Jónsson, form., Pálmi Einarsson, ritari.

Til landbn. Nd. Alþ."

Þessi umsögn var sem sé jákvæð, en lagt var til, að tvær breyt. yrðu gerðar á frv., og talið, að ef þær breyt. yrðu gerðar, væri það öruggara, að lögin kæmu að fullu gagni í því skyni að efla byggð í Flatey á Breiðafirði. Það var þess vegna talið sjálfsagt af landbn. að athuga möguleika á því að fá samstöðu um frv. þannig breytt, eins og mþn. lagði til, og var rætt um það mál við hæstv. fjmrh. Hann var í sjálfu sér fús til þess að taka þá skuldbindingu á ríkið að leysa út Flateyjarlönd, þá hluta, sem hér um ræðir af Flateyjarlöndum, samkv. niðurstöðu fyrirhugaðs eignarnáms, en var þó ekki alls óhræddur um, að þetta kynni að leiða til hættulegra fordæma annarra, kannske stærri en hér væri um að ræða. Það var athugað, að svipuð lönd á Breiðafirði, þ. e. a. s. lönd Hergilseyjar, höfðu verið nýlega seld á

11000 kr. hundraðið að fornu mati. Öll Flateyjarlönd eru 40 hundruð að fornu mati, en hér var um að ræða að eignarnema 4/5 þess eða 32 hundruð. Það væri því í hæsta lagi, ef niðurstaða eignarnáms yrði eitthvað svipuð og kaupverð í Hergilseyjarlöndum nú nýskeð, kannske um að ræða 400000 kr. upphæð. Það gat ekki talizt neinn stórpeningur fyrir ríkissjóð. Það var þess vegna eingöngu, að hæstv. fjmrh. talaði um, að þetta kynni að draga stærri dilk á eftir sér, ef gengið væri inn á þetta. En ég var m. a. þeirrar skoðunar, að öruggara væri, að frv. kæmi að notum, ef frv. væri breytt í samræmi við till. mþn. Niðurstaðan hefur samt orðið sú, að landbn. mælir öll með því, að frv. verði samþykkt, og það er þá gert í trausti þess, að komi á daginn, að hið fámenna hreppsfélag Flateyjarhrepps reynist þess ekki megnugt fjárhagslega að leysa af hendi kaupverðið samkv. mati, þá verði með einhverjum hætti veitt aðstoð af hendi ríkisins eða einhverra opinberra sjóða, til þess að þetta fátæka hreppsfélag geti eignazt landið, og ég hef hugmyndir um það, að til þess ættu að vera möguleikar. Og í því trausti, að það bregðist ekki, mæli ég með frv. óbreyttu.

Nú kynnu menn að segja sem svo, hvaða líkur eru fyrir því, að það komi að gagni gagnvart eflingu byggðar í Flatey á Breiðafirði, þó að heimamenn eða hreppsfélagið sjálft eignist landið. Jú, það er upplýst, að flestir eigendur að 4/5 hlutum Flateyjarlands eru nú ekki búsettir þar á staðnum, margir þeirra búa hér í Reykjavík, sumir jafnvel í öðrum heimsálfum. Þessi lönd hafa verið leigð eftir gömlum leigumálum, það á að greiða þarna leiguna í dún, og leigan verður með þeim hætti mjög há, það er ekki hægt að segja annað. Hins vegar hafa leigjendur ekki aðstöðu til þess að bæta landið með ræktun, þar sem þeim er leigt þetta frá ári til árs, og eigendur hafa engan áhuga á því að rækta landið. Það hefur verið leitað samvinnu við þá um það, að þeir heimiluðu samfellda ræktun landsins, en samkomulag hefur ekki náðst við hina dreifðu eigendur um það. Það er því bersýnilegt, að ef fólkið í Flatey á að njóta þessara landgæða, sem þarna er um að ræða, með eðlilegum hætti og fyrir sanngjarna leigu, þarf sveitarfélagið sjálft að eiga þetta land, og ég er sammála mþn. um það, að það sé frumskilyrði fyrir áframhaldandi byggð í Flatey, að hreppurinn eignist allt land og öll landsréttindi í Flatey, þar með talin öll hlunnindi, sem fylgja jarðeignum þar, en þetta er í nál. mþn.

Vitanlega fólust í till. mþn. um viðreisn byggðar í Flatey ýmsar aðrar till. en um það, að sveitarfélagið eignaðist landið. Þó að n. legði einna mest upp úr því, er því ekki að neita, að smáútgerð getur vel komið til greina í Flatey, og hefur fiskigengd í Breiðafirði, á Breiðafjarðarmiðum, nú aukizt á síðari árum eftir útfærslu landhelginnar, en það var eitt, sem kom hart við Flatey, þegar Flateyjarmið voru uppurin og ekki fékkst þar fiskur úr sjó, en sú var niðurstaðan orðin áður en landhelgin var stækkuð. En það hafði komið í ljós við athugun í sambandi við hugmyndir manna um þaravinnslu, t. d. með aðstoð jarðhitans á Reykhólum, að mjög þýðingarmikil þaramið eru einmitt í kringum Flatey, og er ekki ólíklegt, að það gæti orðið nokkur atvinna fyrir íbúa Flateyjar að skera þara eða afla þara til þaravinnslu t. d. á Reykhólum. Einnig hefur það sýnt sig, að skilyrði eru afbragðsgóð, alveg sérlega góð, til verkunar skreiðar í Flatey, og væri ekki ólíklegt, að einmitt smáútgerð og verkun aflans í skreið gæti verið einmitt þýðingarmikil fyrir tiltölulega fámenna byggð í Flatey.

Okkur Vestfirðingum er ekki alveg sársaukalaust, að Flatey á Breiðafirði leggist í eyði. Þetta er menningarstöð að fornu og nýju. Rætur íslenzkrar menningar stóðu óvíða á landinu fastari fótum en einmitt í Flatey á Breiðafirði, t. d. á 19. öldinni. Það er þjóðfélagsþróun, sem veldur því að verzlunin lagðist frá Flatey, og í annan stað, að fiskigengd lagðist frá Breiðafjarðarmiðum. Það er þetta og annað því líkt, sem veldur því, að Flatey hefur nálega lagzt í eyði, en þar eru nú aðeins milli 30 og 40 manns.

Ég skal ekki hafa þessi orð fleiri. Við flm. leggjum allir áherzlu á það, að málið fái afgreiðslu á þessu þingi, og niðurstaða landbn. er sú, að hún mælir einróma með samþykkt frv. óbreytts.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 72. fundi í Nd., 19. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Á 73. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 23 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 66. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 67. fundi í Ed., 22. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til landbn. með 16 shlj. atkv.

Á 73. fundi í Ed., 28. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 183, n. 614).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Frsm. (Sigurður Ó. Ólafsson): Herra forseti. Þetta frv., sem hér liggur fyrir, er komið frá hv. Nd. og samþ. þar. Samkv. 1. gr. frv. er hreppsnefnd Flateyjarhrepps á Breiðafirði heimilt að taka eignarnámi þá 4/5 hluta lands eyjarinnar, sem eru í einkaeign. Sem sagt, frv. gengur út á það, að hreppsnefndinni í Flateyjarhreppi verði heimilað að taka þessi lönd eða þennan hluta eyjarinnar eignarnámi.

Þetta frv. er flutt af öllum 5 þm. Vestfjarða og var samþ. í Nd. óbreytt.

Í grg. frv. segir, að þetta frv. sé flutt samkv. ósk hreppsnefndar Flateyjarhrepps og í samræmi við till. mþn., sem skipuð var 2. okt. 1959 til þess að athuga atvinnuástand í hreppnum og gera till. til endurreisnar atvinnulífi þar. Í n. þessari áttu sæti Gísli Jónsson alþm., sem var formaður hennar, Pálmi Einarsson landnámsstjóri og Knútur Kristinsson héraðslæknir. N. þessi lauk störfum 10. des. s. l., og komst hún m. a. að þeirri niðurstöðu, að það sé frumskilyrði fyrir áframhaldandi byggð í Flatey, að hreppurinn eignist allt land og öll landsréttindi í Flatey, þar með talin öll hlunnindi, er fylgja jarðeignum þar. Og að fengnum eignarumráðum verði síðan leitað til Landnáms ríkisins um að það veiti hreppnum aðstoð til að rækta allt ræktanlegt land Flateyjar og styðji uppbyggingu bújarða þar með þeim hætti, sem skynsamlegt verði talið, eins og þar segir.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta mál, þetta er einfalt og liggur beint fyrir. Landbn. þessarar hv. d. hefur haft málið til athugunar og leggur til, að það verði samþ. óbreytt, eins og það liggur fyrir. Ég skal taka það fram, að 2 nm., hv. 4. landsk., Jón Þorsteinsson, og hv. 4. þm. Vesturl., Jón Árnason, voru ekki á fundi, þegar málið var tekið fyrir í n., og hafa því að sjálfsögðu óbundnar hendur um afstöðu til þess, en þeir nm., sem hafa undirritað nál. á þskj. 614, leggja til, að frv. verði samþykkt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 75. fundi í Ed., 29. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 661).

---

77. Fiskveiðar í landhelgi.

Á 58. fundi í Ed., 31. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 33 1922, um rétt til fiskveiða í landhelgi [174. mál] (þmfrv., A. 421).

Á 59. fundi í Ed., 1. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Jón Þorsteinsson): Herra forseti. Í 9. gr. l. nr. 33 frá 1922, um rétt til fiskveiða í landhelgi, segir, að atvmrh. geti veitt leyfi til þess, að eigendur síldarolíueða síldarverksmiðju megi nota erlend skip til þess að fiska fyrir verksmiðjur þessar til eigin nota. En í leyfinu, sem veita má til tveggja ára í senn, beri að taka fram, að það veiti ekki erlendum skipum leyfi til fiskveiða eða fiskverkunar í landhelgi.

Þetta lagaákvæði hefur verið skilið á þann veg að atvmrh. geti heimilað síldarverksmiðjum um tiltekinn tíma að taka á leigu erlend veiðiskip með erlendum áhöfnum í því skyni að veiða síld hér utan landhelginnar og leggja upp afla sinn hjá verksmiðjunum.

Mér er ekki kunnugt um, að hve miklu leyti þessi heimild hefur verið veitt og notuð á þeim 44 árum, sem lögin hafa verið í gildi, en ég hygg, að fremur lítið hafi að þessu kveðið, enda getur það verið mjög áhættusamt fyrirtæki fyrir síldarverksmiðju að taka á leigu og gera út erlent veiðiskip. Hitt er ljóst, að heimildarákvæðið er upphaflega sett í lög til þess að tryggja afkomu síldarverksmiðjanna, vegna þess að þær eigi þess ekki nægilegan kost að fá hráefni frá innlendum veiðiskipum.

Á undanförnum árum hefur, eins og kunnugt er, ríkt mikið aflaleysi fyrir Norðurlandi og hinar afkastamiklu síldarverksmiðjur þar ásamt frystihúsum og öðrum vinnslustöðvum hafa búið við mikinn hráefnaskort. Af þeim sökum hafa ýmsir forustumenn í atvinnumálum í þessum landshluta hugleitt möguleika á því að fá erlend veiðiskip til að landa afla sínum til vinnslu í sjávarplássum á Norðurlandi og í Strandasýslu, ef lagaheimild fengist. Hafa þeir einkum haft þar í huga norsk og færeysk skip. Talið er, að útvegsmenn hinna erlendu skipa mundu í ýmsum tilvikum heldur vilja landa afla skipanna í höfnum á þessu svæði og selja hann þar en að láta skipin sigla með aflann alla leið til heimahafnar.

Í þessu máli hafa Siglfirðingar riðið á vaðið með því að láta semja sérstakt frv. um breyt. á l. um rétt til fiskveiða í landhelgi ásamt grg., en frv. þeirra miðar að því að rýmka verulega undanþáguheimildina í 9. gr. laganna. Það er að frumkvæði Siglfirðinga, sem við flm. þessa frv., sem hér liggur fyrir á þskj. 421, leggjum málið fram á Alþingi. En við flm. þess erum allir þm. fyrir þá landshluta, sem hér koma mest við sögu.

Í þessu frv. er þó gengið nokkru skemmra en Siglfirðingarnir óskuðu eftir, þar sem í frv. felst einungis bráðabirgðaheimild til árs til að kaupa afla af erlendum veiðiskipum, sem ráðh. skal binda við ákveðna staði og landshluta. Þetta er m. a. gert af þeim sökum, að jafnhliða þessu frv. flytjum við flm. þess ásamt hv. 2. þm. Vestf. till. til þál. í Sþ. um endurskoðun lagaákvæða um löndun erlendra fiskiskipa í íslenzkum höfnum með það fyrir augum að bæta úr atvinnuerfiðleikum einstakra byggðarlaga, sem skortir hráefni til vinnslu.

Sú spurning kann að rísa, hvers vegna þörf sé á að flytja þetta lagafrv. nú, þegar heildarendurskoðun á málinu standi væntanlega fyrir dyrum. Þar er tvennu til að svara. Úrbætur í atvinnumálum hinna hráefnasnauðu staða þola enga bið, en með samþykkt þessa frv. á yfirstandandi Alþ. kynni að skapast sú uppörvun, sem dygði, til þess að fólkið sæti kyrrt, en flyttist ekki brott til annarra landshluta, þar sem eftirspurn eftir vinnuafli er meiri. Á hinu leitinu er það einnig æskilegt, að á þeim tíma, sem endurskoðun lagaákvæðanna um löndun erlendra fiskiskipa í íslenzkum höfnum fer fram, hljótum við nokkra reynslu í því, í hve miklum mæli erlend veiðiskip sækjast eftir því að landa í íslenzkum höfnum og hver úrbót þetta kynni að verða í atvinnumálum einstakra byggðarlaga.

Í grg. með frv. þessu er tekin upp orðrétt grg. sú, sem fylgdi frv. þeirra Siglfirðinga. Þar koma fram margvísleg rök máli þessu til stuðnings, sem ég vil leyfa mér að vísa til. Einkum vil ég undirstrika tvennt, sem þar kemur fram: Annars vegar samþykkt fiskiþings, sem haldið var í febrúarmánuði s. l., en samþykkt þess hljóðar á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Fiskiþingið telur tímabært að losa að meira eða minna leyti um bann við kaupum á fersksíld og öðrum fiski af erlendum veiðiskipum, t. d. með gagnkvæmum samningum."

Á hinu leitinu eru svo athyglisverðar hugmyndir um gagnkvæman löndunarrétt íslenzkra og norskra fiskiskipa, sem komið hafa fram og vitnað er sérstaklega til í grg.

Ég hygg, að samþykkt þessa frv. gæti orðið heppilegur undanfari viðræðna um gagnkvæman löndunarrétt. Má til dæmis á það benda, að það hefur komið fyrir, að íslenzk veiðiskip hafa fengið að landa síld í norskum höfnum.

Eins og fram hefur komið er það megintilgangur þessa frv. að reyna að rétta hlut hinna hráefnasnauðu sjávarplássa, og má einskis láta ófreistað í því efni.

Ég hygg, að af samþykkt þessa frv. mundi eigi leiða neina sérstaka ásókn erlendra veiðiskipa á Íslandsmiðum umfram það, sem nú á sér stað, en hins vegar mundi lögfesting frv. skapa nýjan grundvöll að aukinni hráefnisöflun vinnslu- og verkunarstöðva, sem mikil þörf er fyrir í tilteknum landshlutum. Breyttar aðstæður valda því, að menn líta nú nokkuð öðrum augum á þessi mál en 1922, þegar lög um rétt til fiskveiða í landhelgi voru sett. Veiðisvæðin eru ekki eins staðbundin og áður. Skipin fara mjög vítt yfir til fanga og landhelgin, sem í þann tíma var aðeins 3 sjómílur með ströndum fram, er nú 12 mílur og grunnlínur dregnar fyrir flóa og firði.

Svo sem í frv. greinir, er heimild sú, sem þar er veitt til að kaupa afla af erlendum veiðiskipum, mjög takmörkuð. Í fyrsta lagi er heimildin aðeins bundin við eitt ár, þ. e. tímabilið frá 1. júní 1966 til 31. maí 1967. Enn fremur skal ráðh. binda leyfið við ákveðna staði eða landshluta. Svo má einnig einskorða leyfið við ákveðnar fisktegundir, og setja má skilyrði um magn aflans og verðlag. Þá er ráðh. og heimilt að setja sem skilyrði að farið sé eftir sérstökum löndunarreglum, en með því er aðallega átt við, að landanir erlendra skipa trufli ekki eða tefji löndun hjá íslenzkum veiðiskipum. Síðast, en ekki sízt, ber að taka fram í leyfinu, að það veiti eigi erlendum skipum heimild til fiskveiða eða fiskverkunar innan landhelginnar.

Herra forseti. Ég legg svo til, að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til sjútvn. með 14 shlj. atkv.

Á 64. fundi í Ed., 15. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 65. fundi í Ed., 18. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 421, n. 476).

Frsm. (Þorvaldur G. Kristjánsson): Herra forseti. Sjútvn. hefur tekið fyrir frv. það, sem hér er til umr. um breyt. á l. nr. 33 1922, um rétt til fiskveiða í landhelgi. Hefur n. mælt einróma með samþ. þessa frv.

Hér er um að ræða breyt. á l. nr. 33 frá 1922. Þegar þau l. voru sett, var skipað í einn bálk þágildandi l. og tilskipunum um rétt til fiskveiða í landhelgi. Ákvæðin um takmarkanir á heimild erlendra manna til fiskveiða við strendur landsins voru áður aðallega í tilskipun frá 12. febr. 1872 og l. nr. 35 frá 1901, um fiskveiðar hlutafélaga í landhelgi Íslands.

Við samningu l. frá 1922 var höfð hliðsjón af norskri löggjöf um þessi efni. En aðalbreytingin, sem gerð var með l. frá 1922, frá því, sem áður gilti, var sú, að ríkisborgararéttur var gerður að skilyrði fyrir rétti til fiskveiða í landhelgi. En áður var búseta í landinu skilyrði fyrir þessum réttindum. Tilskipunin frá 1872 var skýrð svo, að þau ákvæði, sem bönnuðu útlendingum fiskveiðar innan landhelgi, fælu einnig í sér bann við verkun veiðinnar innan landhelgi, og þessu var slegið föstu með 3. gr. l. frá 1922, þar sem bundinn er við íslenzkan ríkisborgararétt rétturinn til að flytja veiði í landhelgi eða á land til þess þar að verka hana.

Þessi regla, sem tekin var upp með l. frá 1922 að binda þessi réttindi við ríkisborgararétt, var sjálfsögð og hafði mikla þýðingu fyrir íslenzkt atvinnulíf. Þá var ástandið þannig, að erlendir menn áttu stór framleiðslutæki, síldarverksmiðjur og aðstöðu til síldarsöltunar á einstöku stöðum á landinu, eins og t. d. á Siglufirði. En á sama tíma, sem þessir aðilar héldu uppi miklum atvinnurekstri og fengu hráefni til þess að vinna úr, þá var það svo, að erfiðleikar voru um sölu á sjávarafurðum Íslendinga. Það var því ákaflega óeðlilegt það ástand, að erlendir menn gætu sett afla sinn á land og unnið væri úr honum undir þeim kringumstæðum, sem þá voru. Ég hygg, að þetta ástand hafi verið ein meginástæðan fyrir því, að l. nr. 33 1922, um réttindi til fiskveiða í landhelgi, voru þá sett.

En þó að ástandið í heild hafi verið svona, eins og ég hef skýrt frá, þá var gert ráð fyrir í 9. gr. l., að hægt væri að gera undantekningu frá l. Í þessari grein var kveðið svo á, að atvmrh. geti veitt leyfi til þess, að eigendur síldarolíu- og síldarmjölsverksmiðja, eins og það var orðað, megi nota erlend skip til þess að fiska fyrir verksmiðjur þessar til eigin nota, þrátt fyrir bannið í 3. gr. l. Leyfin, sem veita má samkv. l., mega vera til tveggja ára í senn, og það ber að taka fram, að það veiti ekki erlendum skipum heimild til fiskveiða eða fiskverkunar í landhelgi.

Þessi heimild í 9. gr. l. hefur verið notuð, eftir því sem ég bezt veit, alla tíð, þó kannske ekki hafi verið mikið. Undanþáguheimildin hefur þýtt það, að síldarverksmiðjur hafa getað tekið erlend skip á leigu til þess að veiða fyrir verksmiðjurnar.

Eins og málum er nú háttað, hefur ýmsum þótt, að það þyrfti að gera fleiri undantekningar frá ákvæðum l. Það eru ýmsar ástæður, sem liggja því til grundvallar. Við höfum víðsvegar um landið og einkum á Norðurlandi og á Vestfjörðum stórvirkar síldarverksmiðjur og hraðfrystihús, sem ekki hafa verið fullnýtt á undanförnum árum. Ástæðan hefur verið sú, að það hefur verið hvað snertir síldveiðarnar aflabrestur fyrir Norðurlandi og í Húnaflóa. Þessi miklu mannvirki, sem Íslendingar eiga á þessum slóðum til að vinna úr sjávaraflanum, hafa því verið mikið til ónotuð nú um nokkurra ára skeið. En á sama tíma, sem þetta hefur verið, þá hefur verið mikil eftirspurn eftir íslenzkum sjávarafurðum. Það hefur ekki verið vandkvæðum bundið að selja íslenzkar sjávarafurðir, og það hefur verið hægt að selja meira heldur en við höfum getað framleitt.

Þegar ástandið er þannig, sýnist það einsýnt frá þjóðhagslegu sjónarmiði, að það sé rétt að gera mögulegt, að þessi miklu framleiðslutæki okkar, sem ekki hafa verið fullnýtt eða lítt nýtt, fái að kaupa hráefni af útlendingum. En auk þess kemur hér til, að ýmis byggðarlög á Norðurlandi og á Vestfjörðum, sérstaklega í Strandasýslu, hafa átt í vök að verjast á undanförnum árum, vegna þess að ekki hefur verið næg atvinna. Það ástand hefur mjög ýtt undir fólksflótta frá þessum byggðarlögum og komið í veg fyrir allar markvissar aðgerðir til þess að stuðla að jafnvægi í byggð landsins hvað þessi byggðarlög snertir.

Með tilliti til þessa ástands er komin upp sú hugmynd að veita rýmri heimild til undanþágu frá l. frá 1922 heldur en gert var í upphafi með 9. gr. þeirra l. Og með hliðsjón af þessu er komið fram frv. það, sem hér er til umræðu. Samkv. frv. er gert ráð fyrir, að sjútvmrh. sé heimilað, þrátt fyrir bannið í 3. gr. l. frá 1922, að leyfa vinnslu- og verkunarstöðvum að kaupa afla af erlendum veiðiskipum í íslenzkum höfnum á tímabilinu frá 1. júní til 31. maí 1967. Það er gert ráð fyrir, að ráðh. bindi leyfið við ákveðna staði eða landshluta, eftir því sem hagkvæmt þykir, og svo er gert ráð fyrir, að ráðh. geti bundið leyfið við ákveðnar tegundir fisks eða sjávarafla og sett skilyrði um magn, verð og sérstakar löndunarreglur. Þá er tekið fram í frv., að í leyfi beri að taka fram, að það veiti eigi erlendum skipum heimild til fiskveiða eða fiskverkunar í landhelgi.

Þó að flm. frv. komi saman um það, að það sé nauðsynlegt að rýmka þær reglur, sem gilt hafa um löndun fisks úr erlendum skipum, þá telja þeir samt, að það séu svo margar hliðar á þessu máli, að það þurfi í raun og veru gagngerðrar athugunar við. Með tilliti til þessa er heimild sú, sem gert er ráð fyrir í frv., bundin við ákveðið tímabil eða aðeins eitt ár frá 1. júní 1966 til 31. maí 1967. Það er talið, að það geti komið nokkur reynsla á í þessu efni, ef frv. verður samþ. Sú reynsla getur m. a. komið í þarfir í sambandi við heildarendurskoðun löggjafarinnar um rétt til fiskveiða í landhelgi. En jafnframt því, sem þetta frv. er hér borið fram í hv. Ed., þá hafa flm. ásamt 2. þm. Vestf. borið fram þáltill. í Sþ. um það, að Alþ. álykti að skora á ríkisstj. að láta fram fara athugun á því, hvort ekki sé tímabært að gera endurskoðun á gildandi lagaákvæðum um löndun erlendra fiskiskipa á afla sínum í íslenzkum höfnum með það fyrir augum, eins og segir í þáltill., að bæta úr atvinnuerfiðleikum einstakra byggðarlaga, sem skortir hráefni til vinnslu.

Það er augljóst mál, að það þarf að endurskoða þessa löggjöf. Eins og ég sagði áðan eru margar hliðar á því máli, og það er sjálfsagt allvandasamt verk, því að auðvitað verður að gæta hvers konar íslenzkra hagsmuna, sem hér koma til greina. En það er samt talin svo mikil þörf á úrbótum í þessu efni, að það þykir rétt að bera fram frv. nú þegar á þessu þingi um vissar breyt. til þess að bæta úr þörfum þeim, sem ég hef hér gert grein fyrir.

Ég vænti þess, að hv. d. taki þessu frv. vel og það fái skjóta og góða afgr.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2.—6. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 66. fundi í Ed., 19. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 16:1 atkv. og afgr. til Nd.

Á 72. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 75. fundi í Nd., 22. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Jón Kjartansson: Herra forseti. Frv. það til l. um breyt. á l. nr. 33 frá 1922, sem hér er til umr., á þskj. 421 og flutt er af 4 hv. Ed.-þm., sem eru úr öllum stjórnmálaflokkunum, er að mínum dómi hið athyglisverðasta. Ég mun styðja þetta frv. við atkvgr. og vona, að það verði samþ. hér í hv. d.

Með tilliti til hinnar lélegu afkomu síldarverksmiðjanna og síldarsöltunarstöðva á svæðinu frá Raufarhöfn til Skagastrandar á undanfarandi árum virðist það vera fyllilega tímabært, að hæstv. ríkisstj. láti fram fara sem fyrst athugun á því, hvort ekki sé tími til kominn að láta endurskoða gildandi lagaákvæði um löndum fiskafla úr erlendum skipum í íslenzkum höfnum sbr. þáltill. á þskj. 401 og, að til bráðabirgða verði umrætt frv. samþ.

Það er alþjóð kunnugt, að hráefnisskortur hefur svo þjakað eigendur síldarsöltunarstöðva og síldarverksmiðja á því svæði, sem ég nefndi, að til vandræða horfir. Síldarflutningar frá Austurlandi til Norðurlandshafna hafa þó nokkuð hjálpað til, sérstaklega s. l. sumar, en þó hvergi nærri nóg, og því virðist full þörf á, að fleiri spjót séu úti höfð. Á svæðinu frá Raufarhöfn til Skagastrandar að þessum stöðum báðum meðtöldum eru 10—11 verksmiðjur, sem vinna úr síld og síldarúrgangi. Sólarhringsafköst þessara verksmiðja eru um 45 þús. mál. Þar af eru sólarhringsafköst Síldarverksmiðja ríkisins á þessum stöðum um 30 þús. mál. Það þýðir, að það er unnt að framleiða í þessum verksmiðjum á Norðurlandssvæðinu um 1000 tonn af lýsi á sólarhring miðað við 17—18% feita síld, og unnt er á sólarhring að framleiða 1200 tonn af mjöli. Miðað við meðalverð á lýsi og mjöli á árinu 1965, en það var sem næst 72 pundum cif pr. tonn, er framleiðsluverðmæti á sólarhring á þessum stöðum um 16 millj. kr. Þar af er framleiðsluverðmæti Síldarverksmiðja ríkisins á Siglufirði eitt sér rúmar 10 millj. kr. Ef hráefnið er fyrir hendi og hægt er að vinna frátafalítið í 25 daga í mánuði, nemur útflutningsverðmætið bara hjá verksmiðjunum hvorki meira né minna en um 400 millj. Það þótti nú eitt sinn ekki nein goðgá að tala um 50 daga vinnslu á Norðurlandi og þá mundi nú framleiðsluverðmætið á þessum stöðum verða um 800 millj. miðað við afurðaverð 1965. Ég get ekki hér fullyrt, hversu mikið verðmæti þessara verksmiðja er í dag, ef miða á við núverandi byggingarkostnað. Sjálfsagt er létt verk að reikna það út miðað við það, sem þær verksmiðjur kosta, sem nú er verið að byggja, en án efa skiptir það hundruðum millj. eða milljörðum.

Það er rétt að rifja hér upp í sambandi við það frv., sem hér liggur fyrir, að flestar þessar síldarverksmiðjur eða þær stærstu a. m. k. voru byggðar af íslenzka ríkinu til mikilla hagsbóta fyrir ríkissjóð, fyrir útvegsmenn, fyrir sjómenn og fyrir verkamenn. Hinir síðasttöldu fluttu búferlum margir hverjir til þeirra staða, sem verksmiðjurnar voru byggðar á. Þeirra von var, að þarna væri tryggur iðnaður að rísa upp, örugg framtíð; og svo var líka víða á þessum stöðum um árabil. En svo fór, að síldin, sá duttlungafulli fiskur, hvarf af næstu miðum, frá Norðurlandi, og hélt á mið þeirra Austfirðinga, og það sorglega skeði, að hjólin í hinum afkastamiklu verksmiðjum Norðlendinga stöðvuðust og hávaðinn hvarf, og stærstu síldarverksmiðjur í Evrópu, sem eru á Siglufirði, lömuðust. Verksmiðjuverkamennirnir, sem voru hinir bjartsýnustu, urðu að sjá fram á nauðþurftatekjur, og var það svo á tímabili, og sveitarsjóðir viðkomandi staða hafa goldið mesta afhroð.

Sú mynd, sem ég hef dregið hér upp af möguleikum síldarvinnslu á Norðurlandi, kallar á aðgerðir alveg tvímælalaust. Hjólin þurfa með góðu eða illu að hefja gang sinn á ný, og á þessum stöðum fyrir norðan þarf verksmiðjureyk sem allra fyrst að bera við himinn. Þessa mynd, sem ég hef nú leitazt við að draga upp af möguleikunum, má stækka með því að minna á möguleikana í sambandi við síldarsöltun á þessum stöðum. Ég held, að ég fari rétt með það, að á þessum stöðum séu um 30—40 síldarsöltunarstöðvar og þar af á Siglufirði 22. Á þessum stöðum, þegar hráefni er fyrir hendi og nægilegur vinnukraftur, er unnt að salta hundruð þúsunda tunna. Þess má hér geta, að útflutningsverðmæti af 390 þús. tunnum, sem seldar voru úr landi 1965, nam um 480 millj. kr. brúttó. Tölur þær, sem ég hef núna nefnt, tala sínu máli. Ég hef ekki handbærar tölur yfir það, hvað kosta mundi að byggja allar þessar síldarsöltunarstöðvar á þessum stöðum og hvað kostaði að byggja hús yfir það fólk, sem þarna þarf að vinna o. s. frv., en sjálfsagt mun það kosta hundruð millj. Síldarverksmiðjur ríkisins unnu á s. l. ári á nefndu svæði úr rúmum 450 þús. málum síldar. Það svarar til vinnslu 15—20 daga. En aðrar verksmiðjur á þessu svæði unnu úr rúmum 330 þús. málum. Ef maður ætlar nokkrar stundir eða jafnvel daga fyrir vélabilanir og upphreinsanir, sýnir það sig, hefði verið um samfellda veiði að ræða og samfellt hráefnismagn, að það hefur verið unnið í sem svarar 20 daga í þessum verksmiðjum á árinu 1965. Í sambandi við síldarsöltunina má geta þess og rifja hér upp, að á þessu svæði, sem skiptist um Langanes, voru saltaðar af 400 þús. tunnum aðeins 87 þús. tunnur og þar af á Siglufirði, sem hefur 22 söltunarstöðvar, aðeins 19 þús. tunnur. Það eru ekki þús. tunnur á stöð. Beri nú hver saman þessar tölur við söltunarmöguleikana. Mér virðist, að það muni allir vera sammála um það, að hér blasi við hörmuleg staðreynd, staðreynd, sem hv. Alþ. þarf að breyta. Fram komið frv., sem hér er á þskj. 421, og fram komin þáltill. á þskj. 401 miða í þá átt.

Það er gamalt máltæki, sem segir, að það sé ekki sopið kálið, þótt í ausuna sé komið, og það eru orð að sönnu. Mér er það fullljóst, að þótt þetta frv. verði samþ. og þótt samþ. verði sú þáltill., sem er nokkuð knýtt inn í efni þessa frv., og þó að ríkisstj. láti fara fram athugun samkv. ályktuninni og niðurstaðan verði sú að þeim athugunum fengnum, að l. um löndun erlendra fiskiskipa verði breytt á þann veg, að þeim verði heimilað að selja afla sinn í íslenzkum höfnum, er ekki fullvíst, að ferð sú, sem hér er farin, verði eða hafi verið farin til fjár. Það er engin sönnun fyrir því, að erlend skip eða eigendur erlendra skipa telji sér til verulegra hagsbóta að selja okkur fiskafla sinn, heldur kjósi þeir að fara til heimahafnar, þótt fjörður sé á milli frænda. Til að fyrirbyggja misskilning skal það að sjálfsögðu tekið fram, ef úr því yrði, að leyfð yrði löndun afla úr erlendum skipum í íslenzkum höfnum, að það er álit flestra þeirra, sem um þessi mál fjalla, og kemur það fram í grg. flm. í Ed., að löndunarleyfin yrðu bundin við þá staði eina, sem hafa nægan síldarverksmiðjukost og síldarsöltunarstöðvar, og þá að sjálfsögðu, þegar þangað vantar hráefni hverju sinni.

Þó að ég sé, eins og ég sagði í upphafi máls míns, fylgjandi frv. á þskj. 421 og telji það tímabært með tilliti til þeirrar litlu vinnslu, sem varð í síldarverksmiðjum norðanlands s. l. sumar og ég hef lýst, og vegna hinnar takmörkuðu síldarsöltunar, er mér ljóst, að viss áhætta og ábyrgð fylgir að gera þær breyt. á umræddum l., sem nauðsynlegar reynast til að ná settu marki í þessu efni. Það er að sjálfsögðu ill nauðsyn, sem liggur á bak við samþykkt þessa frv., en ég vona fastlega, að það verði samþ. hér í hv. d., en ég endurtek, það er ill nauðsyn, sem hvetur til umræddra athugana og væntanlegrar lagabreytingar. En eitthvað þarf að aðhafast til að auka hráefni þeirra síldarverksmiðja og söltunarstöðva, sem svelta og búa við aðeins 20 daga vinnslu, og aðgerðarleysið er þar ríkjandi í 340—345 daga. Samþykkt frv. þess, sem hér er á dagskrá, og samþykkt ályktunartill. á þskj. 401 er tilraun í þá átt.

Birgir Finnsson: Herra forseti. Hv. l. þm. Norðurl. v. lýsti réttilega því erfiða ástandi, sem skapazt hefur á Norðurlandi og við Húnaflóa og jafnvel lengra vestur á bóginn við það, að síldin hefur horfið af sínum fornu slóðum og tekið að veiðast út af Austfjörðum eða öllu heldur einhvers staðar í Atlantshafinu milli Íslands og Evrópu. Það var alveg hárrétt, sem l. þm. Norðurl. v. sagði um afleiðingarnar af þessari þróun í síldveiðunum, og hann dró upp rétta mynd af því vandamáli, sem við það hefur skapazt. Það var líka rétt, að mínum dómi, sem hann sagði, að samþykkt þess frv. sem hér um ræðir, er engin örugg úrbót til þess að bæta þetta ástand. Með frv. er lagt til, að um eins árs skeið verði það heimilað, að útlendingar leggi upp fiskafla hér á landi til vinnslu. Slík leyfi munu að sjálfsögðu, ef þau verða notuð að einhverju leyti, auðvelda útlendingum fiskveiðar við landið, þótt ekki sé í landhelgi. Mér finnst þá vera mikil spurning, ef við gerum ráð fyrir, að árangurinn af þessari tilraun verði varla umtalsverður og það sé nánast sjálfsblekking að halda því fram, að þetta undanþáguleyfi frá fiskveiðalöggjöfinni geti verið nein veruleg úrbót í atvinnuástandi Norðurlands, hvort tiltilraunin sé þess virði, að hún sé gerð. Allt, sem gert er til þess að auðvelda erlendum fiskveiðiskipum veiðar við landið og þ. á m. það að landa afla hér á landi, eykur ágengni á fiskimið okkar og getur dregið alvarlegan

dilk á eftir sér, eins og nú er komið. Ég vildi aðeins láta þetta sjónarmið koma fram við þessa umr., áður en þetta mál fer til sjútvn. þessarar hv. d., þar sem ég á sæti, og kemur þar til athugunar. Ég tel, að slík tilraun, þegar árangurinn er fyrirfram mjög vafasamur, geti verið of dýru verði keypt.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til sjútvn. með 30 shlj. atkv.

Á 78. fundi í Nd., 26. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 421, n. 574).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 28 shlj. atkv.

Frsm. (Hjörtur E. Þórarinsson): Herra forseti. Sjútvn. hefur fjallað um frv. á þskj. 421, um breyt. á l. um rétt til fiskveiða í landhelgi. Frv. þetta hefur farið í gegnum Ed. og kom þaðan óbreytt. Sjútvn. er sammála um, að frv. þetta sé tilkomið af brýnni nauðsyn vissra sjávarplássa, einkanlega á Norðurlandi, til þess að ná til sín öllu því hráefni til fiskvinnslu, sem mögulegt er að fá, án þess að tefla í aukna hættu hagsmunum okkar á fiskimiðum. Hún telur því rétt, að Alþ. leyfi þessa tilraun, sem hér er stefnt að og er aðeins bundin við eitt ár. Hins vegar telur n., að þýðingarmikið sé, að ekkert það sé gert, sem geti auðveldað frá því sem nú er erlendum togveiðiskipum að sækja á íslenzk mið, og gerir því brtt. við frv., sem tekur af öll tvímæli í því efni. Enn fremur gerir n. till. um orðalagsbreytingu á frv., sem kveður fastar að orði um það, að heimildin sé eingöngu við það miðuð, að unnt sé að aðstoða þá staði, sem búa við hráefnisskort til fiskvinnslu. Brtt. n. við frv. er þá á þessa leið:

Við 1. gr. í fyrsta lagi. Á eftir orðinu „veiðiskipum" komi: „þó ekki afla botnvörpuskipa". Og í öðru lagi. Í stað orðanna „eftir því, sem hagkvæmt þykir" komi: „þar sem brýn þörf er á atvinnuaukningu".

Herra forseti. Sjútvn. er sammála um að leggja til, að frv. verði samþ. með þeim breyt., sem ég hef gert grein fyrir.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Mér þykir nú miður, að hæstv. sjútvmrh. skuli ekki vera hér viðstaddur, þegar mál þetta er afgreitt, og ef hann væri nú staddur hér í húsinu, þætti mér miklu betur, að hann væri beðinn um að vera hér við þessar umr.

Með þessu frv. er stefnt að því að veita sjútvmrh. allmikilvægar heimildir frá því, sem hann hefur haft. Það er mjög greinilegt, að þrýstingur ýmissa innlendra aðila á það að veita erlendum skipum veiðirétt í íslenzkri landhelgi hefur farið vaxandi nú á síðustu árum. Það er mjög ljóst, að eigendur fiskvinnslustöðva víða um land hugsa gott til þess að geta fengið aukinn afla til vinnslu af erlendum fiskiskipum, og kröfur þeirra hafa því hvað eftir annað nú í seinni tíð komið upp um það, að heimildir yrðu veittar til löndunar á fiski úr erlendum skipum. Og svo hefur það komið upp hjá ýmsum aðilum á Norðurlandi, einkum nú í seinni tíð, að ráðstafanir í þessa átt gætu eitthvað greitt úr atvinnuvandamálum þar, og nú á þessu þingi hafa komið hér fram tvær till., önnur í frv.-formi því, sem hér liggur fyrir, um það að veita hæstv. sjútvmrh. heimild til þess að leyfa erlendum skipum að landa afla sínum hér til vinnslu í landinu. Og einnig hefur verið flutt þáltill. hér um sama efni, þar sem það er lagt til, að það skuli verða látin fara fram rannsókn á því eða athugun á því, hvernig rétt sé að standa að lagabreytingum almennt séð í þessa átt. Ég held því, að um leið og þessi heimild er veitt, sem gert er ráð fyrir samkv. þessu frv., sé rétt og nauðsynlegt, að það komi greinilega fram hér á hv. Alþ., hverjar skoðanir eru uppi hjá mönnum í sambandi við þetta mál. Það kom mér þannig fyrir sjónir, að þeir, sem eru í sjútvn. þessarar hv. d., væru mjög sammála um það, hvernig að þessum málum ætti að standa. Það virtist vera mjög einróma skoðun þeirra, að það bæri að fara með mikilli varúð í því að veita slíkar heimildir, sem þetta frv. fjallar um. En hins vegar var það skoðun n., að eftir atvikum væri þó rétt, að sjútvmrh. fengi heimild um eins árs skeið, sem væri í rauninni aðallega bundin við þau svæði á landinu, þar sem greinilega er ríkjandi atvinnuleysi eða erfiðleikar eru í atvinnumálum eins og t. d. á Norðurlandi, ef framkvæmd á þessu leyfi gæti orðið til þess að greiða þar eitthvað úr mestu vandræðum.

Þegar um það hefur verið rætt á undanförnum árum að lina á þeim reglum, sem í gildi hafa verið, hefur það greinilega komið í ljós, að það hefur verið frá Íslendinga hálfu einkum tvennt, sem gert hefur það, að við höfum haldið okkur við þau ströngu ákvæði, sem við *höfum búið við núna um langan tíma í þessum efnum.* Í fyrsta lagi var það svo um nokkurn tíma, að við vildum ekki heimila erlendum aðilum að landa afla sínum hér, þó að Íslendingar fengju að vinna við verkun aflans, vegna þess að við áttum í nokkrum erfiðleikum með að selja aflann á erlendum mörkuðum. En það er alllangt síðan þessi ástæða breyttist, og nú viðurkenna allir það, að það er engin ástæða til þess að neita útlendingum um að landa afla sínum hér og vinna hann hér í landinu vegna erfiðleika um að selja aflann. En hin meginástæðan og sú, sem er enn í fullu gildi fyrir því, að við höfum neitað útlendingum um alla aðstöðu til útgerðarreksturs frá okkar landi, er sú, að við höfum ekki viljað greiða á einn eða neinn hátt fyrir því, að erlend fiskiskip fengju samkeppnisaðstöðu við okkar skip á okkar fiskimiðum við landið, og alltaf þegar þessi mál hafa verið rædd, hefur það komið upp í samtökum sjómanna og útgerðarmanna og alveg sérstaklega í samtökum íslenzkra fiskiskipstjóra, að þeir hafi verið mjög mikið á móti því, að nokkrar tilslakanir yrðu gerðar í sambandi við löndunarrétt erlendra fiskiskipa á Íslandi eða á nokkurn hátt til þess að greiða götu þeirra til þess að taka þátt í því að keppa við Íslendinga á fiskimiðunum við landið. Og því hefur það alltaf farið svo á undanförnum árum, þegar þessi mál hafa verið rædd, að þeir, sem hafa haft með framkvæmd málanna að gera, hafa horfið frá því að veita slíkar heimildir sem þessar. Ég fyrir mitt leyti vil líka láta það koma skýrt fram í sambandi við afgreiðslu á þessu frv., að það er enginn vafi á því, að í mjög mörgum tilfellum gæti veiting á svona leyfi orðið til þess, að það kæmu upp alvarlegir árekstrar við íslenzka fiskimenn og þá ekki sízt skipstjórana á íslenzka fiskiskipaflotanum. Sann-

leikurinn er sá, að miðin við Ísland eru nokkuð fast sótt, og það þykir þröngt á þeim í mörgum tilfellum, og menn eru ekki hrifnir af því, þegar er verið að gera ráðstafanir af okkar hálfu til þess að veita erlendum skipum samkeppnisaðstöðu, þar sem þröngt er fyrir á miðunum. Þetta mál verður einnig að skoðast út frá hagsmunasjónarmiði sjómannanna og fiskimannanna almennt, en það má ekki skoða það frá þrengstu hagsmunasjónarmiðum fiskkaupenda í landi eða þeirra, sem gjarnan vilja fá sem mest af hráefni. En það er ekki hægt að segja það, að þetta eigi við í öllum tilfellum. Það er enginn vafi á því, að það hefur verið þannig nú um alllangan tíma, að það hefur engin örtröð verið á miðunum fyrir Norðurlandi, og ég býst við því, að íslenzkir fiskimenn segðu út af fyrir sig velflestir ekki mjög mikið, þó að nokkur erlend skip fengju aðstöðu til fiskveiða fyrir Norðurlandi með það fyrir augum, að þau lönduðu afla til vinnslu þar. Þó á ég fyllilega von á því, að ýmsir þeir, sem þar stunda sjó, tækju þessu ekki með fögnuði.

Þær breyt., sem sjútvn. taldi alveg nauðsynlegt að gera á þessu frv. og frsm. n. hefur nú gert hér grein fyrir, voru í fyrsta lagi sú breyting að banna með öllu alla fyrirgreiðslu í sambandi við hin erlendu togveiðiskip, að það yrði haldið hér alveg skýrt við þá reglu að veita ekki heimild til þess að taka afla af erlendum togveiðiskipum. Það er ekkert um það að villast, að erlend togveiðiskip mundu mjög gjarnan vilja landa hér afla sínum í ýmsum tilfellum, alveg sérstaklega held ég, að það mundi eiga við um hafnir á Vestfjörðum og Austfjörðum, en þar kemur það æði oft fyrir, að erlend togveiðiskip eru með aðeins slatta úr veiðitúr, sem þeim þætti gott að geta losnað við og byrjað síðan á nýjum túr. Eitthvað mundi þetta geta átt sér stað fyrir Norðurlandi, en það held ég, að sé lítið.

Hin breytingin, sem sjútvn. leggur áherzlu á, er sú, að slík heimild, sem í þessu frv. felst, verði aðeins veitt þar sem brýn þörf er á slíku af atvinnulegum ástæðum, og þar á n. alveg greinilega við það, að það komi fyrst og fremst og svo til eingöngu til greina staðir á Norðurlandi og á Húnaflóahöfnum í Strandasýslu. En það er hins vegar, hygg ég, almenn skoðun n. og a. m. k. mín skoðun, að aðrir staðir á landinu eigi ekki að koma til að óbreyttu atvinnuástandi, sem verið hefur nú um skeið. Það er svo mál út af fyrir sig, hversu mikið gagn Norðlendingum kann að verða af því að fá ákvæði sem þetta í lög. Ég dreg það mjög mikið í efa, og ég er ósköp hræddur um það, að þeir menn, sem berjast fyrir þessu, hafi ekki gert sér ýkjamikla grein fyrir því, hvað væntanlegt er út úr þessu að hafa. Það er að vísu hugsanlegt, að það gæti orðið um nokkra löndun á síldarafla að ræða fyrir Norðurlandi, en fremur finnst mér það ólíklegt, að erlend skip mundu landa þar teljandi afla, nema þá að veiði kæmi upp fyrir Norðurlandi, svo að eitthvað munaði um. En þá er ég líka hræddur um, að það yrði ekki mikill friður um það frá íslenzkum síldveiðisjómönnum, að slíkar heimildir væru í gildi. En ég skil sem sagt mjög vel þær ástæður, sem til þess liggja af hálfu umbjóðenda Norðlendinga að leggja þetta til. Það er enginn vafi á því, að það er mikil þörf á því að reyna að ráða fram úr atvinnuerfiðleikum þar, en þó að ég fyrir mitt leyti hafi fallizt á að samþykkja þetta frv. í þeim búningi, sem það yrði eftir breyt. frá sjútvn. þessarar d., vil ég fyrir mitt leyti undirstrika það, að það ber að fara mjög varlega af hálfu sjútvmrn. í því að opna fyrir aðstöðu útlendinga til þess að veiða á íslenzkum fiskimiðum, jafnvel þó að þau fiskimið liggi fyrir utan 12 mílna mörkin, og fara varlega í það að efna ekki til samkeppni um veiðarnar á landgrunni við Ísland við íslenzka sjómenn nema þá að stórkostlega mikil rök liggi fyrir slíku og meiri en þau, sem ég kem auga á nú. Þetta vildi ég láta koma fram af minni hálfu í sambandi við afgreiðslu þessa máls.

Davíð Ólafsson: Herra forseti. Ég get tekið undir margt af því, sem hv. 5. þm. Austf. sagði um þetta mál, og þó sérstaklega það, sem hann lagði mikla áherzlu á, að fara bæri með fullri gát í framkvæmd þessara undanþáguheimilda, sem þarna væru veittar samkv. þessu frv., ef það verður að l. Þetta er mikið vandamál, sem þarna er um að ræða, sem er búið að þvælast fyrir mörgum um langa hríð. Menn hafa lengi séð þörfina á því að hægt væri að opna þann möguleika að afla hráefnis til fiskvinnslustöðva umfram það, sem okkar skip gætu afkastað, einkum hefur þetta átt við á vissum stöðum í sambandi við síldveiðarnar, en það hefur þó alltaf orðið yfirsterkara eða þau rök hafa alltaf orðið yfirsterkari, sem hafa mælt á móti því. Eins og hv. 5. þm. Austf. sagði, var fyrst og fremst á það litið að halda burtu erlendum veiðiskipum frá fiskimiðunum við Ísland, sem við höfðum ekki talið vera það rúm, að æskilegt væri að efla þar samkeppni við okkar eiginn fiskiflota. Þetta hefur verið, eins og hann réttilega sagði, meginástæðan fyrir því, að menn hafa ekki hingað til viljað fara þessa leið. Nú hefur breytzt nokkuð viðhorfið á seinni árum. Mér er óhætt að segja, að eftir að búið var að færa fiskveiðitakmörkin út í 12 mílur með þeim breytingum, sem gerðar hafa verið á því einnig með grunnlínubreytingum, þá hefur viðhorfið breytzt nokkuð að því leyti, að við erum að minnsta kosti búnir að losna við öll erlend veiðiskip af öllu því svæði, og það er allnokkuð atriði.

Það hefur líka komið til, að afkastageta vinnslustöðvanna, bæði síldarverksmiðjanna og frystihúsanna, hefur aukizt mjög mikið á seinni árum, þannig að þörfin fyrir hráefni hefur aukizt meira heldur en okkar fiskifloti hefur getað afkastað, jafnvel þrátt fyrir það að hann hafi fengið mjög myndarlega stækkun á seinni árum, þannig að þetta er líka nokkuð breytt viðhorf.

Nú er hins vegar rétt að benda á það, að það er fleira, sem kemur þarna til, sem breytir viðhorfum okkar. Til skamms tíma mátti gera ráð fyrir því, að hér við land væru eingöngu fiskiskip, ekki mjög stór, þó allt upp í allstóra togara. En um vinnslu á aflanum í fiskiskipunum sjálfum eða öllu heldur þó í móðurskipum eða verksmiðjuskipum hefur ekki verið að ræða fyrr en nú á allra síðustu árum á þessu hafsvæði hér í kringum okkur. En nú er svo komið, að hjá stórum fiskveiðiþjóðum, sem stunda veiðar hér um Norður-Atlantshaf, gætir þess æ meira, að þær senda ekki aðeins fiskiskipin til veiða, heldur einnig skip til þess að vinna aflann. Þetta á við sérstaklega um Sovétríkin, sem hafa komið upp mjög stórum flota veiði- og verksmiðjuskipa og líka verksmiðjuskipa, sem ekki veiða, heldur taka við

aflanum úr veiðiskipunum. Þetta mun vafalaust einnig koma í vaxandi mæli hjá öðrum fiskveiðiþjóðum, þó að þær hafi ekki orðið eins fljótar til að breyta sínum útgerðarháttum og raunin varð með Sovétríkin. Nú mun t. d. á síðastliðnu ári hafa verið, að því er ég held, breytt stóru hvalveiðiskipi norsku í síldarvinnsluskip. Það mun ekki hafa verið sett í rekstur enn þá, en mér er nær að halda, að breytingin sé þegar gerð, og gert er ráð fyrir því, að það skip verði notað til þess að taka síld af norska flotanum við Noreg, í Norðursjónum og jafnvel við Ísland, ef svo ber undir. Það má vafalaust gera ráð fyrir því, ef sú tilraun tekst vel, og það er engin ástæða til þess að ætla annað en að sú tilraun takist vel, og það getum við sennilega dæmt betur um heldur en þeir jafnvel eftir okkar reynslu, sem við höfum fengið af því að flytja síldina á milli veiðiskipa og flutningaskipa nú sérstaklega á síðastliðnu ári. En það hefur verið eitt af þeim vandamálum, sem er við að glíma í sambandi við þetta mál, þannig að við hljótum að gera ráð fyrir því, að áður en langt um líður verði hér í kringum okkur ekki aðeins veiðiflotar, heldur líka vinnslustöðvar fljótandi, sem taka við aflanum af þessum skipum.

Þá er að minnsta kosti að nokkru leyti horfin burtu ein aðalástæðan fyrir því, að við höfum verið svona *íhaldssamir um breytingar á þessu fyrirkomulagi*, sú ástæða að reyna að halda veiðiskipunum erlendu burtu, þannig að það komi ekki til óeðlilegrar samkeppni við okkar skip á miðunum. Þá getum við ekki ráðið neinu um það lengur, hvort þessi skip koma til veiða á þessu svæði, þá er aðeins spurning um það, hvort við eigum að reyna að notfæra okkur þann möguleika, sem er í því að fá aflann hjá þessum skipum, eða hvort við eigum að láta þá um að vinna sjálfa aflann um borð í sínum verksmiðjumóðurskipum.

Það er líka rétt, sem hv. 5. þm. Austf. benti á, að markaðsvandamálið er ekki til lengur að því er þetta snertir. Það er enginn vandi fyrir okkur að taka við allmiklu magni af fiski hér til vinnslu og eiga þó trygga sölu á afurðunum.

Þetta vildi ég láta koma fram núna, svo að menn geri sér það ljóst, að það hafa hér orðið breytingar, sem einnig hefur verið bent á áður. Og ég vildi sérstaklega benda á það í sambandi við þá athugun, sem ákveðið er að fari fram á þessu máli nú á næstunni.

Ég hefði getað fylgt frv. óbreyttu eins og það kom upphaflega fram. Hv. sjútvn. þessarar d. hefur séð ástæðu til þess að gera á því nokkra breytingu, frekari takmarkanir. Ég tel það nú ekki út af fyrir sig skipta miklu máli fyrir þetta eina ár, sem um er að ræða. Málið þarf allt miklu nákvæmari athugunar við, áður en við stígum sporið til fulls, áður en við ákveðum til fulls, hvað við gerum í málinu. Ég vil bara aðeins benda á það, að þetta, sem segir hér í brtt., „þar sem brýn þörf er á atvinnuaukningu", það getur náttúrlega verið mjög erfitt að meta það. Þarna mun Norðurland aðallega haft í huga, og það er sjálfsagt rétt, en það má benda á það, að það getur verið þörf á því víðar, því að vinnslustöðvarnar, frystihúsin sérstaklega, sem ég er að hugsa um í þessu sambandi, þau eru ekki bara á Norðurlandi, heldur svo að segja alls staðar á landinu, svo langt frá því að vera nýtt að því marki sem æskilegt væri. Það er svo langt frá því, að það mun ekki vera nema kannske milli 20 og 30% af afkastagetunni, sem er notuð víðast hvar á landinu. Þetta gerir það að verkum, að það fjármagn, sem er bundið í þessum iðjuverum, nýtist illa, og það er erfitt að fá verkafólk til þess að stunda stopula vinnu í frystihúsunum, vegna þess að þau skortir svo oft hráefni, og þetta kemur þannig niður, að frystihúsin verða að borga lægra verð vegna þessara ástæðna, sem ég gat um, lægra fiskverð en æskilegt væri.

Eins og ég segi, þá er þetta bráðabirgðalausn, sem þarna er. Ég er alveg sammála því, sem kemur fram hjá n. og gert var grein hér fyrir, að við skulum fara mjög varlega í þessu, og ég mun geta fellt mig við þessa brtt., sem hér hefur verið flutt, þó að ég hefði líka getað samþ. frv. óbreytt, en ég legg mikla áherzlu á það, að þetta mál verði nú athugað mjög gaumgæfilega og áður en sá tími er útrunninn, sem þetta frv. gerir ráð fyrir, að undanþáguheimild verði notuð eða verði veitt, sá tími verði vel notaður til þess að fá einhverja skynsamlega framtíðarlausn á þessu máli.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Í framhaldi af þeim umr., sem þegar hafa átt sér stað um þetta mál, þá tel ég rétt að leggja nokkur orð í belg. Ég vil taka það skýrt fram strax, að mér er fullljós nauðsyn þess, að varlega sé farið með þær heimildir, sem frv. þetta veitir, ekki aðeins vegna forsögu okkar og baráttu í sambandi við okkar fiskveiðiréttindi hér við strendur landsins á undanförnum árum og áratugum, heldur einnig vegna þess, að hér er, eins og fram hefur komið í umr., töluverð hætta á því, að um árekstra gæti verið að ræða við innlenda aðila og þá sér í lagi fiskimennina sjálfa.

Það er ljóst af grg. þessa frv., að tilbúnaður þessa máls er fyrst og fremst á því byggður allur, að gera tilraun til að bæta úr erfiðleikum í atvinnuástandi ákveðinna landshluta, og væri rangt að framkvæma þær heimildir, sem frv. veitir, á öðrum forsendum en grundvöllurinn undir þessu frv. er, þ.e.a.s. eins og ástandið hefur verið undanfarin ár, þá mundu fyrst og fremst koma hér til greina löndunarstöðvarnar á Norðurlandi, en þær hafa nú um langt skeið eða það landssvæði hefur nú um langt skeið verið áhyggjuefni stjórnvalda vegna takmarkaðs vinnuframboðs þar og eins og ég áðan sagði, mun það fyrst og fremst vera grundvöllurinn að flutningi þessa frv., og málið í heild rökstutt sem liður til úrbóta á því ástandi. Mér er það einnig fullljóst, að málið í heild er miklu stærra en svo, þ.e.a.s. þær almennu heimildir, sem frv. veitir, það er miklu stærra mál en svo, að það sé endanlega leyst með samþykkt þessa frv., enda gerir frv. ráð fyrir því, að hér sé einungis um heimildir um takmarkaðan tíma að ræða. Mér er því það fullvel ljóst, að málið í heild þarf mikið meiri og nánari athugunar við, en ég held einmitt, að í sambandi við þá athugun gæti sú reynsla, sem af þeim heimildum kynni að fást, sem hér er gert ráð fyrir í frv., orðið nytsöm og lærdómsrík og vil undirstrika það, að meðan ég vinn við þessi mál, þá tel ég nauðsynlegt, og reyndar hver sem að þeim kæmi, að fullrar varúðar sé í þessum efnum gætt og varlega af stað farið.

Jón Kjartansson: Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. sjútvn. fyrir þá samstöðu, sem hefur tekizt í n. og þá viljayfirlýsingu, sem kemur fram í nál. á þskj. 574. Ég verð að segja það, að það er ekkert óeðlilegt, þó að svona breytingar komi fram við endurskoðun á frv., og tel ég, að þær muni ekki draga neitt úr gildi frv.

Við 1. umr. frv. þessa rakti ég nokkuð ástand og horfur í atvinnumálum á Norðurlandi á svæðinu frá Raufarhöfn að Skagaströnd og benti þar á hversu geysilega miklir möguleikar væru þar hvað snerti verksmiðjukost og síldarsöltunarstöðvar. Verksmiðjukostur væri slíkur, að unnt væri að vinna úr 45 þús. málum síldar á sólarhring og mala gull, sem skipti tugum millj., ef hráefni og vinnukraftur væri fyrir hendi.

Ég tók það þá fram í þeim umr., að Norðlendingar, sem hvöttu til þess, að frv., efnislega líkt þessu, sem hér er á dagskrá, yrði fram borið, litu ekki svo á, að allur vandi væri leystur í atvinnumálum með því að fá samþ. slíkt frv. sem þetta. Hins vegar telur almenningur á Norðurl. og þeir, sem hafa fjallað um þetta mikla vandamál, að hér sé heiðarleg tilraun gerð til þess að bæta nokkuð úr þessum vandræðum í atvinnumálum nyrðra. Ég minnist þess, að ég sagði í minni ræðu, að ég teldi, að kálið væri ekki sopið þótt í ausuna væri komið, og ég er þeirrar skoðunar enn, og það getur farið svo, að þó að þetta frv. verði að lögum, sem ég vona fastlega að verði, verði það ekki til neins ávinnings fyrir verkamenn, atvinnurekendur og sveitarsjóðina fyrir norðan, en það er þá ekki hægt að saka Alþ. um það að hafa ekki gert tilraun til úrbóta í þessum efnum.

Ég vil ekki orðlengja þetta frekar, en sem einn fulltr. Norðlendinga á Alþ. vil ég þakka hv. sjútvn. fyrir undirtektir við málið og vænti þess fastlega, að hv. þdm. samþ. frumvarpið og það verði að lögum sem fyrst.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. sjútvn. fyrir þær breyt. sem hún hefur gert á þessu frv., en ég tel þær tvímælalaust mjög til bóta. Það hefði orðið erfitt fyrir mig að fylgja frv. eins og það var, en ég tel mig geta gert það, eftir að það er komið í það horf, sem það verður með þeim breyt., sem hv. n. leggur til að gerðar verði á því.

Ég skil þær ástæður, sem til þess liggja, að þetta frv. er fram komið, en ég vil hins vegar láta það koma fram, sem aðrir ræðumenn hafa einnig tekið fram hér áður, að ég tel, að það geti verið vafasamur ávinningur fyrir viðkomandi staði að treysta mjög mikið á það úrræði, sem felst í þessu frv. Það gæti orðið til að draga úr öðrum varanlegum framkvæmdum og uppbyggingu, sem þarf að koma á þessum stöðum. Við höfum reynslu fyrir því, að það hefur verið reynt að hjálpa ákveðnum útgerðarstöðum með því að gefa útlendingum aðstöðu til þess að hafa bækistöðvar þar. Það hefur tvívegis verið reynt að hjálpa Hafnarfirði á þann veg og í bæði skiptin endað þannig, að útlendingarnir hafa dregið sig til baka. Hafnarfjörður hefur staðið uppi með stórfellt atvinnuleysi og þurft að gera alveg sérstakar ráðstafanir til þess að byggja upp atvinnu þar í staðinn. Það var einmitt upphaf þess, að bæjarútgerð var komið á í Hafnarfirði á sínum tíma, að útlendingar, sem þar höfðu haft bækistöð, fóru í burtu og skildu staðinn eftir atvinnutækjalausan. Ég álít, að það væri mjög illa farið, ef á þessum stöðum, sem nú eiga við erfiðleika að búa norðanlands, gerðist svipuð saga, þannig að menn treystu um stundarsakir á það, að útlendingar yrðu til hjálpar eða löndun úr útlendum fiskiskipum. Svo kynni þetta að bregðast, tíminn hefði ekki verið notaður til þess að byggja upp atvinnuskilyrði á þessum stöðum, og þess vegna væri eiginlega verr af stað farið en heima setið í þessum efnum. Þess vegna legg ég alveg sérstaka áherzlu á það, að þetta mál megi ekki verða til þess, að það sé dregið úr atvinnuuppbyggingunni á þessum stöðum, þeirri sem varanleg getur orðið.

Á það ber svo að líta í þessum efnum, og um það eru allir sammála, að við þurfum að hefjast handa um það að fá aukna friðun á fiskimiðunum. Við þurfum að vinna að því af eins miklu kappi og eins fljótt og mögulegt er, að við fáum landgrunnið allt til umráða, en mér finnst, að það geti verið æðimikil mótsögn í því að sækja á um það annars vegar að fá allt landgrunnið undir okkar yfirráð og telja, að það sé nauðsynlegt vegna friðunar á fiskimiðunum, en svo í hinn stað opna landið fyrir útlendinga til fisklöndunar. Þess vegna held ég a. m. k. að á meðan við erum að keppa að því að ná yfirráðum yfir landgrunninu öllu, þá verðum við að fara að með mikilli gát í þessum efnum, svo það verði ekki beinlínis til þess að spilla fyrir okkur á því sviði.

Ég held, að það eigi að vera keppikefli Íslendinga og jafnvel meira heldur en nokkuð annað, að það séu Íslendingar sjálfir, sem stundi veiðar á þeim fiski, sem lagður er hér á land, en við látum ekki útlendinga gera það fyrir okkur. Ég held, að ef við tækjum upp þau vinnubrögð að fara að stunda álbræðslu og ýmsa slíka atvinnuvegi, en létum aðra fiska fyrir okkur, væri það ekki leiðin til að skapa okkur öryggi í framtíðinni.

Mér skilst, að það sé nú líka þannig ástatt hjá okkur, að okkur skorti ekki báta og skip til að stunda fiskveiðar, sem gætu orðið til þess að lyfta þessum stöðum. Mér er sagt, að víða um landið hafi ekki tekizt að manna þau skip og báta, sem við eigum, og það mun nú sérstök n. vera að athuga það mál, hvernig eigi að koma þessum skipum af stað. Mér finnst, að það ætti að vera alveg tekið sérstaklega til athugunar, hvort það mætti ekki vinna að viðreisn þessara staða á þann hátt, að við nýttum betur okkar fiskiflota heldur en við gerum núna, áður en við förum að treysta á útlendinga í þessum efnum. En hins vegar með því að þrengja þetta eins og gert er í till. sjútvn. og með því að binda þetta aðeins til reynslu til eins árs, þá mun ég treysta mér til þess að fylgja þessu frv., en ég legg hins vegar áherzlu á það, að það sé farið að með mjög mikilli gát í þessum efnum og vil alveg sérstaklega taka undir þau ummæli, sem hv. 2. landsk. þm. lét hér falla við 1. umr., og hv. 5. þm. Austf. nú hér áðan.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Af þeim stuttu ræðum, sem haldnar hafa verið um þetta mál, má sjá, að hér er um margþætt vandamál að ræða, en vegna þess að ég varð þess ekki var, að það kæmi fram í ræðum þeirra hv. þm., sem sæti eiga í sjútvn. d., vil ég geta þess, að flm. þessa frv. í Ed. eru jafnframt meðflm. að þáltill. um endurskoðun lagaákvæða um löndun erlendra fiskiskipa í íslenzkum höfnum, og einnig það, að við tökum undir það, að slík endurskoðun þurfi að fara

fram. Við vorum einmitt sammála um þetta atriði í sjútvn. d., og ég held, að mér sé óhætt að segja það, að við höfum verið það allir. Og kannske meðfram vegna þess, að við teljum málið, eins og hér hefur komið fram, vera miklu viðtækara en kannske hefur komið fram hér og kemur fram í þessu frv. og þurfi miklu nánari skoðunar við, eins og við höfum þegar heyrt, þá höfum við þrengt frv. eins og það kom frá Ed. meðfram vegna þess ótta, sem sumir okkar hafa af vissum afleiðingum, sem geta orðið af því að gefa þetta frjálsara en við þó ætlumst til með frv. — eins og það væntanlega verður eftir þær brtt., sem við höfum lagt fram.

Ég get tekið í flestu undir það, sem hv. 5. þm. Austf. sagði um þetta mál, en ég get líka tekið undir orð hv. 6. landsk. þm., sem mér finnst þó einmitt sýna bezt, að hér er um þannig vandamál að ræða, að full ástæða er til að fela Sþ. eða ríkisstj., þinginu eða ríkisstj., að láta fara fram mjög nána rannsókn á þessu viðkvæma vandamáli, á meðan þau l. eru í gildi, sem við væntanlega samþ. með samþ. þessa frv.

Ég tek undir það líka með síðasta ræðumanni, að ég er ekki sammála því, að landanir erlendra fiskiskipa hér á Íslandi geti eða verði sú lausn atvinnuvandamálsins á Norðurlandi, sem margir halda. Auðvitað getur verið um tímabundna lausn að ræða, en við skulum hafa það í huga, að þessi skip koma ekki til með að landa á þessum stöðum nema á meðan það er þeirra hagur, og ég er mjög vantrúaður á það, að slíkar landanir erlendra veiðiskipa veiti nema ákaflega takmarkað atvinnuöryggi á þessum stöðum.

Hitt er annað mál eins og hv. 6. landsk. þm. benti á, að það er sama vandamálið, sem við blasir í sambandi við nýtingu þeirra framleiðslutækja, sem eru á þessum stöðum, og einnig atvinnuleysisvandamálið, sem er fyrir fólk á þessum stöðum, en ég held einmitt að hafandi það vandamál í huga, þá sé tímabært fyrir hv. alþm. að taka þessi mál til mjög nákvæmrar endurskoðunar eins og þegar hefur verið lögð fram till. um í Sþ., og ég vil enn undirstrika, að allir nm. í sjútvn. þessarar hv. d. eru samþykkir, að verði framkvæmd.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Ég tel það mjög vel farið, að frv. þetta nái samþykki Alþ. Þörfin fyrir þá atvinnu, sem af því kann að leiða, er ákaflega mikil hjá vissum héruðum, en ég vil þó vekja athygli á því, að hér nefna menn aðeins Norðurland og meira að segja heyrði ég einhvern nefna landssvæðið frá Skagaströnd norður til Þórshafnar, sem þessar ráðstafanir ættu að miðast við. Ég held, að þetta sé ekki með neinni nákvæmni sagt, því að ástandið við Húnaflóa er ekki betra en norðar, og fiskibæirnir Hólmavík og Drangsnes í Strandasýslu eru sannarlega ekki á Norðurlandi, en þeir búa sízt við betra ástand í þessum efnum en bæirnir norðanlands. Ég vil vekja athygli á þessu vegna þess, að þar hefur atvinnuástandið verið ákaflega alvarlegt nú að undanförnu, jafnvel svo alvarlegt í atvinnumálum, að fjölskyldufeður hafa ekki getað sent unglinga sína í framhaldsskóla vegna þess, hvernig komið er tekjum þessa fólks, og þetta er fyrst og fremst fyrir fiskleysi í Húnaflóa. Ég sé ástæðu til að vekja athygli á þessu, en vil mæla með frv. og mun styðja það. Hitt tek ég einnig undir, að hér þarf að gæta mikillar varúðar um notkun þeirra heimilda, sem í frv. felast, og mér sýnist, að hv. sjútvn. hafi undirstrikað þá nauðsyn mjög vel m. a. með brtt. sínum, sem ég tel mjög réttmætar, og hún flytur nú.

ATKVGR.
Brtt. 574,1 samþ. með 28 shlj. atkv.
Brtt. 574,2 samþ. með 28 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 29 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Á 80. fundi í Nd., 28. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 599).

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Í sambandi við afgreiðslu þessa máls nú og með hliðsjón af framkominni till. í Sþ. til þál. um sama efni vil ég lýsa því yfir, að ríkisstj. vill beita sér fyrir endurskoðun á umræddum ákvæðum fiskveiðilöggjafarinnar, sem um er fjallað í báðum þessum tilfellum.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 73. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að frv. væri endursent frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 76. fundi í Ed., 30. apríl, var frv. tekið til einnar umr.

Jón Árnason: Herra forseti. Sjútvn. hefur komið saman og rætt þessar brtt., sem gerðar voru á þessu frv. í Nd. Hún er sammála um að leggja til, að frv. nái fram að ganga og að d. samþ. þessa breyt. í heild.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 669).

---

78. Vátryggingarfélag fyrir fiskiskip.

Á 16. fundi í Nd., 11. nóv., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 24 29. apríl 1958, um viðauka við l. nr. 23 27. júní 1921, um vátryggingarfélag fyrir fiskiskip [63. mál] (þmfrv., A. 74).

Á 18. fundi í Nd., 16. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Á árinu 1958 var samþykktur viðauki við l. nr. 23 frá 27. júní 1921, um vátryggingarfélög fyrir fiskiskip, þar sem allir eigendur tréskipa, sem ætluð eru til fiskveiða við Ísland og hafa þilfar, eru skyldir til að vátryggja þau hjá Samábyrgð Íslands á fiskiskipum gegn skemmdum af bráðafúa. Þessar tryggingar gegn bráðafúa í fiskiskipum tóku gildi 1. maí 1958, og eru þær sérstök deild innan Samábyrgðarinnar. Frá stofnun deildarinnar og til ársloka 1965 munu heildariðgjöld greidd til bráðafúadeildar nema um 112 millj. kr., en heildartjónbætur til ársloka 1965 munu verða um það bil 115 millj. kr., og hafa 157 bátar fengið greiddar tjónbætur vegna skemmda af völdum bráðafúa.

Það verður á engan hátt deilt um, að brýna nauðsyn

bar til að stofna þessa tegund trygginga, en hins vegar var ekki liðinn langur tími frá því, að þær voru stofnaðar, að margir eigendur smærri báta og þá sér í lagi þeir, sem eiga skarsúðarbyggð skip, töldu það algeran óþarfa að skylda þau til að greiða til bráðafúadeildar, þar sem litlar eða engar líkur væru til þess, að upp í þeim kæmi bráðafúi. Enda hefur það komið á daginn, að enginn skarsúðarbyggður bátur hefur orðið fyrir skemmdum af völdum bráðafúa öll þau ár, sem deildin hefur starfað.

Með þessu frv. um breyt. á l. nr. 24 frá 29. apríl 1958 er lagt til, að allir skarsúðarbyggðir bátar verði undanþegnir þessari tryggingu. Ég hef borið þetta undir stjórn Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum, og er hún fyrir sitt leyti því meðmælt að þessi breyt. á l. verði gerð. Jafnframt þessari breyt. á l. er lagt til að gera nokkrar aðrar breytingar, m. a. að heimila að fella skip úr tryggingu, sem ekki hefur haft haffæriskírteini í eitt ár, en allmörg dæmi eru þess, að skip hafa staðið í landi jafnvel árum saman í óhaffæru standi og verið eftir sem áður í bráðafúatryggingum.

Ég tel ekki ástæðu til þess að fjölyrða frekar um þetta mál, en legg til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til sjútvn. með 26 shlj. atkv.

Á 75. fundi í Nd., 22. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 74, n. 528).

Enginn tók til máls.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 76. fundi í Nd., 23. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 528,1 (ný 1. gr.) samþ. með 33 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.

Brtt. 528,2 (ný 3. gr.) samþ. með 29 shlj. atkv.

Brtt. 528,3 (ný 4. gr.) samþ. með 34 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 30 shlj. atkv.

Á 77. fundi í Nd., 25. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 567).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 26 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 71. fundi í Ed., s.d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 72. fundi í Ed., 26. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til sjútvn. með 12 shlj. atkv.

Á 75. fundi í Ed., 29. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 567, n. 624).

Frsm. (Jón Árnason): Herra forseti. Þetta frv., sem komið er frá Nd., er þmfrv. Upphaflega fól þetta frv. í sér tvær veigamiklar breyt. á skilmálum um þurrafúatryggingar. Önnur breyt. er í því fólgin, að öll súðbyggð skip eru samkv. frv. undanþegin skyldutryggingu vegna þurrafúa. Í grg. fyrir frv. segir, að ekki séu dæmi til þess, að nokkur skarsúðabátur hafi orðið fyrir skemmdum vegna þurrafúa og því sé ekki ástæða til að skylda eigendur þeirra til að hafa báta sína í slíkri tryggingu.

Þá er það hin breytingin, sem fram kemur í frv., en það er vegna þeirra báta, sem ekki fá haffæriskírteini endurnýjuð, að heimilt sé að fella niður trygginguna eftir að eitt ár er liðið frá því haffæriskírteini rann út. Fái skipið hins vegar haffæriskírteini að nýju að þeim tíma liðnum, skal það fá að nýju fulla fúatryggingu og þá að undangenginni fúaskoðun.

Þessa breyt. á l. er talið, að sé nauðsynlegt að gera. Reynslan er sú, að gamlir bátar, sem af einni og annarri ástæðu missa sitt haffæriskírteini, standa oft árum saman á þurru landi án þess að vera teknir af skipaskrá, og það enda þótt vitað sé, að þeir muni aldrei fara á flot aftur, nema þá fyrir gífurlegan viðgerðarkostnað, sem ekkert vit sé í. Á meðan slíkt á sér stað eru bátar þessir allan tímann í fúatryggingu. Bátar, sem þannig standa árum saman á þurru landi og oft eru í óhirðu, geta fyrr eða síðar, þó að þurrafúi hafi ekki fundizt í þeim, þegar þeir misstu haffæriskírteinið, orðið þurrafúanum að bráð, en þá koma eigendur bátanna með kröfu á trygginguna, sem segja má, að í alla staði sé ósanngjarnt og óheilbrigt, að minnsta kosti frá tryggingarlegu sjónarmiði.

Við 2. umr. um málið í hv. Nd. var gerð breyt. á þessari gr. frv., og hljóðar hún svo:

„Eigi er skylt að vátryggja gegn bráðafúa skip, sem vegna ágalla hefur ekki haffæriskírteini, enda leiði skoðun í ljós, að ekki sé útlit fyrir, að gert verði við skipið, ef viðgerð hafi ekki hafizt innan eðlilegs tíma. Þegar svo stendur á, skal Samábyrgðin segja tryggingu skipsins upp, en tilkynna skal það veðhöfum með 14 daga fyrirvara."

Það var einnig gerð sú breyt. á frv. við afgreiðslu málsins í Nd., sem var þess efnis, að niður var felldur síðari málsliður 3. gr. l., en það er varðandi ákvörðun um iðgjaldið, og hljóðar hún svo, með leyfi forseta: „Þau skulu ákveðin árlega og miðast við áhættu, samkv. reynslu þriggja næstliðinna ára. Þess í stað hljóðar 1. mgr. 3. gr. l. svo samkv. till. n: „Ráðh. ákveður iðgjöldin í samráði við Samábyrgðina." Þessi breyt. er talin óhjákvæmileg. Orsök þess er sú, að á síðasta ári hafa tjónbætur farið langt fram úr þeim tekjum, sem þessi deild Samábyrgðarinnar hefur, og er vitað, að svo verður einnig með árið 1966 að óbreyttu iðgjaldi. Það er því sýnilegt, að Samábyrgðin muni komast í greiðsluþrot, ef ekki verður ráðin hér bót á.

Þurrafúi í íslenzkum fiskibátum hefur um nokkurt skeið verið mikið og vaxandi áhyggjuefni. Þó að bátaeigendur eigi þess kost að tryggja sig nokkuð fyrir þeim skaða, sem þessu fylgir, fer ekki hjá því, að þeir verða fyrir verulegu tjóni til viðbótar í flestum tilfellum. Ég held, að allir séu sammála um það, að hér sé um mikið vandamál að ræða og til viðbótar því, sem sjálfsagt er, að tryggja sig fjárhagslega gegn þessum bölvaldi, verð-

ur einnig að leita ráða til þess að komið verði í veg fyrir það, ef þess er nokkur kostur, að umræddur þurrafúi eigi sér stað. Í Noregi er þetta vandamál ekki minna en hér. Þeir hafa því látið fara fram ýtarlegar rannsóknir og athuganir, sem miða í þá átt að gera ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir meinsemdina. Með hliðsjón af þessu hefur nú að undanförnu dvalið hér á landi norskur sérfræðingur á vegum Samábyrgðarinnar til þess að veita Íslendingum upplýsingar og leiðbeiningar í þessum efnum og skýra íslenzkum skipaskoðunarmönnum frá þeim aðgerðum, sem þeirra reynsla hefur kennt þeim, að bezt dugi. Mér skilst af viðræðum, sem ég hef átt við forstöðumenn Samábyrgðarinnar, að þeir vænti sér góðs af þeim upplýsingum, sem hinn norski sérfræðingur hefur þegar látið þeim í té, og hyggja gott til samstarfs við Norðmenn um þetta sameiginlega vandamál.

Herra forseti. Ég sé ekki svo ástæðu til að orðlengja frekar um mál þetta. Sjútvn. mælir einróma með samþykkt frv. eins og það liggur hér fyrir, og ég legg til, að því verði vísað til 3. umr. að lokinni þessari umr.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 76. fundi í Ed., 30. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 672).

---

79. Stofnun búnaðarmálasjóðs.

Á 68. fundi í Nd., 12. apríl, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 38 15. febr. 1945, um stofnun búnaðarmálasjóðs [184. mál] (þmfrv., A. 460).

Á 69. fundi í Nd., 14. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Frsm. (Gunnar Gíslason): Herra forseti. Með þessu frv. á þskj. 460 er enn á ný lagt til, að Alþ. framlengi með löggjöf ½% viðbótargjald af söluvörum landbúnaðarins, og á gjald þetta að renna eins og áður til Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda til þess að standa undir kostnaði við húsbyggingu félaganna við Hagatorg hér í Reykjavík eða hina svokölluðu Bændahöll.

Það er að sjálfsögðu engan veginn gleðilegt, að það skuli þurfa enn á ný að fara fram á það, að þetta gjald verði framlengt, og mér er nær að halda það og veit það raunar af viðtölum við ýmsa bændur, að þeir hafa orðið fyrir vonbrigðum, að það skuli þurfa að fara fram á framlengingu gjaldsins. En það má raunar segja, að frv. og þessi ósk um það, að gjaldið sé framlengt sé bein afleiðing af því, að þetta hús var byggt í því formi, sem það var byggt, og hefur af þeim sökum orðið margfalt sinnum dýrara en áætlað var í byrjun. Stjórn Búnaðarfélags Íslands og stjórn Stéttarsambandsins og búnaðarþing sjá ekki úrræði til þess að standa undir vöxtum og afborgunum af þeim lánum, sem hvíla á þessari byggingu, nema að fá þetta gjald til búnaðarmálasjóðs framlengt. Stjórn Búnaðarfélagsins og stjórn Stéttarsambandsins og ég held mikill meiri hl. Búnaðarþings hafa óskað eftir því, að Alþ. framlengdi gjaldið, og þeir hafa ritað hæstv. landbrh. bréf, þar sem þeir fara fram á það, að hann hlutist til um það, að þetta frv. væri lagt fyrir þingið og hljóti afgreiðslu á þessu þingi, og með bréfi, sem landbrn. skrifaði landbn. þessarar d. þann 31. marz s.l., óskaði landbrn. eftir því, að landbn. flytti frv. Landbn. þótti sjálfsagt að verða við þessari beiðni, en hún hefur ekki sem slík tekið neina afstöðu til þessa máls enn þá og hefur algerlega óbundnar hendur í afgreiðslu málsins.

Ég legg til, herra forseti, að frv. verði vísað til 2. umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv.

Á 72. og 73. fundi í Nd., 19. apríl, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 75. fundi í Nd., 22. apríl, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 460, 509).

Frsm. (Gunnar Gíslason): Herra forseti. Landbn. þessarar hv. d. hefur orðið ásátt um það að flytja brtt. við þetta frv., og er brtt. n. á þskj. 509. Efni brtt. er það, að framlenging gjaldsins af söluvörum landbúnaðarins, sem rennur til Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda vegna byggingar Bændahallarinnar, verði til tveggja ára í stað fjögurra, sem frv. gerir ráð fyrir. Þessi brtt. felur þó ekki í sér af hálfu n. neina fullyrðingu um það, að nægja muni eigendum Bændahallarinnar að fá framlengingu á þessu gjaldi í aðeins tvö ár, en þegar þetta mál var hér til meðferðar fyrir 4 árum, — sams konar frv. og þetta var þá flutt um framlengingu þessa gjalds, — var látið í það skína, að það mundi ekki þurfa að koma til þess, að þetta gjald yrði framlengt nú. Og landbn. ber þá von í brjósti, að það muni nægja að framlengja gjaldið í tvö ár, þótt hún hins vegar fullyrði ekki neitt um það á þessu stigi málsins. Það kemur fram í grg. frv., að það er verulegur rekstrarhalli áætlaður á Bændahöllinni, bæði á þessu ári og þeim næstu, en hitt er líka víst, að þetta gjald af búvörunum fer vaxandi með hverju ári sem líður, bæði vegna hækkaðs verðlags og aukinnar framleiðslu, og það má reikna með því, skilst mér, að þetta gjald verði ekki mikið undir 8 millj kr. á þessu ári. Svo er á hitt að líta líka, að nú er Bændahöllinni eða byggingunni nær lokið og allt húsið er að komast í not og það má vissulega reikna með því að öllu sjálfráðu, að tekjur af þessu húsi, sem eru þegar orðnar miklar, fari vaxandi. Og sjálfsagt er það, að það er engin ástæða til þess að vera að framlengja þetta gjald lengur en nauðsyn ber til. Allt má þetta endurskoðast að 2 árum liðnum. Með tilliti til þessa leggur landbn. til, eins og ég sagði, að framlenging gjaldsins verði aðeins til tveggja ára og hún væntir þess, að hv. þd. geti fallizt á þá brtt., sem við flytjum.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Hér er lagt til að

framlengja enn um skeið það gjald, sem lagt hefur verið á bændur til þess að standa undir Bændahöllinni svonefndu. Það hefur nú komið hér fram oft áður, þegar þetta mál hefur verið til umr. á Alþ., að í rauninni eru þeir alþm. býsna margir, sem hafa gert það með hangandi hendi að samþykkja þetta gjald til þessarar byggingar, enda hefur ekkert farið á milli mála, að þeir bændur eru býsna margir, sem eru mjög óánægðir með gjaldið.

Ég tel fyrir mitt leyti, að nú sé komið að tímamótum í þessum efnum, því að nú er einnig byrjað á því að innheimta þetta gjald af bændum til þess að standa undir rekstrshalla á þessari svonefndu Bændahöll eða þeim hótelrekstri, sem þar fer fram. Ég tel með öllu fráleitt að halda áfram að leggja á slíkan skatt sem þennan til þess að standa undir þeim hallarekstri, sem þarna á sér stað. Það var vissulega mjög vafasamt að leggja á þetta gjald og það vitandi það, að bændur landsins voru mjög ósammála um það, hvort gjaldið skyldi lagt á eða ekki, en það skyldi lagt á til þess að byggja húsið. En hitt tel ég þó miklum mun verra, þegar farið er að framlengja þetta gjald til þess að standa undir ákveðnum rekstri.

Í grg. þeirri, sem fylgir frv., kemur fram, að orsakirnar til þess, að enn á ný þarf að framlengja þetta gjald, séu þær, að byggingin hafi svo óhagstæð lán. Þar segir, að það sé vonlaust að láta þetta fyrirtæki standa við sínar skuldbindingar á meðan mikið af lánunum er ekki nema til 13 ára og jafnvel til skemmri tíma og vaxtakjör eru 8—10%. Og þar er beinlínis að því vikið, að þar mætti komast framhjá þessum vanda með því að útvega hagstæðari lán, og það er það, sem ég álít, að eigi að gera. Það er sjálfsagt, að ríkisvaldið ljái sinn stuðning til þess að útvega í þessu tilfelli hagstæðari lán til byggingarinnar, svo að einhver von sé til þess, að eðlilegur rekstur geti staðið undir skuldbindingunum. En það að halda áfram þessu gjaldi og taka af bændum landsins, eins og kom hér fram hjá frsm. n., um 8 millj. kr. á ári eins og nú er komið og vaxandi upphæð til þess að standa undir hallarekstri í sambandi við þessa byggingu og þann rekstur, sem þar fer fram, tel ég með öllu alveg óforsvaranlegt.

Ég vildi aðeins láta þetta koma fram sem mína afstöðu til málsins. Ég mun því greiða atkv. gegn þessu frv.

Frsm. (Gunnar Gíslason): Herra forseti. Það eru aðeins fáein orð. Ég hef ekki nokkra löngun til þess að halda uppi vörnum fyrir þennan skatt, sem er lagður á bændur til þess að standa undir kostnaði af Bændahöllinni. Það er síður en svo. En ég vil aðeins benda á það, sem raunar hv. síðasti ræðumaður benti á í sinni ræðu. Hann talar um það, að það sé ófært að leggja þetta gjald á nú, vegna þess að það sé svo komið, að nú sé verið að borga halla af rekstri Bændahallarinnar. En ástæðan til þess, að það þarf að leggja þetta gjald á nú og farið er fram á það, að það verði lagt á, er einmitt það, sem hv. þm. benti á. Það eru hin stuttu og óhagkvæmu lán, sem hvíla á Bændahöllinni. Þess vegna get ég vissulega tekið undir það með honum, að það væri mjög æskilegt, ef það væri hægt að breyta þessum stuttu og óhagkvæmu lánum í lengri og hagstæðari lán, og þá þyrfti náttúrlega alls ekki til þess að koma að mínum dómi, að þetta gjald yrði lagt á bændur, a. m. k. þyrfti ekki að gera það nema í mjög stuttan tíma héðan í frá.

ATKVGR.
Brtt. 509 samþ. með 22 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 21:4 atkv.
2. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24:3 atkv.

Á 76. fundi í Nd., 23. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 559).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 29:4 atkv. og afgr. til Ed.

Á 69. fundi í Ed., s.d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 71. fundi í Ed., 25. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til landbn. með 11 shlj. atkv.

Á 78. fundi í Ed., 2. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 559, n. 610 og 647).

Bjartmar Guðmundsson: Herra forseti. Á þskj. 647 er nál. meiri hl. landbn. um frv. um breyt. á l. um búnaðarmálasjóð. Hæstv. forseti hefur verið kosinn frsm. málsins hér í þessari hv. d., en getur ekki sinnt því, vegna þess að varaforseti d. tekur þátt í umr. og getur því ekki verið í forsetastól, og hefur hann beðið mig að mæla nokkur orð til skýringar á þessu frv.

Á Búnaðarþinginu í vetur var samþykkt áskorun eða ósk um það, að Alþ. framlengdi l. um svokallað búnaðarmálasjóðsgjald, sem gengur til byggingar Bændahallarinnar við Hagatorg. Út er runninn sá tími, sem eldri l. ákveða um það, að taka megi ½% af búvöru bænda til að standa undir kostnaði við byggingu þessa húss, og óskaði Búnaðarþing eftir að fá þetta framlengt um tvö ár eða fyrir árið 1966 og 1967. Búnaðarþing mun hafa sent formanni landbn. í Nd. ósk um það að flytja þetta frv., hvað sú n. hefur gert, og hefur málið þegar verið afgreitt í Nd.

Eins og ég sagði, mælir meiri hl. landbn. með því, að frv. verði samþ. og þessi heimild veitt, og mín persónulega afstaða til þessa máls er sams konar og meiri hl. landbn.

Þegar þetta mál var síðast til umr. núna fyrir þremur árum og gjald þetta þá framlengt um tiltekinn tíma, sneri Búnaðarþing sér til landbn. Ed. með ósk um að flytja slíkt frv., hvað hún þá gerði. Það var ekki mikill ágreiningur meðal fulltrúa á Búnaðarþingi um það, hvort framlengja ætti þessa heimild, þar sem fjárhagsástæður byggingarinnar eru þær, að forráðamenn hennar telja sér ekki stætt á öðru en fá framhaldstekjur eftir þessari leið til þess að standa straum af skuldum byggingarinnar, og verður að telja, að úr því að þessar

ástæður eru fyrir hendi, sé ekki rétt að neita forráðamönnum bændasamtakanna um það að afla þessara tekna á þennan hátt. Þó að á fyrri stigum þessa máls, þegar þessi bygging var hafin og meðan verið var að koma henni upp, væri allmikill ágreiningur meðal bænda um það, hvort rétt væri, að þeir legðu fé til slíkrar byggingar hér í Reykjavík sem þessarar, þá ætla ég, að sá ágreiningur sé nú mjög farinn að minnka, þó að einstakar raddir heyrist um, að rétt mundi vera að leita annarra ráða til að rétta fjárhag Bændahallarinnar.

Ég mæli með því, að þessi heimild verði lögfest og frv. samþykkt.

Frsm. minni hl. (Jón Þorsteinsson): Herra forseti. Ég hefi skilað sérstöku nál. um þetta mál á þskj. 610, og legg ég þar til, að frv. þetta verði fellt. Fyrir um það bil 4 árum var svipað frv. hér á ferðinni á Alþ., og þá var ég andvígur því, að þetta gjald yrði framlengt um fjögurra ára tímabil, en sú varð nú raunin á, og þá heyrði maður raddir í þá átt, að það þyrfti nú sennilega ekki að framlengja þetta oftar, en ég spáði því nú þá, að þegar þetta væri einu sinni komið á, yrði nú líklega erfitt að afnema það og væntanlega mundi slík framlengingarbeiðni koma að fjögurra ára tímabilinu liðnu, eins og nú er komið á daginn.

Þetta frv. fjallar um það, 1. gr. þess, að á árunum 1966—1969, að báðum árunum meðtöldum, skuli greiða ½% viðbótargjald af söluvörum landbúnaðarins til húsbyggingar Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda við Hagatorg í Reykjavík, þ.e.a.s. til hinnar svokölluðu Bændahallar. Að vísu mun þessu hafa verið breytt í Nd., þannig að þetta tímabil var stytt með breytingu, sem þar var samþ. að ég hygg, stytt niður í 2 ár, og það sýnir þó, að hv. þm. hafa nú séð ástæðu til þess að spyrna nokkuð við fótum. Í bréfi frá hæstv. landbrn., sem er tekið hér upp í grg. með þessu frv., segir:

„Þar sem ekki verður auðið að standa undir útgjöldum af rekstri Bændahallarinnar nema framlengd verði heimild til að greiða ½% gjald af söluvörum landbúnaðarins fram til ársloka 1969, vill ráðun. óska þess, að hv. landbn. Nd. Alþ. flytji frv. til l. um breyt. ákvæða til bráðabirgða á l. nr. 92 frá 1962, um stofnun búnaðarmálasjóðs, eins og stjórn Búnaðarfélags Íslands fer fram á."

Ég fylgdist nú nokkuð með umr. um þetta mál í Nd., og þar fannst mér nú koma fram nokkuð aðrar forsendur, þ. e. a. s. það væri ekki einvörðungu eða jafnvel ekki fyrst og fremst útgjöld af rekstri Bændahallarinnar, sem erfitt væri að standa undir, heldur það ekki síður og öllu frekar stofnlánin eða þau lán, sem tekin hefðu verið til byggingarnna, en þau væru til skamms tíma og væru af þeim miklar afborganir á næstu árum, en á þessu er út af fyrir sig allmikill munur.

Hér í grg. með þessu frv. fylgir rekstraráætlun Bændahallarinnar á árinu 1966 eða á yfirstandandi ári, en ég verð nú að játa það, að ég skil ekki þessa rekstraráætlun, ef það er rétt heiti, sem þarna er notað. Ég hygg, að það væri miklu nær lagi að kalla þetta greiðsluáætlun, því að ég veit ekki, hvernig afborganir af stofnlánum geta fallið undir það að vera rekstrarútgjöld, því að vitanlega vaxa eignirnar við það, að stofnlánin eru borguð niður, þannig að það virðist blandað hér saman í þessa áætlun, sem ég tel nú reyndar rangnefnda rekstraráætlun, virðist vera blandað saman afborgunum af lánum, sem ættu þá væntanlega að fara inn á eignarreikning eða efnahagsreikning, og svo rekstrarútgjöldum, þannig að það er ákaflega erfitt að botna í þessu. Mér skilst þó reyndar á þessu, að það sé hvort tveggja til staðar, að Bændahöllina skorti fé til þess að borga niður þessi lán og það sé einnig tap á hinum árlega rekstri. Ég vil í sambandi við þetta mál leyfa mér að vitna til ályktunar aðalfundar Stéttarsambands bænda 1965, en Stéttarsambandið er nú eignaraðili að þessari höll, en þar segir svo, með leyfi forseta:

„Aðalfundur Stéttarsambands bænda 1965 skorar á stjórn sambandsins að beita sér kröftuglega fyrir því, að stofnlánadeildargjaldið, sem bændum er gert að greiða, verði tekið upp í kostnaðarlið verðlagsgrundvallarins, þar sem fundurinn telur óverjandi að taka þetta gjald af naumum þurftartekjum bænda."

Mér finnst rétt að athuga svolítið betur þessa ályktun. Þarna er stéttarsambandsþingið að mótmæla því, að bændur beri stofnlánadeildargjaldið, en eins og allir vita, rennur þetta stofnlánagjald til sjóða landbúnaðarins til ræktunar og uppbyggingar í sveitum, og á móti þessu gjaldi, sem bændurnir greiða í stofnlánadeildina, greiða neytendur líka verulegan hluta, og enn fremur eru framlög úr ríkissjóði. En úr því að aðalfundur Stéttarsambandsins telur ófært, að bændur leggi þarna eitthvað á móti neytendum og ríkissjóði í stofnlánasjóð, sem er fyrir landbúnaðinn í landinu, finnst manni það eiginlega enn þá undarlegra, að þessi sama samkunda eða þetta stéttarsambandsþing skuli óska eftir því, að það verði framlengt gjald á bændur til þess að standa undir rekstrarhalla af gistihúsi og vínstúkum í Reykjavík, og ég verð að segja, að ég fæ ekki skilið þetta samhengi, ef bændastéttin hefur svo naumar þurftartekjur, að hún getur ekki staðið undir gjöldum í sína eigin sjóði, en þeir sömu aðilar, sem láta slíkt álit frá sér fara, krefjast þess hins vegar, að það verði lagt á hana 7 millj. kr. gjald til að standa undir hótelkostnaði í Reykjavík.

Þá vil ég einnig leyfa mér að vitna í opið bréf til Alþ., sem ritað er 22. marz s. l. og er frá Sveini bónda á Egilsstöðum, en þar segir svo m. a. orðrétt, með leyfi forseta:

„Þess verður að vænta, að Alþ. geti litið á þetta mál, (þetta opna bréf er varðandi hótelið Sögu í Reykjavík), frá víðari sjóndeildarhring en meiri hl. Búnaðarþings gerir. Hjá þeim ríkir ofurkapp og misskilinn metnaður til að standa að og reka þetta stóra hótel fyrir eiginn reikning og áhættu. Hins vegar sjá þeir engan útveg annan til þess að standa undir þeim hallarekstri en skattpína bændur til að greiða hann. Aftur á móti treysta þeir ekki málstað sínum til að fara undir almenna atkvgr. hjá bændum, en það talar sínu máli."

Það getur vel verið rétt, að Bændahöllina í Reykjavík eða eignaraðila að henni skorti ný lán eða hagkvæmari lán eða lán til lengri tíma en þeir hafa, því að vitaskuld skilur maður erfiðleikana á því að borga niður svo há lán á jafnskömmum tíma og þeir þurfa samkv. þeim skilmálum, sem þeir hafa. Og vissulega væri hægt að

hugsa sér ýmsar aðrar leiðir til þess að bjarga því máli við heldur en að fara að leggja 7 millj. kr. árlegan skatt á bændastéttina í landinu. Af því að ég tel mig nú aldrei fá neinar sannanir fyrir því, að bændastéttin í landinu sé almennt hlynnt þessari skattlagningu, vildi ég beina því til eigenda Bændahallarinnar að athuga þann möguleika, hvort þeir gætu ekki gefið út skuldabréfalán og selt svo skuldabréfin meðal bændastéttarinnar og þá geti hver og einn sýnt þann vilja í verki, sem hann hefur áhuga á, og hver lagt af mörkum það, sem hann vill, og þeir bændur, sem þá kærðu sig ekki um, væru þá lausir allra mála. Ég held, að ef það er vinsælt mál meðal bændastéttarinnar að standa undir þessum hótelrekstri, sé þetta ákaflega heppileg og einföld leið eins og málið horfir. En eins og ég hef gert grein fyrir að framan og tel mig hafa fært nokkur rök fyrir að sé réttmætt, þá legg ég til, að þetta frv. verði fellt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12:2 atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 79. fundi í Ed., 3. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 700).

---

80. Sala Gilsbakka í Arnarneshreppi.

Á 59. fundi í Nd., 24. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. að selja Ólafi Baldvinssyni land býlisins Gilsbakka í Arnarneshreppi [165. mál] (þmfrv., A. 376).

Á 60. fundi í Nd., 28. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Jónas G. Rafnar): Herra forseti. Eins og fram er tekið í grg. með frv. þessu, fékk Ólafur Baldvinsson, Gilsbakka, Arnarneshreppi, Eyjafjarðarsýslu, úthlutað fyrir einum 20 árum síðan landspildu úr landi Syðri-Bakka í Arnarneshreppi, sem er ríkisjörð. Fyrir nokkrum árum fékk svo nefndur Ólafur aftur útmælt viðbótarland, sem nægir til þess að koma býlinu í tölu nýbýla. Ólafur hefur farið þess á leit að fá þetta land keypt, og hefur umsagnar hreppsnefndar Arnarneshrepps verið leitað um málið. Í bréfi, sem er dags. 16. marz s. l., mælir hreppsnefndin eindregið með því, að Ólafi verði gefinn kostur á að kaupa landið.

Frv. þetta er flutt til þess að heimila ríkisstj. að selja nefnda landspildu. Ég leyfi mér, herra forseti, að leggja til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. landbn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 29 shlj. atkv. og til landbn. með 31 shlj. atkv.

Á 77. fundi í Nd., 25. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 376, n. 544).

Frsm. (Gunnar Gíslason): Herra forseti. Svo sem venja er í landbn., hefur hún sent þetta frv. til umsagnar jarðeignadeildar ríkisins og til landnámsstjóra. Þær umsagnir hafa borizt n., og er í þeim báðum mælt með þessari jarðarsölu, og landbn. er sammála um það að mæla með því, að frv. verði samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 28 shlj. atkv.

Á 78. fundi í Nd., 26. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 72. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 73. fundi í Ed., 28. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til landbn. með 15 shlj. atkv.

Á 78. fundi í Ed., 2. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 376, n. 660).

Frsm. (Jón Þorsteinsson): Herra forseti. Í þessu frv. felst það, að ríkisstj. heimilast að selja Ólafi Baldvinssyni land það úr jörðinni Syðri-Bakka í Arnarneshreppi, sem honum hefur verið mælt út og nefnist Gilsbakki, og skal söluverðið ákveðið af dómkvöddum mönnum, ef ekki næst samkomulag. Fyrir um 20 árum síðan fékk þessi Ólafur Baldvinsson úthlutað landspildu úr landi Syðri-Bakka í Arnarneshreppi, og fyrir nokkrum árum síðan fékk hann viðbótarland, sem nægir til þess að koma býlinu í tölu nýbýla. Ólafur hefur farið þess á leit að fá landið keypt, og hefur umsagnar hreppsnefndar Arnarneshrepps verið leitað um málið, og mælir hreppsnefnd með því, að svo verði gert. Þetta mál hefur verið borið undir landbn., og hefur hún athugað frv. og mælir einróma með því, að frv. verði samþykkt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 79. fundi í Ed., 3. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 702).

---

81. Sala jarðarinnar Gufuskála í Gerðahreppi.

Á 65. fundi í Nd., 2. apríl, var útbýtt:
Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til að selja jörðina Gufuskálar í Gerðahreppi, Gullbringusýslu [179. mál] (þmfrv., A. 436).

Á 67. fundi í Nd., 5. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Ég hef leyft mér á þskj. 436 að flytja hér frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til að selja jörðina Gufuskálar í Gerðahr., Gullbringus. Þetta er flutt að beiðni hreppsn. Gerðahr., eins og fram kemur í fskj. 1, og gerir hún þar grein fyrir flutningi frv., auk þess er fskj., þar sem yfirlýsing liggur fyrir frá núv. ábúanda jarðarinnar, þar sem að hann afsalar sér forkaupsrétti,

Ég sé ekki ástæðu til þess að fjölyrða um þetta, en legg til, að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til hv. landbn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til landbn. með 27 shlj. atkv.

Á 77. fundi í Nd., 25. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 436, n. 545).

Frsm. (Gunnar Gíslason): Herra forseti. Frv. þetta til l. er um það að heimila ríkisstj. að selja Gerðahreppi í Gullbringusýslu jörðina Gufuskálar í sama hreppi. Landbn. sendi frv. til umsagnar jarðeignadeildar ríkisins og landnámsstjóra, og eru umsagnir beggja þessara aðila á þá lund, að þeir mæla með því, að jarðasalan verði heimiluð. Það kemur fram í umsögn landnámsstjóra, að landbúskapur sé að leggjast niður í þessum hreppi, yfirleitt séu ræktunarskilyrði þar lítil og ræktun öll kostnaðarsöm og atvinnuvegir allir breyttir, þannig að það er að myndast þarna þéttbýli og sé nauðsynlegt að skipuleggja þessa byggð. Við flytjum brtt. við frv., á þskj. 555, þar sem við leggjum til, að hreppnum sé óheimilt að endurselja þetta land, og er það í samræmi við afgreiðslu sams konar mála héðan frá þinginu á undanförnum árum. Landbn. leggur til, að frv. verði samþ.

ATKVGR.
Brtt. 545 samþ. með 22 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Á 78. fundi í Nd., 26. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 581).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 26 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 72. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 73. fundi í Ed., 28. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til landbn. með 17 shlj. atkv.

Á 78. fundi í Ed., 2. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 581, n. 648).

Bjartmar Guðmundsson: Herra forseti. Frsm. þessa máls fyrir hönd landbn. er skráður Ragnar Jónsson, sem ekki er hér viðstaddur, og hef ég verið beðinn að lýsa áliti n. Ég hef kynnt mér efni þessa máls lítils háttar og veit, að frv. hefur fengið venjulega meðferð í Nd. og síðar í Ed. Hvorug nefndin hefur haft nokkuð við söluna að athuga. Það stendur svipað á með sölu þessarar jarðar og margra annarra, sem samþ. hefur verið að leyfa sölu á hér á hv. Alþ. í vetur og áður og sé ég enga ástæðu til að hindra það, að salan fari fram og mæli því með sölunni.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 79. fundi í Ed., 3. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 703).

---

82. Stækkun lögsagnarumdæmis Keflavíkurkaupstaðar.

Á 34. fundi í Sþ., 30. marz, var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um stækkun lögsagnarumdæmis Keflavíkurkaupstaðar [168. mál] (þmfrv., A. 388).

Á 62. fundi í Nd., 31. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Ragnar Guðleifsson): Herra forseti. Frv. það til l. um stækkun lögsagnarumdæmis Keflavíkurkaupstaðar, sem hér liggur fyrir, er borið fram samkv. beiðni bæjarstjórnar Keflavíkur og vegna knýjandi nauðsynjar. Í grg., sem fylgir frv., er þessi nauðsyn skýrð nokkuð. Þar fylgir einnig með umsögn skipulagsstjóra ríkisins ásamt uppdrætti, er sýnir landssvæði Keflavíkurkaupstaðar eins og það er nú, þ. e. a. s. byggilegt svæði, og er það aðeins um 200 ha. Keflavíkurkaupstaður er því, eins og skipulagsstjóri ríkisins segir í meðfylgjandi umsögn, landþrengsti kaupstaður landsins. Uppdráttur þessi sýnir einnig fyrirhugaða stækkun lögsagnarumdæmisins til norðurs um 350 ha. Þá fylgir bréf flugvallarstjóra Keflavíkurflugvallar til utanrrn., varnarmáladeildar, þar sem hann varar við, að byggð færist nær Keflavíkurflugvelli en nú er.

Þótt frv. fylgi ýtarleg grg., vil ég með nokkrum orðum gera því nánari skil.

1. gr. frv. tiltekur það landssvæði, er við stækkunina kemur undir lögsögu Keflavíkurkaupstaðar, svo og hver verða mörk sveitarfélaganna, Keflavíkurkaupstaðar og Gerðahrepps, við stækkunina. Landsvæði það, er lögsagnarumdæmi Keflavíkur stækkar um, er 350 ha og er allt í Gerðahreppi. Hluti þess er þríhyrnd landspilda, er liggur að núverandi mörkum Keflavíkurkaupstaðar og er í eigu Keflavíkur h. f., Keflavík. Þessi landsspilda er um 50 ha að stærð, og við köllum hana Bergið. Á þessu svæði eiga nú heimili um 70 manns, og vegna nábýlis við Keflavík er þetta fólk eðlilega í meiri tengslum við Keflavík en Gerðahrepp. Börnin á þessu svæði ganga í skóla í Keflavík og presturinn í Keflavík fræðir þau og fermir. Verkamennirnir, sem þarna búa, eru í Verkalýðs- og sjómannafélagi Keflavíkur, enda sækja þeir sína vinnu til Keflavíkur eða Keflavíkurflugvallar, en alls ekki í Gerðahrepp, nema þeir fáu, sem kunna að hafa sjálfstæða atvinnu heima. Hinn hluti stækkunarinnar, sem er um 300 ha, er allur í eigu ríkisins og er hluti þess lands, sem ríkið á sínum tíma tók eignarnámi vegna Keflavíkurflugvallar. Á þessu landssvæði er engin byggð. Meginhluta þessa landssvæðis má telja sæmilegan til byggingar.

Keflavík er ungt sveitarfélag, er varð til 1908 við síðustu skiptingu Rosmhvalaneshrepps hins forna. Þá urðu til tvö sveitarfélög, Gerðahreppur, eins og hann er nú, og Keflavík, er ásamt Njarðvíkum mynduðu þá sérstakt sveitarfélag, sem hét Keflavíkurhreppur. Þessi skipan hélzt til 1942, en þá skildu Njarðvíkingar við Keflavíkurhrepp og mynduðu sérstakt sveitarfélag á ný, Njarðvíkurhrepp. Eftir þessi skipti var landrými Keflavíkur mjög takmarkað eða um 420 ha. Landssvæði þetta var þó ekki allt hæft til bygginga því með tilkomu Keflavíkurflugvallar var byggilegt land innan Keflavíkur skert um 300 ha eða um 5/7 alls landrýmis Keflavíkur, eins og það var eftir 1942. Nokkur hluti þessa lands eða um 80 ha hafa fengizt aftur og er nú byggt land innan Keflavíkurkaupstaðar, en enn þá eru um 220 ha í eigu ríkisins og í lögsögu lögreglustjórans á Keflavíkurflugvelli.

Ef við lítum á loftmyndina af Keflavík, sem fylgir frv. og var tekin 1963, sést, hve takmarkað landssvæði er óbyggt innan marka kaupstaðarins af því landi, sem við höfum ráð á. En óbyggt land er nú talið um 55 ha. Hluti þessa lands er skipulagður undir iðnað og stór hluti er land, sem fyrir nokkrum árum, meðan landrýmið var meira, hefði ekki verið talið byggilegt. Land allt að mörkum Njarðvíkurhrepps má nú heita fullbyggt, eins og sést á myndinni.

Keflavíkurkaupstaður er fjórði stærsti kaupstaður landsins utan Reykjavíkur, en jafnframt er hann talinn landþrengsti kaupstaðurinn, eins og ég gat um áðan. Íbúatala Keflavíkur 1. des. 1965 var 5117 og hefur vaxið um 6% frá 1962, og ég ætla, að það sé minni vöxtur en í öðrum kaupstöðum hér sunnanlands. Á tímabilinu 1956-1960 eða á 5 árum var tala íbúða, er bygging var hafin á, 256 eða að meðaltali um 51 á ári, en á næsta 5 ára tímabili á eftir, 1961-1965, var bygging hafin á aðeins 168 íbúðum eða 36 að meðaltali á ári. Stafar þetta eingöngu af því, að eigi hefur verið hægt að fullnægja eftirspurn eftir byggingarlóðum.

Hjá einhverjum kynni nú að vakna spurning: Hvers vegna hefur bæjarstjórn Keflavíkur ekki fyrr leitað eftir því að stækka lögsagnarumdæmi kaupstaðarins og hvers vegna kemur þetta frumvarp svo seint fram? Bæjarstjórn á afsökun nokkra. Eins og fram kom hér áðan, eru enn um 220 ha af landi Keflavíkurkaupstaðar í eigu ríkisins og tilheyrandi Keflavíkurflugvelli. Á undanförnum mánuðum hefur bæjarstjórn Keflavíkur leitað eftir því hjá varnarmáladeild utanrrn. að fá enn til viðbótar spildu af þessu landi upp í heiðina til vesturs, ca. 65 ha. En þar með var talið, að nær flugvellinum yrði ekki byggt. Við þetta land voru vonir manna bundnar til bygginga á komandi sumri. En um landssvæði þetta segir skipulagsstjóri ríkisins í bréfi sínu til bæjarstjórans í Keflavík, sem dags. er 7. þ. m. og fylgir með þessu frv., með leyfi hæstvirts forseta:

„Land þetta er í sjálfu sér vel fallið til byggingar, en sá böggull fylgir hér skammrifi, að verulegur hluti þessa svæðis er í slíkri nálægð og afstöðu til flugbrautar þeirrar, er liggur NA-SV, að það hlýtur að teljast óhæft til íbúðarbyggingar, samkv. þeim kröfum um lágmarkshávaða í íbúðarhverfum, er gilda á Norðurlöndum og í Bandaríkjunum. Stækkun lögsagnarumdæmis Keflavíkur til vesturs kemur því af þessum sökum aðeins að takmörkuðum notum."

Varðandi þetta svæði segir flugvallarstjóri ríkisins í bréfi sínu til varnarmáladeildar, sem fylgir frv. Með leyfi hæstv. forseta:

„Mér hefur verið tjáð, að Keflavíkurbær og Njarðvíkurhreppur hafi á prjónunum áform um að færa byggð sína nær Keflavíkurflugvelli nú á næstunni. Í þessu sambandi vil ég árétta það, sem fór á milli mín og hins háa ráðun. í síma nú fyrir skömmu. Þá fór ég fram á það, að þannig verði búið um hnútana, ef leyft verður að byggja nær flugvellinum, að fullt tillit verði tekið til starfrækslu flugvallarins við skipulagningu byggingarsvæðisins og að fylgt verði strängustu skipulagskröfum þar að lútandi til að firra væntanlega íbúa óþægindum vegna hávaða og jafnframt hugsanlegri slysahættu vegna flugvéla í flugtaki eða lendingu."

Þessi ummæli skipulagsstjóra og flugvallarstjóra eru fram komin vegna þess, að nýlega hafa farið fram hljóðmælingar á þessu svæði, og niðurstöður þeirra mælinga liggja nú fyrir.

Á uppdrættinum, sem fylgir frv., má sjá þau svæði, sem vegna hávaða og slysahættu eru talin óbyggileg eða lítt byggileg, þegar miðað er við þær kröfur, sem gerðar eru á Norðurlöndum og í Bandaríkjunum. Dökki þríhyrningurinn, er sjá má á uppdrættinum, sem er í stefnu til norðausturs af flugbrautinni, er liggur frá suðvestri til norðausturs, sýnir þann hávaða, sem er um 50% meiri en talinn er mesti þolanlegi hávaði í íbúðarhverfum í Bandaríkjunum og á Norðurlöndum, en hann er á þessu svæði um 95 decibel, en í Bandaríkjunum og á Norðurlöndum er talinn mesti þolanlegi hávaði 60-63 decibel. Ljósari svæðin báðum megin við þríhyrninginn eiga að sýna aðeins minni hávaða eða um 90 decibel. Á þessu sést, að þessi stækkun byggingarsvæðis Keflavíkur kemur að mjög litlum notum til byggingar íbúðarhúsa, því að búast mætti við, að fáir tækju á sig þá áhættu að byggja þar íbúðarhús og það því síður vegna þess, að bærinn mundi verða að úthluta lóðunum með þeim fyrirvara, að hann yrði ekki

skaðabótaskyldur, ef þarna reyndist ógerlegt að búa. Menn gætu því skilið, hvaða erfiðleikum þetta veldur, því að við þetta land voru vonir bundnar til bygginga nú á næsta sumri.

Að vísu er slíkur hávaði, sem hér um ræðir, ekki þarna að staðaldri. Enn þá eru aðeins nokkrar vélar, sem hafa áætlun um Keflavíkurflugvöll, er slíkum hávaða valda, og svo eru herþoturnar, sem trufla mjög í byggðinni á hvaða tíma sem er. En við lifum á þotuöldinni, og öll líkindi eru til þess, að bæði stóru flugfélögin okkar, Loftleiðir og Flugfélag Íslands, taki innan fárra ára þoturnar í sína þjónustu. Enn þá munu engin lög eða reglur vera til um þennan þátt skipulagsmálanna, en hér er áreiðanlega verkefni fyrir hið háa Alþ. að vinna og það hið fyrsta.

Af því, sem hér hefur nú verið sagt, má sjá, að það er af brýnni þörf, að leitað er eftir útfærslu marka kaupstaðarins. Það þarf heldur ekki langrar athugunar við til þess að sjá, að aðeins er möguleiki á stækkun til norðurs, út á Bergið. Með þeirri stækkun á byggðarsvæði Keflavíkur, sem ráðgerð er með frv. þessu, svo og spildunni úr landi flugvallarins til vesturs, gerir skipulagsstjóri ráð fyrir, að sú landstærð muni nægja fyrir um 15-20 þús. manna byggð, og telur hann með hliðsjón af vexti Keflavíkur undanfarna áratugi, að bærinn muni ná þessari stærð á næstu 50-60 árum. Ég mundi nú ekki telja þetta bjartsýni um of. Betur gæti ég trúað, að innan þessa tíma yrði komin samfelld byggð frá Stapa og út á Garðskaga, þaðan til Sandgerðis og út á Stafnnes eða í hálfhring um Keflavíkurflugvöll, og hefði þessi byggð að stórum hluta skapazt vegna vaxandi umferðar um Keflavíkurflugvöll. Að vísu væru þó nokkrar eyðar eða skörð í byggðina vegna hávaðasvæðanna.

2. gr. frv. þarfnast ekki skýringar við, en 3. gr. frv. kveður á um, hvernig skipti skuli fara fram milli sveitarfélaganna, ef þetta frv. verður að l., sem ég vona, og ef samkomulag næst þar ekki um.

Því miður verður það að segjast, að samkomulag hefur enn þá ekki náðst við hreppsnefnd Gerðahrepps, þrátt fyrir viðræður við meiri hl. hreppsnefndar um þær breytingar á mörkum sveitarfélaganna, er frv. gerir ráð fyrir, þótt við hins vegar verðum að vona, að úr rætist. Enn þá ber vissulega mikið á milli. Hreppsnefnd Gerðahrepps vill hafa mörkin milli sveitarfélaganna óbreytt frá 1908, en við teljum mörkin jafnóeðlileg nú og þau voru eðlileg, þegar þau voru sett.

Þegar skiptin fóru fram milli hreppanna 1908, miðuðust takmörkin við landareign bændanna í Gerðahreppi annars vegar og kaupmannsins í Keflavík hins vegar. Bændur í Leiru, sem tilheyra Gerðahreppi, áttu þá allt Hólmsbergið að Grófinni, sem þá var norðurtakmörk lands kaupmannsins í Keflavík. Síðan breyttust þessi takmörk Keflavíkureignarinnar við það, að Leirubændur seldu eigendum Keflavíkureignarinnar hluta af Berginu eða út á Hellumið. Síðar eignaðist svo ríkið allt það land annað í Gerðahreppi, sem frv. gerir ráð fyrir, að komi undir lögsögu Keflavíkurkaupstaðar. Ríkið á að vísu lengra en hugsað er að taka, ríkið á út að Bergvík, og við höfðum sumir talið, að það hefðu verið eðlilegri mörk á milli sveitarfélaganna heldur en þau, sem hér er farið fram á.

Með frv. þessu er ekki verið að skerða í neinu eignaryfirráð íbúa Gerðahrepps, heldur er beinlínis verið að færa mörk sveitarfélaganna til samræmis við þau sjónarmið, er réðu mörkum þessara sveitarfélaga, þegar þau urðu til.

Ég hef lokið máli mínu. Ég óska þess að eftir þessa umr. verði málinu vísað til 2. umr. og heilbr.- og félmn. og vænti þess, að það fái þar skjóta og jákvæða afgreiðslu.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 29 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 30 shlj. atkv.

Á 86. fundi í Nd., 3. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 388, n. 692).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 27 shlj. atkv.

Frsm. (Birgir Finnsson): Herra forseti. Heilbr.- og félmn. hefur haft þetta mál til athugunar um skeið. Hún sendi Sambandi isl. sveitarfélaga og sýslunefnd Gullbringusýslu málið til umsagnar. Umsagnir liggja fyrir frá báðum aðilum, sem eru í skemmstu máli á þá leið, að þeir telja málið ekki nægilega vel undirbúið, vegna þess að samningaviðræður eða samningatilraunir hafi ekki farið fram milli Keflavíkurkaupstaðar og Gerðahrepps, sem þarna eiga hlut að máli. Ég sé ekki ástæðu til þess að lesa þessar umsagnir upp, nema sérstaklega verði óskað eftir því, en meðan þessir aðilar höfðu málið til meðferðar hefur það gerzt, að félmrn. hefur kvatt málsaðila til sín og reynt að koma á samkomulagi milli þeirra. Niðurstaðan af þeirri sáttatilraun liggur fyrir í bréfi frá félmrn., sem er svohljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Með vísun til bréfs ráðun., dags. 27. f. m., til hv. heilbr.- og félmn. Nd. Alþ., sem fylgdi endurriti úr fundargerðarbók bæjarráðs Keflavíkur dags. 28. f. m., vill ráðun. taka fram, að það telur fullreynt, að ekkert samkomulag geti tekizt milli bæjarstjórnar Keflavíkur og hreppsnefndar Gerðahrepps um breytingu á mörkum milli Keflavíkurkaupstaðar og Gerðahrepps á grundvelli frv. til l. um stækkun lögsagnarumdæmis Keflavíkurkaupstaðar, sem lagt hefur verið fram á yfirstandandi þingi."

Í sjálfu frv. kemur fram, hvað þarna er um að ræða. Keflavíkurkaupstaður er landþröngur kaupstaður, og hefur verið þrengt að honum,m. a. með ráðstöfunum ríkisvaldsins og möguleikarnir til stækkunar kaupstaðarins takmarkast mjög af því, að hann er í nálægð flugbrautanna á Keflavíkurflugvelli, þar sem er mikil umferð og mikill hávaði, þannig að landið næst flugbrautunum er ekki talið byggilegt af þeim sökum. Er gerð grein fyrir því í frv., að eini möguleikinn til stækkunar á landssvæði kaupstaðarins sé sá, að hann fái hluta af því landi, sem nú er í Gerðahreppi, en er þó ekki eign hreppsins, heldur ríkisins og fyrirtækis, sem heitir Keflavík h. f.

Ég lét þess getið hér fyrr á þessu þingi, þegar svipað mál og þetta kom fyrir hv. d., að ég teldi, að áður en Alþ. gerðist úrskurðaraðili í málum sem þessum, þyrfti á vegum ríkisstj. eða viðkomandi ráðun. að reyna samkomulag til fullnustu milli aðila, sem hlut eiga að máli.

Í þessu tilfelli virðist það nú loksins liggja fyrir, að þetta samkomulag hafi verið reynt en ekki tekizt, og þess vegna var það, að á fundi heilbr.- og félmn. í gær samþykktu allir nm., sem þar voru viðstaddir — ég hygg, að það hafi aðeins vantað einn nm. — að freista þess, þó langt sé liðið þings, að koma málinu í gegn, en okkur er það ljóst, að það getur ekki tekizt nema með velvild og góðri fyrirgreiðslu hv. deildarforseta.

Meiri hl. hv. heilbr.- og félmn., eða allir þeir, sem mættu á fundinum í gær, mæla með því, að málið verði afgreitt. En ég tel skylt, áður en ég lýk þessum orðum, að upplýsa, að n. hefur borizt enn þá eitt bréf, sem er frá oddvita Gerðahrepps og hljóðar á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„P. T. Reykjavík, 2. maí 1966.

Í tilefni af þeirri staðhæfingu, sem sett er fram í bréfi félmrn., um að fullreynt sé, að ekkert samkomulag geti tekizt milli bæjarstjórnar Keflavíkur og hreppsnefndar Gerðahrepps um breytingar á mörkum milli Keflavíkurkaupstaðar og Gerðahrepps, vil ég fyrir hönd hreppsnefndar Gerðahrepps taka fram, að slíkt er síður en svo fullreynt, þar sem boðið hefur verið upp á umr. um afhendingu lands til Keflavíkur, að því tilskildu, að fram komið frv. um breytingu á fyrrgreindum mörkum verði stöðvað.

F.h. hreppsnefndar Gerðahrepps
Björn Finnbogason, oddviti.

Til heilbr.- og félmn. Nd. Alþ."

Þetta bréf barst til n. í gær, eftir að hún hafði haldið fund sinn. Ég segi fyrir mitt leyti, að bréfið breytir ekki minni afstöðu til málsins. Ég mæli með því, herra forseti, að frv. nái fram að ganga.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Það mun oftast hafa verið venja að rjúka ekki í afgreiðslu ágreiningsmála á þingfundum, sem ber upp á sama dag og útvarpsumr. eiga að vera og menn eru í önnum við þingstörf við að búa sig undir útvarpsumr., en út af þeirri reglu hefur verið brugðið nú, auk þess sem boðað hefur verið til nefndarfunda um ágreiningsmál á slíkum degi að þessu sinni, og kann ég þessu illa. Mér finnst þetta bera lítinn vott um tillit til þeirra starfa, sem þm. eiga að inna af hendi sem alþm.

Ég gat ekki mætt á þessum nefndarfundi í gær, þegar þetta mál var tekið fyrir, og þykir því skylt að gera grein fyrir afstöðu minni. Það liggur ljóst fyrir, að landið, sem Keflavíkurkaupstaður vill fá fært undir sitt lögsagnarumdæmi, er nú í öðru sveitarfélagi, er í Gerðahreppi. Ég efa það ekki, að Keflavíkurkaupstaður er í landþröng og þarf þess vegna að fá fram stækkun á sínu lögsagnarumdæmi. Ég sé hins vegar á öllu, að þetta mál er orðið mikið illdeilumál milli þessara tveggja nágrannasveitarfélaga og lýsi því yfir, að ég tel mjög óhyggilegt, að Alþ. blandi sér í það mál sem úrskurðaraðili, meðan annar aðilinn heldur því fram, að sættaleiðir hafi ekki verið reyndar til fulls, en það kom fram í bréfi frá oddvita Gerðahrepps, sem lesið var upp hér af frsm. meiri hl. n. áðan, að hann teldi því fara fjarri, að sáttaleiðir hefðu verið fullreyndar í málinu. Þetta bréf berst eftir að n. fjallaði um málið. Ég tel skylt að taka tillit til þess, sem oddviti Gerðahrepps segir, því að hann virðist gefa vonir um það, að málið geti leystst með friði, og það er sýnilegt, að það er miklu betra, að svona mál verði leyst með samkomulagi, ef nokkur kostur er, milli tveggja nágrannasveitarfélaga, heldur en það sé gert með illdeilum og Alþ. grípi þar inn í, meðan því er haldið fram, að hugsanleg lausn væri til með friðsamlegum hætti.

Ég fékk fyrst vitneskju um, að það væri verið að ganga frá nál. um þetta mál kl. 11 í gærkvöldi eða um það bil, þegar ég var hér á þingfundi, og fékk þá vitneskju um það, að annar málsaðilinn, bæjarstjórn Keflavíkur, hefði átt þess kost að mæta á nefndarfundinum, en hins vegar mun hreppsnefnd Gerðahrepps ekki hafa verið gefinn kostur á því að mæta á nefndarfundi til þess að gera grein fyrir sínum skoðunum í þessu máli, og finnst mér það miður líka. Annar aðilinn hefur mætt á nefndarfundi en hinn ekki og á þess sýnilega ekki kost nú, ef á að hespa málið af á þessum þingfundi. Ég held, að það sé því hyggilegast að ganga ekki frá þessu máli, eins og það liggur fyrir. Ég hef átt þess engan kost að tala við málsaðila. Ég gat ekki hlýtt á málflutning þeirra Keflvíkinganna í gær, og ég hef ekki haft nokkra aðstöðu til þess að kynna mér afstöðu Gerðahrepps, sem mér sýnist þó eftir atvikum vera slík, að það sé verið þarna að taka land, sem heyrir undir það sveitarfélag, undir Gerðahrepp, og þess vegna er von, að þeir vilji koma í veg fyrir það, nema því aðeins að samkomulag náist. Nú er upplýst, að landið á ríkið að langmestu leyti. Ég held því, að það þurfi ekkert að seinka þessu máli, sem ber að svo seint á þingtímanum, ég held, að það þurfi ekkert að seinka þessu máli, þó að lokaafgreiðsla fari ekki fram nú. Ríkið og Keflavíkurkaupstaður geta áreiðanlega, þegar svona stendur á, látið allan undirbúning fara þarna fram, og endanlega verður úr þessu skorið með dómkvaðningu manna til þess að fá úr því skorið, hvaða bætur skuli koma fyrir landið og þá aðstöðu, sem þarna færist frá einu sveitarfélagi til annars. Ég held því, að Keflavíkurkaupstaður geti ekki orðið fyrir neinum óþægindum af því, þó að málið yrði ekki nú afgreitt, heldur tekið upp í byrjun næsta þings, eftir eitt misseri, ef það hefði þá ekki fengið friðsamlega lausn, sem ég tel ekki enn þá útilokað samkv. ummælum oddvita Gerðahrepps. Ég hef því síðan í gærkvöld borið þetta undir þingflokk Alþb., og það er afstaða Alþb. að eiga ekki hlut að þessari afgr., sem hér er lagt til af meiri hl. n. nú, og það eru tilmæli Alþb., að málið sé heldur látið liggja nú og freista þess til hins ýtrasta að fá á þessu friðsamlega lausn. Mér þætti hins vegar vænt um það, ef einhver gæti gert grein fyrir því, í hverju það liggur, að Keflavíkurkaupstaður yrði fyrir einhverjum hnekki af því, að málið biði til byrjunar næsta þings. Það gæti haft einhver áhrif á mína afstöðu, en ég sé ekki, að það geti valdið Keflavík neinum óþægindum, þó að málið fengi nú ekki afgr. og biði til upphafs næsta þings. Sem sé, þingflokkur Alþb. óskar eftir því, að málið hljóti ekki lokaafgr. nú, Alþ. gerist ekki úrskurðaraðili í málinu, meðan annar aðilinn heldur því fram, að sáttaleiðir hafi ekki verið reyndar til hins ýtrasta.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Aðeins örfá orð út af þeirri umvöndun hv. 5. þm. Vestf., að það skuli vera boðað til funda í n. sama dag og útvarpsumr. eiga

sér stað. Ég vil taka það fram, þar sem það féll í minn hlut og hefur gert nú á undanförnum vikum að kalla þessa hv. n. saman til funda, að til þessa fundar var boðað s. l. fimmtudagskvöld, og ég verð að ætla þessum hv. þm. eins og öðrum að geta þá afsakað sig, að þeir geti ekki mætt, þegar þeir fá jafnlangan tíma til þess að mæta á einum stuttum nefndarfundi. Ég vil einnig taka það fram, að þetta mál hafði verið til umr. í n. þó nokkru áður, og þá mætti ekki þessi hv. þm. heldur á fundi n., svo að hann hefur ekki kynnt sér málin. Það getur kannske verið, að hann hafi þurft svo langan tíma til þess að undirbúa sig undir útvarpsumr., en það er nú komið töluvert á aðra viku frá því að þessir 2 fundir hafa verið haldnir.

Í sambandi við slíkar ásakanir við boðun funda í n. finnst mér ekki rétt, að það komi þannig frá þm., þegar boðað er til funda með jafnlöngum fyrirvara og hér var gert, og væri þá til of mikils ætlazt, ef einstakir nm. gætu ekki mætt, að þeir létu þá vita og óskuðu þá eftir öðrum tíma?

Um málið skal ég ekki ræða neitt frekar, og það má vel vera, að það sé rétt hjá hv. þm., að þetta mál megi öllum að meinalausu bíða til hausts, en hins vegar var þessi fundur haldinn að ósk bæjarráðs og bæjarstjóra Keflavíkur. Hins vegar óskaði oddviti eða hreppsnefnd Gerðahrepps ekki eftir því að mæta á fundi n., en það hefði auðvitað tvímælalaust verið orðið við því, ef sú ósk hefði komið fram.

Það, sem hefur breytt afstöðu manna nú síðustu daga til þessa máls, er það, að félmrn. sendi frá sér bréf í gærmorgun, þar sem skýrt er frá samningafundi, sem átti sér stað að tilhlutan félmrn. á milli bæjarstjórnar Keflavíkur eða bæjarráðs Keflavíkur og fulltrúa frá hreppsnefnd Gerðahrepps. Rn. skýrir þar frá því, að það telji frekari sáttaumleitanir árangurslausar og því óhugsandi að reyna frekari sætt. Á þeim grundvelli tekur n. þessa afstöðu til málsins. Hins vegar tel ég rétt og skylt að geta þess í sambandi við þau orð, sem hv. 5. þm. Vestf. lét falla og spurðist fyrir um, hvort það kæmi að sök, ef þetta mál yrði látið bíða, að þá tjáði bæjarráð Keflavíkur n. það, að það liti svo á, að ef frv. yrði ekki að l. á þessu þingi, yrði ekki hægt að hefja neinn undirbúning um kortlagningu landsins og skipulag, fyrr en frv. væri orðið að l. Ég tel mér það skylt að láta það koma hér fram.

Frsm. (Birgir Finnsson): Herra forseti. Hv. 11. landsk. þm. hefur að nokkru leyti tekið af mér ómak með síðustu orðunum, sem hann sagði hér, en ég kvaddi mér hljóðs í tilefni af þeirri fyrirspurn, sem hv. 5. þm. Vestf. beindi til heilbr.- og félmn. varðandi það atriði, hvað það væri, sem mest ræki á eftir því, að þetta frv. næði fram að ganga.

Ég vil benda hv. dm. á, að fyrst er rakið í grg. með frv., að íbúar þess svæðis í Gerðahreppi, sem Keflavíkurkaupstaður gjarnan vill fá, eru í raun og veru í mjög nánum tengslum við Keflavík. Börnin af þessu svæði ganga í skóla í Keflavík, ganga þar einnig til prests og eru fermd þar, og enn fremur segir í grg., að af sömu ástæðu, nálægðinni við Keflavík, séu verkamennirnir á Berginu í Verkalýðs- og sjómannafélagi Keflavíkur, enda vinni þeir allir í Keflavík eða á Keflavíkurflugvelli, en engir í Gerðahreppi, nema þeir, sem hafi sjálfstæða atvinnu heima. Síðan er rætt um, hvaða möguleika landið gefi, sem þeir vilja fá úr Gerðahreppi, og í framhaldi segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Keflavíkurkaupstaður er nú fjórði stærsti kaupstaður landsins utan Reykjavíkur, en er jafnframt talinn landþrengsti kaupstaðurinn á landinu. Íbúatala Keflavíkur 1. des. 1965 var 5117 og hefur vaxið um 6% frá 1962. Á tímabilinu 1956-1960, á fimm árum, var tala íbúða, er bygging var hafin á, 256, eða að meðaltali um 51 á ári. En á næsta 5 ára tímabili, 1961-1965, var bygging hafin á aðeins 168 íbúðum eða 36 að meðaltali á ári. Stafar þetta eingöngu af því, að eigi hefur verið hægt að fullnægja eftirspurn eftir byggingalóðum."

Þetta hygg ég, að sé kjarni þessa máls og það, sem mest knýr á um það, að Keflavík fái landið úr Gerðahreppi.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Það er tvímælalaust rétt, sem ég sagði áðan, að það hefur verið hér þingvenja, að tillit sé tekið til þess í fundarhöldum Alþ., þegar vitað er, að þm. eru annars staðar að gegna sínum þingmannsstörfum, þó að það hafi ekki þótt hlýða að gera það nú. Það hefur komið einu sinni fyrir, núna fyrir nokkrum dögum, á þessu þingi, að ég bað um, að 12. máli á dagskrá væri frestað til næsta dags. Það átti engan veginn að geta grandað málinu. Forseti hafði það að engu. Þetta er ljós vottur þess, hversu nauðsynlegt forsetahátigninni hér á Alþ. þykir að hafa samstarf við þm. Ég hefði haldið, að stjórnarflokkunum veitti ekkert af því að hafa dágott við þm. í þinglokin, þegar þrælað er nætur sem daga af stjórnarandstöðunni a. m. k., þegar stjórnarliðarnir sofa, við að afgreiða mál stjórnarinnar. En nefndarfundir voru haldnir í gær, og þingfundir voru haldnir í gær, og mál, sem valdið hafa ágreiningi og sem minni hl. n. hefur ekki fengið tækifæri til að ræða um vegna þingstarfa, voru tekin hér til afgreiðslu. Það má vel vera, að þetta sé slíkt nauðsynjamál, að það verði að brjóta hér venjur, en ég held samt, að það liggi engin nauðsyn til þess.

Þau rök, sem hv. frsm. meiri hl. færði hér fram áðan, að börnin af þessu svæði, sem ætti nú að færast á milli sveitarfélaga, gengju í skóla í Keflavík og gengju þar til prestsins, ég sé ekki, að þau hafi neitt að segja. Þetta hefur gengið svo, og ég sé ekki annað en að börnin hljóti að geta gengið til prestsins fyrir það, þó að þessi landsskiki Gerðahrepps tilheyri áfram því sveitarfélagi. Ekki finnst mér það vera rök í málinu, að það verði að hespa því af nú, meðan þetta er heitt deilumál. (Gripið fram í.) Og lóðavandræðin, já. Það skyldi nú aldrei vera svo, að þegar ríkið á land og ríkið virðist viðurkenna nauðsyn Keflavíkurkaupstaðar fyrir að fá þetta, að það væri nú ekki hægt að byrja að undirbúa skipulag á þessu landi, þó að það yrði ekki skorið úr málinu endanlega, fyrr en með haustinu. Það skyldi nú ekki vera, að það væri möguleiki líkt eins og börnin gætu gengið til prestsins, þó að þingið gengi ekki frá málinu.

Nei, ég held, að Alþ. ætti ekki að höggva á þennan hnút nú, meðan annar aðilinn heldur því fram, að hugsanleg sé enn þá friðsamleg lausn milli þessara nágrannasveitarfélaga. Það fyndist mér skynsamlegri

lausn, og mér fyndist það meira jafnræði, að fulltrúar beggja sveitarstjórnanna ættu þess kost að ræða við n. um málið og þá jafnvel helzt fullskipaða n.

Um hinn nefndarfundinn, sem hv. 11. landsk. þm. minntist hér á áðan, vil ég segja þetta: Ég hef ekki beðið um að halda neinum rétti vegna fundar, sem ég gat ekki mætt á vegna starfa utan Alþ. Til þess ber ekkert tillit að taka. Þegar ég gat ekki mætt á þeim fundi, bið ég ekki um neitt út af því, því þá hef ég verið upptekinn við önnur störf, sem eru þinginu óviðkomandi, og þá missi ég auðvitað niður minn þingmannsrétt og get ekki farið fram á neitt í því sambandi, enda hef ég ekki gert það. En í gær var ég að gegna þingmannsstörfum og ætlaðist til þess, að það væri tekið svipað tillit til þess og venja hefur hér verið um afgr. mála. Það hefur fyrr verið þröng á dagskrá undir þinglok, en samt hefur þetta yfirleitt verið gert þau 20 ár, sem ég hef verið hér á þingi, en nú þykir það ekki hlýða.

Ég skal engu bæta við þetta mál. Mér finnst engin þau rök hafa komið fram, sem sýni fram á það eða sanni, að nauðsyn sé á að ljúka málinu núna, þannig að annar aðilinn sé ósáttur um það, að því sé lokið, og mælist til, hefur með bréfi mælzt til þess, að málið verði ekki hespað af, því það sé enn þá von um, að málið fái friðsamlega lausn milli sveitarfélaganna. Það er langtum það æskilegasta í þessu máli.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 23:1 atkv.
2.-4. gr. samþ. með 20:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Á 87. fundi í Nd., 3. maí, var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Mér þykir líklegt, að það sé rétt, að Keflavíkurkaupstaður þurfi að fá þetta land, sem ætlazt er til samkv. frv., að undir hann verði lagt, og sjálfsagt fær hann þetta, hvort sem það verður nú þessa dagana eða innan skamms. En það er meðferð þessa máls, sem ég vil finna mjög að. Ef hv. flm. málsins var það áhugamál og þeir töldu það nauðsynlegt að fá það afgr. á þessu þingi, hefðu þeir átt að flytja málið heldur fyrr en þeir gerðu. Og einnig er það hv. þn., sem hafði það til meðferðar. Ef hún taldi nauðsynlegt að fá þetta afgr. nú, átti hún að skila áliti fyrr en á allra síðustu dögum þingsins.

Þetta er í fyrri d., þetta frv., og mér sýnist vera ætlunin að knýja það í gegn með margföldum afbrigðum, og þó er þetta deilumál, það er upplýst, og það hefur, eftir því sem frsm. hv. n. sagði, komið bréf frá öðrum aðilanum, þar sem hann telur alls ekki útilokað, að það megi finna lausn á þessu máli með samkomulagi.

Ég tel, að þessi vinnubrögð séu ófær. Þrátt fyrir það, eins og ég sagði áður að ég telji það víst, að Keflavík þurfi að fá þetta land og eigi að fá það og hljóti að fá það innan skamms, þá vil ég víta þessi vinnubrögð hjá hv. Alþ.

Frsm. (Birgir Finnsson): Herra forseti. Ég vil aðeins í tilefni af orðum hv. 1. þm. Norðurl. v. upplýsa það, að ég álít, að þetta mál hafi fengið alveg eðlilega afgr. í heilbr.- og félmn. d. Eftir að málið kom þangað var það sent til umsagnar sýslunefndar Gullbringusýslu og Samb. ísl. sveitarfélaga, og ég hygg, að það hafi ekki verið neinn ágreiningur um það í n., að menn teldu ekki fært að afgr. málið fyrr en þessar umsagnir lægju fyrir. Þessar ums. eru þannig dagsettar: Umsögn Samb. ísl. sveitarfélaga 20. apríl og umsögn sýslunefndarinnar 27. apríl og hafa væntanlega borizt til n. 2-3 dögum eftir dagsetningu eða nú alveg fyrir skemmstu. Meðan þessir aðilar höfðu málið til athugunar skeði það, að félmrn. gerði sáttatilraun í málinu, eins og ég upplýsti við 2. umr., og endanleg niðurstaða félmrn. af þeirri sáttatilraun lá ekki fyrir bréflega hjá n. fyrr en í gær, sbr. bréfið, sem ég las upp áðan, þannig að ég tel, að þótt við hefðum verið allir af vilja gerðir í heilbr.- og félmn., hefðum við ekki getað haft meiri hraða á þessu máli en raun hefur á orðið.

Jón Skaftason: Herra forseti. Út af ummælum hv. 1. þm. Norðurl. v. hér áðan sé ég ástæðu til sem einn af flm. þessa frv. að segja örfá orð til upplýsinga fyrir hv. þm.

Frv. það, sem hér er verið að ræða, var komið með hingað í hv. Alþ., ég man ekki nákvæmlega dagsetninguna, en ég hygg, að það hafi verið einhvern tíma á tímabilinu frá 20. marz til endaðs marzmánaðar s. l. Þeir, sem báru þetta frv. aðallega fyrir brjósti, voru þeir, sem standa að meiri hl. bæjarstjórnar Keflavíkurkaupstaðar, og þeir ræddu við þm. kjördæmisins af öllum flokkum og báðu þá um að flytja málið. Við féllumst á það og fluttum málið hér í hv. d. aðeins örfáum dögum eftir að okkur barst það. Af þessu hygg ég, að hv. þm. geti öllum verið það ljóst, að það, að frv. kemur ekki fyrr fram hér í hv. d., er ekki sök okkar flm., heldur, ef um sök er að ræða, þeirra manna, sem áttu að sjá um og höfðu áhuga á f. h. Keflavíkurkaupstaðar að fá þetta mál flutt í þinginu og afgr. Ég vil til viðbótar þessum upplýsingum aðeins taka fram, að það er í öllum atriðum hárrétt, sem hv. síðasti ræðumaður sagði um gang málsins í hv. heilbr.- og félmn. þessarar d. Þar varð engin óeðlileg töf á afgr. málsins, og allir nm. voru sammála um þá meðferð, sem málið fékk þar, og ástæðan til þess, að málið kom ekki strax frá n., því að þar var það út af fyrir sig ekki ágreiningsmál hjá þeim, sem mættir voru á þeim nefndarfundum, sem málið var rætt á, var eingöngu sú, að við töldum allir eðlilegt og sjálfsagt að bíða eftir umsögnum sveitarstjórnarsambandsins og eins umsögn sýslunefndar Gullbringusýslu. Ég sé ástæðu til að láta þetta koma fram hér.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 80. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 81. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 16 shlj. atkv.

Á 82. fundi í Ed., 4. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 388, n. 695 og 709).

Frsm. meiri hl. (Pétur Pétursson): Herra forseti. Efni þessa frv. er í sem stytztu máli það, að tiltekið landssvæði, sem er innan Gerðahrepps og er að nokkru leyti eign ríkisins, mundi, ef frv. yrði samþ., verða innan lögsagnarumdæmis Keflavíkur. Ef samkomulag næst ekki innan 6 mánaða um þessi atriði, mundi gerðardómur kveða á um málalok. Í dóminn mundi hver aðili tilnefna einn mann og Hæstiréttur oddamann.

Frv. var flutt af þm. úr öllum þingflokkum í hv. Ed. eftir beiðni bæjarstjórnar Keflavíkur.

Helztu rök fyrir þessari beiðni virðast mér vera þessi: Í fyrsta lagi, að mestallt land innan lögsagnarumdæmis Keflavíkur er nú þegar svo til uppbyggt. Í öðru lagi má nefna það, að 5/7 hlutar af landi Keflavíkur voru á sínum tíma teknir undir Keflavíkurflugvöll, enda þó nokkrum hluta þess lands hafi verið skilað aftur, en hann er líka að mestu leyti fullbyggður. Að fá meira af landsvæði flugvallarins er talið óhugsandi vegna hávaða frá flugvélum, og hefur flugmálastjórnin sent bréf þar að lútandi, sem er prentað með frv., fskj. 2.

Það landsvæði, sem hér er um að ræða, er um 350 ha, og af því eru 300 ha eign ríkissjóðs og óbyggt, en um 50 ha eru eign Keflavíkur h. f., og þar eru um 70 íbúar, sem eru þó í mestum tengslum við Keflavík vegna legu þess svæðis. Skortur landsvæðis í lögsagnarumdæmi Keflavíkur virðist því hefta vöxt bæjarins, og forsvarsmenn málsins telja, að þetta yrðu mjög alvarleg höft innan fárra ára.

Fskj. 1. með frv. er bréf frá skipulagsstjóra ríkisins dags. 7. marz s. l. Hann segir m. a. í þessu bréfi sínu, með leyfi hæstv. forseta:

„Að gefnu tilefni skal tekið fram, að af skipulagslegum ástæðum hefur lengi verið þörf á að rýmka um mörk Keflavíkurkaupstaðar, sem síðan 1945 hefur verið landþrengsti kaupstaður á öllu landinu. Hafa þessi landþrengsli m. a. orsakað það, að ekki hefur verið unnt að gera skynsamlegar skipulagsáætlanir nokkra áratugi fram í tímann, svo sem lög mæla þó fyrir um."

Síðan rökstyður hann, hvers vegna ekki er hægt að stækka með öðrum hætti en ganga inn á land Gerðahrepps, og hann segir:

„Núverandi stærð Keflavíkurkaupstaðar er um það bil 200 ha, og mundi sú landsstærð vart leyfa nema 6-7 þús. manna byggð miðað við hóflega nýtingu. Með þeim stækkunum á lögsagnarumdæmi Keflavíkur, sem hér er mælt með, verður stærð kaupstaðarins alls rúmlega 660 ha, og mundi sú landsstærð með hóflegri nýtingu nægja fyrir um 15-20 þús. manna byggð. Tel ég ekki goðgá með hliðsjón af vexti Keflavíkur undanfarna áratugi, að hún nái þessari stærð á næstu 50—60 árum, og því tel ég nauðsynlegt, að kaupstaðnum séu tryggðir þessir stækkunarmöguleikar sem fyrst, svo unnt sé að miða skipulagsáætlanir við það mark."

Þetta segir skipulagsstjórinn.

Frv. þetta kom til þessarar hv. d. í gær. Heilbr.- og félmn. hefur því eðlilega haft ósköp lítinn tíma til að grandskoða þetta mál, eins og hefði þó þurft að gera. Hins vegar hefur málið verið alllengi til meðferðar í hv. Nd., og n. hefur kynnt sér eftir því sem tök hafa verið á, þau gögn, sem þar hafa komið fram í málinu. Hér er um mikið ágreiningsmál að ræða milli Keflavíkurkaupstaðar og Gerðahrepps. Keflavíkurkaupstaður telur sér bráðnauðsynlegt að fá þetta aukna landrými, en hreppsnefnd Gerðahrepps hefur enn ekki séð sér fært að koma til móts við þær óskir með því að láta af hendi neitt af sínu landi. Þeir vilja mótmæla algerlega, að málið sé afgr. hér á hv. Alþ.

Sýslunefnd Gullbringusýslu og Samband ísl. sveitarfélaga hafa sent umsagnir til heilbr.- og félmn. Nd. og telja sig ekki geta mælt með frv. Mér virðist það aðallega vera vegna þess, að þessir aðilar telja það ekki þrautreynt, hvort unnt sé að ná samkomulagi. En raunar finnst mér það ósköp skiljanlegt, að þessir aðilar hiki nokkuð við það að taka ákveðna, ótvíræða afstöðu í máli, sem hlýtur að vera mjög viðkvæmt bæði fyrir Gullbringusýslu og Samband ísl. sveitarfélaga. Og því er það, að þeir telja báðir í sínum umsögnum, þeir mótmæla frv. ekki, en telja sig ekki geta mælt með því. Hæstv. Alþ. getur hins vegar, held ég, tæpast skotið sér undan að taka afstöðu til málsins með þeirri einföldu aðferð að fresta því.

Hv. Nd. afgreiddi þetta mál í gær með 24:1 atkv. Sú hv. d. hefur þannig orðið svo til alveg sammála um afgreiðslu málsins, og þar hafa talsverðar athuganir og umræður átt sér stað í heilbr.- og félmn. þeirrar d. En heilbr.- og félmn. þessarar hv. d. gat hins vegar ekki náð samkomulagi um að afgreiða málið nú, og töldu þeir hv. þm., sem standa að minni hl., rétt að fresta afgreiðslu málsins og reyna að gera enn frekari tilraunir til samkomulags. Við sem stöndum að áliti meiri hl. á þskj. 695, að vísu tveir með fyrirvara, teljum hins vegar ósennilegt og raunar vonlaust, að áframhaldandi sáttaumleitanir muni bera árangur.

Þann 2. þ. m. skrifaði félmrn. bréf til heilbr.- og félmn. Nd., og vil ég leyfa mér að lesa það, með leyfi hæstv. forseta.

„Með vísun til bréfs ráðun. dags. 27. f. m. til hv. heilbr.- og félmn. Nd. Alþ., sem fylgdi endurriti úr fundargerðarbók bæjarráðs Keflavíkur dags. 22. f. m., vill ráðun. taka fram, að það telur fullreynt, að ekkert samkomulag geti tekizt milli bæjarstjórnar Keflavíkur og hreppsnefndar Gerðahrepps um breytingu á mörkum milli Keflavíkurkaupstaðar og Gerðahrepps á grundvelli frv. til l. um stækkun lögsagnarumdæmis Keflavíkurkaupstaðar, sem lagt hefur verið fram á yfirstandandi þingi."

Hér fer ekki á milli mála, að félmrn. telur vonlaust, að samkomulag milli þessara aðila geti tekizt. Fyrst rn. tekur svona tvímælalausa afstöðu í þessu máli, þykir mér afar ósennilegt, að hægt sé yfirleitt að þoka þessu máli í samkomulagsátt milli aðila. En hér við bætist, að í fundargerð þess fundar, sem ég nefndi áðan og hefur verið eins konar sáttafundur í ráðun., í þessari fundargerð bæjarráðs Keflavíkur segir svo:

„Hallgrímur Dalberg spurðist fyrir um, hvort hreppsnefnd Gerðahrepps gæti fallizt á fyrirhug-

aða stækkun, ef bætur kæmu fyrir, sem hreppsnefndin gæti sætt sig við. Björn Finnbogason lagði til, að afgr. frv. yrði frestað, en viðræður færu fram í sumar um málið. Hins vegar taldi hann hreppsnefndina ekki reiðubúna til að svara, hvort landið færi falt, ef viðunandi bætur fengjust fyrir. Bæjarráð getur ekki fallizt á, að afgr. frv. verði frestað né heldur, að landsvæði það, sem fyrirhugað er að leggja undir lögsagnarumdæmi Keflavíkur, verði minnkað. Þá ítrekar bæjarráð fyrri samþykkt sína um að gerðardómur verði látinn kveða á um bætur fyrir tekjurýrnun, sem leiða kann af útfærslunni. Fulltrúar Gerðahrepps lýstu yfir, að enginn grundvöllur væri fyrir samkomulagi um málið á grundvelli frv. þess, sem nú liggur fyrir Alþ. Enn fremur gæti hreppsnefnd Gerðahrepps ekki fallizt á, að gerðardómur kvæði á um bæturnar. Sýslumaður lýsti yfir, að hann hefði kallað saman aukafund í sýslunefnd til að afgreiða fsp. heilbr.- og félmn. Alþ., sem sendi sýslunefndinni frv. til athugunar." Undir þetta hafa skrifað: Alfreð Gíslason, Valtýr Guðjónsson, Ragnar Guðleifsson, Sveinn Jónsson, og mættir á fundinum: Hallgrímur Dalberg, Þórður Guðmundsson, Björn Finnbogason, Einar Ingimundarson.

Mér virðist þessi fundargerð bera það ótvírætt með sér, að það séu litlar vonir til þess og raunar engar að ná um þetta mál samkomulagi. Og þá er ekkert annað eftir en að hv. Alþ. taki hér af skarið, og það leggur meiri hl. heilbr.- og félmn. til að gert sé með samþykkt þessa frv.

Frsm. minni hl. (Bjartmar Guðmundsson): Herra forseti. Þó þetta mál sé hitamál í Keflavík og Gerðahreppi, geri ég ekki ráð fyrir, að það verði gert að hitamáli hér í þessari hv. d., þó lítilsháttar ágreiningur sé innan n., sem um það fjallaði í gær.

Að afloknum deildarfundi hér í hv. d. í gær var skotið á nefndarfundi til að taka afstöðu til þessa máls. Þetta var skyndifundur og þar af leiðandi ekki hægt að gjörkanna málið, sem er mikið ágreiningsmál, eins og ég gat um áðan, og á einum stuttum nefndarfundi er ákaflega örðugt að taka afstöðu til máls, sem er víðtækt, og venja er að hafa fleiri fundi um slíkt mál í n. og oft marga. Þetta fannst mér vera of hröð afgreiðsla í fyrsta lagi.

Ljóst er af gögnum, sem fyrir liggja, að sveitarfélag það, Gerðahreppur, sem skerða á mjög, ef frv. nær fram að ganga, er þessu frv. alveg andvígt. Hins vegar virðist lagt allmikið kapp á það, að Keflavíkurkaupstaður nái að seilast til landvinninga hjá nábúa sínum, Gerðahreppi, og skerða um leið verulega byggð þess sveitarfélags. Það er um harkalegar aðgerðir að ræða að lögbinda þetta og mjög eðlilegt, að þetta sé viðkvæmt mál þar. Þó geta verið ástæður fyrir því, að þetta verði að gera, en á þeim fundi, sem heilbr.- og félmn. hélt um þetta mál í gær í 10 eða 15 mín., lágu þær ástæður alls ekki ljósar fyrir. Oddviti Gerðahrepps hefur óskað þess, að málið verði ekki afgr. með hraða, vegna þess að hann telur möguleika á því, að samkomulag náist um málið á grundvelli þeim, sem sveitarstjórnarlög gera ráð fyrir í slíkum málum.

Eins og fram kemur hér í nál. minni hl., leggjum við til, að málið verði afgr. með rökstuddri dagskrá: „Þar sem mál þetta hefur ekki enn fengið nægilegan undirbúning telur d. ótímabært að samþ. frv. og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá."

Hv. frsm. meiri hl. gat þess hér áðan, að ósennilegt og raunar vonlaust sé, að um þetta mál náist samkomulag á milli þessara sveitarfélaga, og las hann í því tilefni kafla úr bréfi eða ályktun frá félmrn. Hins vegar liggja fyrir fleiri skjöl um þetta mál og þar á meðal bréf frá oddvita Gerðahrepps, það er dags. í Reykjavík 2. maí 1966. Með leyfi hæstv. forseta vil ég lesa þetta bréf:

„Í tilefni af þeirri staðhæfingu, sem sett er fram í bréfi félmrn., um að fullreynt sé, að ekkert samkomulag geti tekizt milli bæjarstjórnar Keflavíkur og hreppsnefndar Gerðahrepps um breytingar á mörkum milli Keflavíkurkaupstaðar og Gerðahrepps, vil ég fyrir hönd hreppsnefndar Gerðahrepps taka fram, að slíkt er síður en svo fullreynt, þar sem boðið hefur verið upp á umræður um afhendingu lands til Keflavíkur að því tilskildu, að fram komið frv. um breytingu á fyrrgreindum mörkum verði stöðvað."

Þetta hefur oddvitinn um þetta að segja því til stuðnings, að hann óski eftir, að samkomulagsumræður verði enn reyndar um þetta mál.

Þá hefur þessu máli verið skotið til umsagnar Sambands ísl. sveitarfélaga, og ég vil til skýringar á málinu leyfa mér að lesa hér kafla úr því bréfi, með leyfi hæstv. forseta:

„Bréf hv. n. var lagt fyrir fund í stjórn sambandsins 18. þ.m. og var þar rætt. Stjórn sambandsins fylgir mjög fast þeirri reglu um mál sem þessi að láta ekki í té neitt álit, nema sveitarfélög þau, sem hlut eiga að máli, hafi áður rætt málið sín á milli og fyrir liggi skriflegt álit beggja aðila. Þá afstöðu eina telur stjórn sambandsins vera í fullu samræmi við 1. gr. 2. mgr. sveitarstjórnarlaga, nr. 58 1961, þar sem segir, „að eigi skuli neinu máli, sem varðar sérstaklega hagsmuni sveitarfélags, til lykta ráðið án umsagnar sveitarfélagsins". Ekki verður séð af grg. með frv., að þetta hafi verið gert, og ef trúa má bréfi oddvita Gerðahrepps, sem hér með fylgir í ljósriti, virðist svo ekki vera. Þá ber og á að líta, að ekki væri óeðlilegt, að umsagnar sýslun. Gullbringusýslu væri leitað um mál þetta, þar sem hér er ekki aðeins um að ræða að breyta mörkum tveggja sveitarfélaga, heldur einnig tveggja lögsagnarumdæma. Stjórnin lítur svo á, að frv. þetta sé ekki svo vel undirbúið sem lög mæla og getur því ekki á þessu stigi tekið afstöðu til þess. Undirskrift Jónasar Guðmundssonar formanns Sambands ísl. sveitarstjórna. M. ö. o., sambandsstjórnin lítur svo á, að málið sé ekki nægilega undirbúið og ekki sé einu sinni fullnægt lagaskyldum að því er snertir undirbúning málsins.

Þá hefur enn fremur verið skotið á aukafundi í sýslunefnd út af þessu máli, þ. e. sýslunefnd Gullbringu- og Kjósarsýslu. Ályktun þess aukafundar er undirrituð af sýslumanni, Einari Ingimundarsyni, og bréfið dags. 27. apríl. Ég vil leyfa mér enn fremur að lesa þetta bréf, með leyfi hæstv. forseta, til skýringar á málinu:

„Á aukafundi sýslunefndar Gullbringusýslu, sem haldinn var í Hafnarfirði 26. þ. m. varðandi frv. til l. um stækkun lögsagnarumdæmis Keflavíkurkaupstaðar, var gerð eftirfarandi ályktun: „Aukafundur sýslu-

nefndar Gullbringusýslu, haldinn í Hafnarfirði 26. apríl 1966, gerir sér ljósa nauðsyn þess, að Keflavíkurkaupstað verði sköpuð eðlileg og nauðsynleg aðstaða til stækkunar og vaxtar. Hins vegar telur fundurinn æskilegt, að fulltrúar kaupstaðarins og Gerðahrepps reyni til þrautar að ná samkomulagi sín á milli um lausn þess máls, sem hér um ræðir, en telur naumast, að slík lausn hafi enn verið reynd til hlítar. Getur fundurinn því ekki lagt til, að fram komið frv. um stækkun lögsagnarumdæmis Keflavíkurkaupstaðar úr landi Gerðahrepps verði samþ. að svo stöddu." Ályktun þessi var samþ. með 8 shlj. atkv."

M. ö. o., bæði sýslunefnd og stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga telja, að samkomulag um þetta efni hafi ekki verið reynt til hlítar.

Ég álít skynsamlegt að verða við beiðni oddvita Gerðahrepps um það að afgreiða ekki þetta mál fyrr en reynt hefur verið til þrautar að ná samkomulagi í þessu viðkvæma máli. Ég held, að það geti á engan hátt skaðað, vegna þess að mér er ekki kunnugt um, að neitt sérstakt kalli að með það að afgreiða málið í hasti og miklu æskilegri sú lausn, ef samkomulag gæti náðst. Vil ég á þessari stundu segja það, að ég mundi vilja athuga það vandlega, þegar allar samkomulagsleiðir hafa verið reyndar, hvort svo gild rök séu fyrir því að gera l. um þetta efni, að það sé réttlætanlegt. En á þessu stigi tel ég skynsamlegast að samþ. dagskrártill. og fresta málinu til næsta þings.

Gils Guðmundsson: Herra forseti. Það eru aðeins fáein orð í tilefni af því frv., sem hér liggur fyrir.

Ég ætla ekki að gera það að umtalsefni, sem er efnisatriði þessa máls, sjálfsagt mæla ýmis rök með því, að Keflavíkurkaupstaður fái aukið landrými, þar sem hann getur skipulagt framtíðarbyggð, en það, sem ég vil gera að umtalsefni, er aðeins málsmeðferðin.

Það liggur nú þegar fyrir eftir framsöguræðu meiri og minni hl., að hér er um verulegt ágreiningsmál að ræða milli stjórnenda Keflavíkurkaupstaðar annars vegar og hreppsnefndar Gerðahrepps hins vegar, og ég vil taka eindregið undir það, sen frsm. minni hl. heilbr.- og félmn. sagði, að ég tel af þeim gögnum, sem fram eru komin í málinu, að þá skorti enn á þann undirbúning, sem eðlilegur og æskilegur má teljast: Undirbúningurinn er að mínu viti og ekki heppilegur. Ég tel það engan veginn fullreynt, og það kemur raunar fram í bréfi, sem hér var lesið frá oddvita Gerðahrepps, ég tel það engan veginn fullreynt, að ekki geti náðst samkomulag í þessu máli. Mér virðist, að forráðamenn Keflavíkurkaupstaðar sæki þetta mál af helzt til miklu kappi, og ég vil aðeins segja það, að mér finnst, að þó að fjölmenni sé í Keflavík, sem á að fá þarna aukið landrými, en miklu færra fólk í Gerðahreppi, sem ætlunin er að svipta þarna allstóru landssvæði, þá má það ekki verða til þess, að Alþ. hrapi að því að knýja fram úrslit í þessu máli án þess að til þrautar hafi verið reynd sú eðlilega málsmeðferð, að samninga sé til þrautar leitað á milli aðila.

Mér þykir það satt að segja miður farið, að þetta mál skuli bera að með þeim hætti, sem það hefur borið hér að. Það var í sjálfu sér ekkert við því að segja, þó hér væri lagt fram frv. um málið til að kynna það og koma því á aukna hreyfingu, fyrst forráðamönnum Keflvíkinga virtist, að það væru nokkrir erfiðleikar á því að ná samkomulagi við Gerðahrepp. En að ætla að knýja þetta mál fram, ég vil segja með nokkru offorsi núna í þinglok, knýja það fram með margföldum afbrigðum, jafnvel sérstökum þingfundum um þetta eina mál, finnast mér miður heppileg vinnubrögð. Ég held, að það sé ekkert, sem þrýstir á um úrslit endilega nú. Það er, held ég, einsætt, að þetta mál ætti að bíða, til þess að enn gefist tóm til að reyna samningaleiðina til þrautar, og ég vil vara við því, að þetta mál sé knúið fram hér á hv. Alþ. með hálfgerðu offorsi. Með slíkum hætti sýnist mér, að til þess kunni að verða stofnað jafnvel að þarflitlu, að þessi skipting landa á milli Keflavíkur og Gerðahrepps valdi sárindum og jafnvel úlfúð milli tveggja nágrannasveitarfélaga, sárindum, sem ef til vill þyrfti ekki til að koma, ef samningaleiðin tækist. Sambúð þessara sveitarfélaga hefur yfirleitt verið góð, að því er ég bezt veit, og það er ekki gott verk að vera valdur að því, að hún spillist að þarflausu. Slíkt getur vissulega orðið varanlegt, og það getur lengi eymt eftir af sárindum, sem gjarnan verða, þegar sá, sem er minni máttar og á kannske formælendur færri en hinn stærri, telur á hlut sinn gengið að ósekju. Ég held, að það liggi ekkert á í þessu máli. Það gerist ekkert stórvægilegt, þó að því verði ekki ráðið til lykta fyrr en til að mynda á næsta þingi, og þess vegna tel ég rétt, að afgreiðslu þess verði frestað nú.

Ég held, að mér sé óhætt að fullyrða það, að það er ekki neinn sérstakur áhugi almennt hjá Keflvíkingum nú fyrir því, að þetta frv. verði endilega samþ., áður en þessu þingi lýkur. Ég held, að þeir líti ekki svo á almennt, að það sé nein knýjandi nauðsyn fyrir sitt bæjarfélag. Mér virðist, að sá ákafi, sem fram hefur komið í sambandi við afgreiðslu þessa máls og birtist til að mynda með því, að það er verið að reyna að drífa það hér í gegn án þess að eðlileg athugun fáist í n. og með margföldum afbrigðum nú í þinglok, sá ákafi sé sprottinn af einhverjum metnaði fáeinna ráðamanna í Keflavík um það, að þetta þurfi endilega að komast í gegn nú á þinginu.

Það er vissulega miður farið, að ekki skuli hafa náðst samkomulag um málið milli Keflavíkur og Gerðahrepps, áður en það kom til kasta Alþ. Ég er þó engan veginn vonlaus um, að slíkt samkomulag geti náðst og kunni að nást, ef nægilegt tóm væri gefið til að kanna það til þrautar. Þetta á að reyna enn í sumar að mínum dómi. Á næsta Alþ. er svo að sjálfsögðu hægt að taka afstöðu til þessa máls, eins og það þá liggur fyrir. Ég held, að frestun málsins nú sé í rauninni affarasælust fyrir báða aðila, og þess vegna mun ég greiða þeirri rökstuddu dagskrá atkvæði, sem nú hefur komið fram frá minni hl. hv. heilbr.- og félmn.

Frsm. meiri hl. (Pétur Pétursson): Herra forseti. Ég get alveg skrifað undir ýmislegt af því, sem hv. síðasti ræðumaður sagði að því er varðar meðferð þessa máls hér í hv. d. Málið var einfaldlega ekki afgreitt í hv. Nd. fyrr en síðdegis í gær, en það var líka afgreitt þar með 24:1 atkv., eins og ég sagði, eða svo til alveg einróma. Sú hv. d. hafði haft nokkrar vikur til að fjalla um málið og komizt að þeirri niðurstöðu að þeirri athugun sinni

lokinni, að það væri nauðsynlegt að afgreiða málið nú á þessu þingi, og gerði það svo til samhljóða, enda eru flm. allir þm. úr Reykjaneskjördæmi, og mér dettur ekki í hug eitt augnablik að ætla þeim það, að þeir hafi verið að fara þarna eftir einhverjum duttlungum framámanna í Keflavík, eins og mér fannst hálfpartinn koma fram. Forráðamenn Keflavíkur eru náttúrlega framsýnir menn, sem þurfa að fá sitt skipulag, skipulagsstjóri telur sig ekki geta skipulagt staðinn nema hann hafi land til umráða, og ósköp finnst mér ég geta skilið það vel, að þessir forráðamenn kaupstaðarins vilji einfaldlega koma málinu áfram nú, svo þeir þurfi ekki að standa í þeim ósköpum, sem þeir hafa þurft að gera, að hafa ekki land undir bæinn sinn. Það er nú ekki, held ég, hægt að segja, að Alþ. mundi hrapa að neinu, þó það yrði afgreitt nú, vegna þeirrar athugunar, sem gerð hefur verið, og þeirra gagna, sem liggja fyrir í málinu, og ekki sízt þar sem félmrn. hefur talið fullreynt, að ekki sé hægt að ná samkomulagi.

Það er alveg eðlilegt, að oddviti Gerðahrepps skrifi bréf, eins og hann hefur gert. Hann vill náttúrlega með öllum ráðum reyna að fresta málinu, en sér fram á, að hann getur ekki gert út af við það og þá er það eðlilegast að reyna að fresta því. Hvort þau ummæli hans í bréfi hans um það, að það kunni að nást samkomulag síðar, séu svo pottþétt, að við getur treyst því, að þetta verði allt í lagi í haust, finnst mér nú ekki vera eins mikið og það álit ráðun., að fullreynt sé um samkomulagsleið.

Varðandi sýslunefnd og Samband ísl. sveitarfélaga finnst mér alveg eðlilegt, að þeir aðilar gefi svona loðna umsögn, þar sem þeir eiginlega geta ekki mælt með frv., en mér finnst ég nú ekki lesa það út heldur, að þeir séu á móti. Þetta eru aðilar í báðum þessum samtökum, og eðlilega veigra þau sér við eins lengi og þau geta að taka afstöðu í því. Það er þess vegna Alþ., sem hlýtur að þurfa að taka þessa afstöðu og hefur gert einróma í hv. Nd., en svo kemur ágreiningurinn fram hér, en að því er mér finnst hafa engir, sem enn hafa talað, verið á móti málinu beint, en þeir vilja fresta því í þeirri afar veiku von, að það kunni að nást samkomulag yfir sumarið.

Þrátt fyrir það að ég viðurkenni, að þessu sé hraðað mjög gegnum þingið, finnst mér nú ekki rétt orðalag, að það sé knúið áfram með hálfgerðu offorsi. Það er að vísu mjög lítill möguleiki fyrir heilbr.- og félmn. þessarar hv. d. að fjalla um málið eins og hún hefði þurft, það viðurkenni ég hreinlega, en engu að síður tel ég þau rök, sem fram hafa komið í þessu máli, svo veigamikil, bæði frá skipulagsstjóra, frá félmrn. og frá þeim fundi, sem haldinn var um málið, að ég sé enga ástæðu til að bíða, og því leggjum við til, að málið sé afgr.

Gils Guðmundsson: Herra forseti. Það er aðeins í tilefni af þeim orðum hv. síðasta ræðumanns, að þm. allra flokka úr Reykjaneskjördæmi hafi flutt þetta mál í hv. Nd., sem ég vildi segja þetta:

Það er rétt, að það eru þm. frá öllum flokkum í kjördæminu, sem fluttu málið inn á þingið, og mér er kunnugt um það, að því er suma þeirra snertir að minnsta kosti, og skal ég þá sérstaklega nefna þar hv. 10. landsk. þm., Geir Gunnarsson, að þeir stóðu að flutningi málsins til að kynna það og til þess að það kæmist frekari skriður á þá samninga, sem virtust torveldir við Gerðahrepp, en það er t. a. m. ekki vilji hv. 10. landsk. þm., það er mér kunnugt um af samtali við hann í gær, það er ekki samkv. hans ósk eða allra flm. málsins, að það sé knúið fram með ákafa nú. Hv. 10. landsk. þm. er sammála mér um það, að það muni engum, ekki Keflvíkingum heldur, vera neinn greiði gerður með því að knýja málið fram endilega nú. Það eigi að reyna samningaleiðina í sumar, og síðar verði þá málið tekið upp að nýju á næsta þingi samkv. því, sem þá liggur fyrir í málinu.

Alfreð Gíslason: Herra forseti. Ég ætla ekki að ræða frv. efnislega að þessu sinni að minnsta kosti, en vil ítreka það, sem raunar hefur verið bent á hér við þessa umr., hvernig málið liggur fyrir þessari hv. d. Það kemur til hv. Ed. síðdegis í gær. Það er þegar í stað tekið á dagskrá til 1. umr. og henni lokið. Síðan er hv. heilbr.-og félmn. kvödd á skyndifund og skal þá þegar gert út um þetta mál. Það var ljóst á þeim fundi, að ágreiningur var ekki verulegur um afstöðu til frv. efnislega, heldur varð sá ágreiningur, sem í ljós kom, eingöngu um meðferð málsins, og þess vegna klofnaði n. Nú er málið komið til 2. umr. hér í dag, og það kemur í ljós í þeirri umræðu, að hv. Ed. er mjög klofin í afstöðu sinni til málsmeðferðarinnar og með því til frv., eins og það liggur fyrir nú. Það er því ekki aðeins um að ræða klofningu í málinu í hv. n. heldur og í hv. d. Nú hygg ég, að ætlunin sé að knýja þetta mál áfram, þrátt fyrir deildar meiningar á tveim fundum í dag, afgreiða þetta mál á 2 dögum með einum skyndifundi í þeirri n., sem um það á að fjalla. Þetta tel ég gjörsamlega óhæf vinnubrögð, vinnubrögð, sem eru langt fyrir neðan virðingu þessarar hv. d. Hér er um að ræða mál, sem er viðkvæmt deilumál tveggja sveitarfélaga í landinu. Hér er um að ræða mál, sem ekki hefur verið bent á, að sé mjög brýnt að afgreiða núna á þessu vori. Þvert á móti, allar líkur benda til þess, að það komi engum að sök, þótt málið bíði afgreiðslu hér á Alþ. til næsta hausts. Með tilliti til þessa finnst mér sök hv. Ed. enn meiri, ef hún hespar þetta mál af á þann veg, sem fyrirhugað virðist vera, gegn mótmælum svo og svo margra hv. þdm. Ég hef orð á þessu í því skyni að skora hér með á hæstv. forseta, sem á að sjá um, að mál séu athuguð nægilega í þessari hv. d. og ber ábyrgð á því að vissu leyti, að málefnum séu gerð skil af fullri sanngirni, ég skora á hæstv. forseta að íhuga það, hvort ekki sé rétt, að hann noti sitt vald, hver sem afstaða hans er til málsins persónulega, að hann noti sitt vald til þess að boða ekki til sérstaks fundar í dag um þetta mál til 3. umr.

Frsm. minni hl. (Bjartmar Guðmundsson): Herra forseti. Út af ummælum hv. frsm. meiri hl. um það, að hann vilji ekki líta svo á, að það sé pottþétt, eins og hann orðaði það, að samkomulag náist um þetta mál, svo sem á er bent í bréfi oddvitans í Gerðahreppi, vil ég segja það, að ég tel það alls ekki heldur vera, að það sé pottþétt, en ég tel, að það séu möguleikar á því og þá leið á að reyna, og ég vil einnig taka fram, að í sjálfu sér er ég ekki beint á móti málinu. Ég hygg, að þarna verði e. t. v. að taka eitthvert land, ef ekki næst samkomulag, þá með l. til handa Keflavík, þó ég telji, að í það eigi að

fara ákaflega varlega jafnan að taka lönd undan sveitarfélögum og leggja undir önnur. Þó eitt sveitarfélag græði á slíku, þá er hitt eins víst, að annað sveitarfélag tapar á því. En sem sagt, það geta verið þau málefni, að þetta sé nauðsynlegt að gera.

Þetta frv. var lagt fram snemma á þessu þingi og hefur verið til meðferðar í hv. Nd. lengi. Ég tel, að nú hafi það gegnt miklu hlutverki, sem sé að kynna málið og koma af stað samningatilraunum um það, sem ekki hafa enn tekizt. Full rök eru fyrst fyrir að knýja málið fram, þegar það er alveg útséð, að ekki næst samkomulag, en það er ekki útséð enn. Af þessum orsökum álít ég, að það sé öllum fyrir beztu, að dagskrártill. verði samþykkt og málið fái að hvíla sig, þangað til fram hafa farið frekari umr. milli hlutaðeigandi sveitarfélaga. Þá fyrst er ástæða fyrir Alþ. að taka til valdboðs, þegar samningaumleitanir eru fullreyndar.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 83. fundi í Ed., 4. maí, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Rökst. dagskrá á þskj. 709 felld með 13:6 atkv.

1. gr. samþ. með 14:1 atkv.

2.—4. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 14:2 atkv.

Á 84. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. –Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 712).

Önnur mál.

I. Almennar stjórnmálaumræður.

Á 43. fundi í Sþ., 2. maí, voru teknar á dagskrá: **Almennar stjórnmálaumræður** (útvarpsumr.).

Forseti (BF): Umræðan fer þannig fram í kvöld, að hver flokkur fær 50 mínútna ræðutíma, sem skiptist í tvær umferðir, hin fyrri 25—30 mín., en hin síðari 20—25 mín. Röð flokkanna í báðum umferðum verður þessi: Alþb., Sjálfstfl., Framsfl. og Alþfl. Ræðumenn verða fyrir Alþb. í fyrri umferð Hannibal Valdimarsson og Ragnar Arnalds, í síðari umferð Gils Guðmundsson, fyrir Sjálfstfl. í fyrri umferð Bjarni Benediktsson og í síðari umferð Óskar E. Levy og Sigurður Bjarnason, fyrir Framsfl. í fyrri umferð Eysteinn Jónsson og Sigurvin Einarsson, í síðari umferð Ágúst Þorvaldsson og Ingvar Gíslason, fyrir Alþfl. í fyrri umferð Emil Jónsson og í síðari umferð Jón Þorsteinsson.

Hefst nú umr. og tekur fyrstur til máls Hannibal Valdimarsson og talar fyrir hönd Alþb.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Heiðruðu hlustendur nær og fjær. Ég leyfi mér við upphaf þessara eldhúsumr. frá Alþ. að fylgja aldagömlum, þjóðlegum sið og óska þeim, sem á mig hlýða, gleðilegs sumars.

Hæstv. ríkisstj. sendi líka inn á hvert heimili landsins sína sumarkveðju. Það var einmitt við sumarkomuna. Sumaróskin sú var efnislega á þessa leið: Ríkisstj. hefur neyðzt til að taka af matarpeningum almennings, sérstaklega fátæka fólksins, um 80 millj. kr. til styrktar útgerðinni í landinu í mesta aflaári, sem yfir landið hefur komið. Fiskur hækkar nú um allt að 79%. Saltfiskkílóið kemur til með að kosta 36 kr., fiskfars hækkar úr 19 í 26 kr., nýr þorskur hækkar úr 7 kr. í 12,50 kr. kg og ekki höfum við heldur gleymt viðbitinu, smjörlíkið hækkar úr 24 kr. í 35.50 kr. Húsfreyja góð, þú, sem keyptir fiskmáltíð handa fjölskyldunni í vetrarlokin fyrir 35 kr., verður nú að búa þig út til fiskkaupanna 1. sumardag og framvegis með 60 kr. í buddunni þinni. Gleðilegt sumar með kveðju ekki frá Gregory, heldur frá ríkisstj. Íslands. Ný dýrtíðarskriða var sumargjöf stjórnarflokkanna.

Það er sagt, að flestar húsfreyjur landsins hafi orðið bálreiðar sumargjöfinni, 79% verðhækkun á fiski, og lái þeim það hver, sem vill. En það er ekki nóg að reiðast. Fiskurinn hækkaði ekki vegna þess, að fiskverð ætti að hækka til sjómanna. Nei, alls ekki. Stjórnin hætti bara niðurgreiðslu á fiski, og til niðurgreiðslunnar hafði stjórnin innheimt skatta. Nú sleppir hún niðurgreiðslunni, heldur sköttunum og lætur verðhækkunina bitna á öllum landsins lýð, mest þeim fátækari. Þessi fiskverðshækkun er því liður í stjórnarstefnunni, henni á því ekki að bölva í nokkra daga, hennar á að minnast við kjörborðið. Svona atburðir hefðu getað leitt til húsmæðrauppreisnar, t. d. í Bretlandi og orðið þar jafnvel stórmál í kosningum.

Ég minnist þess, að hæstv. verðlagsmálaráðh., Gylfi Þ. Gíslason, setti eitt sinn í útvarpsumr. upp fína eldhússvuntu og talaði blíðlega til húsmæðranna. Í þessum eldhúsdagsumr. finnst mér hann eiga brýnt erindi við húsfreyjurnar á ný og nú má hann alls ekki láta undir höfuð leggjast að sýna þeim og sanna, hve frækilega hann hafi barizt gegn dýrtíðinni öll undanfarin ár, í fyrra, hitteðfyrra og í ár og sérstaklega nú seinast gegn fiskverðshækkuninni. Ráðh. kemur vafalaust fram í þessum umr. og bið ég nú alla að taka vel eftir því, þegar hann fer að telja upp allar þær aðgerðir og ráðstafanir, sem hann og stjórnin hafi gert til þess að stöðva dýrtíðarófreskjuna. Það verður sennilega langur lestur skyldi maður ætla. En við sjáum nú, hvað setur um það.

Ég hef enga löngun til að sverta eða afflytja hæstv. ríkisstj. á nokkurn hátt. Það verður því enginn ofstækislestur, sem ég flyt hér í kvöld, það verða aðeins orð í fullri alvöru. Ég þekki ráðh. persónulega og veit, að þeir eru mætir menn og velviljaðir, en það ruglar ekki mat mitt á því, að þeir hafa reynzt duglitlir, reikulir og raunalega ófarsælir stjórnendur, og því er komið sem komið er. Ég leyfi mér að segja, að stjórninni hafi gengið það vel, sem henni var ósjálfrátt, en því miður flest illa, sem henni var sjálfrátt um. Mundi það ekki vera flestra mál, að það sé jafnauðvelt að stjórna hér á landi sæmilega í góðæri eins og það getur verið erfitt í hallæri. Og það væri sannarlega vanþakklát mannskepna,

sem kvartaði undan árferðinu nú seinustu árin, góðærinu frá náttúrunnar hendi er svo lýst í texta og tölum í nýútkominni ársskýrslu Seðlabanka Íslands:

„Á árinu 1965 varð enn ör aukning á þjóðarframleiðslu og þjóðartekjum. Samkv. bráðabirgðaáætlun Efnahagsstofnunarinnar varð vöxtur þjóðarframleiðslunnar 5%, en var 5,5% árið á undan. Þar sem viðskiptakjör bötnuðu verulega á árinu, varð aukning þjóðartekna mun örari eða milli 8 og 9% (takið eftir, aukning þjóðartekna varð á milli 8 og 9%), en það mun vera ein mesta aukning þjóðartekna, sem orðið hefur hér á landi á einu ári."

Ég ætla, að óhætt sé að skjóta hér inn í, einhver mesta aukning þjóðartekna, sem um getur í nokkru öðru landi og þá spillir það ekki fyrir, að árið 1964 var litlu lakara. Þá var vöxtur þjóðarteknanna 8.4%. Og hver var orsök þessara miklu þjóðartekna? Jú, árbók Seðlabankans svarar og segir:

Ástæðurnar voru tvær, meiri uppgripasjávarafli en nokkru sinni áður í sögu þjóðarinnar og síhækkandi verð afurðanna á heimsmarkaðinum. Þetta tvennt hélzt í hendur. Árgæzkan gat því naumast verið meiri. Heildaraflinn var 1.166 þús. tonn og hafði að magni aukizt um 20% frá árinu áður, sem einnig var metár. Síldaraflinn jókst með eindæmum eða um 38%. Verðhækkun varð á síldarlýsi, saltfiski og ísfiski, en mest á síldarmjöli, freðfiski og saltsíld. Telur Seðlabankinn, að viðskiptakjörin við útlönd hafi batnað um allt að 10% á árinu og verðhækkun útflutningsvara okkar hafi orðið a. m. k. um 12%. Enn játar seðlabankastjórinn, að heildarverðmæti útflutningsins hafi aukizt, takið eftir, hér er bara nefnd aukningin, ég segi aukizt um 783 millj. kr. miðað við árið áður eða um full 16%. Í viðbót við þetta jukust svo birgðir útflutningsafurða í landinu að verðmæti um 444 millj. kr. Hækkunin er því raunar alls rúmar 1200 millj. kr. Þvílíkt einstakt veltiár, uppgripaár var árið 1965.

Allar þessar játningar verða vantrúarmennirnir á íslenzkan sjávarútveg nú að gera sannleikans vegna. En þegar flett var blaði í skýrslu Seðlabankans brá mér í brún. Þar stóð, að vöruskiptajöfnuðurinn á árinu 1965 hafi orðið óhagstæður um 342 millj. kr. og þó enn þá óhagstæðari árið áður, en þá var hann óhagstæður um 860 millj. Og enn segir þar: Stutt erlend vörukaupalán hækkuðu um 141 millj. kr. á árinu 1965 og heildarskuldir þjóðarbúsins í formi fastra lána hækkuðu einnig um 160 millj. kr. á árinu 1965. Eina huggunin og þó fremur haldlítil er sú, að skuldaaukningin í föstu lánunum varð enn þá meiri, miklu meiri í góðærinu 1964, þá var hún 510 millj. kr., hálfur milljarður takk. Ber þetta nú góðri stjórn vitni, hlustendur góðir? Nei, auðvitað er þetta skýr vitnisburður furðanlegrar óstjórnar. Hugsið ykkur, ein mesta aukning þjóðartekna, sem orðið hefur á einu ári og þó bæði aukning lausra skulda og fastra lána erlendis. Ofan á allt þetta halli á rekstri ríkissjóðs seinustu tvö árin. Hvílík fjármálastjórn, hvílík óstjórn efnahagsmála!

Hvernig vegnar þá undirstöðuatvinnuvegi þjóðarinnar, sjávarútveginum, á þessum uppgripaaflaárum undir viðreisnarstjórninni? Jú, þannig, að togaraútgerð hefur þurrkazt út bæði á Austfjörðum og Vestfjörðum og hangir á horrim í Reykjavík og Hafnarfirði, og á Akureyri. Ef stjórnað væri af nokkrum skilningi á þörfum sjávarútvegsins, ættu Íslendingar nú vafalaust marga nýtízku skuttogara, en sennilega væru þá verzlunarhallirnar við Suðurlandsbrautina eitthvað færri. En skuttogararnir eru engir, en hallirnar ærið margar. Og nú virðist einnig línuútgerðin, sem lengstum lagði hraðfrystiiðnaðinum til bezta hráefnið, einnig vera að leggjast niður. Sannleikurinn er sá, að síðan Ólaf Thors leið, er enginn maður í forustuliði Sjálfstfl., sem nokkurn skilning hefur á sjávarútvegi eða gildi hans fyrir þjóðina. Eftirminnileg er kenning hæstv. núv. forsrh., Bjarna Benediktssonar, um að valt sé mjög að byggja á sjávarafla og fiskinum syndandi um hafdjúpin. En e. t. v. treysta menn á leiðsögn Alþfl. í þessum efnum, hann hefur um langt skeið lagt til sjútvmrh. og gerir það enn. Um þá forustu skal ég vera fáorður, því að fæst orð hafa minnsta ábyrgð, en ég vitna í Þorstein Erlingsson og segi aðeins: Sæktu hana í Hafnarfjörð, söguna þá, þeir segja hana betur en ég.

Hvenær skyldu annars augu útgerðarmanna opnast fyrir því, að þeir eiga miklu fremur samleið með sjómönnum og verkafólki en með stjórnmálaflokki, sem sætur hagsmuni stórkaupsýslunnar ávallt öllu öðru ofar? Já, og hvenær skyldi smákaupmönnum skiljast það, að þeir eiga allt sitt undir almennri kaupgetu fjöldans, en ekki undir auðsöfnun nokkurra heildsala í Sjálfstfl. Og enn spyr ég: Hvernig halda menn, að núv. stjórnarstefna hefði dugað í hallæri? Og hvernig halda menn, að núv. ríkisstj. hefði gengið að stjórna landinu, ef aflaleysi hefði hrjáð þjóðina nokkur ár í röð, eins og oft hefur hent og allra helzt, ef því hefði einnig fylgt verðhrun á erlendum mörkuðum? Menn sjá í hendi sér, að dýrtíðarholskeflan væri fyrir löngu búin að stöðva alla útgerð, þó að aflauppgripin hefðu verið þau sömu, aðeins ef verðlagsþróunin erlendis hefði verið eitthvað óhagstæðari. Meira þarf nú ekki til, til þess að þessi stjórnarspilaborg hrynji.

Stærstu loforðin gaf þessi ríkisstj. við upphaf göngu sinnar og helztu eiðana sór hún um það, að stöðva skyldi verðbólgu og dýrtíð. En það hefur hún svo sannarlega ekki gert. Á þessu sviði liggja hennar stærstu svik. Eiðarnir um að stöðva verðbólgu og dýrtíð hafa allir verið rofnir og einskis virtir. Þó er þetta svo mikilsvert atriði íslenzkra stjórnmála og efnahagsmála, að Ólafur Thors játaði, að tækist ekki að stöðva dýrtíðina, væri raunar allt annað unnið fyrir gýg. Þessi orð þýða, að þótt ríkisstj. takist sitthvað dável, sé það samt svo sem ekkert að reikna á móts við eyðandi eld óðaverðbólgu og dýrtíðar. Orðin þýða, að ríkisstj., sem missir tök á dýrtíðarmálunum, hafi misst allan tilverurétt og verði því að segja af sér, og vitanlega er það hárrétt.

Ég hygg, að það hafi engan glatt meira en mig, að verkalýður og launastéttir Reykjavíkur báru einhuga fram kröfur sínar í gær, 1. maí, á hálfrar aldar afmæli Alþýðusambands Íslands og strengdu þess heit, eins og sagði í ávarpi dagsins, að vinna heils hugar að aukinni einingu innan íslenzkrar verkalýðshreyfingar. Og þegar einhuga verkalýðshreyfing lætur til sín heyra, er fyllsta ástæða, jafnvel fyrir ríkisstj., að leggja við hlustir. Í 1. maí-ávarpinu sagði, að verðbólgan færði sífellt til fjármuni í þjóðfélaginu verkafólkinu í óhag, að hún raskaði í sífellu öllum kjarasamningum og síðan orðrétt:

„Verkalýðssamtökin líta það mjög alvarlegum augum, að margítrekuð loforð ríkisstj. um stöðvun verðbólgunnar hafa reynzt marklaus og það má minna á síðustu verðhækkunina á brýnustu lífsnauðsynjum almennings, sem bitnar harðast á tekjulágum barnafjölskyldum.“ Í niðurlagi 1. maí-ávarpsins sagði enn fremur um verðbólguna: „En meginforsenda þess, að unnt sé að gera samninga, sem standast, á þessum sviðum og öðrum er að verðbólgan verði heft með stjórnarstefnu, sem miðist við hagsmuni almennings, en engra sérréttindahópa.“ Hér er talað skýru máli til viðskipta- og verðlagsmálaráðh. Alþfl., Gylfa Þ. Gíslasonar. Í 7 ár hafa sem sé fjármunir verið færðir til í þjóðfélaginu verkafólkinu í óhag og að þessu hefur Alþfl. átt hlut. Það er orðið næsta tímabært, að menn fái að vita, hvort hann ætlar að halda slíku áfram og þurrkast út eða að hætta því og lifa. Loforðin um stöðvunina hafa reynzt marklaust hjal. Gildi kjarasamninga hefur verið riftað. Krafizt er því stjórnarstefnu, er stöðvi verðbólguæðið og sé miðuð við hagsmuni almennings, en engra sérréttindahópa.

Um það er ekki að villast, að Alþfl.-fólkið í verkalýðshreyfingunni krefst nú efnda á loforðum og krefst einnig annarrar stefnu, því að undir þessi ávarpsorð rituðu Alþfl.-maðurinn Óskar Hallgrímsson og Alþfl.-konan Jóna Guðjónsdóttir, formaður verkakvennafélagsins Framsóknar. Og svo er að sjá, að sjálfstæðismenn í forustuliði verkalýðsfélaga séu sama sinnis, því að undir þetta ritaði einnig Guðjón Sigurðsson, formaður Iðju í Reykjavík. Stöðvun verðbólgu og dýrtíðar og ný stjórnarstefna er því orðin allsherjarkrafa sameinaðrar verkalýðshreyfingar. Því ber mjög að fagna.

Með júní-samkomulaginu svonefnda var stefnt að stöðvun dýrtíðar. Á hátíðlegum fyrirheitum um það byggðist þetta samkomulag. Með því lofaði ríkisstj. í fyrsta lagi að leggja fram 250 millj. kr. til að mæta óafgreiddum umsóknum hjá húsnæðismálastjórn. Þá var húsnæðismálastofnuninni tryggður sem tekjustofn 1% launaskattur, sem nú gefur um 90 millj. kr., sem árlegt eigið fé stofnunarinnar. Auk þess skyldi ríkisstj. tryggja byggingarsjóðnum 40 millj. kr. nýtt stofnframlag á ári hverju. Með þessu gerbreyttist húsnæðismálastofnunin, enda eru nú öll byggingarlán afgreidd eftir hendinni í tvennu lagi. Lánsupphæðin hækkaði við þetta samkomulag úr 150 þús. í 280 þús. Lánstími lengdist úr 15-20 árum í 26 ár. Vaxtalaust fyrsta árið, en síðan með 4% vöxtum og jöfnum ársgreiðslum vaxta og afborgana. En algert skilyrði þess, að ríkisstj. tæki á sig þessar skuldbindingar var það, að full vísitöluuppbót reiknaðist á þessa ársgreiðslu. Það var hennar ófrávíkjanlega skilyrði og hygg ég, að það hafi verið gefið í því, að hún treysti því eins og við, að verðbólgan yrði stöðvuð með samstarfi. Í samkomulaginu er fram tekið, að tilgangurinn með þessu sé sá að létta efnalitlum fjölskyldum að eignast íbúðir. Á öðrum stað í samkomulaginu segir, að uppbygging lánakerfisins miðist við það, að hægt verði að lækka vexti og haga lánskjörum í samræmi við greiðslugetu alþýðufjölskyldna. Náist þessi höfuðtilgangur ekki, er samkomulagið auðvitað vanefnt, og nú er svo komið, að ekki tjáir að neita því, að byggingarkostnaður meðalíbúðar hefur hækkað um 200 þús. kr. síðan samkomulagið var gert, en lánin hækkuðu þá aðeins um 130 þús. kr. Greiðslubyrðin af húsnæðislánunum verður því áður en varir óviðráðanleg með öllu, ef verðbólgan æðir áfram eins og verið hefur. Þess vegna er það orð í tíma talað, sem fram var sett um húsnæðismálin í 1. maí-ávarpi verkalýðsfélaganna í Reykjavík, en þar segir:

„Verðbólgan grefur undan félagslegum ráðstöfunum. Með áframhaldandi verðbólguþróun verða húsnæðislánin með vísitöluákvæðunum ekki aðstoð, heldur baggi, sem launafólk getur ekki tekið á sig, og verður því tafarlaust að afnema þau ákvæði.“

Alúmíníummálið var afgreitt sem lög frá Alþ. núna 30. apríl með 1 atkv. mun. Komi til ágreinings milli Íslenzka álfélagsins og Hafnarfjarðarbæjar eða Landsvirkjunar, skal deila þessi fara fyrir erlendan gerðardóm. Þetta er smánarákvæði, og samningurinn allur er hinn óhagstæðasti ókjarasamningur. Hann mun leiða af sér stóraukinn innflutning erlends verkafólks og hann mun verka líkt eins og benzíni væri hellt á verðbólgubálið. Hví var þjóðardómi hafnað í þessu máli? Vissi stjórnin kannske, að hún hefði þjóðina á móti sér? Daginn eftir sögðu forustumenn reykvísku verkalýðsfélaganna í 1. maí-ávarpi sínu:

„Íslenzk verkalýðssamtök vilja á þessum baráttu- og hátíðisdegi sínum nú sem fyrr strengja þess heit, að standa trúan vörð um sjálfstæði íslenzku þjóðarinnar, vernda þjóðerni og menningu hennar og tryggja, að Íslendingar einir hafi óskoraðan eignar- og yfirráðarétt yfir auðlindum landsins og hafsins umhverfis það, svo og framleiðslutækjum. Stofnun erlendra stórfyrirtækja á Íslandi mun leiða stórfelldan vanda yfir landsmenn og einkanlega verkalýðssamtökin, sem verða nú að etja kappi við nýjan og voldugan stéttarandstæðing í kjarabaráttu sinni. Alúmínsamningurinn er því síður en svo fagnaðarefni íslenzkri verkalýðshreyfingu, enda var það áður kunnugt af aðvörunum og mótmælum Alþýðusambands Íslands. Og svo er þá kísilgúrsamningurinn rétt ólögfestur af Alþ. Þetta er því bara byrjunin, ef þessi ríkisstj. heldur velli. Og nú eru samningar um kaup og kjör verkafólks framundan. Dýrtíðin hefur fært flest úr skorðum síðan seinast var samið, og nú er vitað, að slegizt verður um hverja vinnandi hönd. E.t.v. er verkafólki því hagfelldast í augnablikinu að hafa sem lausast um alla samninga, en verkalýðshreyfingin vill skipulagðan vinnumarkað og vinnur að því. Eru það þó eins og nú standa sakir atvinnurekendurnir, sem mest eiga á hættu, ef ekki takast samningar um kaup og kjör. Þó vildi ég vona, að friðsamlegir samningar tækjust sem allra fyrst. En augljóst er það, að verkafólk á kröfu á eðlilegri hlutdeild í hinum mikla vexti þjóðarteknanna liðið ár. Það verður að gera verkamönnum kleift að lifa af dagvinnutekjum einum saman. 12—14 og upp í 16 klst. vinna á sólarhring er áþekkust því ástandi, sem ríkjandi var á togurunum, þegar vökulögin voru sett og víst er um það, að slík vinnuþrælkun hefnir sín, þegar til lengdar lætur. Vinnuverndarlöggjöf verður því að koma og ég segi, að það sé smánarblettur á meiri hl. Alþ. að standa gegn lagasetningu, sem banni vinnuþrælkun barna.

Herra forseti. Að lokum þetta. Sveitarstjórnarkosn-

ingar fara nú í hönd. Hér í Reykjavík er sérstök áherzla lögð á að fá menn til að gleyma dýrtíðinni. Fundir eru haldnir til að sýna snotra menn og varast er að nefna Sjálfstfl. á nafn. En þessar kosningar hafa þó mikið pólitískt gildi. Það er ekki hvað sízt um það kosið, hvort menn vilja þola áframhaldandi verðbólgustefnu. Aukið fylgi við Sjálfstfl. og Alþfl. mundi tákna skriðuföll aukinnar dýrtíðar. Fylgistap þeirra nú mundi knýja til viðnáms gegn dýrtíð. Nú þurfa því launastéttirnar allar ásamt öðrum góðum Íslendingum að standa fast saman og knýja fram með atkvæðaseðlinum nýja stefnu í dýrtíðarmálum. Alþb.-menn um land allt, atkvæðaseðillinn er eina vopnið, sem dugar. — Ég þakka þeim, sem hlýddu. Verið þið sæl.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. S.l. laugardag var endanlega samþ. á Alþ. að hleypa inn í landið erlendum auðhring með risavaxinn atvinnurekstur. Það er ekki ætlun mín hér að rökræða, hve fráleit þessi ákvörðun er frá sjónarmiði íslenzkra raforkumála og efnahagsmála. Við Alþb.-menn höfum frá upphafi staðið öndverðir gegn þessari samningsgerð, heilir og óskiptir, enda er það skoðun okkar allra, að jafnvel þótt auðhringurinn byði beztu kjör, sem völ væri á, en ekki þau lökustu, sem þekkjast, væri það mjög varhugavert fyrir þjóðina að leyfa honum stóriðjurekstur í landinu.

Við teljum það ranga stefnu í atvinnumálum, að þjóðin leyfi útlendum auðmönnum að hreiðra um sig í landinu, veiti þeim margs kyns þjónustu, jafnvel fríðindi umfram íslenzka atvinnurekendur og selji þeim dýrmætt vinnuafl, en láti þá síðan flytja allan ágóða af rekstrinum út úr landinu. Innlendur atvinnurekstur byggður á erlendum lánum er margfalt dýrmætari fyrir þjóðina, því að verulegur hluti af arðinum rennur þá til frekari uppbyggingar atvinnulífsins. En mestu máli skiptir, að erlend stóriðja er ósamrýmanleg íslenzkum aðstæðum vegna smæðar þjóðfélagsins. Að þessu leyti er fjarstæða að vitna í fordæmi Norðmanna. Þó að Norðmenn hafi leyft erlendan atvinnurekstur í landi sínu, hafa þeir þó vandlega gætt þess, að útlent auðmagn yrði aldrei nema brot af heildarfjárfestingu í iðnaði. Nú eru 98 erlend fyrirtæki starfandi í norskum iðnaði. En samanlögð fjárfesting þeirra er þó innan við 10% af öllum iðnaði Noregs. En með þessu eina erlenda félagi á Íslandi verða yfir 30% af fjárfestingu í íslenzkum iðnaði í höndum útlendinga. Norðmenn eru tuttugu sinnum fleiri en Íslendingar og iðnaður þeirra á langtum hærra stigi. Þar er erlend alúmínbræðsla smáfyrirtæki, sem engum úrslitum ræður um sjálfstæði norskra atvinnuvega. Hér er sama stóriðja tröllvaxið áhrifaafl, sem jafnast á við helminginn af öllum þeim iðnaði, sem fyrir er í landinu.

Við Alþb.-menn teljum þó ískyggilegast, að valdamenn landsins ræða gjarnan um alúmínsamninginn sem upphaf að öðru meira. Í opinberum skýrslum hefur hvað eftir annað verið hreyft við þeim möguleika, að önnur jafnstór alúminbræðsla verði reist hér á landi eftir nokkur ár. Þá yrði erlent auðmagn í iðnaði orðið jafnmikið að krónutölu og öll iðnaðarfjárfesting landsmanna sjálfra. Auk þess á nú að rísa kísilgúrverksmiðja við Mývatn, sem sennilega verður að hálfu leyti í eigu útlendinga, og stöðugt er rekinn áróður í Morgunblaðinu fyrir útlendri olíuhreinsunarstöð.

Um seinustu aldamót voru Íslendingar að stíga fyrstu sporin á sviði bankamála. Landsbanki Íslands var þá eini banki landsins og mjög fátækur að fé. Þá fengu Íslendingar girnilegt tilboð frá dönskum fjármálamönnum. Þeir buðust til að stofna voldugan banka á Íslandi með miklu fjármagni. En böggull fylgdi skammrifi, útlendingarnir settu það skilyrði, að ríkisbanki Íslendinga yrði lagður niður og þeim yrði jafnframt veitt einkaleyfi á seðlaútgáfu í 30 ár. Þetta var mjög freistandi tilboð, en eftir harðar og langvinnar deilur höfnuðu Íslendingar þeim skilyrðum, sem sett voru með tilboði útlendinganna. Þeir, sem þá voru reiðubúnir að fórna Landsbankanum fyrir erlent gull, höfðu það sér til afsökunar, að atvinnulíf landsins var í molum, peningaleysið yfirþyrmandi. En þeir skildu það seinna, hve hrapallegt slys hefði orðið, ef ríkisbanki þjóðarinnar hefði verið kæfður í fæðingu og útlendingum veittur einkaréttur til seðlaútgáfu í 30 ár.

Alúmínsamningurinn einn sér jafnast auðvitað ekki á við bankamálið. En sú stefnubreyting, sem í samningnumfelst,áþóe.t.v. eftir að verða jafn örlagarík. Hins vegar er sá meginmunur á, að þeir, sem nú vilja leiða erlend auðfélög til hásætis í íslenzku atvinnulífi, eiga sér enga afsökun. Þjóðin hefur byggt upp atvinnulíf sitt af eigin rammleik og með undraverðum hraða. Landsmenn búa nú við þriðju hæstu þjóðartekjur í Evrópu. Og samt — samt gerast þau undur, að vanmetakenndin reynist í meiri hl. á Alþ. Íslendinga, vantrúin á getu landsmanna til að standa á eigin fótum.

Það er ótvírætt eitt mesta vandamál Íslendinga, að sífellt stærri hluti þjóðarinnar er að hrúgast saman á litlu svæði í kringum Faxaflóa. Valdaaðstaðan í höfuðborginni, fjöldinn og fjármagnið, allt leggst á eitt að knýja áfram þá dælu, sem sogar fólkið suður á bóginn með vaxandi hraða. Byggðir í öðrum landshlutum eflast ekki með eðlilegum hætti og margar skreppa saman, vegna þess að vaxtarbroddurinn, unga kynslóðin, hverfur jafnóðum á brott í stórum hópum. Eins og kunnugt er, hefur núv. ríkisstj. verið skilningssljórri á þessi vandamál en nokkur fyrirrennari hennar og lítið sem ekkert aðhafzt að eigin frumkvæði. Að undanförnu hefur verið mikið atvinnuleysi víða á Norðurlandi og Vestfjörðum, enda þótt seinustu ár séu mestu góðæristímar, sem nokkurn tíma hafa gengið yfir þjóðina. Auðvitað margfaldast byggðavandamálið og fólksflóttinn, þegar atvinnuleysið ríkir. En allar umbótatill. stjórnarandstæðinga á Alþ. hafa annaðhvort verið drepnar eða svæfðar. Norðlendingum mun verða það lengi minnisstætt, að það var ekki fyrr en norðlenzk verkalýðshreyfing beitti afli sínu undir róttækri forustu og krafðist aðgerða, að ríkisstj. fékkst loksins til þess að lofa nokkrum úrbótum í atvinnumálum. En svo harðsótt var ríkisstj. í þessu máli, að verkamenn á Norðurlandi urðu í staðinn að slá af sanngjörnum kaupkröfum sínum og semja um lægri laun en verkalýðsfélög í öðrum landshlutum.

Hver er þá ástæðan til þess, að ríkisstj. hefur haldið að sér höndum, þrátt fyrir hin miklu atvinnuleysis- og byggðavandamál? Skýringuna er auðvitað ekki að finna í illgirni ráðandi manna. Hún er fyrst og fremst

fólgin í lífsskoðun ráðh., stefnu ríkisstj. Það er stefna Sjálfstfl. frá gamalli tíð, að ríkisvaldið skuli hafa sem minnst afskipti af atvinnumálum. Lögmál gróðans á að ráða og önnur sjónarmið hverfa í skuggann. Þessi stefna kemur engum á óvart. Hitt er öllu furðulegra, að Alþfl., sem eitt sinn var flokkur verkalýðsins, er nú orðinn gegnsýrður af þessum hugsunarhætti. Gróðalögmálið er grundvallarboðorðið í langflestum athöfnum ríkisstj. Fjárfestingin er skipulagslaus og atvinnuvandamál einstakra byggða sitja á hakanum. Einstaklingar telja það oftast borga sig betur að reisa fyrirtæki sín við Faxaflóa, þar sem fjármagnið er og langstærsti markaðurinn, en aðrir landshlutar eru dæmdir til að dragast aftur úr, nema eitthvað sérstakt komi til eins og landburður af síld. Það er einmitt ein helzta krafa Alþb., að skipt verði tafarlaust um stjórnarstefnu. Gróðasjónarmið einstaklinga víki fyrir þörfum þjóðfélagsins, fjárfestingin sé skipulögð og sérstaklega sé reynt að beina framkvæmdum og fjármagni með samræmdum ráðstöfunum til landshluta, sem þurfa þess með.

Nú er ástandið þannig hér við Faxaflóa, að vinnumarkaðurinn er yfirspenntur og hvarvetna vantar fólk til starfa. Á sama tíma eru að hefjast geysimiklar byggingarframkvæmdir við alúmínbræðslu í Straumsvík og bandaríska flotastöð í Hvalfirði. Engum getur dulizt, að á næstu árum mun vinnuafl í þúsundatali sogast utan af landi inn í hringiðuna við Faxaflóa.

Ríkisstj. þekkir byggðavandamálið, gerþekkir það eins og kokkteilglösin í bandaríska sendiráðinu. En hún hikar ekki við að gera þær ráðstafanir, sem eiga eftir að magna þetta mikla vandamál um allan helming. Samt væri alls ekki rétt að segja, að ríkisstj. væri áhyggjulaus. Það, sem hún óttast, er reiði fólksins úti á landi, reiði kjósendanna. Einmitt þess vegna datt henni í hug það snjallræði í fyrravetur að láta það boð út ganga, að verulegum hluta af þeim tekjum, sem Íslendingar hefðu af alúmínbræðslunni, yrði varið til að efla atvinnulíf úti um land, þar sem þörfin væri brýnust. Lausnin var sem sagt fundin. Nú áttu allir að vera ánægðir. Enginn mundi græða meira á byggingu alúmínbræðslunnar en einmitt þeir staðir, þar sem atvinnuleysi hefur herjað.

Þeir, sem lesa Morgunblaðið að staðaldri, munu hafa tekið eftir því í sumar, að á héraðsmótum sjálfstæðismanna var það yfirleitt helzta dagskráratriðið, að forustumenn Sjálfstæðisflokksins þreyttu með sér keppni um það, hver væri snjallastur að blása út blöðrur. Keppnin fólst í því, að sá sigraði, sem fyrstur varð til þess að láta blöðruna springa. Nöfn sigurvegaranna voru síðan birt í Morgunblaðinu með frásögn af héraðsmótunum. Mér er sagt, að hæstv. ráðh. hafi haft mikla ánægju af þessu gamni í sumar, en yfirleitt voru þeir þó hættir að taka sjálfir þátt í keppninni, þegar líða tók á haust. En þegar Alþ. kom saman nú í október, kom í ljós, að einn var sá í hópi ráðh., sem ekki gat hætt að leika sér. Það var iðnmrh. Jóhann Hafstein. Hann blés og blés í litríku alúmínblöðruna sína og úr hans munni urðu tekjur þjóðarinnar af þessum framkvæmdum alltaf meiri og stórfenglegri. Á tímabili voru gjaldeyristekjurnar taldar á 3. hundrað millj. Seinna voru þær komnar á 4. hundrað millj. Hvílíkur happafengur fyrir dreifbýlið, ef verulegur hluti þessa fjár rynni á hverju ári til að reisa nýtízku framleiðslutæki á atvinnulitlum stöðum. Í marzlok tíndi dagblaðið Vísir þá fullyrðingu upp úr áróðri ráðh., að álbræðslan mundi auka tekjur þjóðarinnar um hvorki meira né minna en 1200 millj. kr. Á því augnabliki hljóta ýmsir aðdáendur ráðh. úti um land að hafa grátið af fögnuði yfir þeim gífurlegu fjármunum, sem nú yrðu veittir í hinn margumtalaða atvinnujöfnunarsjóð dreifbýlisins.

En svo gerðist loks það, sem alltaf gerðist líka á héraðsmótunum í sumar. Blaðran sprakk. Sannleikurinn kom í ljós, samanskroppinn, slitinn og tættur. Eða hvað skyldu eiga að renna margar millj. frá alúmínbræðslunni í hinn nýstofnaða atvinnujöfnunarsjóð? Fyrstu 3 árin, meðan vinnuaflið sogast af hvað mestum hraða suður á bóginn og þörfin verður brýnust fyrir atvinnubætur til mótvægis, fær sjóðurinn engar tekjur af alúmínbræðslunni. En næstu 3 árin er upphæðin rúmar 11 millj. á ári og 3 árin þar á eftir 17 millj. á ári. Að vísu mun sjóðurinn lána meira en þessum upphæðum nemur, enda kemur hann í staðinn fyrir atvinnubótasjóð, og að nokkru leyti Framkvæmdabankann. En þetta eru viðbótarframlögin, hinn mikli gróði dreifbýlisins af alúmínbræðslunni.

Árið 1970 leggur vélbátur af stað úr Reykjavík og stefnir til Vestfjarða. Þetta er lítill og laglegur koppur, tæplega nógu stór til að fara á síld, verðmæti 11 millj., — viðbótarframlag ríkisstj. vegna alúmínbræðslunnar miklu, lánveiting til að stöðva fólksflóttann frá Vestfjörðum.

Næsta ár, 1971, leggur annar bátur af stað úr Reykjavík, verðmæti 11 millj. Sá siglir norður fyrir Horn, framlag ríkisstj. til Norðlendinga til að vega upp á móti mörg þús. millj. kr. fjárfestingu útlendinga við Faxaflóa. Það er víst þetta, sem þeir kalla jafnvægi í byggð landsins.

Nú mun kannske einhver segja, að eins dauði sé annars brauð. Í rauninni sé allt þetta byggðavandamál aðeins ómerkileg hreppapólitík. Það megi vel vera, að stefna ríkisstj. leiði mikla hættu yfir einhver byggðarlög úti um land. En hitt skipti bara meira máli, að hér við Faxaflóa búi margfalt fleira fólk og það muni njóta góðs af hinum gífurlegu framkvæmdum útlendinga, t. d. muni eftirvinna og yfirborganir stóraukast á næstunni. En ég vil minna á, að þessar aðgerðir ríkisstj. munu jafnframt stórauka verðbólguna á öllum sviðum. Verðbólgan er versti óvinur landsmanna, hún étur upp stóran hluta af tekjum þjóðarinnar og skerðir þannig kaup hins vinnandi manns. Og skyldi alþýða manna í Reykjavík hafa einhvern hag af því, að hin gífurlegu húsnæðisvandræði, sem nú eru ríkjandi í Reykjavík, aukist enn verulega, þegar verkamenn verða reknir í þúsundatali hingað suður í atvinnuleit?

Nú er húsaleigan í Reykjavík komin upp í 7—8 þús. kr. fyrir meðalíbúð og byggingarbraskið stendur með einstökum blóma. Þrátt fyrir lánveitingar húsnæðismálastjórnar er næstum því útilokað fyrir ung hjón með meðaltekjur að eignast íbúð. Þau eru ofurseld hinu miskunnarlausa húsaleiguokri. Hver ber sökina? Þetta ástand á sér margar orsakir; vaxtaokur, verðbólgustefna, sinnuleysi um byggingu leiguhúsnæðis. Allt ber því að sama brunni. Það er stefna íhaldsins í borgar-

stjórn og ríkisstj., sem verður að víkja fyrir hagsmunum almennings.

Að undanförnu hefur verkalýðshreyfingin unnið hvern sigurinn af öðrum í átökum við íhaldssama ríkisstj. Á Norðurlandi fengust úrbætur í atvinnumálum, í Reykjavík og nágrenni mikilvægar aðgerðir í húsnæðismálum. Í báðum tilfellum var þó aðeins um hálfan sigur að ræða. Alþb. er forustuaflið í verkalýðshreyfingunni, pólitíski armurinn á samtökum launþega. Við skulum minnast þess, að fullur sigur í þessum miklu hagsmunamálum vinnst hvergi nema við kjörborðið.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Góðir hlustendur. Í upphafi þessa þings á s.l. hausti gaf ég fyrir hönd ríkisstj. yfirlit um hin helztu úrlausnarefni, sem þá blöstu við. Þó að allt sé breytingum undirorpið og ætíð vakni ný vandamál, mun ég nú haga orðum mínum með hliðsjón af því, að menn eigi hægara með að átta sig á efndum þess, sem í haust var lofað.

Af þeim málum, sem ríkisstj. og Alþ. hafa á valdi sínu, hafa flest nú hlotið afgreiðslu eða verið hrundið vel á veg. Mál þessi eru að sjálfsögðu ólík í eðli. Um sum eru allir eða a.m.k. flestir sammála. Um þessar mundir veldur það t. d. ekki ágreiningi, að endurskoða þurfi skólalöggjöfina í því skyni að laga námsefni og skipulag skólanna að breyttum þjóðfélagsháttum og að við þessa endurskoðun þurfi að beita vísindalegri starfsaðferðum en hér hafa áður tíðkazt. Til slíkrar endurskoðunar hefur nú verið efnt frá lægsta skólastigi til hins æðsta. Á sjálfu þinginu hefur verið sett ný löggjöf um iðnfræðslu, sem margir ætla, að marka muni tímamót. Nú þegar tækni og vísindi skipta meira máli um allar framfarir og þar með afkomu almennings en nokkurn hefði grunað, jafnvel fyrir fáum árum, ræður hagkvæm menntun æskulýðs úrslitum, jafnt fyrir hvern og einn sem þjóðarheild.

En því meiri árangur sem verður af menntun og starfi uppvaxandi kynslóðar, því eðlilegra er, að vel sé búið að þeim, sem lokið hafa ævistarfi sínu. Þess vegna er ánægjulegt, hversu vel var tekið till. ríkisstj. um samstarf að undirbúningi lífeyrissjóðs fyrir alla landsmenn. Vonandi tekst heilshugar samvinna um þá lagasetningu, sem skila mun okkur langt áleiðis í velfarnaðarsögu Íslendinga, þó að svo mikilli réttarbót verði að sjálfsögðu ekki komið á fyrr en eftir rækilegan undirbúning.

Enn eitt mál, sem enginn ágreiningur varð um að meginstefnu, voru þær lagabreytingar, sem þurfti að gera til að hrinda í framkvæmd ráðagerðum um aðstoð við húsbyggingar og ákveðnar voru með samráði við verkalýðsfélögin, í yfirlýsingu ríkisstj. frá 9. júlí s.l. Í sambandi við þetta mikla hagsmunamál bólaði raunar nokkuð á yfirboðum, sem menn heyrðu í ræðunum hér á undan. Annars vegar var látið svo, sem ekki væri nóg gert fyrir hagsmuni þeirra, sem á húsnæði þurfa að halda, og hins vegar eins og ógnað væri velfarnaði húsbyggjenda. Við þvílíkum hráskinnsleik verður ætíð að búast, enda má segja, að hann sé einungis skuggahlið valdabaráttunnar í lýðræðisþjóðfélagi.

Svipað hefur raunar reynzt í sambandi við þær ráðstafanir, sem gerðar hafa verið til að herða á tolla- og skattaeftirliti í því skyni, að skatta- og tollheimta gangi jafnt yfir alla. Í almannaáheyrn er ríkisstj. enn skömmuð fyrir of mikla linkind í þessum efnum. Samtímis hafa svo nokkrir litlir karlar laumast á milli og brýnt fyrir þeim, sem telja sig hafa orðið illa úti vegna aukins eftirlits, að mjög sé nú breytt frá því, sem áður var. Að vonum vill enginn ábyrgur maður kannast við slíkan málflutning, enda er hér um það að tefla, hvort halda beri uppi lögum og rétti á landi okkar með svipuðum hætti og í öðrum siðmenntuðum þjóðfélögum tíðkast. Hitt er sjálfsagt, að lagfærðar hafa verið misfellur í einstökum atriðum hinna nýju reglna eftir því, sem reynslan hefur sagt til um. Þvílík leiðrétting lagaframkvæmdar liggur í hlutarins eðli, jafnt í þessu sem öðru.

Þá eru einnig flestir sammála í meginatriðum um þá margþættu löggjöf, sem ríkisstj. bar fram um eflingu fjárfestingarsjóða atvinnuveganna, þ. á m. algera nýjung um stofnlánadeild verzlunarfyrirtækja, stórefling iðnlánasjóðs, þ. á m. með nýjum tegundum hagræðingarlána, sameiningu Stofnlánadeildar sjávarútvegsins og Fiskveiðasjóðs Íslands og breytingu Framkvæmdabankans í framkvæmdasjóð, er verði einfaldari í rekstri og þar með kostnaðarminni en Framkvæmdabankinn var. Með sömu löggjöf eru einnig sett ákveðin fyrirmæli um Efnahagsstofnunina. Þrátt fyrir nokkur hnotabit efast enginn kunnugur lengur um hið mikla gagn, sem Efnahagsstofnunin hefur gert. Allir skilja, að við margslungin vandamál efnahagslífsins verður ekki ráðið nema að fengnum öruggum upplýsingum um staðreyndir og fræðilegum skýringum á samhengi þeirra. Áætlunargerðir, bæði fyrir þjóðarheildina og framkvæmdir í einstökum landshlutum, eru mikilsverð verkefni, sem þegar hafa sýnt þýðingu sína. Þá felst það nýmæli í þessari sömu löggjöf, að stofnað er hagráð, þar sem fulltrúar stjórnvalda, atvinnuvega og stéttarsamtaka geta haft samráð og skipzt á skoðunum um meginstefnuna í efnahagsmálum. Efnahagsstofnunin skal leggja fyrir ráðið skýrslur um þróun þjóðarbúskaparins og horfur í þeim efnum. Sömuleiðis skal leggja þjóðhags- og framkvæmdaáætlanir ríkisstj. fyrir ráðið.

Ekki var ágreiningur um, að löggjöfin um eignarrétt og afnotarétt fasteigna væri til bóta, þó að einnig þar örlaði á yfirboðum. Miklu eru skoðanir skiptari um kísilgúrverksmiðjuna og þó einkum álbræðsluna. Er engum blöðum um það að fletta, að hið síðara er með mestu ágreiningsmálum, sem lengi hafa legið fyrir Alþ., enda tvímælalaust með hinum afdrifaríkustu lagaboðum, sem Alþ. hefur sett. Allt orkar tvímælis þá gert er, segir spakmælið og hefur svo reynzt, ekki sízt um ýmis hin mestu þjóðþrifamál. Reynir þá á ríkisstj. og meiri hl. Alþ., hvort horfið er frá nauðsynlegum ákvörðunum af ótta við deilur og stundum óvinsældir í bili, ef reynt er að gera það, sem valdhöfunum sýnist rétt, hvort sem öllum líkar betur eða verr.

Að þessu sinni fór eins og oft áður, þegar stórmál hefur þurft að útkljá, að Framsfl. varð ekki sammála. Skömmu fyrir jól í vetur var raunar gefin yfirlýsing af flokksins hálfu, sem flestir skildu á þá leið, að fastmælum væri bundið, að allir þm. flokksins skyldu greiða atkv. á móti samþykkt álbræðslusamningsins. Sú

yfirlýsing þótti þá því meiri tíðindum sæta, sem vitað var, að sumir helztu forustumenn Framsóknar höfðu þangað til verið meðal eindregnustu talsmanna þvílíkrar samningsgerðar og einmitt tæpu ári áður hafði formaður þess flokks rækilega útskýrt fyrir landslýð, að litlu skipti, þótt fylgjendur Framsóknar væru ósammála í mikils háttar þjóðmálum, einungis ef þeir sameinuðust um að stuðla að valdatöku Framsóknar og hnekki íhaldsins, sem svo er nefnt í þeim herbúðum. Þá hefur á þessu þingi sundrungin í liði Framsóknar ekki farið leynt. Um hin mikilsverðustu mál hefur lið hennar oft verið þríklofið, þm. hennar ekki einungis verið ýmist með eða á móti, heldur sumir setið hjá. Má þó segja, að sú afstaða sé furðulegust, því að verst mundi fara, ef þeir yrðu ofan á, sem enga ákvörðun fást til að taka um hin þýðingarmestu mál. Betra er að veifa röngu tré en öngu. Þessi varð samt raunin um tvo þm. Framsóknar í álmálinu, en meginflokkurinn fylgdi þeim fyrirmælum að vera á móti málinu, að vísu með þvílíkum rökstuðningi, að ekki þyrftu aðstæður að breytast stórlega til að allur hópurinn gæti skyndilega snúizt með málinu. En því haldminni sem rökfærslan var, því stóryrtari varð glumruganguríinn.

Tómahljóðið í því glamri heyra nú allir, enda hafa andstæðingar málsins verið hraktir úr einu víginu eftir annað við umr. að undanförnu. Um skeið var því t. d. haldið fram, að það væri fáheyrt hneyksli að leggja fyrir Alþ. frv. til l. um lagagildi samnings. Hver einasti verkamaður þekkir það þó úr kjarabaráttu sinni, að ýmist er samninganefnd falið fullt umboð til samningsgerðar, án þess að fyrir félagsfund komi eða samningur er borinn upp í heild til samþykktar eða synjunar. Andstæðingar álmálsins hafa ekki enn sýnt, hvernig unnt hefði verið að hafa á þessu annan hátt en hafður var og hefði þeim þó verið í lófa lagið að flytja brtt. um ný skilyrði fyrir samningsgerðinni, ef þeir hefðu viljað. En einnig það létu þeir undan fallast, enda er sannleikurinn sá, að fulltrúar allra þingflokka hafa nú í heilt ár fylgzt með samningsgerðinni í smáu sem stóru og átt kost á að koma að öllum sínum aths. Er mér ókunnugt um nokkurt þingmál, sem hafi að því leyti verið vendilegar undirbúið.

Ekki er það síður furðulegt, þegar talað er um það sem einsdæmi, að sum atriði þessa samnings séu hagkvæm gagnaðilanum, Swiss Aluminium. Hvenær halda menn, að samningur um viðskiptamál milli óvandabundinna aðila komist á, nema báðir aðilar sjái sér hag í samningsgerðinni? Aldrei hefur verið farið leynt með, að ástæðan til þess, að hinn svissneski gagnaðili kaus heldur að reisa nýja álbræðslu hér heldur en í Noregi, þar sem honum stóð slíkt opið, er sú, að hér fær hann lægra rafmagnsverð. Ef svo væri ekki, mundum við hafa orðið af viðskiptunum.

Eins er um samningstímann. Ef við hefðum mælzt einir við, mundi hann vafalaust hafa verið ákveðinn skemmri. En hvað eru 25 eða 35 og jafnvel 45 ár í lífi þjóðarinnar? Nú, þegar byrjað er að þrátta um það á Alþ., hvort segja eigi upp Atlantshafssamningnum eftir 20 ára gildistíma hans að þremur árum liðnum, eiga þar enn í fullu fjöri sæti flestir þeir, sem á sínum tíma deildu harðast um, hvort Ísland skyldi gerast aðili að samningnum.

Sumir setja gerðardómsákvæðið mjög fyrir sig. Allur er sá málflutningur þó meira en hæpinn. Til eru ótal dæmi þess, að ríki afsali dómsögu í deilum sínum við aðra, hvort heldur ríki eða einstaklinga, til dómstóla utan sinnar eigin lögsögu. Er sannast sagt háborin skömm að heyra þá, sem betur ættu að vita, þrástagast á gagnstæðum fullyrðingum. Við því verður samt ekki gert, því að eins og sagt hefur verið er eitt af einkennum lýðræðisins það, að menn hafa leyfi til að hafa rangt fyrir sér. Jafnvel hinum hálærðustu þm. er heimilt að gera sjálfa sig að viðundri, ef þeir endilega vilja. En kjósendanna er að sjálfsögðu að ákveða, hvaða viðurlög þeir vilja leggja við því, þegar slíkt hendir þm. æ ofan í æ.

Það er einnig óskaplegt að heyra hv. alþm. halda því fram, að Íslendingar hafi afsalað sér rétti eða gengið undir einhvers konar jarðarmen með því að semja um það við Breta 1961, að hugsanlegur ágreiningur út af útfærslu íslenzkrar fiskveiðilögsögu yfir allt landgrunnið eða nokkurn hluta þess skuli borinn undir alþjóðadómstólinn í Haag. Sannleikurinn er þvert á móti sá, að með þessum samningi tryggðu Íslendingar sig gegn hugsanlegri valdbeitingu af hálfu mörg hundruð sinnum mannfleiri og voldugri þjóðar. Hið ímyndaða afsal Íslendinga er fólgið í því einu, að við skuldbindum okkur til að hlíta úrskurði hlutlauss dómstóls um það, hvort við höfum næga heimild til hugsanlegra aðgerða. Hingað til hefur þó enginn gerzt talsmaður þess, að án slíkrar heimildar væri ráðizt í þessa framkvæmd, sem vel gæti verið einhliða, ef næg réttarheimild til slíkra einhliða aðgerða er fyrir hendi, eins og við töldum um aðgerðir okkar 1950, 1952 og 1958.

Hlálegt er að heyra menn láta svo sem óþolandi lítilsvirðing sé í því fólgin, að við föllumst á, að hlutlaus gerðardómur dæmi um deilur okkar við hinn svissneska gagnaðila, ef ekki verður samkomulag um annað. Er þó skýrt tekið fram, að eftir íslenzkum l. á að dæma og ber gerðardómnum vitanlega að kynna sér þau. Jafnfráleitt er að láta sér til hugar koma, að slíkur dómur mundi láta það undir höfuð leggjast, eins og hitt, að íslenzk stjórnvöld muni gera nokkuð gagnvart viðsemjendum okkar, sem ekki standist samkv. ákvæðum samningsins, ísl. l., þjóðarétti og þeim grundvallarreglum laga, sem almennt eru viðurkenndar af siðmenntuðum þjóðum. Nei, Íslendingar eru enginn löglaus uppþotslýður og kunna þm. litlar þakkir fyrir, að á þann veg sé hér talað um þjóðina við meðferð hinna mikilsverðustu mála.

Á meðal helztu ástæðna til þess, að efnahagsþróun hefur orðið með allt öðrum hætti á því 21 ári, sem nú eru liðin frá lokum síðari heimsstyrjaldarinnar, en var á jafnmörgum árum, sem liðu milli heimsstyrjaldanna tveggja, er stórum aukin samvinna, bæði milli ríkja og einstaklinga í ólíkum ríkjum. Hér eiga ótal alþjóðlegar stofnanir hlut að máli og telja ýmsir, að engin hafi orðið árangursríkari en Efnahagsbandalag Evrópu. Íslendingar eru sammála um, að full aðild þess bandalags eða annars ámóta komi ekki til greina fyrir Ísland, vegna þess að við mundum ekki vilja fá neinum alþjóðlegum samtökum þvílík úrslitavöld yfir okkar málum, sem stærri og nátengdari þjóðir hafa talið fært að afsala sér. En ef við viljum ekki dragast aftur úr, er ólíklegt, að við

einir komumst hjá samvinnu við aðra,m.a.til öflunar fjármagns og stórframkvæmda, sem allir sækjast eftir. Ef við getum náð slíkri samvinnu og þó tryggt sjálfum okkur þau úrslitaráð, er við viljum með engu móti afsala, höfum við vissulega séð hag okkar borgið svo sem bezt má verða.

En við megum þá ekki undrast, þótt gagnaðili vilji einnig tryggja sinn rétt með því, að alþjóðlegur gerðardómur skeri úr um, hvort að réttum l., fyrst og fremst íslenzkum, sé farið. Gegn slíku stoða ekki bollaleggingar um, að gagnaðili sé í rauninni íslenzkur, bollaleggingar byggðar á því, að dótturfélagið ISAL sé að formi íslenzkt. Hér sker efni máls úr. ISAL er eign hins svissneska viðsemjanda, sem ber gagnvart íslenzku ríkisstj. ábyrgð á skuldbindingum þess og er þess vegna hinn eiginlegi gagnaðili. Öll hin flókna samningsgerð miðast einmitt við það, að hér er í raun og veru um erlendan réttaraðila að ræða, aðila búsettan suður í Sviss, sem ber fulla ábyrgð á skuldbindingum síns íslenzka dótturfélags.

Andspyrnan gegn samningnum byggist einmitt á því, að það sé erlendur aðili, sem fái þau réttindi, sem þar eru talin. Því er haldið fram, að hann verði svo sterkur vegna fjármagnsins, að hann muni yfirþyrma hér allt. En einmitt vegna þess, að hann fjárfestir geypimikið fé hér og það verður háð okkar lögsögu, þ. á m. eignarnámsheimild eftir ákvæðum íslenzku stjórnarskrárinnar, sem ákvæði samningsins eru í samræmi við, verður hann okkur miklu háðari en við honum. Í framkvæmd verður þetta ekki sízt svo vegna þess, hversu tiltölulega lítill mannafli verður bundinn við starfrækslu þessara miklu mannvirkja, því að það er fjarstæðara en um það þurfi að fjölyrða, að þegar til lengdar lætur, taki álbræðslan til sín svo mikinn mannafla, að öðrum atvinnuvegum stafi hætta af. Ráðgert er, að þegar full starfræksla álbræðslunnar er hafin, þurfi til hennar 450—500 manns. Það er mun færra fólk en starfar nú hjá nokkrum einstökum íslenzkum fyrirtækjum og allmörg slaga hátt upp í þá tölu. Þegar á það er litið, að þegar hér er komið, munu hafa bætzt við á vinnumarkað 16—17 þús. manns, sjá allir, hversu haldlaus þau rök eru, að það sé einhver ógæfa fyrir Ísland, að þessi fjöldi, og jafnvel þótt nokkrum hundruðum meiri væri, fengi þarna fasta og örugga vinnu áratugum saman. Þeir, sem muna eftir því, þegar meira en 10. hvert heimili í Reykjavík átti að staðaldri ár eftir ár við atvinnuleysi að búa, geta trauðla hugsað á þessa leið.

Miklu fremur mætti segja, að úr því að ekki fái fleiri en þetta þarna fasta vinnu, sé þess vegna hæpið að standa í stórfelldu stímabraki til þess að hrinda þessari framkvæmd áleiðis. Að mínu viti sker það úr, að með þessu er opnuð leið til hagnýtingar þeirra auðlinda, sem okkur munu verða drýgstar til ágóða fyrir þjóðarheildina með notkun hins minnsta mannafla. Vegna hinnar fastbundnu sölu á rafmagni til langs tíma verður okkur fært að virkja mun meira vatnsafl og með hagkvæmara verði en ella. Hagkvæm virkjun og lágt verð er ekki til niðurdreps fyrir aðra atvinnuvegi, hvorki landbúnað, sjávarútveg né iðnað. Allir þurfa þeir á rafmagni að halda. Á öllum bitnar hátt verð og skortur á rafmagni. Sú gernýting sjávarafla, sem sumir setja fram sem andstæðu álbræðslu, hvílir ekki sízt á nógu og sem ódýrustu rafmagni. Íslenzkur landbúnaður á allt undir öruggum innlendum markaði. Rafmagnið er lífæð alls íslenzks iðnaðar, og ef að fordæmi frænda okkar í Noregi fer, mun sú tæknimenntun og framleiðsla, sem álbræðslunni fylgir, skapa hér ýmsa möguleika, sem menn ekki geta nú þegar gert sér grein fyrir til neinnar hlítar.

En allt þetta safnar fólkinu saman á eitt landshorn, kveður við æ ofan í æ. M. a. höfum við heyrt það þegar í umr. hér í kvöld. Jafnvel sú fullyrðing fær ekki staðizt. Þvert á móti munu tekjurnar, sem fyrir milligöngu atvinnujöfnunarsjóðs renna frá álbræðslunni til eflingar á jafnvægi í byggð landsins, verka í þveröfuga átt. Enn meira er þó um það vert, að þéttbýlið er forsenda stórframkvæmda. Svo hefur ætíð reynzt í okkar framfarasögu og svo mun enn fara. Þéttbýlið hér með þeirri aflþörf og margháttaða öryggi, sem því fylgir, gerir mögulega stórvirkjun og stóriðju. Frá þeim rótum munu síðar vaxa greinar um allt land. Þá mun koma sú tíð, ef allt fer að óskum fyrr en varir, að í tengslum við þessa stórvirkjun skapast möguleikar fyrir virkjun Dettifoss og annarra meiri háttar vatnsfalla með tilheyrandi stóriðju, ef landsmenn þá vilja. Og einmitt um þær mundir, þegar að því líður, að allt vatnsafl landsins verði fullvirkjað, ef hraðinn verður svipaður og með þeim iðnaðarþjóðum, sem taka má dæmi af, verður samningstíminn við Svisslendingana liðinn, svo að við ráðum einnig einir yfir því rafmagni, sem þeir skuldbinda sig til að kaupa og greiða þar með fyrir upphafi nýrrar tæknialdar á okkar ástkæra en erfiða landi. Þá mun starfræksla þeirra hafa gert þjóðarheildina þús. mill. kr. ríkari og stuðlað að vaxandi tækniþekkingu og almennri iðnþróun og Þjórsá hætt að vera einungis farartálmi og velta jökulgrá til sjávar, engum til gagns, eins og hún hingað til hefur gert.

Látum allt þetta gott heita, segja e. t. v. sumir, en er það þó ekki rétt hjá andstæðingunum, að bygging álbræðslu á næstu árum muni stórauka á þenslu og þar með verðbólgu? Óumdeilt er, að á meðan á byggingartímanum stendur, mun þurfa fleiri menn til framkvæmdanna en eftir að sjálf starfræksla hefst og fyrirsjáanlegt framboð vinnuafls verður minna næstu ár en síðar. En hér á móti kemur strax, að óhagkvæmari virkjanir mundu þurfa svipað vinnuafl og hin stærri og hagkvæmari, sem álbræðslan gerir mögulega. Þá verðum við og að játa, að því miður höfum við þekkt mun meiri sveiflur á mannaflaþörf til íslenzkra atvinnuvega en hér um ræðir. Úr atvinnuleysi millistríðsáranna var ekki bætt fyrr en með setuliðsvinnunni 1940, úr atvinnuleysinu, sem skapaðist vegna þess að síldarleysið gerði verulegan hluta nýsköpunarframkvæmdanna 1945—1947 gagnslausan, bættist fyrst með varnarliðsvinnunni 1953. Við skulum vona, að slíkir erfiðleikar verði ekki aftur á vegi okkar, en of seint væri þá fyrst að fara að þreifa fyrir sér um slíkar stórframkvæmdir, þegar þvílíkar hörmungar væru skollnar á. Aldrei skaðar að muna eftir draumi Faraós um feitu og mögru kýrnar. Við skulum ekki einungis vona hið bezta, heldur og gera okkar til, að vel fari. Og er þá hætta á því, að t. d. verkalýðsfélögin muni neita að veita atbeina sinn til þess að hindra, að þessar framkvæmdir leiði til óæskilegrar þenslu? Það má hindra með því að

heimila innflutning erlendra verkamanna, sem e. t. v. gætu búið í skipi í eða við Straumsvík, á meðan á þeim þyrfti að halda við mannvirkjagerð þar. Auðvelt ætti að vera að búa svo um, að þeir yrðu ekki til truflunar íslenzku þjóðlífi. Hver varð t. d. var við þá erlendu iðnaðarmenn, sem fengnir voru til þess að vinna við Loftleiðahótelið síðustu vikur?

Núverandi forráðamenn verkalýðshreyfingarinnar greinir um margt á við ríkisstj. En ekki segjast þeir vera okkur síðri í áhuga fyrir baráttu á móti verðbólgunni, eins og menn þegar hafa heyrt í kvöld. Þeir tala meira að segja öðru hverju um verðbólgustefnu stjórnarinnar. Um slíkar orðahnippingar er ekki að fást, og væri þó vert að kanna það til hlítar af aðila, sem enginn gæti vefengt, að væri bæði hlutlaus og hefði næga þekkingu, hverjar orsakir verðbólgunnar hér eru í raun og veru. Hér hefur ýmsum löngum þótt gott að dependera af dönskum og nú hafa dönsk stjórnvöld tekið sér frest til ákvörðunar um úrræði gegn verðbólgunni þar í landi, á meðan sérfræðingar kanni orsakir hennar. Af þessu mættum við gjarnan læra. Raunar blasa frumorsakir verðbólgunnar hér á landi við öllum og hverfa þær ekki, þó að sumir tali svo sem þeir sjái þær ekki. Svo tala börn sem vilja. En fullorðnir menn ættu að hafa lært, að slíkt stoðar lítt. Sífellt kapphlaup stéttanna hverrar um sig og allra í hóp um að heimta sem mest til sín — og þar eru þeir sízt sanngjarnastir, sem bezt eru settir — gerir stöðvun verðbólgunnar óviðráðanlega, á meðan svo fer fram. Við þessu verður lítt gert, meðan svo fullkominn glundroði ríkir innan stéttarfélaganna og þeirra í milli sem nú. Sá glundroði á einnig verulega sök á því, að Alþýðusambandið hefur enn ekki látið uppi álit sitt um framkomnar till. um styttingu vinnutíma og hefði forseti þess gjarnan mátt minna á það áðan, þegar hann talaði um þá ávirðingu, að ekki skyldi hafa verið sett löggjöf um vinnuvernd.

Bændastéttinni er og lítill greiði gerður með því að láta svo sem erfiðleikar hennar um samkeppni á erlendum mörkuðum stafi eingöngu af verðbólgunni, en þegja um þau áhrif, sem veðurfar og landshættir hafa til að skapa bændum hér erfiðari aðstöðu en stéttarbræðrum þeirra í nágrannalöndunum. Vitanlega eiga þessar aðstæður meginþátt í því, hversu hátt verðlag þarf að vera á íslenzkri búvöru. Gegn þessu stoðar ekki að vitna til þess, eins og við heyrðum hér í dag, að sum erlend ríki styrki landbúnað sinn hlutfallslega meira en hér er gert. Verðlagið, sem innlendir neytendur þurfa að greiða, til þess að bændur fái sambærileg kjör við aðra, sker úr. Víxlverkanirnar auka síðan á erfiðleikana eins og oft ella. Landbúnaður er okkur lífsnauðsyn, en skilyrði velfarnaðar hans er, að menn dylji ekki sjálfa sig og aðra þess, hver úrlausnarefnin í raun og veru eru.

Eitt af því, sem ríkisstj. hefur tekizt nú, er að fá samkomulag um áframhald á starfi Sexmannanefndar til ákvörðunar búvöruverðs. Alþb.-menn hafa þar raunar skorizt úr leik og tilkynnt, að A. S. Í. muni ekki tilnefna þann fulltrúa, sem því er ætlaður. Oft er furðanlegt ósamræmi í gerðum mætra manna. Haustið 1959 fullyrtu framsóknarmenn, að sjálfstæðismenn hefðu getað stöðvað setningu brbl. um búvöruverð, sem ríkisstj. Alþfl. setti þá, af því að hún sat með stuðningi sjálfstæðismanna. Á s. l. hausti neitaði stjórn A. S. Í. að tilnefna fulltrúa sinn í Sexmannanefnd og varð þess þá ekki vart, að framsóknarmenn, sem réðu úrslitum um val núv. Alþýðusambandsstjórnar, settu samstarfsmönnum sínum stólinn fyrir dyrnar. Slíks verður ekki heldur vart nú né heldur þess, að það hvarfli að Alþb.-mönnum, sem láta sér mjög tíðrætt um heimildarskort meiri hl. Alþ. til að taka löglegar ákvarðanir í álmálinu, að meira en hæpinn sé lýðræðislegur réttur þeirra einna til að tala fyrir hönd meiri hl. A. S. Í. eða afsala því löglegum rétti í þessum efnum, og hafa þeir þó engan meiri hl. einir í Alþýðusambandinu.

Hins vegar er ánægjulegt að heyra, hversu mikla áherzlu forseti A. S. Í. leggur nú á þýðingu rannsóknar og þekkingar, þegar taka skal ákvarðanir í kjaramálum, svo sem um ákvörðun búvöruverðs. Hér lýsir sér reynsla hans af nytsemi hlutlausra upplýsinga í sambandi við kjarasamninga verkalýðsins, enda á hann ásamt nánustu samstarfsmönnum sínum góðan þátt í stofnun og starfi kjararannsóknarnefndar. Hin aukna fræðsla og þekking, sem menn hafa aflað sér hin síðari ár á verulegan þátt í þeirri stefnubreytingu, sem leiddi til júnísamkomulagsins 1964 og samninganna sumarið 1965, og urðu þeir þó vegna margháttaðrar sundrungar verkalýðshreyfingarinnar henni og þjóðinni í heild mun óhagstæðari en árið áður, þar sem þeir torvelduðu mjög að halda verðlagi í skefjum.

Engu að síður hefur nú þegar sá árangur náðst, að á tæpum tveimur árum ox kaupmáttur tímakaups verkamanna í lægstu flokkum Dagsbrúnar um 15—25 af hundraði. Þó að tilvitnanir í rýrnun þess kaupmáttar stundum áður fyrri hafi verið mjög villandi, þá er þessi breyting út af fyrir sig mjög ánægjuleg. Er þess að vænta, að sviptibyljir stjórnmálanna verði ekki til þess að af þessari heillaríku braut verði nú horfið.

Í þeim efnum mun ríkisstj. ekki láta sitt eftir liggja né láta á sig fá, þó að hún verði fyrir köpuryrðum fyrir það að gera sitt til að halda verðbólgunni í skefjum með því að tryggja greiðsluhallalaus fjárl. og stuðla að hóflegri útlánastarfsemi fjármálastofnana. Hvorugt þessa er líklegt til vinsælda í bili, en hvort tveggja prófsteinn á það, hvort mönnum er í raun og veru alvara með það að hamla á móti verðbólgunni. Greiðsluhalli á fjárl. og lánsfjárþensla er af öllum fróðum mönnum talið víst til að valda hættu á verðbólgu. Er og ekki góðs að vænta, ef sýnt er það kjarkleysi að leggja útgjöld á ríkissjóð, en þora ekki að afla tekna á móti eða skera niður óþarfa útgjöld, hvað þá þau, þar sem vitað er um beina misbeitingu.

Vegna þess að ríkisstj. lætur sér ekki nægja að berjast á móti verðbólgunni með orðum einum, þá hikar hún ekki við að tryggja, að hófs sé gætt í framkvæmd fjárl. og bankaútlána. Af sömu ástæðu vill stjórnin efla traust á krónunni með fullnaðarathugun á möguleikum til verðtrygginga fjárskuldbindinga, þ. e. sparifjár og langvinnra lána.

Eins og ég sagði í upphafi máls míns, þá er allt breytingum undirorpið, en þó að sumt hafi farið öðruvísi en ætlað var, verður það ekki vefengt, að hingað til hefur ríkisstj. fylgt þeirri stefnu, sem Ólafur Thors markaði hinn 20. nóv. 1959, þegar núv. samstjórn Alþfl. og Sjálfstfl.-manna tók við völdum. Þá sagði hinn mikli og margreyndi foringi það vera „meginstefnu stjórnar-

innar að vinna að því, að efnahagslíf þjóðarinnar komist á traustan og heilbrigðan grundvöll, þannig að skilyrði skapist fyrir sem örastri framleiðsluaukningu, allir hafi áfram stöðuga atvinnu og lífskjör þjóðarinnar geti í framtíðinni enn farið batnandi". Þetta sagði Ólafur Thors 20. nóv. 1959, að væri meginstefna stjórnarinnar.

Á þeim árum, sem síðan eru liðin, hefur stöðugt verið að þessu stefnt, enda meira á unnizt en nokkru sinni áður eða nokkurn gat þá órað fyrir. Svo mikil breyting til bóta er á orðin, að hætt er við, að sumum gleymist ástandið, sem áður var, og ætli, að það, sem áunnizt hefur, sé sjálfsagt og haldist án atbeina almennings, en vilji menn áfram efla heill og hag, frelsi og framtak þjóðar og einstaklinga, er hollast að fylgja sömu stefnu og til góðs hefur leitt hin undanfarin ár. Hin leiðin er einnig til, leið ófarnaðar, afturhalds, hafta og ofstjórnar. Kjósendur skera úr, hvor leiðin skuli valin. Við sveitarstjórnarkosningarnar, sem nú fara í hönd, er að vísu kosið um annað, en að sjálfsögðu hljóta þær að hafa áhrif á stjórnmálaþróunina í heild. Ég treysti því, að sjálfstæðismenn um land allt skilji, hvað í húfi er, ekki aðeins fyrir heimabyggðir þeirra, heldur og fyrir holla stjórnarhætti, gæfu og gengi íslenzku þjóðarinnar nú og á komandi árum. — Góða nótt.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Góðir hlustendur. Fyrir nálega þremur árum var síðast kosið á Íslandi. Þá sögðu stjórnarflokkarnir við þjóðina: Gefið okkur meiri tíma. Það er satt, að við höfum ekki náð tökum á verðbólgunni, en það er vegna þess, að okkar hagstjórnaraðferðir hafa ekki enn náð því að hafa fullnægjandi áhrif, því þeim hefur ekki verið beitt nógu lengi. Veitið okkur tækifæri til að reyna okkur og okkar aðferðir til fulls, og mun enginn iðrast þess, sem að því stuðlar. Til enn frekari áherzlu og til þess að sýna, að hér væru menn á ferð, sem gerðu sér ljósa ábyrgð sína og skyldur, var það gert að einkunnarorðum, að tækist ekki að vinna bug á verðbólgunni, væri allt unnið fyrir gýg. Þeir fengu meiri hluta, þótt naumur væri, því hann hangir á einu þingsæti, en meiri hluti var það samt, og nú hafa þeir haft þrjú ár enn, og það þýðir víst ekki að segja lengur, að aðferðir þeirra hafi ekki notið sín til fulls vegna tímahraks.

Getum við ekki öll verið sammála um, að nú sé fullreynt, hvers ríkisstj. er megnug með sínum aðferðum, og skilyrðin er víst tæplega hægt að hugsa sér betri en verið hafa. Ný stórfelld aflamet á hverju ári og þar á ofan ört batnandi viðskiptaárferði út á við. En það er enginn sleggjudómur, heldur blákölð staðreynd, að ástæðan til þess, að ekki hefur hreinlega snarazt afkoman út á við er sú, að þessi uppgrip hafa orðið við sjóinn og stórhækkandi verð á afurðum til útflutnings, en ekki vegna ráðstafana ríkisstj. Er það athyglisvert, að við þessi skilyrði hefur tekizt þannig til, að skuldir við útlönd að frá dregnum innstæðum eru samt mörg *hundruð milljón krónum hærri nú en fyrir sjö árum, en* ekki lægri. Er það þó afkoman út á við og hin margrædda gjaldeyriseign, sem ríkisstj. reynir helzt að draga athygli manna að, sér til gildis um þessar mundir. Vildu menn reyna að leiða getum að því, hvernig við værum á vegi stödd núna, ef við hefðum átt við að búa venjulegt árferði og hefðum haft þessa ríkisstj. og búið við hennar stefnu og vinnulag?

Það er ný tækni í fiskveiðum og afburðadugnaður íslenzkra sjómanna og framtak útvegsmanna, sem framar öðru hefur bjargað frá því algera hruni, sem annars hefði hlotið að verða, og það hlýtur að hljóma einkennilega í eyrum þessara manna t. d., þegar ríkisstj. er að þakka sér hin nýju vel búnu fiskiskip, sem bætzt hafa í flotann á þessum árum. Þessi skip hafa komið til landsins, þrátt fyrir furðulegar ráðstafanir, sem ríkisstj. hefur látið gera til þess að draga úr kaupum á fiskiskipum og þessum mönnum eru bezt kunnar, en þeir hafa náð í skipin samt eingöngu vegna uppgripanna, sem til allrar hamingju hafa lyft mörgum yfir allar hindranir. En nú er allt svo í pottinn búið orðið, að segja má, að dugmiklum sjómönnum sé að verða með öllu ókleift að komast yfir nýtízku fiskiskip, enda á nú áreiðanlega að byggja fremur á öðru.

Ríkisstj. bað um meiri tíma til þess að ráða niðurlögum verðbólgunnar, og hann fékk hún. Menn kusu yfir sig stjórnarflokkana á ný síðast, þótt tæpt stæði. Menn vita nú, hvernig tekizt hefur, og verður það nokkuð rakið í þessum umr., en ég mun stikla á stóru.

Aldrei hefur verðbólguófreskjan verið aðsópsmeiri en nú. Það er ekkert ofsagt, að allt er á floti. Allir eru á flótta undan ásókn dýrtíðardraugsins, en aflauppgrip og batnandi viðskiptaárferði út á við og lengri og lengri vinnutími hafa opnað mönnum undankomuleiðir að nokkru fram að þessu, en sífellt harðnar á dalnum. Sjálfur sjávarútvegurinn er kominn á uppbætur, þrátt fyrir uppgripin og hækkandi útflutningsverð. Bændur horfa fram á að fá ekki afurðaverð sitt, en kostnaður þýtur upp. Iðnrekendur lýsa því með sterkum orðum, að verðbólgan grafi óðfluga undan iðnaðinum og segjast fullyrða afdráttarlaust, að verðbólgan sé höfuðvandamál íslenzks iðnaðar í dag, svo notuð séu óbreytt orð formanns iðnrekendasamtakanna. Fjölskyldufeður geta fæstir lengur bjargað sér með því að lengja vinnutímann, því að hann er hjá flestum löngu orðinn lengri en staðizt geti til frambúðar. Nálega hver sá maður, sem peningaráð hefur, er á flótta undan verðbólgunni með fé sitt í eitthvað fast og verðbólgufjárfesting í ólíklegustu myndum sogar til sín vinnu- og vélaafl í vaxandi mæli. En afleiðingin er óhagkvæm fjárfesting, sóun í sjálfri fjárfestingunni, en það færist aftur fyrir, sem sízt skyldi. Framleiðslan verður í vaxandi mæli undir í samkeppninni um vinnuaflið, því hún getur ekki keppt við verðbólgufjárfestinguna. Ríkisbúskapurinn stendur þannig, að ríkisstj. hefur gripið til þess ráðs að hækka verð á neyzlufiski í fiskbúðum um 40—80% til þess að fleyta ríkissjóði. Nálega daglega koma til aðrar verðhækkanir og virðist ríkisstj. hafa gefið upp alla viðleitni í þá átt að halda dýrtíðinni í skefjum. Lýsir Alþýðublaðið t. d. þessum aðferðum þannig orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Svo langt hafa þessi mál gengið," segir blaðið, „að ríkisstj. hefur neyðzt til að hætta við niðurgreiðslur á fiski og smjörlíki." Mun víst fleirum en mér finnast mælirinn fullur, þegar tryggustu málpípur ríkisstj. fara að lýsa því svona, hvernig komið er, en meðal annarra orða: Hvers vegna „neyðist" ríkisstj. til að gera annað eins og þetta, að hækka brýnustu lífsnauðsynjar al-

mennings um 40—80%? Hver neyðir hana? Hvað annað en hennar eigin aðferðir? Hennar eigin stjórnarstefna. Ekki er það árferðið, sem sverfur að. Þeir lýstu því einnig hátíðlega í vor sem leið, að samningar við launasamtökin hefðu tekizt með afbrigðum vel og gæfu alls ekki neitt tilefni til nýrrar dýrtíðar eða verðbólguþróunar. Þeir geta því ekki launþegasamtökunum um kennt, hvernig farið hefur, enda er sannleikurinn sá, að í mörgum dæmum eru kaupgjaldstaxtar úr gildi gengnir vegna ástandsins á vinnumarkaðinum, sem m. a. stafar af verðbólgufjárfestingunni.

Forráðamenn launþegasamtakanna úr öllum flokkum lýstu því yfir í gær á sjálfum hátíðisdegi verkalýðsins 1. maí í ávarpinu, að margítrekuð loforð ríkisstj. hafi reynzt markleysa eins og þeir komast að orði. Staðfestir þetta enn á ný, að ein undirrótin að upplausninni er magnað vantraust á ríkisstj. og ráðleysi hennar og óorðheldni hennar og röngum stjórnarháttum, sem eru nú þrautreyndir í meir en sex ár. Hafi einhver neisti af trausti leynzt í vitund almennings á vilja og getu stjórnarinnar til þess að ganga í þessi mál af ráðdeild og myndarskap,þá slokknaðihann áreiðanlega hjá flestum til fulls, þegar ráðherrarnir á síðasta ári breyttu um tón í garð verðbólgunnar og tóku að gera við hana gælur í stað þess að segja þjóðinni þann sannleika, að verðbólgan eitrar atvinnu- og efnahagslífið, hefur í för með sér margs konar spillingu og kemur atvinnuvegunum á kné eins og forráðamenn atvinnuveganna sýna fram á, svo ekki verður um villzt. Stjórnin ætti þó að skilja það, sem skrifað er á vegginn, þegar hún neyðist til þess að framlengja líf sitt til bráðabirgða með öðru eins og því, að stórhækka verð á brýnustu daglegum nauðsynjum mitt í hækkunarflóðinu, sem fyrir var.

Það er nú fram komið, svo ekki verður um villzt, að ríkisstj. hefur verið önnum kafin undanfarið við allt annað verkefni en skynsamlega stjórn íslenzkra efnahagsmála, þ. e. a. s. ráðstafanir til þess að draga úr verðbólgunni og bjarga íslenzkum atvinnurekstri og alþýðu manna úr hennar klóm. Það er nú fram komið, að um það leyti, sem ríkisstj. hætti að telja verðbólguna þjóðarböl og tók að gera við hana gælur í staðinn, hafði hún ákveðið að snúa sér að öðru verkefni en því að berjast við þennan höfuðóvin, sem hún þó hafði hátíðlega heitið að koma á kné. Ríkisstj. hafði þá tekið ákvörðun um að svíkja þessi loforð sín og snúa sér að því í staðinn að leysa vanda lítillar þjóðar, sem býr við ofþenslu og óðaverðbólgu, sem skortir fyrst og fremst mannafla til þess að sinna lífsnauðsynlegum eigin verkefnum, með þeim nýstárlega hætti að fá erlendan auðhring til þess að setja upp atvinnurekstur í landinu á sínum vegum, leggja í fjárfestingu upp á 2500 milljónir beint, auk stórfelldrar fjárfestingar að öðru leyti, sem því fylgir. Öllu þessu skal komið fyrir á því svæði landsins, þar sem vinnuaflsskortur er mestur og mest er um fyrirætlanir á vegum landsmanna sjálfra, sem ekki komast í framkvæmd vegna manneklu og lánsfjárhafta.

Forsrh. hefur hér á Alþ. boðað af ákafa þennan atvinnurekstur erlendra manna sem tímamótaframkvæmd á borð við það, þegar Íslendingar tóku að byggja sjávarútveg sinn á nútíma vísu. Samkvæmt því á þetta að vera aðeins byrjunin og mætti þetta ekki fara fram hjá mönnum, því þessi atvinnurekstur verður algerlega á vegum útlendinga. Gróðinn fer út úr landinu og afskriftafé líka og inn í landið koma aðeins vinnulaun, skattar og gjöld fyrir þjónustu. Í fyrirtæki þessu sjálfu byggist því ekkert upp fyrir Íslendinga í framtíðinni, og færist skörin satt að segja upp í bekkinn, þegar þessu er jafnað við öflugan eigin atvinnurekstur Íslendinga, sem þjóðin hefur reist á sókn sína úr örbirgðinni í bjargálnir.

Þessum erlenda atvinnurekstri á svo að ryðja braut með því að skapa vantrú á möguleika Íslendinga sjálfra til þess að byggja upp nægilega stórbrotið og fjölbreytt atvinnulíf, en það stangast við alla reynslu og alls staðar bíða framtakssamir menn með fyrirætlanir um nýja uppbyggingu og ný úrræði, sem ekki komast í framkvæmd vegna hindrana ríkisvaldsins, ofþenslu og skorts á vinnuafli, en óðaverðbólgan er vel á vegi með að sliga íslenzka atvinnuvegi.

Afstaða Framsfl. í alúmínmálinu er að mínu áliti skýrt mörkuð í fáum orðum þeirrar rökstuddu dagskrár, sem flutt var í Nd. og stjórnarandstæðingar greiddu allir atkvæði með og felld var með einungis tveggja atkvæða meiri hl. stjórnarliðsins. Þar segir svo: „Vegna þess hvernig ástatt er í efnahags- og atvinnumálum landsins og þar sem samningur sá, sem frv. fylgir, er óaðgengilegur, ályktar deildin að vísa málinu frá.“ Sameiginleg afstaða allra þm. Framsfl. var því sú, að samningurinn væri óaðgengilegur og ætti að vísa honum frá.

Framsfl. hefur aldrei haft þá stefnu að útiloka með öllu þann möguleika, að samið yrði við erlendan aðila um að reka hér atvinnu, en þá einungis sem algera undantekningu frá þeirri ófrávíkjanlegu meginstefnu, að Íslendingar reki atvinnufyrirtæki sín sjálfir og þá til þess að leysa verkefni í þágu alþjóðar, sem öðruvísi yrði ekki komið í framkvæmd.

Við viljum því rísa eindregið gegn þeim hugsunarhætti, sem fram kemur hjá forsrh. og ofsatrúarmönnum á erlendan atvinnurekstur hér, þegar þeir telja erlenda stóriðju í landinu eiga að vera táknræna fyrir það, sem koma skal, og sambærilega og jafnvel betri en það, sem Íslendingar hafa sjálfir bezt gert í atvinnumálum sínum. Ekki hefur það heldur farið dult í áróðri þessara manna, hvaða trú þeir hafa á atvinnurekstri okkar sjálfra í landbúnaði, sjávarútvegi og iðnaði og mega framtakssamir áhugamenn og þjóðin öll vara sig, ef menn vanrækja að beita sér gegn þessari stefnu í þeim pólitísku átökum, sem framundan eru um stefnu í atvinnumálum, því alúmínmálið er aðeins upphafið í augum þeirra, sem svona líta á. Þeir af forsvarsmönnum alúmínverksins, sem ekki eru jafn ofsatrúaðir á forsjá útlendinga og forsrh. virðist vera, hika við að boða þetta sem upphaf nýrra tíma í atvinnusögu landsins, en halda því meira á loft, að þetta hafi orðið að gera til þess að fá nógu hagstætt raforkuverð fyrir Íslendinga, og nú áðan lagði forsrh. talsvert mikla áherzlu á þetta atriði.

Skrumkenndar bollaleggingar ráðh. um þetta hafa verið hraktar svo rækilega, að ekki stendur steinn yfir steini, í umr. á Alþ. síðustu vikurnar, og við blasir, að þessi samningur getur ekki orðið til þess, að Íslendingar búi við lægra raforkuverð en ella framvegis, enda er raforkuverð í samningnum 28% lægra en sömu aðilar

borga í Noregi. Er ömurlegt til þess að hugsa, að ríkisstj. mun hafa fyrir æðilöngu flækt sig í þetta mál, altekin þeirri minnimáttarkennd, að Íslendingum væri um megn að leysa raforkumál sín nógu myndarlega, nema stóriðja útlendinga fylgdi með. En þessari skoðun hefur nú árum saman verið haldið að þeim mönnum í liði stjórnarinnar, sem nauðugir ganga til þessa leiks, en þeir eru ófáir.

Alþjóðarathygli hefur vakið, að í samningunum eru ákvæði um, að erlenda fyrirtækið, sem hér á að starfa í landinu í 45 ár, skuli ekki hlíta íslenzkum dómstólum. Upplýsa þeir alúmínmenn sjálfir, að slíkum kjörum hafi þeir hvergi náð nema hér og sýnir þetta betur en mörg orð fá lýst, hvernig ríkisstj. hefur haldið á málstað Íslands í samningunum.

Byggðavandamálið er eitt stærsta vandamál þjóðarinnar. Sá vandi magnast við alúmínverkið, eins og það er fyrirhugað, en ríkisstj. hefur gengizt fyrir löggjöf um atvinnujöfnunarsjóð í staðinn fyrir atvinnubótasjóð, sem fyrir var, og segir, að það skuli vega á móti áhrifum stóriðjunnar.

Framsóknarmenn hafa til þess fullan rétt að benda á það sem sigur fyrir sig, að atvinnujöfnunarsjóður er settur á fót, því þeir hafa árum saman barizt fyrir jafnvægissjóði við hörkulega andstöðu stjórnarliðsins. En þessi atvinnujöfnunarsjóður er alltof veikur og sorglega lítilsmegnandi, ekki hálfdrættingur á við það, sem hann hefði þurft að vera, þó engin stóriðja kæmi til, en vond samvizka stjórnarliðsins sést á því, að þeir ætla að láta hluta af skatttekjum alúmínverksins renna beint í sjóðinn í stað þess að renna í ríkissjóð. Á þetta að skapa þann hugsunarhátt, að stóriðjan verði í rauninni mjólkurkýr fyrir byggðarlögin víðs vegar um landið og leggi þeim til fjármagn og gefa í skyn, að án stóriðju væri Íslendingum um megn að koma upp atvinnujöfnunarsjóði til þess að styrkja uppbygginguna út um land. En menn geta gert sér dálitið í hugarlund heilindin í þessu og hve mikið má á þetta treysta í þeirri erfiðu baráttu, sem framundan er við byggðavandamálið, ef þeir gera sér grein fyrir, að eftir 6 ár hér frá, sem verða einmitt mikil örlagaár í þessu tilliti, eiga að vera komnar inn í atvinnujöfnunarsjóðinn 33 millj. — ég sagði 33 millj. samtals frá stóriðjunni eftir 6 ár, eða sem svarar andvirði tveggja fiskiskipa. Síðan á að koma eitthvað meira inn í sjóðinn, en aldrei neitt, sem ekki er auðvelt að leggja fram úr þjóðarbúinu, hvað sem stóriðju líður.

Hér við bætist, að áhrif þessa sjóðs má gera að engu með því að draga úr opinberum framkvæmdum, sem nú er ráðgert fullum fetum. Allt er því sýnd veiði en ekki gefin, ef heildarstefnan er ekki heilbrigð.

Stóriðjusamningurinn hefur nú verið barinn fram á Alþ. með hörkulegri beitingu flokksvaldsins í stjórnarflokkunum. Þurfti líka á öllu að halda, því samningurinn valt á einu atkv. í Ed. Alþingis. Ríkisstj. hefur svo bætt gráu ofan á svart með því að koma í veg fyrir, að Alþ. ákvæði þjóðaratkvæðagreiðslu um þetta mál, sem væri sjálfsögð. Er nú á valdi forseta Íslands, hvort þjóðaratkvæðagreiðsla verður eða ekki.

Fjöldi manns í stjórnarflokkunum er á móti þessari samningsgerð og mér kæmi ekki á óvart, þó þetta yrði sannkallaður Pyrrosarsigur fyrir ríkisstj. og hennar flokka, en það mun framtíðin leiða í ljós. Ríkisstj. hefur barið fram alúmínmálið með hörkulegri handjárnapólitík og gengu sumir þar nauðugir til leiks, eins og ég hef áður minnzt á, en eftir að hafa gert þetta er ríkisstj. enn ráðvilltari en áður.

Benzín er borið á dýrtíðarbálið. Manneklan eykst. Byggðavandamálið magnast. Erfiðleikar atvinnuveganna fara vaxandi. Eitthvað órar ráðherrana fyrir þessu eins og í draumi og þá kemur í ljós, að þeir virðast ekkert hafa lært, því úrræðin, sem þeir boða, og úrræðin, sem hæstv. forsrh. var að boða hér áðan, eru þau að herða enn lánsfjárhöftin og draga saman opinberar framkvæmdir, þannig á að rýma fyrir stóriðjunni. Þeir, sem kunnugir eru atvinnurekstri á Íslandi, munu nokkurn veginn geta gert sér grein fyrir afleiðingum þess að nota enn aukin reksturslánahöft sem eitt aðalúrræði í glímunni við þau vandamál, sem nú eru framundan, og hvernig fyrirtækin munu verða undir það búin eftir þær aðfarir að greiða viðunandi kaup miðað við dýrtíðarvöxtinn og nýjustu aðfarir ríkisstj. í þeim málum. — Allir þeir, sem ekki eru blindaðir af pólitísku ofstæki, viðurkenna nú, að hafi áður verið þörf stefnubreytingar, þá sé hún orðin lífsnauðsyn. Eiga Íslendingar að trúa því, að þeir einir allra í Vestur-Evrópu verði að búa við botnlaust öngþveiti og spillingu í efnahags- og fjármálalífinu? Svarið er: Sannarlega ekki, enda eru fordæmin nógu mörg um farsæla stjórn efnahags- og atvinnumála, til þess að ekki kemur til mála, að þjóðin sætti sig við þá fullyrðingu, að engin önnur leið sé til en sú ófæra, sem við höfum verið leidd í.

Það er til önnur leið, sem liggur um svipaðar slóðir og farnar eru í sumum nálægum löndum, þar sem betur tekst til en hér og hérna köllum við þessa leið „hina leiðina“, og hún er sú, sem Framsfl. vill fara. Ég nefni að lokum nokkur kennileiti á þessari leið. Hin leiðin er víðtækt samstarf um að draga úr verðbólgunni, horfast í augu við kjarna vandamálsins og taka upp skynsamlegan áætlunarbúskap, sem byggður verði í framkvæmd á nánu samstarfi einkaframtaksins, ríkisvaldsins og almannasamtakanna, sem fjalla um kjaramálin. Með jákvæðu samstarfi verða þau verkefni færð fram fyrir, sem mestu máli skipta í þjóðarbúskapnum. Fjárlagapólitíkin og bankapólitíkin verði samræmd þessu samstarfi. Heilbrigðum fyrirtækjum verði tryggt rekstursfé og fjármagn til aukinnar framleiðni. Í staðinn fyrir áætlanir, sem fara í ruslakörfuna, og áróðursræður barmafullar af skrumi komi eðlileg forusta og raunhæft samstarf. Hin leiðin er að kveða niður vantrú þá á framtaki Íslendinga sjálfra og oftrú á forsjá útlendinga, sem nú er ástundað að fótfesta með þjóðinni. Kveðja í því skyni til úrvalslið vísindamanna, tæknimanna og framkvæmdamanna til þess að leggja með þekkingu sinni á gæðum lands og sjávar og nýtízku vinnuaðferðum grundvöll að öflugri sókn landsmanna sjálfra. Hin leiðin er því öflugur stuðningur við íslenzkt framtak og íslenzkan atvinnurekstur og byggist á bjargfastri trú á því, að ungu kynslóðinni megi treysta til nýrra stórra átaka eigi síður en þeirri kynslóð, sem fært hefur þjóðina úr fátækt í bjargálnir. Það á því að vera þýðingarmikill þáttur í framkvæmd hinnar nýju stefnu að bjóða út ungu fólki úr einkarekstri, félagsrekstri og opinberri

þjónustu til að glíma við ný verkefni eftir nýjum leiðum. Unga fólkinu er bezt treystandi til þess að komast að kjarnanum, sem nú er hulinn í endalausu þvargi ráðvilltra manna um haldlausar örvæntingarráðstafanir frá degi til dags. Þannig mætti rekja einstök kennileiti á þeirri leið, sem framsóknarmenn benda á og vilja fara, og verður því haldið áfram eftir því, sem tækifæri gefst. Það þarf ný viðhorf, nýjar vinnuaðferðir og þeim fjölgar með hverjum degi, sem gera sér fulla grein fyrir þessu og menn vita vel, að í lýðræðislandi er ekki til nema ein leið til þess að knýja fram stefnubreytingu. Í því sambandi er ekki nema um eina leið að ræða og hún liggur að kjörborðinu. — Góða nótt.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Góðir hlustendur. Fyrir 6 árum lofaði ríkisstj. þjóðinni því, að hún myndi stöðva verðbólguna. Hún lét sér ekki nægja að lofa þessu í ræðum á Alþ., í blaðaskrifum og á fundum víðs vegar um landið. Hún gaf út heila bók með loforðum, bókina „Viðreisn", sem hún sendi inn á hvert heimili í landinu og lét svo þjóðina borga. En bókin Viðreisn er nú orðin athyglisvert heimildarrit. Hún sýnir þjóðinni fyrirheit ríkisstj., að hún ætli að koma atvinnu- og efnahagslífi landsins á traustan og öruggan grundvöll. Hún nefnir að vísu þær verðlagshækkanir, sem leiða muni af viðreisnarráðstöfunum sínum í bili, meðan hún er að skapa þennan örugga grundvöll, en hún segir, að t. d. 13% hækkun framfærslukostnaðar hlyti að sjálfsögðu að verða öllum almenningi afar þungbær, eins og það er orðað í bókinni, svo hún ætli að sjá um, að hækkunin verði ekki nema 3%. Önnur fyrirheit í bókinni eru þessu lík, t. d. að byggingarkostnaður hækki ekki nema um 10—11%. Ríkisstj. hefur nú fengið 6 ár til að efna fyrirheitin sín. Fyrirheitin um stöðvun verðbólgunnar. Fyrirheitin um traustan og öruggan grundvöll atvinnu- og efnahagslífs, án þess að framfærslukostnaður hækki nema um 3%. Og efndirnar eru nú m. a. þessar: Togaraútgerð er haldið uppi með styrkjum. Fiskiðnaðurinn varð að fá 80 millj. kr. fjárhagsaðstoð í einu lagi fyrir stuttu síðan til að stöðvast ekki. Iðnaðurinn dregst saman og landbúnaðurinn er þannig settur, að bændurnir eru tekjulægsta stéttin í landinu. Þannig er hinn öruggi grundvöllur atvinnulífsins. En verðbólgan, hefur hún nokkuð vaxið upp fyrir þessi 3%? Á réttum 6 árum hefur vísitala framfærslukostnaðar hækkað, ekki um 3%, heldur um 83%, en þetta er ekki að marka, ríkisstj. breytti útreikningi þessarar vísitölu þannig, að hún sýnir miklu minni hækkun en annars hefði orðið. En við höfum annan og réttari mælikvarða á dýrtíðina. Það er verðlagið á lífsnauðsynjunum, sem við verðum allir að kaupa. Og hvaða hækkanir hafa orðið á þeim á undanförnum 6 árum? Rafmagn, hiti og þess háttar hefur hækkað um 67%, fatnaður um 72%, ýmsar vörur og þjónusta um 114% og matvörurnar um 136%, og er þá síðasta bjargráðið ekki með talið, hækkunin á fiski og smjörlíki. Fyrir 6 árum voru ársútgjöld meðalfjölskyldu fyrir nauðsynjar sínar, þegar húsnæðiskostnaður var ekki með talinn, um 51 þús. kr. Nú kosta þessar sömu nauðsynjar fjölskyldunnar yfir 100 þús. kr. Þær hafa hækkað um meira en helming á þessum fáu árum og þó er ástandið í húsnæðismálum enn alvarlegra. Fyrir 6 árum kostaði meðalíbúð um 455 þús. kr. Nú kostar jafnstór íbúð um 967 þús. kr. Hún hefur hækkað í verði um meira en ½ millj. á 6 árum. Allt lánið, sem húsnæðismálastjórn veitir, 280 þús. kr., dugir ekki fyrir 2½ árs verðhækkun á íbúðinni. Í ofanálag er svo ríkisstj. búin að vísitölubinda vexti og afborganir af íbúðarlánunum. Árlegar greiðslur lántakenda geta því margfaldazt á komandi árum, ef viðreisnarstefnan heldur áfram.

Ársútgjöld meðalfjölskyldu fyrir nauðsynjar sínar, að meðtöldum húsnæðiskostnaði, ef fjölskyldan býr í nýlegri íbúð, eru áreiðanlega ekki undir 160—200 þús. kr. eins og nú er komið. Þannig hafa þá efndirnar á fyrirheitunum orðið. Lífsnauðsynjar manna áttu ekki að hækka nema um 3%, en þær hafa nú hækkað á 6 árum um 112%.

Byggingarkostnaður íbúða átti ekki að hækka nema um 10—11%, en hann hefur á þessum sömu árum hækkað um 113%. Og það má reyndar bæta því við, að því var heitið að afnema skatta af almennum launatekjum, en álögur á þjóðina skv. fjárlögum í formi margs konar skatta og tolla hafa hækkað á 6 undanförnum árum úr 1500 millj. í 3800 millj., eða um 153%.

Nú er ekki á það minnzt, að hækkun framfærslukostnaðar verði öllum almenningi afar þungbær, eins og sagði í Viðreisn. Ríkisstj. mun ekki eiga heitari ósk en að fá að halda völdunum áfram og stefnubreyting kemur henni ekki til hugar. Hvernig mundi þá verða umhorfs í atvinnu- og efnahagsmálum þjóðarinnar eftir 6 ár, ef sama verðbólguþróun heldur áfram eins og hún hefur verið undanfarin 6 ár? Þá mundu ársútgjöld meðalfjölskyldu verða um 350 þús. kr. Þá mundi meðalíbúð kosta nokkuð á 3. millj. Þá mundi meðalfiskibátur kosta 25—30 millj. og ýsuflök í soðið mundu kosta um 50—60 kr. kílóið. Þetta á þjóðin í vændum, ef áfram verður fylgt viðreisnarstefnunni. Hvernig ætli þá yrði ástatt um sölu íslenzkra afurða á erlendum mörkuðum? Fiskvinnslustöðvar geta ekki selt afurðir sínar nú á erlendum mörkuðum fyrir kostnaðarverð vegna verðbólgunnar innanlands, nema með styrkveitingum, þrátt fyrir geysimiklar verðhækkanir erlendis á undanförnum árum. Hvað þá ef vinnslukostnaðurinn tvöfaldast? Og hér er um meira en 90% af útflutningsafurðum landsmanna að ræða. Það er því ekkert smáræði, sem hér er í húfi. En hvað segir ríkisstj. um þessa óðaverðbólgu? Hefur hún engar áhyggjur af henni? Nei, engar verulegar áhyggjur. Hún segir sem svo, að allar ríkisstj. hafi átt við verðbólgu að stríða undanfarin 25 ár, en engin ráðið við hana. Hér séu allir Jónar jafnir, hvaða flokkar, sem farið hafa með völd. Og núv. ríkisstj. sé síður en svo lakari en aðrar í þessum efnum.

Þessar staðhæfingar ríkisstj. eru stórkostlegar blekkingar. Til eru skýrslur um verðlagsþróunina allt frá 1914, að vísu ekki nógu nákvæmar skýrslur fram til 1939, en öruggar skýrslur eftir þann tíma. Þessar skýrslur sýna það ótvírætt, að í hálfa öld hefur aldrei verið ríkjandi slík óðaverðbólga hér á landi eins og undanfarin 6 ár. Síðustu 26 árin hefur verðbólguþróunin verið þessi: Nauðsynjar manna, sem kostuðu 1.000 kr. 1939, þær hækkuðu um 450 kr. að meðaltali á

ári í 20 ár, fram til 1959, og kostuðu þá um 10.000 kr., en næstu 6 árin, fram til 1965, hækkuðu þessar nauðsynjar um 1.600 kr. á ári að meðaltali og kostuðu á síðastliðnu ári tæplega 20 þús. kr. Vöxtur verðbólgunnar er því nærri því fjórfaldur síðustu 6 árin miðað við það, sem hann var á ári að meðaltali 20 árin á undan.

Ólafur Thors leit öðrum augum en núverandi ríkisstjórn á þann háska, sem óðaverðbólgunni fylgir. Hann sagði í einni áramótagrein sinni, að hann játaði, að ríkisstj. hefði ekki tekizt að ráða niðurlögum verðbólgunnar, en ef það tækist ekki, þá væri allt annað unnið fyrir gýg og beinn voði fyrir höndum.

Núv. ríkisstj. er ekki hrædd við voðann, sennilega af því, að hún sér hann alls ekki. Framsóknarmenn hafa þráfaldlega sýnt fram á, að hrein óstjórn er ríkjandi í efnahagsmálum þjóðarinnar, en hæstv. ríkisstj. þykir þetta ósvífinn dómur. Um þetta liggur nú fyrir vitnisburður þess manns, er ekki verður sakaður um ósvífni í garð ríkisstj., en það er sjálfur hæstv. viðskmrh. Gylfi Þ. Gíslason. Í ræðu á þessu þingi, 31. marz, sagði hann m. a.:

„Hvarvetna í veröldinni munu menn telja 10% verðbólgu mikla verðbólgu, og ég hygg, að langflestir séu sammála um það, að svo mikil verðbólga hljóti að teljast skaðleg. Hagnaðurinn fellur í skaut aðilum, sem ekkert hafa til hans unnið. Hagnaðurinn er afleiðing af óstjórn í þjóðfélaginu. En mikil verðbólga hlýtur að teljast óstjórn, þegar til lengdar lætur."

Þetta voru orð ráðherrans. Hann talar hér skilmerkilega um óstjórn, ef verðbólgan fer yfir 10%. En hver hefur hún þá verið undanfarin 6 ár? Neyzluvöruvísitalan hefur hækkað úr 101 í 214 stig, eða um 112%, en það eru um 18.6% að meðaltali á ári. Byggingarvísitalan hefur hækkað úr 132 í 281 stig, eða um 113%. En það er um 18.8% að meðaltali á ári.

Ég veit, að hæstv. ráðherra reiknar verðbólguna fyrir eitt og eitt ár í senn, til þess að fá út lægri tölu, en það stoðar heldur ekki. Vöxtur verðbólgunnar er samt langt fyrir ofan 10% á ári.

Hæstv. viðskmrh. hefur þannig staðfest þann dóm framsóknarmanna, að óstjórn sé ríkjandi í efnahagsmálum þjóðarinnar. En ætli hann breyti þá um stefnu, þegar hann hefur nú loksins komizt að þessari niðurstöðu? Það held ég ekki.

Að lokum vil ég minna á þessi orð úr 1. maí-ávarpi Fulltrúaráðs verkalýðsfélaganna í Reykjavík í gær, með leyfi hæstv. forseta:

„Verkalýðssamtökin líta það mjög alvarlegum augum, að margítrekuð loforð ríkisstj. um stöðvun verðbólgunnar hafa reynzt marklaus, og má þar minna á síðustu verðhækkanir á brýnustu lífsnauðsynjum almennings, sem bitna harðast á tekjulágum barnafjölskyldum."

Þetta segja forustumenn verkalýðssamtakanna, þ. á m. stuðningsmenn ríkisstj. — Góða nótt.

Utanrrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Háttvirtu áheyrendur. Núverandi stjórnarsamvinna milli Alþfl. og Sjálfstfl. hefur staðið í 7 ár, eða frá des. 1958, þegar Alþfl. myndaði sína minni-hlutastjórn og til þessa dags.

Nokkrar breyt. hafa að vísu orðið og mannaskipti í ýmsum ráðuneytum, en það hefur í engu breytt samstöðu flokkanna, stefnu þeirra og starfi í ríkisstj. Þetta samstarf tveggja flokka um ríkisstj. er því orðið það lengsta, sem hér hefur átt sér stað. Starfstími íslenzkra ríkisstj. hefur yfirleitt verið stuttur, með fáum undantekningum, þetta eitt, tvö eða þrjú ár. Það hefur verið það venjulega.

Þegar ríkisstj. situr aðeins stuttan tíma, er henni meiri vandi á höndum heldur en ef hún hefur langan tíma til umráða. Þegar ein ríkisstj. hefur mótað stefnu sína, þarf hún, eins og gefur að skilja, nokkurn tíma til þess að koma henni í framkvæmd. Og oft hefur það farið svo, að þegar stjórnin hefur gefizt upp og orðið að hætta, þá hefur henni ekki tekizt að koma stefnumálum sínum í framkvæmd. Þó að ásetningur hafi verið góður í upphafi, sem ég efast ekki um, að hafi verið hjá öllum, hefur hinn skammi tími, sem verið hefur til umráða, ekki nægt til að framkvæma hinn góða ásetning. Hinn langi starfstími núv. stjórnarflokka hefur hins vegar skapað þeim möguleika til að ná meiri og betri árangri en flestar aðrar ríkisstj. hafa náð, fyrr og síðar. En þar kemur að vísu líka nokkuð fleira til, eins og fastmótuð stefna í upphafi, sem fylgt hefur verið eftir, eftir því sem möguleikar hafa verið til.

Ástandið í efnahagsmálum þjóðarinnar á árunum 1958—1959 var ekki gott, eða kannske réttara sagt, það var mjög slæmt. Gjaldeyriseign bankanna var engin, eða minni en engin og komst niður í 200 millj. kr. skuld, en hafði verið neikvæð allt frá 1957. Þetta hefur tekizt að bæta smátt og smátt, svo að gjaldeyriseignin í dag er yfir 2000 millj. kr., sem bankarnir hafa til ráðstöfunar, sem telja verður mjög sæmilegan gjaldeyrisforða.

Að þetta hefur tekizt, þ. e. a. s., að tekizt hefur að forða frá algjöru gjaldeyrisþroti, viðskilnaðinn frá vinstri stjórninni, má fyrst og fremst þakka því, að sparifjárbinding var upp tekin til að standa á bak við gjaldeyrisöflunina.

Á hallæristímanum 1958—1959 var komið svo, að tæpast var hægt að vera tryggur um, að hægt væri að leysa inn erlendar kröfur fyrir nauðsynlegasta innflutningi. Allt þetta hefur breytzt mjög til hins betra með söfnun gjaldeyrisvarasjóðsins. En eftirtakanlegt er það, að eitt höfuðádeiluefni stjórnarandstöðunnar á ríkisstj. allt þetta tímabil hefur verið það, að ríkisstj. skuli hafa átt hlut að því, að sparifjáreignin var bundin að nokkru leyti, sem þó var nauðsynlegt til þess að söfnun gjaldeyrissjóðsins gæti átt sér stað.

Sýnir afstaða stjórnarandstöðunnar til þessa máls eitt af tvennu, annaðhvort algjört skilningsleysi á því, sem var að gerast, eða furðulegt ábyrgðarleysi, ef henni hefur verið ástandið ljóst. Vitanlega hefur sparifjárbindingin orðið til þess að draga úr lánamöguleikum banka og sparisjóða og þess vegna komið óþægilega við sums staðar. En þegar um það var að ræða að koma viðskiptum þjóðarinnar út á við á heilbrigðan grundvöll, mátti ekki láta þetta atriði koma í veg fyrir farsæla lausn.

Þetta er eitt af þeim atriðum, sem stjórnarandstaðan hefur reynt að notfæra sér til að gera tortryggilega stefnu ríkisstj., en ég tel alveg víst, að þjóðin hafi gert sér þetta mál ljóst, þannig að árangurinn hafi ekki orðið sá, sem til var stofnað.

Hv. 1. þm. Austf. (EystJ) og hv. 5. þm. Vestf. (HV)

lýstu áhyggjum sínum yfir því hér áðan, að föst erlend lán hefðu vaxið árið sem leið um nokkra upphæð. En í sambandi við það má spyrja, hvernig stendur á því, að þessar skuldir hafa myndazt? Það stendur þannig á því, að bæði þetta ár og önnur fleiri ár á undan hefur verið keyptur til landsins mikill fjöldi fiskiskipa og raunar einnig annarra skipa líka og enn fremur flugvélar, sem kosta samtals hundruð millj. kr. árlega. Kaupverð þessara fiskiskipa er lánað erlendis að ⅔ hlutum, venjulega til 7 ára, og á sama hátt er mikill hluti kaupverðs annarra skipa og enn fremur flugvéla lánaður. Þannig er aukning föstu lánanna tilkomin og skuldaaukningin þó lítill hluti af kostnaðarverði þessara nauðsynlegu tækja. Ríkisstj. hefur stutt að því eins og hún hefur getað, að þessi yrði þróunin, að skipin og flugvélarnar yrðu keypt, þó að þau yrðu ekki greidd að fullu á fyrsta ári.

Vegna hagstæðs atvinnuástands í landinu hefur vöxtur sparifjárinnlána líka orðið miklu meiri heldur en nokkru sinni áður. Sparifjárinnlánin voru árið 1958 orðin samtals um 1.100 millj. kr. Þau hafa farið stöðugt vaxandi og eru nú, 1. apríl s. l. talin 6. 406 millj. kr., eða nærri sexfölduð frá því, sem þau voru fyrir átta árum. Sýnir þetta í raun og veru tvennt. Í fyrsta lagi, að afkoma almennings í landinu hefur verið góð, svo góð, að þjóðin hefur getað lagt þetta fjármagn til hliðar frá daglegum nauðsynlegum innkaupum. Og í öðru lagi, að þrátt fyrir allt verðbólgutal stjórnarandstöðunnar hefur almenningur trú á því, að gjaldmiðill íslenzku þjóðarinnar sé ekki í þeirri hættu, sem þeir hafa viljað vera láta. Og kemur þetta nokkuð öfugt við það, sem hér hefur verið lýst m. a. í kvöld.

Sparifjársöfnun er, eins og allir vita, frá almenningi komin, frá launþegunum og tekjuminni hluta þjóðarinnar. Sparifjáreignin er grundvallaratriði í fjármálakerfinu og skapar möguleika til lánveitinga og styrktar atvinnuvegunum og er raunar sá styrkur, sem allt efnahagskerfið byggist á, því að útlánin í heilbrigðu efnahagskerfi byggjast á því, að ekki sé lánað meira en innistæður eru fyrir. Heildarupphæð spariinnlána og veltuinnlána voru 1. apríl s. l. samtals 8. 326 millj. kr., en heildarútlán voru á sama tíma 8.308 millj. kr., og sýnir það vel ástandið í þessum málum í dag, að það er ekki eins óheilbrigt og stjórnarandstaðan vill vera láta.

Á þennan hátt hefur ríkisstj. tekizt að koma á traustum og eðlilegum viðskiptum við útlönd og öruggri útlánastarfsemi til styrktar atvinnuvegunum innanlands. Stjórnarandstaðan segir að vísu, að ekkert af þessu sé ríkisstj. að þakka. Góðæri og óvenjulegur fiskafli sé ástæðan. Við þetta má þó bæta því, að fiskaflinn er til kominn vegna þess, að fjöldamargra nýtízku fiskiskipa hefur verið aflað með hinum fullkomnasta veiðiútbúnaði og því, að fjöldamargar vinnslustöðvar hafa risið í landi, allt með góðri aðstoð ríkisstj. Fiskveiðasjóður hafði verið stórlega efldur og Stofnlánadeild sjávarútvegsins sömuleiðis, sem hafa stutt með lánastarfsemi viðleitni útvegsmanna til skipakaupa og stórstígra framkvæmda þeirra, sem í landi taka við aflanum til vinnslu. Þessar lánastofnanir hafa nú verið sameinaðar og er þess að vænta, að þær eflist þannig til frekari útlánastarfsemi fyrir atvinnurekendur í landinu.

Þegar svo allt hefur um þrotið hjá stjórnarandstöðunni í gagnrýni á ríkisstj., hefur þó jafnan eitt efni verið tiltækt og það er ádeilan á ríkisstj. fyrir það að hafa ekki getað stöðvað verðbólguna, og er það að vissu leyti rétt. En um það atriði má þó segja það, að það hefur engri ríkisstj. tekizt síðustu árin og áratugina.

Verðbólgan hefur vaxið um 12% á ári að meðaltali í tíð þessa stjórnarsamstarfs. Eða réttara sagt, ef heildarvexti vísitölunnar eða verðbólguaukningarinnar á þessum sjö árum er deilt á árafjöldann, sem liðinn er, þá verður útkoman út úr því 12% að meðaltali í tíð þessa stjórnarsamstarfs og má vitaskuld segja, að það sé of mikið, þó að verðbólguvöxturinn hafi stundum verið miklu meiri.

Hv. 3. þm. Vestf. (SE), sem talaði hér á undan mér, fullyrti raunar, að í hálfa öld hefði aldrei slík óðaverðbólga gengið yfir landið eins og í tíð núv. ríkisstj. Mætti ég minna hann á að leita eftir því, hver verðbólguvöxturinn var í stjórnartíð Framsfl. á árunum 1950—1953. Ég ætla, að verðbólguvöxturinn á því tímabili hafi a. m. k. verið tvöfaldur á við það, sem hann hefur verið nú, miðað við þann árafjölda, sem sú stjórn sat við völd.

Sem mótvægi á móti þeirri þróun verðbólguástandsins, sem raunar margar ástæður liggja til, hefur ríkisstj. leitazt við að styrkja vinnuhagræðingu til þess að koma í veg fyrir, að framleiðslukostnaður færi fram úr því, sem útflutningsverði fylgdi. Með verðtryggingu launa hefur launþegum svo verið tryggð launahækkun, sem svarar til þeirrar hækkunar, sem orðið hefur á lífsnauðsynjum, auk þeirrar grunnkaupshækkunar, sem orðið hefur og helgast að verulegu leyti af þeirri aukningu þjóðarteknanna, sem náðst hefur á þessum árum. Þeir, sem hins vegar hafa skaðazt mest á verðbólguaukningunni, eru sparifjáreigendur, en þeirra hlutur hefur í þessu sambandi verið mjög slæmur. Var komið svo á tímabili, að menn vildu allt annað frekar eiga heldur en sparifé, sem stöðugt varð minna og minna virði. Er augljóst, hvert sú þróun stefnir, þar sem sparifjársöfnunin er, eins og ég sagði áðan, hornsteininn undir heilbrigðu efnahagslífi þjóðarinnar. Þessu hefur ríkisstj. leitazt við að mæta með tvennu móti, í fyrsta lagi með hækkun vaxta, sem gefur sparifjáreigendum nokkra bót fyrir verðbólguhækkunina, og í öðru lagi nú með því að undirbúa að verðtryggja sparifé eða skapa möguleika til þess með verðtryggingu skulda, sem nú á þessu þingi hefur verið heimilað að gera með l. Þetta hefur að vísu verið gert að nokkru leyti að undanförnu, en verður nú væntanlega gert almennt. Þetta er réttlætismál, sem samkomulag náðist að nokkru leyti um í júní-samkomulaginu 1964. Þetta samkomulag hefur sérstaklega Framsfl. reynt að gera tortryggilegt og skapa andstöðu gegn því, en hvort tveggja er, að með verðtryggingu launa eru sköpuð skilyrði fyrir því, að launþegar geti staðið undir þeirri hækkun vaxta og afborgana, sem af þessu leiðir fyrir húsbyggjendur og aðra smærri lántakendur, og svo hitt, að sparifjáreigendur, sem eru þeir raunverulegu lánveitendur, eiga á því fullan rétt, að verðbólgan gangi ekki út yfir þá eina. Er þetta eitt af mörgum dæmum þess, að stjórnarandstaðan fer í gagnrýni sinni langt út

yfir öll mörk sanngirni og ég vil segja, út fyrir mörk velsæmis.

Allar aðgerðir ríkisstj. í efnahagsmálum hafa því orðið til þess að koma þessum málum á heilbrigðan, traustan og heiðarlegan grundvöll, enda verið viðurkenndar erlendis af öllum þeim aðilum, sem við höfum viðskipti við, sem réttar og heppilegar. Þessar aðgerðir ásamt með frjálsari verzlunarháttum og afnámi hafta hafa orðið til þess að auka álit Íslendinga út á við. Það, sem hins vegar veldur áhyggjum í sambandi við okkar efnahagsstarfsemi, er það, að við erum enn útilokaðir frá þátttöku í efnahagsbandalögum Evrópu. Þróunin færist nú meir og meir í þá átt, að þátttökulönd efnahagsbandalaganna hafa komið á innbyrðis sín á milli tollfríðindum, en út á við háum innflutningstollum, sem gerir þeim, sem fyrir utan standa, mjög erfitt fyrir um alla samkeppni við þátttökulöndin. Þetta mál hefur nú um alllangan tíma verið mjög til umr. í ríkisstj., án þess að því hafi þokað nokkuð verulega a. m. k. í áttina, þótt sýnilegt hafi verið, hversu erfitt það mundi vera að standa fyrir utan. Orsökin til þessa hefur fyrst og fremst verið sú, að menn hafa verið hræddir við tollalækkun hér, vegna hins íslenzka iðnaðar, sem talið hefur verið vafasamt að mundi þola erlenda samkeppni, ef aðflutningstollar yrðu lækkaðir verulega á sams konar vöru og íslenzki iðnaðurinn framleiðir. Hins vegar er augljóst, hver fjötur það mundi vera íslenzkum útflutningsatvinnuvegum um fót, ef þeir yrðu að búa við miklu hærri tollagreiðslur en keppinautar þeirra. Þetta er mikið vandamál, sem verður að leysa.

Íslendingar hafa nú fengið bráðabirgðaaðild að GATT, sem er alþjóðasamtök til lækkunar tolla og afnáms viðskiptahafta. Þessi samtök hafa nú um skeið haft uppi viðræður um verulegar tollalækkanir, sem kenndar eru við Kennedy Bandaríkjaforseta fyrrv. og haldnar eru í Genf í Sviss. Þó að útlitið um árangur af þessari ráðstefnu sé talið nokkuð vafasamt, hefur ríkisstj. að mjög vel athuguðu máli og eftir viðræður við aðila hér ákveðið að freista þess nú að bjóða 50% lækkun á innflutningstollum, samtals á nokkru árabili, ef tilsvarandi lækkun fengist á tolli á útflutningsvörum okkar. Hvað úr þessu verður, er ekki unnt að segja nú, en vera mætti, að þetta tilboð, ef tækist, gæti orðið byrjun að einhvers konar aðild að fríverzlunarbandalaginu, sem okkur er höfuðnauðsyn að ná einhverri aðild að. Tollalækkun er okkur örugglega nauðsyn, til þess að einhver möguleiki sé til þess að ná samkomulagi við bandalagið um lækkun tolla hjá aðildarríkjum þess á útflutningsvörum okkar. Viðskiptakjör okkar við útlönd hafa verið hagstæð undanfarin ár, þar sem verðlag á útflutningsvörum okkar hefur hækkað meira en verðlag á innfluttum vörum. Þess vegna hafa tollgreiðslurnar ekki verið eins tilfinnanlegar. En hversu lengi það ástand helzt, er ekki gott að vita, og ef það breytist verulega okkur í óhag, verður aðild okkar að markaðsbandalagi óumflýjanleg nauðsyn og raunar einnig, þó að svo verði ekki.

Einn af hornsteinunum undir heilbrigðu efnahagslífi er auðvitað, að atvinnuástandið í landinu sé heilbrigt, þ. e. a. s. næg atvinna handa öllum, þó þannig, að eftirspurn eftir vinnuafli og framboð á því standist nokkurn veginn á. Íslendingar hafa átt því láni að fagna mörg undanfarin ár, að atvinnuleysi hefur að heita má ekki verið til, en þjóðinni fjölgar ört og fjöldi nýrra manna og kvenna bætist við árlega. Þessu fólki verður að sjá fyrir atvinnu og það hefur tekizt að gera enn sem komið er. Gömlu atvinnuvegirnir hafa tekið til sín nokkurn hluta, en það eru takmörk fyrir því, hversu miklu þeir geta tekið við. Þjónustustörf ýmiss konar hafa líka getað tekið til sín mikið af ungu fólki, verzlun, samgöngur og önnur starfsemi í því sambandi. Ríkisstj. hefur þó verið ljóst, að fleira þarf að koma til. Hún hefur því átt hlut að og beitt sér fyrir þeim nýmælum í íslenzkum atvinnurekstri, sem nú eru að verða að veruleika, vinnslu kísilgúrs og alúmíníumbræðslu, en lög um hvort tveggja hafa ýmist verið samþ. eða eru að verða að l. Er hér um merkilega nýjung að ræða, þar sem í öðru tilfellinu er um að ræða vinnslu innlends hráefnis með innlendri orku og í hinu tilfellinu hagnýting vatnsaflsins í stórum stíl og miklu stærri heldur en áður hefur komið hér til framkvæmda. Það merkilega hefur þó skeð, að stjórnarandstaðan hefur brugðizt hart við á móti því, að til þessara framkvæmda kæmi og ber fyrir sig, að mér finnst a. m. k., mjög annarlegar ástæður. Annars voru þau mál ítarlega rædd hér nýlega, bæði á Alþ. og í blöðum, og skal ég þess vegna ekki fara neitt að ráði út í þau. En um alúmíníumbræðslu vildi ég segja það, að allt frá því, að hugsað var fyrst til virkjunar íslenzkra fallvatna í stórum stíl, hefur verið út frá því gengið, að slíkt væri þá fyrst mögulegt, að orkufrekur iðnaður yrði hér staðsettur, sem gæti tekið til sinna nota mikið af hinu virkjaða afli. Sú orka, sem býr í íslenzkum fallvötnum, er ein dýrmætasta eign Íslendinga og því þýðingarmikið fyrir afkomu íslenzku þjóðarinnar, að þessi orka verði notfærð. Það hefur líka komið í ljós við athugun málsins, að Íslendingar sjálfir mundu geta fengið hina heppilegustu og ódýrustu virkjunaraðstöðu fyrir sjálfa sig með því að fá svo stóran rafmagnsnotanda sem alúmíníumbræðslan er inn í samvinnu um notkun rafmagns frá stórvirkjun. Aldrei hafa því verið gerðir skórnir hér, að sá iðnaður, sem þessarar miklu orkunotkunar þyrfti, yrði innlent fyrirtæki, heldur væri þar um svo fjárfrekan iðnað að ræða, að það væri tæpast á valdi Íslendinga að reka hann. Þegar stofnkostnaður fyrirtækisins er farinn að skipta þús. millj., er ekkert íslenzkt fyrirtæki eða íslenzkur aðili, sem getur átt hér hlut að. Hins vegar hefur verið út frá því gengið, að viðkomandi iðnfyrirtæki greiddi hér skatt til viðbótar raforkugjaldinu, sem svaraði til þess, að um íslenzkt fyrirtæki væri að ræða. Hefur nú verið um þennan skatt samið og er hann vissulega mjög verulegur, ákveðið gjald af hverri framleiðslueiningu frá 12½ dollar á tonn til að byrja með og upp í 35 dollara á tonn síðar. Ríkisstj. hefur ákveðið, að þessi skattur renni til atvinnujöfnunarsjóðs til uppbyggingar atvinnulífi úti á landsbyggðinni að frádregnum þeim hluta, sem til heimasveitarinnar rennur, 25% fyrstu árin, en síðar 20%, svipað eins og um landsútsvar væri að ræða. Ef um 30 þús. tonna framleiðslu verður að ræða fyrstu árin, nemur skatturinn í heild þá um 16 millj. kr. á ári og þar af verður hlutur Hafnarfjarðar 4 millj. kr. Í lokin, þegar skatturinn hefur náð hámarki og framleiðslan einnig

komin í hámark, mun skatturinn í heild af 60 þús. tonna framleiðslu nema um 90 millj. kr. á ári og þar af koma í hlut Hafnarfjarðar um 18 millj. kr. á ári, en 72 millj. renna í atvinnujöfnunarsjóð. Er af þessum tölum einum ljóst, að hér er um að ræða eitthvert þýðingarmesta fyrirtæki fyrir íslenzkt athafnalíf, ekki einasta á staðnum, heldur einnig með ákvörðun ríkisstj. um ráðstöfun skattgreiðslunnar fyrir alla landsbyggðina til eflingar atvinnulífi þar. Fyrir Hafnarfjörð kemur svo einnig höfn í Straumsvík, sem bærinn eignast skuldlausa eftir 25 ár, en hún er talin munu kosta 70—80 millj. kr., gatnagerðargjald o. fl., sem í framtíðinni mun verða bæjarfélaginu til mikillar styrktar.

Afstaða stjórnarandstöðunnar til þessa máls verður örugglega bæði Framsfl. og Alþb. til lítils sóma, þegar séð verður, hversu geysimikill ávinningur þessi starfsemi verður, ekki einasta fyrir þá einstaklinga, sem vinna þar, og byggðarlagið, þar sem hún verður staðsett, heldur fyrir þjóðarbúið í heild.

Ég vildi svo mega hafa það sem mín lokaorð hér í kvöld, að ráðstafanir ríkisstj. á sviði atvinnumála, efnahagsmála, viðskiptamála og félagsmála hafa allar orðið til þess að búa landsmönnum öllum betri kjör heldur en nokkru sinni áður, sparifjáreigendum tryggingu nokkra fyrir sinni sparifjáreign og launþegum öllum tryggingu fyrir því, að hækkun framleiðslukostnaðar verði mætt með hækkun launa í samræmi við hækkun vöruverðs. — Góða nótt.

Gils Guðmundsson: Herra forseti. Ég vil í upphafi fara nokkrum orðum um Keflavíkursjónvarpið og afskipti Alþ. og ríkisvalds af því máli. Er það hvort tveggja, að ég tel þjóðina eiga heimtingu á að fá að vita, hvað gerzt hefur í málinu og hvað er eða kann að vera í vændum. Þetta er þeim mun brýnna, sem nú á næstu mánuðum verða þau tímamót, að íslenzkt sjónvarp tekur til starfa og sjónvarpstækjum mun fjölga óðfluga. Ég er þess fullviss, að þá verður ráðið, hvort herstöðvarsjónvarpið frá Keflavík fær að starfa sem varanlegt þjóðarsjónvarp Íslendinga eða ekki. Þá mun úr því skorið, hvort við eigum að búa áfram við það ástand, að herstöð erlends ríkis sé heimilaður rekstur sjónvarps, er nær til meiri hl. þjóðarinnar. Þegar íslenzk stjórnarvöld veittu árið 1955 leyfi til sjónvarpsreksturs þessa, var sú heimild skilyrðum háð um stærð sjónvarpsins og búnað, er takmarkaði það að mestu við herstöðina eina. Við það sat í 5 ár. En árið 1961 veittu stjórnarvöldin leyfi til stækkunar stöðvarinnar, svo að orka hennar fimmfaldaðist. Þeirri leyfisveitingu virðast engar takmarkanir hafa fylgt eða fyrirmæli um lokað sjónvarp. Reyndin varð líka sú, að eftir þessar aðgerðir náðu sjónvarpssendingar frá Keflavíkurflugvelli auðveldlega til Reykjavíkur og raunar um allt Faxaflóasvæðið, þar sem búa nær 3/5 hlutar Íslendinga. Hefur og þróunin orðið á þá lund, að útbreiðsla sjónvarpstækja hefur aukizt hraðfara, svo að þau heimili íslenzk skipta nú mörgum þúsundum, sem leitt hafa hermannasjónvarpið til stofu. Menn deila um þetta erlenda sjónvarp, efnisval þess og áhrifavald. Það er fjarri mér að halda því fram, að slíkt sé einhver hégómi, sem litlu eða engu máli skipti, það er öðru nær. Hitt leyfi ég mér að fullyrða, að það, sem úrslitum hlýtur að ráða um afstöðu hugsandi manna til málsins, er þetta: Er það sæmandi þjóð, sem telur sig sjálfstæða menningarþjóð og vill halda áfram að vera það, að leyfa rekstur svo áhrifamikils tækis sem sjónvarp er, án þess að hafa þar um neinar forsagnir, án þess að það lúti í smáu né stóru um rekstur, efnisval eða annað íslenzku ákvörðunarvaldi, íslenzkum reglum og l.? Það er að vísu rétt, sem sagt hefur verið, að um þjóðlegan metnað, þjóðlega sæmd tjái lítt að rökræða, það er tilfinning, sem menn bera í brjósti. Þeir, sem kunna að vera sneyddir slíkri tilfinningu, láta vitanlega sem vind um eyru þjóta, þótt skírskotað sé til hennar. Hinir hljóta að gera sér það ljóst, að ástand þessara mála hér á landi í dag er óviðunandi og niðurlægjandi. Um þetta örlagaríka mál hefur margt verið rætt og ritað undanfarin missiri. Fjöldi ábyrgra manna á sviði uppeldis- og menntamála, félagsmála, lista og vísinda hefur í ræðu og riti með samþykktum og áskorunum gagnrýnt ríkjandi ástand og varað við afleiðingum þess. Hér á Alþ. var lengi hljótt um þetta mál og þótti ýmsum furðu gegna. Ástæðan var sú, að mánuð eftir mánuð gerðum við andstæðingar herstöðvarsjónvarpsins tilraunir til að undirbúa og auðvelda viðhlítandi lausn málsins og afla henni fylgis hér í þingsölunum. Okkur var um það kunnugt, að áhrifamenn innan stjórnarflokkanna með hæstv. menntmrh., Gylfa Þ. Gíslason, í fararbroddi vildu stuðla að lausn málsins og unnu að henni, en virtust mæta andstöðu í eigin liði. Langur tími leið og ekkert gerðist. Fyrir rúmum tveimur mánuðum var þolinmæði okkar með öllu þrotin. Þá fluttum við 6 þm. Alþb. og Framsfl. till. til þál. um þær aðgerðir í þessu efni, sem menntmrh. og fleiri stjórnarþm. höfðu lýst sig fylgjandi á opinberum vettvangi, að við þau tímamót, þegar íslenzkt sjónvarp tekur til starfa, verði sú breyting gerð á tæknibúnaði herstöðvarsjónvarpsins, að sendingar þaðan takmarkist við herstöðina eina. Áður en þessi till. var lögð fram, leituðum við flm. enn eftir sem allra víðtækastri samstöðu um flutning hennar. Sú tilraun mistókst.

Fyrir rúmum mánuði var till. okkar rædd í Sþ. Ein rödd heyrðist úr herbúðum stjórnarliða við það tækifæri. Röddin sú boðaði það fagnaðarerindi, að ekkert væri sjálfsagðara en að Keflavíkursjónvarpið verði framvegis annað þjóðarsjónvarp Íslendinga, takmörkun þess væri skerðing á dýrmætu frelsi. Allir aðrir stjórnarliðar þögðu þunnu hljóði og þeir þegja enn. Till. okkar var vísað til n. og þar hefur hún sofið fram á þennan dag. Nú eru 2—3 dagar til þingslita. Ég skora á talsmenn stjórnarflokkanna hér í þessum umr. að svara því skýrt og skorinort, hver sé afstaða þeirra til þessa máls. Er það ætlun þeirra að leysa það á viðhlítandi hátt eða ætla þeir að taka á sig þá þungu ábyrgð, sem því fylgir, ef ekkert verður gert? Ég fæ ekki séð, að Alþ. og ríkisstj. geti eða megi skjóta sér undan þeirri siðferðilegu skyldu að leiðrétta þau glappaskot, sem gerð hafa verið. En það verður einungis gert á þann veg, eins og málum er komið, að við Íslendingar eigum og rekum okkar sjónvarp sjálfir, gerum það svo vel og myndarlega sem við erum menn til, en Keflavíkursjónvarpið verði jafnframt takmarkað við herstöðina eina.

Fyrir nokkrum dögum skýrði hæstv. fjmrh. frá því hér á Alþ., að vöxtur þjóðartekna síðustu 3 árin hefði

orðið sá, sem hér segir: 7,2% árið 1963, 8.4% árið 1964 og tæp 9% árið 1965. Þetta er miklu örari vöxtur þjóðartekna en þekkist í nokkru nálægu landi og vafalaust einhver hinn mesti í veröldinni. Að þessu hefur stuðlað mikið góðæri til lands og einkum sjávar, aukin tækni, firnalangur vinnutími allra starfsstétta og síhækkandi afurðaverð á erlendum mörkuðum. Ætla mætti, að á þessum veltiárum hefðu lífskjör almennings batnað verulega, þjóðinni vaxið ásmegin til alhliða framfarasóknar, ráðamenn hennar öðlazt stóraukið traust á íslenzkum atvinnuvegum og hagnýtt góðærið til bráðnauðsynlegra umbóta á sviði skóla-, fræðslu- og uppeldismála og til að margfalda hvers konar stuðning við íslenzka menningarviðleitni, vísindi og listir. Hefur núv. ríkisstj. borið gæfu til að móta þessa eða þvílíka stefnu? Hefur hún notað liðin veltiár til að veita slíkri framfara- og menningarsókn forustu? Hvernig svara verkamenn og opinberir starfsmenn þeirri spurningu, hvort kjör þeirra hafi batnað í hlutfalli við vöxt þjóðartekna? Verkamannalaun nú fyrir 8 stunda vinnudag eru um 8 þús. kr. á mánuði. Verkamenn og fjölmargir aðrir þjóðfélagsþegnar hafa neyðzt til að mæta dýrtíðinni með stöðugri lengingu vinnutímans dag hvern, helgan jafnt sem virkan. Fyrir löngu er svo komið, að stór hluti þjóðarinnar á þess næsta lítinn kost að lifa eðlilegu heimilis-, félags- og menningarlífi, því að tómstundir eru fáar, þegar unnið er alla daga myrkranna á milli. Hafa núv. ráðamenn sýnt það með stefnu sinni og starfsháttum, að góðærið efldi með þeim traust á landi og þjóð? Er hitt ekki sanni nær, að þeir kyrji nú sem ákafast þann söng, að gæði landsins séu of fábreytt og geta landsmanna til að hagnýta þau enn minni, svo að hér þurfi erlend stóriðja og erlendir auðhringir að halda innreið sína. Og hvar eru stórvirkin á sviði uppeldis- og menningarmála, þeirra geysimikilvægu mála, sem í hverju þróuðu nútímaþjóðfélagi eru talin forsenda góðs efnahags og heilbrigðs þjóðlífs? Allt of lítill hluti af vaxandi þjóðartekjum hefur gengið til að treysta þann grundvöll. Þar skortir okkur enn á flestum sviðum heildarstefnu og skipulag og stórhuga framkvæmdaáætlun.

Mér dettur ekki í hug að kenna núv. ríkisstj. um þær vanrækslusyndir allar og sízt hæstv. menntmrh., sem margt hefur vel gert í þessum efnum, þó að um sumt verði því miður að segja, of lítið og of seint. Hér eiga fyrri ríkisstj. einnig sína sök og ekki aðeins þær, heldur við Íslendingar flestir eða allir. Við höfum sýnt háskalegt tómlæti um aðbúð að stofnunum uppeldis, menningar og mennta. Okkur hefur ýmist skort nægan skilning á því, hver er grundvöllur framfara og varanlegrar verðmætasköpunar í nútímaþjóðfélagi eða sýnt allt of mikið tómlæti við að hamra látlaust á nauðsyn þess, að þann grundvöll verður að treysta, þó að það kosti mikið átak. Vissulega er blóðugt til þess að vita, að á veltiárum, þegar raunverulegar þjóðartekjur stóraukast, skuli ekki gert nýtt og myndarlegt átak til að efla nauðsynlegar menningarstofnanir og koma upp öðrum, sem algerlega skortir. Háskólinn vex allt of hægt. Tilfinnanlegur húsnæðisskortur er orðinn honum alger fjötur um fót. Okkur skortir fleiri menntaskóla. Einn er að vísu í smíðum, en þar um gildir það, sem ég áðan sagði, of lítið og helzt til seint. Opinber stuðningur við námsmenn heima og erlendis er allt of lítill og fer jafnvel minnkandi, þegar miðað er við aukna dýrtíð. Aðalsöfn landsins, háskólabókasafn og landsbókasafn, hafa áratugum saman verið févana til nauðsynlegra bókakaupa og bæði skortir þau algerlega viðhlítandi húsakost. Skólabókasöfn hefur löggjafar- og fjárveitingavaldið alla tíð vanrækt. Byggingu yfir listasafn þjóðarinnar eigum við enga. Þannig mætti lengi telja. Auðvitað er mér ljóst, að allt þetta, svo og margt annað nauðsynlegra framkvæmda á sviði skóla- og menningarmála verður ekki gert í einu vetfangi eða á fáum árum. Viðfangsefnin eru mörg hjá þjóð, sem fyrir nokkrum áratugum skorti allt til alls og er í örum vexti. En á þessu sviði ber að setja markið hátt og krefjast mikils. Slíkt er hin bezta fjárfesting og öruggasta trygging fyrir farsælli þjóðfélagsþróun. Það er hart til þess að vita, að jafnt í góðæri sem á erfiðum tímum skuli opinberar ráðstafanir til að hamla gegn ofþenslu ævinlega bitna harðast á bráðnauðsynlegum, opinberum framkvæmdum. Það er hart til þess að vita, að á sama tíma og æsku landsins skortir aukna aðstöðu til menntunar og fæstar menningarstofnanir fá notið sín sakir fjárskorts, skuli dýrmætum gjaldeyri þjóðarinnar eytt hömlulítið í margs kyns fánýti. Hér í Reykjavík skýtur víst upp fleiri en einum nýjum heildsala með hverju nýju tungli, þótt ekki sé til annars en að flytja inn fáeinar kextegundir, hollenzkar smákökur eða danska tertubotna. Enda má mikið vera, ef heildsalastéttin, sem notar gjaldeyri landsmanna, fer ekki að verða fjölmennari í höfuðborginni en sjómannastéttin, sem aflar gjaldeyrisins.

Hafi núv. ríkisstj. einhvern tíma ætlað sér að hamla gegn verðbólguþróun, er auðsætt, að hún hefur nú gersamlega hætt öllum tilburðum í þá átt. Verðbólgan vex stöðugt og fullvíst er, að á næstu mánuðum og missirum hlýtur hún að æða yfir með meiri hraða en nokkru sinni. Ekki verður annað sagt en verkalýðshreyfingin hafi að undanförnu gert sitt ýtrasta til að auðvelda valdhöfunum baráttuna við þennan vágest, en þeir létu tækifærið ónotað. Alþýða landsins hefur 2 ár í röð samið um kaup og kjör með það fyrir augum, að hægt yrði að stöðva dýrtíðina. Hún hefur tryggt tveggja ára vinnufrið í landinu, en í stað þess að nota þennan dýrmæta tíma til nauðsynlegra aðgerða í verðlagsmálum, er dýrtíðarófreskjunni sleppt lausri, svo að hún rýrir dag frá degi afkomumöguleika almennings og ógnar aðalatvinnuvegum þjóðarinnar. Í stað þess að draga úr verðbólgu er samið um hernaðarframkvæmdir í Hvalfirði, kísilgúrverksmiðju í samlagi við ameríska auðhring og nú síðast álúmíníumverksmiðju Svisslendinga í Straumsvík. Næst á óskalista ríkisstj. er svo amerísk olíuhreinsunarstöð. Boðuð hefur verið stórfelld þátttaka erlendra gróðafyrirtækja í íslenzkum fiskiðnaði. Þetta er fagnaðarboðskapur stjórnarflokkanna í dag. Markvisst og stig af stigi er verið að hverfa frá þeirri grundvallarstefnu, að landsmenn sjálfir eigi atvinnutækin og nytji auðlindir landsins. Það, sem var kjarni íslenzkrar sjálfstæðisbaráttu, að þjóðin heimti ráð málefna sinna í eigin hendur, jafnt stjórnarvald sem eignar- og yfirráðarétt allrar atvinnustarfsemi í landinu, skal nú að engu haft og fótum troðið. Það stefnu-

mið, sem okkur hefur bezt gefizt og lagt hefur grunninn að framfarasókn Íslendinga í meira en hálfa öld, er lagt fyrir róða og látið víkja fyrir þeirri stefnu, að erlendum auðhringum sé falin forsjá atvinnumála og íslenzkir menn gerist handlangarar þeirra og þjónar. Samningur ríkisstj. við svissneska alúmínfélagið, sem hún lét þinglið sitt fullgilda á Alþ. í fyrradag, er aðeins forleikur þess, að aðrir erlendir auðhringar brjótist inn í íslenzkt þjóðfélag með forréttindaaðstöðu og blind gróðasjónarmið. Nú eru íslenzkir menn að nýju orðnir annars flokks þegnar í eigin landi. Innlendur atvinnurekstur skal framvegis búa við allt annan og minni rétt en útlent auðfélag. Þessi nýja stefna ríkisstj. markar skýrari og gleggri línur í íslenzkri pólitík en verið hefur um árabil. Annars vegar eru þeir, sem ekki sjá önnur ráð vænlegri til að tryggja atvinnuuppbyggingu hér á landi en að reisa hana á fyrirtækjum erlendra auðfélaga. Með gerðum sínum lýsa þeir vantrú á gæðum landsins og getu landsmanna til að hagnýta þau. Þeir vanrækja íslenzka atvinnuvegi og beita þá jafnvel efnahagslegum þvingunum. Innlendur iðnaður hefur þegar goldið mikið afhroð, *togaraútgerð er því nær í rústum sakir* vanrækslu á uppbyggingu hennar með nútímasniði, línubátaflotann skortir rekstrargrundvöll og svo mætti lengi telja. Þetta er stefna útlölu- og afturhaldsmanna, sem virðast hafa glatað trúnni á íslenzkt framtak. Gegn þessari útlölustefnu, gegn þessu flóttaliði hljóta að rísa allir þeir, sem eru fullvissir um, að með tilstyrk íslenzkra atvinnuvega, sjávarútvegs, landbúnaðar og iðnaðar, megi og eigi að tryggja hér góð og batnandi lífskjör, efla íslenzkt menningarlíf, halda áfram því starfi að byggja íslenzkt þjóðfélag. Valið stendur einfaldlega um þetta: Eigum við á komandi tímum að reisa afkomu okkar æ meir á erlendum stóriðjurekstri í eigin landi eða eigum við að beita atorku okkar, vinnuafli og fjármagni til eflingar íslenzkum atvinnuvegum og hagnýta í stórauknum mæli verkkunnáttu, vísindi og tæknivæðingu? Hvort tveggja verður ekki gert í senn. Til þess höfum við hvorki nægan mannafla né efnahagskerfi, sem þyldi slíka þenslu. — Góða nótt.

Óskar E. Levy: Herra forseti. Heiðruðu hlustendur. Mér er sagt, að fleiri frv. um sölu ríkisjarða hafi verið til meðferðar á því Alþ., sem nú er að ljúka störfum, en nokkru sinni áður. Er það vissulega gleðilegur vottur þess, að bændur ætli enn að bæta jarðeignir sínar og auka þar með á sínar verðmætu eignir, en bændastéttin á mestallt Ísland og tel ég hana því með ríkustu stéttum þessa lands. Ég talaði um jarðir sem verðmætar eignir, enda þótt þær séu nú í dag ekki seljanlegar fyrir það, sem í þær hefur verið lagt. Ég geri það vegna þess, að án landsins væri þjóðin ekki til og líka vegna þess, að það hlýtur að koma að því, að landið sjálft hækki í verði með hraðfjölgandi þjóð. Ég tel jarðakaup bænda einnig gleðilegan vott um það, að þeir eru í sókn til bættra lífskjara. Þeir sækja fram með fullri djörfung. Bændur sýna með þessu, svo að ekki verður um villzt, að þeir vilja eiga landið, sem þeir erja, þeir eru ekki þjóðnýtingarmenn. Sagan hefur líka sýnt okkur, að á því fer bezt. Ætíð hefur manni virzt, að sjálfseignarbændurnir *sætu sínar jarðir betur en aðrir, enda ekki þurft að* spyrja aðra um leyfi fyrir umbótum, heldur hafizt handa sem frjálsir og djarfhuga menn. Ég tel jarðakaupastefnu bænda rétta og hún muni verða til blessunar fyrir land og þjóð.

Á sínum tíma vann Framsfl. nokkuð að því, að bændur seldu ríkinu jarðir sínar, og þeim varð nokkuð ágengt í þeim efnum. Þessir bændur guldu mikið afhroð og urðu yfirleitt sáróánægðir landsetar ríkisins. Með hinni alræmdu 17. gr. jarðræktarl., þar sem ríkið átti að eignast hlut og síhækkandi hlut í jörðunum fyrir móttekinn styrk frá því vegna umbóta, var að því stefnt, að ríkið eignaðist jarðir bænda smátt og smátt. Sjálfstfl. var þessu mótfallinn og er það enn og vegna hans baráttu var hin svokallaða 17. gr. jarðræktarl. afnumin. Þessi stefna framsóknarmanna hefur vafalaust verið fram sett af góðum hug og í góðum tilgangi, en hún var röng og stórhættuleg bændastétt og búaliði. Nú fá bændur, eins og rétt er og sjálfsagt, jarðræktarstyrkinn sem verðlaun til fullrar eignar og ráðstöfunar fyrir að rækta, byggja og prýða landið. Á undanförnum áratugum hefur fjöldi fólks flutt búferlum úr sveitum landsins til þéttbýlli staða, einkum til höfuðborgarinnar. Flest af þessu fólki hefur verið ungt og fullvinnufært, eftirsóttustu árgangarnir á vinnumarkaði þjóðarinnar. Landbúnaður hefur þannig alið upp mikið af starfsömu og góðu fólki við aðra atvinnuvegi. Þeir hafa fengið í þessum fólksflutningum mikinn og óveginn styrk. Hér er um vangoldna skuld að ræða, sem þarf að greiðast. Ég tel vafasamt, að nokkur annar atvinnuvegur hefði þolað þetta áfall til jafns við landbúnaðinn. Lítum til þess, ef svo hefði gengið hér í Reykjavík, ef unga fólkið hefði að mestu leyti á undanförnum áratugum flutt til annarra staða á landinu. Ég hygg, að það sæist mjög á flestum sviðum borgarlífsins, og uppbyggingin hefði gengið nokkuð hægar. Að svona hefur farið, stafar að nokkru af breyttum atvinnuháttum þjóðarinnar, að nokkru vegna þess að framfarir í verklegum efnum voru fyrr á ferð í þéttbýlinu en annars staðar, að nokkru fyrir það, að trúin á landið, grósku þess og gæði hefur ekki verið nógu sterk.

Því hefur stundum verið haldið fram á opinberum vettvangi og manna á milli og þó einkum hin síðari ár, að vangert hafi verið við sveitir landsins af því opinbera. Og verra hafi þar verið til lífsafkomu en annars staðar. Stjórnarandstaða núv. hæstv. ríkisstj. hefur einkum hampað þessari kenningu og látið málgögn sín dreifa henni um landið. Með þessu hefur verið unnið *mikið óþurftarverk, verk, sem hefur orðið þess valdandi*, að unga fólkið sérstaklega hefur nú um sinn haft minni áhuga á búskap en skyldi. Hér hefur stjórnarandstaðan hallað mjög réttu máli í málefnafátækt sinni. Sannleikurinn er sá, að aldrei fyrr í sögu landsins hefur verið búið eins vel að landbúnaðinum sem nú og að undanförnu af hendi núv. hæstv. ríkisstj. Í þessu sambandi má minna á, að ræktun undanfarin ár hefur verið meiri en nokkru sinni áður, byggingar meiri en nokkru sinni áður, vélbúnaður langtum meiri og betri en nokkru sinni áður og bústofn og framleiðsla meiri en nokkru sinni áður. Bændur landsins eru máttugri og stórhugaðri en nokkru sinni áður vegna viðreisnarinnar. Dæmi eru mörg um það, að þeir hafa með tilstyrk Stofnlánadeildar landbúnaðarins byggt svo til öll

hús upp frá grunni á nýtízkulegan hátt á skömmum tíma. Sjá má víða í sveitum landsins svo fagrar, nýjar peningshúsabyggingar, að þær líkjast helzt íbúðarhúsum. Nú er það algengt, að bændur kaupa sér nýja bifreið til heimilisþarfa, sem varla þekktist á tímum vinstri stjórnarinnar, enda eru bifreiðar orðnar næstum því á hverjum bæ og sums staðar fleiri en ein. Allt þetta hefur getað skeð vegna þess, að bændur og búalið hafa haft úr meiru að spila en áður var. Tekjurnar hafa vaxið meira en útgjöldin, tekjurnar hafa vaxið m. a. vegna þess, að það hefur verið lögboðið, að bændur hefðu fyrir sína vinnu tekjur á móts við verkamenn, sjómenn og iðnaðarmenn og það hefur verið séð fyrir því, að það sem landbúnaðurinn seldi af sinni framleiðslu á erlendum mörkuðum, væri verðbætt úr ríkissjóði með útflutningsuppbótum að vissu hámarki, þó að framleiðsla sé orðin svo mikil nú, að búið er að skjóta yfir markið.

Í útflutningsuppbætur hefur bændastéttin nú fengið hundruð milljóna króna. Þetta ber að þakka núv. hæstv. ríkisstj., enda var útflutningsuppbótum fyrst komið á eftir að hún tók við völdum. Sérstakar þakkir á okkar ágæti hæstv. landbrh., Ingólfur Jónsson, sem er óþreytandi við að vinna landbúnaðinum sem allra mest gagn.

Um útflutningsuppbæturnar hefur verið furðu hljótt í málgögnum framsóknarmanna. Hafa bændur haft þau orð, að líklega væri nokkrum sinnum búið að lofa þær, ef framsóknarmenn hefðu borið gæfu til að vinna bændastéttinni svo ágætt starf. Til eru menn, sem telja útflutningsuppbæturnar eftir og vilja afnema þær. Afnám þeirra mundi hækka útsöluverð landbúnaðarframleiðslunnar á innlendum markaði, svo bændur bæru svipað úr býtum og aðrar vinnustéttir, sem þeir og eiga rétt á. Þetta ástand er tímabundið og verður ekki langvarandi. Þjóðinni fjölgar nú mjög ört, telur nú rúmlega 190 þús. manns. Áætlað er, að landsmenn muni verða ca. helmingi fleiri eða um 380 þús. manns eftir rúm 30 ár. Fullvíst má því telja, að útflutningsuppbætur muni á næstunni hverfa úr sögunni, en skortur á landbúnaðarframleiðslunni koma í staðinn. Það þarf bændastéttin út af fyrir sig ekki að harma, því það mundi skapa betra andrúmsloft yfirleitt á milli neytenda og hennar og líkur til, að verðið mundi hækka með vaxandi eftirspurn.

Herra forseti, tími minn er senn á þrotum. Ég geri ráð fyrir því, að við eigum eftir að heyra mikið barlómsvæl hjá hv. stjórnarandstæðingum nú sem fyrr. Ég tel, að engum sé greiði ger með slíku tali. Bændur hafa ekki ástæðu til að kvarta og þjóðin ekki í heild. Aldrei hefur hún lifað við jafnmikla möguleika og aldrei veitt sér jafnmikið. Það getur hver og einn fundið með því að bera saman það sem var og það sem nú er. Þrátt fyrir þetta á hún ca. 2000 millj. kr. í erlendum gjaldeyri á erlendri grund. Vissa er fyrir, að enn muni breytast til batnaðar á þjóðfélagssviðinu og möguleikarnir verða langtum meiri en þeir eru nú. Álverksmiðjan og atvinnujöfnunarsjóður munu m. a. stuðla að því. Hrakspár og fullyrðingar andstæðinganna munu ekki rætast. Þannig fór það í einum af okkar allra stærstu sigrum, lausn landhelgisdeilunnar við Breta, en vopnaburður andstæðinganna í landhelgisdeilunni og álverksmiðjumálinu nú er svipaður.

Frá atvinnujöfnunarsjóði vegna tekna frá álverksmiðju munu hundruð milljóna króna á næstu árum renna út um byggðir landsins til uppbyggingar og eflingar atvinnulífs. Í sveitum landsins er mikið verk að vinna. Þar er ónumið dýrmætt land. Það land þarf að nema og rækta, svo ekki verði allt of mikill skortur á landbúnaðarframleiðslunni í framtíðinni.

Fóðuröflun þarf að auka, svo fyllsta öryggi verði í fóðrun bústofns bænda um alla framtíð, á hverju sem gengur. Ég hef trú á því, að lausnin á þessu sviði verði heymjöls- eða heykögglaverksmiðja í sem flestum héruðum landsins, þar sem vel hagar til. Hér og á fleiri sviðum landbúnaðar er um verkefni fyrir atvinnujöfnunarsjóð að ræða. Álverksmiðja og atvinnujöfnunarsjóður munu því mjög stuðla að eflingu landbúnaðar og byggðajafnvægi, ef rétt og markvisst verður á þeim málum haldið. — Góða nótt.

Sigurður Bjarnason: Herra forseti. Góðir hlustendur. Tímarnir breytast og mennirnir með. Eitt er þó óumbreytanlegt. Það er viðleitni einstaklinganna til þess að skapa sér og sínum persónulega farsæld og hamingju. Á sama hátt er það ósk allra þjóðhollra manna, að réttlátt, heilbrigt og þroskavænlegt stjórnarfar ríki í landi þeirra. En einstaklingana greinir á um það, hvernig þessu tvíþætta takmarki verði náð. Þess vegna skiptast þeir í stjórnmálaflokka, sem síðan berjast um völd og áhrif. Þessi barátta er mannleg og eðlileg. Hún byggist á rétti fólksins í lýðræðisþjóðfélagi til þess að gagnrýna, velja og hafna. Þegar við Íslendingar lítum yfir þau tæp 50 ár, sem liðin eru síðan fullveldi Íslands og sjálfstæði var viðurkennt, kemur það í ljós, að á þessu tímabili hafa samtals tuttugu ríkisstj. farið með völd í landinu. Þessi sögulega staðreynd sýnir, að skapleg festa hefur ríkt í stjórnmálum Íslendinga allt frá því að landið öðlaðist fullveldi. Í þessu sambandi má benda á, að í Finnlandi hafa 47 ríkisstj. farið með völd á sama tímabili.

Okkur Íslendinga greinir vitanlega á um matið á starfi og stefnu ríkisstjórna okkar. Engin ríkisstj. er alfullkomin fremur en önnur mannanna verk, en þótt margt hafi farið verr úr hendi en skyldi á tæplega hálfri öld fullveldis og sjálfstæðis, hefur íslenzkt þingræði og lýðræði náð góðum þroska. Það er einnig athyglisvert, að sú ríkisstj., sem nú fer með völd í landinu, hefur setið í tæp sjö ár og þar með lengur en nokkur önnur íslenzk ríkisstj. Þessi samstjórn Sjálfstfl. og Alþfl. hefur verið óvenju samhent og samstarf innan hennar verið með meiri heilindum en stundum hefur tíðkazt innan samsteypustjórna. Í síðustu alþingiskosningum veittu íslenzkir kjósendur ríkisstj. ótvíræða traustsyfirlýsingu og umboð til þess að stjórna landinu áfram.

Hér gefst ekki tóm til þess að ræða ítarlega stefnu og athafnir hinna ýmsu ríkisstj., en athyglisvert er það, að eina ríkisstj., sem setið hefur á Íslandi, sem hækkað hefur gengi íslenzkrar krónu, er ríkisstj. Jóns Magnússonar, Jóns Þorlákssonar og Magnúsar Guðmundssonar, sem fór með völd á árunum 1924 til 1927. Enda þótt sú ráðstöfun væri umdeild á sínum tíma, má vel minnast hennar nú, þegar umr. um efnahagsmál hafa um

alllangt skeið mótazt verulega af afstöðunni til gengisskráningar krónunnar og oft hefur orðið að grípa til gengislækkana, sem allir stjórnmálaflokkar hafa átt beinan eða óbeinan þátt í.

Þegar kveðinn er upp dómur um starf og stefnu ríkisstj., er það fyrst og fremst tvennt, sem veitir sönnust svör um það, hvernig henni hafi tekizt að stjórna. Það er í fyrsta lagi líðan almennings og aðstaða fólksins í lífsbaráttunni og í öðru lagi efnahagsástand þjóðfélagsins í heild. Er fyrsta atriðið er athugað, kemur í ljós, að Íslendingum hefur aldrei liðið eins vel og í dag. Það hefur aldrei ríkt hér önnur eins velmegun til sjávar og sveita og nú. Þetta er staðreynd, sem hver einasti einstaklingur finnur með því að stinga hendi í eigin barm. Aflabrestur í einstökum verstöðvum hefur að vísu skapað tímabundna erfiðleika, sem ekki breyta heildarmyndinni.

Í öðru lagi blasir sú staðreynd við, að efnahagsafkoma þjóðarbúsins er góð. Íslendingar eiga í dag yfir 2000 milljóna króna gjaldeyrisvarasjóð. Verzlun og viðskipti færast stöðugt í frjálslegra horf, vöruúrval er meira í landinu en nokkru sinni fyrr. Þjóðin veitir sér meira á öllum sviðum en áður hefur tíðkazt. Ör þróun og uppbygging setur svip sinn á allt líf og starf í landinu, húsnæði batnar í sveit og borg.

Þessum staðreyndum ber að fagna, en þær eru fyrst og fremst afleiðing framtaks einstaklinganna og hyggilegrar stjórnarstefnu, sem m. a. hefur tryggt stóraukna framleiðslu og verðmætasköpun í þjóðfélaginu. Ný tækni og vísindi hafa verið tekin í þágu bjargræðisveganna.

Hv. stjórnarandstæðingar, þeirra á meðal Eysteinn Jónsson, segja hér í kvöld, að velmegunin sé ekki ríkisstj. að þakka, heldur góðum aflabrögðum. Þeirri staðhæfingu má svara með því, að lítið gagn er að mikilli fiskigengd, ef útvegsmenn og sjómenn hafa ekki góð og fullkomin tæki til þess að hagnýta sér hana. Það er vegna þess að sjávarútvegurinn hefur í skjóli stjórnarstefnunnar eignazt ný og stórvirk framleiðslutæki, sem framleiðsla hans hefur aukizt að miklum mun undanfarin ár.

Á það má einnig benda, að árið 1958, þegar vinstri stjórnin gafst upp, var eitthvert mesta aflaár, sem um getur í sögu íslenzkra fiskveiða. Þrátt fyrir það var þjóðarbúið komið á gjaldþrotabarm, þegar vinstri stjórnin sagði af sér. Þessa hefðu þeir Eysteinn Jónsson og Hannibal Valdimarsson mátt minnast betur en ræður þeirra hér í kvöld báru vitni um. Kjarni málsins er, að viðreisnarstjórnin afstýrði því hruni, sem við blasti, þegar hún tók við völdum, skapaði jafnvægi í efnahagslífi þjóðarinnar og skapaði bjargræðisvegunum möguleika til þess að endurnýja tæki sín og taka tæknina í þjónustu sína í stöðugt vaxandi mæli.

Þessa grundvallarstaðreynd þekkir hver einasti sjómaður, sem man t. d. mismuninn á sumarsíldveiðunum fyrir Norðurlandi á gömlu skipunum og hinum nýju og stóru skipum búnum margvíslegum nýtízku tækjum.

En þrátt fyrir hina miklu atvinnulífsuppbyggingu og fjölþættar framkvæmdir og framfarir í landinu undir forustu núv. ríkisstj., er enn þá við margvíslegan vanda að etja. Mun svo jafnan reynast, hvaða flokkar sem fara með stjórn í landinu, að ný vandamál skapast stöðugt. Það er eitt af lögmálum hinnar stöðugu framvindu lífsins. Núv. ríkisstj. hefur t. d. ekki, þrátt fyrir margvíslegar ráðstafanir, tekizt að hindra vöxt dýrtíðar og verðbólgu s. l. tvö til þrjú ár, en þar er ríkisstj. og stuðningsflokka hennar sannarlega sízt um að saka. Verðbólga er vandamál, sem aldrei verður læknað í eitt skipti fyrir öll. Til þess að henni verði haldið í skefjum þarf samræmdar aðgerðir og umfram allt vilja þjóðarinnar sjálfrar, en þrátt fyrir það að allir segist vera á móti dýrtíðinni, fer því þó víðs fjarri, að sá vilji birtist alls staðar í verki. Hv. leiðtogar stjórnarandstöðunnar hafa t. d. lagt höfuðkapp á að torvelda baráttu ríkisstj. gegn verðbólgunni. Hér í umr. þykjast þeir hins vegar hata dýrtíðina eins og pestina og kenna óskaplega í brjósti um blessaðar húsmæðurnar. Svona eru heilindi þessara herra.

Hið stöðuga kapphlaup milli kaupgjalds og verðlags hefur raskað því efnahagsjafnvægi, sem öðru hvoru hefur náðst. Þetta er gömul saga og ný, sem gerzt hefur í stjórnartíð flestra ríkisstj. Of margir Íslendingar hafa trúað á kjarabót hinna stóru stökka í launa- og verðlagsmálum. Í þessu sambandi er athyglisvert að gefa gaum því, sem gerist meðal frændþjóða okkar á Norðurlöndum, þar sem víða er samið um kaupgjald til tveggja til þriggja ára. Nú síðast í Svíþjóð til þriggja ára með um 2% kauphækkun á ári að meðaltali, að viðbættri nokkurri styttingu vinnutíma, sem einnig er framkvæmd í þremur áföngum. Eru Svíar þó ein ríkasta og háþróaðasta iðnaðarþjóð Evrópu.

Ekkert er eðlilegra en að einstaklingarnir vilji bæta lífskjör sín og verða þátttakendur í þeim vaxandi arði, sem aukin tækni og meiri framleiðsla dregur í þjóðarbúið, en þessar kröfur verða að miðast við raunverulega greiðslugetu útflutningsatvinnuveganna. Því miður verður sú staðreynd ekki sniðgengin, að þrátt fyrir mjög aukna framleiðslu, t. d. hjá sjávarútveginum, á fjöldi útgerðarfyrirtækja og fiskiðnaðarfyrirtækja við mikla erfiðleika að etja af völdum stóraukins tilkostnaðar. Fram hjá þessari staðreynd er ekki hægt að ganga til lengdar. Útgerðin er í dag hyrningarsteinn íslenzks efnahagslífs og verður það enn um langt skeið. Ef þjóðin vill, að lífskjör hennar haldi áfram að batna, verður hún að taka meira tillit til grundvallarlögmála efnahagslífsins en hún hefur gert um skeið. Þau lögmál eru ekki eins flókin og margir vilja vera láta. Kjarni þeirra er sá, að það er aldrei hægt að eyða meiru en aflast.

Það þing, sem nú er að ljúka störfum, hefur verið mjög athafnasamt. Það hefur afgreitt fjölda stórmála og lagt grundvöll að fjölþættum framkvæmdum og framförum í landinu. Álverksmiðju og atvinnujöfnunarsjóð ber þar hæst þessara stórmála. Með álverksmiðjunni er grundvöllur lagður að stóriðju í landinu og þar með gerður að veruleika draumur margra framsýnna hugsjónamanna fyrr og síðar. Við sjálfstæðismenn teljum að vísu, að æskilegra hefði verið, að þetta glæsilega atvinnufyrirtæki hefði verið byggt utan hins ört vaxandi þéttbýlis hér við Faxaflóa, þar sem við teljum að brýna nauðsyn beri til sköpunar aukins jafnvægis í byggðaþróun í landinu. En þegar þess reyndist ekki kostur, hikuðum við ekki við að semja um álverksmiðju við Straumsvík, sem tryggi stórum hluta þjóðarinnar

mun ódýrari raforku en ella hefði verið mögulegt, en það er skoðun okkar, að hin nýja stóriðja muni renna nýjum stoðum undir atvinnulíf og afkomu þjóðarinnar í heild, enda þótt fyrstu stóriðjufyrirtækin verði staðsett hér í mesta þéttbýlinu. Það sýnir ótrúlega þröngsýni og afturhald hv. stjórnarandstæðinga, að þeir skuli hafa einbeitt kröftum sínum í baráttunni gegn þessu mikla þjóðnytjamáli, frámsóknarmenn að vísu klofnir.

Atvinnujöfnunarsjóðurinn, sem lögfestur var hér á hv. Alþingi s. l. föstudag, markar tvímælalaust stærsta sporið, sem stigið hefur verið til uppbyggingar og framfara vítt og breitt í byggðum landsins. Hann er stofnaður af meiri stórhug og raunsæi en Íslendingar hafa átt að venjast, þegar um hefur verið að ræða ráðstafanir til framkvæmda og uppbyggingar í strjálbýlinu. Stofnfé þessa nýja sjóðs er 364 millj. kr. og ráðstöfunarfé hans á þessu ári mun verða 44 millj. kr. Á næsta ári mun það verða um 50 millj. kr., en mun á skömmum tíma aukast upp í 112 millj. kr. á ári.

Til viðbótar stofnfé atvinnubótasjóðs eru honum í l. tryggðar stórar lánsheimildir. Sjóðnum er heimilt að taka lán hjá Framkvæmdasjóði ríkisins, ef eigið fé sjóðsins nægir eigi til viðbótar lánveitingum annarra stofnsjóða til þess að stuðla að framgangi framkvæmdaáætlunar í hinum ýmsu landshlutum. Jafnframt er atvinnujöfnunarsjóði heimilað í þessu skyni að taka erlend lán allt að 300 millj. kr., hvort heldur er beint eða fyrir milligöngu Framkvæmdasjóðs ríkisins.

Spyrja mætti hv. 1. þm. Austf., Eystein Jónsson, að því, hvers vegna hann og vinstri stjórnin stofnuðu engan atvinnujöfnunarsjóð, eða stofnaði hún slíkan sjóð? Svar óskast.

Engum blandast hugur um það, að hinn nýi atvinnujöfnunarsjóður verður mjög öflug lánastofnun, sem hefur mikla möguleika til þess að stuðla að margvíslegum umbótum og framkvæmdum í hinum ýmsu landshlutum. Ber og til þess brýna nauðsyn, að markvisst verði að því unnið, að þróttmikil og blómleg byggð haldist í öllum landshlutum, þar sem skilyrði eru góð til framleiðslu og fólkið vill una. Það er hiklaus skoðun okkar sjálfstæðismanna, að auðlindir til lands og sjávar verði því aðeins hagnýttar, að jafnvægi ríki í byggðaþróuninni og fólkið hafi sem jafnasta aðstöðu, hvar sem það býr á landinu, en því miður brestur mikið á það enn, að svo sé.

Íslenzku þjóðinni fjölgar ört. Um næstu aldamót verða Íslendingar um 400 þús. manns og að hundrað árum liðnum má gera ráð fyrir, að hér búi milljónir manna. Þessum mannfjölda þarf ekki aðeins að sjá fyrir öruggri atvinnu og afkomu, heldur aðstöðu til þess að lifa hollu og þroskavænlegu menningarlífi, hvar sem er á landinu. Þess vegna er undirbúningur að nýjum menntaskólum, héraðsskólum og bættri aðstöðu til þess að framkvæma fræðsluskylduna í strjálbýlinu hinn mikilvægasti. Að þessum undirbúningi hefur verið unnið af þrótti og viðsýni undir forustu núv. ríkisstj.

Þegar litið er til framtíðarinnar, blasir fjöldi verkefna við í þessu stóra og strjálbýla landi, þar sem tæplega tveir íbúar byggja að meðaltali hvern ferkílómetra lands. Landrýmið á Íslandi er hinn mikli varasjóður framtíðarinnar. Landshlutaáætlanir þær, sem núv. ríkisstj. vinnur nú að og sumar er byrjað að framkvæma, um kerfisbundna uppbyggingu í einstökum landshlutum, eru því mjög þýðingarmiklar. Á þessu þingi hefur verið lagður grundvöllur að fyrsta stóriðjufyrirtækinu hér við Faxaflóa og kísilgúrverksmiðju í Þingeyjarsýslu. Í framtíðinni ber að stefna að því, að slík fyrirtæki rísi í öllum landshlutum. Í skjóli vatnsafls og jarðhita munu ný iðnfyrirtæki rísa. Það verður t. d. að teljast líklegt, að önnur álverksmiðja verði í framtíðinni byggð við Eyjafjörð eða annars staðar á Norðurlandi. Á Vestfjörðum eru góð skilyrði fyrir fullkomna fiskiðnaðarverksmiðju svipaða þeim, sem sölusamtök hraðfrystiiðnaðarins hafa reist erlendis. Við Breiðafjörð eru skilyrði talin góð til byggingar þangmjölsverksmiðju og í Vestmannaeyjum og víðar á fiskiðnaður í enn þá stærri stíl en nú örugga framtíð. Nýja rækjuverksmiðju þarf að byggja við nýfundin rækjumið í Húnaflóa og fyrr en varir geta kræklingur og kúfiskur orðið verðmæt útflutningsvara eins og humar og rækja eru nú. Margs konar efnaiðnaður kemur mjög til greina í hinum ýmsu landshlutum, ekki síst ef hér yrði innan skamms byggð afkastamikil olíuhreinsunarstöð. Innlendar stálskipasmíðar hljóta einnig að færast mjög í aukana með það fyrir augum, að landsmenn byggi í framtíðinni öll sín fiskiskip sjálfir.

Hér er ekki um neinar skýjaborgir að ræða. Þetta er það, sem hefur gerzt í öðrum löndum, og þetta mun gerast á Íslandi. Auk þess má nefna ýmiss konar fiskirækt í fjörðum landsins, sem raunar er aðkallandi nauðsynjamál í sambandi við vernd fiskimiða landgrunnsins. Bætt hafnarskilyrði verða einnig að teljast meðal aðkallandi verkefna. Ber í því sambandi að fagna yfirlýsingu hæstv. sjútvmrh. í síðustu viku um að ríkisstj. muni leggja ný og endurskoðuð hafnalög fyrir næsta reglulegt alþingi.

Herra forseti. Góðir hlustendur. Við getum deilt um það, sem gerzt hefur á þessu þingi, eins og annað, sem gerist í fortíð og nútíð. En framtíðin skiptir meginmáli. Þeir, sem nú eru miðaldra eða eldri, verða að gera sér það ljóst, að ný kynslóð er vaxin til manndóms og þroska á Íslandi, kynslóð, sem er hraustari, menntaðri og glæsilegri en nokkur önnur kynslóð, sem þetta land hefur byggt. Þessi kynslóð hefur tæknina, vísindin og þekkinguna að vopni. Með henni er hún reiðubúin til þess að vinna mikil afrek í þágu Íslands og ört vaxandi þjóðar þess. Það er hlutverk þeirra, sem þjóðin hefur valið til forustu á þessum miklu umbrotatímum, að búa sem bezt í haginn fyrir æskuna, skapa henni sem bezta aðstöðu til þess að njóta þeirra hæfileika, sem búa í huga hennar og hendi. — Góða nótt.

Ágúst Þorvaldsson: Herra forseti. Heiðruðu áheyrendur. Allar ríkisstj. og stuðningsflokka þeirra verður að dæma af reynslunni, og það verður að bera reynsluna saman við loforðin, sem ríkisstj. og stjórnmálaflokkar þeir, er hana styðja, hafa gefið þjóðinni. Af ávöxtunum skuluð þér þekkja þá, segir hið forna heilræði. Það stóð mikið til, og miklu var lofað í árslok 1959 og í byrjun ársins 1960, þegar núv. stjórnarflokkar voru eftir nokkurt tilhugalíf að ganga í þann brúðardans, þar sem Sjálfstfl. hefur síðan sveiflað sinni ástheitu dömu, Alþfl., á hálu svelli hins stórkapitaliska hagkerfis, sem ríkisstj. hefur verið að byggja hér upp á s.l. sex árum.

Á meðan þessi dans dunar og Alþfl. er í sínu ástríðuþrungna óminnisástandi og hefur gleymt sínum fornu hugsjónum, þá hafa gerzt og munu halda áfram að gerast þeir atburðir í þjóðlífinu á sviði efnahags- og atvinnumála, sem að er stefnt af Sjálfstfl., en hjá innsta kjarna þess flokks er takmarkið það að koma meginhlutanum af eignum og atvinnutækjum þjóðarinnar í hendur tiltölulega fárra útvaldra manna, sem hafa hreina auðhyggju í brjósti.

Einfaldasta ráðið til að koma slíku í framkvæmd á sem stytztum tíma er það að láta verðbólgu og dýrtíð vaða lausbeizlaða um efnahagskerfið. Gengislækkanir, háir vextir, síhækkandi skattar og vísitölubinding eða svokölluð verðtrygging á lánum til íbúðabygginga handa unga fólkinu, allt eru þetta óbrigðul ráð til að færa eignir landsmanna í fárra hendur, sem aftur þýðir það, að allur fjöldi þegnanna verður háður peningavaldinu og getur ekki af sjálfsdáðum staðið í framkvæmdum og atvinnurekstri.

Draumur kavalerans, Sjálfstfl., í brúðardansinum í viðreisnarhöllinni er stórkapitalískt þjóðfélag með stóriðju og stórrekstur á flestum sviðum atvinnulífsins, sem auðvitað hlýtur alltaf að vera í fárra manna höndum.

Ef einhverjum dytti í hug að efast um þetta, þá er á að líta dæmin deginum ljósari, hvernig undirstöðuatvinnuvegir þjóðarinnar, landbúnaður, sjávarútvegur og iðnaður eru að fara úr höndum margra og fremur smárra atvinnurekenda, og síðan safna nokkrir fjársterkir aðilar þessum atvinnutækjum og hinir fyrri gerast þeirra þjónar.

Það eru ekki mörg ár síðan algengasta form bátaútvegsins var þannig, að nokkrir menn áttu bát saman, unnu við fyrirtæki sitt, annaðhvort á sjó eða landi eða hvort tveggja og höfðu af því allgóð lífskjör. Þannig var einnig um iðnaðinn, en nú er þetta að færast í það horf, að hinum smáu útgerðarmönnum og iðnrekendum fækkar, en í staðinn koma stærri fyrirtæki rekin með stórgróðasjónarmið fyrir augum.

Þegar litið er til landbúnaðarins, þá er reynslan sú, að bændum fækkar og fólki í sveitum. Með hinni gífurlegu dýrtíð er búið að gera flestum einstaklingum ókleift fjárhagslega að stofna til búrekstrar. Ef menn vilja njóta nútíma vélvæðingar við búskapinn og lífsþæginda, sem nú eru talin nauðsynleg, og öðruvísi er auðvitað ekki hægt að búa í sveit fremur en annars staðar, þá þarf búið að vera mjög stórt, ekki minna en 30—40 afurðagæf kúgildi, hvort sem stunduð er sauðfjárrækt eða mjólkurframleiðsla. Slíkur bústofn með tilheyrandi vélakosti til rekstursins getur varla fengizt fyrir minna verð en eina milljón króna. Hús yfir fólk, fénað, hey og vélar með þeim gífurlega byggingarkostnaði, sem nú er, getur ekki verið undir tveimur milljónum, og er þá eftir jörðin sjálf og ræktun sú, sem til þarf að bera það bú, sem hér um ræðir.

Til þess að hægt sé að koma upp búi, sem nú í augnablikinu gæti fullnægt tekjuþörf venjulegrar fjölskyldu og staðið undir rekstrskostnaði eins og viðreisnarhagkerfið hefur mótað þetta allt, þá er stofnkostnaðurinn ekki minni en þrjár til fjórar milljónir.

Hvar er nú það unga fólk, sem getur lagt slíka upphæð fram til bústofnunar? Hvergi er bústofns- né jarðakaupalán að fá, svo teljandi sé. Veðdeild Búnaðarbankans lánar kannske eitt hundrað þúsund krónur til að kaupa jörð. Út á dráttarvél er lánað í stofnlánadeild landbúnaðarins til fimm eða sex ára um 30% af kaupverði hennar. Þetta eru þau einu lán, sem nú er hægt að fá fyrir þann, sem er að byrja búskap. Ekki örlar á neinu frá valdhöfunum til að bæta úr þessu.

Með hinni síauknu fjármagnsþörf, sem viðreisnarhagkerfið margfaldar árlega, er hinum ungu og efnalitlu gert sífellt erfiðara að stofna til búskapar eða atvinnureksturs yfirleitt. Afleiðingin er sú í sveitum landsins, að á ári hverju fjölgar hinum auðu og yfirgefnu jörðum. Hvernig halda menn, að umhorfs verði í landbúnaðinum eftir nokkur ár, ef svo verður fram haldið sem horfir nú og ekkert verður gert af hálfu löggjafarvaldsins til að tryggja framtíð þessa elzta atvinnuvegar þjóðarinnar, sem hún ekki getur án verið, ef hún ætlar að lifa í landinu?

Við framsóknarmenn flytjum nú á hverju þinginu eftir annað frv. um nýjar leiðir til að leysa bráðustu þörfina á þessu sviði, en þau mál eru svæfð af stjórnarliðinu.

Þegar viðreisnarhagkerfið hóf göngu sína, voru vextir af framkvæmda- eða stofnlánum í landbúnaði hækkaðir úr 4½, sem þeir höfðu verið í, og í 6½%. Hér var því um 45% vaxtahækkun að ræða. Bóndi, sem tók 100 þúsund króna lán í Búnaðarbankanum 1958, þurfti að borga af því í vexti 4500 krónur á ári, en sá, sem tekið hefur þar 100 þúsund króna lán síðan viðreisnarhagkerfið fór í gang, hann þarf að borga af því í vexti 6500 krónur á ári. En bændurnir, sem skv. skýrslum Hagstofunnar eru enn tekjulægsta stétt í landinu, þeir verða líka skv. ákvörðun valdhafanna að borga sérstakan skatt af tekjum sínum í stofnlánadeild landbúnaðarins. Af meðalbónda er þessi skattur nú nálægt 3000 krónum á ári. Sá sem er meðalbóndi og hefur á valdatíma núv. stjórnar tekið 100 þús. kr. lán í stofnlánadeild landbúnaðarins, hann verður ekki aðeins að borga 2000 krónum meira í vexti á ári en áður, heldur bætast nú um 3000 krónur við í lánaskatt. Viðskiptakjör bóndans við þá peningastofnun, sem á skv. tilgangi sínum að styðja hann til framkvæmda og til að byggja og nema landið fyrir alda og óborna, eru þannig orðin okurkjör. Þetta sést bezt, ef borin er saman vaxtaupphæðin, sem bændur borga á ári til stofnlánadeildarinnar, og upphæð lánaskattsins, en á s. l. ári innheimti stofnlánadeildin 33 millj. kr. í vexti og nokkuð yfir 15 milljónir í lánaskatt. Bændur borga þannig eina krónu í lánaskatt á móti hverjum tveimur, sem þeir borga í vexti af fjárfestingarlánum sínum.

Það hlýtur hver maður að geta séð, hvernig slíkur lánaskattur muni verka og hvort það sé líklegt, að fátækt fólk fýsi að ráðast í framkvæmdir, sem kosta þá refsingu, sem þessi lánaskattur er. Þegar svo þar við bætist, að framleiðsla sú, sem umfram er innanlandsnotkun og selja þarf úr landi, er orðin næstum verðlaus vegna hinnar taumlausu dýrtíðar, og útflutningsuppbæturnar, sem áttu að vera trygging handa bændastéttinni svo hún gæti haft nokkra afgangsframleiðslu handa þjóðinni, ef harðnaði í ári, eru nú orðnar ómegnugar að standa undir því hlutverki, sem þeim var ætlað.

Hæstv. viðskmrh. Gylfi Þ. Gíslason gerði þennan þátt mála að sérstöku umræðuefni í Nd. í dag og taldi, að framleiðniaukning í landbúnaði hér hefði ekki vegið upp á móti framleiðslukostnaðinum. Hann minntist ekkert á þátt verðbólgunnar, sem hann og félagar hans hafa lítinn vilja og því minni getu haft til að minnka, en sem allir vita, að hefur jafnharðan étið upp arðinn af striti bænda og framleiðniaukningu þeirra. Ráðh. þóttu störf bænda ekki vera arðbær og sagði, að útflutningur þeirra afurða landbúnaðarins, sem afgangs er innanlandsneyzlu, hafi rýrt þjóðartekjurnar. Hann vill fækka bændum og minnka landbúnaðarframleiðsluna. Það var mikil demba af orðaflóði um bændur og landbúnað, sem ráðh. hellti yfir þm. Það var engin gróðrarskúr, heldur var ræðan eins og krapademba. Ekki er enn vitað, hvort hann mælti fyrir munn allra ráðh. eða hvort hann talaði aðeins fyrir sig einan.

Ég vil minna á, að bændum var af núv. stjórn lofað, að þeir þyrftu engu að kvíða vegna þeirra afurða, sem afgangs yrðu innanlandsnotkun. Þeim var sagt, að þeir skyldu stækka búin og auka framleiðsluna. Útflutningsuppbæturnar mundu duga vel og tryggja verðið. Það fyrirheit er nú brostið. Flestar þjóðir, sem þurfa að flytja landbúnaðarafurðir á erlenda markaði, veita stórfé til þess að efla og auka sölu afurðanna. Hér hefur ríkið ekki lagt fram fé til slíks nema í smáum stíl á aðeins einum stað erlendis. Ekkert fé hefur fengizt hjá hinu opinbera til að auka hagræðingu í landbúnaði, svo að bændur ættu hægara með að beina framleiðslu sinni inn á hagkvæmari brautir, sem sífellt er þó verið að stagast á af mönnum úr stjórnarliðinu, að þeir þurfi og eigi að gera. Hér er nú árlega veitt fé af opinberri hálfu til hagræðingar í fiskverkun og iðnaði úr sjávarafurðum, og er það vissulega nauðsynlegt, en landbúnaðurinn er þarna settur hjá. Í engu máli hefur skilningsskorturinn, og ég vil segja lítilsvirðingin fyrir bændastéttinni, komið jafn greinilega í ljós hjá valdhöfum og með setningu bráðabirgðalaganna á síðastliðnu hausti, þegar A. S. Í. gerði framleiðsluráðslögin óvirk með því að neita að tilnefna fulltrúa af sinni hálfu í Sexmannanefnd. Skv. brbl. ríkisstjórnarinnar þá fengu bændur engu að ráða um sín kjaramál og voru þannig sviptir án allra saka rétti, sem þeim bar til íhlutunar og ákvörðunar um verðlagsgrundvöll afurða af búum sínum, og ekki mátti nú lengur miða kjör þeirra eftir sömu reglum og áður, með hliðsjón af tekjum þeirra stétta, er standa þeim næstar, verkamanna, sjómanna og iðnaðarmanna, heldur var það nú eitt talið hæfa að miða kaupgjaldsliðinn í verðlagsgrundvellinum við bætur almannatrygginganna til örkumla fólks og gamalmenna. Lítil eru geð þeirra manna, sem geta sætt sig við slík lög, en sem betur fer eru þeir líklega fáir í bændastéttinni.

Á þeim örfáu mínútum, sem ég hef hér til umráða, er ekki hægt að drepa á fleira. Ég hef með nokkrum dæmum sýnt, hvernig stjórnarstefnan er að leika landbúnaðinn, þennan elzta atvinnuveg þjóðarinnar. Þó eiga áhrifin af þeirri stjórnarstefnu eftir að koma betur í ljós, því lengra sem líður. Það eru ekki bændur einir, sem munu súpa seyðið af þeirri stefnu, heldur þjóðin öll. Þjóðin þarf að gera sér grein fyrir eðli viðreisnarhagkerfisins. Þar dugar ekki að horfa aðeins til líðandi stundar, það er framtíð lands og þjóðar, sem hyggja þarf að. Ef atvinnutæki landsmanna lenda undir umráðum og í eigu fárra manna eða fyrirtækja og öll framleiðsla verður gerð á vegum stórreksturs, þá mun efnahagslegt frelsi almennings líða undir lok. Til þess að koma í veg fyrir slíkt, þarf við fyrsta tækifæri að minnka styrk stjórnarflokkanna. — Góða nótt.

Ingvar Gíslason: Herra forseti. Góðir hlustendur nær og fjær. Þegar á heildina er litið, er árabilið 1960—1966 eitt lengsta og samfelldasta góðæristímabil á þessari öld og þótt lengra væri jafnað. Aflafengur hefur verið með allra mesta móti og vaxið með hverju ári, búnaðarhagir hafa yfirleitt verið góðir. Náttúruauðæfi Íslands til lands og sjávar hafa ekki brugðizt vonum þeirra, sem trúa á gæði landsins og möguleika þjóðarinnar til þess að búa við farsæld í frjálsu landi. Þó skyldu menn sízt gleyma því, að mjög hefur góðærinu verið misskipt milli einstakra staða og landshluta. Aflabrestur á síldveiðum og þorskfiski hefur valdið miklum atvinnu- og fjárhagserfiðleikum um norðanvert landið, og því miður hafa ekki verið gerðar í nægilegum mæli tiltækar og framkvæmanlegar ráðstafanir til að milda erfiðleikana, sem þó eru, að ætla má, fyrst og fremst tímabundnir. Ég efast ekki um, að síldar- og þorskafli mun glæðast að nýju norðanlands og að sjávarplássin þar munu eflast ásamt nálægum sveitum.

En hjá því verður ekki komizt, að gerðar séu sérstakar ráðstafanir til viðnáms og varnar byggðunum, meðan atvinnuerfiðleikarnir vara. Það er auðvitað ekki á mannlegu valdi að stýra fiskigöngum, og enginn veit fyrir víst, hvernig þeim muni háttað í framtíðinni. En með flutningatækni nútímans er ekkert því til fyrirstöðu að flytja afla eins og síld, a. m. k. bræðslusíld, langar leiðir til vinnslu. Þeirra möguleika hefðu norðlenzku síldarplássin átt að njóta bæði fyrr og ríkulegar en raun ber vitni.

En þrátt fyrir hina tímabundnu atvinnuerfiðleika um norðanvert landið og þar af leiðandi minnkandi framleiðslu í þeim landshluta, þá hefur þjóðarframleiðslan vaxið hin síðari ár meira en almennt var hægt að gera ráð fyrir og viðskiptakjörin út á við hafa verið svo góð, að varla eru dæmi til slíks áður. Allar ytri aðstæður skapa því skilyrði fyrir blómlegum þjóðarhag og velsæld og traustu fjármálalífi.

Þeir, sem líta á yfirborðið eitt, sjá ekki annað en velmegun og gróandi þjóðlíf, en undir yfirborðinu gefur annað á að líta. Við Íslendingar búum við svo ógæfusamlegt efnahags- og fjármálaástand, þrátt fyrir framleiðsluaukningu og stórbætta afurðasölu á erlendum mörkuðum, að ástæða er til að óttast hinar verstu afleiðingar, ef ekki tekst að finna nýja leið til úrbóta. Efnahagskerfið er svo gegnsýrt af verðbólgu- og dýrtíðaráhrifum, að hagsmunum almennings, atvinnuveganna og ríkissjóðs er stefnt í bráða hættu.

Forustumenn í atvinnumálum hafa kveðið upp dóma sína yfir ástandinu og þeir eru aðeins á eina lund: Verðbólgan er að sliga atvinnureksturinn. Það er sama, hvort það er formaður iðnrekendasambandsins, sem talar, eða forvígismenn útgerðar og fiskiðjufyrirtækja eða bændastéttarinnar. Öllum ber saman um, að hin óhagstæða verðlagsþróun innanlands sé höfuðmein-

vættur atvinnulífsins til sjávar og sveita. Og dýrtíðin, sem flæðir yfir landið og skellur með ofurþunga á almenningi og heimilum launamanna lætur sig ekki án vitnisburðar. Sjálfur ríkissjóður er svo hart keyrður af völdum verðbólgunnar, að ríkisbúskapurinn hefur verið rekinn með miklum halla, svo nemur hundruðum milljóna króna, a. m. k. tvö síðustu árin. Er þó hvorki hlífzt við að leggja á nýjar álögur í ýmsu formi né skera niður framkvæmdafé, sem ríkissjóði er jafnvel skylt að lögum að inna af hendi. Slíkt er ástandið, þegar skyggnzt er undir yfirborðið. Við blasir versta óstjórn á mikilvægustu þáttum efnahagslífsins og algjört forustuleysi af hálfu ríkisstj. fyrir nauðsynlegum úrbótum.

Ég hóf mál mitt með því að minna á góðæriskaflann 1960—1966. Það er heldur ekki úr vegi að minna á aðra staðreynd, en hún er sú, að á þessu sama tímabili hefur ein og sama stjórnarsamsteypan farið með völdin í landinu. Allan þennan tíma hefur verið samstjórn Sjálfstfl. og Alþfl. og valdaskeið þessara flokka nær, að kalla, yfir tvö kjörtímabil. Þeim hefur því gefizt óvenjugott tækifæri til að sýna, hvers af þeim má vænta í stjórnarháttum, og þá sögu þekkir þjóðin eftir öll þessi ár. Það var því meira en lítið undarlegt að heyra talsmenn ríkisstj. hér í kvöld, m. a. hæstv. utanrrh., sem yfirleitt er gætinn í orðum, halda því fram, að hið langa samstarf stjórnarflokkanna hefði leitt til farsællar niðurstöðu í efnahagsmálum. Hann og fleiri ættu þó að vita betur. Hann veit, að hæstv. ríkisstj. ræður ekki við hinn stórkostlega vanda efnahagslífsins og hið eina, sem bjargað hefur frá gengishruni, er metafli úr sjó og síhækkandi verð á afurðum okkar erlendis. Þessi staðreynd breytist ekki, hversu oft sem talsmenn stjórnarinnar fullyrða hið gagnstæða, eins og Sigurður Bjarnason gerði hér í ræðu sinni áðan.

Þegar núv. stjórnarflokkar komu til valda, lýstu forvígismenn þeirra yfir því, með talsverðum fyrirgangi, að höfuðviðfangsefni ríkisstj. og aðalmarkmið væri að reisa við efnahagslífið, viðhalda hallalausum ríkisbúskap og gæta efnahagslegs jafnvægis. Til þess þurfti fremur öðru að hafa hemil á verðbólgunni, enda fóru þeir ekki dult með, að verðbólgan væri sú meinvættur efnahagslífinu á hverjum tíma, sem kveða yrði niður án hiks og tafa. En hver er svo árangur 6 ára viðreisnarstjórnar? Er ríkisbúskapurinn rekinn hallalaus? Er verðbólgan stöðvuð? Er jafnvægi í efnahagslífinu? Öllum þessum spurningum hef ég þegar svarað neitandi. Við búum við helsjúkt efnahagskerfi, hraðvaxandi verðbólgu og óðadýrtíð, sem ekki sér fyrir endann á. Þótt hæstv. ríkisstj. sé þaulsætin, hefur hún fyrir löngu misst tökin á stjórn mikilvægustu landsmála. Hafi hún einhvern tíma haft trú á upphaflegum efnahags- og fjármálaaðgerðum sínum, er sú trú horfin fyrir löngu. Stöðvun verðbólgunnar er auðsjáanlega ekki lengur á stefnuskrá núv. ríkisstj. Fyrirhugaðar stóriðju- og hernaðarframkvæmdir útlendinga benda sízt til þess, að ríkisstj. geri sér grein fyrir ástandi efnahagsmálanna. Getur varla hjá því farið, að framundan sé hið æðislegasta kapphlaup um vinnuaflið í landinu milli innlendu atvinnuveganna og erlendu stóriðjunnar, sem gæti endað með algeru stjórnleysi á kaupgjaldsmálum og verðbólgu, sem enginn veit, hvern endi hefur.

Ég kem enn að þeirri spurningu, hvað verði um hag þeirra landshluta, sem búa við atvinnuerfiðleika og alltof litla fólksfjölgun. Getur nokkrum dulizt, að hinar miklu framkvæmdir útlendinga á aðalþenslusvæði landsins hljóti að hafa bein og óbein áhrif til hins verra gagnvart framförum í öðrum landshlutum, sem þegar hafa dregizt aftur úr um mannfjölda, félagslega aðstöðu og atvinnulíf. Nýstofnaður atvinnujöfnunarsjóður breytir því miður litlu í því efni, þó hann sé góðra gjalda verður út af fyrir sig. Akureyringar munu m. a. spyrja þeirrar spurningar, hver verði framtíð iðnaðarins á Akureyri, sem fram á síðustu ár hefur verið í allörum vexti og aukizt að fjölbreytni, enda hornsteinn atvinnulífsins í bænum og sú atvinnugrein, sem veitt hefur Akureyrarbæ mesta vaxtarmöguleika. Því miður hefur iðnaðurinn þar átt við örðugleika að etja um nokkurt skeið, eins og iðnaður landsmanna í heild, sem fyrst og fremst má kenna verðbólguþróuninni og óhagstæðri stjórnarstefnu. Ef áfram heldur sem horfir, vofir hætta yfir útflutningi iðnvarnings frá Akureyri, sem hafinn var fyrir nokkrum árum og veitt hefur miklar gjaldeyristekjur og ágæta atvinnu í bænum, en þannig er um atvinnulífið almennt. Það fær ekki staðizt til lengdar skefjalausa verðbólguþróun. Saga núv. ríkisstj. er vissulega meiri háttar hrakfallabálkur, sem auðvitað er harmsefni, því að þjóðin geldur þess, þegar illa er á málum hennar haldið, og eftirleikurinn verður þeim mun örðugri, sem óstjórn og og forustuleysi varir lengur, en jafnframt hefur komið í ljós, sem e. t. v. er verst af öllu, að forustulið stjórnarflokkanna virðist ekki þekkja þá lýðræðislegu leikreglu, að ríkisstj. beri að víkja úr valdastóli, þegar henni mistekst að koma málum sínum fram, eins og þau hafa verið boðuð. Þessi grundvallarregla lýðræðis og þingræðis er hvarvetna í heiðri höfð, nema þar sem pólitísk spilling er á háu stigi.

Góðir áheyrendur. Það er löngu kominn tími til breytinga á stjórnarháttum á Íslandi. Það er brýn þörf fyrir nýja forustu í landinu. Það er þörf fyrir samstillt átak og heilbrigða samstöðu milli stétta og stjórnmálaflokka um varanlegar úrbætur í efnahags- og fjármálum. Vandamál efnahagslífsins eru sem betur fer ekki óleysanleg, en ég fæ ekki séð, að þau verði leyst án víðtækrar samstöðu innan og utan Alþingis. Nýir menn verða að koma til sögunnar, ný viðhorf að skapast. Það skiptir ekki máli að deila um fortíðina. Nútíð og framtíð er hið eina, sem nokkru varðar í stjórnmálum. Við búum í ágætu landi. Auðugu að margs konar gæðum, sem ekki eru nýtt nema að litlu leyti. Þjóðin er ung og dugmikil og fús til framtaks og mennta. Þessum góðu eiginleikum hennar þarf að beina inn á jákvæða framfarabraut undir nýrri og samstæðri forustu. — Góða nótt.

Jón Þorsteinsson: Herra forseti. Góðir hlustendur. Einn af talsmönnum stjórnarandstöðunnar hér í kvöld sagði, að núv. stjórn hefði setið svo lengi að völdum, að reynslan hefði skorið úr um það, hvers hún væri megnug. Þegar þessi ríkisstj. settist að völdum, spáðu stjórnarandstæðingar eymd, atvinnuleysi og kreppu. Nú tala þeir ekki lengur um slíka hluti, heldur góðæri og velmegun. Já, reynslan hefur svo sannarlega skorið úr.

Það mál, sem mest hefur verið um rætt og mest deilt

um á Alþ. að undanförnu, er samningur ríkisstj. við svissneskt fyrirtæki um álbræðslu í Straumsvík. Ég tel, að í samningi þessum og fylgisamningum hans hafi verið haldið vel á málstað okkar, og ég treysti Íslendingum til þess að hafa í fullu tré við útlendinga við samningaborðið, enda þótt samningsgerðin sé á því sviði, þar sem við höfum litla reynslu fyrir. Flestar þjóðir sækjast eftir erlendri fjárfestingu í einni eða annarri mynd að vissu marki. Það hlaut því að vera íhugunarefni fyrir okkur, hvort hófleg erlend fjárfesting gæti treyst efnahag þjóðarinnar, örvað tækniþróun í landinu, aukið gjaldeyristekjurnar og skapað meiri fjölbreytni í atvinnuháttum. Við getum ekki við því búizt, að erlend fjárfesting á Íslandi sé án annmarka og áhættu, og auðvitað ber okkur að fara varlega í sakirnar og rasa ekki um ráð fram. Samningur um álbræðsluna í Straumsvík, sem nú hefur verið lögfestur á Alþ., er að mínum dómi þannig úr garði gerður, að réttmætt var að fallast á hann. Staðsetning verksmiðjunnar hefur verið gagnrýnd, en þar hlaut það að ráða úrslitum, á hvaða landsvæði við getum framleitt ódýrustu raforkuna. Í því efni verða hagsmunir einstakra landshluta að víkja fyrir þjóðarhag. Um þetta mál megum við ekki hugsa sem Norðlendingar eða Sunnlendingar, heldur sem Íslendingar. Þess ber að gæta, að þegar fram í sækir, mun afrakstur okkar af álbræðslunni gera okkur kleift að verja stórfelldum fjármunum til uppbyggingar og atvinnuaukningar út um hinar dreifðu byggðir landsins, þannig að öll þjóðin nýtur góðs af. Að vísu þarf að bíða langan tíma eftir þessum ábata og hámarki sínu nær hann ekki fyrr en eftir áratugi, en samt sem áður má ekki vanmeta þessa þýðingarmiklu hlið málsins, því það er skylda okkar allra að hugsa langt fram í tímann.

Að því hefur verið fundið, að söluverð raforkunnar til Svisslendinganna væri lægra en í öðrum ríkjum, þar sem fyrirtæki þeirra hefur reist álbræðslu. Í þessu sambandi er rétt að minna á ummæli fyrrv. formanns Félags ungra framsóknarmanna í Reykjavík, er hann viðhafði í erindi um erlenda stóriðju haustið 1961, en ummæli þessi birtust í Tímanum án athugasemda. Þau voru á þessa leið:

„Viljum við leita samstarfs við erlent áhættufjármagn til uppbyggingar okkar atvinnuvega, hvað höfum við þá upp á að bjóða? Við höfum vatnsorku og getum á vissum stöðum boðið upp á ódýrari raforku en þekkist annars staðar í Evrópu."

Það er einmitt þessi staðreynd, sem formanni F.U.F. var svo ljós, sem á drjúgan þátt í því, að Svisslendingarnir reisa álbræðslu sína hér á Íslandi en ekki einhvers staðar annars staðar. Þótt við séum færir um að selja raforkuna heldur ódýrara en aðrar þjóðir, er ekki þar með sagt, að við höfum minni hagnað af okkar orkusölusamningi en aðrir, t. d. Norðmenn. Hins ber svo að gæta, að þegar við metum hagnað okkar af samningum við svissneska álfyrirtækið, megum við ekki horfa um of á einstök atriði hans út af fyrir sig, heldur líta á samninginn í heild og öll atriði hans. T. d. má ekki gleyma því, að Svisslendingum ber að reisa stóra hafskipahöfn í Straumsvík, okkur að kostnaðarlausu, sem kostar allt að 100 millj. kr. En þessa höfn verður hægt að nota til margra annarra hluta en þarfa álbræðslunnar.

Okkur má heldur ekki sjást yfir það, að þegar álbræðslan hefur náð fullum afköstum, mun hún á hverjum áratug skila okkur gjaldeyristekjum að fjárhæð 300 millj. kr. Andstæðingar ríkisstj. halda því fram, að álbræðslan í Straumsvík njóti ýmiss konar forréttinda umfram íslenzkan atvinnurekstur. Þetta er að vísu rétt, þegar einhliða er litið á málið, en hafa verður hugfast, að álbræðslan tekur líka á sig margvíslegar skyldur umfram það, sem innlendir atvinnurekendur gera, t. d. verður álbræðslan að borga fyrir rafmagnið, þótt hún noti það ekki og miklar skorður eru settar gegn því, að draga megi úr framleiðslunni. Ef eitthvert íslenzkt fyrirtæki væri svo öflugt, að það gæti í stað svissneska alúmínfélagsins reist álbræðslu í Straumsvík og keypt stórfellt orkumagn frá Búrfellsvirkjun, mundi slíkt fyrirtæki að sjálfsögðu eiga kost á sömu kjörum og Svisslendingarnir njóta og væntanlega betri kjörum. Þegar málið er skoðað í þessu ljósi, er ekki um forréttindi að ræða.

Til byggingar og reksturs álbræðslunnar í Straumsvík þarf allmikinn mannafla og því hafa menn bent á það með nokkrum rétti, þar sem mikil atvinna er í landinu og vinnuaflsskortur ríkjandi, að bygging og starfræksla verksmiðjunnar í Straumsvík auki spennuna í efnahagslífi þjóðarinnar og ýti undir verðbólgu. Hér sem fyrr er nauðsynlegt að horfa lengra fram í tímann. Undanfarin ár hafa verið blómaskeið í atvinnulífinu og mikil eftirspurn eftir vinnuafli. Eigi má draga þá ályktun af þessu, að aldrei geti komið til atvinnuleysis í næstu framtíð. Svo kynni að fara einhvern tímann á næstu áratugum, að rekstur álbræðslunnar tryggði 450 heimilisfeðrum fulla atvinnu, sem annars kostar gengju atvinnulausir. Bygging álbræðslunnar kann að vísu að örva verðbólguna, en þegar frá líður og rekstur verksmiðjunnar hefst, fá Íslendingar raforku til eigin nota frá Búrfellsvirkjun á miklu lægra verði en ella, vegna orkusölusamningsins við svissneska félagið. Sú trygging, sem þessi samningur veitir fyrir lægra raforkuverði en annars væri kostur, er því að sínu leyti trygging gegn vaxandi verðbólgu, þar sem rafmagnsverðið hefur áhrif á verðlag margs konar framleiðsluvara og þjónustu.

Andstöðuflokkar ríkisstj. krefjast þjóðaratkvæðis um álsamningana, þar sem þeir telja, að stjórnarflokkarnir hafi ekki umboð þjóðarinnar til þessarar samningsgerðar, enda hafi erlendar stóriðjur lítt borið á góma í kosningabaráttunni 1963. Hér er um misskilning að tefla. Í áramótagrein, sem páv. form. Framsfl., Hermann Jónasson, ritaði í Tímann á gamlársdag 1961, segir svo:

„Ríkisstjórnin er því byrjuð á að hugsa fyrir nýjum stórloforðum fyrir næstu kosningar og það er þegar tekið að bóla á sumum þeirra." Síðan segir Hermann Jónasson eftir að hafa talið upp tvö fyrstu loforðin: „Hið þriðja er að koma á fót stóriðju í landinu með erlendu fjármagni."

Nú hafa framsóknarmenn hins vegar kallað það svik við þjóðina, að ríkisstjórnarflokkarnir skuli ætla sér að efna eitt af stórloforðum sínum. Þannig snúa þeir staðreyndunum alveg við. Stjórnarandstöðuflokkarnir telja sig hafa umboð kjósenda sinna til að hafna stóriðjusamningnum, en ríkisstjórnarflokkarnir telja sig með

alveg sama hætti hafa umboð kjósenda sinna til að staðfesta þennan samning. Andstæðingar stjórnarinnar kröfðust þess aðallega, að stóriðjusamningurinn yrði felldur á Alþ., en til vara, ef meiri hl. Alþ. samþykkti hann, eins og raun varð á, skyldi þeirri niðurstöðu áfrýjað til þjóðarinnar. Hins vegar töldu þeir óþarft að spyrja þjóðina álits, ef meiri hl. Alþ. hefði hafnað samningnum. Afstaða þeirra var með öðrum orðum sú, að ef Alþ. féllist á þeirra sjónarmið, skyldi niðurstaða þingsins vera óhagganleg, en féllist Alþ. ekki á þeirra sjónarmið, skyldi þjóðaratkvæðagreiðsla fara fram um málið. Ríkisstjórnarflokkarnir hafa, eins og öllum er ljóst, fullt umboð þjóðarinnar til að stjórna landinu í 4 ár, ekki hvað sízt hafa þeir umboð til að efna þau fyrirheit, sem gefin voru fyrir alþingiskosningarnar 1963. Um meðferð þessa umboðs og efndir á gefnum fyrirheitum fær þjóðin að kveða upp sinn dóm í alþingiskosningunum á næsta ári. Með samningnum um álbræðsluna í Straumsvík er ekki fyrst og fremst verið að marka nýja stefnu, heldur er verið að gera skynsamlega tilraun um hagnýti erlendrar fjárfestingar á Íslandi. Að þessum stóriðjusamningi gerðum eigum við að minni hyggju að bíða í langan tíma og sjá, hvernig reynslan verður af þessum samningi. Að fenginni þeirri reynslu eigum við svo að marka framtíðarstefnuna í þessum málum.

Á yfirstandandi Alþ. hefur farið fram rækileg endurskoðun á lögum um verðlagningu landbúnaðarafurða. Upphaf þeirrar endurskoðunar er að rekja til brotthlaups fulltrúa A. S. Í. úr Sexmannanefnd á s. l. hausti. Það hefur verið ríkjandi stefna verkalýðssamtakanna í tvo áratugi að eiga aðild að samningum við bændur um verðlagningu búvöru. Meiri hl. Alþýðusambandsstjórnar hefur nú skyndilega kúvent frá þessari stefnu og telur, að neytendur eigi ekki að hafa afskipti af verðlagsmálum landbúnaðarins, heldur sé það einungis málefni ríkisvaldsins og bænda. Þessi stefnubreyting á sér enga stoð í samþykktum Alþýðusambandsþinga, en hana ber væntanlega að skilja á þann hátt, að meiri hl. Alþýðusambandsstj. telji, að A. S. Í. sé ekki lengur einn af málsvörum neytenda í landinu. Hvað sem um brotthlaupið úr Sexmannanefnd má segja, hafði það þann kost í för með sér, að nauðsynlegt reyndist að endurskoða lög um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu o. fl. Þeirri endurskoðun er nú lokið og eru helztu breytingarnar þessar: 1) Sexmannanefnd er gerð virk á nýjan leik og tryggt, að hún geti haldið áfram störfum, þótt einhver hlaupist á brott úr nefndinni. Neitunarvald innan nefndarinnar er afnumið og einfaldur meiri hl. látinn ráða úrslitum mála. 2) Sáttasemjari ríkisins skal taka deilur til meðferðar, áður en þeim er vísað til yfirnefndar. 3) Búreikningaskrifstofa ríkisins skal árlega afla rekstursreikninga frá bændum, er verði m. a. til afnota fyrir Sexmannanefnd. 4) Sexmannanefnd getur ákveðið, ef þrír eða fleiri nefndarmenn krefjast þess, að efna til sérstakra rannsókna á framleiðslu- og dreifingarkostnaði landbúnaðarvara, vinnutíma o. fl. Skylt er einstaklingum, fyrirtækjum og stofnunum að láta rannsóknarmönnum í té nauðsynlegar upplýsingar. 5) Verðlagsgrundvöllur búvöru skal frá haustinu 1967 að telja gilda í tvö ár í senn í stað eins árs. 6) Kaup bóndans og skylduliðs hans skal miðað við ársvinnutíma á búinu, virtan til samræmis við kauptaxta verkamanna, iðnaðarmanna og sjómanna og samningsbundin fríðindi. Þó skal eigi taka til viðmiðunar ákvæðisvinnu né aflahlut sjómanna. Með þessu er felld niður sú viðmiðunarregla, er gilt hefur í framkvæmd, að miða kaup bóndans við úrtak árstekna framantalinna atvinnustétta.

Hér að framan hef ég talið upp í 6 liðum meginbreytingarnar á löggjöfinni um búvöruverðlag. Annars vegar miða þessar breyt. að því taka upp nýja og betri starfshætti og efla ýmiss konar rannsóknarstarfsemi, hvort tveggja í því skyni að auka líkurnar á samkomulagi í Sexmannanefnd. Hins vegar miða breyt. að því að draga úr víxlhækkunum kaupgjalds og verðlags á landbúnaðarafurðum, sem jafnan hefur verið ein af undirrótum dýrtíðarinnar. Á ég þar einkum við ákvæði um lengingu gildistíma verðlagsgrundvallarins úr 1 ári í 2 og bann við því að miða kaup bóndans við ákvæðiskaup og aflahlut. Með þessum nýju reglum er það sjónarmið viðurkennt, að eigi sé réttmætt að hækka árstekjur bóndans vegna þess, að verkamenn og iðnaðarmenn leggja á sig lengri vinnudag en áður eða vegna þess, að hlutarsjómenn hafi góðan aflahlut, sem að jafnaði er fenginn með löngum vinnudegi og miklu vinnuálagi. Hins vegar er bóndanum tryggt það, að raunverulegur ársvinnutími hans sé metinn, þótt ég viðurkenni, að það mat kunni að verða erfitt í framkvæmd. Þótt mikilvægar endurbætur hafi þannig verið gerðar á búvörulöggjöfinni, tel ég þeim endurbótum samt áfátt í tveim greinum. Annars vegar er það, að breyt. á kaupi bóndans skuli miðast við kaupbreytingar í öðrum atvinnugreinum en landbúnaði. Ég lít svo á, að í framtíðinni ættu laun bænda að hækka aðallega í samræmi við þá viðmiðun eina, að tiltekinn hluti af verðmæti þeirrar framleiðsluaukningar, sem landbúnaðurinn skilar, án tilsvarandi hækkunar framleiðslukostnaðar, falli bændum í skaut sem launabót. Með því móti ættu bændur launakjör sín undir sínum eigin atvinnuvegi, en ekki undir greiðslugetu annarra atvinnuvega, en það álít ég heilbrigðast og bændum mest að skapi. Hins vegar er það, að eigi skuli hrófla við ákvæðum laganna um útflutningsuppbætur. Gildandi ákvæði um uppbæturnar á útfluttar landbúnaðarafurðir voru sett á Alþ. veturinn 1959—1960. Var áætlað í fjárlögum ársins 1960, að útflutningsuppbæturnar næmu 5 millj. kr., en í fjárlögum yfirstandandi árs er gert ráð fyrir, að þær nemi 214 millj. kr. Eru þessar bætur komnar í hámark, miðað við núv. verðlag, þ. e. a. s. þær nema nú 10% af heildarverðmæti búvöruframleiðslunnar í landinu, þar með talið til búvöruframleiðslunnar auk mjólkur og kjöts laxveiði, tómatar, skrautblóm og grásleppa. Útflutningsuppbæturnar hrökkva nú eigi til, því að bændastéttin verður sjálf að taka á sig 70—80 millj. kr. halla á ári, vegna þess að útfluttar landbúnaðarafurðir seljast ekki nema fyrir brot af framleiðslukostnaðarverði. Á útfluttar mjólkurafurðir, osta, mjólkurduft og smjör þarf að greiða yfir 300% uppbætur til þess að ná framleiðslukostnaðarverði og mjólkurbú, sem eingöngu framleiddi mjólkurafurðir til útflutnings, yrði að fá mjólkina gefins, til þess að framleiðslukostnaðurinn færi ekki upp fyrir verðlagið erlendis. Þetta sýnir okkur

ljóslega, að stefnan í framleiðslumálum landbúnaðarins þarf endurskoðunar við. Þjóðfélagið getur ekki til lengdar staðið undir svona miklum uppbótargreiðslum, enda verður það að teljast efnahagsleg fásinna að auka framleiðslu á vörum, sem þurfa stórfelldrar meðgjafar úr sjóði skattborgaranna. Ég lít svo á, að nauðsynlegt sé að draga úr útflutningsuppbótargreiðslunum í áföngum og stefna að því að eigi verði greiddar hærri uppbætur en 100% á neina vörutegund. Vandinn er hins vegar sá að draga úr uppbótargreiðslunum án þess að skerða kjör þeirra bænda, sem hafa lítil bú, en þeir eru tekjulægsta stétt þjóðfélagsins. Ég vil ekki halda því fram, að sá vandi sé auðleystur, til að leysa þetta mál þarf sennilega að grípa til margvíslegra samræmdra aðgerða. Ég nefni sem dæmi að stöðva stofnun nýbýla, að styrkja smábændur til að auka sauðfjárrækt, að ríkið kaupi á viðunandi verði jarðir og byggingar á jörðum þeirra bænda, er vilja bregða búi. Einkanlega á þetta vel við um jarðir, sem eru illa í sveit settar, þar sem áframhaldandi búskapur krefðist mikilla ríkisframlaga til vegagerðar og rafvæðingar. Mönnum er að verða æ ljósara, að hér er um aðkallandi úrlausnarefni að ræða og ég trúi því, að viðunandi lausn muni finnast á næstu árum, ef allir leggjast á eitt, en ég get fullyrt, að ekki mun standa á Alþfl. í þessu efni.

Í n. þeirri, sem endurskoðaði verðlagslöggjöf landbúnaðarins, átti sæti einn fulltrúi frá A. S. Í. Var það forseti sambandsins, Hannibal Valdimarsson. Hann hafði sérstöðu og hélt því fram, að bændur ættu að semja við ríkisvaldið en ekki neytendur. Að endingu urðu þó till. hans á þá leið að selja bændum raunverulega sjálfdæmi um verðlagninguna. Ríkisvaldið átti aðeins að fá að hlusta á kröfur þeirra, en ef það vildi ekki samþykkja þær, áttu bændur landsins að geta löggilt kröfur sínar með almennri atkvæðagreiðslu um þær. Í till. Hannibals Valdimarssonar var engar reglur að finna um málsmeðferðina, ef bændur felldu kröfur sínar við atkvæðagreiðslu, enda voru allar reglur um það að sjálfsögðu óþarfar. Menn geta svo velt því fyrir sér, hvernig forseta A. S. Í. mundi ganga að kveða niður verðbólguna, ef reglur hans um verðlagningu landbúnaðarafurða ættu að gilda. Ég get ekki skilið svo við landbúnaðarmálin, að ég minnist ekki örlítið á ræðu hv. þm. Ágústs Þorvaldssonar. Hann sá eftir því, að á bændur skuli vera lagt að greiða gjald til stofnlánadeildar landbúnaðarins, en eins og kunnugt er, greiða neytendur þar verulegt gjald á móti og einnig er um mikil ríkisframlög að ræða og það er hlutverk þessarar stofnlánadeildar að styrkja landbúnaðinn í landinu með lánum til uppbyggingar og ræktunar í sveitum. Eftir þessu stofnlánagjaldi sá Ágúst mikið, en hins vegar mun hann og flokksbræður hans og ýmsir fleiri, sem telja sig bændavini, vera að aðhyllast það að leggja á þessa sömu bændastétt 7 millj. kr. gjald á ári til þess að standa undir rekstrarhalla Bændahallarinnar, þ. e. a. s. til gistihúsareksturs og að reka vínstúkur í Reykjavík.

Í framhaldi af ræðu Ágústs má gjarnan benda á, að kaupmáttur launa bóndans hefur hækkað verulega í tíð núv. ríkisstj. Hins vegar lækkaði kaupmáttur launa bóndans til muna á þeim árum, sem Framsfl. var í stjórn með Sjálfstfl., þ. e. a. s. frá 1950—1956. Síðasta aldarfjórðunginn hefur ríkt mikil verðbólga á Íslandi. Allir íslenzkir stjórnmálaflokkar hafa talið það eitt af meginverkefnum sínum að andæfa gegn verðbólgunni og hefta vöxt hennar. Allir stjórnmálaflokkarnir hafa átt aðild að ríkisstjórnum á þessu tímabili, en engri ríkisstj. hefur þó til lengdar tekizt að stöðva framgang verðbólgunnar og er núv. ríkisstj. engin undantekning í því efni. Rétt er þó að undirstrika, að stundum hefur vöxtur verðbólgunnar verið örari en á valdatímabili núv. ríkisstj. Það á þó ekki að vera ríkisstj. nein afsökun, þótt öðrum hafi eigi tekizt betur en henni að glíma við verðbólguna. Svo margt hefur þessi ríkisstj. gert betur en aðrar ríkisstj., að í verðbólgumálunum ætti frammistaða hennar einnig að vera betri en raun ber vitni. Menn verða þó að gera sér grein fyrir því, að lausn þessa máls er mjög vandasöm. Það er tilgangslítið að meiri hl. Alþ. samþykki ráðstafanir til að draga úr verðbólgu eða stöðva hana, nema þær ráðstafanir eigi ríkan hljómgrunn meðal almennings í landinu og svo sé um hnútana búið, að einstökum hagsmunasamtökum, hvort heldur samtökum launþega eða framleiðenda, haldist ekki uppi að brjóta slíkar ráðstafanir á bak aftur. Þetta er kjarni þess vandamáls, sem hver ríkisstj. á fætur annarri hefur glímt við með heldur slökum árangri. Það gerir málið enn örðugra viðfangs, að sérhver ríkisstj., sem gera vill heiðarlega tilraun til að stöðva dýrtíðina, getur gengið út frá því nokkurn veginn vísu, að stjórnarandstaðan neyti áhrifa sinna innan hagsmunasamtakanna í landinu til að gera hverja slíka tilraun óvirka. Niðurstaðan verður jafnan sú, að hver ein ríkisstj. lætur ekki einungis hjá líða að gera róttækar ráðstafanir í verðbólgumálunum, af því hún óttast framleiðslustöðvun og ófrið á vinnumarkaðinum, heldur er gengið lengra til móts við kröfur framleiðenda og launþega en æskilegt er með tilliti til þess markmiðs að hafa hemil á verðbólgu og dýrtíð. Útkoman verður oftast sú sama hjá öllum ríkisstj., af tvennu illu er það skárra, að verðbólgan vaxi en framleiðslan stöðvist. En hvað má þá til varnar verða gegn verðbólgu og dýrtíð? Þrjú grundvallarskilyrði hafa mikla þýðingu í þessu sambandi að mínum dómi. Einbeittari vilji ríkisstjórnar, ábyrgari stjórnarandstaða og raunsærri afstaða hagsmunasamtaka.

Við getum hér minnzt tveggja atburða, sem gefa fordæmi í baráttunni gegn verðbólgunni. Haustið 1943 gáfu bændur eftir 9 vísitölustig af kaupi sínu til að reisa skorður gegn vaxandi verðbólgu. Í desembermánuði 1952 var allsherjarverkfall í Reykjavík, sem leystist með samningum um niðurfærslu. Það er þetta hugarfar, sem bændur sýndu haustið 1943 og verkalýðurinn í Reykjavík sýndi jólamánuðinn 1952, sem nú þarf að endurvekja. Á Alþ. er verið að lögfesta frv. um vísitölutryggingu fjárskuldbindinga. Í því felst heimild til að vísutölutryggja sparifé og leggja vísitöluálag á skuldir, þ. e. fjárfestingarlán til langs tíma, sem stofnað verður til eftir gildistöku laganna. Með þessu móti mætti rétta hlut sparifjáreigenda og draga úr óheilbrigðri fjárfestingu, sem miðar fyrst og fremst að verðbólgugróða. Með þessari löggjöf er smíðað nýtt vopn til notkunar gegn verðbólgunni. Þegar þetta mál var til meðferðar á Alþ. skárust stjórnarandstæðingar úr leik. Fundu þeir málinu flest til foráttu og vildu láta

fresta því. Þeir segjast að vísu vilja kveða niður verðbólguna, en láta lítt uppi, hvernig að því skuli farið. Boðskapur framsóknarforingjanna til þjóðarinnar er einfaldlega þessi: Færið oss völdin í hendur og þá munum vér afhjúpa leyndardóminn um töfralyfið okkar, sem er allra meina bót.

Það er eftirtektarvert, að sambúð vinstri stjórnarinnar og verkalýðshreyfingarinnar, sem var góð í upphafi, fór smátt og smátt versnandi, unz vinstri stjórnin missti traust verkalýðshreyfingarinnar og varð að hrökklast frá völdum. Á annan veg er þessu nú farið. Segja má, að frá upphafi hafi sambúð núv. ríkisstj. og verkalýðshreyfingarinnar verið heldur stirð, en hún hefur sífellt farið batnandi. Samkomulag hefur tekizt milli þessara aðila á undanförnum árum um mörg mikilvæg málefni, svo sem vísitöluuppbætur á kaup, vinnutímastyttingu, húsnæðismál, skattamál og atvinnumál. Þetta samkomulag hefur m. a. borið þann árangur, að kaupmáttur tímakaups verkamanna hefur frá árinu 1963 hækkað um 10—17%, eftir því um hvaða tegund verkamannavinnu er að ræða. Í samningaviðræðum við ríkisstj. hefur innan verkalýðshreyfingarinnar átt sér stað gott samstarf milli alþýðuflokksmanna og lýðræðissinna í A. S. Í. En hinir eiginlegu kommúnistar, sem hafa haft allt á hornum sér, hafa verið settir til hliðar. Þetta hefur átt sinn þátt í því, að árangur samninganna hefur orðið heilladrjúgur fyrir almenning í landinu.

Nú eru enn á ný framundan samningsviðræður milli ríkisstj. og verkalýðshreyfingarinnar. Í þeim viðræðum verða báðir aðilar að leggja höfuðáherzluna á stöðvun verðbólgunnar, m. a. til að tryggja, að það, sem áunnizt hefur, glatist ekki. En það eitt dugir ekki, að ríkisstj. semji við verkalýðshreyfinguna, heldur verður hún einnig að taka upp samninga um þessi mál við hagsmunasamtök framleiðenda, svo sem bændur, útvegsmenn og iðnrekendur og helzt á sama tíma. Fari hins vegar svo, að samningar um stöðvun verðbólgunnar takist ekki, sé ég ekki annað ráð vænna en að ríkisstj. feti í fótspor minnihlutastjórnar Alþfl. og lögfesti svipaðar ráðstafanir til varnar gegn verðbólgu og dýrtíð og gerðar voru á árinu 1959. Þjóðin tók þeim aðgerðum vel og skildi nauðsyn þeirra, enda þótt framsóknarmenn og kommúnistar kölluðu þetta hættulegar ráðstafanir, valdníðslu og kauprán.

Núv. ríkisstj. hefur gert hvert stórátakið af öðru í húsnæðismálum. Fátt er nauðsynlegra í þeim efnum en að reyna að lækka hinn óhóflega byggingarkostnað. Nú er unnið að stórfelldri framkvæmdaáætlun, þar sem gera á tilraunir með nýja tækni og ný vinnubrögð í því skyni að reyna að lækka kostnaðarverð íbúða. Ljóst er, að framtíðin felur það í sér, að við byggingarframkvæmdir verður að verulegu leyti að hverfa frá handverki til verksmiðjuiðnaðar. Frumkvæði ríkisstj. í þessum efnum, sem haft er í samvinnu við verkalýðshreyfinguna, er því hið mikilvægasta og getur, ef vel tekst til, lækkað þann útgjaldalið, sem þyngst hvílir að jafnaði á hverri fjölskyldu. Þrátt fyrir vaxandi framleiðsluvelmegun og framkvæmdahug hafa vissir landshlutar orðið nokkuð út undan vegna erfiðs árferðis og annarra orsaka. Þessum byggðarlögum þarf að rétta hjálparhönd. Ýmiss konar lagabreytingar hafa að undanförnu verið gerðar, sem stefna í þessa átt. Áætlunargerð fyrir Vestfirði er komin á góðan rekspöl og verið er að hefja gerð framkvæmdaáætlunar fyrir Norðurland. Ráðgerð er aukning síldarflutninga til Norðurlandshafna á komandi vertíð, en það þarf að gera af slíkum myndarbrag, að enginn staður verði út undan. Áætlanir eru góðra gjalda verðar, en það má ekki dragast um of að ljúka þeim og hrinda þeim í framkvæmd.

Fyrir nokkrum vikum síðan átti Alþfl. hálfrar aldar afmæli. Þá var það rifjað upp, að Alþfl. hefur þrisvar sinnum klofnað á árunum 1930—1956. Klofningsmennirnir hafa ávallt horfið úr röðum Alþfl. í því skyni að vinna að einingu íslenzkrar alþýðu. Reynslan hefur hins vegar leitt óvefengjanlega í ljós, að einingin hefur ekki vaxið við þessar aðgerðir, heldur sundrungin. Það má furðulegt heita, að enn skuli sá einfaldi sannleikur vefjast fyrir ýmsum góðum og gegnum mönnum, að íslenzk alþýða verður aldrei sameinuð í samstarfi við kommúnista, þá þarf að einangra. Ég vona, að þessi sannleikur fari nú senn að renna upp fyrir ýmsum lýðræðissinnuðum vinstrimönnum. Þegar það er orðið, viljum við Alþfl.-menn gjarnan eiga við þá góða samvinnu. Þá kann að skapast grundvöllur fyrir öflugri sókn íslenzkra alþýðustétta til aukinna áhrifa í íslenzku þjóðfélagi. — Góða nótt.

Umr. frestað.

Á 45. fundi í Sþ., 3. maí, var fram haldið almennum stjórnmálaumr. (útvarpsumr.).

Helgi Bergs: Herra forseti. Gott kvöld, góðir hlustendur. Það líður nú að þinglausnum. Um árabil hefur það verið siður að útvarpa eldhúsumræðum í þinglokin. Áður fóru eldhúsumræður fram í sambandi við afgreiðslu fjárlaganna. Þá var þar gert upp, hversu mikið fé þjóðarheimilið hefði til ráðstöfunar og hvernig því skyldi varið. Þjóðarbúið á það sameiginlegt með heimilum landsmanna, að verja þarf takmörkuðum fjármunum til margvíslegra þarfa. Hversu mikið á að fara til daglegra útgjalda, hve mikið til að búa í haginn fyrir framtíðina, endurnýja og auka eignir, borga skuldir o. s. frv.? Það er eðlilegt, að sú venja hafi skapazt, að við þessar umr. séu aðferðir og aðgerðir í efnahags- og fjármálum teknar til rækilegrar meðferðar, eins og gert var hér í gærkvöldi og væntanlega verður gert aftur í kvöld.

Hverjir þættir fjármála og efnahagsmála skyldu nú helzt vera til umræðu í eldhúsum landsins um þessar mundir? Varla mun áhættusamt að geta sér þess til, að það muni vera dýrtíðarmálin. Húsmæður landsins berjast daglega hetjulegri baráttu til að láta eldhúspeningana endast, en það er við ofurefli að etja. Krónurnar, sem entust í marz, entust ekki í apríl og þær, sem entust í apríl, munu ekki endast í maí. Heimilisfeðurnir ganga til vinnu sinnar og einnig þeir berjast sömu baráttu við ásókn dýrtíðarinnar. Svör þeirra við ásókn hennar eru einbeitt og æðrulaus. Þeir lengja vinnutíma sinn og leggja meira á sig til að draga fleiri krónur í bú. Vinni þeir við framleiðsluatvinnuvegina, standa þeir einnig í sama stríði fyrir þeirra hönd. Dýrtíðin tærir í sífellu fjárhagslegan grundvöll framleiðslunnar og þar með

framtíðaröryggi þeirra og fjölskyldna þeirra. Dýrtíðin hefur nú aukið svo tilkostnað við landbúnaðarframleiðsluna, að verðlagningargrundvöllurinn er hruninn og bændur sjá fram á rýrari hlut. Sjávarútvegurinn býr, þrátt fyrir mikil aflabrögð á síldveiðum, stórhækkandi verðlag á útflutningsafurðum og dugnað og ósérhlífni sjósóknara, við þau skilyrði, að árlega verður að gera skyndiráðstafanir til að veita uppbætur á fiskverðið. Iðnaðurinn býr við vaxandi erfiðleika og forustumenn hans draga ekki fjöður yfir orsakir þess. Í s. l. viku hélt formaður iðnrekendafélagsins ræðu, þar sem hann sagði m. a.: „Hin geigvænlega verðbólga hefur lent með öllum sínum þunga á íslenzkum iðnfyrirtækjum, sem með stórhug og bjartsýni hafa byggt upp framleiðslu sína með útflutning fyrir augum. Og ekki síður á þeim iðnfyrirtækjum, sem engrar eða lítillar tollverndar njóta og keppa við alfrjálsan innflutning. Tollvernd þeirra iðnfyrirtækja, sem hennar hafa notið, hefur farið síminnkandi og er sums staðar beinlínis orðin að engu af völdum hins sívaxandi innlenda tilkostnaðar. Iðnaður okkar hefur þurft að mæta hinum aukna innlenda framleiðslukostnaði eftir beztu getu með því að grípa til aukinnar hagræðingar, aukinnar vélvæðingar og sjálfvirkni. En með þeim hraða, sem kostnaðarhækkanir hafa átt sér stað að undanförnu, eru því takmörk sett, hversu lengi dugir að grípa til slíkra ráðstafana. Ég vil afdráttarlaust fullyrða, að verðbólgan sé aðalvandamál íslenzks iðnaðar í dag.“ Þetta sagði formaður iðnrekenda.

Þá verður dýrtíðarinnar ekki síður vart í ríkisbúskapnum, þó að erfiðleikar hans eigi, eins og kunnugt er, fleiri orsakir og þá fyrst og fremst þau efnahagslegu lausatök og fjármálalega fálm, sem tíðkazt hefur í seinni tíð. Árið 1964 var greiðsluhalli ríkissjóðs 258 millj. kr., þó ríkistekjurnar færu annað eins og það fram úr áætlun. Reikningar ársins 1965 liggja ekki fyrir, en gert er ráð fyrir nokkru minni halla á því ári, enda hefur í millitíð verið gripið til þess að skera enn niður fjárveitingar til opinberra framkvæmda, en einnig það hefur sínar afleiðingar á ýmsum sviðum. Á undanförnum árum, þegar viðskiptakjör okkar hafa farið stórbatnandi og þjóðartekjur þar af leiðandi sívaxandi, hrannast opinber framkvæmdaverkefni upp og bíða óleyst. Skólarnir í þéttbýlinu eru tvísettir og þrísettir og í dreifbýlinu skortir þá sums staðar alveg til ómælds tjóns fyrir skólaæskuna. Talsvert miklu fé hefur hins vegar verið varið til sjúkrahúsbygginga, enda ekki vanþörf á, en þessu fé hefur verið svo óskynsamlega dreift að þess sér fáa staði. Hálfbyggðir sjúkrahússkrokkar verða að vísu fleiri og fleiri, en fáum er lokið og þessi ónotuðu verðmæti standa fyrir allra augum og minna á þá óstjórn í framkvæmdamálum, sem við búum við. En þær kröfur, sem gera verður til þessa þáttar heilbrigðisþjónustunnar á síðari hluta 20. aldar, standa enn óuppfylltar.

Strandferðaþjónustan hefur smátt og smátt verið að fara í niðurníðslu á undanförnum árum. Skipin hafa verið að ganga úr sér og henta ekki nýjum verkefnum nýrra tíma. Af hálfu þingmanna Framsfl. hafa verið hafðar uppi kröfur um endurnýjun flotans, en þeim hefur ekki verið sinnt. Nú berast þau tíðindi að selja eigi tvö af skipum útgerðarinnar, án þess að nokkuð nýtt eigi að kaupa í staðinn. Ríkisútvarpið hafði það eftir sjútvmrh., að strandferðaþjónustan mundi eftir sem áður verða óbreytt, en það hefur ráðh. nú varla sagt. Hann er svo skarpskyggn maður, að hann sér það í einni sjónhendingu, að óbreytt geti hún ekki verið, ef skipunum fækkaði um tvö. Hins vegar mun hann hafa sagt eitthvað á þá leið, að það eigi að veita nægilega góða þjónustu með minni tilkostnaði. Þá er bara eftir að vita, hvað talin er nægilega góð þjónusta handa því fólki, sem þrjózkast við kalli viðreisnarinnar og heldur áfram að byggja strendur og eyjar þessa lands.

Útlitið í vegamálum er ekki björgulegt. Verkefni á því sviði eru mörg víðs vegar um landið. Stærst og fjárfrekust eru verkefni í hraðbrautunum, sem ekki verður með neinu móti undan ekizt að takast á við nú þegar, því sú fjármunasóun, sem er fólgin í því að eyða hundruðum millj. til viðhalds úrelts vegakerfis og að eyðileggja þúsundir farartækja fyrir aldur fram á hálfófærum vegum, er meiri en við eigum að leyfa okkur. Samt lét fjmrh. þess getið í skýrslu, sem hann flutti á Alþ. á miðvikudaginn var, að fjárhagsgrundvöll skorti að mestu til byggingar hraðbrautanna og óráðlegt væri að byrja nú á nýjum meiri háttar vegaframkvæmdum, þetta þyrfti allt að athuga betur. Í meðmælum, sem vegamálastjóri sendi fjhn. Ed. með frv., sem við framsóknarmenn fluttum um aukið fé til vegabygginga, segir hann m. a.:

„Í grg. með frv. er réttilega á það bent, að tekjustofn vegasjóðs skv. vegalögum hrökkvi mjög skammt til lausnar þess verkefnis, sem fram undan er í vegamálum og vegalög beinlínis mæla fyrir um, en það er lagning hraðbrauta með varanlegu slitlagi á þeim vegum, þar sem ætla má, að umferð yfir sumarmánuðina verði 1000—10000 bifreiðir á dag innan 10 ára. Þessir vegir eru í gildandi vegáætlun taldir alls um 148 km vegalengd, en af þeim eru taldar fullgerðar hraðbrautir um 42 km og í raun réttri þó aðeins um 37 km, en það er Reykjanesbrautin, en sá vegur er að mestu leyti byggður fyrir lánsfé. Umferðartalning s. l. 2 ár bendir til þess, að hraðbrautir skv. 12. gr. vegalaga muni við endurskoðun á vegáætlun lengjast um a. m. k. 200 km, þar sem við hraðbrautir munu bætast langir vegakaflar, eins og t. d. Vesturlandsvegur frá Þingvallavegamótum að vegamótum við Borgarnesbraut, enn fremur Borgarnesbraut, Akranesvegur, Þingvallavegur, Suðurlandsvegur frá Selfossi að Skeiðavegamótum, auk ýmissa stuttra vegakafla við Akureyri, Egilsstaði og víðar. Þá eru og óleyst óhemju verkefni við lagningu þjóðbrauta og landsbrauta og byggingu nýrra brúa og endurbyggingu gamalla brúa, eins og nánar var rakið í grg. með till. til vegáætlunar fyrir árin 1965—1968.“

Þetta var úr bréfi vegamálastjóra og þar segir enn fremur, að vextir og afborganir vegna lánsfjár, sem notað hefur verið til vegagerðar seinustu árin, nemi nú 54% af því fé, sem samkv. vegáætlun er varið til nýrra þjóðvega og brúargerða. Hvað verður með þessu sama áframhaldi langt þangað til það fer allt í vexti og afborganir? Af þessu er auðvitað strax augljóst, að stórauka verður framlög til vegamála. En fjmrh. segir nei. Það verður að bíða. Sóunin verður að halda áfram, það skortir fjárhagsgrundvöll til að hætta henni.

Þetta eru aðeins nokkrir þættir af sviði opinberra þjónustuframkvæmda. Og allt er það á eina lund. Einmitt núna eru verkefnin látin hrannast upp í stað þess að nota tækifærið í góðærinu til að leysa þau. Og kostnaðinum af því, sem gert er, er í vaxandi mæli velt yfir á framtíðina. 54% af fjárveitingum til nýbygginga vega fer til að greiða vexti og afborganir og þessi hluti fer sívaxandi ár frá ári. Svipaða sögu er að segja af öðrum þáttum opinberra framkvæmdamála. Einmitt núna telur ríkisstj., að við séum ekki menn til að borga fyrir verkefni samtímans af samtímatekjum. Þetta er allt svo erfitt og snúið einmitt núna. Í umr., sem fram hafa farið hér á Alþ. um þessi efni í vetur, hafa menn verið sammála um, að dýrtíðin ætti verulegan þátt í því, hvað þjóðarbúinu gengur illa að sinna skyldum sínum við þegnana. Menn hafa síður verið sammála um hitt, hvern þátt hin alkunna óstjórn í efnahagsmálum á í þessu, því stjórnarliðar hafa reynt að berja í brestina. En spurningin um það, af hverju dýrtíðin er svo taumlaus, leitar á. Orsakir dýrtíðarþróunarinnar eru að sjálfsögðu margvíslegar. M. a. er þær að finna í greiðsluhalla ríkisins undanfarin ár, en greiðsluhallinn hjá ríkissjóði á þenslutímum er jafnan alvarlegur verðbólguvaldur. Þessi greiðsluhalli hefur átt sér stað þrátt fyrir niðurskurð fjárveitinga til opinberra framkvæmda, sem aftur hefur leitt til þess, að hlutur erlends lánsfjár í framkvæmdum hér innanlands hefur farið vaxandi, en erlent fé til framkvæmda hér innanlands hefur einmitt hliðstæð áhrif á verðlagsþróunina og greiðsluhalli hjá ríkissjóði. Þannig ýtir efnahagsmálaóstjórnin undir dýrtíðarþróunina og vítahringurinn lokast nettlega í kringum okkur.

Ríkisstj. hefur ekki ráðið við það verkefni sitt, sem hún áður taldi það veigamesta, að stemma stigu við dýrtíðinni og þegar það er nú orðið svo ljóst, að ekki verður dulið, að hún hefur í rauninni gefið frá sér allt viðnám gegn dýrtíðinni, fara að gægjast fram nýstárlegar skoðanir. Er þetta nú svo með öllu illt, að það boði ekki nokkuð gott? Upp á síðkastið virðast sumir stjórnarliðar hafa öðlazt nýjan skilning á þessum vanda. Gleymd eru landsfleyg orð látins forustumanns um það, að allt sé unnið fyrir gýg, ef ekki takist að hemja dýrtíðina. Dýrtíðin er hreint ekki svo slæm, segja þessir brautryðjendur nýrra viðhorfa. Hún byggir hús fyrir fólk. Eitt stjórnarblaðanna birti fyrir nokkru í ritstjórnargrein lítið ævintýri, sem á að ylja landsmönnum um hjartað, því góðvilji þeirra til ungs og myndarlegs framtaksfólks er hafinn yfir vafa. Þar sagði frá ungri reykvískri húsmóður, sem varð fyrir þeirri bitru reynslu, að fógetinn barði að dyrum. Það átti að selja nýju íbúðina hennar, sem hún hafði ásamt manni sínum lagt nótt með degi til að koma upp í sveita síns andlitis. Draumur margra ára um eigin íbúð fyrir ungu fjölskylduna hafði rætzt fyrir dugnað og þrautseigju þeirra hjóna, en það þurfti sífellt meira og meira til hnífs og skeiðar. Fjárhagurinn var erfiður og það hafði dregizt úr hömlu að borga af. Örvingluð leitaði þessi unga kona á vit bónda síns og sjá, hvað hann sagði: Hættu að gráta, hringagná.Þeir vísufeður,semvakayfir þörfum landsins barna, hafa séð við vandanum. Þeir hafa hækkað ýsuna um 54% og þorskinn um 79% og brauðin og smjörlíkið munu hækka líka. Vísitöluuppbótin mun stórhækka. Þá yrðu þau nú ekki í vandræðum með þessar afborganir og mundu skjóta fógetaskömminni ref fyrir rass. Og ungu hjónin féllust í faðma fögnuðu og sungu lof og dýrð. Þannig endaði þetta litla sólskinsævintýri.

Loks er hér fundin endanleg lausn á þeim vanda, hvernig ungt fólk á að eignast íbúðir. Hún er að vísu ekki alveg ný, en sjálfsagt tímabært að hún fái almenna og opinbera viðurkenningu, segja boðberar hins nýja skilnings. Það eru bara úrtölumennirnir, sem eru með efasemdir. Þeir spyrja: Hafa skapazt einhver ný verðmæti við vísitöluhækkunina? Hvaðan komu þeir fjármunir, sem hinum ungu húseigendum bættust? Hafði kannske einhver annar orðið fyrir tjóni? Þeir halda því fram, að það sé bæði hentugra og heiðarlegra að haga tekjuskiptingunni þannig, að ætla ungu fólki þær tekjur, að það geti greitt íbúðir sínar, en að láta dýrtíðina flytja fjármuni ómælda úr vasa eins í vasa annars. Þeir halda því enn fremur fram, að það sé þjóðhættuleg skemmdarstarfsemi, þegar þeir, sem betur vita, reyna að læða þeirri skoðun inn hjá fólki, að heil kynslóð geti grætt á dýrtíðinni. En burt með allar efasemdir, segja dýrtíðarpostularnir. Nýja fagnaðarerindið skal ríkja eitt.Hækkum ýsuna. En laun heimsins eru vanþakklæti. Þegar launþegar Reykjavíkur fylktu liði á hátíðardegi verkalýðsins í fyrradag, báru þeir engin spjöld, sem á voru letruð þakkarávörp til ríkisstj. fyrir dýrtíðina í landinu. Þvert á móti segir í ávarpi fulltrúaráðs verkalýðsfélaganna, sem er þó að meiri hluta skipað flokksmönnum ríkisstj.:

„Því fer mjög fjarri, að verkafólk hafi fengið þann hlut, sem því ber, af stórhækkuðum þjóðartekjum í raunverulegum kauphækkunum fyrir eðlilegan vinnutíma. Því veldur verðbólgan, sem hefur fært til fjármuni í þjóðfélaginu verkafólki í óhag og raskar í sífellu öllum kjarasamningum. Verkalýðssamtökin líta það mjög alvarlegum augum, að margítrekuð loforð ríkisstj. um stöðvun verðbólgunnar hafa reynzt marklaus og má þar minna á síðustu verðhækkanir á brýnustu lífsnauðsynjum almennings, sem bitna harðast á tekjulágum barnafjölskyldum."

Margítrekuð loforð ríkisstj. hafa reynzt marklaus. Skyldi það hafa verið þetta, sem Jón Þorsteinsson hafði í huga, þegar hann ræddi hér í gærkveldi um batnandi sambúð ríkisstj. og verkalýðsins? Og Bandalag starfsmanna ríkis og bæja gerir það að einni sinni aðalkröfu 1. maí, að raunhæfar ráðstafanir séu tafarlaust gerðar gegn verðbólgunni, svo skilningslausar eru launþegastéttirnar á hinn nýja dýrtíðarboðskap. En þeim til huggunar, sem á hann kunna að trúa, en þó fyrst og fremst okkur hinum til viðvörunar, verður það að segjast, að ekkert útlit er fyrir það, að dýrtíðarflóðinu linni í bráð. Opnað hefur verið fyrir straum erlends fjármagns inn á fullskipaðan íslenzkan framkvæmdamarkað. Ofan á ýmsar bráðnauðsynlegar stórframkvæmdir okkar sjálfra, svo sem virkjunarframkvæmdir, sem með engu móti verður á frest skotið, er ráðizt í stórfelldar hernaðarframkvæmdir í Hvalfirði og svo á að byggja útlenda verksmiðju suður við Straum fyrir 2500 millj. kr. Ekki munu þær kr. þó allar koma fram sem eftirspurn á innlendum framkvæmdamarkaði, því talsvert af þeim fer fyrir innfluttar vélar og tæki, en þó mun nægilega

stór hluti þeirra koma þannig fram, til þess að dýrtíðarpostulunum verði tryggð gullöld og gleðitíð enn um árabil.

Við framsóknarmenn höfum alltaf talið og teljum enn, að erlend stóriðja sé í sjálfu sér engin lausn á vandamálum í atvinnuþróun okkar Íslendinga og komi því aðeins til greina sem liður í skipulagðri framkvæmd heildaráætlunar í atvinnu- og efnahagsmálum, þ. á m. áætlunar um skipulega dreifingu atvinnutækjanna um byggðir landsins. Nú liggur engin slík áætlun fyrir og ríkisstj. er stefnulaus í atvinnu- og efnahagsmálum, en verksmiðjuna á nú að byggja, þar sem eftirspurn okkar sjálfra eftir vinnuafli er mest. Við höfum talið og teljum enn, að erlendur aðili, sem leyfi fær til reksturs á Íslandi, eigi að lúta íslenzkum lögum í einu og öllu og þá um leið íslenzkri lögsögu. En nú eigum við að fá erlendan gerðardóm yfir íslenzkt ríkisvald og íslenzkar stofnanir. Við höfum alltaf talið og teljum enn, að raforkusala til erlendrar stóriðju yrði a. m. k. að standa að sínu leyti undir virkjunarkostnaði í landinu á hverjum tíma. En nú á hún aðeins að standa að sínu leyti undir ódýrustu virkjun, sem möguleg er á Íslandi, ef það þá stenzt, og á að njóta hennar í 45 ár, meðan við megum virkja dýrar fyrir okkur sjálf. Ekkert af þessum meginskilyrðum okkar er uppfyllt við þá samningagerð, sem nú er lokið. Við teljum samninginn í sjálfu sér mjög slæman og ýmis ákvæði hans hættuleg fordæmi í framtíðinni. Þess vegna greiddu allir þingmenn Framsfl. atkv. með því að vísa samningnum frá eða fella hann.

Við búum við alvarlegan skort á vinnuafli. Vinnuaflið nægir okkur engan veginn til að koma í framkvæmd því, sem gera þarf. Þetta stafar m. a. og ekki sízt af því, að við erum ekki nægilega vel búin tækni og vinnusparandi vélum til þess að geta afkastað eins miklu og þær þjóðir, sem lengst eru komnar í þessum efnum. Á undanförnum árum óvenjulegra aflabragða og hagstæðs verzlunarárferðis hefur okkur safnazt nokkur gjaldeyrisforði, sem að vísu er minni en aukning erlendra skulda á sama tíma, en hefur þó þann kost að vera handbær. Og það er hægt að kaupa fyrir hann fleira en súkkulaðikex. Það er t. d. hægt að kaupa fyrir hann fullkomnari vélar og tæki en við ráðum nú yfir til að auka afköst okkar og framleiðni, en til þess verður að haga fjármálastefnunni hér innanlands þannig, að menn geti keypt slík tæki, en því hefur ríkisstj. ekki fengizt til að sinna, þrátt fyrir ítrekaðar kröfur okkar framsóknarmanna. Það verður að efla og treysta atvinnulífið og laða og hvetja til djarflegra átaka í stað þess að drepa það í dróma með fálmkenndum og óskynsamlegum aðgerðum í peningamálum, meðan þúsundum millj. af erlendu fjárfestingarfé er dembt yfir innlendan framkvæmdamarkað. Ríkisstj., sem ekki vill skilja þetta, ríkisstj., sem slær slöku við opinber framkvæmdaverkefni samtíma síns, ríkisstj., sem gefið hefur frá sér seinustu slitrin af viðleitni til að veita dýrtíðinni viðnám, á að fara frá og rýma fyrir annarri nýrri.

Birgir Finnsson: Herra forseti. Góðir hlustendur. Í tilefni af ræðu Helga Bergs langar mig aðeins til að spyrja ykkur, hlustendur góðir, hverjir þið haldið að það séu, sem mest kynda undir dýrtíðinni, ríkisstj., sem sífellt þarf að glíma við vandamálin, eða andstæðingar hennar, sem eru ábyrgðarlausir gerða sinna? Yfirvegið þetta rólega, og þá skiljið þið betur málflutning manna eins og hv. síðasta ræðumanns.

Störfum Alþ. að þessu sinni lýkur væntanlega í þessari viku. Mörg mál hafa hlotið afgreiðslu á þinginu og síðustu vikurnar hefur miklu verið afkastað. Vill það oft verða þannig, að framan af þinghaldinu gerist fremur fátt, en þeim mun meira á síðari hluta þess. Það er þó misskilningur að halda, að Alþ. sitji auðum höndum tímunum saman. Fjárlög eru jafnan meðal fyrirferðarmestu mála hvers þings, og hefur afgreiðslu þeirra hin síðustu ár jafnan verið lokið fyrir áramót. Önnur mál eru á ýmsum stigum allt frá þingsetningu til þingslita, og taka þingmenn mikinn þátt í undirbúningi þeirra og ýmsum athugunum í sambandi við þau, áður en þau komast á lokastig. Af eðlilegum ástæðum fellur þó meira af slíkri vinnu í hlut stjórnarsinna en stjórnarandstæðinga, og kvarta þeir síðarnefndu undan því, að þeir séu ekki hafðir nógu oft með í ráðum, áður en mál eru lögð fram á Alþ. Það liggur þó í augum uppi, að varðandi þetta atriði hafa þeir fyrst og fremst við sjálfa sig að sakast, vegna þeirra vinnubragða, sem þeir hafa tamið sér í stjórnarandstöðunni. En ekki skal ég neita því, að fengur gæti verið að því fyrir þingstörfin, að stjórnarandstaðan sýndi sig verðuga þess trúnaðar, að unnt væri að hafa fulltrúa hennar með í ráðum við undirbúning fleiri mála en raun ber vitni. Sú staðreynd, að hér á landi hefur oftast verið um samsteypustjórnir að ræða, hefur átt nokkurn þátt í því að lengja þinghaldið. Sum mál eru þess eðlis, að samstarfsflokkar með ólíkar skoðanir þurfa um þau að semja, og þá þarf bæði viðkomandi ríkisstj. að geta ráðfært sig við þingflokka þá, sem hana styðja, og þeir að hafa aðstöðu til að semja sín á milli. Þá er heldur ekki fyrir það að synja, að innan einstakra flokka geti verið ólík sjónarmið, sem ræða þurfi og jafna, áður en málin koma fyrir þingið í frv.-formi. Miðað við þá lýðræðislegu og þingræðislegu þróun, sem hér hefur orðið, verða þetta að teljast eðlileg og óhjákvæmileg vinnubrögð, en samt er því ekki að neita, að sitt hvað mætti betur fara í störfum Alþ., og nú hafa þingflokkarnir komið sér saman um að kjósa 7 manna millþinganefnd til að endurskoða gildandi lög um þingsköpin. Þess er þó varla að vænta, að sú endurskoðun geti orðið til þess að stytta þinghaldið til muna, vegna þess að með hverju ári sem líður, fær þingið fleiri og flóknari mál til meðferðar. Eru það einkum samskipti þingsins við útvarp og væntanlegt íslenzkt sjónvarp, sem gera endurskoðun þingskapa nauðsynlega og aðkallandi, og var það form. útvarpsráðs, Benedikt Gröndal, sem kom þessu máli á hreyfingu með því að flytja á þessu þingi frv. um breyt. á l. um þingsköp Alþingis, að því er þetta snerti. Hann setti í frv. fram ýmsar hugmyndir um útvarp og sjónvarp frá Alþ. og skal ég engu spá um það, hverjar þeirra nái fram að ganga, en það er að sjálfsögðu mikilvægt, að þjóðin fái sem réttasta mynd af störfum þingsins í gegnum blöð, útvarp og sjónvarp. Útvarpið gerði mikla bragarbót í þessu efni, þegar það tók upp fréttaflutning af umr. í

þinginu, og bezt gæti ég trúað, að í stað eldhúsdagsumræðna og útvarps á fjárlagaræðu eigi eftir að koma samtalsþættir, spurningaþættir og erindi í útvarpi og sjónvarpi. Fleiri, styttri og fjölbreyttari þættir frá þinginu gefa þjóðinni áreiðanlega betra tækifæri til að kynna sér störf þess en það fyrirkomulag, sem lengi hefur tíðkazt á útvarpi frá Alþ.

Samkv. gildandi þingsköpum hafa forsetar heimild til þess að láta umræðutíma skiptast sem jafnast með og móti máli. Þessari heimild er yfirleitt ekki beitt, vegna þess að stjórnarandstaðan þolir aldrei, að henni sé svarað og þarf í flestum málum margfaldan ræðutíma á við stuðningsmenn stjórnarinnar. Þess vegna er það oftast venja að af hálfu stjórnarflokkanna tala fáir aðrir en ráðh. og frsm. n. Ef fleiri töluðu, mundu umr. lengjast svo úr hófi fram, að fá mál yrðu útrædd. Hef ég áður bent á, að jafnari skipting ræðutíma með og móti málum mundi gera umr. í þinginu frjórri og skemmtilegri, og að mínum dómi er þetta eitt þeirra atriða, sem koma þarf til athugunar í sambandi við endurskoðun þingskapa. Í skjóli þeirra forréttinda stjórnarandstæðinga, sem ég hef nú lýst, leyfa talsmenn þeirra sér oft að brigzla öðrum þingmönnum um skoðanaleysi og að þeir sætti sig við hörkulega beitingu flokksvaldsins, eins og Eysteinn Jónsson orðaði það í gærkvöldi í sambandi við álmálið. Í umr. í Nd. á dögunum um sama mál talaði einn af skástu mönnum Framsóknar um það, að andstæðingar hans væru bæði „mýldir" og „keflaðir" af stjórninni og gætu ekki komið upp nokkru orði í sambandi við þetta stórmál. Spyrja mætti, hversu djúpt eigin sannfæring þessa ágæta þingmanns gegn málinu hafi rist, en látum það vera. Ég skal nú, að gefnu þessu tilefni, lýsa í örfáum orðum afstöðu minni til þessa merka máls. Það getur ekki héðan af tafið framgang þess, þar sem frv. um álbræðsluna hefur þegar verið afgr. sem lög frá Alþ.

Ég tel það mikilvægt, að atvinnulíf landsmanna verði sem fjölbreyttast og að gerðar séu ráðstafanir til að beizla þá orku, sem býr í fallvötnum landsins, en rennur nú að mestu ónotuð til sjávar. Meðan við þurfum ekki sjálfir á allri orkunni að halda, tel ég, að við hljótum að hafa hag af því að breyta henni í útflutningsvöru, eins og gert er með byggingu álbræðslu samtímis því, að ráðizt er í hina miklu Búrfellsvirkjun. Það hefði að vísu verið hægt að framkvæma nauðsynlegar viðbótarvirkjanir án álbræðslunnar, en þær hefðu þá orðið minni og óhagkvæmari og rafmagnið frá þeim til hins almenna notanda orðið dýrara. Orkusölusamningurinn við álbræðsluna er tekinn sem trygging fyrir þeim erlendu lánum, sem afla þarf vegna virkjunarinnar, en þetta þýðir, að virkjunarkostnaðurinn rýrir ekki möguleika íslenzka ríkisins til þess að afla lána erlendis til margvíslegra annarra þarfa. Virkjanir án álbræðslu hefðu ekki haft þennan kost, og stór lán, tekin til þeirra, hefðu gert örðugra um vik við útvegun lána erlendis frá til annarrar uppbyggingar í landinu. Þetta tel ég mjög mikilvægt atriði. Einnig er það svo, að virkjun án álbræðslu hefði ekki gefið af sér beinar tekjur í atvinnujöfnunarsjóð, en með samningnum um álbræðsluna fær sjóðurinn frá henni um 426 millj. kr. á árunum 1970—1984 og 54—60 millj. á ári eftir það. Verður þetta að teljast góð viðbót við annað ráðstöfunarfé sjóðsins, sem ætlaður er til þess að efla atvinnulíf þeirra landshluta, sem erfiða aðstöðu hafa í samkeppninni við þéttbýlissvæðin. Heimasveit álbræðslunnar, Hafnarfjörður, fær einnig í sinn hlut álitlegar upphæðir af gjöldum álbræðslunnar og eignast á 25 árum hafnarmannvirki, sem hvergi á sinn líka hér á landi. Til samningsgerðarinnar í heild tel ég, að hafi verið vel vandað og ástæðulaust að óttast, að við höfum samið stórlega af okkur. Álframleiðslan hefur þann kost, að þetta hráefni má nota til margs konar iðnaðar. Það verður fáanlegt hér tollfrjálst í landinu, og ég tel engum efa bundið, að þetta tækifæri til eflingar iðnaðarins verði ekki látið ónotað. Sérfræðileg aðstoð á þessu sviði stendur okkur til boða samkv. samningnum. Raforkan frá Búrfellsvirkjun verður einnig undirstaða margháttaðra framfara í vinnslu sjávarafurða, í landbúnaði og iðnaði og þegar á allt er litið, mun sú ákvörðunað byggja álbræðslu jafnhliða Búrfellsvirkjun stuðla að alhliða eflingu atvinnulífsins í landinu og styrkja efnahagskerfi okkar. Hún mun einnig flýta fyrir öðrum stórvirkjunum, t. d. við Dettifoss. Að lokum vil ég segja það um þetta stórmál, að ég óttast ekki, að þessi ákvörðun um hagnýtingu erlends fjármagns og sérþekkingar, verði landi og lýð til tjóns. Aðrar þjóðir hafa með góðum árangri hagnýtt sér erlent fjármagn til margvíslegrar uppbyggingar, án þess að glata fullveldi sínu og fjárhagslegu sjálfstæði. Viðsemjendur okkar um álbræðsluna tilheyra siðmenntaðri lýðræðisþjóð, sem hvorki sækist eftir landvinningum né leitast við að troða kreddum og kennisetningum upp á aðra. Ég tel það vel farið, að þessi fyrsta alvarlega tilraun okkar til að hagnýta erlent fjármagn skuli einmitt gerð í samstarfi við Svisslendinga.

Málflutningur stjórnarandstöðunnar í gærkvöldi bar þess ekki vott, að til hennar væri neinna gagnlegra úrræða að leita í því vandamáli, sem flestum varð tíðræddast um, vandamáli verðbólgunnar. Var reynt að koma allri sök á því, að ekki hefur tekizt að stöðva verðbólguna, yfir á stjórnina og stuðningsflokka hennar, og þá auðvitað einskis svifizt í vopnaburði. Hannibal Valdimarsson lýsti því að vísu fjálglega yfir, að hann hefði enga löngun til að sverta eða afflytja ríkisstj. á nokkurn hátt, en áður var hann búinn að fræða hv. hlustendur á því, að óhræsis ríkisstj. hefði innheimt skatta til þess að greiða niður fisk, svo hefði hún hætt niðurgreiðslunum, en haldið sköttunum. Þessi sumargjöf ríkisstj. væri svo sem ekki vegna hækkunar á fiskverði til útvegsmanna og sjómanna, sagði Hannibal, og gaf þar með í skyn, að þessi ráðstöfun væri til þess eins gerð að bæta afkomu ríkissjóðs. Þessi málflutningur er í fyllsta máta óheiðarlegur. Fiskverð til útvegsmanna og sjómanna hækkaði um s. l. áramót um 17%, m.a. með tilstyrk ríkissjóðs. Um tvær leiðir var að velja til þess að afla ríkissjóði þess fjár, sem með þurfti í þessu skyni, annaðhvort að hækka skatta eða draga úr útgjöldum, og var síðari leiðin valin með því að fella niður niðurgreiðslur á fisk og smjörlíki. Ráðstöfunin er gerð til þess, að sjómenn og útvegsmenn geti á þessu ári fengið svipaðar kjarabætur gegnum fiskverðið og aðrar stéttir hafa tryggt sér að undanförnu, og er þetta raunar lærdómsríkt, þegar athuguð er þróun verðbólgunnar í

landinu. Af þeirri 17% hækkun á fiskverðinu, sem ég gat um áðan, eru 11% borin uppi af hækkun á útflutningsverði sjávarafurðanna, og mundi það, við eðlilegar aðstæður, þykja allgóð hækkun milli ára. En hún dugar þó ekki til vegna verðbólguvaxtarins, sem harðast kemur niður á útflutningsatvinnuvegunum í hækkuðu kaupgjaldi. Má þannig með gildum rökum benda á, að ef kaupkröfunum vegna landverkafólksins hefði verið stillt meira í hóf en raun hefur á orðið síðustu árin, hefði ekki þurft til þess að koma að halda áfram stuðningi ríkissjóðs við sjávarútveginn. Hannibal Valdimarsson sagði í gærkvöldi, að í 7 ár hafi fjármunir verið færðir til í þjóðfélaginu, verkafólkinu í óhag. Þetta átti að vera hans áfellisdómur yfir stjórnarstefnunni. Staðhæfingin er umdeilanleg. En ef við segjum sem svo, að hún sé rétt, þá er hún ekki síður áfellisdómur yfir Hannibal sjálfum og þeirri launamálapólitík, sem hann hefur staðið fyrir sem oddviti verkalýðshreyfingarinnar. Þótt launahækkanir séu sjálfsagðar og nauðsynlegar, eru jafnan efnahagsleg takmörk fyrir því, hversu miklar þær geti verið. Sé farið út fyrir þau takmörk, er það ekki til góðs fyrir launþegana vegna óhjákvæmilegra keðjuverkana í efnahagskerfinu. Dæmið um fiskverðið, sem hækkað var meira en eðlilegt gat talizt, er ágætt sýnishorn af þessu, og því miður hafa forustumenn verkalýðshreyfingarinnar, með Hannibal Valdimarsson í broddi fylkingar, ekki alltaf gert sér nægilega vel grein fyrir samhengi hlutanna að þessu leyti. Þess vegna hafa margar aðgerðir þeirra sjálfra ekki orðið til þess að bæta í raun kjör umbjóðenda þeirra, eins og hægt hefði verið, ef viturlegar hefði verið að farið. Þær hafa verkað verðbólguaukandi, eins og svo margt annað í þjóðfélagi okkar. Mest tjón vinnur dýrtíðin með því að eyðileggja starfsgrundvöll útflutningsframleiðslunnar og rýra gildi krónunnar, en hún verður hvorki stöðvuð með orðagjálfri né lagasetningu. Til þess að stöðva hana þarf víðtæka samstöðu, sem núv. ríkisstj. hefur vissulega reynt að skapa. Hún verður ekki með réttu einhliða sökuð um, að þetta hefur ekki tekizt nógu vel.

Góðir hlustendur. Stjórnarsamstarf Alþfl. og Sjálfstfl. hefur nú staðið í 6 ár og borið góðan árangur, þegar vandamál verðbólgunnar eru undanskilin. Alþfl. hefur farið með utanríkismál, menntamál, félagsmál, viðskiptamál og sjávarútvegsmál. Merkir atburðir hafa skeð og miklar framfarir orðið í öllum þessum málaflokkum, sem of langt mál yrði að rekja að þessu sinni. Í sambandi við sveitarstjórnarmálin vil ég þó minna á það, að engin stjórn hefur sýnt þeim málum eins mikinn skilning og núv. stjórn. Forustumenn sveitarfélaganna unnu að því árum saman að tryggja sveitarfélögunum aðra tekjustofna en útsvör og veltuútsvör, og einnig vildu þeir létta af sveitarfélögunum nokkrum útgjöldum. Meðan Framsfl. var við völd, fengu þessar óskir engar undirtektir, og gekk m. a. s. svo langt, að eitt sinn hótaði Eysteinn Jónsson stjórnarslitum, ef frv. þess efnis, að sveitarfélögin fengju hluta af söluskatti, næði fram að ganga. Núv. stjórnarflokkar hafa bæði látið sveitarfélögin fá hluta af söluskatti og landsútsvör. S. l. ár voru tekjur jöfnunarsjóðs af söluskattinum rúmar 160 millj. kr., en landsútsvarið nam um 48 millj. kr. Frá 1960—1965 hafa tekjur jöfnunarsjóðs og landsútsvör numið til samans 759.7 millj. kr., og gefur auga leið, að þær miklu framkvæmdir, sem flest sveitarfélög hafa getað ráðizt í á síðustu árum, eru að verulegu leyti að þakka þessum auknu tekjum sveitarfélaganna, sem jafnframt hafa gert þeim kleift að lækka útsvör. Af upphæðinni, sem ég nefndi, hefur höfuðborgin ein fengið 312.2 millj. og svo sem vænta má, sér þess víða stað í borginni. Einnig fá nú kaupstaðirnir og kauptúnin hluta af benzínskatti til varanlegrar gatnagerðar, og nemur sú upphæð nú um 35 millj. kr. á ári. Skiptist hún eins og jöfnunarsjóður eftir íbúatölu, og koma því í hlut Reykjavíkur um 15—16 millj. kr. af þeirri upphæð á ári. Í hinni stórfróðlegu skýrslu, sem fjmrh. flutti hér á þessum stað fyrir fáum dögum, kom það m. a. fram, að á s. l. ári voru framkvæmdir í gatna- og holræsagerð helmingi meiri en aðeins tveimur árum áður, 1963. Var aukning gatna- og holræsagerðarframkvæmdanna í kr. 135 millj. frá árinu 1963 til ársins 1965. Og í ár er áætlað, að unnið verði í þessum málaflokki fyrir álíka upphæð og s. l. ár. Jafnframt því að fá sveitarfélögunum þannig nýja tekjustofna hafa reglur um álagningu útsvara verið færðar til samræmis fyrir landið allt svo sem kostur er, og er það breyting, sem mikla þýðingu hefur fyrir útsvarsgreiðendur. Nokkuð vantar þó á það, að menn greiði jöfn útsvör hvar sem er á landinu, en stefna þarf að því, að svo verði.

Sameiginleg mál ríkis og sveitarfélaga eru mörg og varða alla þegna landsins. Ríkið leggur fram sinn skerf til skólamála, bókasafna, leiklistarstarfsemi, félagsheimila, íþróttamannvirkja, hafnargerðar, vegagerðar, heilbrigðismála, löggæzlu, vinnumiðlunar, heimilishjálpar, skipulagsmála, vatnsveitna, elliheimila, bjargráðasjóðs, verkamannabústaða, til útrýmingar heilsuspillandi húsnæðis, til landakaupa, raforkumála, leitar að jarðhita og síðast en ekki sízt til almannatrygginga. Nú síðustu árin hefur hlutdeild ríkisins í sumum þessum málaflokkum verið aukin og er jafnan fast sótt, að meira verði að gert í því efni. Á það t. d. við um hafnirnar og framlög ríkisins til þeirra. Í skólabyggingarmálum hefur verið komið fastri skipan á greiðslu ríkishlutans af kostnaðinum og aldrei átt sér stað eins miklar skólabyggingar og síðustu árin. Ríkið hefur tekið við rekstri flestra héraðsskóla, sem áður voru þung byrði á sýslu- og sveitarfélögunum. Tekin hefur verið upp greiðsla á ⅓ af rekstrarkostnaði tónlistarskóla og fastri skipan komið á stuðning ríkisins við leiklistarstarfsemi. Auk gatnagerðarframlagsins, sem ég gat um áðan, er nú greitt um 10 millj. kr. árlegt framlag til sýsluvega. Hlutdeild ríkisins í byggingarkostnaði sjúkrahúsa, læknisbústaða og heilsuverndarstöðva hefur verið hækkuð og sömuleiðis ríkisstyrkir til sjúkrahúsa, miðað við legudagafjölda. Einnig endurgreiðir ríkissjóður nú stærri hluta af löggæzlukostnaði en áður var. Fjölskyldubætur, sem áður voru greiddar sameiginlega af ríkinu, sveitarfélögum, hinum tryggðu og atvinnurekendum, eru nú greiddar af ríkinu einu. Þannig mætti lengi telja, og hafa framlög ríkisins til allra þeirra málaflokka, sem ég áðan nefndi, aukizt stórum. Vil ég að lokum aðeins nefna það, að samkv. ákvæðum um útrýmingu heilsuspillandi húsnæðis, sem Alþfl. fékk á sínum tíma lögtekin, eru nú veitt árlega ríkisframlög, er

nema um 20 millj. kr. Hafa á síðustu 10 árum verið byggðar 612 íbúðir samkv. þessum l., og nemur ríkisframlag og lán til þeirra 77 millj. kr. Hafa þessar ráðstafanir átt drjúgan þátt í því að útrýma lélegu húsnæði í höfuðborginni og víðar.

Þá vil ég í þessu sambandi geta þess, að á þessu þingi hefur rætzt gamalt áhugamál sveitarstjórnarmanna með setningu l. um lánasjóð sveitarfélaganna.

Herra forseti. Góðir hlustendur. Ástæðan til þess, að ég vék hér sérstaklega að þessum málum, er sú, að bæjar- og sveitarstjórnarkosningar fara nú í hönd. Ég tel mig hafa sýnt fram á, eftir því, sem unnt er í stuttu máli, að með veru sinni í ríkisstj. hafi Alþfl. haldið vel á hlut sveitarfélaganna, og út á það hvet ég kjósendur hvar sem er á landinu til þess að fylkja sér undir merki Alþfl. í kosningunum. Aðstaða flokksins í ríkisstj. hefur veitt honum tækifæri til að koma fram miklum umbótum í félagsmálum, tryggingamálum, húsnæðismálum og fræðslumálum, og næsta stórverkefnið er setning löggjafar um eftirlaunasjóð og eftirlaunatryggingu fyrir allt vinnandi fólk til viðbótar við gildandi lífeyristryggingar. Að þessu verkefni er nú unnið í framhaldi af hinni ágætu skýrslu Haralds Guðmundssonar, fyrrv. ráðh., og vil ég að lokum taka undir þá skoðun, sem hann setur fram í hinni fróðlegu skýrslu sinni, að samtímis lagasetningu um eftirlaunatryggingu þurfi að gera breytingar á gildandi lífeyristryggingum þannig, að lífeyrir og eftirlaun samtals nægi til þess að afstýra kjaraskerðingu að loknu ævistarfi. Ég vona, að nú sem fyrr verði störf Alþ. landi og lýð til blessunar. – Góða nótt.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Góðir Íslendingar. Þetta þing, sem nú er brátt að ljúka, verður því miður illræmt í Íslandssögunni fyrir eitt: Með því hefst nýtt niðurlægingarskeið Alþ. í afstöðunni til íslenzks sjálfstæðis. Í aldarfjórðung hefur land vort verið herstöð fyrir framandi stórveldi, þjóð vorri til skaða og skammar, og af því hlotizt siðferðisleg og þjóðernisleg niðurlæging og hnignun. Allan þennan tíma höfum við þó verið efnahagslega sjálfstæð þjóð. Arðurinn af striti hinna vinnandi stétta hefur orðið kyrr í landinu, þótt misskipt væri milli alþýðu og yfirstéttar. En með samþykkt alúmíníumsamningsins og sérréttindaaðstöðu erlends auðfélags á Íslandi er stigið fyrsta skrefið niður á við á nýlendustigið, en nýlendustig er það, þegar auðlindir og vinnuafl eins lands er hagnýtt af erlendu auðvaldi til þess að skapa auð, sem út úr landinu flyzt. Auðmagn hins svissneska einokunarhrings er 15 þús. billjónir ísl. kr. Allur þjóðarauður vor Íslendinga er metinn á 41 þús. millj. Þegar auðhringur þessi hefur byggt 2500 millj. kr. verksmiðju í Straumsvík, er þriðjungur alls fjármagns í iðnaði og sjávarútvegi á Íslandi orðinn erlend eign. Þetta ríkasta auðfélag á Íslandi er strax orðið ríki í ríkinu með sérréttindum sem aðall forðum og með erlent dómsvald sér við hlið. Þessi auðhringur hefur þegar lagt meiri hl. Alþ. að fótum sér og íslenzkri atvinnurekendastétt verður hann ofjarl, þótt hluti hennar hugsi nú gott til glóðarinnar að fá hana í bandalag við sig í stéttabaráttunni gegn verkalýðnum. Það var yfirstétt Íslands á Sturlungaöld, sem fékk konungsvaldið inn í landið og fargaði sjálfstæðinu. Hún hugðist fá voldugan bandamann gegn bændaalþýðunni. En það var konungsvaldið, sem drap höfðingjastéttina, en bændaalþýðan tóríði og barg lífi og erfð þjóðarinnar í fátækt sinni. Það er á ábyrgð íslenzku yfirstéttarinnar og flokks hennar, Sjálfstfl., að erlenda auðvaldið er nú kallað inn í landið á ný og efnahagslegt sjálfstæði þjóðarinnar skert á nýlenduvísu. Þung er ábyrgð þeirra, sem hleypa þannig erlendum peningaaðli sem sérréttindastétt inn í land vort. En því ógæfulegra sem atferli yfirstéttarinnar verður fyrir þjóðina, því meiri ábyrgð leggst á hendur verkalýðshreyfingarinnar sem sterkasta þjóðfélagsaflsins í þessu landi að afstýra þeirri ógæfu, er yfirstéttin býður heim. En íslenzk verkalýðshreyfing mun þurfa á öllu sínu harðfylgi að halda til þess að hafa í fullu tré við hið volduga, erlenda auðfélag, við þann einokunardraug, sem upp er vakinn gegn alþýðu á þeim slóðum, þar sem Hólmfastur forðum var hýddur fyrir að brjóta bann einokunarvaldsins. Það er íslenzkri alþýðu hollast að mæta þessum auðuga einokunarhring frá upphafi með þeirri djörfung, dirfsku og reisn, sem bezt hefur einkennt íslenzkt alþýðufólk, og með þeirri kröfuhörku, sem sú vissa skapar, að atvinnuvegur og afkoma þessa auðhrings þolir allt, sem íslenzk alþýða krefst. Hreinn gróði þessa auðhrings af greiddum sköttum af verksmiðjunni í Straumsvík er milli 200—400 millj. kr. á ári, svo að það er af nógu að taka til þess að bæta lífskjör íslenzkra verkamanna.

En hvernig getur það skeð, að aldarfjórðungi eftir að við stofnuðum lýðveldið og tæpri hálfri öld eftir að við fengum fullveldið, skuli, þrátt fyrir sárar minningar um 600 ára nýlendukúgun, fyrsta ógæfusporið stigið niður til nýlendu í nýjum stíl? Sökin liggur hjá drottnandi braskarastétt þessa lands og skammsýnum fjármála- og stjórnmálamönnum hennar. Hún vonast til þess, að með auðmagn hringsins að vopni verði hún margfalt sterkara afl í íslenzkum stjórnmálum en hún er í dag og fær um að brjóta íslenzka verkalýðshreyfingu á bak aftur. Þess vegna svíkur hún íslenzkt atvinnulíf undir erlenda drottnun. Alúmínverksmiðjan í Straumsvík er aðeins byrjunin. Sigurður Bjarnason lýsti því hér yfir í gærkvöldi, að fleiri vafalaust aðrir erlendir auðdrottnar mundu á eftir koma. Annað sporið er þegar stigið. Kísilgúrverksmiðjan, sem átti að verða opinbert, íslenzkt fyrirtæki, er afhent amerísku auðfélagi, sem hefur 10—20 þús. millj. kr. fjármagn. Eins og danskur einvaldskóngur forðum hafði einokun á brennisteininum við Mývatn, eins fær nú amerískur einokunarhringur, auðkóngur í keisaradæmi Morgans, einokun á kísilgúrnum í Mývatni. Og lítið leggst nú fyrir suma kappa þingeyskrar samvinnustefnu, er þeir veita slíkum einokunarhring brautargengi, eftir að forfeður þeirra hafa brotið hina dönsku einokunarkaupmenn á bak aftur. Og hver yrði afleiðingin, ef þannig yrði haldið áfram? Standard Oil-hringurinn mundi fá einokunaraðstöðu á olíu og benzíni með því að koma upp olíuhreinsunarstöð í Reykjavík og erlendir fiskiðnaðarhringir mundu útrýma íslenzkum hraðfrystihúsum með stórrekstri sínum. Þegar þessi framtíðarsýn Morgunblaðsritstjórans hefur rætzt, væri meiri hl. alls fjármagns í iðnaði og sjávarútvegi Íslands undir erlendum yfirráðum.

Málsvarar hinna erlendu auðdrottna einbeita nú áróðri sínum að því að telja kjarkinn úr þjóðinni, telja henni trú um, að við Íslendingar, sem hrifið höfum land okkar upp úr nýlendueymdinni á þessari öld, getum sjálfir engin stórvirki unnið. Þeir dirfast að kalla þá afturhaldsmenn, sem trúa því og treysta, að Íslendingar geti sjálfir hagnýtt íslenzkar auðlindir í eigin þágu. Með sjónhverfingalist sinni reyna þeir að ranghverfa öllum staðreyndum sögunnar illum málstað sínum til framdráttar. En þeim tekst það ekki. Það voru framfaramenn Íslands, er trúðu á land og þjóð, sem börðust fyrir því, að Landsbanki Íslands hefði seðlaútgáfuréttinn á Íslandi og Eimskipafélag Íslands væri stofnað, að Íslendingar ættu sjálfir fossa landsins og virkjuðu þá handa sjálfum sér. En ef Sjálfstfl. og Morgunblað hans hefðu verið til og sýnt sömu undirgefni við erlent auðvald og þessir aðilar sýna alúmínhringnum í dag, hefði Sjálfstfl. þá barizt fyrir því, að danskur hlutafélagsbanki, Íslandsbanki, hefði einn seðlaútgáfurétt á Íslandi, að Sameinaða gufuskipafélagið annaðist allar siglingar við Ísland, að útlend auðfélög ættu alla íslenzka fossa, að Titan fengi sérleyfi til virkjunar Þjórsár og auðvitað, að hæstiréttur yrði áfram í Kaupmannahöfn. Svona umskiptingur er sá flokkur orðinn, sem enn dirfist að kenna sig við íslenzkt sjálfstæði. Það er trú þessara manna, að geta með svartagaldri áróðurs síns gert þjóðina að sams konar umskiptingi og flokkur þeirra er sjálfur orðinn.

Talað er um, að við Íslendingar getum ekki unnið stórvirki sjálfir. Allt það tal eru blekkingar einar og það eru hinir sönnu afturhaldsmenn, sem reyna að telja þjóðinni trú um slíkt. Það er minna átak fyrir hið ríka Ísland í dag að virkja við Búrfell en var fyrir hið fátæka Ísland að virkja Sogið 1937. Og það er líka blekking, sem Emil Jónsson, hæstv. utanrrh., sagði í gærkvöldi, að við Íslendingar réðum ekki við að byggja 2500 millj. kr. verksmiðju, ef við álitum það rétt. Við fjárfestum 5000 millj. kr. á ári. Við eigum yfir 2000 millj. kr. í gjaldeyrissjóði fyrir utan allar þær þús. millj., sem við geymum í öðrum sjóðum, og við fleygjum þús. millj. kr. í gagnslausa fésýslu þarna við Suðurlandsbraut og annars staðar. Við Íslendingar getum gert allt, sem þarf að gera á þessu landi sjálfir, byggt upp það íslenzka atvinnulíf, það farsældarfrón, sem forfeður okkar sáu í hillingum á tímum kúgunarinnar, og það var til þess að láta þá drauma rætast, sem við sameinuðumst um að stofna lýðveldi 17. júní 1944. Það var í þeirri trú og von, að

> Hver dagur líti dáð á ný,
> hver draumur rætist verkum í,
> svo aldrei framar Íslands byggð,
> sé öðrum þjóðum háð.

En draumur hirðsveinanna, svo að ég noti orðatiltæki Sigurðar Líndals úr hinni sögulegu ræðu hans 1. desember, er að rætast á öfugan veg. Lítið á Keflavík, Straumsvík, Hvalfjörð, Mývatn, allt umhverfist þetta nú í erlend ræningjabæli hervalds og auðvalds. Ekki aðeins skal afhenda þeim íslenzkar auðlindir og vinnuafl til arðráns, það skal einnig hætta á, að jafnt mývetnsk náttúrufegurð sem íslenzk þjóðarsál verði þeim að bráð. Svo ósvífnir eru þeir, sem nú ráða, að þeir ætla sér þá dul að geta bundið Alþ. Íslendinga í 45 ár á klafa erlends auðhrings, svipt komandi kynslóðir löggjafarvaldi um skatta og alla aðstöðu ríkasta fyrirtækis á íslenzkri grund fram til ársins 2014. Ef slíkt væri löglegt, gætu þeir samið lög um sérréttindi íslenzkra atvinnurekenda og skattgreiðslur til 45 ára, sérstaklega, ef þeir hefðu útlenda leppa með í ráðum. Það sér hver maður, að slíkt lætur þjóð og þing ekki bjóða sér. Samningur þeirra við hinn erlenda auðhring er markleysa, eingöngu gerður á persónulega ábyrgð þeirra, sem samþykkja hann, en þing og þjóð eru stjórnarfarslega og siðferðilega óbundin af honum. Og hvernig ætla svo þessir erindrekar erlends valds að útvega auðhringnum vinnuafl til þess að græða á, þegar skortur er á vinnuafli hér heima? Þeir ætla að draga stórum úr því, sem Íslendingar fá að vinna fyrir sjálfa sig, með eftirfarandi ráðstöfunum m. a.:

1. Það á að gera íslenzku alþýðufólki ókleift að byggja yfir sig með því að viðhalda vísitöluákvæðinu á húsnæðislánum. Þannig á að reka vinnuafl úr byggingariðnaðinum.

2. Það á að draga úr framkvæmdum ríkisins, t. d. byggja færri skóla, þó að skóla vanti víða og annars staðar sé þrísett í þá.

3. Það á að neyða sveitarfélögin, sem víða eru allathafnasöm, til að draga úr framkvæmdum sínum, minnka þannig hvarvetna þjónustuna við almenning til þess að reka vinnuaflið burtu frá skapandi starfi og í þjónustu erlendra og innlendra braskara.

Í þeim stjórnmála- og stéttaátökum, kosningum og kaupdeilum, sem í hönd fara, verður því m. a. tekizt á um það, hvort menn meti meira þarfir og nauðsyn vor Íslendinga sjálfra eða gróðaafstöðu erlendra auðhringa. En þótt skera skuli við nögl sér vinnuafl til íbúðarhúsa, skóla og framkvæmda sveitarfélaga til að þóknast gróðaþorsta útlendinga, er þó eitt svið, sem er ríkisstj. helgur reitur og ekki má hreyfa við. Það er verzlunar- og fésýsluvaldið, sem sýgur til sín fjármagn og vinnuafl í ríkara mæli en helztu atvinnuvegir Íslands til samans, af því að heildsalarnir fá sjálfir að skammta sér álagningu og gróða.

Síðustu 5 ár fóru 40% af allri mannaflaaukningu í íslenzku atvinnulífi til viðskiptalífsins, sem engin verðmæti skapar, og á fyrstu 4 árum þessa áratugs uxu bankaútlánin til verzlunarinnar um 590 millj. kr. eða meira en til sjávarútvegs og iðnaðar til samans. Ástæðan til þessarar hættulegu öfugþróunar er sú, að ríkisstj. lítur á sig fyrst og fremst sem stjórn fésýsluvaldsins innlenda og útlenda og skapar því sérréttindi, sem seðir vinnuafl og fjármagn til þess. Við þm. Alþb. höfum flutt frv. um að koma á hörðum verðlagstakmörkunum til þess að stöðva verðbólguna, en það frv. er svæft eins og öll önnur góð mál. Og hvernig stjórna svo þeir herrar innanlandsmálum okkar, sem álíta innrás erlends valds sáluhjálparatriði fyrir Íslendinga? Þeir segjast vera til þess kjörnir að stjórna þjóðfélagi með viti og réttlæti. Við skulum taka eitt dæmi um, hve viturlegar ráðstafanir þeirra eru. Nýlega var samþ. að veita 80 millj. kr. úr ríkissjóði til hagræðingar o. fl. í sjávarútvegi og fiskiðnaði. Var það út af fyrir sig ekki athugavert, ef hagrætt væri af viti og fjár aflað af réttlæti. En síðan taka nokkrir milljónamæringar, skulda-

kóngar, þá ákvörðun að fjárfesta 40 millj. kr. í einni umbúðamiðstöð, þótt fyrir væri í landinu verksmiðja, sem gat framleitt allar umbúðirnar fyrir freðfiskinn. Frá sjónarmiði þjóðarheildarinnar var sú fjárfesting hrein eyðsla og hvað rekstur snertir, beint tap fyrir þjóðarbúið. Þetta er svokölluð frjáls samkeppni.

Og svo kom að því að láta borga þessar 80 millj. Og hverjir áttu að borga? Kannske braskararnir, sem henda hundruðum millj. kr. í óþarfa braskhýsi við Suðurlandsbraut? Nei, það væri náttúrlega að níðast á verzlunarfrelsinu. Ríkisstj. ákvað að hætta niðurgreiðslum á fiski og smjörlíki, það þótti henni mjög réttlátt. Það kæmi harðast niður á alþýðufólki, einkum barnafjölskyldum og það fannst ríkisstj. mjög réttlátt. Meiri hl. þessa alþýðufólks væri hvort sem er á móti henni, svo að það væri rétt mátulegt á það og hinn hlutinn mundi hvort sem er kjósa hana áfram, hvað sem hún gerði, kyssa á vöndinn, svo að þetta væri alveg óhætt. Þetta var sú hlið málsins, sem snéri að réttlætinu, réttlæti ríkisstj.

Svo er hin hliðin, sem snýr að vitinu í þessari ráðstöfun. Við að fella niður niðurgreiðslurnar á fiski og smjörlíki hækkar kaupgjaldsvísitalan um 2%. Öll launafúlga þjóðfélagsins er um 12 þús. millj. kr., hún er vísitölubundin. Allt kaupgjald hækkar því um 240 millj. kr., án þess að nokkur launþegi hafi gagn af því, þvert á móti þeir fátækustu og barnflestu skaða, miðað við, að verðlaginu hefði verið haldið niðri. Hjá ríkinu sjálfu einu saman hækka bein starfsmannalaun þar af um 25 millj. kr. vegna þess arna og öll vinnulaun, sem ríkið greiðir alls, hækka um 50 millj. kr. Ríkisstj. sem sé borgar út úr ríkissjóðnum 50 millj. kr., af því að hún borgaði 80 millj. kr. í hagræðingu. Og atvinnulíf og heildarviðskiptalíf landsins verður að borga 240 millj. kr. í vísitöluuppbætur, af því að hluti þess fékk 80 millj. kr. til hagræðingar. Þetta heitir hagræðing í þjóðarbúskapnum og ef einhver ykkar dirfist að finna að þessu, er hann bara afturhaldsmaður, fjandsamlegur vestrænu frelsi, jafnvel Moskvu-kommúnisti. Og fram að bæjarstjórnarkosningunum á svo Morgunblaðið að reikna það inn í kollinn á kjósendum, hve dásamlega íhaldið stjórni, svo að menn geti þakkað því hækkunina á soðningunni 22. maí.

En þegar verkalýðshreyfingin eftir mánuð knýr fram vægðarlausar, raunverulegar kauphækkanir og endurbætur á öllum sviðum, þá munu málgögn ríkisstj. öskra: Við ætlið að eyðileggja þjóðfélagið, atvinnulífið þolir þetta ekki. Sannleikurinn er, að atvinnulífið þolir ekki svona bandvitlausa stjórnarstefnu. En nú vill máske einhver segja: Allt eru þetta mjög gáfaðir og tiltölulega heiðarlegir menn, sem þarna eiga hlut að máli, ótal sérfræðinga hafa þeir sér við hlið. Hvernig stendur þá á þessu? Vissulega frýjum við ekki þessum mönnum vits, allt mjög gáfaðir menn. En þeir eru bara lokaðir niðri hver í sínum kassa, einn í ríkissjóðnum, annar í Seðlabankanum o. s. frv. og enginn þeirra sér upp úr sínum sjóð. Og ef einhver segir við þá: Reynið að hafa einhverja yfirsýn yfir þjóðfélagsþróunina, jafnvel heildarstjórn á henni, þá hrópa þeir upp: Nei, nei, slíkt er sósíalismi, guð og Kaninn forði okkur frá slíku. Að ætla að stjórna flóknu nútímaþjóðfélagi með aðferðum þessarar yfirstéttar og ríkisstj. hennar er álíka og ætla að stýra fínum farþegabíl niður Kamba með því að ýta bílnum af stað, eftir að hafa lokað bílstjórann niðri í skottinu. Náttúrlega verður slíkri bifreið ekki mikið meint af, þó að hún fari út af á fyrstu beygju, þegar 100 10 tonna vörubílar eru áður búnir að fylla gjótuna, sem hún lendir í, með síldarhlössum. Hún sekkur þá bara mjúkt og hægt og farþegarnir gætu jafnvel skálað þar inni í kampavíni fyrir samkeppni hjá útlendum einokunarhringum og það er það, sem er að gerast. En sleppum öllu háði. Það er víst tilgangur í öllum þessum ráðstöfunum, hvort sem öllum hæstv. ráðh. er sá tilgangur ljós eða ekki. Sá tilgangur er að auka verðbólguna. Allar verðhækkanir þessarar ríkisstj. eru undirbúningur að gengislækkun eftir næstu þingkosningar, ef stefna hennar heldur velli. Bak við alla hringrás vitleysunnar á yfirborðinu býr ísköld fjármálahyggja verðbólgubraskarans. Athugið, hverjir eiga fésýsluhallirnar við Suðurlandsbraut og annars staðar og reiknið þið síðan út, kjósendur góðir, hvað þeir græða, þegar þær hafa allar þrefaldazt í verði og skuldirnar í bönkunum rýrnað að sama skapi að verðgildi.

Verðbólgan er og hefur lengi verið höfuðgróðalind braskstéttarinnar og stjórnarstefnan þjónar þessari braskarastétt. Í krafti verðbólgunnar rænir sérréttindabrask íhaldsins ríkisbankana með annarri hendinni og launþegana með hinni. En hafi þessi verðbólga hins vegar létt undir með mörgum alþýðumanninum við að eignast þak yfir höfuðið, skal það nú stöðvað með vísitöluákvæðum á húsnæðislánum og lífeyrissjóðum. Yfirstéttin ætlar sér að sitja alein að gróðanum á verðbólgunni framvegis. Þess vegna lemur nú íhaldsklíkan það lagafrv. í gegnum Alþ., sem gera á venjulegum launþega ókleift að eignast íbúð. Nú er það svo, að 280 þús. kr. húsnæðislán verður, ef verðbólgan heldur áfram sem hingað til, að greiðast með 2—3 millj. kr. á næstu 25 árum, ef vísitöluákvæði helzt. Seinasta útborgun þessa láns, 1991, yrði þá 199 þús. kr. Frv. okkar Alþb.-manna um að afnema vísitöluákvæðið á þessum húsnæðislánum hefur verið svæft, og þetta ósvífna ákvæði mun haldast, nema íhaldið og þjónustulið þess bíði slíkan ósigur í komandi kosningum og kaupdeilum, að það verði það hrætt, að það fáist til að afnema það.

Það var eftirtektarvert í umr. í gærkvöldi þegar Bjarni Benediktsson, hæstv. forsrh. var að ræða orsakir verðbólgunnar. Þá forðaðist hann vandlega að minnast á frumkvöðul hennar, fésýsluvaldið í landinu, sjálfa verðbólgubraskarana. Af hverju gleymdi hann því? Af því að Sjálfstfl. er fulltrúi þessarar valdastéttar og fær henni með álagningarfrelsinu valdið til verðbólgumyndunarinnar. En það þýðir lítið að hafa hátt strútsins á og stinga höfðinu í sandinn, þegar stormurinn nálgast. Það sjá allir, sem sjá vilja, að svona gengur þetta ekki áfram. Verkalýðshreyfingin tygir sig öll samhent til stórátaka í vor til stórfelldra kjara- og réttindabóta, sem allir vita, að hið tekjuháa þjóðfélag vort þolir. Það hefur í allan vetur verið reynt með ótal frv. Alþb. að koma viti fyrir ríkisstj. í tíma. Hún hefur daufheyrzt með öllu og mun nú uppskera þann storm, sem hún hefur sáð til. Í stjórnarherbúðunum skiptast menn þegar í tvo hópa um, hvað gera skuli. Jón Þor-

steinsson var nógu hreinskilinn til þess að segja í gærkvöldi, hvað afturhaldshópurinn í stjórnarliðinu vildi gera. Grípa til lögbindingar kaups og vísitöluráns, ef verkamenn beygja sig ekki í auðmýkt. Það er harðstjórnarleiðin, sem þessir menn vilja fara. Þeir ætluðu líka að fara þessa harðstjórnarleið með þrælalögunum eftir kosningarnar 1963, þegar þeir Ólafur Thors og Eðvarð Sigurðsson afstýrðu því með hinu sögulega samkomulagi 9. nóv. 1963. Nú er Ólafur dáinn og Eðvarð Sigurðsson einn hinna vondu kommúnista, sem Jón Þorsteinsson kvað óhugsandi að tala við. Það skilur því hver launþeginn, fyrr en skellur í tönnunum, hvert þessir herrar eru að halda. Íslenzk verkalýðssamtök vita því, hvað þau eiga yfir höfði sér. En það var óviturlegt af þeim, sem búa í glerhúsi stjórnarinnar, að byrja að kasta grjóti með harðstjórnarhótunum í þessum umr. Það er vitanlegt, að báðir stjórnarflokkarnir eru klofnir út af þeirri stjórnarpólitík, sem rekin er, og uppreisnin í þeim magnast dag frá degi. Í Sjálfstfl. var sú klofning alveg opinber í vetur. Annars vegar standa erindrekar hins erlenda auðvalds, sem sölsa æ meiri áhrif undir sig, og í nánu bandalagi við þá verzlunarauðvald þessa fésýsluflokks. En hins vegar í flokknum standa í fyrsta lagi þjóðernissinnaðir menntamenn, sem gerðu uppreisnina 1. des. í vetur, og í öðru lagi vaxandi hluti íslenzkra atvinnurekenda hinna gömlu atvinnuvega, sem sjá nú meir og meir, hvert leiðin liggur, þegar farið er að veita útlendum auðmönnum sérréttindi, en íþyngja íslenzku atvinnulífi og í þriðja lagi verulegur hluti þess verkalýðsfylgis, sem íhaldið hefur hingað til haft. Andstæðurnar milli þessara tveggja hópa munu aukast því meir sem nær dregur úrslitahríðinni um afkomu alþýðufólksins og sjálfstæði íslenzks menningar- og atvinnulífs.

Sama gjáin gerir nú vart við sig í Alþfl. og gein við 1. og 2. maí. Hér í þinghúsinu hótaði Jón Þorsteinsson verkalýðnum harðstjórn, vafalaust í umboði ráðherravaldsins. En úti í Lækjargötu lýsir einn helzti verkalýðsforingi Alþfl., Jón Sigurðsson, form. Sjómannafélags Reykjavíkur, í hinni snjöllustu ræðu stríði á hendur verzlunarauðvaldinu og stjórnarstefnunni í verðlagsmálum. Það er von, að þeim verkalýðsleiðtogum, sem alla sína ævi hafa haldið tryggð við Alþfl. og unnið honum allt, hvað þeir máttu, renni til rifja að sjá hann á fimmtugsafmælinu vera farinn að leika hlutverk Ketils skræks hjá Skugga-Sveini íhaldsins. Það voru því söguleg þáttaskil í verkalýðshreyfingu Íslands, þegar Dagsbrún og Sjómannafélagið sögðu einum rómi nú 1. maí: Hingað og ekki lengra, og öll verkalýðshreyfing Íslands tók undir þessi varnaðarorð brautryðjenda félaganna til valdhafanna.

Verkamenn og aðrir launþegar Íslands. Þið eruð yfir 70% þjóðarinnar, þið getið ráðið, hvenær sem þið standið sameinaðir. Refsið þið stjórnarflokkunum í kosningunum 22. maí, hvar sem þið annars standið í flokki. Það þýðir, að þeir hafa hitann í haldinu og láta auðveldlega undan réttlátum kröfum ykkar í kauppeilunum í júní. Sameinaður sigrar verkalýðurinn, en sundrað skal stjórnarafturhaldið falla. — Góða nótt.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Góðir áheyrendur. Stjórnarandstæðingar haga málstað sínum við þessar umr. á sama hátt og áður við svipuð tækifæri. Reynt er að villa um fyrir fólki og telja því trú um, að ríkisstj. og sú stefna, sem hún hefur mótað, leiði til vandræða, spilli þjóðarhag og skapi almenningi lélega lífsafkomu. Við þessar umr. hafa sumir stjórnarandstæðingar skotið yfir markið með svo öfgafullum málflutningi, að flestir vita, að þeir fara með ósatt mál. Þannig verða menn áhrifalausir á málþingum.

Umr. um stjórnmál eru nauðsynlegar og sjálfsagðar í lýðfrjálsu landi. Blöðin, sem útbreidd eru hérlendis, hafa mikilvægu hlutverki að gegna sem fréttablöð og vettvangur til upplýsinga um þjóðmálin. Þegar rangt er farið með málefni og staðreyndum snúið við, eins og oft vill verða, þegar mál eru sótt og varin af meira kappi en forsjá, reynir á dómgreind almennings til þess að það rétta fái að njóta sín. Lífsbaráttan hefur verið hörð í þessu landi, sérstaklega meðan þjóðin hafði hvorki getu né þekkingu til þess að nýta gæði landsins og fiskimiðin. Þetta hefur breytzt á síðari tímum. Vísindin efla alla dáð. Þekkingin er það afl, sem gerir þjóðunum mögulegt að hagnýta þær auðlindir, sem fyrir hendi eru. Við Íslendingar höfum á skömmum tíma tileinkað okkur tækniframfarir, uppbyggingu og framleiðslu, sem byggð er á þekkingu og reynslu. Eigi að síður á þjóðin eftir að læra margt á sviði framfara, sem opnar ný svið, nýja möguleika til þess að hagnýta þau verðmæti, sem þjóðin hefur, m. a. með því að fullvinna hráefnin, nýta orkuna, sem geymd er í fallvötnunum og jarðgufunni. Í krafti þekkingar og reynslu mun jarðargróður stóraukast. Ár og stöðuvötn verða fyllt með silungi og laxi og verðmæti sjávaraflans mun margfaldast með því að hagnýta hann á fullkominn hátt. Við Íslendingar höfum margs konar möguleika til aukinnar verðmætaöflunar.

Vegna löggjafar, sem viðkemur landbúnaðinum, hefur tekizt að auka ræktunina og tryggja þeim, sem landbúnað stunda, lánsfé til framkvæmda í sveitunum. Löggjöfin gengur út frá því, að bændur búi við ekki lakari kjör en aðrar stéttir. Á því þingi, sem nú er að ljúka, hafa lög um verðlagningu búvöru verið endurbætt og þannig gengið frá málum, að einn aðili getur ekki gert l. óvirk, eins og átti sér stað s.l. haust. Nú verður eðlileg vinna bóndans, konu hans, skylduliðs og hjúa viðurkennd við útreikning verðlagsins. Er eðlilegra, að búvöruverðið miðist við alla framlagða vinnu við búið og rekstursgjöld heldur en miðað sé að einhverju leyti við ákvæðisvinnu og aflahlut sjómanna, sem er ávallt breytilegur. Í gróðurmoldinni er mikill fjársjóður. Landið er stórt. 4 millj. ha geta orðið gróið land á nokkrum áratugum. Láta mun nærri, að túnræktin nemi 90 þús. ha. Er það um 3% af því landi, sem talizt getur gott til ræktunar, en innan við 2% þess landsvæðis, sem mætti græða upp með venjulegum hætti. Með vísindalegri ræktun plantna, réttri meðferð jarðvegsins við ræktun má örugglega auka mikið uppskeru og jarðargróður. Með tilraunum á þessu sviði hefur mikið áunnizt. En með áframhaldandi tilraunum mun þó vinnast miklu meira. Þannig getur framleiðslukostnaður búvöru lækkað til muna, þegar tímar líða, vegna ræktunar og hagræðingar í búrekstri. Framleiðsla landbúnaðarins hefur mikil vaxtarskilyrði. Er gott til þess að vita, þar sem fólkinu fjölgar ört í landinu

og matvælaskortur er víða um heim. Landbúnaðurinn mun gera meira en framleiða matvæli fyrir íslenzka neytendur, þar sem búvörurnar eru úrvalshráefni. Með því að nýta framleiðsluna getur þjóðin fengið miklar gjaldeyristekjur og veitt miklum fjölda atvinnu við vinnslu vörunnar. Í stað þess að flytja ullina út óunna, mætti margfalda útflutningsverðmætið með því að vinna úr henni í landinu. Miklar líkur eru til, að tilraunir, sem unnið er að með hagnýtingu ullarinnar, geti aukið gæði hennar, þannig að vinna megi úr íslenzku ullinni vörur, sem hún var áður talin ónothæf í. Gærurnar eru fluttar úr landi óunnar. Aðrar þjóðir vinna úr íslenzkum gærum dýrar tízkuvörur, svo sem pelsa o. fl., sem er eftirsótt á heimsmarkaðinum. Hingað til lands þarf að fá færustu sérfræðinga til þess að vinna úr íslenzkum hráefnum, þ. á m. gærum og öðrum skinnum, sem eru eftirsótt hráefni til iðnaðar. Hér á landi ætti að sauma pelsa og fleiri tízkuvörur úr okkar ágætu gærum og skjólföt úr öðrum skinnum, sem eru eftirsótt í hinum kaldari löndum. Með því að auka verðmæti skinna og ullar og nýta allt, sem verðmæti getur orðið af sláturfé, batnar aðstaðan til sölu á kjöti fyrir erlendan markað. Með ræktun og uppgræðslu má margfalda sauðfjárstofninn. Sauðfjárrækt verður arðsamleg fyrir bændur og þjóðarbúið.

Bandaríkin eru sennilega lengst komin í að hagnýta allt, sem að verðmæti má verða af sláturgripum. Hér á landi er miklum verðmætum kastað árlega í sláturhúsum. Meðferð á kjöti og sala á því úr landi á eftir að breytast í samræmi við fyllstu kröfur neytenda. Er vissulega ástæða til bjartsýni í því efni. Það er ekki rétt að gera mikið úr offramleiðslu í landbúnaði, þótt mjólkurframleiðslan hafi um sinn orðið meiri en fyrir innlenda markaðinn, það þarf ekki lengi að hafa áhyggjur af því. Með fiskirækt í ám og vötnum kemur ný atvinnugrein, sem færir í þjóðarbúið miklar tekjur. Það tekur nokkurn tíma að vinna upp fiskiræktina, en það mun eigi að síður takast og er nú að vakna almennur áhugi og skilningur fyrir þessu þýðingarmikla máli. Sjávaraflinn hefur gefið þjóðinni mestar gjaldeyristekjur. Landgrunnið allt á að verða fyrir Íslendinga eina. Jafnvel þótt aflamagnið vaxi ekki á miðunum, getur verðmæti aflans aukizt mjög mikið. Það hefur margt verið gert til þess að hagnýta aflann í samræmi við kröfur kaupendanna. Því verður þó ekki neitað, að mikið af aflanum er flutt úr landi sem hráefni til vinnslu. Hér á landi er t. d. engin lýsisherzlustöð. Hagnýting hráefnis í fullunna vöru og sala vörunnar í því formi krefst mikillar vinnu og þekkingar. Það mun taka talsverðan tíma að ná því marki, sem keppa verður að.

Þótt iðnaðurinn sé ungur að árum hér á landi, má segja, að þjóðin eigi góðan vísi að iðnaði, sem byggist á innfluttum hráefnum. Allur iðnaður þarf orku og helzt þarf hún að vera ódýr. Svo heppilega vill til, að Íslendingar hafa dýrmætan aflgjafa, sem eru fossarnir og jarðgufan. Í landinu hafa verið virkjuð aðeins 2% af því vatnsafli, sem telja má hagkvæmt til virkjunar. Þegar virkjuð eru við Búrfell 210 þús. kw., hafa 6% af þeirri vatnsorku, sem hagkvæm er til virkjunar, verið beizluð. Auk þess er jarðgufan geysimikill orkugjafi, sem einnig er hagkvæmt að virkja.

Með því að virkja við Búrfell á hagkvæmasta hátt verður virkjunarkostnaður mjög lítill. Virkjunarkostnaður við Sog, miðað við nútímaverðlag, næmi um 20 aurum á kwst., en við Búrfell tæplega 10 aurum. Með því að virkja við Búrfell með þessum hætti og selja til álverksmiðjunnar raforku, verður rafmagnsverð fyrir almenna notkun 62% ódýrara fyrstu árin heldur en yrði, ef virkjunin væri minni. Það vekur furðu manna, að stjórnarandstæðingar skuli vilja skattleggja almenning í landinu með því að leggjast gegn því, að virkjað verði á hagkvæman hátt. Á 25 árum fær þjóðin í hagnað við að selja rafmagn til álbræðslunnar 862 millj. kr. auk skatta og annarra tekna, sem af verksmiðjunni fást. Stjórnarandstæðingar hafa snúizt gegn stórvirkjun í Þjórsá og álbræðslunni á tilbúnum forsendum. Sumir vitna til þjóðarmetnaðar og halda því jafnvel fram, að samningar við svissneska félagið séu niðurlægjandi fyrir þjóðina og hættulegir sjálfstæði hennar. Til slíkra raka hefur áður verið gripið hér á landi, þegar nýjungar og stórframkvæmdir hafa verið í undirbúningi.

Við Mývatn verður byggð kísilgúrverksmiðja. Mun sú verksmiðja veita talsverða atvinnu og færa þjóðinni nokkra milljóna tugi árlega í erlendum gjaldeyri. Á 20 árum munu verða notuð um 4% af þeirri botnleðju, sem er í Mývatni. Ágreiningur hefur einnig verið á Alþ. og utan þings um þessar framkvæmdir. Þegar álverksmiðjan og kísilgúrverksmiðjan eru komnar í rekstur 1969, má reikna með, að um 400 manns vinni í þessum verksmiðjum. Stóriðja í þessu formi getur því ekki talizt stór atvinnugrein hérlendis. Hún verður ekki hættulegur keppinautur um vinnuaflið nú eða í framtíðinni. En þess konar stóriðja gerir mikið gagn, þótt það verði enn þýðingarmeira í framtíðinni að efla margs konar smáiðnað. Sé rétt á haldið, getur slíkur iðnaður aukið þjóðartekjurnar, sparað gjaldeyri og veitt mikla atvinnu í ört vaxandi þjóðfélagi. Aðrar þjóðir hafa miklar tekjur af ferðamönnum. Ísland mun verða ferðamannaland. Erlendir ferðamenn eyða gjaldeyri í landinu. Móttaka ferðamanna og fyrirgreiðsla við þá eykur þjóðartekjurnar. 1955 komu 9107 erlendir ferðamenn hingað til lands, 1960 12806 og 1965 28879 menn. Það stefnir í rétta átt í þessum málum.

Við sjálfstæðismenn vinnum að því að efla framkvæmdir. Við gerum okkur grein fyrir því, að lífskjörin geta ekki verið góð til lengdar, nema atvinnuvegirnir starfi og framleiðslan megi vaxa að magni og verðmæti.

Ég hef drepið á nokkur atriði, sem mikilvægt er, að verði framkvæmd. Ég hef bent á hina mörgu möguleika, sem þjóðin hefur til þess að tryggja efnahag sinn og auka framleiðsluna. Stjórnarandstæðingar segja, að flest fari illa úr hendi hjá núv. ríkisstj. Að sjálfsögðu mætti margt betur fara og stendur til bóta. Nauðsyn ber til, að almenningur fari í eigin barm og líti hlutlaust á málefni þau, sem um er að ræða. Verður þá ljóst, að síðustu ár eru mesti framfara- og uppbyggingartími þessarar þjóðar undir forustu núv. ríkisstj.

Það er nauðsynlegt vegna framtíðar þjóðarinnar og velgengni, að staðreyndirnar verði dregnar fram og þjóðin taki réttar ályktanir. Geri hún það ekki, gæti svo farið, að hún fengi aftur úrræðalausa ríkisstj. líka þeirri, sem var við völd árin 1956—1958, og kölluð hefur verið vinstri stjórnin. Það var þá, sem þjóðin var að glata

efnalegu sjálfstæði. Skuldirnar söfnuðust erlendis, gjaldeyrisskortur og vörumissir skapaði áhyggjur og erfiðleika. Atvinnuvegirnir voru að stöðvast í árslok 1958. Dýrtíðaraldan var skollin yfir, eins og háv. forsrh. sagði, og ríkisstj. hafði engin ráð við vandanum. Vanda getur oft borið að höndum og reynir þá á, hvernig við honum er brugðizt. Á rúmlega 7 árum hefur mikil breyting orðið á högum þjóðarinnar. Út á við nýtur hún trausts. Í stað skulda hefur safnazt gjaldeyrisvarasjóður. Atvinnuvegirnir hafa verið efldir og framleiðslan stóraukizt. Atvinna hefur aldrei verið jafnmikil og tekjur manna eru jafnari og meiri en nokkru sinni fyrr. Íslendingar eru með tekjuhæstu þjóðum Evrópu. Það hefði þótt ótrúlegt fyrir fáum árum. Þetta er árangur af uppbyggingu atvinnuvega undir forustu ríkisstj. Við sjálfstæðismenn munum beita okkur fyrir því, að uppbygging og framfarir haldi áfram, svo að þjóðarhagur megi fara batnandi. Það er vissulega gott til þess að vita, að fram undan eru ótal viðfangsefni, sem vinna ber að og til heilla horfa. Framfaramálin komast í framkvæmd og verða að veruleika, ef stefna okkar sjálfstæðismanna verður ráðandi. — Góða nótt.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Góðir hlustendur. Helgi Bergs, hv. 6. þm. Sunnl., var heldur seinheppinn hér í kvöld í málflutningi sínum. Hann talaði um dýrtíðarmálin, og minntist m. a. á það, að enn lengdist vinnutími fólks. Þetta er sama fullyrðingin og kom fram í gærkvöldi hjá rafmagnsheila Framsfl., hv. þm. Sigurvin Einarssyni, í ræðu hans, er hann taldi upp hinar margvíslegu hækkanir, sem hefðu orðið í tíð núv. stjórnar, en forðaðist þó að nefna þá hækkunina, sem hefði átt að standa honum næst, kauphækkunina og tekjuhækkunina. Báðir þessir hv. þm. Framsfl. eiga sæti í svokallaðri kjararannsóknarnefnd, en niðurstöður þessarar sömu n. eru þær, að á s. l. ári hafi meðalvinnutímalengd stytzt um 100 klst. það árið. Slíkur er málflutningur framsóknarmanna.

Á sama tíma hélt hv. 6. þm. Sunnl. því fram, að greiðsluhalli ríkissjóðs væri dæmi dýrtíðarvandans og verðbólgunnar og talaði um það, að dýrtíðin hér á landi væri eingöngu vegna óstjórnar ríkisstj. En á sama tíma og hann var að tala um þetta, lagði hann til að stórauka framlög til vegamála og helzt ætti að gera alla vegi hér á Íslandi með varanlegu slitlagi, helzt án þess að bæta nokkrum tekjum í ríkissjóð, hvað þá að benda á, hvaðan féð ætti annars að koma.

Hv. 3. þm. Reykv., Einar Olgeirsson, flutti hér skörulegt mál að venju. Ég hef reyndar sagt við hann áður í sambandi við annað mál hér á hv. þingi, að hann færi stundum undir þá lýsingu meistara Jóns, er hann flutti á sínum tíma um reiðina, að það hlypi æði og stjórnleysi í tunguna og deyfa fyrir eyrun. Ég held, að það megi segja þetta um ræðu hans í kvöld, þegar hann hélt því fram, að hinn erlendi aðili, sem samningur nú hefur verið gerður við í sambandi við álverksmiðjuna í Straumsvík, mundi brjóta íslenzka verkalýðshreyfingu undir sig í samvinnu við íslenzka vinnuveitendur. Ja, sér er nú hvert álitið, sem þessi hv. þm. hefur á íslenzkri verkalýðshreyfingu. Það er ekki mikil trú, sem þessi hv. þm. hefur á flokksbræðrum sínum í stjórn verkalýðshreyfingarinnar, að þeir eigi bara að lyppast niður, ef eitt meðalstórt fyrirtæki hefur atvinnurekstur hér á Íslandi. Ég vil benda honum á það í því sambandi, þegar hann bendir á, að þessi erlendi aðili muni ganga í Vinnuveitendasamband Íslands, að þeir hafa gefið yfirlýsingu um, að svo muni ekki verða. Hins vegar virðist ekki hv. þm. vita um það, að eitt stærsta sérgreinasamband verkalýðshreyfingarinnar á Íslandi hefur nú gengið í alþjóðasamband, m. a. að ég tel til þess að forðast það, að á þeirra hlut verði gengið.

Í umr. nú í kvöld og einnig í gærkvöldi hefur berlega komið í ljós, að stóriðjumálið svonefnda er mesta deilumál þessa kjörtímabils. Stuðningsmenn ríkisstj. ásamt stjórnarandstöðunni hafa haft langan tíma til að fylgjast með og koma fram aths. sínum við álsamninginn. Hafa fá mál fengið jafngóðan undirbúning og þetta og líklega hefur stjórnarandstaða aldrei haft jafngott tækifæri til að kynna sér mál einnar ríkisstj. sem þetta. Stjórnarflokkarnir hafa vegið og metið málið í heild og komizt að þeirri niðurstöðu, að allt benti til, að samningurinn um álbræðslu í Straumsvík mundi leiða til mikils þjóðhagslegs ávinnings. Stjórnarandstaðan hefur haft annan hátt á. Hún tekur eitt og eitt atriði út úr samningnum, gagnrýnir það og finnur honum allt til foráttu á grundvelli þess. Þó er skylt að geta þess, að við afgreiðslu málsins í Nd. gerði einn gáfaðasti þm. Framsfl., Björn Pálsson, grein fyrir atkv. sínu á þann veg, að með samþykkt samningsins væri um þjóðhagslegan ávinning að ræða. En handjárnin héldu. Við afgreiðslu málsins sat hann hjá. Sama er að segja um hv. þm. Jón Skaftason. Er hann gerði grein fyrir atkv. sínu, taldi hann málið til hagsbóta fyrir kjördæmi sitt. En það, sem ég hef kallað hjá framsóknarmönnum staðbundna föðurlandsást, togaðist á í hv. þm. við hnappheldu sjálfs hnappasmiðsins, Eysteins Jónssonar, og það varð jafntefli. Þrátt fyrir mat sjálfs þm. á ótvíræðum hag Reykjaneskjördæmis af álbræðslu í Straumsvík, vildi hann vísa frv. til ríkisstj. á einu stigi þess, en sat hjá við endanlega afgreiðslu málsins. Sú skoðun hefur heyrzt frá þm. Framsfl. úr Norðurl. e., að málið hefði litið allt öðruvísi út, ef verksmiðjan hefði verið staðsett í þeirra eigin kjördæmi. Er þetta í samræmi við afstöðu l. þm. Framsóknar í þessu kjördæmi til frv. ríkisstj. um breyt. á l. um kísilgúrverksmiðju við Mývatn. Margt af því, sem framsóknarmenn gagnrýna hvað mest í álsamningnum, á sínar hliðstæður í væntanlegum samningi við bandaríska fyrirtækið um vinnslu og sölu kísilgúrsins. Framsóknarþm. Norðurl. e. ættu samvizku sinnar vegna og samræmis að greiða atkv. gegn kísilgúrfrv. og beygja sig þar með að fullu undir handjárnapólitík Eysteins Jónssonar. Hv. þm. Ingvar Gíslason sagði um álsamninginn fyrir skömmu, að með honum dyndu yfir okkur allir ókostir samskipta við erlenda stóriðjuhölda. Þeir mundu fá allan ávinninginn, en við ekkert nema óhagræðið og skömmina og slíkum samningi bæri auðvitað að hafna. Hvað verður ofan á hjá þessum hv. þm., er kísilgúrfrv. kemur til afgreiðslu í Nd.? Ætlar hann að standa við stóru orðin og greiða atkv. gegn því á þeirri forsendu, að ríkisstj., sem gert hefur annan eins samning og álsamninginn, sé ekki treystandi til frekari samninga við erlenda aðila eða ætlar hann að hafa sama hátt á og lærifaðir hans, hv. þm. Karl Kristjánsson, að láta sína staðbundnu

föðurlandsást ráða afstöðu sinni til málsins og greiða því atkv.? Úr því fæst skorið næstu daga.

Fjögur atriði hafa aðallega verið gagnrýnd í álsamningnum, orkuverðið, gerðardómurinn, samningstíminn og staðsetning verksmiðjunnar. Þrem fyrstu atriðunum hefur þegar verið svarað og reyndar því síðasta einnig, a. m. k. hvað viðkemur vinnuaflsþörf verksmiðjunnar og annarra atvinnuvega og áhrifum á þensluna í þjóðfélaginu. Eins og fram hefur komið í skýrslu ríkisstj., var ítarlega rannsakað, hvar helzt kæmi til greina að reisa væntanlega álverksmiðju. Ríkisstj. og stuðningsmenn hennar allir sem einn voru sammála um, að æskilegast væri að staðsetja verksmiðjuna þannig, að hún stuðlaði að auknu byggðajafnvægi. Auk Faxaflóasvæðisins kom Eyjafjörður helzt til greina, en það kom í ljós, að á þessu voru alvarlegir fjárhagslegir annmarkar. Í viðræðunum um staðsetninguna lýstu hinir erlendu samningsaðilar því yfir, að þeir yrðu að fá verulega hagstæðara raforkuverð, ef verksmiðjan yrði staðsett við Eyjafjörð, vegna hærri stofn- og reksturskostnaðar. En vegna hærri stofnkostnaðar raforkukerfisins hefðum við orðið að selja raforkuna hærra verði til verksmiðju við Eyjafjörð og var áætlað, að stofn- og reksturskostnaður okkar vegna staðsetningarinnar þar hefði verið, með 6% vöxtum til ársins 1983, 700 millj. kr. hærri. Auk þessa kom fram ótti Svisslendinganna vegna hafíshættunnar fyrir norðan, ekki sízt eftir að ísinn kom hér að landi á s.l. vetri og vori. Þetta er skiljanlegt, þegar þess er gætt, að áætluð flutningaþörf 60 þús. tonna verksmiðju til og frá landinu er í kringum 240 þús. tonn á ári eða hátt í það sama og flutt var til og frá landinu með öllum skipum Eimskipafélagsins á næstliðnu ári. Af hálfu þeirra, sem styðja mál þetta, er m. a. bent á stórfelldar gjaldeyristekjur og lægra raforkuverð til innlendra neytenda.

Hluti skattteknanna rennur til Hafnarfjarðarkaupstaðar, en enginn vafi er á því, að verksmiðjan og hafnargerðin í Straumsvík eiga eftir að verða mikil lyftistöng fyrir allt byggðarlagið, eins og reyndar hv. þm. Jón Skaftason hefur komizt að, þótt hann vilji ekki styðja málið. Enda verður að viðurkenna þörf þeirra ekki síður en margra annarra staða hafandi í huga, að helzti atvinnuvegur þeirra um áratuga skeið, togaraútgerðin, hefur ekki borið sitt barr nú um langt árabil, m. a. vegna þeirra fórna, sem togaraútgerðin hefur fært, svo að lífvænlegra væri á framleiðslustöðum sjávarafurða kringum allt land.

Stærsti hluti skattteknanna fer í atvinnujöfnunarsjóð til uppbyggingar atvinnulífi út um allt land. Stofnfé þessa sjóðs er hátt á 4. hundrað millj. kr. og verða þegar til ráðstöfunar á þessu ári 36 millj. kr., 50 millj. kr. á næsta ári og að fáum árum liðnum á 2. hundrað millj. Þá eru heimildir fyrir sjóðinn að taka innlent lán og allt að 300 millj. kr. erlend lán. Í þessu sama skyni liggur nú fyrir heimild fyrir atvinnuleysistryggingasjóð að ráðstafa ¼ hluta vaxtatekna sjóðsins, um 15 millj. kr. á þessu ári, í vaxtalaus lán til langs tíma. Sami sjóður hefur nú í ár orðið við tilmælum ríkisstj. um stórhækkuð lán til hafnarframkvæmda úti um land eða úr 16—17 millj. kr. á s. l. ári í 40 millj. kr. á þessu ári. Auk þessa hafa allir aðrir fjárfestingarsjóðir verið stórefldir og aldrei verið öflugri en nú. Þeir munu einnig nýtast betur og koma að betra gagni vegna þeirra breytinga, sem ríkisstj. hefur beitt sér fyrir, að gerð væri á skipulagi þeirra á þessu þingi. Það er því með öllu óskiljanlegt, þegar bæði hv. þm. Eysteinn Jónsson og Ragnar Arnalds og reyndar fleiri leyfa sér að tala um þessar ráðstafanir ríkisstj. til atvinnuuppbyggingar úti um land sem ekki meira en svo, að nema mundi andvirði eins vélbáts á ári. En hv. þm. Ragnar Arnalds kom víðar við. Hann ræddi um þá sérstöku vá, að hér á Íslandi fyndist þéttbýli. Þessi ungi maður gerir sér auðsjáanlega enga grein fyrir því, að það er þéttbýlið á Suðvesturlandi, sem er undirstaða þess, að hægt er að gera það stóra átak, sem nú er hafizt handa um. Þessi sami þm. sagði í gærkvöldi og bergmál þess heyrðum við hér áðan, að Alþb. væri forustuaflið í íslenzkri verkalýðshreyfingu. Fleirum en mér kemur ókunnuglega fyrir sjónir, að þessi skólapiltur hafi komizt í forustu í verkalýðshreyfingunni, þetta er ekki annað en óskhyggja eins og hjá meistara Jóni, hv. 3. þm. Reykv., sem hér var að tala áðan. Þetta er álíka fullyrðing og þegar þm. hélt því fram fyrir nokkru, að heimur hefði skolfið og stórveldin hefðu gert með sér samning um bann við kjarnorkutilraunum, vegna þess að hann og lítill hópur kommúnista ásamt meðreiðarmönnum hefðu farið í gönguferð á milli Keflavíkur og Reykjavíkur. Hitt er svo aftur satt, að örfáir forustumenn verkalýðshreyfingarinnar telja sig Alþb.-menn, en þeir telja sig líka sósíalista, þjóðvarnarmenn, vinstri jafnaðarmenn og framsóknarmenn, og vegna þessara manna ráða kommúnistar lögum og lofum í stjórn A. S. Í. og þeirra vegna er álsamningnum mótmælt, en ekki vegna þess að íslenzk verkalýðshreyfing standi þar að baki.

Það eru ill örlög hv. þm. Hannibals Valdimarssonar, sem hér talaði í gærkvöldi, að hafa á sitt eindæmi breytt stefnu A. S. Í. í landbúnaðarmálum, þótt engin samþykkt hafi verið gerð þar um á þingum þess, vitandi þó, að breytingarnar draga úr víxlhækkunum kaupgjalds og verðlags. Og það er furðulegt, að hann og félagar hans í stjórn A. S. Í. skuli í afstöðu sinni til álsamningsins ganga í berhögg við eina af grundvallarstefnum verkalýðssamtakanna, að auðlindir landsins verði nýttar og öllum landsmönnum tryggð næg atvinna. Ég veit, að stór hluti íslenzku verkalýðshreyfingarinnar er þess fullviss, að með virkjun jökulfljóta okkar, sem runnið hafa til sjávar frá ómunatíð engum til gagns, en mörgum til skaða, með samningunum um ál- og kísilgúrverksmiðju, með byggingu nýrrar síldarverksmiðju á Austurlandi, auknum flutningamöguleikum á hráefni okkar til annarra staða, endurskipulagningu fjárfestingarsjóðanna og tilkomu atvinnujöfnunarsjóðs er verið að renna styrkari stoðum en nokkru sinni fyrr undir áframhaldandi og stórkostlegri uppbyggingu atvinnulífsins um land allt en gert hefur verið til þessa. — Góða nótt og gleðilegt sumar.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Þjóðleikhúsið sýnir um þessar mundir „Prjónastofuna Sólina" eftir Halldór Laxness. Þar kennir margra grasa og menn eru ósammála um, hvað vakir fyrir skáldinu. Hitt er óumdeilanlegt, að víða bregður Laxness upp skýrum myndum af hátterni þeirra manna, sem með falsi og blekkingum hagnýta sér trúgirni og hrekkleysi sam-

borgaranna. Ein eftirminnilegasta persóna leiksins birtist handarvana í fyrsta þætti. Það er ekki hægt annað en fyllast samúð með þessum gjörvulega manni, sem hefur orðið fyrir þeirri óhamingju að missa hendurnar, enda hefur hann notið hjálpar og samúðar meðborgaranna í ríkum mæli. Áður en kemur að leikslokum, er það hins vegar upplýst, að hann hefur hendur í bezta lagi, en hefur brugðið á það ráð að fela þær til að geta notið náðugra daga.

Þessi sérstæða leikpersóna Laxness minnir óbeint á hæstv. ríkisstj., þótt hún leiki brögð sín með allt öðrum hætti. Engir aðrir í þessu landi þykjast hafa röskari hendur og lagnari en ríkisstj. Það má ekki sjaldan draga þá ályktun af ummælum sjálfra ráðh., að ekki beri aðeins að þakka þeim allar þær framkvæmdir, sem einstaklingar og félagssamtök hafa ráðizt í seinustu árin, heldur stjórni hendur þeirra fiskigöngum og veðurfari og því ríki hér góðæri til lands og sjávar og hátt verðlag á útflutningsvörum. Nei, hæstv. ríkisstj. er fljót að taka til höndunum og handtök hennar bregðast ekki, þegar hún segir sjálf frá eða málgögn hennar. Raunveruleikinn er hins vegar sá, að undantekningarlítið, alltaf, þegar reynir á og taka þarf eitthvert málefni föstum tökum, reynist ríkisstj. ráðvillt og handarvana. Að sjálfsögðu ber mér að finna þessari fullyrðingu stað. Ef við skyggnumst til nágrannaríkja okkar í Vestur-Evrópu og Norður-Ameríku, gerum við okkur fljótt ljóst, hvaða verkefni það er, sem ríkisstj. þar telja stærsta verkefni sitt. Þetta verkefni er að tryggja heilbrigða stjórn efnahagsmála, að halda verðgildi peninganna traustu, að hamla gegn dýrtíð og verðbólgu. Svo mikilvægt telja ríkisstj. þetta verkefni, að þær hafa þráfaldlega lagt niður völd, ef þær hafa ekki getað leyst það farsællega af hendi. Þær hafa metið meira þjóðarhag en að hanga getulausar í stjórnarstólum. Hér hefur verið farið öfugt að. Síðan Bjarni Benediktsson varð forsrh. fyrir 2½ ári, hefur dýrtíð magnazt hér hraðar en nokkru sinni fyrr og hefur þó oft verið slæmt ástand hjá okkur í þessum efnum. Aukning dýrtíðar hjá okkur á þessum tíma hefur líka orðið margfalt meiri en hjá nokkurri annarri Evrópuþjóð. Skýrslur Efnahagssamvinnustofnunarinnar, sem birtar voru í s. l. mánuði, bera þess vitni, að seinustu 12 mánuðina hefur dýrtíðaraukningin hér orðið þrisvar til fimm sinnum meiri en í flestum öðrum löndum Vestur-Evrópu.

Að fáu er nú brosað meira á þingum hinna Norðurlandaþjóðanna en norræna húsinu, sem reisa á hér í Reykjavík og þessar þjóðir ætla að gefa okkur. Það þarf nefnilega alltaf að vera að hækka fjárveitinguna til hússins, því að byggingarkostnaður í Reykjavík hefur nær tvöfaldazt síðan kostnaðaráætlun var gerð fyrir fáum missirum, en á sama tíma hefur hann sáralítið hækkað á Norðurlöndum. Öll stafar þessi óskaplega öfugþróun hjá okkur af því, að núv. ríkisstj. hefur alveg gefizt upp við að hafa nokkur raunhæf tök á efnahagsmálum og aðeins óvenjuleg heppni í aflabrögðum hefur komið í veg fyrir, að hin fjármálalega spilaborg hennar væri hrunin fyrir löngu. Það er ekki hægt að finna ríkisstj. í Vestur-Evrópu, sem kemst neitt nálægt að vera eins ófær og handarvana í öllu, sem lýtur að farsælli stjórn í efnahagsmálum og núv. ríkisstj. Íslands. Afleiðingarnar segja líka til sín. Meðan kaupmáttur tímakaupsins hefur hækkað um 25—40% í flestum löndum Vestur-Evrópu síðan 1958, hefur hann staðið í stað á Íslandi og tæplega það. Meðan vinnutíminn hefur verið að styttast í öðrum löndum Evrópu, hefur hann verið að lengjast hér. Meðan atvinnufyrirtæki í öðrum löndum Evrópu skýra frá traustri og batnandi afkomu, lýsa atvinnufyrirtækin hér versnandi afkomu og vaxandi ugg. Þó hefur góðæri verið meira hér en nokkru sinni fyrr og þjóðartekjurnar vaxið meir af völdum þess en í flestum eða öllum löndum Evrópu. Ríkisstj. hefur þannig reynzt ráðvillt og handarvana í þeim innanlandsmálum, sem stærst eru, efnahagsmálum. En stjórnin hefur ekki síður reynzt það í samningum sínum við útlenda aðila. Álsamningurinn ber órækt vitni um þetta. Ríkisstj. hefur í þessum samningum beygt sig undir það, sem engin stjórn í Vestur-Evrópu hefur áður gert, þ. e., að fyrirtæki, sem starfar í landinu, sé ekki háð innlendum dómstólum, heldur erlendum dómstóli og það geti sótt mál sitt þar á grundvelli alþjóðareglna. Það er metnaðarmál allra sjálfstæðra réttarríkja að halda uppi tiltrú til dómstóla sinna og sætta sig ekki við annað en þeir einir haldi uppi lögsögu. Forstöðumenn svissneska álhringsins hafa líka upplýst, að þeir hlíti hvarvetna annars staðar innlendum dómstólum í þeim löndum, þar sem þeir hafa álbræðslur. Þeir segja líka hreinlega, að þeir geri aðrar kröfur hér, vegna þess að þeir vantreysti íslenzkum dómstólum. Ég hygg, að nokkuð auðvelt sé að skilja þann misskilning, sem hefur valdið því, að þeir hafa sett fram þessa kröfu. Þeir hafa að sjálfsögðu gert sér grein fyrir því, að fullkomin upplausn og ringulreið ríkir í efnahagsmálum Íslands. Að því leyti minnir Ísland meira á Afríku en Evrópu. Svissnesku álmennirnir hafa dregið af þessu þá ályktun, að eitthvað svipað sé ástatt í réttarfarsmálum landsins. Þess vegna gera þeir kröfur, sem þeir hefðu aldrei vogað að bera fram við Krag, Erlander eða Borten, en mundu telja alveg óhjákvæmilegt að bera fram í samningum við forsrh. í Kongó. Ég efast hins vegar ekki um, að ef eitthvað hefði verið gert til að lýsa því fyrir Svisslendingum, að allt öðruvísi væri ástatt í réttarfarsmálum en í efnahagsmálum Íslands, hefði verið auðvelt að fá þá til að sætta sig við úrskurð íslenzkra dómstóla. Það hefur bersýnilega verið vanrækt að skýra nægilega fyrir þeim, að ríkisstj. Bjarna Benediktssonar og hæstiréttur væri tvennt ólíkt, og orðstír íslenzkra dómstóla væri eins góður og orðstír íslenzkrar efnahagsmálastjórnar er lélegur. Í stað þess að skýra þetta nægilega fyrir Svisslendingunum, er gengið umhugsunarlaust að hinum vansæmandi kröfum þeirra.

Nú er sagt af hálfu ríkisstj., að það sé ekki stór munur á íslenzkum dómstólum og erlendum gerðardómi og ekki heldur stór munur á því að hlíta íslenzkum l. eða alþjóðalögum. Þetta er þó reginblekking. Með því að sýna íslenzkum dómstólum minni tiltrú en hliðstæðum dómstólum annars staðar í Vestur-Evrópu er verið að setja blett á réttarfar landsins, sem veikir allt álit þjóðarinnar út á við. Með því að gangast undir alþjóðareglur í stað íslenzkra laga, er málum teflt í hreina óvissu, því að í mörgum tilfellum er deilt um, hvað telja beri alþjóðareglur og um veigamikil atriði byggjast þær á hefð, sem sterku ríkin hafa knúið fram, og eru því allt

annað en réttlátar. Vegna þess hve alþjóðareglur eru óljósar um margt og vanþróaðar, hefur ekkert ríki viljað gerast aðili að Alþjóðadómstólnum í Haag nema með þeim fyrirvara, að það ráði því sjálft hverju sinni, hvaða málum það vísar þangað. Slíkan rétt höfum við ekki í álsamningnum, heldur er málskotsréttur álbræðslunnar einhliða. Að sjálfsögðu væntum við, að alþjóðalög og alþjóðareglur þróist og þroskist, en það mun taka sinn tíma. Þess vegna geta umrædd ákvæði álsamningsins reynzt okkur hin hættulegustu.

Gerðardómsákvæðin eru ekki einu ákvæðin í álsamningnum, sem sýna, hve ístöðulaus og handarvana ríkisstj. er, þegar hún þarf að halda fast á málum í skiptum við útlendinga. Raforkuverðið, sem var samið um, er annað hörmulegt dæmi. Svissneski hringurinn hefur nýlega samið við Norðmenn um byggingu jafnstórrar álbræðslu í Husnesi og álbræðslan hér verður. Hann samdi um að greiða Norðmönnum 28% hærra verð en okkur og auk þess vísitöluhækkun á 5 ára fresti, en hér helzt verðið óbreytt í 25 ár. Grikkir sömdu um líkt leyti við franska álhringinn um enn hærra verð. Stjórnin afsakar þetta óhæfilega lága verð með því, að það verði samt gróði af raforkusölunni til álbræðslunnar. Jóhann Hafstein birti um þetta útreikninga, sem áttu að sýna 800 millj. kr. gróða á 20 árum. Engir útreikningar hafa verið eins fullkomlega hraktir, því að segja má, að næstum hvert atriði þeirra sé byggt á hreinum hugarórum. Staðreyndin er hins vegar sú, að allt bendir til, að þetta verð nægi hvergi nærri til að mæta framleiðsluverði á raforkunni. Hér á Alþ. standa þeir útreikningar óhraktir, að samkv. þeim upplýsingum, sem opinberir aðilar hafa gefið um áætlaðan stofnkostnað og vaxta- og afborgunarkjör á væntanlegum lánum, muni framleiðsluverðið á raforkunni frá Búrfellsvirkjun verða 12.58 aurar á kwst. fram til ársins 1985. En álbræðslan á að fá raforkuna fyrir 10.75 aura á kwst. Þessi verðmunur nemur 20 millj. kr. á ári, reiknað með því orkumagni, sem ráðgert er, að álbræðslan kaupi. Í þessu sambandi má svo geta þess, að á sérstakri ráðstefnu, sem Verkfræðingafélag Íslands hélt fyrir nokkrum missirum, kom fram bæði hjá Jóhannesi Nordal og Eiríki Briem, að við þyrftum að geta selt orkuna frá Búrfellsvirkjun, ef til stóriðju kæmi, á 13 aura kwst. Sé horft til framtíðarinnar, verði horfurnar ekki glæsilegri, því að allar síðari virkjanir eru líklegri til að verða dýrari en Búrfellsvirkjun, og þá orku verða Íslendingar að taka til eigin nota, meðan álbræðslanfær áfram orkuna frá Búrfellsvirkjun á lága verðinu. Allt bendir þetta til þess, að í stað raforkugróða, sem stjórnin flaggar með, að hljótast muni af álbræðslunni, verði halli á raforkusölunni til hennar, sem gæti skipt tugum millj. kr. árlega. Ekki er því annað sjáanlegt en álbræðslan, sem átti að verða öðrum lyftistöng, verði stærsti styrkþeginn á Íslandi næstu 40—50 árin. Þeir, sem borga brúsann, verða Reykvíkingar og aðrir íbúar Suðvesturlands, er verða að greiða hærra raforkuverð sem styrknum til álbræðslunnar nemur. Á þá er hér lagður nýr baggi ofan á allar skattahækkanir og nýju álögurnar, sem ríkisstj. hefur lagt á þá.

Því er stundum haldið fram af ríkisstj., að hinn mikli munur á raforkuverðinu, sem hringurinn greiðir hér og í Noregi, vinnist að nokkru leyti upp á þann hátt, að hringurinn greiði hærri skatta hér. Álbræðslan hér verður þannig skattlögð, að hún greiðir sérstakt framleiðslugjald í stað allra skatta. Þetta framleiðslugjald nemur 33% af áætluðum nettógróða hennar, en talið var, að það mundi hún hafa orðið að greiða, ef hún væri undir venjulegum íslenzkum skattal. Í áætlun þeirri, sem lögð var fyrir norska Stórþingið um Husnesverksmiðjuna, er hins vegar reiknað með, að hún greiði 54% í skatta af áætluðum nettógróða sínum. Auk þess greiðir Husnesverksmiðjan tolla og söluskatt á sama hátt og norsk fyrirtæki, en hér er álbræðslan undanþegin öllum slíkum álögum. Sýnir þetta allt, hve fjarstæð sú fullyrðing er, að verksmiðjan í Straumsvík muni greiða íslenzka ríkinu meira í skatta og tolla samanlagt en Husnesverksmiðjan mun greiða norska ríkinu. Það hefur stundum verið réttilega sagt, að ef við ætluðum að fara inn á þá braut að semja við útlend fyrirtæki um vissa stóriðju hér, ættum við að taka okkur Norðmenn til fyrirmyndar. Hér er hins vegar farið alveg öfugt að. Í öllum veigamestu atriðum er vikið frá fordæmi Norðmanna. Í Noregi eru öll erlend fyrirtæki alveg undir innlendum l. og lögsögu, en frá því er horfið hér. Í Noregi er samið um 28% hærra orkuverð og vísitöluhækkanir að auki. Í Noregi borga erlendu fyrirtækin alla skatta og tolla eins og norsk fyrirtæki, en það gerir álbræðslan ekki hér, heldur fær stórfelldar undanþágur. Í Noregi búa hin útlendu fyrirtæki ekki við nein fríðindi umfram norska atvinnurekendur, enda telja Norðmenn, að það væri hið sama og að stofna tvö ríki í landinu, ef útlend fyrirtæki byggju við annan og meiri rétt og alls konar hlunnindi umfram norsk fyrirtæki. Hér mun álbræðslan njóta margvíslegra hlunninda umfram íslenzk fyrirtæki. Hér er gengið inn á þá háskalegu braut, að útlend fyrirtæki á Íslandi skuli búa við önnur og betri kjör en fyrirtæki landsmanna sjálfra, en það er einmitt þetta, sem öll sjálfstæð ríki forðast og hvergi mun t. d. finnast dæmi um í Vestur-Evrópu.

Ótalið er svo það, að álsamningurinn er fyrsti samningurinn, sem Íslendingar gera um erlenda stóriðju. Slíkir frumsamningar verða jafnan fordæmi annarra samninga, er síðar kunna að verða gerðir um sama efni. Þennan samning þurfti því alveg sérstaklega að vanda. Í stað þess skapar hann mjög hættuleg fordæmi, eins og t. d. varðandi lögsöguna og raforkuverðið. Ef lengra væri haldið áfram á þessari braut, mundu hér fljótt skapast tvö ríki, ríki útlendra fyrirtækja, þar sem búið væri við margvísleg forréttindi, og ríki Íslendinga sjálfra, þar sem aðstaðan væri á margan hátt lakari og þrengri. Er það slíkt ástand, sem við óskum eftir, að skapaðist á Íslandi? Hver og einn, sem óhlutdrægt lítur á þetta mál, getur ekki komizt hjá þeirri niðurstöðu, að ríkisstj. hafi verið hættulega undanlátsöm og handarvana í samningunum við hina svissnesku álmenn. Og þá er komið að því, sem að mínum dómi er langhættulegast í þessari samningagerð. Það er ekki samningurinn sjálfur, þótt vondur sé, heldur sá hugsunarháttur, sem hefur knúið ríkisstj. til undanlátsseminnar. Það er vantrú ríkisstj. á gildi þeirra atvinnuvega, sem fyrir eru, og þó fyrst og fremst vantrú á framtak og dugnað Íslendinga sjálfra. Ég geri miklu meira en að játa nauðsyn þess, að íslenzkir atvinnuvegir séu gerðir fjársterkari og við treystum ekki eingöngu á landbúnað og fiskveiðar. En

ég hef jafnframt tröllatrú á íslenzku framtaki til að hafa forustu um nýjar leiðir í þessum efnum. Sú trú er ekki byggð á neinum þjóðernislegum gorgeir, heldur köldum staðreyndum. Ég fullyrði, að síðan Íslendingar voru leystir undan hinu danska oki, hafa fáar þjóðir eða jafnvel engin þjóð gert eins mikið og byggt eins mikið upp í landi sínu og Íslendingar. Íslenzkir forustumenn á sviði atvinnumála þola samanburð við hverja sem er, ef þeim er boðin sambærileg aðstaða til að hagnýta sér nýjungar og tækni. En þá kem ég að því, sem ég álít verst hjá ríkisstj., ásamt getuleysi hennar til að fást við verðbólguna og óhæfni hennar til að semja við útlendinga. Á sama tíma og ríkisstj. hefur gengið með grasið í skónum eftir svissneska álhringnum, hefur hún stöðugt verið að þrengja að íslenzkum framtaksmönnum með auknum lánsfjárhöftum, auknum álögum, aukinni verðbólgu. Það er þó einmitt þetta framtak, sem þarf að efla og styrkja. En ríkisstj. trúir ekki á það, en bindur í staðinn meginvonir sínar við erlent framtak og erlendan atvinnurekstur á Íslandi. Stjórn, sem þannig hugsar, er dæmd til þess að verða undanlátssöm og handarvana í skiptum sínum við útlenda auðkónga, eins og álsamningurinn er svo hörmulegt dæmi um. Sú stjórn, sem er ófær um að fást við verðbólguna og ekki getur annazt samningagerð við útlendinga, er alls óhæf til að fara með völd í landinu. Sú stjórn, sem vantreystir íslenzku framtaki og þrengir meira og meira að því með lánsfjárhöftum og álögum, á ekki tilverurétt. Hér þarf að koma stjórn, sem með festu og manndómi getur tekizt á við verðbólguna. Hér þarf að koma stjórn, sem hlynnir að íslenzku framtaki og veitir því sem bezt starfsskilyrði, því að það er undirstaða þess, að lífskjörin batni og þjóðin hagnýti sér nýjungar og tækni. Hér þarf að koma stjórn, sem veitir launþegum fulla hlutdeild í vaxandi þjóðartekjum og beinir þróuninni á þá braut, að hóflegur vinnutími nægi til að tryggja mönnum lífvænlega afkomu, en frumskilyrði þess, að þetta takist, er taumhald á verðbólgunni. Hér þarf að koma stjórn, sem hefur tiltrú stéttanna, en hve fjarri núv. stjórn er því, sést bezt á 1. maí-ávarpi verkalýðsfélaganna í Reykjavík, sem var stutt af mönnum úr öllum flokkum, en þar er skýrt tekið fram, að stjórnin hafi margsinnis brugðizt *gefnum loforðum um stöðvun verðbólgunnar*. Hér þarf að koma traust forusta, sem byggist á sem víðtækustu samstarfi stétta og flokka um lausn meginmálanna. Núv. ríkisstj. uppfyllir ekkert af þessum skilyrðum. Hún er veik stjórn, ráðvillt stjórn, getulaus stjórn og handarvana til að fást við þau mál, sem nú skipta mestu. Hún á því að víkja og þjóðinni að gefast tækifæri til að koma á traustara stjórnarfari. Sterkasta vopnið til að knýja slíka stefnubreytingu fram, er atkvæðaseðillinn. Vanafesta má ekki standa í vegi þess, að menn breyti til á þann hátt, sem þeir álíta rétt. Englendingar eru sú þjóð, sem búið hefur við einna heilbrigðasta þróun í stjórnmálum, og það stafar öðru fremur af því, að margir brezkir kjósendur hafa, þrátt fyrir hina frægu brezku vanafestu, oft hugsað á þessa leið og farið eftir því. Nú geri ég ekki aðeins þjóðinni, heldur flokki mínum mestan greiða með því að veita honum nokkra aðvörun.

Ég óska svo hlustendum gleðilegs sumars. — Góða nótt.

Unnar Stefánsson: Herra forseti. Góðir hlustendur. Það er vor í lofti, sólskin úti, þótt áliðið sé kvölds. Það er að koma sumar, Austurvöllur skiptir litum, stjórnarráðsbletturinn grænkar kringum Hannes Hafstein. Á Miklatúni er verið að bylta moldu, þar sem Einar Benediktsson bregður stórum svip yfir dálítið hverfi.

Og því er mér vor í huga, að mál þess Alþ., sem nú er að ljúka, einkennast öðru fremur af því, að þau minna á vorannir. Auk dægurmála eru til afgreiðslu ýmis þau mál, sem mestu varða um framtíð og heill okkar þjóðar og afkomumöguleika hennar í framtíðinni. Og því eru mér aldamótaskáldin í huga, að þetta hið 86. löggjafarþing er að hrinda í framkvæmd ýmsum þeim draumsjónum, sem skáldin sáu í hillingum. Einar Benediktsson er mörgum ofarlega í huga:

„Sjáið risastig heims! Tröllbrot rafar og eims
selja rammleik og auð hverri mannaðri þjóð.
Eigum vér einir þol, fyrir vílur og vol,
til að varða og greypa vorn arðlausa sjóð?"

Svellin eru að bráðna af Mývatni, Þjórsá er að brjóta af sér klakann og ryðst fram af eigin afli til sjávar. Við erum að tengja saman vonir skáldanna í fortíðinni og vísindalegar niðurstöður raunsæismanna framtíðarinnar, sem segja, að þeim þjóðum farnist bezt, sem tileinka sér stóriðju, sjálfvirkni, tækni og vélvæðingu í vaxandi mæli. Það, sem einkennir verk þessa þings og núv. stjórnar, eru hin jákvæðu mál, sem verið er að vinna að, mál, sem hafa varanlegt gildi fyrir þjóðina. Við erum nær því marki nú en nokkru sinni áður, að stjórnarvöldum gefist tóm til að sinna þessum mikilsverðu málum. Engin stjórn hefur setið lengur að völdum samfellt. Hún byrjaði sinn feril með róttækum lækningaaðgerðum á efnahagslífinu á hinu fyrra kjörtímabili og er nú að marka fasta stefnuí stjórn efnahagsmála. Og það er það, sem gerir gæfumuninn. Ég hygg, að engri ríkisstj. hafi verið betur tekið, er hún settist að völdum heldur en vinstri stjórninni, sem kom fyrir réttum og sléttum 10 árum. Ef vinstri stjórnin hefði borið gæfu til að framkvæma aðgerðir á sviði efnahagsmála hliðstæðar þeim, sem núv. stjórn hefur gert og kenndar eru við viðreisn, væri hún e. t. v. við völd enn þann dag í dag. Sú ríkisstj., undir forystu Framsfl., komst aldrei út úr glímunni við dægurmálin og kom því aldrei í verk að gera þá úttekt á þjóðarbúskapnum, sem hún gaf fyrirheit um. Það verk hefur komið í hlut núv. stjórnar.

Árið 1963 markaði að þessu leyti tímamót í hagstjórn á Íslandi, er fyrsta þjóðhags- og framkvæmdaáætlunin var lögð fram á Alþ. Merkilegar tilraunir höfðu áður verið gerðar í þessa átt og þess er ánægjulegt að minnast nú, að jafnaðarmenn áttu verulega aðild, verulegan þátt í slíkri tilraun á árunum 1934—1937, þegar skipulagsnefnd atvinnumála starfaði og lagði grundvöll að skipulagningu hraðfrystihúsaiðnaðarins í landinu. Þáttaskil í þessum efnum verða þó ekki fyrr en í tíð núv. stjórnar og þetta starf er enn í mótun. Fyrir þessu þingi liggja mörg frv., sem ekki ber hátt í umr., en eru þó mjög athyglisverð. Það eru lög um Framkvæmdasjóð Íslands, Efnahagsstofnun og Hagráð. Þau eru stórt spor í rétta átt. Framkvæmdasjóður á að veita fjármagni til fjárfestingarsjóða, er veita einstök lán til framkvæmda og meira til opinberra framkvæmda. Efnahagsstofn-

unin hefur það hlutverk að undirbúa fyrir stjórnina framkvæmdaáætlanir, semja þjóðhagsreikninga og gera áætlanir um þjóðarbúskapinn fram í tímann. Með stofnun Hagráðs er leitazt við að stofna vettvang, þar sem fulltrúar stjórnvalda, atvinnuvega og stéttasamtaka geti rætt meginstefnuna í efnahagsmálum á hverjum tíma. Með þessu er aðild almannasamtaka að efnahagsstjórninni að verulegu leyti tryggð. Fyrir nokkrum dögum var lögð fram á Alþ. skýrsla um þjóðarframleiðslu og fjármunamyndun fyrir árin 1960—1965, og má af þeim skýrslum mikinn lærdóm draga um verðmætasköpun og verðmætaráðstöfun í landinu. Á árinu 1966 er áætlað að verja til mannvirkja og bygginga hins opinbera samtals 1958 millj. kr., þar af 383 millj. kr. til raforkuframkvæmda, 220 til vatnsveitu og hitaveitu, 800 millj. til samgönguframkvæmda og 550 millj. til bygginga hins opinbera, skóla og sjúkrahúsa og nú eftir fyrirfram gerðum áætlunum. Hv. 6. þm. Sunnl., Helgi Bergs, talaði um sjúkrahúsin, þau væru lengi í smíðum. Það er alveg rétt. Þau hafa verið lengi í smíðum. Nú eru víst vonir um, að á þessu verði breyting. Ekkert sjúkrahús hefur þó verið lengur í smíðum en sjúkrahús, sem framsóknarmenn höfðu forystu um, að byggt yrði á Suðurlandi á sínum tíma og hefur þá sérstöðu, að sú bygging varð aldrei sjúkrahús, eins og til var ætlazt, heldur vinnuhæli og heitir í dag Litla-Hraun. Nei, áætlunargerð skapar möguleika til að vinna kerfisbundið og skipulega að nýtingu þess fjármagns, sem þjóðin ver til fjárfestingar. Sumpart eru áætlanir komnar í framkvæmd og sumpart væntanlegar. Vegaáætlanir eru komnar til fjögurra ára í senn. Unnið er að menntunaráætlun, þar sem gerð verður heildaráætlun um byggingu skóla á öllum stigum fræðsluskyldu um land allt. Nauðsynlegt er, að slík áætlunargerð nái ekki eingöngu til framkvæmda ríkisins, heldur einnig til framkvæmda sveitarfélaga og er nú þegar komin hreyfing á það mál. Það er athyglisvert, að framkvæmdir sveitarfélaga á seinasta ári eru taldar hafa numið 560 millj. á sama tíma og framkvæmdir ríkisins nema 550 millj. Það sýnir, að núv. stjórn hefur mikinn skilning á því, að sveitarfélögin hafa miklum skyldum að gegna við lausn ýmiss konar þjónustuframkvæmda, gatnagerð og annað slíkt í sveitarfélögunum, til þess að fullnægja kröfum almennings um bætta þjónustu.

Ég legg svo mikla áherzlu á þennan þátt stjórnarfarsins, að betri vitneskja um skipun efnahagsmála er alger undirstaða og forsenda þess, að efnahagsmálum þjóðarinnar verði vel stjórnað. Þessi mál verður að taka föstum tökum, eins og núv. ríkisstj. er að gera. Ríkisvaldið verður að hafa fasta stjórn á þjóðarbúskapnum og þjóðin verður að horfast í augu við niðurstöður þeirra athugana og mikilvægi fjárfestingar í einstökum greinum, sem fyrir liggja. Ég vek athygli á því, að núv. ríkisstj. hefur tekið upp áætlunarbúskap, sem gefur stjórnendum tækifæri til að beina fjármagni og vinnuafli þjóðarinnar hverju sinni að þeim viðfangsefnum, sem skila þjóðinni mestum arði, eru mikilvægastar á hverjum tíma. Hvort það tekst eða ekki, er mikilsverður mælikvarði á hæfni hverrar stjórnar. Þjóðartekjurnar s. l. 3 ár hafa vaxið um 7—8—9%, sem er nær einsdæmi. Sterk stjórn á þjóðarbúskapnum í heild er að sjálfsögðu alger forsenda fyrir, að það markmið náist, sem ég ætla, að forystumenn allra flokka hljóti og verði að stefna að. En það er mikil aukning þjóðarframleiðslu og þjóðartekna og réttlát skipting þeirra á milli landsmanna. En ég vil leggja áherzlu á, að það er ekki einhlítt, að þessi árangur náist í þjóðarbúskapnum í heild. Að því verður að stefna, að framfarir og gróska ríki í öllum landshlutum.

Á árinu 1960 bar ég fram í Sþ. till. um heildarskipulag Suðurlandsundirlendis, þar sem lagt var til, að ríkisstj. léti rannsaka og gera áætlanir um æskilega þróun byggðar, svo að ríkisvaldið geti á þeim grundvelli með sérstökum aðgerðum stuðlað að hraðari uppbyggingu þeirra landsvæða og byggðarlaga, sem undangengnar rannsóknir sýndu, að væru bezt til búsetu fallin, beina fjárfestingu inn á brautir, sem mest gildi hafa. Gert var ráð fyrir, að slík áætlunargerð færi fram í öllum landshlutum um land allt. Ríkisstj. ákvað nokkru síðar að beita sér fyrir landshlutaáætlun um Vestfirði. Að henni var unnið með aðstoð norskra sérfræðinga. Það hefur verið unnið mikið starf að gerð Vestfjarðaáætlunar og á seinasta ári var unnið að stórkostlegri mannvirkjagerð víða á Vestfjörðum í samræmi við niðurstöður þeirrar athugunar á sviði samgöngumála, gerð vega, flugvalla og hafna. Nú hefur verið ákveðið að hefjast handa um gerð framkvæmdaáætlunar fyrir Norðurland og mér er kunnugt um, að sveitarstjórnir á Austurlandi ætla í júlímánuði n. k. að stofna til samtaka, sem yrði ætlað fyrst og fremst það hlutverk að standa að slíkri áætlunargerð með ríkisvaldinu, að gerð landshlutaáætlunar fyrir Austurland, sem byggir á þeirri reynslu, sem fengin er á Vestfjörðum. Með slíkri áætlunargerð einstakra landshluta er farið inn á algerlega nýja braut í stjórn efnahagsmála á Íslandi, sem mikið má vænta af í framtíðinni. Ég vek athygli á því, að í l. um atvinnujöfnunarsjóð er slík áætlunargerð lögfest og Efnahagsstofnuninni falið að annast hana. Fyrst um sinn hefur Vestfjarðaáætlunin miðast við framkvæmdir ríkisins og opinberra aðila, en næsta skrefið er að veita öflugan stuðning við framkvæmdir einkaaðila, einstaklinga og þær, sem undangengnar rannsóknir leiða í ljós, að séu þjóðhagslega hagkvæmar og arðsamar. Fyrir slíkum stuðningi við einkaaðila er séð með stofnun atvinnujöfnunarsjóðs, sem kemur til með að verða öflugur framkvæmdasjóður strjálbýlisins á sínum tíma, þegar honum vex fiskur um hrygg og álbræðslan er komin í gang. Forsenda þess, að landshlutaáætlanir nái tilgangi sínum eru að sjálfsögðu, að horfzt verði af fullri einurð og festu í augu við staðreyndir og fjárfestingu hagað eftir því. En það er ekki einhlítt að gera áætlanir, þótt stórhuga séu. Þær verður að framkvæma, þær verður að undirbúa vel. Þess vegna er mikilvægt, að fólkið sjálft, íbúar heimabyggðanna, fái aðild að undirbúningi landshlutaáætlunar fyrir viðkomandi byggðarlög. Í þessum efnum hefur Vestfjarðaáætlun verið áfátt. En þar er mikil eining um það verk, sem hefur verið unnið, og kemur ekki að sök. Það verður yfir höfuð að stuðla að lifrænni þátttöku fólksins í landinu að stjórn efnahagsmála og atvinnumála. Til að svo geti orðið, verða hinar félagslegu einingar fólksins, hreppar nir, sveitarfélögin að verða almennt mun stærri og sterkari heildir heldur en verið hefur. Með þetta í huga flutti ég á árinu

1960 till. um eflingu héraðsstjórnar og síðar aðra um fækkun og stækkun sveitarfélaga. Sú till. náði að vísu ekki fram að ganga, en efni hennar hefur mætt vaxandi skilningi. Mér er ánægja í því að mega skýra frá því nú, að félmrh. Eggert G. Þorsteinsson hefur ákveðið að skipa 9 manna n. til að fjalla um þetta mikla mál og taka til allsherjar athugunar skipan sveitarstjórna í landinu. Mér er ljóst, að hér er um mjög umfangsmikið verk að ræða, en þörfin, sem kallar á í þessu, er brýn og er að verða hverjum manni augljós. Annars vegar er hér um að ræða nokkurn vanda í þéttbýlum sveitarfélögum, kaupstöðum og nærliggjandi hreppum, svo sem tvö tilvik sýna, tvö frv., sem liggja fyrir hinu háa Alþ. nú um stækkun lögsagnarumdæmis Keflavíkurkaupstaðar og breyt. á mörkum Hafnarhrepps og Nesjahrepps í Austur-Skaftafellssýslu. Að hinu leytinu kallar framkvæmdaþörfin í dreifbýli á stærri og öflugri einingar. Flest þau verkefni, sem nú bíða úrlausnar í dreifbýli, kalla á stærri félagseiningar heldur en gömlu hreppar nir geta verið. Þetta er þegar viðurkennt í löggjöf um ýmsa mikilsverða málaflokka. Þannig kallar bygging hinna nýju skóla, sem verður að reisa til að tryggja æskunni í dreifbýlinu jafna aðstöðu og æsku þéttbýlisins til náms og framhaldsnáms, á stærri fræðsluhéruð, stærri einingar heldur en hrepparnir geta ráðið við.

Félagsheildir í búnaðarsamtökum eru stærri en hrepparnir. Afleiðingin af þessu hefur orðið sú, að heildirnar í dreifbýlinu hafa óskað þess beinlínis smám saman, að af þeim verði létt ýmsum framkvæmdum, sem eru þeim ofviða, svo sem vegamál og framfærslumál. Sömu sögu og hreppanna er að segja um sýslurnar. Þær eru þess algerlega ómegnugar að standa fyrir nokkrum stórvægilegum framkvæmdum, enda eru samanlagðar tekjur allra sýslusjóða í landinu á s. l. ári ekki nema 18 millj. kr. Ég hygg, að þetta verkefni sé eitt það brýnasta, sem bíður úrlausnar í okkar landi, að gera aðild fólksins að hinum dreifðu byggðum lífrænni og öflugri. Það er enginn vafi á því, að fjárhagslega öflug sveitarfélög geta haft mikilsverðu hlutverki að gegna á sviði rafvæðingarmála og ýmissa þátta landbúnaðarmála, með því að kaupa með aðstoð ríkisins þær jarðir, sem ekki eru arðsamar, til að auðvelda bændum að yfirgefa búskap og flytjast til annarra arðsamari starfa, og til að flýta fyrir rafvæðingu á þau býli, sem augljóst er að verða byggð áfram. Stórar einingar á sviði sveitarstjórna eiga mikilsverðu hlutverki að gegna í sambandi við undirbúning að gerð landshlutaáætlana, sem stefna að því að byggja upp í dreifbýlinu öflug atvinnutæki, einkum á sviði iðnaðar, með það fyrir augum, að vöxtur þjóðarframleiðslu og þjóðartekna geti átt sér stað sem jafnast um landið allt, jafnt í dreifbýli sem þéttbýli. Það er í ljósi þessarar heildarstefnu, sem verður að líta á einstaka þætti í framvindu atvinnumála. Það er staðreynd, að þeim þjóðum vegnar bezt, sem hafa tileinkað sér vélvæðingu og aukinn iðnað. Við verðum að gera skipulega áætlun um uppbyggingu iðnaðar í þorpum og sjávarplássum um land allt, svo að unga fólkið, sem vex upp í sveitunum, hinum dreifðu byggðum, verði ekki að hverfa úr sínum landshluta, úr sínu héraði, heldur geti snúið sér að arðsömum verkefnum í sínu héraði.

Við verðum að leggja áherzlu á að nýta þær auðlindir, sem Ísland býr yfir, orkuna í fallvötnum, og stuðla að betri nýtingu sjávarafla með skipulögðu átaki. Við Íslendingar eigum þess nú kost að ráðast í þá hagkvæmustu virkjun, stórvirkjun við Búrfell, sem völ er á, með því að selja verulegan hluta orkunnar til álbræðslu við Straumsvík. Við eigum völ á því að nýta nokkur auðæfi á botni Mývatns. Ég hygg, að það sé ekki áhorfsmál, að hvort tveggja miðar í rétta átt, ekki bara vegna þeirra peninga, sem koma til landsins, heldur ekki síður vegna þess, að við erum að fá nýja tækni, ný vinnubrögð, vonir um að geta ráðizt í enn þá stærri verkefni á eigin spýtur. Þjóðinni fjölgar mjög ört. Stórir árgangar ungra manna og kvenna koma til starfa ár hvert. Það er frumskylda hverrar ríkisstj. að leggja grundvöll að því, að hver vinnufús hönd fái verk að vinna. Við verðum 400 þús. manna þjóð eftir 34 ár, um aldamótin. Þetta verkefni er það stærsta, sem við blasir. Framsóknarmenn virðast ekki sjá nema eina leið í atvinnumálum, að efla landbúnað, auka landbúnaðarframleiðsluna. Ritari Framsfl. hefur staðið fyrir flutningi till. á Alþ. um að efla byggð í Selvogi til aukinnar mjólkurframleiðslu, eins og það sé nú höfuðnauðsyn íslenzkra efnahagsmála í dag. Við okkur blasa mikil verkefni, hvert sem litið er. Við verðum að vinna skipulega að lausn þeirra eftir fyrirfram gerðum áætlunum. Við verðum að tileinka okkur í ríkara mæli þau vinnubrögð, sem nútíminn og framtíðin kallar á, úrræði jafnaðarstefnunnar og Alþfl. Þessi verkefni kalla á öfluga samstöðu vinnandi fólks til sjávar og sveita á sviði stjórnmála. Eina leiðin til að tryggja afl og mátt umbótafólksins í landinu, eins og nú standa sakir, er að efla Alþfl. Ég heiti á alþýðu manna, hvar í flokki sem þeir hafa áður staðið, að snúa bökum saman og efla íslenzka jafnaðarmannaflokkinn, Alþfl., til aukinna áhrifa á gang þjóðmála.

Alfreð Gíslason: Herra forseti. Heiðruðu hlustendur. Enda þótt mikið hafi verið rætt um álmverksmiðju í Straumsvík að undanförnu, bæði innan þings og utan, hefur þó einni staðreynd málsins lítt verið haldið á lofti, en hún er sú, að álmverksmiðjur reynast öllu lífi umhverfis síns hinn mesti vágestur. Þetta er mikilsvert atriði í heilbrigðislegu tilliti og hvarvetna vandamál, sem leitazt er við að leysa eftir mætti. Hér virðist það hins vegar að mestu sniðgengið og látið eins og ekkert sé. Á þessa hlið málsins benti ég við umr. í hv. Ed., en ekki var sú ábending látin tefja afgreiðslu þess um svo mikið sem eina mínútu, og játaði þó hæstv. iðnmrh., að upplýsingar mínar kæmu honum á óvart. Mér þykir rétt, þótt seint sé, að kynna landsmönnum lítillega, hvað hér er um að ræða. Alþm. benti ég á það í tæka tíð. Frá öllum álmverksmiðjum berast eiturefni út í umhverfið, aðeins misjafnlega mikið eftir því, hvernig um hnútana er búið. Hættulegust þessara efna eru flúorsamböndin, einkum flúorvetni, enda eru þau talin með sterkustu eiturefnum, sem til eru. Ef maður neytir 5—10 gramma af flúorsalti, er honum dauðinn vís innan fárra klukkustunda. Ef flúorvetni í andrúmsloftinu nær 100 mg í einum rúmmetra, þolir það enginn maður í heila mínútu. Sé magnið fjórum sinnum minna eða 25 mg, má þola það örstutta stund. Flúorinn ertir og særir húð og slímhúðir og af því leiðir einkenni hinnar

bráðu eitrunar, svo sem húðsár, hósta, andarteppu og verki í kviðarholi. Á vægu stigi kemur sú eitrun fyrir í sambandi við rekstur álmverksmiðju. Hitt er þó algengara, að þar sé hættan meiri á hægfara eitrun. Þá verður sérkennileg breyting á beinum líkamans, þau verða að útliti eins og mölétin, út úr þeim vaxa beinaukar hér og þar, en óþægindin verða verkir og stirðleiki í líkamanum. Þessari hægfara eitrun á háu stigi verður hver sá maður örugglega fyrir, sem fær 20—80 mg af flúor daglega í mörg ár. Það er atvinnusjúkdómur, sem starfsmenn álmverksmiðja fá, nema sérstakar ráðstafanir séu gerðar þeim til verndar. Svipað gildir um fólk, sem lengi býr í nágrenni þessara verksmiðja. Það verður fyrir óhollum áhrifum flúorsins, ef varúðar er ekki gætt. Eiturefnin frá álmverksmiðjunum eru ekki aðeins varasöm mannlegri heilsu, þau eru einnig skaðleg dýrum og jurtagróðri. Ég sá nýlega ritgerð eftir norskan prófessor. Greinin, sem ber yfirskriftina „Álmverksmiðjur og skógur", hefst á þessum orðum, með leyfi hæstv. forseta:

„Blöðin segja öðru hverju frá tjóni, sem orðið hefur á skógi, graslendi og húsdýrum umhverfis nokkrar af álmverksmiðjum okkar. Tjónið hefur stundum verið mjög mikið og hvað skógana snertir jafnvel hrein eyðilegging."

Þannig farast þessum fræðimanni orð og síðar ræðir hann nánar eyðilegginguna á trjágróðrinum. Þótt blöð í Noregi segi frá slíku tjóni þar, er ekki haft hátt um það hér á landi. Graslendið í nágrenni álmverksmiðja eitrast einnig af flúor, og sauðfé, geitur og nautpeningur, sem á þeim gróðri nærist, veikist oft alvarlega og fellur. Þannig er þetta bæði í Evrópu og í Ameríku. Það fer því ekki á milli mála, að úrgangsefnin frá álmverksmiðjum eru hættuleg mönnum, dýrum og jurtagróðri. Erlendis er lögð áherzla á að draga sem mest úr þessari hættu, en hvað skal gert í því efni hér á landi? Mér skilst, að það sé harla lítið. Í verksmiðjunni í Straumsvík er ákveðið að nota opna bræðsluofna, sem sleppa meira af eiturlofti en nokkur önnur ofnategund. Um 70% af flúornum, sem þar myndast, fer beint út í umhverfið. Í Noregi eru mest notaðir lokaðir ofnar af svo nefndri Söderbergs gerð. Frá þeim fara aðeins 30—40% af eiturefnunum út í andrúmsloftið. Í Straumsvík á engan útbúnað að hafa til þess að hefta og eyða reyk og ólofti. Slíkur öryggisútbúnaður er þó alls staðar talinn sjálfsagður, einnig þar sem hentugust gerð bræðsluofna er notuð. Hvers vegna skulu þessar varnir vanræktar á Íslandi? Er það ekki fyrst og fremst til að spara hinu erlenda fyrirtæki kostnað? Reykvarnar- og eyðingartækin eru mjög dýr. Sú afsökun, sem höfð er á takteinum, er, að hér þurfi ekki öryggisráðstafana við, landslag og veðurfar sjái um dreifingu og eyðingu eiturefnanna. Hvort þetta reynist rétt, veit enginn nú og það er vítavert gáleysi að haga ekki vörnum svo sem gert er í öðrum siðmenntuðum löndum.

Þegar verksmiðjan í Straumsvík er tekin til starfa, dreifir hún daglega út í umhverfið 1900 kg af flúorefnum og eftir stækkunina 3800 kg af þessu eitri. Þessi verður skammturinn dag hvern árið um kring. Þetta flúormagn dreifist víðs vegar um og mengar vatn og sjó, jarðveg og jurtir og allt kvikt, sem fyrir því verður. Rannsóknastofnun iðnaðarins hefur gefið skýrslu um þessa væntanlegu mengun. Hún er þannig unnin, að stofnunin biður erlenda álmbræðslufyrirtækið um upplýsingar og byggir síðan niðurstöður sínar á þeim. Þetta tel ég hæpin vinnubrögð, enda má í skýrslunni finna ýmislegt, sem stangast á við skoðanir erlendra fræðimanna. Þar er t. d. sagt, að ósannað mál sé, að menn í nágrenni álmbræðslna hafi veikzt af völdum flúors. Þetta er ekki rétt, því að það hefur komið fyrir a. m. k. í einu landi í Evrópu. Þar var um að ræða skólabörn í nágrenni álmverksmiðju.

Fullyrt er í skýrslunni, að hættumarkið hvað heilsufar manna snertir, liggi við 3 mg flúors í einum rúmmetra lofts. Í merku fræðiriti ensk—amerísku, útgefnu árið 1965, er þetta hættumark sett við 2 mg. Hér ber því talsvert á milli. Yfirleitt eru hættumörk ákveðin nokkru hærri í skýrslunni en gerist í fræðiritum um þessi efni og hlýtur slíkt að vekja á henni nokkra tortryggni. Ég gerði nánari grein fyrir þessum mismun í hv. Ed. nýlega, en get ekki endurtekið það hér tímans vegna. Niðurstaða þessarar skýrslu er öll heldur óljós og helzt á þá leið, að ekkert verði um hættuna sagt fyrr en eftir á. Það á að treysta á vind og veður þar syðra. Nú er suðvestanvindur þar tiltölulega algengur og þá leggur reykinn beint frá verksmiðjunni inn yfir Hafnarfjarðarbæ. Ef lognstundum staðarins er bætt við, verða þær stundir allmargar, sem flúorloftið berst inn yfir Hafnarfjörð og magnið eigi lítið, einkum eftir stækkun verksmiðjunnar. Þá verður flúormagn 30—50 mg í hverju kg þurrfóðurs og er það talsvert yfir hættumark. Í og umhverfis Reykjavík getur flúormagnið þá orðið 20—30 mg í einu kg þurrefnanna, og er það á mörkum þess að sýkja búpening.

Ég verð að telja það ólíklegt, að svo mikið flúormagn sé með öllu hættulaust heilsufari manna til langframa. Hér bar stjórnvöldum okkar að hafa vaðið fyrir neðan sig, en það hafa þau sannarlega ekki gert. Eðlilegar varúðarráðstafanir eru forsómaðar. Slíkt þekkist ekki í siðmenntuðum löndum, hvorki í Evrópu né í Vesturheimi. Í þessu efni á að setja okkur Íslendinga skör lægra en aðrar siðmenntaðar þjóðir og líklega að skipa okkur á bekk með nauðstöddum Afríkuþjóðum.

Ég fæ ekki skilið, hvers vegna gert var út um þetta mál án þess að leita álits sérfræðinga heilbrigðisþjónustunnar íslenzku. Mér vitanlega var það ekki gert. Það sýndist þó eðlilegt í svo mikilsverðu heilbrigðismáli. Mengun andrúmsloftsins í þéttbýli nútímans er vaxandi vandamál. Tóbaksreyk er kennt um aukinn tíðleika lungnakrabba. Sumir fræðimenn efast um þetta og vilja frekar kenna öðru um, svo sem mengun frá útblæstri bifreiða og uppgufun tjöruefna frá malbiki. Um flúor er það sannað, að hann ertir og særir slímhúðir manna. Hvaða áhrif sú erting getur haft á löngum tíma, er rannsóknarefni, en það er rík ástæða til að vera á verði og gera sér ekki leik að voðanum.

Herra forseti. Ég lýk máli mínu með því að skora á hæstv. ríkisstj. að láta þegar í stað fram fara ýtarlega athugun á þeirri hlið málsins, sem ég hef nú gert að umtalsefni, ekki neina málamyndarathugun, heldur hlutlæga rannsókn. Einnig skora ég á hana að beita sér af alefli fyrir því, að sem fullkomnastur öryggisútbúnaður verði settur í væntanlega álmverksmiðju í Straumsvík. Hentugir bræðsluofnar og öflug reykeyð-

ingartæki er lágmark þess, sem krefjast verður. Tryggilegast er að bíða með staðfestingu l. um álmbræðslu, þar til vissa er fengin fyrir, að væntanleg verksmiðja fullnægi lágmarkskröfum um hollustuhætti. Eftir á verða verksmiðjueigendur áreiðanlega erfiðari viðfangs, því að öryggisútbúnaðurinn er dýr. Það er út af fyrir sig gott að bæta mönnum heilsutjón með fé, en miklu meira er um hitt vert að verja fjármunum til þess að firra menn slíku tjóni. — Góða nótt.

Hjalti Haraldsson: Herra forseti. Ekki get ég annað sagt en það sé allnýstárlegt fyrir smábónda norðan úr dal að koma í eldhúsið hjá hæstv. ríkisstj. og skyggnast þar um. Í pottunum kraumar állinn og kísilgúrsúpan, fnykurinn í eldhúsinu ber keim af ýmsum aukaréttum, vísitölutryggingu fjárskuldbindinga, búnaðarmálasjóði, hægri handar umferð og Framkvæmdabankinn var einmitt að renna niður í vaskinn, þegar ég kom inn. Hér er maddama Framsókn heimarík, enda vön búverkunum frá fyrri tíð og eiginlega leggur hún til messastrákinn í eldhúsið, hraðsnúnasta málsvara einkaframtaksins í mín eyru hér á hinu háa Alþ. Fyrir þá, sem fjær búa, skaðar ekki að geta þess, að lengi var það á vitorði, að einhvers staðar leyndist minkur innan stokks, en nú fyrir 2 dögum var hann borinn dauður út úr hv. Ed. Rétt hefði ég talið fyrir þingmeirihl. að grípa nú tækifærið og hækka um helming banalaunin fyrir minkinn, þar með hefði hann einu sinni sýnt í verki, hvað hann meinar með jafnvægi í byggð landsins. Því út í strjálbýlinu er hann meira vandamál en hér í Reykjavík, en þingmeirihl. er ekki á því að leggja heiður sinn við minkinn. Atvinnujöfnunarsjóður skal það heita. Eruð þið ekki farin að hlakka til fyrir norðan, austan og vestan, því á þessu ári megið þið eiga von á ca. 50 millj. úr þessum sjóði, á næsta ári 70 og þar næsta ári öðrum 70, 200 millj. á 3 árum. Í sama mund á að fjárfesta við Búrfell, Straumsvík og í Hvalfirði, ekki tugi millj., heldur er talað um 4—5 þús. millj. Hafi nokkurn tíma verið gerð ærleg tilraun til að sporðreisa landsbyggðina, hefur hún verið gerð nú. Og sú tilraun hefur verið undirbúin þannig á undanförnum árum, að draga eins og hægt hefur verið úr opinberum fjárframkvæmdum út um land.

Á einn þátt þessara mála langar mig til að minnast, en það eru byggingar skólahúsa. Sumar þeirra hafa alveg verið stöðvaðar, frá hinum hefur verið tekið. Í heild hefur fjárveitingin til skólabygginga verið lækkuð um 20% nú tvö s. l. ár. Allir, sem vilja, hljóta að sjá, til hvaða farsældar þessi stefna leiðir. Fjöldi skólahéraða út um land bíður eftir því að mega hefjast handa um skólabyggingar, en fær það ekki, og víða er ástandið þannig, að naumlega er hægt að kenna börnum til 13 og 14 ára aldurs. Þegar því lýkur, er enginn skóli til í heilum sýslum, sem getur tekið við unglingunum og veitt þeim framhaldsmenntun til landsprófs eða gagnfræðaprófs, sem ætti þó að vera lágmark nú á þessum tímum, nema því aðeins að hér sé búið að setja upp nokkurs konar flokkunarkerfi og hér sé um annars eða þriðja flokks þjóðfélagsþegna að ræða, sem dæmdir skulu vera til þess að ala upp vinnulýð í álbræðsluna við Straumsvík eða til sorphreinsunar fyrir herinn í Keflavík. Ofan á þetta bætist svo það, að launakjör kennara, sem starfa við heimavistarbarnaskólana út um land, eru það slæm, að þeir flæmast frá skólunum, enda munu þessir kennarar einnig þurfa að leggja á sig meiri vinnu en stéttarbræður þeirra við aðra sambærilega skóla. Hér rís upp fyrir framan fólkið vandamál, sem það ræður ekki við, og viðbrögðin eru ósköp einföld. Það fer með börnin sín þangað, sem það getur náð þeim í menntun. Og svo eins og til að árétta þetta, að engin apakattarlæti í fjárfestingu eigi sér stað úti um landsbyggðina í byggingu og mannvirkjagerð af ýmsu tagi, þá hefur þingmeirihl. hæstv. ríkisstj. séð vel fyrir því. Og bíðið þið nú við. Hér erum við komin að merkilegu atriði, sem bezt er að hyggja nánar að. Atvinnujöfnunarsjóðurinn, sem á að gefa dreifbýlinu 50 millj. á þessu ári eða aðra álíka upphæð, verður að öllum líkindum kominn suður í Seðlabanka upp úr næstu áramótum skv. lögum um innstæðubindingu sparisjóða og innlánsstofnana. Svona bráðsniðug regla er í vitleysunni. Fyrirbærið kallast Atvinnujöfnunarsjóður með undirheitið byggðajafnvægi og endar í innstæðubindingu í Seðlabankanum í Reykjavík. Og krónan, sem nú á vordögum slær glampa sínum eins og sólin sjálf á brúnum suðurfjalla og blinda á augu okkar fyrir norðan við væntanlegar bæjarstjórnarkosningar, veltur suður yfir heiðar á haustnóttum, ekki alveg einsömul. Börnin ykkar fylgja með. Alusuisse og Búrfell og herinn þarf á þeim að halda, verið þið viss. Eftir situr hnípin þjóð í vanda með væntanlega herverndaða stóriðju erlendra auðhringa á Suðurnesjum.

Örlagaríkust þeirra mála, sem nú hefur verið fjallað um, eru vafalaust samningarnir við Alusuisse og breyt. á l. um kísiliðjuna við Mývatn, þar sem gert er ráð fyrir þátttöku erlendra auðfélaga í atvinnulífi Íslendinga. Þótt þessum málum tveim svipi annars nokkuð saman, eru þau ólík að því leyti, að annað tekur af öll tvímæli, hitt gefur hæstv. ríkisstj. í upphafi annarrar hverrar lagagreinar heimild til þess að semja um þetta eða hitt, og fylgjendum málsins hér á hv. Alþ. eru orðnar tamar á tungu þær skýringar, að þeir geri ráð fyrir, að það verði samið svona en ekki svona, þótt þeir annars viti, hversu tæpt skákin stendur með féþrota fyrirtæki á hendinni norður við Mývatn. Þetta ætti að vera nægilegt umhugsunarefni, a. m. k. fyrir Þingeyinga. Við vonum, að höpp fylgi slíku, en ekki slys. Því smærri sem þjóðin er, því betur verður hún að vanda til slíkra mála sem þessara. Smáyfirsjón getur þannig orðið illur örlagavaldur, þótt aðrar stærri þjóðir standi jafnréttar eftir.

Ekki get ég varizt því að minnast örlítið á lögin um framleiðsluráð landbúnaðarins, sem nú er verið að reka smiðshöggið á, en þau gera einmitt ráð fyrir endurreisn Sexmannanefndarkerfisins svo kallaða og er þar með gengið á snið við vilja mjög stórs hóps bænda, sem óskuðu eftir því að fá ríkisvaldið að samningaborðinu. Þannig fól aukafundur Stéttarsambands bænda, er haldinn var 14. og 15. des. s. l., fulltrúum sínum í 7 manna n. ríkisstj. að athuga jöfnum höndum um möguleika á samningum um verðlagsmálin við fulltrúa frá ríkisstj. og fulltrúa frá öðrum aðilum. Ég ætla ekki að fjölyrða um þetta, en ég verð að segja það, að ég harma þá afstöðu framsóknarmanna að ganga þannig undir hönd íhaldsins í landinu til þess að fá það aftur

lögfest, að bændum og launþegum skuli aftur slegið saman við samningaborðið, svo að kvarnarstjórum dýrtíðarinnar reynist eins auðvelt og unnt er að kenna þessum hópum tveim um dýrtíðarflóðið, víxlhækkanirnar, eins og hæstv. forsrh. orðaði það í gærkvöldi. Þessar stéttir ættu þó að taka höndum saman og stjórna þessu landi, og það er illt verk að fjarlægja þann möguleika meir en ástæða er til. Þetta mál ætla ég ekki að ræða frekar, en í sambandi við þær umr., sem fram hafa farið hér í hv. Alþ., hafa ýmsar hnútur hrokkið í garð bænda. Það er talað um bændastyrki, þegar um er að ræða greiðslur í verðlagið til að halda því niðri. Offramleiðsluna, smjörfjallið, sem um er talað, á hæstv. ríkisstj. og enginn annar. Það er afleiðingin, það er nauðvörn bændanna gegn dýrtíðarholskeflum hennar, en sönnun fyrir dugnaði þeirra og hagsýni. Við versnandi aðstæður, meiri dýrtíð og fækkandi hendur hafa þeir samt aukið framleiðsluna. Hvað sem um þetta má segja, er það eitt víst, að bezta kjölfesta hverrar þjóðar er vel menntuð og frjáls bændastétt, sem situr land sitt vel og skilar því til eftirkomendanna betur byggðu, betur ræktuðu og dýrmætari eign. Henni vinnur bóndinn og hans skyldulið og í landinu festir hann mest af því fjármagni, sem hann fær handa í milli. Í sveitum landsins hefur vaxið úr grasi þjóðarkjarni, sem þjóðin enn nærist af og hefur orðið drjúg lyftistöng þéttbýlinu fram á þennan dag. Fjárveitingar til landbúnaðarins eru því þannig vaxnar, að þær verða beinlínis til að auka kjölfestuna, sem þjóð okkar ríður nú á framar öllu öðru. Það er löngu viðurkennt af alþjóð, svo óþarft er að hafa um það mörg orð, að dvöl barna í sveit er þeim góður skóli. Því væri það sennilega vinsælla að tala um fjárveitingu til landbúnaðarins sem fjárframlög til heilbrigðs uppeldis þjóðarinnar, en ekki sem bændastyrki. Þegar um góða menntastofnun og heilsubrunn er að ræða, er engin fjárveiting of stór og sammála erum við víst sennilega um það, að vitið, viljinn og þorið á að vaxa, en ekki að minnka. Einu sinni var um Ísland sagt, „að þar drypi smjör af hverju strái." Það var lof þess. Nú er hrós þess ekki lengur bundið við smjör, nú er það sagt löstur þess. Í staðinn er blessað vatnið komið og orka þess og að veðráttan á Suðurnesjum verði það umhleypingasöm, að flúoreitrið, sem álbræðslan hjá Straumsvík spýr út í loftið að þrem árum liðnum, verði ekki eingöngu bundið við Hafnarfjörð, heldur að það geti borizt víðar yfir. Og kannske Reykvíkingar fái svolítinn eim af þeim smjörþef, sem nú þykir eftirsóknarverðastur á landi hér. Herra forseti. Ég hef lokið máli mínu. Góðir áheyrendur. Góða nótt.

Matthías Á. Mathiesen: Herra forseti. Góðir hlustendur. Það var ekki rismikil stjórnarandstaða, sem hóf eldhúsdagsumræður hér á hv. Alþ. í gærkvöldi. Það vantaði að vísu ekki fullyrðingarnar og ekki hafa þeir, sem hafa talað hér í kvöld, bætt þar um. Fullyrðingar þeirra hafa verið með þeim hætti, að allir skyni bornir menn, sem fylgzt hafa með gangi þjóðmála síðustu áratugi, urðu furðu lostnir, en það var varla við öðru að búast. Mennirnir, sem 1960 spáðu móðuharðindum af völdum ríkisstj. og stuðningsflokka hennar, mennirnir, sem 1960 spáðu stöðnun og samdrætti og reiknað höfðu út, að 4000 Íslendingar yrðu atvinnulausir, ef stefna ríkisstj. og stuðningsflokka hennar næði fram að ganga, virtust ekkert hafa lært og öllu gleymt. Þeir virtust ekkert hafa séð af þeim stórfelldu framförum, sem átt hafa sér stað í þjóðlífi Íslendinga á s. l. árum. Þeir virtust ekki hafa heyrt um hina hagstæðu þróun, sem átt hefur sér stað í gjaldeyris- og peningamálum þjóðarinnar. Þeir virðast ekki gera sér grein fyrir því, að almenningi á Íslandi hefur aldrei liðið betur en nú. Þeir voru haldnir algerri pólitískri blindu, sem sennilega verður erfitt að lækna. Skylt er hins vegar að vekja athygli þjóðarinnar á slíkum málflutningi. Hv. 5. þm. Vestf., Hannibal Valdimarsson, skellti sér fyrstur á skeiðið. Hann vantaði ekki lýsingarorðin, hann Hannibal, þegar hann var að lýsa ástandi íslenzkra þjóðmála frá sínum bæjardyrum séð, að hans dómi alls staðar eymd og volæði, afturför og samdráttur. Hv. þm. treysti sér þó ekki til eða vék sér undan að segja söguna um þær framfarir, sem átt hafa sér stað á sviði sjávarútvegsmála í tíð núv. stjórnarsamstarfs, og hann brá fyrir sig erindi eftir skáldið Þorstein Erlingsson, þar sem segir: „Sækt'ana í Hafnarfjörð söguna þá, þeir segja hana betur en ég." Og svo bætti hann við: Fæst orð hafa minnsta ábyrgð. — Þetta orðtak mætti Hannibal Valdimarsson oftar hafa í huga.

Já, suður í Hafnarfirði og suður með sjó og víðs vegar í útgerðarstöðum þessa lands er sú saga sögð á annan hátt en Hannibal Valdimarsson vildi láta í skína hér í gærkvöldi. Hins vegar kom form. Framsfl., hv. 1. þm. Austf., Eysteinn Jónsson, eins og vanalega með fullyrðingar út í loftið um málefni sjávarútvegsins og hélt því blákalt fram, að allt væri hér í kaldakoli og ríkisstj. og stuðningsflokkar hennar beinlínis stefndu að því að koma sjávarútveginum á kné.

Hv. þm. komst þó ekki fram hjá þeirri staðreynd, að í tíð núv. ríkisstj. hefur sjávarafli landsmanna tvöfaldazt. Hann var 1960 593 þús. smál., en 1965 1.196 millj. smál. Hann komst heldur ekki fram hjá þeirri staðreynd, að útflutningsverðmæti sjávarafurða 1960—1964 höfðu aukizt úr 2.650 millj. kr. í 4.380 millj. kr.

Eysteinn Jónsson hafði hins vegar skýringar á hlutunum. Það voru hinir dugmiklu íslenzku sjómenn og stjórnsömu útgerðarmenn, sem hér voru að verki. Hann reyndi að telja þjóðinni trú um, að hægt hefði verið að draga svo mikinn afla úr sjó, sem raun ber vitni, með þeim fiskiskipakosti, sem hér var til, er vinstri stjórnin gafst upp. Hann reyndi einnig að halda því fram, að þau fiskvinnslufyrirtæki, sem í landinu voru við lok vinstri stjórnarinnar, hefðu haft möguleika til þeirra afkasta, sem fiskvinnslustöðvarnar hafa í dag. Sízt sæti á mér að gera lítið úr hlut sjómanna og útgerðarmanna. Mér er fullkomlega ljóst, að án þeirra hefði þetta aldrei gerzt. Ég veit líka fullvel, að engir gera sér betur grein fyrir því en sjómennirnir og útgerðarmennirnir, að hefði ekki verið breytt um stefnu 1960, þá hefðu ekki hinar stórkostlegu framfarir í sjávarútveginum átt sér stað.

Hverjir voru nú möguleikar íslenzks sjávarútvegs, þegar vinstri stjórnin skildi við og Eysteinn Jónsson lét af störfum fjmrh.? Átti þá íslenzka þjóðin gjaldeyrissjóði til kaupa á nýjum fiskiskipum? Hafði vinstri stjórnin beitt sér fyrir því, að Stofnlánadeild sjávarút-

vegsins yrði gerð virk á ný? Hafði vinstri stjórnin beitt sér fyrir hagræðingu á sviði fiskiðnaðarins? Svarið er: Nei.

Ástandið í þessum málum var, eins og öllum er í fersku minni, þannig: Öllum gjaldeyrissjóðum hafði verið eytt, og við höfðum meira að segja orðið að taka sérstök yfirdráttarlán erlendis til þess að flytja inn nauðþurftir okkar. Innflutningur fiskiskipa var háður leyfum og sjávarútvegur almennt í samdrætti.

Hver hefur hins vegar þróunin í sjávarútvegsmálum verið í tíð núv. ríkisstj.? Stefna ríkisstj. og stjórnarflokkanna í efnahags- og peningamálum hefur leitt til þess, að safnazt hafa saman stórkostlegir gjaldeyrissjóðir, sem valdið hafa því, að innflutningur fiskiskipa hefur verið gefinn frjáls, eins og nær allur annar innflutningur landsmanna, enda aukning fiskiskipastólsins á árunum 1960—1965 rúm 33% eða um 20 þús. smálestir og er nú um síðustu áramót rúmar 80 þús. smálestir.

Stofnlánasjóðir sjávarútvegsins hafa verið efldir, frystihús byggð, síldarverksmiðjur byggðar. Afkastageta frystihúsa hefur aukizt 1961—1965 úr 1927 lestum í 2503 lestir, miðað við 16 klst. vinnu, eða um 25%. Bræðsluafköst síldarverksmiðja hafa aukizt úr 70.840 málum í 120.250 mál á sólarhring. Þróarrými síldarverksmiðja hefur aukizt úr 414 þús. málum í 700 þús. mál.

Dettur nokkrum manni í hug, að þetta hefði verið hægt, ef stefna Eysteins Jónssonar í þessum málum væri enn við lýði? Í ræðu sinni í gærkveldi gerði Eysteinn Jónsson álbræðslusamninginn að umræðuefni. Það er þar, eins og í öðrum framfaramálum, sem núv. stjórnarflokkar hafa beitt sér fyrir, sem pólitískt ofstæki formanns Framsfl. virðist ráða ferðinni og tæplega 8 ára útivist hans úr stjórnarráðinu virðist gjörsamlega hafa ruglað hann í ríminu.

Það er vissulega lærdómsríkt fyrir okkur, sem eigum heima í Reykjaneskjördæmi, að heyra málflutning framsóknarmanna í þessu máli, en einn þm. Framsfl. sagði: Staðsetningin ein veldur því, að Framsfl. er á móti málinu. Það skiptir engu máli, hversu mikið hagsmunamál þetta er fyrir þjóðina, þaðan af síður fyrir byggðarlögin við sunnanverðan Faxaflóa, þó sérstaklega Hafnarfjörð.

Form. Framsfl. lagði á það megináherzlu í gærkveldi, að Framsfl. væri allur á móti máli þessu og hefði beinlínis þá skoðun, að hér væri um alranga og stórhættulega stefnu ríkisstj. og stuðningsflokka hennar að ræða.

Ég vil leyfa mér að benda á nokkur mjög mikilsverð atriði þessa stórmáls og afstöðu framsóknarmanna til þeirra.

Framsóknarmenn halda því fram, að það sé þjóðhagslega óhagkvæmt, að raforka frá Búrfellsvirkjun verði 28% ódýrari fyrir almenning en ella mundi og allt upp í 60% ódýrari fyrstu árin. Framsóknarmenn halda því fram, að það sé þjóðhagslega óhagkvæmt, að gjaldeyristekjur þjóðarinnar geti aukizt um 300 millj. kr. á ári, sem getur skapað auknar þjóðartekjur um 1.200 millj. Framsóknarmenn halda því fram, að skattgjald af álbræðslunni, sem mun nema um 1.400 millj., muni ekkert gott af sér leiða. Framsóknarmenn halda því fram, að það sé óhagkvæmt fyrir Hafnfirðinga að eignast nýja og fullkomna höfn, sem greidd væri af rekstri álbræðslunnar, að það sé óhagkvæmt fyrir Hafnfirðinga að fá 12 millj. að meðaltali á ári í auknum tekjum til bæjarsjóðs, að það sé óhagkvæmt fyrir Hafnarfjörð að fá 5 millj. í lóða- og gatnagerðargjöld og það sé óhagkvæmt fyrir byggðarlögin hér syðra, að atvinnumöguleikarnir vaxi.

Hér er um stórmál að ræða, sem skapa mun nýja möguleika til atvinnuaukningar í landinu og þá er Framsókn auðvitað á móti.

Hvað segir sagan um afstöðu Framsfl. til hinna ýmsu stórmála á undanförnum áratugum? Þegar sjálfstæðismenn vildu ráðast í virkjun Sogsins, voru framsóknarmenn á öndverðum meiði. Þegar sjálfstæðismenn höfðu forystuna í nýsköpun atvinnuveganna eftir heimsstyrjöldina, voru framsóknarmenn á móti. Þegar ríkisstj. Sjálfstfl. og Alþfl. beitti sér fyrir lausn landhelgisdeilunnar, var Framsókn á móti. Þeir voru á móti viðreisnarstarfi núv. ríkisstj. og nú eru þeir á móti einhverju mesta framfaramáli, sem ráðizt hefur verið í hin síðari ár.

Hafi það komið fyrir, að þeir hafi ekki fundið eitthvert þjóðþrifamál til að vera á móti, þá hafa þeir bara verið á móti Esjunni og líkt henni við mykjuhaug.

Góðir áheyrendur. Í dag einkennist íslenzkt þjóðlíf af grósku og uppbyggingu. Hvarvetna blasa við stórstígar framfarir, sem bera vott um bjartsýni og trú þjóðarinnar á sjálfa sig og framtíðina. Öll eigum við mikið í húfi, að vel takist til um málefni okkar og þjóðin haldi áfram á braut framfara og hagsældar. Enginn á meira í húfi en hin upprennandi kynslóð. Sjálfstæðisflokkurinn hefur ætíð gert sér grein fyrir því, að æska þessa lands er fær um að taka þátt í uppbyggingarstarfi því, sem unnið er, taka á sig sinn skerf af þeirri ábyrgð, sem fylgir því að vera þegn í lýðfrjálsu þjóðfélagi. Þess vegna hefur Sjálfstfl. ávallt falið ungum mönnum og konum frumkvæði og forystustörf á vettvangi opinberra mála, og því trausti hefur ekki verið brugðizt. Í þeim kosningum, sem í hönd fara, setur æskan mikinn svip á þann baráttuhóp, sem er í fylkingarbrjósti fyrir Sjálfstfl. Því ganga sjálfstæðismenn bjartsýnir til þeirra kosninga, í trausti þess, að góður málstaður og dugmiklir baráttumenn muni sigurs njóta. — Góða nótt.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Ég hafði ekki hugsað mér í þessum umr. að ræða álbræðslusamninginn, ég hef gert það mjög ítarlega hér áður í þingsölunum í alþjóðar áheyrn. En út af ræðu Alfreðs Gíslasonar, sem var að ljúka máli sínu rétt áðan, vil ég segja þetta.

Hann segir, að það sé vítavert gáleysi að haga ekki vörnum við álbræðsluna eins og í öðrum siðmenntuðum löndum, gagnvart útblæstri frá henni. Hér á engan útbúnað að hafa, segir hv. þm. Þetta er rangt. Í 12. gr. álbræðslusamningsins segir, að ISAL sé skylt að gera ráðstafanir, eðlilegar ráðstafanir til þess að draga úr og hafa hemil á skaðlegum áhrifum af rekstri bræðslunnar í samræmi við góðar venjur í iðnaði í öðrum löndum.

Og 13. gr. segir á þessa leið: að ISAL skuli byggja, útbúa og reka bræðsluna og halda henni við, í samræmi

við núgildandi og síðari lög og reglur á Íslandi varðandi öryggi í atvinnurekstri, heilbrigði og hreinlæti og skal í þessum efnum vera háð eftirliti opinberra stofnana, sem ábyrgð bera á framkvæmd á slíkum reglum. Þetta hef ég margtekið fram, bæði í Nd. og Ed. Það er mín skoðun, að það sé gáleysi hjá lækni að reyna að vekja að ástæðulausu ótta hjá almenningi um það, að til standi að láta yfir hann rigna banvænu eitri.

Bændurnir gefast upp og jarðirnar fara í eyði, var sagt hér í gærkvöldi af einhverjum talsmanni Framsfl. Það var ekki sami bölmóðurinn í bóndanum af Vatnsnesinu, sem benti með réttu á hinar almennu framfarir og efnahagsþróun í sveitum landsins, sem lýsa sér í vaxandi ræktun, fögrum húsum og bifreiðum til heimilisþarfa. En barlóminn höfum við mátt heyra hér í umr. frá stjórnarandstæðingum, jafnhliða hjartnæmum lýsingum á því, hversu innilegt dálæti ríkisstj. hefði á verðbólgunni, sem hún magnaði sí og æ, að því er virtist með einhverjum undraráðum, til þess að geta jafnan verið reiðubúin að sleppa þessari ófreskju lausri á alþýðu manna, svo að þeir ríku fengju matað krókinn á kostnað þeirra fátæku og annarra, sem minna mættu sín.

En ekki ferst þeim öllum eins, stjórnarandstæðingum. Form. Framsfl., Eysteinn Jónsson, sagði, að alls staðar biðu framtakssamir athafnamenn með viðfangsefni og áform til stórræða og framfara í atvinnulífi og uppbyggingu. En lengra komst hann ekki, þá var kominn þrándur í götu, ríkisstjórnin, sem gerði mönnum allt til miska, svo að framþróunin mætti mistakast. Hann væri að vísu alltaf að benda mönnum á hina leiðina, sem mundi reynast greiðfær, en þetta létu menn sér ekki skiljast.

Eftir að Hannibal hafði hér í gærkvöldi flutt sínar hjartnæmu sumaróskir um ýsuflökin, fræddi flokksbróðir hans, Ragnar Arnalds, okkur á því, að Íslendingar bæru nú úr býtum þriðju hæstu þjóðartekjur í Evrópu. Það hefur sjálfsagt verið til þess að árétta enn frekar vitnisburð form. þeirra, Lúðvíks Jósefssonar, í nál. hans um álmálið, með leyfi hæstv. forseta: „að aldrei áður hafi þjóðin haft jafnmikla og góða möguleika til mikilla framkvæmda og framfara," eins og þar stendur. Það slær út í fyrir öðrum stjórnarandstæðingum. Þeir segja, að viðreisnin sé rokin út í veður og vind. Ríkisstj. og hennar lið sé búið að gleyma áformum sínum. Samt áréttaði hæstv. forsrh. yfirlýsingu Ólafs Thors frá 20. nóv. 1959 hér á Alþ., um meginstefnu viðreisnarstjórnarinnar, þegar hún var mynduð, en þar segir svo:

„Það er meginstefna ríkisstjórnarinnar að vinna að því, að efnahagslíf þjóðarinnar komist á traustan og heilbrigðan grundvöll, þannig að skilyrði skapist fyrir sem örastri framleiðsluaukningu, allir hafi áfram stöðuga atvinnu og lífskjör þjóðarinnar geti í framtíðinni enn farið batnandi."

Þetta var meginstefnan orðrétt. Enn fremur sagði Ólafur Thors í stefnuyfirlýsingunni fyrir nærri 7 árum:

„Til þess að tryggja, að þær heildarráðstafanir, sem gera þarf, verði sem réttlátastar gagnvart öllum almenningi, hefur ríkisstj. ákveðið — —" og nú eru taldir fjórir töluliðir.

Í fyrsta lagi að hækka verulega bætur almannatrygginganna, einkum fjölskyldubætur, ellilífeyri og örorkulífeyri. Kannast hv. þm. stjórnarandstöðunnar ekki við, að svo hafi verið gert?

Í öðru lagi að afla aukins lánsfjár til íbúðabygginga almennings. Um það vissi þó Hannibal, sem taldi tvo liði, sem ríkisstj. hefði lögfest og ykju eigin tekjur byggingarsjóðs nú um 130 millj. kr. árlega og að með öðrum ráðstöfunum ríkisstj. hefði verið tryggt, að húsnæðismálastjórn gæti nú sinnt lánbeiðnum með lánveitingum eftir hendinni, eins og hv. þm. orðaði það.

Þetta eru furðumikil umskipti frá því sem áður var.

Í þriðja lagi að koma lánasjóðum atvinnuveganna á traustan grundvöll. Kannast nokkur við það? Ný löggjöf hefur verið sett um stofnlánadeild landbúnaðarins. Ný löggjöf og reglugerðir um stofnlánadeild sjávarútvegsins og nú sameining við Fiskveiðasjóð. Bæði varðandi landbúnað og útgerð er áður búið að breyta lausaskuldum í föst og hagkvæm lán. Stórefling lánlánasjóðs og ný löggjöf hefur verið sett á þessu þingi með fimmföldun árlegs ríkissjóðsframlags og ráðagerðum um nýjan hagræðingarlánaflokk. Lög frá þessu þingi um stofnlánasjóð verzlunarinnar, lög um atvinnujöfnunarsjóð, sem er sérstakur framkvæmdasjóður strjálbýlis jafnframt öðrum stofnlánasjóðum.

Þá er fjórði liðurinn að endurskoða skattakerfið með það fyrir augum fyrst og fremst að afnema tekjuskatt á almennar launatekjur. Þetta veit almenningur, að gert hefur verið auk margháttaðra annarra endurbóta á sviði skattamála, bæði ríkis og sveitarfélaga.

Svona er meginstefnan og fjórir liðirnir til þess að tryggja réttláta framkvæmd gagnvart almenningi, sem Ólafur Thors boðaði þjóðinni í nóv. 1959, þegar viðreisnarstjórnin tók við, en það voru heitstrengingar um að ráða niðurlögum dýrtíðarinnar, hafa þm. verið að segja, og nú er þeim gleymt. Hvað segir þá um þetta í yfirlýsingu Ólafs Thors? Eftir að meginstefnu er lýst, segir svo, með leyfi hæstv. forseta: „Í því sambandi leggur ríkisstj. áherzlu á, að kapphlaup hefjist ekki á nýjan leik milli verðlags og kaupgjalds og þannig sé haldið á efnahagsmálum þjóðarinnar, að ekki leiði til verðbólgu." Þannig hljóðaði sá boðskapur, og sannarlega hafa stjórnarandstæðingar ekki ásakað ríkisstj. fyrir að hafa ekki þannig haldið á efnahagsmálum þjóðarinnar, að þær ráðstafanir væru ekki miðaðar við að draga úr verðbólgu. Hv. hlustendur hafa heyrt í þessum umr. og fyrr og síðar harmakvein stjórnarandstæðinga um vaxtaokur, sem þeir svo kalla, tilbúna lánsfjárkreppu ríkisstj., ef ekki lánsfjárbann til þess að hamla gegn verðþenslu. Bindingu sparifjár í Seðlabankanum gleyma þeir ekki að fordæma, en skyldi það hafa haft nokkur áhrif á verðbólguvöxtinn eða kannske dregið úr honum, að lagður hefur verið til hliðar nokkur hluti þeirrar sexföldunar sparifjár þjóðarinnar, sem orðið hefur í tíð viðreisnarstjórnarinnar? Mundi það vera til meins að hafa lagt til hliðar meira en tvö þúsund millj. króna í gjaldeyrisinnstæðu erlendis?

Þá má spyrja um kapphlaupið milli verðlags og kaupgjalds, sem í viðreisnaryfirlýsingunni er lögð áherzla á, að hefjist ekki. Það hefur því miður ekki stöðvazt, það er rétt, en er það ríkisstj., sem þar er hinn mikli sökudólgur? Hver skyldu hafa verið síðustu viðfangsefni Ólafs Thors í forystu á vettvangi stjórnmál-

anna haustið 1963? Var það ekki tilraun hans til þess að stöðva þetta kapphlaup með löggjöf og endaði sú tilraun ekki með sáttaorðum og settum griðum í bili, ef menn gætu náð sáttum á frjálsum grundvelli, áður en hann örþreyttur og farinn að heilsu lét af stjórnarforystu?

Upp úr áramótum 1963 og 1964 óttuðust margir um gengi íslenzku krónunnar eftir þær stökkbreytingar á kaupgjaldinu, sem átt höfðu sér stað á árinu 1963, og verðbreytingar fylgdu að sjálfsögðu í kjölfarið. Menn tala ekki nú um hættuna á gengisfalli. Fátt hefur átt meiri þátt í því, að svo er, en júnísamkomulagið svokallaða 1964, þegar forsrh. og öðrum fulltrúum ríkisstj. tókst að sætta saman sjónarmið atvinnurekenda og launþega, að sjálfsögðu vegna gagnkvæms skilnings og ábyrgðartilfinningar beggja aðila, en allir þeir, sem hlut áttu að máli, hafa hlotið fyrir verðskuldað lof. Júlísamkomulagið 1965 var spor á sömu braut, en náði skemmra. Það er alrangt hjá Þórarni Þórarinssyni, sem talaði hér áðan, að síðan Bjarni Benediktsson varð forsrh. hafi dýrtíðin vaxið hvað mest. Áhrifin frá júnísamkomulaginu slógu einmitt með verulegu afli á verðbólguvöxtinn og engum einum manni var það fremur að þakka heldur en einmitt hæstv. forsrh. En það benti enginn við þessar aðgerðir á hina leiðina hins vegar, enda leiðsaga Framsóknar viðs fjarri í báðum tilfellum, og þess varð heldur ekki vart, að hennar væri saknað. Þm. þess flokks ættu við þessar umr. að spara sér stóryrðin um verðbólguvöxtinn, sem sé ríkisstj. að kenna. Það kynnu að berast að þeim sjálfum böndin og ekki þyrfti nákvæma leit til þess að hitta þá sjálfa eða talsmenn þeirra fyrir í þeim till. og ráðagerðum undanfarinna ára, sem verst hafa gefizt og fram eru settar til þess að auka vandræði, en ekki til þess að miðla málum eða stuðla að jafnvægi og festu til hindrunar dýrtíð og verðbólgu.

Það hefur aldrei verið meiri gróska í sjávarútvegi landsmanna en undanfarin ár. Fer þar saman árgæzka, áræði og dugnaður samfara lánstrausti erlendis og efling fjárfestingarsjóða innanlands, sem reynzt hafa megnugir að rísa undir hinni miklu lánsfjárþörf. Á fimm ára tímabilinu 1954—1958 voru keyptir til landsins sem svarar 80 hundruð smálesta bátar, á næsta fimm ára tímabili, 1959—1963, sem svarar 240 hundruð smálesta bátar, en ekki 80 og 1964 voru keypt fiskiskip samtals 8000 smálestir, en það samsvarar 400 hundruð smálesta bátum á fimm ára tímabili. Það er ekki að furða, þótt hv. 1. þm. Austf. (EystJ) hafi í gærkvöldi verið að lýsa því fyrir hlustendum, að það væri eitt af aðaláhugamálum ríkisstj. að hindra menn í að kaupa fiskiskip.

Kaupskipaflotinn hefur aukizt um 20% á nokkrum síðustu árum. Stálskipasmíði er hafin með myndarbrag í landinu sjálfu, og hefur ríkisstj. stuðlað að því eftir föngum og mun stefna að því að efla þessa atvinnugrein. Gömlu dráttarbrautirnar eru í endurbyggingu og þróttmiklar nýbyggingar. Stórvirkar vinnuvélar leysa mannshöndina frá stritinu, og vélvæðingin heldur áfram hröðum skrefum. Flugflotinn hefur tvöfaldazt, bifreiðaeign landsmanna fer sívaxandi, sett ný vegalög og samgöngukerfið stórlega bætt og aukið. Byggðar hafa verið síldarverksmiðjur fyrir austan og sunnan fyrir 200—300 millj. kr. á einum þremur árum, og stórfelldar byggingarframkvæmdir nýrra verksmiðja og endurbætur ráðgerðar í sumar. Keypt síldarflutningaskip og ráðgert, að fleiri verði keypt. Verið að byggja síldarleitarskip, hafrannsóknarskip og tilbúið útboð í byggingu nýs varðskips til landhelgisgæzlunnar, sem kostað geti um 80—90 millj. króna. Nýtízkulegt sementsflutningaskip nýkomið til landsins og jafnframt ráðagerðir um skipulagðar stórframkvæmdir Sementsverksmiðju ríkisins við Ártúnshöfða á næstu fjórum árum, þar sem byggð verði birgðastöð og geymsla fyrir laust sement.

Framkvæmdir samkvæmt Vestfjarðaáætlun eru þegar hafnar og m. a. aflað erlends lánsfjár til þeirra frá viðreisnarsjóði Evrópu. Norðurlandsáætlun er í undirbúningi á vegum Efnahagsstofnunarinnar, en hvort tveggja er vottur nýrra vinnubragða um alhliða uppbyggingu í byggðum landsins, sem ætlað er að framkvæma að yfirlögðu ráði í samræmi við áætlunargerð, miðað við þarfir og getu og framtíðarmöguleika landshluta og fjórðunga.

Löggjöf hefur verið sett á þingi til að bæta úr fjárhag Rafmagnsveitna ríkisins og tryggja áframhaldandi rafvæðingu landsins. Lögin um Landsvirkjun voru afgr. á síðasta þingi og nú eru að hefjast framkvæmdir við stórvirkjun í Þjórsá, stærsta fallvatni landsins.

Ég hef aðeins minnt hér á nokkur framfara- og framkvæmdamál til áréttingar vitnisburði stjórnarandstæðinga þeirra, sem vitnuðu um velgengnina og framþróunina í landinu, og ber að skoða það jafnhliða málflutningi stjórnarsinna í þessum umr. Verður þá svo ljóst sem verða má, að viðreisnin er ekki rokin út í veður og vind eins og framsóknarmenn bera sér í munn. Nei, þvert á móti, viðreisninni er lokið. Hin efnahagslega viðreisn, sem lofað var, er orðin að veruleika. Höft hafa verið afnumin, viðskipta- og athafnafrelsi tekið við, vöruval almennings er sívaxandi, tollakerfið endurbætt í grundvallaratriðum og stefnt að lækkun tolla, lánstraust erlendis er endurvakið. Á grundvelli þessarar efnahagsviðreisnar og velmegunar íslenzku þjóðarinnar, sem liggur fyrir, er nú hægt og verið að byggja bjartari framtíð. Stóriðja með byggingu álbræðslu við Straumsvík er að verða að veruleika með rafmagnskaupum úr hinu mikla orkuveri, sem byggja skal í Þjórsá við Búrfell, og byggingu stórskipahafnar í Straumsvík. Kísilgúrverksmiðja verður byggð við Mývatn, unnin útflutningsverðmæti úr botnleðjunni með varmaorku frá Námaskarði, lagður nýr vegur til þungaflutninga stytztu leið til Húsavíkur, sem verður afskipunarhöfn og þar heimilisfang sölufyrirtækis á heimsmarkaðinum. Ný tæknikunnátta flyzt inn í landið og verður aflgjafi nýrrar, almennrar iðnþróunar, járnbræðsla, stálbræðsla, álvinnsla, olíuhreinsun og efnaiðnaður, m. a. úr verðmætum sjávarins og náttúrunnar, verða verkefni framtíðarinnar samhliða vexti sjávarútvegs, iðnaðar, landbúnaðar, siglinga og flutninga á landi og í lofti og verzlunar, eins og við höfum átt að venjast og eins og þessar atvinnugreinar munu þróast við kall tímans til nýrra átaka til öryggis fyrir komandi kynslóðir Íslands.

Við blasir framtíð lítillar þjóðar, sem með áræði og framsýni ætlar sér ekki að verða eftirbátur neinna

annarra þjóða og kvíðir engu í skiptum við þær, en treystir sjálfri sér, eigin menningu og réttarvitund og er staðráðin í að hagnýta sérhverja möguleika til aukinnar farsældar í trú á landsins gæði. — Góða nótt.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Góðir áheyrendur. Mér er það í sjálfu sér óljúft að standa í persónulegum deilum við dómsmrh., en ég kemst ekki hjá því að leiðrétta í alþjóðaráheyrn nokkrar af þeim margendurteknu missögnum, sem hann og hans málgögn hafa að undanförnu borið á borð fyrir kjósendur um gerðardómsákvæði álsamninganna, enda þótt hæstv. ráðh. hætti sér ekki út á það hála svell hér áðan að ræða það efni, og skil ég það undanhald hans mætavel vegna þess, sem á undan er gengið.

Dómsmrh. hefur sagt á Alþingi, að mér hafi sem fræðimanni verið sýnd gerðardómsákvæði álsamninganna og að ég hafi ekkert haft við þau að athuga. Enn fremur að gerðardómsákvæðin hafi verið að breytast stig af stigi og alltaf okkur í hag, og gaf þar með í skyn, að gerðardómsákvæðin hefðu verið enn verri, þegar þau voru sýnd mér. Hann hefur í þriðja lagi og við sama tækifæri staðhæft, að gerðardómsákvæðin væru upphaflega frá Íslendingum komin. Allt þetta má lesa í ræðu ráðh. í Mbl. 6. apríl s. l. Allt þetta er rangt og sagt af ráðh. gegn betri vitund, því hann þekkti sannleikann. Sannleikurinn er þessi: Lögfræðingur álsamninganefndar, gamall nemandi minn, sýndi mér í trúnaði fyrsta samningsuppkastið, sem Íslendingar létu frá sér fara. Ég sagði honum, að vegna aðstöðu minnar gæti ég ekki látið í té neitt um efnisatriði þess. Það skildi hann, og var aldrei síðan til mín leitað í sambandi við þessa samningagerð. Hef ég aldrei nálægt henni komið. Í fyrsta uppkasti, því eina sem ég sá, voru engin ákvæði um lögþvingaðan gerðardóm. Reglurnar um úrlausn deilumála voru þar þessar:

Aðalreglan var sú, að deilumál skyldu útkljáð fyrir reglulegum íslenzkum dómstólum, og mátti þar frá ekki víkja nema allir — allir — málsaðilar samþykktu.

Í öðru lagi, ef allir aðilar samþykktu, mátti leggja tiltekið ágreiningsefni fyrir alíslenzkan gerðardóm.

Í þriðja lagi lýsti ríkisstj. því yfir, að ef og þegar nægilega mörg ríki, þ. á m. Ísland og Sviss, hefðu fullgilt samþykkt Alþjóðabankans um lausn fjárfestingardeilna, *væri hún reiðubúin að íhuga eða ræða þann* möguleika að nota þá aðferð til sátta og gerðar, sem þar er gert ráð fyrir, og þá auðvitað með þeim hætti, sem þar er ákveðinn, þ. e. með skriflegum samningi málsaðila hverju sinni. Í þessu fólst engin skuldbinding.

Þarna er ekki að finna nein ákvæði um útlenda lögþvingaða gerðarstofnun. Það var vissulega engin ástæða til þess fyrir mig að gera aths. við þessi ákvæði. Þau voru ekki og eru ekki vansæmandi fyrir einn eða neinn. Séu þessi ákvæði, sem sett voru fram eftir að langar viðræður við Svisslendinga höfðu átt sér stað, borin saman við gerðardómsákvæði álsamninganna, er ljóst, hversu röng sú staðhæfing ráðh. er, að ákvæði þessi hafi breytzt til batnaðar frá því fyrsta samningsuppkastið var sýnt mér, en á annan veg urðu ummæli ráðh. í Nd. ekki skilin, og hafa málgögn hans lagt trúlega út af þeim á þann veg eins og lesendur þeirra bezt vita.

Saga gerðardómsákvæðanna gefur bendingu um, hvernig ríkisstj. hafi að öðru leyti haldið á málstað Íslands í þessari samningagerð.

Þá er það og sannað með yfirlýsingu aðalforstjóra Alusuisse, að gerðardómsákvæðin eru til komin skv. kröfu Svisslendinga, sem töldu íslenzka dómstóla skorta reynslu í málum af þessu tagi.

Hvað segja menn um svona sannleiksmeðferð hjá dómsmrh., æðsta oddvita réttvísi og heiðarleika í þessu landi? Ég hygg, að hún sé sem betur fer algert einsdæmi og ætla ekki að hafa um hana stærri orð á þessum vettvangi.

Gerðardómsákvæði álsamninganna hef ég fordæmt án allrar tæpitungu. Þau eru hættulegt fordæmi, ef núv. stjórnarflokkar verða áfram við völd. Þeir lögleiða utanstefnur í nýjum stíl. Eitt sinn stóðum við þó Íslendingar á réttinum og sögðum: Utanstefnur viljum vér engar hafa. Þeim orðum virðist dómsmrh. hafa gleymt. Gerðardómsákvæðin eru einstæð. Það hefur aðeins verið bent á eitt einasta fordæmi, það er í álsamningunum við Ghana.

Þessi gerðardómsákvæði og álsamningarnir yfirleitt eiga auðvitað ekkert skylt við alþjóðasamvinnu á jafnréttisgrundvelli. Alþjóðasamvinna á ekkert skylt við undirlægjuhátt gagnvart erlendu gróðafélagi.

Hæstv. forsrh. var hér í gærkvöldi mjög hneykslaður yfir því, að hálærðir menn skyldu gera sig að viðundri með því að vera að fetta fingur út í þá smámuni, að dómsvald í tilteknum málum skyldi flutt úr landi og fengið í hendur hlutlausri, útlendri stofnun. Út af þeim ummælum hans langar mig til að benda mönnum á ágæta grein eftir dr. Bjarna Benediktsson, sem að vísu af einhverjum ástæðum hefur ekki fengið inni í nýútkomnu ritsafni hans, en hún birtist í 1. desemberblaði Vísis árið 1938. Hefur hún fyrirsögnina: Dómsvaldið endurheimt frá Dönum. Þar er það skilmerkilega rakið, að ein af mikilsverðustu kröfunum í sjálfstæðisbaráttu Íslendinga hafi verið sú, að æðsta dómsvald í íslenzkum málum væri flutt inn í landið og fengið innlendum dómstól. Tíminn leyfir ekki, að þessi ágæta grein sé lesin, en niðurlagsorð hennar eru þessi:

„En um það verður ekki deilt, að þjóðinni var það mikill vinningur að fela innlendum dómstól æðsta dómsvaldið í íslenzkum málum, því að reynslan hefur sýnt, *að í þessu vandasama efni eru engir hæfari að fara* með úrslitaráðin en við sjálfir."

Þetta sagði hinn hálærði dr. Bjarni Benediktsson árið 1938. Það getur enginn meinað íslenzkum forsrh. að fara í gegnum sjálfan sig, en enginn getur heldur bannað mönnum að brosa að því háttalagi hans.

Skoðanir eru skiptar um margt, en um eitt er ekki deilt. Um eitt eru allir sammála, að ekki hafi tekizt að ráða við dýrtíðina. Það er margviðurkennt af stjórninni, að henni hafi ekki tekizt að hafa hemil á verðbólguþróuninni. Eitt sinn taldi hún þó, að allt annað væri unnið fyrir gýg, ef ekki tækist að stöðva verðbólguna, og það er vissulega rétt.

Það sem fyrst og fremst er að í okkar landi er verðbólgan, hún ógnar undirstöðuatvinnuvegunum, sem ekki geta um leið velt vaxandi tilkostnaði yfir á aðra. Frá hverri atvinnugreininni á fætur annarri berast kvartanir um versnandi afkomu, hallarekstur og jafnvel

yfirvofandi framleiðslustöðvun, meira að segja sjávarútvegurinn kemst ekki af án stuðnings á þessu metaflaári, launþegar stynja undan fargi dýrtíðar og horfa fram á lífskjararýrnun af hennar völdum. Unga fólkið sér ekki fram á, hvernig það á að eignast þak yfir höfuðið. Það er talandi tákn um dýrtíðarvöxtinn, að byggingarkostnaður meðalíbúðar skuli hafa meir en tvöfaldazt á valdatíma núv. stjórnarflokka, og það segir sína sögu, að hækkun byggingarkostnaðar þrjú síðustu árin hefur gert talsvert betur en að éta upp allt lán húsnæðismálastjórnar. Verðbólgan eykur aðstöðumun þjóðfélagsþegnanna og er undirrót að margvíslegu þjóðfélagslegu ranglæti, hún er gróðrarstía spákaupmennsku og spillingar.

Gagnvart þessari höfuðmeinsemd efnahagslífsins hefur ríkisstj. staðið ráðþrota og það sem verra er, að hún hefur með ýmsum aðgerðum sínum ýtt undir þessa þróun bæði beint og óbeint, og nú hefur stjórnin blátt áfram gefizt upp við að veita verðbólgunni viðnám. Ljósasta dæmi þess er sú ákvörðun hennar að fella niður niðurgreiðslur á algengustu neyzluvörum, eins og fiski og smjörlíki.

Það spáir ekki góðu, þegar sumir talsmenn stjórnarflokkanna eru farnir að gera gælur við dýrtíðina, sbr. leiðara Alþbl. frá 24. f. m., þar segir m. a.: „En hve mörg heimili hefur hún (þ. e. verðbólgan) gert að húseigendum? Jafnvel af efnafólki, þótt hinum eiginlegu verðbólgubröskurum sé sleppt, eru þeir margir sem vilja, að verðbólgan haldi áfram, líklega svo margir, að grundvöllur fyrir raunverulegum aðgerðum til að stöðva verðbólguna, er veikur, að ekki sé meira sagt.“ Hér kveður óneitanlega nokkuð við annan tón en hjá hinum ágæta foringja Alþfl. á sínum tíma, Haraldi Guðmundssyni, er hann mælti hin fleygu orð, að verðbólgan gerði hina ríku ríkari og hina fátæku fátækari. Þessi orð eru sannleikur. Þess vegna vill áreiðanlega meiri hluti þjóðarinnar, að dýrtíðinni sé haldið í skefjum. Það sanna m. a. ummæli margra fyrirsvarsmanna atvinnuveganna. Form. Stéttarsambands bænda sagði t.d. í jan. s. l.: „Höfuðnauðsyn fyrir bændur sem þjóðfélagið í heild er, að verðbólgan verði stöðvuð.“ Í ræðu, sem form. Félags ísl. iðnrekenda flutti á ársþingi iðnrekenda nú fyrir nokkrum dögum, sagði hann: „Ég vil afdráttarlaust fullyrða, að verðbólgan sé höfuðvandamál íslenzks iðnaðar í dag.“ Enn fremur segir hann: „En iðnaðurinn vill leggja ríka áherzlu á, að fundin verði skynsamleg lausn á þessum vanda og heitir stuðningi sínum við allar réttlátar aðgerðir í þá átt.“ Margir fyrirsvarsmenn sjávarútvegsins hafa talað í sama dúr og hafa jafnvel kveðið enn fastar að orði, þó að hér sé ekki tóm til að rekja þau ummæli. Fulltrúaráð verkalýðsfélaganna í Reykjavík tók í sama streng og eins bandalag opinberra starfsmanna, og í ávarpi fulltrúaráðs verkalýðsfélaganna sagði meira. Þar segir m. a.: „Verkalýðssamtökin líta á það mjög alvarlegum augum, að margítrekuð loforð ríkisstj. hafa reynzt marklaus.“ Undir þetta skrifa einnig stjórnarsinnar eins og Guðjón Sigurðsson og Óskar Hallgrímsson. Ég er þessum mönnum algerlega sammála. Ég tel, að dýrtíðin sé langsamlega mesta vandamál þjóðarinnar í dag, það vandamál er vissulega ekki auðleyst, en það verður að leysa, því að allir hugsandi menn sjá, hvar áframhaldandi undanhald í þeim efnum hlýtur að enda. Gegn því vandamáli verður að snúast með einbeitni og samstilltu átaki, og ég efast um, að við hana verði ráðið, nema allir taki höndum saman. Það held ég, að þjóðin skilji, það held ég, að þjóðin vilji, en það verður ekki gert undir forystu núv. stjórnar, enda virðast nú fáir, jafnvel í hennar eigin stuðningsliði, treysta henni til nokkurra dáða á þessu sviði, hvað sem öðru líður, en það skilur ekki stjórnin eða vill ekki skilja. Hennar kjörorð sýnist vera: Sitjum í ráðherrastólunum, hvað sem það kostar. Hún hangir í stýrishúsinu og fæst ekki þaðan til að fara, enda þótt hún hafi í raun og veru sleppt stýrinu. Kjósendur losna því ekki við þessa stjórn, nema þeir láti atkvæðin tala svo skýrt, að ekki verði um villzt. Til þess er tækifæri í sveitarstjórnarkosningunum, sem fram undan eru. Getuleysi stjórnarinnar í dýrtíðarmálunum er fullsannað. Það er ekki eftir neinu að bíða, en hvort sem það dregst lengur eða skemur héðan af, að stjórnin neyðist til að yfirgefa ráðherrastólana, þá er það alveg víst, að verðbólgan verður minnisvarði þessarar hæstv. ríkisstj. Viðreisnarstjórn og verðbólga eru tvö hugtök, sem í framtíðinni verða tengd órjúfandi böndum. — Góða nótt.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Góðir hlustendur. Í gærkvöldi lýsti hv. þm. Framsfl., Ágúst Þorvaldsson, stjórnarsamstarfi Alþfl. og Sjálfstfl. sem ástheitum brúðardansi í viðreisnarhöll. Þetta var snotur samlíking. Það má vel líkja stjórnarsamstarfi við dans, jafnvel brúðardans. En þm. hefði vel mátt minnast þess, að Framsfl. hefur dansað lengur við Sjálfstfl. en Alþfl. Sá dans var að vísu ekki alltaf ástheitur og hann var heldur ekki alltaf fallegur, og löngum var hann ekki stiginn í neinni viðreisnarhöll, heldur í lágreistum haftakofa. Oft nötraði ekki aðeins dansgólfið undan sporunum, sem stigin voru, heldur öll byggingin. Ekki var heldur alltaf dansað fram á við, heldur stigin mörg hröð spor aftur á bak í þeim dansi. Það hefur sannarlega ekki á það skort, að Framsfl. hafi dansað við aðra flokka á sviði stjórnmálanna. Á undanförnum 30—40 árum hefur hann dansað lengur og meira við aðra flokka en nokkur annar íslenzkur stjórnmálaflokkur. En það hefur jafnan þótt vera einkenni á stjórnmáladansi Framsfl., að ástriki hans hafi verið takmarkað, og hann jafnvel átt það til að flækjast fyrir makanum í dansinum. Stundum meira að segja bregða fyrir hann fæti. Engum blandast hugur um, að Framsfl. sé enn reiðubúinn til að stíga dansspor, t. d. við stjórnarflokkana. Þegar þm. hans fjölyrða um það ástríki, sem sé á stjórnarheimilinu, gæti það borið vott um afbrýðisemi. Á engu stjórnarheimili, þar sem Framsfl. bjó með öðrum flokkum árum og áratugum saman, reyndist sambúðin eins snurðulaus, ærleg og heiðarleg og Framsfl. sér, að hún er nú á stjórnarheimilinu. Framsfl. væri eflaust hollt að íhuga, hvort hann kynni ekki að eiga meginþáttinn í því sjálfur, að svo var jafnan. Ætli það sé ekki einmitt þess vegna, að aðra flokka langar nú jafnlítið og raun ber vitni til þess að dansa við Framsfl. og hann muni því neyðast til þess enn um langt skeið að sitja yfir í dansinum?

Hv. þm. Alþb., Gils Guðmundsson, sýndi það enn einu sinni í gærkvöldi, að honum lætur miklu betur að

tala um bókmenntir og menningarmál en efnahagsmál. Hann deildi mjög á ríkisstj. og kaupsýslustéttirnar fyrir það, hversu mikið væri flutt til landsins af óþarfa, eins og erlendum kökubotnum og kexi. Slík ummæli sýna betur en margt annað, hversu margir leiðtogar stjórnarandstöðunnar hafa staðnað gjörsamlega í gömlum tíma og átta sig bókstaflega ekki neitt á þeirri grundvallarbreytingu í efnahagsmálum og viðskiptalífi, sem átt hefur sér stað á undanförnum árum. Ef hér væri enn þá gjaldeyrisskortur og ef innflutningur almennra nauðsynja væri enn þá takmarkaður, eins og áður var, mætti eflaust átelja yfirvöld fyrir að veita innflutningsleyfi fyrir erlendum kökubotnum og erlendu kexi, eða deila á kaupsýslumenn fyrir að nota takmörkuð leyfi og takmarkaðan gjaldeyri til innflutnings slíkrar neyzluvöru, sem auðvitað má vel vera án. En það er engu líkara en ýmsir leiðtogar stjórnarandstöðunnar lifi svo sterklega í liðnum tíma, það er engu líkara en þeir séu svo afturhaldssamir í hugsunarhætti, að þeir hafi alls ekki áttað sig á því enn þá, að tímar leyfisveitinga og gjaldeyrisskorts eru löngu liðnir. Ef þessum gamaldagsmönnum geðjast ekki að því, að hér sé t. d. erlent kex og erlendir kökubotnar til sölu og slík vara sé keypt og ef þeir vilja deila á einhvern fyrir slíkt, eiga þeir að deila á þá, sem kaupa þessar vörur, á neytendurna, á húsmæðurnar. Það er ekki hægt að deila á kaupsýslustéttirnar fyrir að flytja inn þær vörur, sem neytendurnir vilja fá keyptar. Það er þeirra hlutverk. Og enn þá síður er hægt að deila á stjórnarvöldin fyrir að halda þannig á gjaldeyrismálum þjóðarinnar, að hægt sé að flytja inn þær vörur, sem neytendurnir og húsmæðurnar vilja geta keypt, án þess að þurfa að neita þeim um nokkuð annað í staðinn. Meðan menn í aðalatriðum geta fengið þann gjaldeyri, sem þeir óska eftir að kaupa til vöruinnflutnings, er við engan annan að sakast en neytandann sjálfan, ef mönnum geðjast ekki að því, sem inn er flutt. Þegar verið er að deila á stjórnarvöld og kaupsýslumenn vegna þess, að flutt sé inn eitthvað, sem einhverjir kalla óþarfa, ber það einungis vott um, að menn eru staðnaðir í gömlum tíma, sem er löngu liðinn hjá og kemur vonandi aldrei aftur. Menn geta auðvitað deilt á það, hvernig almenningur ráðstafar tekjum sínum, en um það er hvorki við stjórnarvöld eða kaupsýslumenn að sakast.

Innan skamms fara fram almennar bæjar- og sveitarstjórnarkosningar. Úrslit þeirra munu að vísu ekki hafa áhrif á gang mála hér á hinu háa Alþ. Það er samt eðlilegt, að menn spyrji, á hvaða atriði Alþfl. vilji nú leggja mesta áherzlu. Alþfl. vill vinna að því, að heilshugar samstarf takist milli stéttasamtakanna annars vegar og ríkisvaldsins hins vegar í því skyni að hafa hemil á vexti verðbólgunnar. Í lýðræðisríki er engin ríkisstj. svo voldug, að hún ein geti komið í veg fyrir verðbólgu. Fleiri aðilar þurfa að vilja það, og þá fyrst og fremst stéttasamtökin. Alþfl. er sprottinn upp úr launþegahreyfingunni og á þar djúpar rætur. Ríkisstj. í heild hefur marglýst því yfir, að hún óski eftir sem nánustu samstarfi við stéttasamtökin um kjaramálin. Hjá forystumönnum launþegasamtakanna, hvar svo sem þeir standa í flokki, er áreiðanlega á því vaxandi skilningur, að ekki sé allt fengið með hækkun á krónutölu kaupsins. Hitt sé miklu mikilvægara, að gagnkvæmt traust skapist milli launþegasamtakanna og ríkisvaldsins. Slíkt andrúmsloft hefur smám saman verið að skapast undanfarin tvö ár. Alþfl. mun leggja sig allan fram til þess, að samstarfið milli ríkisvaldsins og stéttasamtakanna verði sem bezt.

Þá vill Alþfl. vinna að því, að róttæk breyting verði gerð á stefnunni í landbúnaðarmálum. Útflutningsbætur vegna landbúnaðarvöruútflutnings hafa tífaldazt — hafa tífaldazt á undanförnum fimm árum og eru nú orðnar nokkuð á þriðja hundrað millj. kr. á ári. Mjólkurafurðir eru fluttar út fyrir fjórðung framleiðslukostnaðar og sauðfjárafurðir fyrir um það bil hálfvirði. Ef bændur ættu að fá fullt verð fyrir allt það, sem flutt er út, þyrftu útflutningsbæturnar að vera meira en 70 millj. kr. meiri en nú er heimilt að greiða úr ríkissjóði. Þessar 70 millj. verða bændur sjálfir að greiða af heildartekjum sínum. Landbúnaðarvöruútflutningurinn í ár beinlínis rýrir því tekjur bænda um 70 millj. kr. og ef ekki verður gripið í taumana, heldur framleiðslan og útflutningurinn áfram að vaxa. 1970 yrði landbúnaðarútflutningur orðinn svo mikill, að nauðsynlegar útflutningsbætur yrðu næstum 500 millj. kr. Slíkur útflutningur myndi skerða tekjur bænda um því sem næst 10 af hundraði, og sjá vonandi allir, í hvílíkt óefni stefnir bæði fyrir bændastéttina sjálfa og þjóðarheildina. Hér er um vandasamt mál að ræða, en Alþfl. vill vinna að lausn þess á raunhæfan og heilbrigðan hátt þannig, að skynsamlegt tillit sé tekið til hagsmuna neytenda og bænda og þjóðarheildarinnar yfirleitt.

Þá vill Alþfl. halda áfram að efla umbætur á sviði félagsmála og húsnæðismála og leggur nú sérstaka áherzlu á, að allir landsmenn fái aðild að öflugum lífeyrissjóði. Alþfl. mun einnig styðja nauðsynlega endurskoðun tollakerfisins til að lækka verðlag innanlands og auka samkeppni, en jafnframt mun hann styðja það, að iðnaðinum sé hjálpað með hagræðingarlánum og á annan hátt til að laga sig að breyttum aðstæðum og auka samkeppnishæfni sína.

Og síðast en ekki sízt telur Alþfl., að samfara vaxandi velmegun og auknu félagslegu öryggi þurfi menntun þjóðarinnar að halda áfram að batna og menning hennar að blómgast. Á því sviði hefur núv. ríkisstj. aðhafzt mikið á undanförnum árum og því verður að halda áfram í vaxandi mæli. Sannleikurinn er sá, að á undanförnum árum hefur orðið gerbylting í íslenzku þjóðlífi. Það er rétt, að ytri aðstæður hafa verið hagfelldar, en ekki hefði það dugað til, ef illa hefði verið haldið á málum og afturhaldssjónarmið ríkt. Mér er nokkuð til efs, að menn geri sér almennt nægilega ljóst, að í raun og veru hefur verið að skapast nýtt þjóðfélag á Íslandi á undanförnum árum. Öll framleiðslutæknin hefur verið að gerbreytast. Grundvöllur alls viðskiptalífsins er orðinn allur annar en áður var. Félagsmál hafa tekið miklum breytingum og í menningarlífinu hafa átt sér stað miklar framfarir. Skynsamir og sanngjarnir menn munu án efa sjá, að yfirleitt eru allar breytingarnar í rétta átt, en þær hafa samt í öllum aðalatriðum gerzt gegn andstöðu Framsfl. og Alþb. Þeir voru á móti leiðréttingu gengisskráningarinnar. Þeir voru á móti afnámi útflutningsbótakerfisins. Þeir voru á móti afnámi innflutningshaftanna. Þeir voru á móti þeirri breytingu á stefnunni í bankamálum, sem hefur verið

forsenda myndunar gjaldeyrisvarasjóðsins. Þeir voru á móti breytingunni á stefnunni í vaxtamálum, sem svo mjög hefur stuðlað að aukningu sparifjármyndunarinnar. Þeir voru á móti afnámi fjárfestingareftirlitsins. Þeir eru nú á móti verðtryggingu sparifjár og lána. Þeir eru nú á móti byggingu álbræðslunnar og þannig mætti lengi telja. Þeir hafa auðvitað ekki verið á móti þeim miklu umbótum, sem gerðar hafa verið í félagsmálum og menntamálum, en þeir hafa verið á móti þeirri stefnu í efnahagsmálum, sem hefur verið forsenda þess, að unnt hefur verið að tryggja framfarir á sviði menntamála og félagsmála. Þess vegna hafa Framsfl. og Alþb. reynzt hinir einu og sönnu afturhaldsflokkar á Íslandi á undanförnum árum. Þeir hafa ekki skilið tímanna tákn. Þeir hafa ekki áttað sig á því, hvaða breytingar í efnahagsmálum væru nú nauðsynlegar, til að góð ytri skilyrði hagnýttust til fulls og til þess að unnt yrði að efna til verulegra umbóta á sviði félagsmála og menningarmála. Helztu foringjar Framsfl. og Alþb. virðast enn lifa í hugarheimi kreppuáranna 1930—1940 og telja þau úrræði, sem þá voru skynsamleg, eiga við enn þann dag í dag, en það er einmitt helzta einkenni sannra afturhaldsmanna, að þeir vilja halda áfram að beita sömu úrræðum, þótt allar aðstæður séu orðnar gerólíkar.

Góðir hlustendur. Alþfl. gengur bjartsýnn til þeirra kosninga, sem fram undan eru. Hann telur sig hafa verið að gera rétt með stefnu sinni og í störfum sínum á undanförnum árum. Hann þykist geta bent á margan góðan árangur af athöfnum sínum. Og er það ekki einmitt góður árangur, sem skiptir máli í þjóðmálabaráttunni? Alþfl. heitir á alla stuðningsmenn sína og velunnara að liggja nú ekki á liði sínu í kosningabaráttunni. Við munum halda áfram á þeirri braut, sem við höfum gengið. Við munum kappkosta að reynast ábyrgir og heiðarlegir í því stjórnarsamstarfi, sem við göngum til. Hvort sem við erum í stjórn eða stjórnarandstöðu, munum við miða störf okkar við það, að hagur heildarinnar verði sem beztur, framfarirnar sem mestar og menningarlífið sem fjölskrúðugast. Undir þessum merkjum göngum við til kosninganna og heitum á góða menn og frjálslynda að veita flokknum brautargengi. — Góða nótt.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Hv. þm. Matthías Mathiesen þuldi hér áðan upp allmikla lofgerðarrollu um framkvæmdir í íslenzkum sjávarútvegi s. l. ár og vildi þakka viðreisnarstefnunni þær framkvæmdir. Jafnframt reyndi hann að halda því fram, að á tímum vinstri stjórnarinnar hefði ríkt stöðnun í sjávarútvegi okkar. Hér er sannleikanum gersamlega snúið við. Það var einmitt á tímum vinstri stjórnarinnar, sem hafizt var handa um að kaupa hina stærri stálfiskibáta til landsins, bátana, sem bezt duga nú. En þegar þessir bátar voru að koma til landsins, fengu þeir þær viðtökur frá viðreisnarmönnum, sem stefna þeirra sagði glöggt til um. Hér á Alþ. fluttu 7 þm. Sjálfstfl. þá till. um það að skora á ríkisstj. að standa fyrir því, að þeir stálfiskibátar, sem keyptir hefðu verið til landsins og væru 150—250 rúml. að stærð yrðu sendir til Afríkustranda til fiskveiða, vegna þess að það væri ekki hægt að gera þá út við Ísland. Þetta var nú sú trú, sem Sjálfstfl. hafði þá á þeim fiskiskipastól, sem keyptur hafði verið til landsins og afkoma þjóðarinnar hefur bezt byggzt á nú að undanförnu.

Það væri freistandi að gera að umtalsefni hér pólitík núv. ríkisstj. í landbúnaðarmálum. Hann er ekki óskemmtilegur dansinn, sem þeir eiga saman í landbúnaðarmálum, hæstv. landbrh. Ingólfur Jónsson og hæstv. viðskmrh. Gylfi Þ. Gíslason. Alþfl. vill breyta stefnunni í landbúnaðarmálum, en Sjálfstfl. vill halda í stefnuna. Alþfl. er á móti öllum styrkjunum til bænda, en Sjálfstfl. hælir sér fyrir styrkina til bænda. Alþfl. er á móti útflutningsuppbótunum, Sjálfstfl. hælir sér fyrir að hafa komið þeim á. Hann er ekki óskemmtilegur, þessi dans. En það mætti kannske spyrja um það, hver er eiginlega stefna ríkisstj. í landbúnaðarmálum?

Við 1. umr. um alúmínmálið í Nd. Alþ. fyrir réttum mánuði síðan, flutti hæstv. forsrh. Bjarni Benediktsson athyglisverða ræðu. Hann sagði þá m. a. orðrétt það, sem hér skal greint:

„Vitanlega verður, eins og glögglega kom fram, t. d. hjá hv. 1. þm. Austf., að líta á þetta mál út frá stórum eða háum sjónarhóli. Það verður að gera sér grein fyrir þessu máli í ljósi sögunnar og framþróunar. Það dugir ekki að líta á það eins og hv. 5. þm. Vestf. gerði eingöngu frá dægursjónarmiði vegna vinnuaflsörðugleika í bili. Við verðum" sagði forsrh., „að skilja, hvaða þýðingu þetta mál hefur fyrir framþróun Íslands, ég vil segja, um aldir. Samningurinn gildir nærri því í hálfa öld, og ég hef trú á því" sagði forsrh., „að þetta mál hafi mikla þýðingu fyrir framtíðarsögu íslenzku þjóðarinnar."

Þetta voru orð forsrh. um alúmínsamningana. S. l. sunnudag skrifaði svo aðalstjórnmálaritstjóri Morgunblaðsins eftirfarandi um alúmínmálið:

„Þegar þetta er ritað, er ráðgert að 3. umr. um álfrv. ljúki í Ed. og það verði samþ. sem lög frá Alþ., áður en sunnudagsblað Morgunblaðsins kemur út. Er þar um að ræða mesta stórviðburð í atvinnusögu Íslendinga frá upphafi."

Það munaði nú ekkert um. Þetta voru orð stjórnmálaritstjóra Morgunblaðsins um alúmínmálið. Forsrh. sér af sínum háa sjónarhóli inn í ókomnar aldir og skynjar strax af glöggskyggni sinni áhrifin af alúmínsamningnum á framtíð íslenzku þjóðarinnar. Ritstjóri Morgunblaðsins veit fullvel, að samningarnir við svissneska alúmínhringinn marka tímamót í sögu þjóðarinnar, þeir eru, eins og blaðið segir, mesti stórviðburður í atvinnusögu Íslendinga frá upphafi. Það eru engin smáræðisáhrif, sem alúmínsamningurinn hefur haft á þessa tvo forystumenn Sjálfstfl. Enginn skyldi halda, að forsrh. hafi látið ummæli sín falla að lítt hugsuðu máli eða dregið ályktanir sínar um mikilvægi málsins af byggingu einnar verksmiðju við Straumsvík, verksmiðju, sem í eiga að vinna 450 menn og sem ráðgert er, að lagt geti í þjóðarbúið 250—300 millj. kr. á ári eða eins og ein meðalstór síldarverksmiðja Íslendinga gerir nú í dag. Nei, slíkt kemur ekki til mála. Forsrh. hefur litið lengra. Hann hefur skyggnzt dýpra í málið. Hann hlýtur að hafa séð fleiri en einn erlendan verksmiðjustromp, fleiri en verksmiðjustrompinn í Straumsvík. Ritstjóri Morgunblaðsins hikar ekki við að telja atburði úr atvinnusögu þjóðar-

innar eins og innlenda stórútgerð, verzlunina færast á innlendar hendur, tilkomu frystiiðnaðar í landinu eða síldveiðar landsmanna með tilheyrandi síldariðnaði þýðingarminni en samþykkt álfrv. Sá, sem ekki hikar við að telja slíka þætti í atvinnusögu landsins þýðingarminni en samþykkt álfrv. ríkisstj., finnur á sér eitthvað meira en áhrifin frá einni verksmiðju við Straumsvík. Þessir tveir forystumenn Sjálfstfl. vita vel, hvað þeir eru að fara. Í þeirra augum er Straumsvíkurverksmiðjan aðeins sú fyrsta, þeirra ætlun er að annar stórrekstur útlendinga fylgi á eftir. Þeir líta á alúmínsamningana sem fordæmi, sem ákvörðun um að taka upp nýja stefnu um að heimila erlendum auðfélögum réttindi til atvinnureksturs á landinu á mörgum sviðum. Þeir ætla með hinni nýju stefnu að gerbreyta íslenzku þjóðfélagi. Skoðun þeirra er sú, að ekki sé auðvelt að treysta á 600 íslenzka útgerðarmenn, ýmsa smáa og kröfuharða, að 100 íslenzkir frystihúseigendur geti verið erfiðir og jafnvel hættulegir og aðrir atvinnurekendur á Íslandi séu ekki til að byggja völd sín á í framtíðinni. Þeir treysta betur stórrekstri útlendinga og vita, að útlendingarnir þurfa sína umboðsmenn hér á landi.

Almennar bæjar- og sveitarstjórnarkosningar eru á næsta leiti. Í þeim kosningum fá kjósendur tækifæri til að gera að nokkru leyti upp við menn og flokka. Sveitarstjórnarkosningar snúast að vísu oft um önnur mál en þau, sem mest er um deilt í landsmálum, en veigamestu málin falla þó saman. Í komandi kosningum verður almenningur að láta afstöðu sína til dýrtíðarstefnu stjórnarflokkanna koma skýrt fram. Í des. s. l. hækkuðu flutningsgjöld skipa um 15% samkv. sjálfsákvörðunarrétti skipaeigenda. Nú 1. apríl eða fjórum mánuðum síðar hækkuðu þessi gjöld aftur um 7.5% samkv. sama frelsinu. Þessar fragtahækkanir koma að sjálfsögðu fram í vöruverðinu. Þær auka dýrtíðina. Verðhækkanir þessar stafa frá stefnu íhaldsins um álagningarfrelsi. Í júlí s. l. sumar hækkaði rafmagn til iðnaðarins um 8% og aftur í des. um 13%. Þessar hækkanir koma líka fram í verðlaginu og eru auk þeirra hækkana á rafmagni, sem heimilin verða að greiða beint. Það eru Sjálfstfl. og Alþfl., sem bera ábyrgð á þessum verðlagshækkunum. Benzín hækkaði um 19% í des. s. l. og enn eru í fersku minni 50—80% hækkanir á fiski og smjörlíki, sem nýlega áttu sér stað og þetta eru ekki einu hækkanirnar, hækkanir á vöru og þjónustu ganga yfir svo að segja daglega. Þessi dýrtíðarstefna verður að fá sinn dóm í komandi kosningum. Íhaldið í bæjarstjórnum og sveitarstjórnum og í borgarstjórn Reykjavíkur verður að taka út sinn dóm fyrir þessar íhaldssyndir. Annars forherðist íhaldið og heldur enn áfram herferð sinni gagnvart almenningi í landinu.

Í Danmörku fóru nýlega fram sveitarstjórnarkosningar. Þar töpuðu sósíaldemókratar miklu fylgi á því m. a., að þeir höfðu í ríkisstj. samið við íhaldið þar í landi um hækkun á húsaleigukostnaði. Hér verða kjósendur að bregðast við á sama hátt. Húsaleiguokrið og dýrtíðarstefnuna verður að kveða niður á þann hátt, sem valdhafarnir skilja. Það var blátt áfram ömurlegt að hlusta á talsmenn ríkisstj. í umr. hér í gærkvöldi tala um dýrtíðina og verðbólguvandamálin. Hæstv. forsrh. sagðist vita, að minnkun niðurgreiðslna á vöruverði væri óvinsæl ráðstöfun. En sú ráðstöfun væri eigi að síður prófsteinn á það, hvort menn í raun og veru vildu vinna gegn verðbólgunni. Þannig er forsrh. gersamlega blindaður af rökvillum viðreisnarstefnunnar. Þegar ríkissjóður er látinn halda áfram sköttum, sem lagðir voru á til þess að greiða niður vöruverð, en hættir niðurgreiðslunum, en verðlag á brýnustu lífsnauðsynjum er hækkað af þeim ástæðum um 50—80%, þá telst það ráðstöfun gegn dýrtíðinni að dómi þeirra viðreisnarmanna. Og þannig er öll þeirra dýrtíðarbarátta. Þeir hækka vexti og við það hækkar vöruverð. Þeir hækka söluskatt og við það hækkar verðlag. Þeir heimila kaupmönnum frjálsa álagningu og við það hækkar álagningin. Þeir heimila hækkun á frögtum og hækkun á rafmagni, hækkun á fargjöldum, hækkun á síma og hækkun á öllum hlutum og svo segja þeir á eftir, að þetta séu allt ráðstafanir til að vinna bug á verðbólgunni.

Birgir Finnsson, fulltrúi Alþfl. í þessum umr., spurði hér í kvöld, hverjir eiginlega kyntu undir dýrtíðarbálinu. Hann ætti nú ekki að þurfa að spyrja. Þarf nokkur að efast um það, að það er sú ríkisstj., sem samþ. hefur og leyft allar þær verðhækkanir, sem ég hef hér verið að greina frá? Núv. ríkisstj. hefur aldrei séð dýrtíð eða verðbólgu nema í einum hlut, í kaupgjaldi vinnandi fólks. Hækki kaupgjaldið, hrópar ríkisstj.: Verðbólga, verðbólga, mikil verðbólga. Það leyndi sér heldur ekki í umr. í gærkvöldi og heldur ekki hér í kvöld, hvert hugur stjórnarliða stefnir í þessum efnum. Sigurður Bjarnason sagði, að það væru stóru stökkin í kaupgjaldsmálunum, sem ólukkan stafaði af. Hann veit þó, að í kaupgjaldssamningunum sumarið 1964 var samið um óbreytt grunnkaup verkafólks. Hann veit líka, að s. l. sumar var aðeins samið um 4—5% grunnkaupshækkun, þegar vinnuvikustyttingin er ekki talin sem bein kauphækkun. Alþfl.-maðurinn Jón Þorsteinsson sagði umbúðalaust, að það, sem gera þyrfti í dýrtíðarmálunum, væri, að bændur og launafólk gæfu eftir af launum sínum. Og hann bætti við, að ef slík sanngirni, því að það var sanngirni að hans dómi, að þessir gæfu eftir, ef slík sanngirni fengist ekki fram með góðu, ætti bara að lögfesta kauplækkun eins og gert var árið 1959. Þannig talar fulltrúi Alþfl., og sami tónninn kom hér fram hjá Birgi Finnssyni í kvöld, þegar hann talaði um, að verkafólkið þyrfti að stilla kaupkröfum sínum í hóf. Það er vissulega alvörumál, ef launafólk í landinu áttar sig ekki á kjarna þessara mála. Það getur enginn launþegi, það getur enginn verkamaður, það getur enginn sjómaður og enginn bóndi, enginn fastur starfsmaður leyft sér að efla þá flokka til valda, sem miða stefnu sína við lækkuð launakjör vinnandi fólks eða vaxandi dýrtíð að öðrum kosti. Alþb. skorar á allt alþýðufólk að notfæra sér komandi kosningar og tala við valdhafana á þann hátt, sem þeir skilja. Launþegar í landinu hafa raunverulega átt í látlausri styrjöld við ríkisstj. Sjálfstfl. og Alþfl. á undanförnum árum. Þeir mega ekki og geta ekki stutt þá flokka til valda, hvorki í bæjarstjórnir eða sveitarstjórnir né til Alþ., sem með dýrtíðarstefnu sinni og nýjum og nýjum álögum eyðileggja það, sem áunnizt hefur í kaupgjaldsbaráttunni. Kaupgjaldsbarátta launastéttanna hefur verið réttlát, því að hún hefur byggzt á því, að þær fengju í sinn hlut eðlilegan hlut af vaxandi þjóðartekjum. Nú liggur fyrir,

að meðaltalshækkun af útfluttum sjávarafurðum nam 12% á s. l. ári og hin almennu viðskiptakjör þjóðarinnar við útlönd batna á árinu um 10%. Þetta jafngildir því, að þjóðarbúið hafi fengið 600—700 millj. kr. meira fyrir framleiðslu ársins, aðeins vegna verðhækkana. Til viðbótar verðhækkunum kemur svo stóraukið aflamagn á árinu. Þetta hagstæða útflutningsverð átti auðvitað að skapa grundvöll fyrir miklum nettólaunahækkunum til handa vinnandi stéttum. En dýrtíðar- og stjórnleysisstefna ríkisstj. hefur komið í veg fyrir það, að svo gæti orðið. Alþb. er stjórnmálasamtök íslenzkrar alþýðu á breiðum, pólitískum grundvelli. Það er stofnað af forystumönnum Alþýðusambandsins. Fulltrúar Alþb. eru því sérstakir fulltrúar launafólks í landinu. Allt launafólk í landinu þarf því í komandi kosningum að efla Alþb. Á þann hátt eflir það sín eigin samtök og fylgir bezt eftir hagsmunabaráttu sinni. — Góða nótt.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Góðir áheyrendur. Þessar eldhúsdagsumræður eru nú á enda. Hvort þær hafa gert útvarpshlustendum ljósari einhverjar staðreyndir varðandi ástand og þróun þjóðmálanna, skal ég engu spá um. En því miður er ég hræddur um það, að þjóðmálaumr. af þessu tagi séu ekki líklegar til þess að greiða fyrir raunhæfu mati almennings á viðfangsefnum og verkum þings og stjórnar, þegar staðhæfingar stangast á og misjafnlega trúverðuglega er með tölur farið, þannig að flestir velji þann þægilega kost að trúa því þá helzt, sem þeirra flokkstalsmenn segja. Er mikilvægt að reyna að finna annað form þjóðmálaumr., er tryggi efnislegri umr. og verði þá um leið til þess að efla traust þjóðarinnar á þjóðskipulagi sínu og þingræði og stuðla að raunsærri skoðanamyndun, sem er forsenda heilbrigðara stjórnarfars. Hafi menn hlýtt á umr. í heild, verða þó vissar ályktanir af þeim dregnar. Stjórnartalsmenn hafa skýrt hina ýmsu þætti í stefnu stjórnarflokkanna undanfarin 6 ár og stjórnarandstæðingar hafa leitazt við að sýna fram á, að allt hefði orðið á betri veg, ef þeir hefðu mátt ráða. Erfitt er að sannreyna, hvað hefði orðið á hverjum tíma, ef aðrir hefðu ráðið og verður þá ekki við annað stuðzt en hvað gerðist í sambærilegum tilvikum, þegar viðkomandi menn og flokkar höfðu aðstöðu til að móta stefnuna. Fróðlegt er fyrst að gera sér grein fyrir því, hvað menn hafa orðið sammála um í umr. þessum. Viðurkennt hefur verið af öllum, að þjóðarframleiðsla og þjóðartekjur hafa orðið meiri og vaxið meir síðustu 3 árin en nokkru sinni áður í sögu þjóðarinnar. Því er jafnframt ómótmælt, að efnahagur og almenn velmegun hefur aldrei verið svo góð. Stjórnarandstæðingar segja þetta að vísu ekki stjórnarstefnunni að þakka, heldur góðu árferði og aukinni tækni. Enginn vanmetur þýðingu hins góða árferðis, en án trausts efnahagskerfis hefði ekki verið hægt að endurnýja í jafn stórum stíl skipakost og bæta nýtingaraðstöðu aflans. Hefur fjármunamyndun í skipum, vélum og tækjum verið sérstaklega mikil síðustu árin og í fiskiskipum langmest árið 1964. En þá nam innflutningur skipa og flugvéla alls 938 millj. kr. Þá má benda á þá staðreynd, sem er glöggt einkenni heilbrigðrar efnahagsþróunar, að síðasta ár varð raunverulegur sparnaður þjóðarbúsins í fjármunamyndun, útflutningsvörubirgðum og viðskiptajöfnuði 6 milljarðar 150 millj. kr. eða rúm 30% af þjóðarframleiðslunni og er það með því hæsta, sem þekkist nokkurs staðar. Stjórnarandstæðingar hafa staðhæft, að illa hafi verið haldið á hinum miklu þjóðartekjum og skipting þeirra verið ójöfn og verðbólgan orðið þóknanleg stjórnarvöldunum, eins og form. Framsfl. komst að orði og vinnustéttir aðeins getað framfleytt sér með meiri vinnuþrælkun. Var þó eftirtektarvert, að forseti A. S. Í. hélt ekki fram þeirri kenningu, enda vissi hann betur. Það er nefnilega sannleikur málsins, að hinir tiltölulega skynsamlegu kjarasamningar tveggja síðustu ára og aðrar hliðarráðstafanir hafa aukið rauntekjur verkamanna, sjómanna og iðnaðarmanna mun meira en hinar óhóflegu kaupkröfur áður gerðu. Benda þannig bráðabirgðaathuganir Efnahagsstofnunarinnar, er styðjast við helztu kjarasamninga ársins, athuganir kjararannsóknarnefndar og fleiri heimildir til þess, að raunverulegar atvinnutekjur þessara stétta hafi á s. l. ári aukizt um nálega 10% frá árinu áður. Ráðstöfunartekjur þessara stétta eftir álagningu beinna skatta og greiðslu fjölskyldubóta hafa þó aukizt enn meir eða samtals um 12% hjá fjölskyldufólki í þessum stéttum. Er þetta mun meira en aukning raunverulegra þjóðartekna á mann, sem er áætluð 6—7%. Aukningin er að vísu ekki hin sama hjá öllum þessum stéttum. Það er svo til viðbótar fróðlegt að gera sér grein fyrir því, að á árunum 1960—1965 hafa raunverulegar þjóðartekjur vaxið um 32% á mann, en raunverulegar ráðstöfunartekjur verka-, sjó- og iðnaðarmanna hafa á sama tímabili aukizt um 33%. Er því ljóst, að þessar stéttir hafa fyllilega haldið sínum hlut í aukningu þjóðarteknanna og er það vel. Er vonandi, að allir aðilar beri gæfu til þess að draga rétta niðurstöðu af kjaraþróun síðustu ára við þá samninga um launamál, sem nú standa fyrir dyrum. Um vinnuþrælkunina er það að segja, að vissulega vinna margir mjög mikið, bæði af brýnni nauðsyn, en þó einnig vegna þess, að margir hafa aldrei svo háar tekjur, að þeir ekki gjarnan vilji bæta þar við, þótt það kosti aukið álag. Athuganir kjararannsóknarnefndar benda þó til þess, að meðalársvinnutími verkamanna í Reykjavík hafi ekki aukizt á árinu 1964, heldur hafi dregið úr lengd vinnutímans í fyrra og einnig á líðandi ári, jafnvel svo að gera megi ráð fyrir, að í ár verði vinnutími verkamanna rúmlega 100 stundum styttri en árin 1963 og 1964. Mun stytting samningsbundins dagvinnutíma eiga nokkurn þátt í þessu.

Hannibal Valdimarsson viðurkenndi í ræðu sinni í gær þau miklu átök, sem gerð hafa verið síðustu tvö árin til úrbóta í lánamálum húsbyggjenda, og Ragnar Arnalds viðurkenndi hina mikilvægu aðstoð við útveginn fyrir Norðurlandi vegna aflabrests þar. Sagði hinn síðarnefndi að vísu, að verkalýðssamtökin nyrðra hefðu keypt þá aðstoð því verði að slá af launakröfum sínum. Ég læt ósagt, hvað slíkar fullyrðingar falla verkalýðsleiðtogum nyrðra vel í geð, en vitanlega voru hvorar tveggja þessar ráðstafanir gerðar til þess að greiða fyrir skynsamlegum kjarasamningum og voru vissulega ekki nein nauðung fyrir samningsaðila, heldur af öllum metið sem skynsamlegar aðgerðir og raunhæfar. Fræðileg og hlutlaus rannsókn á eðli efnahagsvandamálanna er forsenda skynsamlegrar úrlausnar þeirra.

Með tilkomu Efnahagsstofnunarinnar, auknu starfi Hagstofunnar og Seðlabankans, stofnun kjararannsóknarnefndar, vinnutímanefndar og fleiri hagfræðilegum skýrslugerðum, hefur mjög þokazt í rétta átt, ef menn vilja af raunsæi og alvöru skoða málin niður í kjölinn. Sífelldar staðhæfingar um óðaverðbólgu, sem stafi fyrst og fremst af aðgerðum ríkisstj., án þess að nokkurn tíma fáist skilgreint nánar, í hverju þær aðgerðir séu fólgnar, gera óumflýjanlegt að reyna að gera sér hlutlæga grein fyrir eðli og orsökum þessa vanda, sem vissulega er mikill enn í dag og ógnar heillavænlegri efnahagsþróun. Vitanlega er frumorsök þess vanda víxlhækkun kaupgjalds og verðlags. Því var það fyrsta verk vinstri stjórnarinnar að skerða vísitöluuppbót á laun og síðasta verk hennar að biðja verkalýðsfélögin af fúsum vilja að gefa enn eftir 17 vísitölustiga launahækkun. Þetta segi ég vinstri stjórninni ekki til lasts, heldur til áminningar þeim máttarstólpum þeirrar ríkisstj., sem nú halda í dag allt öðru fram um orsakir verðbólgunnar.

Það var næstum átakanlegt að heyra hinn greinda formann Framsfl. enn í gærkvöldi gera tilraun til að skilgreina „hina leiðina". Enn var helzti kjarninn röðun framkvæmda, en þó án fjárfestingareftirlits, því að það mun ekki þykja vænlegt til vinsælda. Eysteinn Jónsson veit þó mæta vel, að það er fyrst núv. ríkisstj., sem með framkvæmdaáætlunum sínum, fjáröflunarráðstöfunum fyrir stofnsjóði atvinnuveganna og aðgerðum í peningamálum hefur skipulega raðað framkvæmdum eftir nytsemi þeirra innan marka eðlilegs athafnafrelsis. Er nú einmitt verið að vinna að enn ýtarlegri og skipulegri framkvæmdaáætlun fyrir næstu 4 ár. Það var þó enn vandræðalegra, þegar form. Framsfl. taldi „hina leiðina" í samræmi við stefnu nálægra þjóða. Allar nálægar þjóðir eiga nú við verðbólguvandamál að glíma og allar beita þær sömu hagstjórnartækjum og ríkisstj. hér hefur beitt, takmörkun bankaútlána, hækkun vaxta, hækkun skatta eða bindingu innlánsfjár. Þessar þjóðir hafa hins vegar flestar búið við hógværari kauphækkanir en hér hafa átt sér stað, þar til nú allra síðustu árin, að ekki má á milli sjá. Fullyrðingar Þórarins Þórarinssonar hér í kvöld, að síðustu 3 árin hafi verið mesta dýrtíðaraukning, sem hér hafi þekkzt, og gert sé gys að verðlagsþróun hér á Norðurlöndum, eru alrangar. Verðlagshækkanir hafa verið minni hér síðustu 2 ár en oft áður og s. l. ár hækkaði verðlag meir í Danmörku en á Íslandi.

Af hálfu stjórnarandstæðinga hefur því verið haldið fram, að ríkisstj. vildi stóriðju vegna vantrúar á núverandi atvinnuvegi, sem haldið væri í fjárkreppu. Þessu fer víðs fjarri. Aldrei hafa viðtækari ráðstafanir verið gerðar með eflingu stofnlánasjóða atvinnuveganna og öflun erlendra lána, til þess að tryggja núverandi atvinnuvegum eðlileg vaxtarskilyrði. Og þrátt fyrir sparifjárbindingu hafa útlán bankakerfisins til atvinnuveganna aukizt miklu meir á síðasta ári en nokkurt ár áður. Ríkisstj. er hins vegar ljóst, að henni er skylt að horfa til framtíðarinnar og hún verður að reyna að tryggja uppvaxandi kynslóð örugga lífsafkomu. Á áratugnum 1950—1960 fjölgaði aðeins um rúmlega 300 manns samtals í landbúnaði, fiskveiðum og fiskiðnaði. En gera má ráð fyrir, að vinnandi fólki fjölgi um 16—17 þús. manns næstu áratugi. Það gegnir því furðu, þegar flokkar skírskota sérstaklega til ungu kynslóðarinnar og hagsmuna verkalýðsins og berjast með þau orð í munni gegn uppbyggingu nýrra atvinnugreina í landinu, ekki aðeins gegn álbræðslu, heldur jafnvel gegn kísilgúrvinnslu við Mývatn og telja, að þúsundir manna muni yfirgefa landsbyggðina og streyma til Reykjavíkur til að vinna í verksmiðju, sem ekki þarf nema lítinn hluta vinnuaflsaukningarinnar innan sjálfs Reykjanessvæðisins. Nei, slík afstaða hefði einhvern tíma verið nefnd afturhald og það með réttu.

Íslenzk æska, vísindamenn og tæknimenn, sem eiga að byggja upp Ísland framtíðarinnar, eiga enga samleið með mönnum með slíkan hugsunarhátt. Það þarf svo meira en lítinn kjark hjá form. Framsfl. til þess, eins og allt er í pottinn búið, að tala um flokksvald í sambandi við afstöðu til álmálsins. Einn stjórnarandstæðinga sagði með kvíðaröddd í gærkvöldi, að álbræðslan og kísilgúrverksmiðjan væri aðeins byrjunin hjá núv. ríkisstj. og því þyrfti að koma henni sem fyrst frá völdum. Vitanlega er þetta byrjun, en ekki endir á eflingu nýrra atvinnugreina á Íslandi. Með tilkomu þessara tveggja fyrirtækja, einkum álbræðslunnar, skapast skilyrði fyrir margháttaðan nýjan iðnað í landinu og þá möguleika þarf að hagnýta. Það þarf einnig að kanna aðstöðu til nýtingar annarra verðmæta á iðnaðarsviðinu, svo sem sjóefna, biksteins, brennisteins og annarra jarðefna. Samhliða verður svo að skoða allar tiltækar leiðir til eflingar og framleiðniaukningar í núverandi atvinnugreinum til sjávar og sveita.

Stórvirkjun við Búrfell er upphaf frekari virkjana í stórám landsins og hin nýja stóriðja mun síðar auðvelda framkvæmd Dettifossvirkjunar, þótt Laxá væri fyrst virkjuð fyrir Norðurland og jafnvel Austurland. Álbræðslan mun rísa við Straumsvík og innan fárra ára munu andróðursmennirnir óska þess heitast, að afstaða þeirra til þessa merkilega átaks til eflingar íslenzku atvinnulífi gleymist. Mun áreiðanlega ekki sízt Ólafur Jóhannesson harma það að hafa lagt fræðimannsheiður sinn í það að rangtúlka gerðardómsákvæði samningsins. Afturhaldsmennirnir reyna nú að gera iðnmrh. Jóhann Hafstein tortryggilegan fyrir forystu hans í álbræðslumálinu. En hann á sannarlega skilið þakkir alþjóðar fyrir festu og ötula forystu í löngum og erfiðum samningum. Stjórnarandstæðingar hafa reynt að gera lítið úr atvinnujöfnunarsjóði og þætti álbræðslunnar í uppbyggingu hans. Samhliða er því þó haldið fram af framsóknarmönnum, að hér hafi verið gengið inn á till. þeirra, sem þeir þing eftir þing hafi flutt fyrir daufum eyrum stjórnarliðsins. Karp um fortíðina skiptir ekki máli, en það verður þó ekki hjá því komizt að minna á, að framsóknarmenn fengu þá fyrst áhuga á þessu máli, er þeir voru farnir úr stjórn og þá vantaði ekki till. um stórar fúlgur úr ríkissj., þótt fimm þing í röð væri búið að flytja árangurslaust af okkur sjálfstæðismönnum frv. um stofnun jafnvægissjóðs með hóflegum fjárframlögum, en þá var munurinn að vísu sá, að núv. form. Framsfl. gætti ríkiskassans. Það er raunar að vissu leyti ánægjulegt, hversu trú Framsóknar á getu ríkisstj. og þanþol efnahagskerfisins hefur stórkostlega vaxið, eftir að þeir hurfu úr ríkisstj.

Á vettvangi fjármálastjórnar ríkisins er endurskoðun

tollakerfisins brýnasta viðfangsefnið. Stórhætta vofir yfir útflutningsframleiðslu okkar, ef tollabandalögin hlaða um sig tollmúrum samhliða því að afnema innbyrðis tolla. Á þessum málum þarf að halda með fullri varúð vegna hagsmuna iðnaðarins og gera þarf jafnframt ráðstafanir til að afla ríkissjóði tekna í stað aðflutningsgjaldanna. Unnið er nú að athugunum og endurskipulagningu á ýmsum þáttum opinbers reksturs og er stofnun hagsýsludeildar í fjmrn. mikilvægur þáttur þeirra nauðsynlegu ráðstafana. Það verður að tryggja skattgreiðendum, að fé þeirra sé hagnýtt af ráðdeild og hagsýni. Þá er eigi síður nauðsynlegt að gera allar tiltækar ráðstafanir til að tryggja það, að skattheimta gangi jafnt yfir alla. Fastareglur hafa verið settar um tollmeðferð varnings ferðamanna og farmanna. Þær reglur eru ekki settar neinum til höfuðs, en eiga að koma í stað áratuga skipulagsleysis í þessum efnum. Hefur verið reynt að taka tillit til allra sanngjarnra sjónarmiða og treysti ég því, að allir aðilar við nánari athugun skilji nauðsyn þessara ráðstafana, þótt óumflýjanlegt hafi orðið að þrengja fyrri venjur á sumum sviðum. Beinir ríkisskattar hér á landi eru hóflegir miðað við flest nálæg lönd og skattgrundvöllur félagamyndunar við atvinnurekstur mjög viðunandi. Skattstigar og persónufrádráttur breytast nú eftir skattvísitölu, sem hefur verið ákveðin 12.5% við skattaálagningu í ár. Má til samanburðar geta þess, að framfærsluvísitalan hækkaði um 8% á s. l. ári. Allar ríkisstj. verða að gera ráðstafanir, sem oft koma í bili illa við fólk. Það er vandalítið, en ekki eftir því þjóðnýtt viðfangsefni að reyna að ala á óánægju vegna slíkra aðgerða, þegar gagnrýnendurnir hafa engan jákvæðan boðskap að flytja um það, hvernig á annan heppilegri hátt hefði átt að mæta vandanum. Stjórnarandstæðingar hafa gagnrýnt ríkisstj. fyrir greiðsluhalla s. l. tvö ár. En þegar jafna á hallann, snúast þeir öndverðir gegn öllum þeim ráðstöfunum. Þannig er með grátklökkum rómi lýst samúð með húsmæðrum vegna þeirrar einstæðu óhæfu að hætta framlögum úr ríkissjóði til þess að greiða niður verð á smjörlíki og fiski, þótt þessum sömu mönnum sé vitanlegt, að ríkissjóður varð með einhverjum ráðum að afla fjár til þess að standa undir skuldbindingum vegna hækkunar fiskverðs um síðustu áramót. Vegna verðtryggingar kaupgjaldsins koma þessar ráðstafanir að vísu fram í hækkuðu kaupgjaldi, en hvað sem því líður, hafa stjórnarandstæðingar ekki gert minnstu tilraun til að sýna fram á, hvernig á heppilegri hátt hefði verið auðið að afla þess fjár. Það er svo að auki fróðlegt íhugunarefni fyrir launþega, ef það væri rétt, sem Einar Olgeirsson sagði hér í kvöld, að 60 millj. kr. lækkun niðurgreiðslna hækki launatekjur um 200 millj. Hvernig getur þá þessi ráðstöfun verið árás á launþega? Stjórnarandstæðingar hafa í þessum umr. mjög skirskotað til kjósenda að sýna í sveitarstjórnarkosningunum hug sinn til ríkisstj. Stjórnarflokkarnir geta vitanlega tekið undir þær áskoranir, að svo miklu leyti sem sérstaða til sveitarmála ekki ræður afstöðu manna. Okkur er það vel ljóst, að við höfum ekki leyst öll þau vandamál, sem að steðja. En við staðhæfum, að við höfum í öllum meginefnum gert það, sem við töldum heppilegast miðað við aðstæður hverju sinni. Það hefur orðið okkur hvatning, að alþjóðlegar fjármálastofnanir, sem við erum aðilar að, hafa talið okkur vera á réttri leið. Við viljum vinna að úrlausn vandamálanna á grundvelli stéttafriðar og samstarfs, en við munum þó ekki kaupa þann frið því verði að hverfa af þeirri braut, er við teljum rétta og leiða þjóðina til aukinnar farsældar og velmegunar. Hinum lýðræðislega dómi verðum við svo á sínum tíma að hlíta.

Ég óska landsmönnum öllum hamingju og velgengni á nýbyrjuðu sumri og vona, að það verði gjöfult við sjó og í sveit. — *Góða nótt.*

II. Alúmíníumverksmiðja.

Á 22. fundi í Sþ., 15. des., var tekin á dagskrá:

Skýrsla ríkisstj. um byggingu alúmíníumverksmiðju á Íslandi.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Þann 5. maí s. l. lagði ríkisstj. fram á Alþ. skýrslu um þá athugun á byggingu alúmíníumverksmiðju hér á landi, sem fram til þessa hafði farið fram að tilstuðlan ríkisstj. og á vegum stóriðjunefndar. Allýtarlegar umr. urðu um þessa skýrslu í þinginu næstu daga. Áður en hér var komið, hafði stóriðjunefnd þ. 14. nóv. 1964 skilað ýtarlegri skýrslu til ríkisstj. um alúmíníumverksmiðju og stórvirkjun, en þar voru störf n. og gangur viðræðna við erlend alúmíníumfyrirtæki rakin fram til þess tíma. Skýrsla þessi ásamt fskj. var afhent öllum alþm. sem trúnaðarmál skömmu síðar, þ. e. 23. nóv. Einnig höfðu þm. verið afhentar skýrslur stóriðjunefndar um framhaldsviðræður í málinu, sem fóru fram í desembermánuði 1964 í Zürich og í Washington í marz 1965 og loks í Reykjavík dagana 31. marz og 1. apríl. Aðilar þeir, sem tóku þátt í þessum viðræðum, voru fulltrúar íslenzku ríkisstj., fulltrúar Swiss Aluminium og fulltrúar frá Alþjóðabankanum. Með þessari skýrslugerð og umr. um hana má segja, að gerð hafi verið til hlítar grein fyrir, hvernig horfur voru á þessum tíma í þessu máli. Jafnframt hafði það skeð, að fyrir Alþ. hafði verið lagt frv. til l. um Landsvirkjun og var það afgr. á síðasta þingi, en því frv. fylgdu ýtarlegar skýrslur og grg. sérfræðinga um þær rannsóknir, sem fram höfðu farið hér á landi um möguleika til stórvirkjana í fallvötnum landsins. Einnig hafði þmn. skipuð fulltrúum þriggja þingflokka unnið að athugun málsins frá því 9. febr. s. l., en eftir að fram-var lögð skýrsla ríkisstj. þ. 5. maí, var fjölgað í n. og einnig teknir í hana fulltrúar Alþb., þannig að síðan hafa allir þingflokkar átt sæti í þessari þmn. Eins og kunnugt er, fóru enn fram framhaldsviðræður milli sömu aðila og áður hér í Reykjavík dagana 1.—3. des. og gaf þá iðnmrn. út fréttatilkynningu þess efnis, að samkomulag hefði náðst í viðræðum milli fulltrúa aðila í meginatriðum. Það, sem næst lægi fyrir, væri að ganga frá samningsuppköstum með marghátt-uðum fskj. og mundu lögfræðingar aðila vinna að því í desember.

Það hafa komið fram óskir um, að frá því yrði nokkuð nánar greint hér í þinginu, hvað aðhafzt hefur verið síðan í maí á þessu ári og hvað líklegt sé, að fram undan verði um meðferð málsins innan ríkisstj. og hér á Alþ.

Ég gerði grein fyrir því í umr. hér á Alþ. í vor, að ég teldi málið þá vera komið á nokkuð nýjan vettvang, þ. e. af hreinu umræðustigi og á þann grundvöll, að þess bæri að freista, hvort samningar gætu tekizt milli aðila. Á þessu stigi málsins höfðu aðeins verið gerð frumdrög af Íslands hálfu að svokölluðum aðalsamningi við hið svissneska fyrirtæki og jafnframt frumdrög að orkusölusamningi. Í lok maímánaðar bárust okkur Íslendingum ný samningsuppköst af hálfu Svisslendinganna, og síðan hefur sleitulaust verið unnið að því að koma slíkum samningsuppköstum í það horf, er báðir aðilar gætu við unað. Ég vil geta þess, að samningsuppköst Svisslendinganna frá því í maímánuði ollu okkur nokkrum vonbrigðum og hafa skapað ýmsa erfiðleika, e. t. v. ekki sízt vegna þess, hvernig þeir voru þá formaðir af hálfu lögfræðilegra ráðunauta hins svissneska fyrirtækis og höfðum við sitt hvað við það að athuga. Gerði ég þmn. strax í Zürich þ. 17. júní s. l. grein fyrir þessu og n. fékk þessi uppköst Svisslendinganna til meðferðar eftir heimkomuna. Ég vil skjóta því hér inn, að um þetta leyti hafði orðið að ráði, að þmn. tæki sér ferð á hendur erlendis til þess að kynnast betur byggingu og rekstri alúmíníumbræðslna eða verksmiðja. N. fór því til Noregs í júnímánuði og kynnti sér þar byggingarframkvæmdir við alúmíníumverksmiðju, sem Svisslendingar eru að reisa þar í Husnes í samvinnu við Norðmenn, en gert er ráð fyrir, að þar sé um að ræða alúmíníumverksmiðju af sömu stærð og ráðgerð hefur verið hér.

Á sama tíma kynnti n. sér í Þrándheimi þær rannsóknir, sem vísindastofnun þar innti af höndum fyrir hönd raforkumálastjórnarinnar í sambandi við ísmyndanir í Þjórsá og aðra erfiðleika í sambandi við byggingu raforkuvers við þetta stærsta fallvatn landsins. Síðan var haldið til Sviss og heimsóttar aðalstöðvar Swiss Aluminium í Zürich og jafnframt skoðaðar alúmíníumbræðslur og verksmiðjur, sem framleiða úr alúmíníum, sem sama fyrirtæki á og rekur í Suður-Sviss. Hygg ég, að nm. hafi með þessu móti gefizt nokkuð góður kostur á því að kynna sér eftir því, sem verða mætti, hvernig hið svissneska fyrirtæki er upp byggt og hagar rekstri sínum og allt hafi það orðið þm. til nokkurs lærdóms. Þann 13., 15. og 16. júlí voru haldnir fundir í þmn. að nýju, þar sem farið var ýtarlega yfir samningsuppköstin að aðalsamningi og raforkusölusamningi, sem okkur hafði borizt í lok maímánaðar. Í þessa endurskoðun þmn. fór mikið verk, en hún hafði áður verið undirbúin af ráðunautum og sérfræðingum ríkisstj. ásamt mér sem iðnmrh. Þeir, sem áttu hér hlut að máli, voru dr. Jóhannes Nordal, formaður stóriðjunefndar, Hjörtur Torfason lögfræðingur, Steingrímur Hermannsson verkfræðingur, Eiríkur Briem rafmagnsveitustjóri og Brynjólfur Ingólfsson ráðuneytisstj. í iðnmrn. Ekki reyndist fært að koma á fundum að nýju milli fulltrúa hinna þriggja aðila fyrr en 12. okt. s. l., en þá komu hingað fulltrúar Swiss Aluminium og Alþjóðabankans á þriggja daga fund. Að loknum þeim fundi var ákveðið að efna til nýs fundar í byrjun desembermánaðar, en á milli þessara funda þurfti hins vegar að vinna ýmis verk á grundvelli viðræðna og álitsgerða frá októberfundinum. Af því tilefni fóru lögfræðingar okkar, Hjörtur Torfason og Brynjólfur Ingólfsson, til fundar í New York í byrjun nóvembermánaðar með lögfræðingum Svisslendinganna og Alþjóðabankans og formaður stóriðjunefndar ásamt ráðuneytisstjóranum í iðnmrn. fóru einnig til fundar við aðalforstjóra Swiss Aluminium í Zürich um miðjan mánuðinn. Jafnframt fór Steingrímur Hermannsson til Noregs til þess að afla upplýsinga um sérfræðileg atriði í sambandi við alúmíníumvinnslu og hafa þar samráð við sérfræðinga og fjármálamenn um aðstöðu Norðmanna við slíkan atvinnurekstur, ef vera mætti, að okkur gæti orðið það að nokkru liði. Naut hann í því sambandi aðstoðar Hans Andersen ambassadors í Osló. Þmn. voru gefnar ýtarlegar skýrslur um allar þessar viðræður og annað það, er máli skipti í sambandi við þær, og haldnir jafnframt tveir fundir í n. þann 26. og 30. nóv.

Ég vil nú skjóta því hér inn, að eftir að lögð hafði verið fram skýrsla ríkisstj. á Alþ. í maímánuði, þótti ástæða til að hefja viðræður við bæjarstjórn Hafnarfjarðar, en líkur bentu þá þegar til þess, eins og fram kom í skýrslunni, að hentugast mundi að staðsetja væntanlega alúmíníumverksmiðju við Straumsvík, rétt sunnan Hafnarfjarðar. Þegar svo enn stóðu fyrir dyrum viðræðufundir fulltrúa ríkisstj. og Swiss Aluminium í okt. s.l., er ætla mætti, að kynnu að skera nokkuð úr um framvindu málsins, þótti rétt að taka upp formlegar viðræður við bæjarstjórn Hafnarfjarðar um málið, og óskaði ég þá eftir því með bréfi 8. okt., að bæjarstjórn Hafnarfjarðar tilnefndi fulltrúa af sinni hálfu til formlegra samningaumleitana við ríkisstj. um þá þætti verksmiðjumálsins, sem Hafnarfjarðarkaupstað varðar. Af hálfu Hafnarfjarðar hafa síðan tekið þátt í slíkum viðræðum bæjarráðið, sem skipað var þremur mönnum, og bæjarstjórinn Hafsteinn Baldvinsson.

Þá ber einnig að hafa í huga, að eftir að Landsvirkjun var stofnuð samkv. l. frá síðasta Alþ., hefur meðferð raforkusamningsins og athuganir í sambandi við hann fyrst og fremst verið í höndum stjórnar Landsvirkjunar. Eftir síðustu viðræðufundi milli fulltrúa ríkisstj., Swiss Aluminium og Alþjóðabankans, sem haldnir voru hér fyrstu dagana í des., taldi ég málum hafa miðað það verulega áleiðis, að líklegt væri, að koma mætti saman á næstunni frumdrögum að öllum þeim samningum, sem hér gæti verið um að ræða í því formi, sem viðunandi væri. Þótti þá ráðlegt að ákveða nýjan fund með samningsaðilum í byrjun janúarmánaðar. Af okkar hálfu þótti þá ástæða til að ætla, að upp úr því gætum við, sem hefðum verið í samningaviðræðum og haft stoð af þmn. fyrr og síðar, skilað frá okkur till. til ríkisstj. En sjálf ríkisstj. hefur ekki haft aðstöðu til þess að fara yfir samningsuppköstin, sem um er að ræða, þó að jafnan hafi verið haft samráð innan stjórnarinnar eftir því, sem föng stóðu til. Hefur þá einnig fyrir mér vakað, að þm. fengju slík samningsuppköst jafnhliða til meðferðar jafnfljótt og gengið verður frá þeim eftir næsta fund og búið verður að þýða það, sem þýða þarf. Fælist í þessu, að þm. allir gætu haft málsskjölin til meðferðar verulega langan tíma, áður en að því kæmi, að ríkisstj. teldi sig reiðubúna til þess að ganga til ákvarðana í málinu. En gert er ráð fyrir því, að áður en málið yrði lagt fyrir Alþ., mundi

iðnmrh. undirskrifa aðalsamninginn fyrir hönd íslenzku ríkisstj., en honum er ætlað að öðlast lagagildi, ef Alþ. fellst á efni samningsins. En með því fororði eða skilyrði mundi ráðh. undirrita. Þessum samningi mundu svo fylgja til Alþ. eftirfarandi fskj.:

Í fyrsta lagi raforkusölusamningur, sem undirritaður yrði einnig með skilyrði af hálfu Landsvirkjunarstjórnar fyrir hönd okkar Íslendinga. Í öðru lagi samningur um staðsetningu verksmiðjunnar við Straumsvík og byggingu hafnar, en gert hefur verið ráð fyrir því, að Hafnarfjarðarbær hefði aðild þess máls í samráði við ríkisstj. Í þriðja lagi samningur um bankatryggingar, sem svissneska fyrirtækið mundi gera við okkur, fyrst og fremst til öryggis því, að engir misbrestir yrðu á efndum þeirra varðandi byggingarframkvæmdir, sem þó mundu ekki hefjast fyrr en 12—18 mánuðum eftir að sjálf Búrfellsvirkjun hefði hafizt. Í fjórða lagi er gert ráð fyrir ýmsum aðstoðarsamningum, sem svissneska fyrirtækinu er ætlað að gera við íslenzka alúmíníumfyrirtækið, sem jafnan hefur verið gert ráð fyrir, að stofnað yrði sem hlutafélag og mundi þá jafnframt stofnsamningur slíks félags fylgja sem fskj. til þingsins.

Þetta er í stórum dráttum það, sem ég á þessu stigi hef um þetta mál að segja fram yfir þær upplýsingar, sem fram komu í skýrslugerð ríkisstj. í maímánuði s. l. Tilboð í Búrfellsvirkjun í Þjórsá eiga að hafa borizt hingað upp úr 20. jan., en verkið hefur verið boðið út á alþjóðavettvangi og þykir öruggt, að mörg tilboð muni berast, bæði frá erlendum aðilum og frá íslenzkum aðilum, e. t. v. að einhverju leyti í samvinnu við erlenda aðila. Ég tel ekki líklegt, að til undirskrifta samninga gæti komið fyrr en í lok febrúarmánaðar og málið kæmi þá til meðferðar í Alþ. í marzmánuði. Samtímis væri eftir að ganga frá samningum við Alþjóðabankann um þær lánveitingar, sem við hann hefur verið rætt um, til virkjunarframkvæmdanna. Efni hinna einstöku greina hinna margháttuðu samningsuppkasta tel ég ekki tímabært að víkja að nú. Bæði ríkisstj. og þm. eiga eftir að fá öll þessi skjöl til meðferðar, áður en slíkar umr. gætu hafizt hér á Alþ. Öll meginatriði málsins komu raunar fram í skýrslugerðinni í vor, en tíminn, sem liðið hefur síðan, hefur í það farið að koma þeim meginsjónarmiðum í samningsuppköst og form, sem við teljum, að menn gætu sætt sig við. Ég veit, að ég hef í þessum fáum orðum mínum ekki sagt neina nýlundu fyrir hv. þm., því að þeir hafa haft vitneskju um allt málið frá fulltrúum sínum í þmn. Um það var nokkur ágreiningur í öndverðu, hvernig sú þmn. skyldi vera skipuð. Ég tel, að það hafi ráðizt vel, að fulltrúar allra flokka áttu sæti í n. Það hefur tvímælalaust orðið málinu til stuðnings. Hins vegar breytir það að sjálfsögðu engu um afstöðu þm. til málsins. Þeir hafa gert fyrirvara um það mjög skilmerkilega, fulltrúar stjórnarandstöðunnar, að þeir starfi í þessari n. eins og hverri annarri þn. óháð því, þegar að því kemur, hvort þeir séu með eða móti málinu, en út í það skal ég ekki fara nú. Það er þingheimi nokkuð kunnugt frá efnisumr., sem fram fóru hér á s. l. vori.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Eins og hæstv. iðnmrh. hefur skýrt frá, er nálega lokið samningaviðræðum milli fulltrúa ríkisstj. og svissneska alúmíníumfélagsins um byggingu alúmíníumbræðslu við Straumsvík í landi Hafnarfjarðar. Hefur samkomulag þegar náðst um öll höfuðatriði.

Þegar lauk könnunarviðræðum, sem staðið höfðu í nokkur ár, og samningatilraunir hófust um mál þetta, gaf hæstv. ráðh. Alþ. ýtarlega skýrslu um málið. Nokkru síðar var sett á fót n. þm., sem síðan hefur fylgzt með gangi málsins í öllum atriðum. Í þeirri n. hafa stjórnarandstöðuflokkarnir átt fulltrúa og hafa þeir haft margt fram að færa, sem hefur haft áhrif á meðferð málsins. Á þennan hátt má segja, að Alþ. og þá ekki síður stjórnarandstaðan hafi fengið mjög gott tækifæri til þess að fylgjast með samningunum, og verður ekki með sanngirni talað um leynd í þeim efnum. Alþjóðlegir samningar, sem gerðir eru fyrir svo opnum tjöldum, munu vera næsta fáir.

Miðstjórn Alþfl. markaði stefnu í þessu máli á s. l. vori. Eins og þá var skýrt frá opinberlega, gerði hún ályktun á þá lund, að Alþfl. teldi ekki rétt að setja almenna löggjöf um innflutning erlends fjármagns eða stofnun erlendra fyrirtækja í landinu, heldur sé rétt að fjalla um hvert slíkt mál fyrir sig og meta hvert að verðleikum. Um fyrirhugaða alúmíníumverksmiðju sagði í samþykkt miðstjórnar Alþfl., að flokkurinn teldi byggingu verksmiðjunnar æskilega, en setti það eðlilega skilyrði, að ekkert kæmi fram við samningagerðina, sem yrði frágangssök af hálfu Íslendinga. Samkv. þessari samþykkt hefur Alþfl. stutt þá samningagerð, sem fram hefur farið. Þegar endanlegt samningsuppkast verður tilbúið, mun flokkurinn taka það til meðferðar og endanlegrar afgreiðslu. Á þessu stigi er ekki ástæða til að ræða málið frekar efnislega, til þess munu gefast næg tækifæri, áður en langt um líður.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Ég vil í tilefni af þeirri skýrslu, sem hæstv. iðnmrh. hefur nú flutt, taka fram eftirfarandi:

Framsfl. hefur jafnan fylgt fram þeirri meginstefnu, að atvinnurekstur í landinu sé rekinn af landsmönnum sjálfum. Þó hefur flokkurinn talið og telur enn, að komið geti til mála að gera undantekningu frá þessu með sérstökum samningi og löggjöf hverju sinni, ef til þess þætti eðlilegt að grípa til að leysa veigamikil verkefni í þjóðarþágu, sem að öðrum kosti væri ekki mögulegt að koma í framkvæmd á viðunandi hátt. Í þessa stefnu hafa flokksþing framsóknarmanna ályktað um langt árabil.

Fyrir rúmu ári síðan var þingflokki framsóknarmanna skýrt frá samningaumleitunum, sem fram höfðu farið um það, að Swiss Aluminium byggði hér og ræki alúmíníumverksmiðju. Lagði flokkurinn áherzlu á, að málið yrði gaumgæfilega rannsakað, áður en ákvörðun yrði tekin og setti fram nokkur höfuðatriði, sem mundu móta afstöðu hans til málsins. Þau voru sett fram í samþykktum þingflokksins, í samþykktum aðalfundar miðstjórnarinnar 1965 og í þingmannanefndinni. Í fyrsta lagi lagði flokkurinn áherzlu á, að ekki væru tiltök að hans dómi að hefja framkvæmdir af þessu tagi á tímum óðaverðbólgu og ofþenslu og slíkar framkvæmdir yrðu að vera liður í traustri framkvæmd, heildarstefnu í efnahags- og fjárfestingarmálum. Í öðru

lagi var lögð áherzla á, að slíkri verksmiðju yrði valinn staður með það fyrir augum, að starfsemi hennar stuðlaði að jafnvægi í byggð landsins. Og í þriðja lagi var mótuð sú stefna, að slíkt fyrirtæki mætti ekki njóta hlunninda umfram íslenzka atvinnuvegi, yrði að lúta íslenzkum l. og greiða hagkvæmt raforkuverð.

Samningsgerðin við svissneska fyrirtækið er nú komin á það stig og þm. er málið allt svo vel kunnugt, eins og hæstv. iðnmrh. lagði áherzlu á, að mögulegt er að taka afstöðu til málsins og tímabært að gera það nú, áður en lengra er haldið.

Er nú ástæða til að taka þetta fram: Það liggur óvefengjanlega fyrir, að hægt er að virkja myndarlega við Búrfell í Þjórsá, án þess að alúmíníumver komi til. Slík virkjun mundi gefa hagkvæmt raforkuverð og verða upphaf og undirstaða frekari stórvirkjana síðar, eftir því sem ástæða þætti til. Hún er framkvæmd, sem þjóðinni er mjög vel viðráðanleg og sízt meira átak en Sogsvirkjanirnar voru á sinni tíð, þegar á allt er litið. En það hefur ætíð verið þýðingarmikið grundvallaratriði í þessu máli, hvort myndarleg og hagkvæm lausn á raforkumálum landsins væri komin undir byggingu alúmíníumvers. Nú er sýnt, að svo er ekki.

Það hefur engar undirtektir fengið að staðsetja alúmíníumverið þannig, að það gæti stuðlað að jafnvægi í byggð landsins, en haldið fast við þá staðsetningu, sem hlyti að auka byggðavandamálið frá því, sem nú er, og er það þó þegar eitt alvarlegasta vandamál þjóðarinnar. Ólíkt hagstæðara hefði verið, að stóriðja hefði getað hjálpað til að leysa þennan vanda í stað þess að auka hann, en hann verður ekki leystur með því einu að stofna sjóð til að veita nokkurt fé til framkvæmda úti um land, enda verða fjárveitingar úr slíkum sjóði vafalaust langt undir því lágmarki, sem þær hefðu þurft að vera, þó að engin stóriðja hefði komið til greina til að togast á við.

Meðal höfuðeinkenna efnahagslífsins um þessar mundir eru óðaverðbólga, dýrtíðarflóð, ofþensla og vinnuaflsskortur. Er það vaxandi vandamál í landinu að sinna atvinnurekstri Íslendinga sjálfra og aukningu þess atvinnurekstrar í mörgum greinum og koma í framkvæmd nauðsynlegustu þjónustuframkvæmdum, svo sem skólum, sjúkrahúsum, samgönguframkvæmdum, svo að dæmi séu aðeins nefnd.

Enginn vottur er stefnubreytingar til að ráða fram úr þessum vanda, enda er það óhugsandi nema með því að taka upp nýja stefnu í efnahagsmálum, atvinnu- og fjárfestingarmálum.

Í þeim gögnum um þetta málefni, sem fram komu í fyrravetur og í vor, hefur því verið haldið fram, að vinnuaflsvandamálið væri leysanlegt, en engin frambærileg rök færð fyrir því og engin tilraun gerð til að sýna fram á, hvernig hægt væri að mæta á næstunni þörfum framleiðslunnar og nauðsynlegustu framkvæmdanna fyrir vinnuafl, þar með töldum t. d. lífsnauðsynlegustu nýjum framkvæmdum til jafnvægis í byggð landsins, sem yrðu að vera vinnuaflsfrekar. Það hefur þó í öllum umr. og grg. um málið verið á því byggt og ráð fyrir því gert, að þeir, sem ynnu við þessar framkvæmdir og rekstur, yrðu Íslendingar að undanskildum fáum sérfræðingum. En nú er farið að ráðgera fullum fetum innflutning erlends verkafólks til byggingar verksmiðjunnar og einnig til reksturs, ef svo ber undir og gert ráð fyrir að veita hinu erlenda fyrirtæki rétt til slíks innflutnings.

Þessar ráðagerðir færa málið á nýtt stig og með þeim er tekin upp ný stefna, sem ekki hefur einu sinni verið rædd í sambandi við málið, en ef inn á þessa braut verður farið, er það upphaf þess, að innfluttu erlendu einkafjármagni fylgi einnig erlent verkafólk og er erfitt að sjá, hvar ætti að fóta sig, ef inn á þá braut er lagt.

Með innflutningi erlends verkafólks til þess að byggja upp stóriðju erlendra aðila í landinu, yrði skapað nýtt vandamál, stórfelldara og fjölþættara en svo, að afleiðingarnar verði séðar fyrir í fljótu bragði og mundi það bætast við ærinn vanda hliðstæðrar tegundar, sem fyrir er.

Einstök atriði samninganna mun ég ræða síðar, ef eða þegar þeir koma til beinnar meðferðar á Alþ., en nú vil ég þó leggja áherzlu á, að ætlunin er að semja um fast rafmagnsverð til 25 ára frá raforkuveri, sem ekki á að verða fullgert fyrr en eftir 7 ár og enginn veit því hvað muni kosta. Það er því augljóst, að ómögulegt er að segja fyrir um það, hver fjárhagsútkoma verður af þeim viðskiptum.

Ég hef nú rakið nokkur af þeim atriðum, sem að dómi Framsfl. hafa verið og eru veigamikil eða veigamest í þessu máli. En niðurstaðan er sú, að Framsfl. getur ekki samþykkt þessa samninga um byggingu alúmíníumvers á Íslandi og raforkusölu til þess og mun beita sér gegn þeim. Þetta telur flokkurinn rétt og tímabært, að komi fram nú.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Ég hlýt að lýsa undrun minni yfir því, hve ófullkomna og stutta skýrslu hæstv. iðnmrh. hefur flutt um það stórmál, sem hér er til umr. Hér er þó um eitt stærsta og þýðingarmesta mál að ræða, sem Alþ. hefur fjallað um. Í þessu máli er um það rætt að gerbreyta um þá stefnu, sem gilt hefur með þjóðinni um langan tíma varðandi réttindi og aðstöðu útlendinga til atvinnurekstrar í landinu. Skýrsla sú, sem ríkisstj. gaf Alþ. um mál þetta á s. l. vori, var að vísu allýtarleg, en þá var málið sagt á viðræðustigi og mjög talið óvíst, hvort úr samningum yrði við hið erlenda auðfyrirtæki. Nú liggur hins vegar fyrir samkv. tilkynningu frá ríkisstj. fyrir nokkrum dögum, að talið er nokkurn veginn víst, að samningar verði gerðir um byggingu alúmíníumverksmiðjunnar og rekstur hennar, þar sem samkomulag hafi þegar náðst um öll meginatriði, eins og það hefur verið orðað. Þess var því fyllilega að vænta, að nú gæti ríkisstj. gefið Alþ. nákvæmari grg. um stöðu málsins en áður var gert og nú þætti ástæða til, að almennar umr. færu fram á Alþ. um helztu efnisþætti málsins. En svo virðist ekki vera. Ríkisstj. virðist vilja forðast umr. um málið á Alþ. fyrr en þá samningunum sé alveg að fullu lokið. En umr. við slík skilyrði mundu í rauninni þýða það, að alþm. væri ekki gefinn kostur á öðru en segja já eða nei við þeim samningum, sem þá lægju fyrir í rauninni fullgerðir. Ég tel, að þegar svo er komið málum, eins og komið er í þessu stórmáli, að það má telja, eins og hv. 5. þm. Vesturl. sagði hér, að samningunum sé nálega lokið, því að samkomulag hafi orðið um öll meginatriði, væri fyllilega kominn tími til þess, að málið yrði rætt á

nokkuð breiðari grundvelli hér á Alþ. og tekin afstaða til þess, hvort rétt sé að hverfa að þessari samningagerð eða ekki.

Við vitum af því, sem fram hefur komið í þessu máli, að grundvöllur þeirra samninga, sem ráðgerðir eru, eru þeir, að byggja á mikið raforkuver við Búrfell og gert er ráð fyrir samkv. upplýsingum, sem komið hafa fram hér á Alþ., að þetta raforkuver muni kosta um 1690 millj. kr., miðað við kostnaðaráætlun yfir verkið, sem gerð var á árinu 1964. Ráð er gert fyrir því, að þetta orkuver eigi að geta framleitt um 210 þús. kw., og að alúmíníumverksmiðja muni kaupa af þessari raforku um 126 þús. kw. eða um ⅔ orkunnar. Við það er miðað, að alúmíníumverksmiðjan kaupi þessa raforku á föstu verði, 10¾ úr eyri á að greiða fyrir hverja kwst. og þetta fasta verð á að gilda um 25 ára tímabil og síðan á fyrirtækið að hafa möguleika á því að framlengja þessa samninga. Og nú er gert ráð fyrir því, að möguleiki fyrirtækisins til þess að framlengja samningana verði um 30 ár, þannig að heildarsamningstíminn spanni yfir 55 ár. Að öðru leyti er síðan gert ráð fyrir því, að byggð verði alúmíníumverksmiðja við Straumsvík nokkuð fyrir sunnan Hafnarfjörð, og að verksmiðja þessi geti framleitt um 60 þús. tonn af alúmíníum á hverju ári. Ráðgert er, að stofnkostnaður þessarar verksmiðju muni nema kringum 2500 millj. kr. Gert er ráð fyrir því, að fyrirtæki það, sem byggir alúmíníumverksmiðjuna, Swiss Aluminium, fái að flytja inn allt, sem þarf til byggingarinnar, án þess að greiða tolla af þeim varningi og að síðan verði rekstur verksmiðjunnar með þeim hætti, að hún þurfi ekki heldur að greiða tolla af þeim vörum, sem hún þarf til síns reksturs. Þá er einnig upplýst, að þetta mikla verksmiðjufyrirtæki á að greiða skatta, þ. e. a. s. útsvör og tekju- og eignaskatt eftir sérstökum samningi, sem þar um er gerður. Þessi atriði, sem ég hef nú talið upp, eru grundvöllur þeirra samninga, sem nú er rætt um að gera. Og hverjar eru svo helztu röksemdirnar, sem eru færðar fyrir því, að rétt sé að gera þessa samninga? Af hálfu ríkisstj. hefur þetta komið fram:

Í fyrsta lagi er talið, að þessir samningar skapi Íslendingum aðstöðu til þess að ráðast í stærri raforkuvirkjun en þeir mundu geta ráðizt í annars, og að slíkt stærra raforkuver muni veita Íslendingum aðgang að ódýrara rafmagni en þeir gætu fengið með öðrum hætti. Í öðru lagi er því haldið fram, að bygging alúmíníumverksmiðjunnar og rekstur hennar mundi breikka grundvöll atvinnulífsins og gera afkomu landsmanna öruggari en hún er nú. Í þriðja lagi er því haldið fram, að það sé okkur nauðsynlegt að efna hér til þessarar breikkunar í atvinnulífinu, vegna þess að nú séu óðum að koma inn á vinnumarkaðinn stærri árgangar en áður hafi komið, og því verði að sjá þessum stóru árgöngum fyrir nægilegri hagstæðri vinnu. Og í fjórða lagi er því svo haldið fram, að það muni vera þjóðhagslega hagstætt fyrir landsmenn að selja vinnuaflið til þessa erlenda fyrirtækis, sem hér ætlar að hefja rekstur, það muni fást tiltölulega meira út úr vinnuaflinu á þennan hátt heldur en ef vinnuaflið færi til þeirra atvinnugreina, sem landsmenn ráða yfir sjálfir.

Mér þykir full ástæða til þess á þessu stigi málsins að ræða nokkuð nánar einmitt um þessar röksemdir, hversu vel þær fá staðizt. Það er þá fyrst að snúa sér að raforkusölunni til alúmíníumverksmiðjunnar. Það er augljóst af þeim upplýsingum, sem fram hafa komið, að það raforkuverð, sem ákveðið hefur verið, 10 ¾ úr eyri fyrir kwst., hlýtur að liggja nokkuð undir beinu framleiðslukostnaðarverði. Það mundi knapplega standa undir beinum framleiðslukostnaði, ef byggingarkostnaður orkuversins færi ekki fram úr þeim 1690 millj., sem áætlanir hafa verið gerðar um. En nú er alveg augljóst, að allar líkur benda til þess, að orkuverið muni kosta allmiklu meira en áætlanir hafa verið gerðar um. Þegar hefur komið í ljós, að það er ekki hægt að fara eftir ráðgerðu framkvæmdafyrirkomulagi. Það verður að ráðast í viðbótarframkvæmdir á virkjunarstað fram yfir það, sem í upphafi hafði verið reiknað með, og mér er sagt af verkfróðum mönnum, að þær framkvæmdir hljóti að kosta 200—300 millj. kr. Þá vita einnig allir það, að framkvæmdakostnaður er miklu meiri nú í lok ársins 1965 heldur en hann var á árinu 1964, þegar stofnkostnaðaráætlanir voru gerðar. Og allt bendir til þess, að framkvæmdakostnaður verði enn meiri á árunum 1966 og 1967 og 1968, en á þeim tímum á að vinna að framkvæmdunum. Ég held því, að það geti enginn vafi leikið á því, að stofnkostnaður mun verða meiri en gert hefur verið ráð fyrir, og þar af leiðandi fær þetta verð á orkunni ekki staðizt. Það er lægra en sem nemur beinum framleiðslukostnaði. Það kemur líka í ljós í þeim upplýsingum, sem fram hafa komið í þessu máli, að á sama tíma sem Íslendingar eru að gera samning við þetta svissneska fyrirtæki um raforkusölu fyrir 10 ¾ úr eyri fyrir kwst., á sama tíma hafa Norðmenn verið að gera samning við þetta sama fyrirtæki um raforkusölu. Og það er upplýst, að verð það, sem Norðmenn hafa látið þetta svissneska fyrirtæki semja við sig um, er 20% hærra en það verð, sem þeim hefur tekizt að fá hér hjá okkur. Afsakanir fyrir þessu hafa engar fengizt aðrar en þær, að við verðum þetta til að vinna til þess að fá þá svissnesku til þess að eiga viðskiptin við okkur.

Það kemur líka fram í þeim skýrslum, sem lagðar hafa verið fyrir Alþ., að Alþjóðabankanum, sem hugsar sér að lána Íslendingum til raforkuversins, lízt ekki meira en svo á þetta rafmagnsverð, og hann hefur því gert sérstaka kröfu um það, að nokkur hluti af skattgreiðslum fyrirtækisins verði færður yfir í rafmagnsverðið og rafmagnsverðið verði reiknað út nokkru hærra á þann hátt fyrstu árin, vegna þess að það fé, sem á að koma inn fyrir rafmagnssöluna, á að ganga til greiðslu á lánunum við Alþjóðabankann. Það hefur einnig komið í ljós, að Alþjóðabankanum lízt ekki betur á fyrirtækið en svo, að hann hefur þegar komið fram með óskir um það, að hið almenna raforkuverð á Íslandi yrði hækkað, til þess að gera það fyrirtæki nokkru fjárhagslega öruggara, sem hann er að lána fé til. Og einmitt nú þessa dagana hafa verið að koma til Alþ. upplýsingar um það, að hin nýja stjórn Landsvirkjunar er að tilkynna rafveitunum hér á sínu svæði um verulega hækkun á rafmagnsverði. Eins og fram kom hér í umr. á Alþ. í dag, þar sem einn rafveitustjórinn hér á Suðvesturlandi gerði grein fyrir þessu, segir hann, að hækkunin á rafmagnsverði í útsölu samkv. þessari

hækkunarkröfu frá stjórn Landsvirkjunar muni nema í kringum 10%. Það bendir því ekkert til þess, að þessi samningur muni leiða, ekki a. m. k. í fyrstunni, til lækkandi rafmagnsverðs fyrir landsmenn, heldur þvert á móti til hækkandi rafmagnsverðs. Og ef litið er á þennan raforkusölusamning meira fram í tímann, verður dæmið sízt betra. Okkur er sagt, að það sé nokkurn veginn föst regla, að það megi búast við, að raforkunotkun muni aukast um helming á hverju 10 ára tímabili. Nú er það svo, að virkjað vatnsafl okkar Íslendinga nú í dag er í kringum 125 þús. kw. Ef við teljum með það afl, sem við eigum í diesel- og túrbínustöðvum, er okkar heildarraforka kringum 150 þús. kw. nú, en við skulum aðeins reikna með þessum 125 þús., sem er virkjað vatnsafl. Þetta mundi þá þýða það, að á næstu 10 árum þyrftum við að fá viðbótarorku upp á 125 þús. kw. og á næstu 10 árum þar á eftir þyrftum við enn að virkja 250 þús. kw. þar til viðbótar eftir þessari reglu eða m. ö. o., eftir 20 ár þyrftum við að hafa viðbótarraforku, sem næmi 375 þús. kw. til viðbótar við það, sem við höfum nú í dag, 375 þús. kw. eftir 20 ár. En hvað eigum við að fá út úr hinni miklu Búrfellsvirkjun, eftir að við höfum samið við alúmíníumhringinn um sölu á ⅔ orkunnar til alúmíníumframleiðslu? Við eigum að fá aðeins 84 þús. kw. eða 84 þús. kw. af þeim 375 þús. kw., sem við þurfum að afla okkur á næstu 20 árum. Það er því alveg augljóst, að á næsta 20 ára tímabili verðum við að ráðast í verulega stórar virkjanir. Og þá erum við búnir að selja á leigu hagstæðustu virkjun landsmanna við Búrfell, þá virkjun, sem á að geta veitt rafmagnið á hagstæðustu verði, við erum búnir að ráðstafa þeirri orku með fyrirframsamningi og verðum auðvitað sjálfir að leita til nýrra virkjunarstaða, sem eru nokkru óhagstæðari. Það er því alveg augljóst, að einnig ef litið er á málið til lengri tíma, er hér ekki um hagstæð raforkuviðskipti fyrir landsmenn að ræða. Það bendir allt til þess, að afleiðingarnar af þessu muni verða þær, að raforkan til landsmanna muni hækka meira en hún hefði þurft að gera, ef landsmenn hefðu ætlað sjálfum sér þann virkjunarstað, sem þarna er um að ræða. Það hefur svo einnig verið upplýst, að þó að við réðumst nú í virkjun við Búrfell fyrir okkur sjálfa upp á 210 þús. kw., sé það ekki meiri framkvæmd út af fyrir sig, miðað við breytta tíma nú, heldur en þær framkvæmdir, sem við höfum stundum áður ráðizt í, þegar við höfum verið í virkjunarframkvæmdum. Ég held því, að það sé enginn vafi á, að við séum ekki að gera fjárhagslega hagstæðan samning með því að semja á þessum grundvelli um raforkusölu til alúmíníumverksmiðjunnar. Ég held því, að fyrsta og aðalröksemdin, sem fram hefur komið hjá ríkisstj. fyrir þessari samningagerð, sé fallin niður og hún fái ekki staðizt.

Ég vil þá víkja með nokkrum orðum að alúmíníumverksmiðjunni sjálfri. Ráðgert er, að verksmiðjan muni kosta kringum 2500 millj. kr. Þar er um mikla fjárfestingu að ræða, ekki sízt, þegar það er haft í huga, að það verður að ráðast í þessa fjárfestingu á sama tíma sem ráðizt er í að reisa Búrfellsvirkjunina, sem sennilega mun kosta kringum 2000 millj. kr. Ég held því, að hér sé um að ræða fjárfestingu, sem verður að fara fram á 2—3 ára tímabili, sem muni nema kringum 4500 millj. kr., en til viðmiðunar má geta þess, að talið er, að öll fjárfesting Íslendinga á einu ári nú sé í kringum 5000 millj. Hér er því um gífurlega mikla fjárfestingu að ræða, sem hlýtur vitanlega að kalla til sín mikið vinnuafl. Talið er samkv. upplýsingum, sem borizt hafa, að reikna megi með því, að á talsverðu tímabili muni þurfa að vinna að byggingu alúmíníumverksmiðjunnar kringum 1200 menn og ætla má, að við Búrfellsvirkjun þurfi að vinna 400—600 menn. Þegar svo er tekið með það fylgilið, sem þessu þarf jafnan að fylgja til ýmiss konar þjónustuverka, er alveg sýnilegt, að hér er um að ræða framkvæmdir, sem kalla á vinnukraft, sem nemur a. m. k. 2000 manns. Það er því ekki nema eðlilegt, að spurt sé um það, hvaðan þetta vinnuafl eigi að koma og hvaða áhrif það mundi hafa, eins og okkar efnahagsmál standa nú, að ráðast í slíka fjárfestingu sem þessa á tveggja til þriggja ára tímabili. Við vitum, að þannig er ástatt nú í okkar atvinnulífi, að það skortir svo að segja alls staðar vinnuafl. Við höfum ekki getað haldið uppi fullum rekstri nema með því að hafa í okkar þjónustu nú á síðustu árum nokkur hundruð Færeyinga og nokkur hundruð annarra útlendinga, sem unnið hafa að verulegu leyti að framleiðslustörfum. Þó hefur ekki verið hægt að koma áfram verkefnum, sem mjög hafa kallað að. Það er ofur eðlilegt, að þegar þannig stendur á í okkar efnahagskerfi, að sjávaraflinn eykst gífurlega frá ári til árs og sem betur fer eykst líka vinnsla aflans, þá vitanlega kallar slíkt á aukið vinnuafl. Það kallar á nýjar framkvæmdir í ýmsum efnum og það kallar einnig á vinnuafl. Bæjarfélög kvarta sáran undan því, að þau fái ekki vinnuafl til þess að þoka sínum framkvæmdum áfram. Það er ekki hægt að vinna að aðkallandi hafnarframkvæmdum víða á landinu. En einmitt þær miklu breytingar, sem orðið hafa í okkar fiskiskipaflota á undanförnum árum, kalla á verulegar framkvæmdir í hafnarmálum. Það á því ekki að þurfa að deila um það, að það er verulegur skortur á vinnuafli við framleiðslustörf og framkvæmdastörf í landinu, eins og nú háttar. En hvað er þá að segja um þessa stóru árganga, sem eru að koma inn á vinnumarkaðinn og sem áttu að vera ein meginröksemdin fyrir því, að það yrði nauðsynlegt, að við leituðum eftir nýjum atvinnustofnunum eins og þessum? Jú, yfirlitsskýrslur, sem birtar hafa verið um fólksfjölgunina í landinu, sýna það, að þjóðinni byrjaði verulega að fjölga eða árgangarnir fóru að stækka upp úr 1940. Þessir stærri árgangar fóru því að koma inn á vinnumarkaðinn á árinu 1955. Þeir hafa haldið áfram að koma inn á vinnumarkaðinn núna s. l. 10 ár og þeir hafa ekki farið stækkandi. Það er því ekkert nýtt hjá okkur, að þessir stærri árgangar hafa verið að koma inn á vinnumarkaðinn. Ég tók t. d. upp til athugunar í þessum efnum, hvernig þessu væri varið, ef maður bæri saman áætlaða fjölgun á vinnumarkaði milli áranna 1964—1965 og svo aftur frá 1965—1966, og tók þá aldursflokkana frá 15—50 ára. Og útkoman varð þessi, að frá árinu 1964 til ársins 1965 bættust við í þessum aldursflokkum frá 15—50 ára 1847 menn. En frá árinu 1965—1966 eða næsta ár á eftir er reiknað út samkv. sömu skýrslu, að þá muni bætast við 1839 eða aðeins nokkru færri heldur en á milli áranna 1964—1965 og þannig er þessu varið. Það er því mesta

blekking að halda því fram, að á næstu árum séu að koma inn á markaðinn alveg óvæntir vinnuárgangar, sem hér muni breyta öllu frá því, sem verið hefur. Við vitum það mætavel, að vinnuaflsskorturinn hefur farið vaxandi núna ár frá ári á síðustu árum, sem er líka ofur eðlilegt á sama tíma sem framleiðsla þjóðarinnar vex jafnmikið eins og hún hefur vaxið og þegar þjóðartekjurnar aukast jafnmikið og þær hafa aukizt. Það er engin leið að koma þessu fram án þess, að það séu fleiri hendur til þess að vinna að þessum verkum. Hér er því ekki um það að ræða, að það sé einhver óvæntur fjöldi að koma inn á okkar vinnumarkað, sem muni leysa *þennan vanda, sem geti risið undir þessum miklu kröf*um, sem stafa frá þessum stórkostlegu framkvæmdum, sem hér eru ráðgerðar. Það þýðir því ekki annað en horfast í augu við það, að ef á að ráðast í þessar framkvæmdir með þeim hætti, sem ráðgert er, verður að draga úr einhverjum þeim framkvæmdum, sem nú er unnið að í landinu. Annaðhvort verður að draga úr sjávarframleiðslunni eða úr iðnaðarframleiðslunni eða það verður að fá fólk frá landbúnaði eða enn öðrum starfsgreinum í landinu. Óðruvísi er ekki hægt að leysa þetta verkefni nema þá með því, sem nú er farið að tala um í vaxandi mæli, að flytja þurfi inn nokkur hundruð útlendinga til viðbótar til þess að standa í þessum stofnframkvæmdum.

Það er að sjálfsögðu rétt, að vinnandi fólki í landinu fjölgar. En reynslan hefur sýnt, að undirstöðuatvinnuvegir landsins eru ekki betur staddir með vinnuafl nú en þeir voru fyrir nokkrum árum síðan. Reynslan hefur sýnt, að stærri og stærri hópur á aldursskeiðinu frá 15 árum upp í 22 ár er bundinn við skólanám en áður var og það er með eðlilegum hætti og stærri og stærri hluti af þjóðinni fer yfir í hvers konar þjónustustörf og því fjölgar ekki í undirstöðuatvinnugreinum landsins. Ég held því, að það geti enginn vafi leikið á því, að þessar stórkostlegu framkvæmdir, sem ráðgerðar eru með þessum samningum, eru stórhættulegar fyrir efnahagskerfið eins og nú er ástatt. Og þessar framkvæmdir geta ekki orðið þjóðarbúinu til hagsbóta út frá því sjónarmiði, að við þurfum að ráðstafa okkar vinnuafli á þennan hátt. Við höfum meira en nægileg verkefni fyrir okkar vinnuafl, og ég er ekki í nokkrum vafa um það, að við höfum meira upp úr því að ráðstafa okkar vinnuafli á annan hátt en selja það í byggingarvinnu til þessara aðila. En hvað er þá að segja um rekstur alúmíníumverksmiðjunnar? Yrði rekstur verksmiðjunnar ábatasamur fyrir landsmenn? Upplýsingar eru gefnar um það, að í þessari verksmiðju muni vinna 500—600 manns. Og að sjálfsögðu ætlar alúmíníumfyrirtækið að borga *þeim, sem vinna í verksmiðjunni*, hliðstæðar launagreiðslur eins og greiddar eru í öðrum atvinnurekstri í landinu. Það er beinlínis gert ráð fyrir því. Það er því alveg augljóst mál, að það að selja vinnuafl, hvort heldur er til beinna byggingaframkvæmda eða til rekstursins, á sama verði eins og annar atvinnurekstur greiðir fyrir vinnuaflið, er enginn þjóðhagslegur vinningur nema um sé að ræða að selja vinnuafl, sem ekki hefði haft full störf að öðru leyti. Því er að vísu haldið fram stundum, að það muni fást meira í íslenzka þjóðarbúið út úr því vinnuafli, sem ráðstafað væri til vinnu í þessari verksmiðju, heldur en ef það vinnuafl færi í okkar eigin atvinnuvegi. Hér er auðvitað um algera blekkingu að ræða.

Það er gert ráð fyrir því, að alúmíníumverksmiðjan greiði skatta í meginatriðum með sama hætti eins og innlendur atvinnurekstur gerir, þó að sérsamningur sé gerður um þessa skattgreiðslu. Verksmiðjufyrirtækið á að hafa rétt til að krefjast þess, að reikningar þess verði lagðir til grundvallar við útreikning á skattgreiðslu fyrirtækisins. Að vísu lofast verksmiðjufyrirtækið til þess að borga fast framleiðslugjald, en það er aðeins greiðsluform. Síðan á að gera upp hina raunverulegu skattgreiðslu eftir því, sem reikningar fyrirtækisins segja til um. Ef reikningarnir sýna, að afgangur hjá fyrirtækinu er lítill, á fyrirtækið ekki að borga nema sáralítinn skatt eða jafnvel engan. En fyrirtækið fær hins vegar rétt til þess að afskrifa eins og önnur fyrirtæki og það fær einnig rétt til þess, ef um ágóða er að ræða, að flytja þann ágóða jafnharðan úr landi. Sá ágóði sezt ekki upp í okkar landi. En hvernig er þessu háttað með okkar innlendu fyrirtæki? Okkar innlendu fyrirtæki verða að borga fyrir sitt vinnuafl eins og þetta fyrirtæki á að vera. Þau verða að borga sína skatta til jafns við þetta fyrirtæki, en þau skilja hins vegar eftir í landinu þann ágóða, sem til hefur fallið í þeirra rekstri, hvort heldur sem er í formi lögleyfðra afskrifta eða beins ágóða, sem fram hefur komið oft og tíðum í alls konar eignamyndun. Það er því auðvitað enginn vafi á því, að innlenda fyrirtækið er þjóðinni miklum mun dýrmætara í þessum efnum heldur en hið erlenda fyrirtæki og **það er miklu hagstæðara fyrir þjóðina að ráðstafa sínu** vinnuafli til innlendu fyrirtækjanna heldur en að selja vinnuaflið á þennan hátt til hins erlenda aðila, sem aðeins borgar fyrir vinnuaflið, en fer með allan þann hagnað út úr landinu, sem út úr vinnuaflinu hefur komið. Auk þess er svo það, að þegar málið er athugað nánar, er hinu erlenda fyrirtæki raunverulega ekki ætlað að borga jafnháa skatta og hinum innlendu. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir því, að hið erlenda fyrirtæki sleppi við að borga alla tolla í sambandi við stofnkostnað fyrirtækisins. Ríkisstj. hefur upplýst, að þessir tollar mundu nema kringum 500 millj. kr. af stofnkostnaði fyrirtækisins, sem áætlaður er 2500 millj. Í fyrsta lagi á að gefa þessu fyrirtæki eftir tolla upp á 500 millj., sem okkar innlendu fyrirtæki verða öll að borga. Og síðan á að gefa þessu erlenda fyrirtæki eftir tolla af rekstrarvörum til verksmiðjunnar. Innlendu fyrirtækin verða að borga fulla tolla af sínum rekstrarvörum. Þegar þetta er athugað, er alveg augljóst, að hið erlenda fyrirtæki greiðir miklu minna til þjóðarbúsins heldur en *innlendu fyrirtækin gera og jafnvel þó að reikningar* þess sýndu eðlilega afkomu og þeir ættu að borga skatt samkv. íslenzkum skattal., er alveg ljóst mál, að þegar allt er athugað, eru heildargreiðslur þessa fyrirtækis til þjóðarbúsins mun minni en heildargreiðslur innlendra fyrirtækja eru. Það er því síður en svo vinningur fyrir okkar þjóðarbú að ráðstafa sínu vinnuafli í leigu til þessara erlendu aðila fram yfir það að beina vinnuaflinu til innlendra atvinnuvega.

En hvað er svo að segja um atvinnuöryggið, sem þessi alúmíníumverksmiðja á að veita í íslenzkum þjóðarbúskap? Hvaða öryggi mundi þetta fyrirtæki veita,

þegar til lengdar lætur? Það gefur auga leið, að eftir 25 ár getur fyrirtækið ákveðið að hætta öllum rekstri. Það gæti verið búið að fá sitt og flytja allan sinn nauðsynlega hagnað úr landi og þá gæti það hætt. Það er ekki skuldbundið til þess að halda rekstrinum áfram. En sá er aftur munurinn, að okkar eigin fyrirtæki, sem rekin hafa verið, leggja yfirleitt með sér nýtt stofnfjármagn til nýrra stofnfjárframkvæmda og á þann hátt auðnast okkur einmitt að halda áfram eðlilegri uppbyggingu í landinu. Þetta hefur komið mjög greinilega í ljós í þeim löndum, sem eru háð á þennan hátt erlendum aðilum að verulegu leyti í sínum atvinnumálum. Það er því síður en svo, að bygging þessarar alúmíníumverksmiðju auki eitthvað á atvinnuöryggi þjóðarinnar, þegar til lengdar lætur. Og þó að ýmsum sé gjarnt að halda því fram, að aðalatvinnuvegur okkar, sjávarútvegurinn, skapi ekki nægilegt öryggi fyrir þjóðina, mega þeir þó fara nokkuð langt aftur í tímann til þess að finna það, að þegar litið er á sjávarútveginn sem heild, hafi hann ekki staðið fyllilega undir sínu í því að leggja í okkar þjóðarbú. Ef við tökum t. d. síðustu 25 árin, kemur í ljós, að okkar sjávarframleiðsla hefur verið að aukast allan þennan tíma, bæði að magni og verðmætum til mikilla muna. Og þó er það svo, að í þeim greinum, þar sem við höfum gert ráð fyrir því, að framleiðsluaukningin yrði sem minnst, eins og t. d. í okkar þorskveiðum, höfum við þó staðið frammi fyrir því fram til síðustu ára, að við Íslendingar veiddum ekki nema rétt um það bil helming af þeim afla, sem veiddur er á Íslandsmiðum af þessari fisktegund. Hinn helmingurinn hefur komið í hlut annarra, sem hafa sótt afla sinn á Íslandsmið.

Niðurstaða mín af þessu, sem ég hef sagt, er í stuttu máli þessi. Ég tel, að raforkusölusamningurinn, sem fyrirhugaður er, sé vægast sagt mjög hæpinn og sérstaklega sé hann varhugaverður, þegar litið er til lengri tíma. Ég held, að það sé enginn vafi á því, að sá samningur muni ekki leiða af sér lækkun á rafmagnsverði fyrir Íslendinga, heldur þvert á móti muni hann leiða til hækkandi rafmagnsverðs. Ég held, að það sé enginn vafi á því, að slík stórkostleg fjárfesting, sem fyrirhugað er með þessum samningum, að fram fari hér á nokkrum árum, sé allt of mikil miðað við þol efnahagskerfisins, eins og það er nú, og það sé á engan hátt hægt að koma slíkri fjárfestingu fyrir, án þess að það gangi út yfir framkvæmdir og rekstur í atvinnuvegum landsmanna sjálfra. Ég held, að það sé heldur enginn vafi á því, að atvinnuöryggi landsmanna aukist ekki við tilkomu alúmíníumverksmiðjunnar, heldur þvert á móti gæti tilkoma hennar orðið til þess að trufla okkar eigin rekstur á hættulegan hátt. En það, sem ég tel þó verst af öllu í sambandi við þessa samninga, er það, að með þeim er verið að fara inn á nýja braut í atvinnumálum landsmanna. Það er verið að skapa hættulegt fordæmi fyrir því að heimila erlendum aðilum að taka þátt hér í atvinnurekstri í landinu og það með sérstökum sérréttindum. Það má að vísu segja, að ef ekki kæmi meira til en bygging þessarar alúmíníumverksmiðju einnar, væri mestur vandinn fólginn í þeim erfiðleikum, sem kæmu upp í sambandi við stofnframkvæmdirnar, því að reksturinn á eftir, sem kallar á 500—600 menn, skiptir hér ekki afgerandi máli. En hættan er fólgin í því, að þegar einu sinni er tekin upp þessi stefna að heimila erlendum auðfyrirtækjum að koma upp atvinnufyrirtækjum í landinu og það jafnvel á kostnað landsmanna sjálfra, verði haldið áfram á þessari braut, það komi nýir erlendir aðilar, sem sækja eftir sams konar fríðindum sér til handa, og þá þurfa ekki að koma fyrir mörg tilfelli, til þess að hinir erlendu aðilar hafi hér orðið úrslitaáhrifin um þróun atvinnumála á Íslandi. Og þá er hætt við því, að efnahagslegt sjálfstæði þjóðarinnar fari að verða valt.

Við Alþb.-menn erum andvígir þessum samningum ríkisstj. við hinn erlenda auðhring um atvinnurekstur í landinu. Við teljum mikla hættu felast í því að veita erlendu auðfyrirtæki sérréttindi til atvinnurekstrar, en álítum, að áfram sé hollast fyrir þjóðina að treysta á eigin atvinnuvegi og treysta á eigin yfirráð og forystu í þeim efnum. Við vörum við hættulegum afleiðingum í efnahagslífi landsins af slíkum stórframkvæmdum á fáum árum, eins og nú er háttað um framkvæmdir og atvinnurekstur, þar sem yfirleitt vantar mjög tilfinnanlega vinnuafl. Við vörum sérstaklega við því vanmati á atvinnuvegum þjóðarinnar, sem fram kemur í þessari samningsgerð ríkisstj., og teljum, að aldrei áður hafi þjóðin haft jafnmikla og góða möguleika til mikilla framkvæmda og framfara, aðeins ef auðlegðir landsins væru hagnýttar og byggt á grundvallaratvinnuvegum landsmanna sjálfra. Við vörum við hættulegum tilhneigingum, sem fram koma hjá ríkisstj. í þá átt að opna allar gáttir fyrir erlendum áhrifum, og þá einnig fyrir þeim áhrifum, sem augljóslega eru hættuleg íslenzkri menningu og sjálfstæði þjóðarinnar, bæði efnahagslegu og pólitísku.

Magnús Kjartansson: Herra forseti. Mér þótti skýrsla hæstv. iðnmrh. ákaflega stutt og efnislítil, ekki sízt vegna þess, að öllu stærri hlutir hafa að undanförnu verið sagðir utan þessara veggja. Þegar síðasta fundi samninganefndanna lauk hér í Reykjavík fyrir skömmu, sendi iðnmrn. frá sér fréttatilkynningu og greindi þar frá því, að nú væri svo komið, að samkomulag hefði tekizt um öll aðalatriði málsins. Í framhaldi af því flutti hæstv. iðnmrh. skýrslu yfir trúnaðarmannasamkundu Sjálfstfl. og kvað endanlega mundu gengið frá aðalsamningi og fskj. á fundi í Sviss í byrjun janúar, að því er Mbl. greindi frá, en sjálfur kvaðst hann mundu undirrita samninginn með fyrirvara mánuði síðar. Það skýtur því ákaflega skökku við, þegar hæstv. ráðh. greindi frá því hér rétt áðan, að hæstv. ríkisstj. væri enn ekki búin að fara yfir þetta samningsuppkast. Mér er spurn, undir hvað ætlar hæstv. ráðh. að skrifa, hvernig getur hann tekið ákvörðun um það núna, áður en hæstv. ríkisstj. er búin að fara yfir málavextina?

Það verður ekki komizt hjá því að líta á þessa stuttaralegu og efnislitlu skýrslu ráðh. sem enn eina tilraun til þess að reyna að komast hjá almennum efnisumr. hér á þingi og meðal almennings, en það hefur verið hæstv. ríkisstj. sérstakt keppikefli frá upphafi vega. Mál þetta hefur alla tíð verið í höndum ríkisstj. og embættismanna hennar einvörðungu, og munu sumir embættismennirnir raunar hafa ráðið mestu um allan gang málsins. Allt til þessa dags hefur engin ákvörðun verið tekin á Alþ. um samningagerð þessa, og engin kjörin þn. hefur fjallað um málið. Alþm. hafa aðeins fengið að fylgjast með gerðum og

ákvörðunum annarra. Gefnar hafa verið skýrslur, munnlegar og skriflegar, nokkrum sinnum auk þess, sem stjórnskipuð n. þm. úr öllum flokkum hefur fengið nánari kynni af málavöxtum. En þessi þmn. hefur ekki að neinu leyti haft ákvörðunarvald og ekki farið sjálf með neina samninga. Skýrslur þær, sem þm. hafa fengið, hafa langtímum saman verið trúnaðarmál, sem ekki var ætlazt til, að rædd væru opinberlega og almenningur fengi vitneskju um, og ég veit ekki betur en fulltrúarnir í þmn. séu enn bundnir þagnarheiti um ýmis atriði. Og ætlun hæstv. ríkisstj. er auðsjáanlega sú að halda þessum vinnubrögðum áfram allt til loka. Á Alþ. Íslendinga er einvörðungu litið sem afgreiðslustofnun. Hér á að lokum að fást formlegur stimpill á verk annarra. Slíkar starfsaðferðir eiga ekkert skylt við eðlileg, þingræðisleg vinnubrögð.

Það er vissulega rétt, sem sagt hefur verið, að 60 alþm. geta ekki átt sæti í samninganefnd og gengið þannig í einstökum atriðum frá jafnflókinni samningagerð og þeirri, sem unnið hefur verið að við svissneska alúmíníumhringinn. En það eru einnig mjög óeðlileg vinnubrögð, að þetta mál komi fyrst til kasta Alþ. sem samningur við tiltekinn, erlendan auðhring. Hér er um að ræða gerbreytingu á meginstefnu í atvinnumálum og efnahagsmálum á Íslandi, fráhvarf frá þeim meginatriðum, sem menn hafa talið sjálfsögð og óhjákvæmileg til skamms tíma, að þróun atvinnuvega á Íslandi eigi að vera í höndum Íslendinga sjálfra, en erlendu fjármagni sé bannaður atvinnurekstur hér. Þegar hæstv. ríkisstj. hafði í hyggju að breyta þessari meginstefnu, bar henni að sjálfsögðu að bera þá hugmynd undir Alþ. í almennu formi, gera till. um lagabreytingar, sem óhjákvæmilegar væru í þessu skyni ásamt fyrirvörum og skilyrðum, sem tryggja ætti hagsmuni Íslendinga. Alþ. bar fyrst að taka ákvörðun um meginstefnuna, áður en farið væri að ganga frá tilteknum samningi. Hið almenna átti að koma á undan hinu sérstaka. Þannig hefur ekki verið á málum haldið, og ég sé ekki betur en ætlun ríkisstj. sé sú að láta almenna lagasetningu halda sér, en leggja samninginn við svissneska hringinn fyrir sem undantekningu, sem verður þá svo risavaxin, að hún yfirgnæfir almennu regluna.

Ástæðan fyrir þessum annarlegu vinnubrögðum er sú, að íslenzk stjórnarvöld hafa frá upphafi einsett sér, að samningar við svissneska alúmíníumhringinn skyldu takast, og því vildi hæstv. ríkisstj. ekki binda sig fyrirfram við neina meginstefnu, sem gæti torveldað henni samningagerðina. Hún þurfti að vita, á hvaða kröfur svissneska hringsins hún yrði að fallast, áður en hægt væri að setja almennar reglur um aðstöðu erlends atvinnurekstrar á Íslandi.

Þær staðreyndir, sem nú blasa við úr samningagerðinni við Svisslendinga, sýna einnig, að almenn lagasetning um réttindi og skyldur erlends atvinnurekstrar á Íslandi hefði orðið að vera næsta kynleg, ef samningurinn við alúmíníumhringinn hefði átt að rúmast innan þeirra. Ég er hræddur um, að hæstv. ríkisstj. hefði átt erfitt með að leggja fyrir Alþ. almennar till. um, að erlendur atvinnurekstur skyldi heimilaður á Íslandi og njóta stórfelldra forréttinda fram yfir íslenzkan atvinnurekstur á flestum sviðum. Hann skyldi fá raforku fyrir brot af því verði, sem íslenzkir atvinnuvegir eiga að greiða, hann skyldi njóta tollfrelsis, meðan íslenzkir atvinnuvegir verða að standa undir þungbærum álögum, hann skyldi fá fastan samning um skattgreiðslur, sem Alþ. hefði ekki heimild til að breyta, hann skyldi fá útkljáð deilumál við íslenzk stjórnarvöld fyrir alþjóðlegum dómstólum, eins og um ríki væri að ræða. Ég er sannfærður um, að engin íslenzk ríkisstj. hefði treyst sér til að gera till. um almenna löggjöf, sem fæli í sér þvílík skilyrði. Enda þarf ekki að gera því skóna, að slíkar hugmyndir hefðu fengið hljómgrunn hér á Alþ. eða verið framkvæmanlegar gagnvart þjóðinni. Þess vegna hefur málið ekki verið lagt fyrir Alþ. í almennu formi, heldur á að tryggja svissneska auðhringnum þessi forréttindi með sérsamningi, sem á að heita undanþága, en er svo risavaxin miðað við okkar aðstæður, að hann yfirgnæfir almennu regluna. Allt gengur þetta í berhögg við eðlileg, þingræðisleg og lýðræðisleg vinnubrögð og breytir engu, þótt þm. sé af náð leyft að fylgjast með einstökum atriðum. Sú afstaða stjórnarvaldanna, að samningar við svissneska hringinn yrðu að takast næstum því hvað sem það kostaði, hefur að sjálfsögðu orðið til þess, að aðstaða íslenzku samninganefndarmannanna hefur frá upphafi verið ákaflega erfið. Ekki skal ég draga það í efa, að þeir hafi lagt sig í framkróka til þess að ná hagstæðum samningum, en viðsemjandinn hefur allan tímann verið sterkari aðilinn af þessum ástæðum og gengið á það lagið. Sú afstaða ríkisstj. að ganga til samninga án þess að mynda sér fyrirfram skoðun um almennar reglur, hefur mótað alla þætti samninganna.

Kjarninn í hinum fyrirhugaða samningi við svissneska hringinn er sala á raforku, og í því skyni ætlum við að ráðast í stórvirkjun á okkar mælikvarða við Búrfell. Eðlileg vinnubrögð hefðu verið þau, að sérfræðingar okkar hefðu gert áætlun um virkjunina, reiknað kostnaðarverð út á venjulegan hátt og gefið síðan svissneska hringnum kost á að kaupa raforku á kostnaðarverði að viðbættum hæfilegum ágóða. En að þessum samningum hefur verið staðið á þveröfugan hátt. Forsendan var sú, að svissneski hringurinn gaf upp það hámarksverð, sem hann væri reiðubúinn til að greiða, 10,75 aura á kwst. En síðan fól ríkisstj. sérfræðingum sínum að reyna að haga fyrirhugaðri Búrfellsvirkjun svo, að kostnaðarverð á raforku yrði í samræmi við hugmyndir hringsins. Af þessum ástæðum var breytt um tekjugrundvöll, þegar lög um landsvirkjun voru samþ. á Alþ. Þar var ákveðið, að í sambandi við Búrfellsvirkjun skyldi fella niður aðflutningsgjöld og söluskatt af öllu efni, tækjum og vélum til virkjunarinnar, en með því var stofnkostnaðurinn lækkaður um 200—300 millj. kr. En til þess að vega upp þennan tekjumissi voru jafnframt felld úr gildi ákvæðin um hámarksverð á raforku, og er ætlunin að leggja mjög stórfelldan neyzluskatt á raforkunotkun landsmanna sjálfra. Þannig á að verða tvöfalt raforkuverð frá Búrfellsvirkjun. Íslenzkir atvinnuvegir og almenningur eiga að greiða um það bil þrefalt hærra verð en svissneski hringurinn. Miðað við 60 þús. tonna alúmínbræðslu mundu þessi forréttindi hringsins nema hátt í 200 millj. kr. á ári.

En hér er ekki aðeins um breytingar á fjáröflunar-

kerfi að ræða. Bandaríska fyrirtækinu Harza Engineering Company International, sem gerði verkfræðiáætlanirnar um Búrfellsvirkjun, var falið að haga þeim svo, að kostnaðarverð yrði í samræmi við hugmyndir svissneska hringsins. Gerði hið bandaríska fyrirtæki áætlun um einfalda rennslisvirkjun í Þjórsá, og var talið, að stofnkostnaður við hana yrði ekki meiri en svo, að samningar við Svisslendinga gætu tekizt. En þótt hið bandaríska fyrirtæki hefði mikla reynslu af virkjunum víða um heim, gerðu sérfræðingar þess sér ekki grein fyrir hinum sérstöku virkjunaraðstæðum á Íslandi. En hér á landi er við að etja mjög stórfelld og næsta einstæð vandamál í ám vegna ísamyndana og aurskriðs, sem geta haft mjög veruleg áhrif á raforkuframleiðslu í sambandi við rennslisvirkjanir. Sættu áætlanir bandarísku verkfræðinganna mikilli gagnrýni, þegar þær sáu dagsins ljós, frá ýmsum þeim íslenzku sérfræðingum, sem bezt þekkja þessi vandamál. Ég minni á álitsgerðir Sigurðar Thoroddsens verkfræðings og Sigurjóns Rists vatnamælingamanns. Eftir allmiklar umræður fór þó einnig svo, að stjórnarvöldin neyddust til að viðurkenna, að óhjákvæmilegt kynni að vera að breyta áætlunum bandarísku sérfræðinganna. Í lögunum um landsvirkjun segir svo í 6. gr., með leyfi hæstv. forseta:

„Landsvirkjun er heimilt að reisa allt að 210 þús. kw. raforkuver í Þjórsá við Búrfell ásamt aðalorkuveitum og gera nauðsynlegar ráðstafanir á vatnasvæði Þjórsár ofan virkjunarinnar til þess að tryggja rekstur hennar."

En hverjar eru þessar nauðsynlegu ráðstafanir og hvað munu þær kosta? Um það hefur ekki verið birt nein greinargerð af hálfu íslenzkra stjórnarvalda og í skýrslu hæstv. iðnmrh. hér áðan var ekki vikið að þessu atriði einu orði. Hér er þó um grundvallaratriði að ræða, þegar meta skal hugsanlegan orkusölusamning við svissneska alúmínhringinn og þögnin um þetta atriði er þeim mun tortryggilegri sem fyrir liggur ný og mikilvæg vitneskja. Hér á landi dvöldust fyrr á þessu ári tveir norskir sérfræðingar, Kanavin og Devik, og rannsökuðu ísamyndunarvandamál á vatnasvæði Hvítár og Þjórsár á vegum Sameinuðu þjóðanna. Þeir gáfu sérstakan gaum að virkjunarvandamálum við Búrfell í sambandi við þær áætlanir, sem gerðar höfðu verið. E. V. Kanavin, sem veitti rannsóknninni forstöðu, skrifaði grein um niðurstöður þeirra félaga í tímaritið Forsekallen, 3. hefti, sem kom út í sept. í haust, en tímarit þetta er gefið út af norsku raforkumálaskrifstofunni og þar segir hann m.a., með leyfi hæstv. forseta, í lauslegri þýðingu:

„Samkvæmt þekkingu þeirri, sem við höfum öðlazt á eðli hinnar óvenjulega miklu ísamyndunar, sem á sér stað í Þjórsá, verður að okkar áliti að ráðast í víðtæk miðlunarvirki sem óhjákvæmilegan hluta af hverri virkjunarframkvæmd á þessu vatnasvæði, ef tryggja á örugga orkuframleiðslu með vatnsafli. Með hefðbundinni virkjun eiga menn á hættu erfiðleika, sem eru svo miklir, að þeir eiga naumast sinn líka í öðrum löndum. Ég vil yfirleitt leggja ríka áherzlu á það, að náttúruskilyrði á Íslandi eru að mörgu leyti svo sérstæð, að það er hættulegt að færa sér umsvifalaust í nyt reynslu eða aðferðir frá öðrum löndum. Þegar nú taka við virkjanir og iðnvæðing landsins, hvílir mesta verkefnið á Íslendingum sjálfum, og undirstöðuna verður að leggja með kerfisbundnum athugunum og vísindarannsóknum."

Norsku sérfræðingarnir telja þannig, að mjög víðtæk miðlunarvirki verði óhjákvæmileg, ef tryggja eigi örugga orkuframleiðslu. Að öðrum kosti vofi yfir hætta á örðugleikum, sem naumast eigi nokkurn sinn líka annars staðar. Í samræmi við þetta benda norsku sérfræðingarnir á það sem lausn í skýrslu, sem þeir hafa þegar afhent Sameinuðu þjóðunum, að ráðizt verði í miðlunarvirki svo sem hér segir: Gerð verði 30 til 40 m há og mikil stífla fyrir neðan Sultartanga, ein lægri stífla í Þjórsá og tvær lægri stíflur í Tungná og enn fremur grjótgarðar út í ána frá báðum bökkum með 600—700 m millibili niður að virkjunarstað. Tillaga þessi er í samræmi við hugmyndir þær, sem íslenzkir verkfræðingar, sem athugað hafa málið, hafa einnig gert sér um lausn þessa vanda. En framkvæmdir þessar munu kosta ekki undir 200 millj. kr., en sú viðbót við virkjunarkostnaðinn raskar að sjálfsögðu öllum fyrri áætlunum um kostnaðarverð á raforku miðað við einfalda rennslisvirkjun, eins og bandaríska fyrirtækið gerði upphaflega tillögur um.

En það eru fleiri atriði, sem ekki eru reiknuð inn í virkjunarkostnaðinn. Eins og kunnugt er, er áformað að koma upp varastöðvum til öryggis, ef truflanir verða við Búrfell, og eru slíkar stöðvar m. a. skilyrði frá alúmínhringnum, því að bræðslan verður að fá örugga lágmarksorku, svo að aldrei storkni í pottunum. Þær stöðvar, sem um er rætt, eiga að kosta 160—180 millj. kr., en sá stofnkostnaður er ekki reiknaður inn í heildaráætlunina, heldur er Íslendingum einum ætlað að bera hann. Er þessi óeðlilegi háttur á hafður til þess að hægt sé að reikna út kostnaðarverð á pappírnum, sem jafngildir hugmyndum hringsins. Þá er augljóst mál, að kostnaðartölur þær, sem reiknað er með í áætlununum, fá engan veginn staðizt vegna verðbólguþróunarinnar á Íslandi. Áætlanirnar eru frá því í febrúarmánuði 1964, en framkvæmdum á ekki að vera lokið fyrr en 5 árum síðar en byggingarkostnaður var reiknaður út. Síðustu 5 ár hefur byggingarkostnaður hækkað um a. m. k. 10% á ári, og sízt mun draga úr þeirri verðbólguþróun, ef ráðast á í stórframkvæmdir þær, sem nú er rætt um. Því munu jafnvel þær heildarkostnaðartölur, sem reiknað hefur verið með, ekki fá staðizt, heldur hækka mjög verulega, vafalaust um 100—200 millj. kr.

Ég vil enn nefna eitt atriði af hliðstæðu tagi. Hvarvetna þar sem alúmínbræðslur hafa verið reistar í nágrenni okkar að undanförnu, hefur verið talið sjálfsagt að búa þær hreinsunartækjum til þess að koma í veg fyrir flúoreitrun á jarðvegi og gróðri í nágrenninu. En svissneski hringurinn tilkynnti íslenzku samninganefndinni, að slíkur hreinsunarútbúnaður yrði þá að vera á kostnað Íslendinga og birtast í lægra raforkuverði, en hreinsunarútbúnaður er talinn kosta um 100 millj. kr. Til þess að losna við þetta vandamál er um það rætt, að alúmínbræðslan verði án hreinsunartækja í námunda við þéttbýlustu svæði á Íslandi, þar sem m. a. er stunduð matvælaframleiðsla til útflutnings. Fæ ég með engu móti skilið, að þar sé um raunsæjar áætlanir að ræða. En allt er þetta til marks um vonlausa baráttu stjórnarvald-

anna til þess að reyna að sanna það á pappírnum, að verð það, sem alúmínhringurinn býður, 10.75 aurar á kwst., sé í samræmi við raunverulegt kostnaðarverð. Þær tilraunir hafa mistekizt fyrir löngu og endanlega nú, þegar fyrir liggur, að óhjákvæmileg eru stórfelld miðlunarvirki fyrir ofan virkjunarstaðinn, og í umr. um þessi atriði hefur það verið athyglisvert, að stjórnarvöldin hafa aldrei fengizt til þess að nefna tölur um kostnaðarverð á raforku frá Búrfellsvirkjun. Um það atriði hefur ríkt óvissa, en í staðinn hefur verið sagt stundum með almennu orðalagi, að tilboð hringsins muni vera fyrir ofan kostnaðarverð. Virðist sannarlega ekki seinna vænna, að hæstv. ríkisstj. geri fullkomna og ýtarlega grein fyrir þessu atriði og dragi ekki undan neina kostnaðarliði. Komi þá í ljós, eins og full ástæða virðist til að ætla, að tilboð svissneska hringsins nær ekki raunverulegu kostnaðarverði, væri fróðlegt að fá skýringar stjórnarvaldanna á því, hvernig samningur af því tagi getur verið hagkvæmur Íslendingum, hvernig hægt er að ætlast til þess, að Íslendingar borgi hreinlega með raforku til hins erlenda fyrirtækis. Sú röksemd heyrist stundum, að hér sé um að ræða afgangsorku, sem Íslendingar þurfi ekki að hagnýta á næstunni og því séu tekjurnar af viðskiptunum við alúmíníumhringinn fundið fé, þótt verðið sé lágt og létti okkur það stórvirki að beizla Þjórsá við Búrfell. En ekki þarf að líta langt fram í tímann til þess að átta sig á því, að þessi röksemd stenzt engan veginn. Af 210 þús. kw. virkjun ætlar hringurinn sér 126 þús. kw., en okkur verða aðeins eftir skilin 84 þús. kw. Raforkunotkun Íslendinga eykst hins vegar mjög ört. Hún hefur tvöfaldazt á hverjum áratug að undanförnu og samkvæmt orkuneyzluspá Raforkumálaskrifstofunnar verða Íslendingar búnir að fullnýta alla þá orku, sem þeim verður eftir skilin frá Búrfellsvirkjun, 1976—1977. Þá yrði ný virkjun að vera komin í gagnið í okkar þágu, þannig að framkvæmdir við hana yrðu að hefjast mjög fljótlega eftir að Búrfellsvirkjun væri lokið. Sérfræðingar telja, að Búrfellsvirkjun sé hagkvæmasta virkjun, sem finnanleg sé á Íslandi, svo að næsti áfangi verði mun dýrari.

Bilið milli þess raforkuverðs, sem Íslendingar eiga að búa við, og þess, sem alúmínhringurinn greiðir, heldur áfram að stækka. Ef kaup alúmínhringsins á umframorku ættu að vera hagkvæm Íslendingum, yrðum við að eiga kost á því að taka þessa umframorku i okkar þágu, þegar er við þyrftum á henni að halda, en því er sannarlega ekki að heilsa. Hringurinn áskilur sér möguleika til þess að halda orkuviðskiptunum í hvorki meira né minna en 55 ár. Þegar að þeim tíma kemur, blasir sú staðreynd við, að Íslendingar verða búnir að beizla alla þá vatnsorku, sem unnt er að nýta í landinu, og verða farnir að leita fyrir sér að öðrum orkulindum. Allan þennan tíma á alúmínhringurinn sem sé að njóta þeirrar virkjunar, sem hagkvæmust er og ódýrust. Oft er talað um, að orka sú, sem í vatnsföllunum býr, sé mikil auðlind fyrir Íslendinga. Hitt má virðast nokkurt álitamál, hvernig rétt sé að meta auðlind þessa til fjár, ef við eigum að fara að stunda sölu á henni til annarra. Á umræðufundi um þessi mál, sem stúdentar gengust fyrir í vor, benti einn ræðumanna, Jakob Björnsson verkfræðingur, á það, að Íslendingar mundu nota raforku til flestra þeirra þarfa, sem raforka er notuð til nú, jafnvel þótt engin vatnsföll væru til í landinu, en við yrðum að flytja inn eldsneyti, eins og t. d. Danir gera. Sé vatnsorkan metin á þessum forsendum, kemur í ljós, að hún er mjög hagkvæm þjóðhagslega, hún sparar okkur svo sem 20 aura á kwst., miðað við það, að við flytjum annars inn eldsneyti. Þetta er hinn hreini þjóðhagslegi ágóði okkar eða ágóðavonir, sem bundnar eru við framtíðina, af þeim vatnsföllum, sem enn eru ekki virkjuð. Sé þessum mælikvarða beitt á samningana við alúmíníumhringinn, kemur glöggt í ljós, hversu óhagkvæm þau viðskipti eru. Jafnvel meðan menn gerðu sér vonir um, að svissneski hringurinn greiddi hærra en kostnaðarverð, voru hugmyndirnar kannske einn eyrir eða brot úr eyri. En eins og áðan var rakið, bendir nú allt til þess, að kostnaðarverðið náist engan veginn. Því felur samningurinn við alúmíníumhringinn það í sér, að ágóðinn af meiri hluta Búrfellsvirkjunar, hinn þjóðfélagslegi ágóði af meiri hluta Búrfellsvirkjunar rennur út úr landinu. Sá stórfelldi möguleiki, sem ég minntist á áðan, kemur erlendu auðfélagi til góða, en ekki okkur fyrr en þá eftir 55 ár.

Vissulega eru mörg vandamál tengd virkjun íslenzkra vatnsfalla, ekki sízt sú staðreynd, að sumar virkjanir okkar verða mjög stórar í samanburði við hið litla íslenzka þjóðfélag og getur því verið um að ræða umframorku, sem við nýtum ekki árum saman. Eðlilegt er, að menn velti því fyrir sér, hvernig unnt sé að leysa þennan vanda. Á það hefur verið bent í þessu sambandi af sérfróðum mönnum, að nú væri tæknilega framkvæmanlegt að leggja sæstreng til Skotlands til orkuflutninga. Um slíkan streng gætum við flutt út afgangsorku, þegar svo stæðu sakir hjá okkur, og annað kastið flutt inn orku erlendis frá. Slík framkvæmd væri mjög mikið og kostnaðarsamt fyrirtæki, einnig í samanburði við þær framkvæmdir, sem nú er rætt um. En engu að síður hefði verið mjög fróðlegt að fá gaumgæfilega skýrslu um þennan möguleika.

Eins og ég sagði áðan, verðum við búnir að taka í notkun alla vatnsorku okkar nokkru eftir næstu aldamót og þurfum þá að hagnýta aðrar orkulindir. Búast má við, að þá verði kjarnorkan umfram allt á dagskrá, en eins og nú horfir, virðist þurfa risastórar kjarnorkustöðvar til þess að skila ódýrri raforku. Slík stöð kynni að verða Íslendingum ofviða, en þá væri hægt að kaupa orku frá slíkri stöð í Bretlandi eða á meginlandi Evrópu. Sæstrengur, sem nú væri lagður til að auðvelda okkur stórvirkjanir, gerði okkur þá kleift að flytja inn orku. Væri fróðlegt að heyra frá hæstv. iðnmrh., hvort þessi möguleiki hefur eitthvað verið ræddur og kannaður af stjórnarvöldunum og borinn saman við samninginn við svissneska hringinn. Í raforkumálum okkar er án efa skynsamlegt að reyna að gera sér einhverja grein fyrir þróuninni marga áratugi fram í tímann.

Ég hef hér einkanlega rætt um raforkuverðið og væntanlega orkusölusamninga við svissneska alúmíníumhringinn, vegna þess að það er hinn efnahagslegi kjarni þessa stórfellda vandamáls, enda þótt málið hafi aðra og mjög veigamikla þætti, eins og hér hefur einnig komið fram að nokkru. En þetta mál er ekki eintóm viðskipti og hagfræði. E. t. v. er það alvar-

legasta staðreyndin, sem nú blasir við okkur í þessu máli, af hvílíku ofurkappi stjórnarvöldin sækja það, að slíkir samningar verði gerðir, jafnvel þótt hinar efnahagslegu hliðar málsins hafi stöðugt orðið óhagkvæmari. Samningarnir virðast hafa verið stjórnarvöldunum sáluhjálparatriði frá upphafi. Í því birtist í verki viðhorf, sem á undanförnum árum hefur orðið æ ljósara í fari valdhafanna, vantrú þeirra á því, að Íslendingar séu þess megnugir af eigin rammleik að halda uppi til frambúðar öflugu og blómlegu þjóðfélagi. Árum saman hefur verið unnið markvisst að því, að Íslendingar tengdust öðrum og stærri heildum, eins og það hefur verið kallað. Í hvert skipti, sem slíkir möguleikar hafa opnazt, hefur mikill áhugi kviknað hjá valdhöfunum, og nægir í því sambandi að minna á löngunina til þess að komast í viðskiptabandalögin í Evrópu. Sú ótrú, sem fram kemur í þessu á möguleikum Íslendinga til þess að tryggja af eigin rammleik öra og hagstæða hagþróun, er háskalegri en allt annað, því að í efnahagsmálum og stjórnmálum er vilji og þjóðleg stefnufesta ekki síður mikilvægt atriði en kaldar, hagfræðilegar tölur. Ótrú valdhafanna á getu okkar er einnig gersamlega ástæðulaus. Við þurfum sannarlega ekki að blygðast okkar í samanburði við aðra fyrir þá efnahagsþróun, sem hér hefur orðið á undanförnum áratugum. Og efnahagslega séð erum við betur færir til þess en nokkru sinni fyrr að ráðast í ný verkefni. Það er vissulega rétt, að við þurfum að gera íslenzkt atvinnulíf fjölbreyttara, taka upp nýjar atvinnugreinar og efla útflutningsiðnaðinn, en á því sviði gætum við án efa fundið fjölmörg verkefni, sem við réðum við af eigin rammleik, án þess að hlíta forsjá erlendra auðfélaga. Ég minnist til að mynda athyglisverðrar greinar, sem Ásgeir Þorsteinsson verkfræðingur birti í Morgunblaðinu fyrr á þessu ári um hugsanlega efnaiðnaðarframleiðslu, sem Íslendingar réðu við. En rannsóknir á þeim sviðum hafa verið vanræktar með öllu, vegna þess að stjórnarvöldin hafa einblínt á erlenda aðila, sem ættu að leysa verkefnin í okkar stað. Þegar farið er að treysta á erlenda forsjá um hin veigamestu atriði, dregur þrótt og þor úr landsmönnum. Þess sjást þegar merki, hvernig þessi afstaða smitar út frá sér. Nú þykir helzt ekki gerlegt að ráðast í nokkra framkvæmd nema með erlendri þátttöku allt niður í bjórbruggun. Hin fyrirhugaða alúmíníumbræðsla er risafyrirtæki á okkar mælikvarða. Ekki verða fundin dæmi um jafn umfangsmikla, erlenda fjárfestingu hjá nokkru fullvalda ríki í víðri veröld. Til samanburðar þarf að leita uppi nýlendur og hálfnýlendur. En í kjölfarið munu koma erlend ítök á flestum sviðum, þar sem ábatavon er að finna. Komist þessi stefna í framkvæmd, mun íslenzkum atvinnurekendum fljótlega finnast þröng fyrir dyrum, enda hlýtur hæstv. ríkisstj. að vera fullkunnugt um hina víðtæku andstöðu við málið meðal atvinnurekenda í sjávarútvegi og fiskiðnaði, þeim atvinnurekstri, sem nú er undirstaða efnahagslífsins.

Ég minntist á það í upphafi, að ég teldi það mjög óeðlilegt, að málið kæmi til kasta Alþ. á þann hátt, sem hæstv. ríkisstj. hefur fyrirhugað, sem fullfrágenginn og undirritaður samningur við svissneska alúmíníumhringinn. Fyrst ber að leggja sjálft vandamálið fyrir Alþ. Íslendinga sem meginstefnu, sem grundvallarbreytingu frá þeirri afstöðu, sem verið hefur í gildi allt til þessa, og ræða það mál gaumgæfilega með þjóðleg og efnahagsleg sjónarmið í fyrirrúmi. Komist Alþ. að þeirri niðurstöðu, að breyta beri þeirri grundvallarstefnu, sem nú er í gildi, og gefa erlendu fjármagni rétt til atvinnurekstrar á Íslandi, þá og þá fyrst er tímabært að leggja fyrir Alþ. þá framkvæmd slíkrar stefnubreytingar, sem felst í samningunum við svissneska hringinn. Ég vil mjög eindregið skora á hæstv. ríkisstj. að hafa þennan hátt á.

Björn Jónsson: Herra forseti. Hér er naumast aðstaða og kannske allra sízt fyrir okkur, sem skipum þmn., til þess að ræða ýtarlega um það örlagaríka stórmál, sem hér er á dagskrá og ég mun því takmarka mál mitt við fá málsatriði og það því fremur, sem tveir hv. síðustu ræðumenn hafa skýrt stefnu okkar Alþb.-manna í þessu máli mjög skilmerkilega. Því hefur verið mjög á loft haldið, að öll málsmeðferð hæstv. ríkisstj. hafi verið með miklum ágætum í sambandi við þetta mál og að í alla staði hafi verið haldið sérstaklega vel á málum af Íslendinga hálfu. Víst er um það, að málið hefur lengi verið á döfinni og margir sérfræðingar hafa verið til kvaddir. Það er líka vitað, að allur undirbúningur er orðinn ærið kostnaðarsamur og að til hans hefur verið varið stórkostlegum fjárupphæðum. Hitt er svo mín skoðun, að í öllum höfuðatriðum hafi verið haldið furðulega illa á spilunum af hálfu hæstv. ríkisstj. Ég vil þó í þessu sambandi undanskilja a. m. k. suma þá þætti samningamálanna, sem verið hafa til meðferðar síðustu mánuðina um þau minni háttar atriði, sem fjallað hefur verið um, eftir að aðalatriðin voru klöppuð og klár og öllum breytingum hafði verið markaður mjög þröngur bás. Sum þessara atriða og jafnvel nokkur, sem verulegu máli skipta, eru enn ekki frá gengin, svo að um þau verður ekki að fullu dæmt. En ég viðurkenni fúslega viðleitni íslenzku samningamannanna að svo miklu leyti, sem ég hef kynnzt þeim, við að færa til betri vegar ýmis samningsatriði undir lok samninganna. En þetta breytir í engu heildarmatinu á því, hvernig hér hefur verið haldið á málum. Sannleikurinn er sá að mínu viti, að íslenzku samningamennirnir hafa lengst af hinum langa samningatíma verið með vinnubrögðum hæstv. ríkisstj. sviptir allri aðstöðu til þess að geta haldið fast á íslenzka málstaðnum. Í því efni vil ég fyrst til nefna þá dæmalausu fásinnu, að ekki sé fastara að kveðið, að tengja stóriðjumálið á þann hátt, sem gert hefur verið, við lausnina á raforkumálum okkar. Viðsemjendunum hefur frá upphafi, þótt ótrúlegt sé, verið fengið það vopn í hendur, að við stæðum uppi svo að segja ráðalausir við að byggja nauðsynleg raforkuver, ef þeir kæmu ekki til sem kaupendur að stórum hluta þeirra orku, sem framleidd yrði.

Ef við hefðum viljað undirbyggja sæmilega samningsaðstöðu, átti það vitanlega að verða okkar fyrsta verk að tryggja fullnægjandi erlent fjármagn til þeirra raforkuframkvæmda, sem okkur er óhjákvæmileg nauðsyn að ráðast í til þess að mæta eigin þörfum. En staðreyndin er sú, að af hálfu ríkisstj. hefur aldrei, hvorki fyrr eða síðar á samningstímanum verið leitað eftir lánum til virkjunarframkvæmda eða lánsloforðum nema í sambandi við stóriðjuframkvæmdirnar. Allur

tækniundirbúningur hefur einnig fyrst og fremst farið fram á þeirri forsendu, að samningar tækjust um byggingu alúmíníumverksmiðjunnar. Í skýrslu stóriðjunefndar til ríkisstj. frá 14. nóv. 1964, bls. 23—28, er að nokkru rakið, hvernig staðið hefur verið að umleitunum um lánsfé til virkjunarframkvæmda. Þar kemur m. a. fram, að fyrsti aðilinn, sem leitað er til um lán, er enginn annar en Swiss Aluminium, sem sjálfur svarar þeirri málaleitun svo, að hann tjáir sér það ekki fært, en býðst hins vegar til þess að útvega 1/3 nauðsynlegs lánsfjár hjá Credit Swiss, ef samningar tækjust um alúmíníumverksmiðjuna. Síðan er leitað til Alþjóðabankans og þá á sömu forsendum fyrst og fremst eða eingöngu. Flestir geta sjálfsagt gert sér í hugarlund, hvort samningsaðstaða okkar hefði ekki verið hagstæðari og raunar allt önnur en reyndin hefur verið, ef Swiss Aluminium hefði verið frá upphafi ljóst, að okkur væru allir vegir færir án þeirra milligöngu um lánsfé til okkar virkjana. Ríkisstj. getur ekki fríað sig af þungri sök af því að hafa með þessu framferði sínu skaðað íslenzka hagsmuni jafnvel meira en með tölum verður talið, og sök hennar í þessum efnum er þó enn þyngri vegna þess, að allt bendir til þess, að hún hafi einmitt haldið þannig á málum til þess að eiga hægara með að blekkja Alþ. og þjóðina á því, að við yrðum, hvað sem það kostaði, að ná samningum um alúmíníumverksmiðju strax af þeirri ástæðu, að raforkumál okkar væru óleysanleg að öðrum kosti.

Þegar þannig er til stofnað, sem hér hefur verið gert, er naumast von, að vel fari, enda hefur framhaldið í aðalatriðum verið í samræmi við upphafið og atburðarás samninganna ráðizt á hinn óhagstæðasta hátt fyrir Íslendinga. Áður heldur en nokkur heildarmynd verður ljós af samningum, samþykkir ríkisstj. að því er bezt verður séð tvö grundvallaratriði, sem vafalaust hefði verið miklum mun hagstæðara fyrir okkur að hafa óbundin allt til þess, að samningar um flest atriði önnur væru komnir að lokastigi. Raforkuverðið sjálft er ákveðið 10.75 aurar á kwst. og staðsetning verksmiðjunnar er ákveðin í þéttbýlinu hér við Faxaflóa. Hvorutveggja þessu er endanlega slegið föstu, áður en samningsdrög hafa tekið á sig nokkra heildarmynd. Næst eða e. t. v. nokkuð samtímis er skattagrundvöllurinn ákveðinn í aðalatriðum. Öll þessi meginatriði eru að mínu viti útkljáð á mjög óhagstæðan hátt fyrir Íslendinga og að því, er sum þessara atriða snertir, án nokkurrar sýnilegrar viðleitni til þess að halda fast á okkar hagsmunum. T. d. hefur það hvergi komið fram, að nokkur tilraun hafi verið gerð til þess að knýja viðsemjandann til þess að staðsetja verksmiðjuna á Norðurlandi, sem auðvitað hefði í alla staði verið hagstæðara fyrir okkur, eins og atvinnulífi okkar er nú háttað, ekki heldur til þess að knýja fram hækkað orkuverð á móti þeim sparnaði, sem viðsemjandinn fengi í sinn hlut með því að staðsetja verksmiðjuna við Hafnarfjörð í staðinn fyrir Norðurland. Öðruvísi höfðust Norðmenn að í þessum efnum með því að vísa hringnum til hálfgildings eyðistaðar í strjálbýli, sem þarfnaðist nýrra atvinnutækja, með sína verksmiðju. Þarf þó ekki að efast um, að Swiss Aluminium hefði talið sér hagstæðara að byggja sína norsku verksmiðju t. d. í Bergen eða nálægt Bergen í fjölbýlinu þar heldur en þar, sem hún er nú staðsett. En Norðmenn sögðu líka í þessu tilviki: Þarna eða ekki. Samt er það svo, að Norðmenn gera hringnum að greiða 20% hærra orkuverð heldur en hér er fyrirhugað og einnig er hann þar skyldaður til þess að koma upp hreinsitækjum vegna hinna eitruðu lofttegunda, sem alúmíníumbræðslu eru samfara, tækjum, sem kosta á annað hundrað millj. kr. a. m. k. Þar í landi geta skattar fyrirtækisins líka orðið allt að 54% af hreinum tekjum, en hér er byggt á reglunni um 33% skatt. Þrátt fyrir þennan gífurlega mun á Husnes-samningunum og þeim, sem hér eru fyrirhugaðir, sættu svo norsku samningarnir gífurlegri gagnrýni og deilum þar í landi og þóttu af mörgum vera hreint stjórnmálalegt hneyksli. En hvað mætti þá hér segja?

Ég mun ekki ræða að sinni frekar um málsmeðferðina, en ég vil árétta það, hversu óhönduglega hefur hér verið á málum haldið, jafnvel þó að við gæfum okkur þá forsendu, að hér væri í sjálfu sér um þjóðþrifamál að ræða. Fyrir slíka frammistöðu ætti sú ríkisstj., sem hér hefur verið að verki, engu fyrr að týna heldur en völdunum.

Eins og hér hefur komið fram, hlýtur sú stefnubreyting, sem hefja á framkvæmd á með samningum um alúmíníumverksmiðju, að hafa hin víðtækustu áhrif á vinnumarkaðinn í landinu. Svo stórt spor, sem ætlað er að stíga strax í upphafi á vegum hinnar nýju stefnu stjórnarflokkanna í okkar atvinnumálum, mun þeirra áhrifa gæta í ríkum mæli þegar í upphafi, þótt önnur kunni fyrst síðar að koma í ljós. Þessi áhrif eru að ýmsu leyti þess eðlis, að það verður að telja nauðsynlegt að gera sér þegar í upphafi sem gleggsta grein fyrir þeim og þeim vandamálum, sem þau hljóta að skapa. Fyrstu áhrif þess að semja um byggingu 60 þús. tonna alúmíníumverksmiðju samhliða stórvirkjun, verða vafalaust gífurleg spenna á vinnumarkaðinum, stóraukin eftirspurn eftir vinnuafli verkamanna og iðnaðarmanna. Stórkostlegur toppur mundi skapast í eftirspurninni, sem síðar mundi lækka, þegar byggingartímanum lyki og starfræksla verksmiðjunnar yrði eina viðfangsefnið í þessu sambandi. Ef ekki yrði að gert, mundu afleiðingarnar verða þær, að hundruð og aftur hundruð af verkafólki mundu skilja við íslenzk atvinnutæki, fyrst og fremst í sjávarútvegi og fiskiðnaði, þar sem opinberar framkvæmdir mega nú teljast í lágmarki í landinu. Meðan á byggingartímanum stæði a. m. k., yrði gjaldeyrisöflun þessa fólks margfalt minni en í hinum yfirgefnu atvinnugreinum og því stórfellt þjóðhagslegt tjón af breytingunni. Það tjón mundi með ýmsum hætti bitna á kjörum íslenzkra vinnustétta. Hitt yrði þó sýnu alvarlegra, að þær atvinnugreinar, sem sérstaklega yrðu fyrir barðinu á vinnuaflsskortinum, mundu ekki eflast og þróast eins og þær ella mundu gera og ekki verða jafnhæfar á eftir til þess að standa undir góðri og batnandi afkomu síns fólks. Verðbólguhjólið mundi snúast með vaxandi hraða og afleiðing þess yrði hvort tveggja, erfiðari aðstaða verkalýðssamtakanna til þess að bæta launakjör sín og versnandi hagur útflutningsatvinnuveganna. Það er því rík ástæða til þess að spyrja, hvernig hæstv. ríkisstj. hyggst snúast við þessum vanda, því að örugglega munu hinir erlendu viðsemjendur vilja búa svo um hnútana, að hvorki framkvæmdir þeirra né virkjun Búrfells verði fyrir nokkrum töfum

eða óþægindum af vinnuaflsskorti. Tvennt virðist mér vera fræðilega mögulegt, annað það, að okkar atvinnuvegir verði yfirbugaðir í samkeppninni í villtu verðbólgukapphlaupi og hitt að opna gáttir fyrir innflutning erlends vinnuafls til þess að halda einhverju jafnvægi á vinnumarkaðinum. Hvorugt virðist mér fýsilegt frá sjónarmiði íslenzkra hagsmuna.

Nú er því haldið fast fram, að fyrir því verði séð, að sjávarútvegurinn verði ekki fyrir neinum búsifjum af þessum sökum. Annaðhvort er sú fullyrðing fram sett gegn betri vitund eða þá að uppi eru á bak við tjöldin fyrirætlanir um stórfelldan innflutning erlendra verkamanna og iðnaðarmanna. Öruggt er, að um þetta hlýtur að hafa verið ýtarlega rætt í samningaviðræðunum við Swiss Aluminium. Og það er ekki ólíklegt, að því fyrirtæki, sem í sjálfu föðurlandi sínu leysir mannaflaþörf sína að verulegu leyti með innflutningi verkamanna úr fátækrahverfum Suður-Ítalíu, þyki sú lausn fullgóð hér á Íslandi. Ég tel, að hér sé um svo mikilvægt mál að ræða fyrir verkalýðshreyfinguna í landinu og raunar þjóðina alla, að það sé eðlilegt að krefjast þess að fá um það skýr svör, hver afstaða ríkisstj. er varðandi þetta efni, hvort hugmyndin er sú, að samhliða erlendum atvinnurekstri í landinu komi einnig til erlent vinnuafl, erlend fyrirtæki og erlent verkafólk samtímis í okkar atvinnulífi. Er hugmyndin hér að stofna til algers tvíbýlis á vinnumarkaðinum, bæði hvað snertir yfirráð atvinnutækja, fjármagn og vinnuafl? Og hverjar skorður verða við slíkri þróun reistar? Við því álít ég tímabært að fá svör nú.

Það er ljóst, að dótturfyrirtæki Swiss Aluminium, sem hugmyndin er, að hér rísi, á að njóta hér á landi allra venjulegra réttinda sem íslenzkt atvinnufyrirtæki væri, íslenzkt hlutafélag væri, auk allra sinna mörgu og stóru sérréttinda, nema þá annað verði sérstaklega tekið fram í þeim aðalsamningi, sem fyrirhugað er, að öðlist lagagildi. Þ. á m. mundi það, ef ekki væri annað fram tekið í þeim samningi, njóta þeirra réttinda að verða virkur þátttakandi í samtökum atvinnurekenda í landinu. Ég vona, að ég bregðist engum trúnaði, þótt ég segi, að ég hef vel rökstuddan grun um það, að það sé ekki ætlun ríkisstj. að leggja hömlur á þátttöku þessa dótturfyrirtækis Swiss Aluminium í atvinnurekendasamtökunum hér á landi. Ef því býður svo við að horfa, getur það orðið fullgildur aðili í Vinnuveitendasambandi Íslands t. d. eða Félagi ísl. iðnrekenda eða jafnvel báðum þessum samtökum. Ef fyrirtækið tæki þennan kost fyrr eða síðar, er það á samri stundu orðið langsamlega stærsti og um leið áhrifamesti mótaðili verkalýðshreyfingarinnar í þessum samtökum. Það yrði fjárhagslega sterkasti bakhjarl atvinnurekendasamtakanna, sem árlega mundi greiða þeim stórfé í iðgjöldum, sennilega varla undir 1 millj. kr. á ári til að byrja með. Jafnframt yrði þetta erlenda fyrirtæki einn stærsti, ef ekki stærsti ákvörðunaraðilinn, ekki aðeins um kjör þess fólks, sem við verksmiðjuna vinnur, heldur einnig við almenna samninga milli samtaka vinnumarkaðarins um kaup og kjör. Áhrif þess á almenna kjarasamninga yrðu ótvíræð og mikil. Þannig hefði hið erlenda fjármagn þegar í fyrstu lotu náð sterkum ítökum til að hafa áhrif á einn mikilvægasta og jafnframt viðkvæmasta þátt okkar innanlandsmála. Skipting okkar þjóðartekna milli fjármagns, íslenzks fjármagns og íslenzks vinnuafls, væri ekki lengur algerlega okkar innra mál, sem við værum frjálsir um að leiða til lykta, óháðir erlendu valdi. Það má svo gera sér í hugarlund, hvernig um erlend áhrif í þessum þætti okkar þjóðmála færi, þegar fram í sækti og hinum erlendu þátttakendum í atvinnurekstrinum í landinu færi fjölgandi í samræmi við þá stefnubreytingu, sem hér er verið að gera.

Spurningin, sem hér hlýtur að vakna og krefst svars, er sú, hvort hér er ætlunin að opna fyrir þá þróun okkar vinnumála, að erlend áhrif vaði uppi í atvinnurekendasamtökunum í landinu og hafi þar jafnvel úrslitaáhrif, að atvinnurekendasamtökin verði í vaxandi mæli gerð að leppum fyrir erlent fjármagn og erlent vald. Þær hættur, sem hér blasa við, eru svo aðeins eitt dæmi þess, hvernig áhrif hins erlenda fjármagns hljóta að þrýsta sér út í hverja grein þjóðlífs okkar af annarri og verða ákvarðandi um þau málefni, sem við allir höfum fram til þessa verið sammála um, að okkur bæri einum að fjalla um. Það er þannig vissulega engin óraleið frá áhrifum í atvinnurekendasamtökunum og til beinna eða óbeinna áhrifa á íslenzk stjórnmál, svo mjög sem þau eru tengd hagsmunabaráttu stéttanna og hagsmunasamtökum þeirra, og hver óskar eftir því, að svo fari?

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Ég skal viðurkenna, að ég gerði mér ekki fyllilega grein fyrir ástæðum, sem til þess lægju, að hv. stjórnarandstæðingar óskuðu nú á þessu stigi málsins eftir umr. um þetta mál. Það er hins vegar alger misskilningur, sem haldið hefur verið fram, að þessi skoðun mín eigi nokkuð skylt við það að vilja komast hjá umr. um málið, og þeir, sem hafa haldið því hér fram í umr., eru bara fákunnandi um það, sem fram hefur farið í þinginu, umr. fyrr og síðar um málið. En ég held nú helzt, að hinir ágætu fulltrúar Alþb. í þmn., sem hefur fjallað um þetta mál, hafi óskað eftir þessu fyrir sitt leyti, til þess að veita einum af sínum varaþm. bara litla jólaglaðningu, svo hann fengi nú að láta til sín heyra þann tíma, sem hann er hér rétt fyrir jólin. Og ég ætla ekki að ergja hann neitt með því að fara að munnhöggvast við hann um það, sem hann hafði fram að færa. Það var að mestu leyti, að mínum dómi, svo langt utangátta, að það er alveg óþarfi. Spurningin er svo aftur um form. Framsfl., hvað honum hafi gengið til og Framsfl. að vilja óska eftir þessum umr. núna. Það fór að kvisast hér í göngum í dag í þinginu, að formanninum væri búið að takast að leggja beizli við alla sína liðsmenn og hann langaði til að fá tækifæri til að lýsa því yfir fyrir jólin líka við þjóðina, að þeir ætluðu að standa allir sem einn á móti þessu máli. En það getur verið nokkur ástæða til þess, þegar svona stendur á, að óska eftir viðræðum til þess að lýsa slíkri afstöðu. Það var hins vegar vitað, að Framsfl. tók þátt í því í fyrra, og lagði til menn í þmn. fyrst stjórnarandstöðuflokkanna, vegna þess að flokkurinn hafði, ég held fyrir réttu ári síðan, eða 6. des. í fyrra, tekið þá ákvörðun, að hann vildi kanna til hlítar þann möguleika að koma upp alúmíníumbræðslu hér á Íslandi. Að þessu vék nú hv. 1. þm. Austf. einnig, en hann taldi þó, að nú á þessu stigi málsins væri einmitt ástæða til þess að vera búinn að átta sig og lýsa því yfir,

að flokkurinn væri algerlega á móti málinu. Samt veit hann, form. Framsfl., frá sínum fulltrúum í þmn., að það er verið þessa dagana að ganga frá samningsuppköstum, frumdrögum að samningum, sem átt hafa sér stað milli samninganefndarmanna, íslenzkra og erlendra, í þessu máli, og alveg næstu daga veit hann einnig, að þessi frumdrög verða afhent í fyrstu mynd sinni fulltrúum Framsfl. í þmn. En einmitt, þegar að þessu er komið þykir ástæða til þess, áður en þetta liggur fyrir, að taka þessa mikilvægu ákvörðun fyrir jólin, að Framsfl. skuli nú vera á móti málinu. Ég get ekki annað en látið í ljós undrun mína yfir þessu, vegna þess að það hefur ekki farið á milli mála, að það hefur verið tilgangur og ætlun ríkisstj., alveg á næstu dögum, svo fljótt sem hún gæti við komið og einmitt í því hléi, sem vitað er um að verður á þingfundum, að láta ekki aðeins fulltrúum í þmn., heldur öllum þm. í té frumdrög að þeim samningsuppköstum, sem samninganefndarmenn hafa komið sér saman um, til þess að mönnum gæfist nægur tími og tækifæri til að hafa uppi gagnrýni sína á þessum samningsuppköstum, ef að því skyldi koma, að ríkisstj. sjálf teldi ástæðu til þess að leggja þau fyrir þingið.

Nú, en þetta er ekki annað en að menn óska að hafa mismunandi aðferðir við málið.

Ég vil hins vegar út af ræðu hv. 1. þm. Austf. aðeins nefna örfá atriði á þessu stigi málsins. Hann segir, að okkur sé vel viðráðanleg bygging raforkuvera án nokkurra tengsla við alúmíníumverksmiðju. Hann veit þó ósköp vel, að lagðar hafa verið fyrir þingið skýrslugerðir og ýtarlegar upplýsingar frá starfsmönnum Raforkumálaskrifstofunnar, sem eru ekkert fremur embættismenn ríkisstj. en annarra þm., í sambandi við raforkuframkvæmdir og áætlanir í þessu landi, sem sýna, að það er engin virkjun okkur jafn viðráðanleg og sú stórvirkjun, sem ráðgerð er við Búrfell í sambandi við stóriðju og þá alúmíníumbræðslu hér á landi. Og allir aðrir virkjunarmöguleikar, sem gerð hefur verið grein fyrir svo tugum skiptir, kosta hundruðum millj. kr. í stofnkostnaði meira en þessi virkjun og hundruðum millj. kr. í rekstrarkostnaði á 10—15 árum en nokkur önnur virkjun. Svo lætur þessi hv. þm. sig ekki muna um að segja hér, að þetta skipti engu máli. Það skipti bara engu máli. Þetta sé allt vel viðráðanlegt og ekkert erfiðara fyrir okkur að ráða við stórvirkjun einir núna við Búrfell en við Sogsvirkjunina á sínum tíma. Það kynni nú að vera, að við hefðum fengið dálitla aðstoð við Sogsvirkjunina á mörgum stigum málsins. Og þetta sögðu nú reyndar sömu mennirnir, sem töluðu hér fyrir hönd Alþb., þó að þeir væru nú ekki afskaplega hrifnir af þeirri aðstoð, sem Ameríkanar veittu Íslendingum í sambandi við virkjunarframkvæmdir og aðrar stórframkvæmdir hér á landi á sínum tíma, bæði í Marshall-aðstoð og í óafturkræfum framlögum og öðru slíku, sem ekki er nú til að dreifa. En þegar menn eru komnir á það stig, að mönnum er bara alveg nákvæmlega sama, þó einhverjar framkvæmdir kosti hundruðum millj. kr. meira og rekstrarkostnaðurinn, sem áætlaður er næstu 10—15 ár, fari einnig hundruðum millj. kr. fram yfir það, sem ella stendur til boða, þá er von, að mönnum sé auðvelt að taka afstöðu til mála og segja: Ég er bara alveg á móti þeim. Það er ekki verið að færa skynsamleg rök fyrir því, af hverju menn eru á móti þeim.

Um vinnuaflsþörfina hefur mönnum orðið mjög tíðrætt. Mér er alveg ljóst, að það er eitt af þeim miklu vandamálum í sambandi við þetta mál, vinnuaflsþörfin hér á landi. Fyrir þessu var gerð ýtarleg grein í skýrslu stjórnarinnar frá því í maí-mánuði, og ég lýsti í þeim umr. áhyggjum mínum einmitt út af þessu atriði. Það var hins vegar ekki þessi gállinn á þessum herrum hér fyrir nokkrum árum, þegar verið var að tala um það, að viðreisnarstjórnin væri að skipuleggja atvinnuleysi í landinu. Þá var verið að tala um móðuharðindi af manna völdum, og að ríkisstj. miðaði allt sitt ráð við það að skipuleggja atvinnuleysi í landinu, enda mundu verða hér þúsundir atvinnuleysingja eftir nokkur ár, ef viðreisnarstjórnin væri hér áfram við völd. Nú er það ekki atvinnuleysið, sem þeim vex í augum, þessum mönnum, nei, það er atvinnan. Það er skorturinn á vinnuaflinu og það er rétt, hér er mikið vandamál á ferðinni. Um það segir hv. 1. þm. Austf., að séu til engar áætlanir. Þær liggja fyrir í skýrslu ríkisstj., sem lögð var fyrir í maí-mánuði, og hann veit það líka, eða á að geta vitað það, í gegnum sína fulltrúa í þmn., að það er verið að endurskoða allar þessar áætlanir um vinnuaflsþörfina, og þessum þm. öllum verða látnar í té fyllstu og nýjustu áætlanir um þetta efni, ásamt með öðrum uppköstum að samningum, sem kynnu að verða lagðir hér fyrir á næstunni og upp úr áramótum. Svo segir þessi hv. þm., að nú sé farið að ráðgera að flytja inn erlent vinnuafl — nú sé farið að ráðgera — og þá sé kominn tími til fyrir Framsfl. að segja, nei, hingað og ekki lengra. Hér sé einhver ný stefna á ferðinni um erlent vinnuafl, sem aldrei hafi verið rædd áður. Nú, það hefur verið flutt inn vinnuafl í landbúnaðinn, það hefur verið flutt inn vinnuafl í útgerðina hjá okkur, og það hefur alltaf verið ráðgert, frá því að þmn. kom á laggirnar, og var í fyrsta uppkastinu frá því í maí, að möguleiki væri á því að flytja inn erlent vinnuafl fyrir alúmíníumverksmiðjuna á grundvelli þeirra íslenzku laga, sem eru fyrir hendi um rétt útlendinga til atvinnu hér á Íslandi. Og aðalatriði þessara l. hafa oft verið rædd í þmn. og eru þau, að félmrh. verður að veita leyfi sitt til þess, að hann verður að fá umsögn verkalýðssamtakanna um þetta, og í framkvæmdinni hefur það alltaf ráðið, aldrei verið gengið á móti þeirra tillögum í þessu sambandi. Það er þess vegna alls engin ný stefna, sem hér hefur verið ráðgerð, og þetta hefur verið ráðgert, en engin athugasemd hefur komið fram um þetta fyrr. Hitt er annað mál, að hið svissneska fyrirtæki og fyrirsvarsmenn þess hafa alltaf sagt, að þeir mundu leggja megináherzlu á það að hafa ekki erlent vinnuafl, heldur íslenzkt vinnuafl, og æfa íslenzkt vinnuafl til þeirra starfa, sem nauðsynlegt er að hafa nokkra æfingu í í verksmiðjunni. En fyrst í stað hafa þeir alltaf viljað áskilja sér rétt til þess að hafa allt að 50 erlenda aðila, sérhæfða menn við reksturinn, og e. t. v. einhverja fleiri fyrst í stað við byggingarframkvæmdirnar.

Þetta var nú ekki geigvænlegra en það eftir því, sem mér er sagt, í Húsnesi í Noregi, sem hér hefur verið vitnað til, að meðan á byggingarframkvæmdum stóð og vinnuaflsskorturinn var þar mestur, höfðu þeir skip

með verkafólki liggjandi við bryggjuna til þess að bæta úr vinnuaflsskortinum, sem var fyrir hendi. Og það kemur fram í skýrslu ríkisstj. frá því í maí, og hefur margsinnis verið áréttað, að vinnuaflsskortur verður mestur, þegar fer saman vinnuaflsþörfin, ef af þessum framkvæmdum verður, við sjálfa byggingu alúmíníumbræðslunnar og við stórvirkjunina við Búrfell, á árinu 1968, um takmarkaðan tíma.

Ég skal ekki spá neinu né fullyrða neitt um það, hvernig bezt eða haganlegast verður að leysa vandræðin, sem af þessum toppi leiðir, en auðvitað er það engin fjarstæða, um takmarkaðan tíma, að erlent vinnuafl yrði tekið til þessara þarfa, ef allt annað yrði stórhættulegt íslenzkum atvinnurekstri, eins og hér er verið að gera skóna.

Annars er þetta ekki nýtt deiluatriði og mér er alveg ljóst, að það er alvarlegt, en ríkisstj. lýsti því líka yfir í skýrslu sinni, að hún mundi ekki aðeins láta fara fram endurnýjaða rannsókn á vinnumarkaðinum, heldur gera ráðstafanir til þess, þegar vinnuaflsþörfin væri mest, að það yrði ekki öðrum íslenzkum atvinnuvegum að tjóni. En þær framkvæmdir er ekki hægt að gera nema í sambandi við áframhald fjáröflunar- og framkvæmdaáætlana ríkisstj. og að sjálfsögðu verður það haft í huga af hálfu stjórnarvaldanna, ef af þessum framkvæmdum verður. Hitt er svo annað mál, að þó það yrði samþ. hér á þinginu, þá er ekki ráðgert, að bygging alúmíníumbræðslu mundi hefjast fyrr en á árinu 1967. Og þörfin fyrir hið mesta vinnuafl yrði ekki fyrr en á árinu 1968. En svo vil ég vekja athygli á því, að enda þótt engin alúmíníumbræðsla verði byggð, þurfum við raforkuver. Og þá þurfum við annars konar raforkuver en við erum nú að byggja, þess konar raforkuver, sem þurfa meira vinnuafl, bæði í stofnkostnaði og í rekstri, miðað við afköstin, en það orkuver, sem hér er verið að tala um. Það er þess vegna algerlega óséð enn, en mun liggja fyrir á sínum tíma, hvað vinnuaflsþörfin eykst mikið vegna byggingar sjálfrar alúmíníumbræðslunnar.

Hv. 5. þm. Austf. sagði alveg réttilega: Reksturinn, þegar að honum er komið, skiptir ekki afgerandi máli, 500—600 manns eftir 6 ár, eftir þá fjölgun, sem orðið hefur á vinnuaflsmarkaðinum á þessum árum, sem þangað til líða, sem eru þúsundir nýrra vinnandi handa. Ja, hvað skyldi það vera? Það skyldi kannske vera eitthvað um 10% af því nýja vinnuafli eða langt innan við það, sem kemur til á þessum tíma, þangað til reksturinn er kominn í gang með fullum afköstum. Fyrst er gert ráð fyrir að byggja 30 þús. tonna verksmiðju, síðan stækka hana um 15 þús. tonn og svo aftur um 15 þús. tonn. Og allur þessi tími getur orðið samanlagt um 4—6 ár, þó ekki lengri en 6 ár, en e. t. v. getur þetta orðið 4—5 ára tímabil. Það er þess vegna alveg rétt hjá hv. 5. þm. Austf., að sjálfur reksturinn getur ekki skipt okkur verulega miklu máli í þessu sambandi. Og ég held, að það sé ekki of mikil bjartsýni að gera sér vonir um, að við getum stýrt okkar málum þannig á tveggja ára tímabili, þegar reksturinn er mestur, að það verði ekki öðrum ísl. atvinnuvegum að tjóni. Það er líka alger misskilningur, að við getum ekki búizt við því að auka framleiðslu okkar nema með fleiri höndum. Þessu er ég reyndar alveg hissa á að heyra jafnreyndan og raunhæfan atvinnurekanda eins og hv. 5. þm. Austf. halda fram og vanan í útgerðinni, sem veiðir nú með helmingi færri mönnum en fyrir nokkrum tugum ára 30—40 sinnum meira magn af fiski, vegna aukinnar tækni. Og alúmíníumbræðsla er ein af þeim atvinnugreinum, þar sem er verulega ráðandi hin nýjasta tækni og þar af leiðandi meiri framleiðni, meiri framleiðsla miðað við færri vinnandi hendur. Mér finnst, að viljinn til að reyna að koma fótum fyrir mál megi ekki leiða menn út í svona bersýnilegar ógöngur í röksemdum fyrir sínu máli.

Að verulegu leyti má segja, að ræður bæði hv. 5. þm. Austf. og 4. þm. Norðurl. e. hafi verið endurtekningar á umr., sem hér fóru fram í vor. Þó hefur ýmislegt nýtt blandast inn í það, og auðvitað er margt af því, sem fram kom hjá þeim, atriði, sem við eigum eftir að ræða og rökræða miklu meira um og deila um, þegar samningsuppköst liggja nánar fyrir, og ég virði það hjá hv. 4. þm. Norðurl. e. að vilja ekki gera neina tilraun til þess að brjóta trúnað um þá vitneskju, sem hann hefur um innihald einstakra greina í samningsuppköstum og sem ég veit, að hann hefur vissar efasemdir um, eins og kom fram í ræðu hans.

Hann vék að þátttöku hins ísl. alúmíníumfyrirtækis, dótturfyrirtækis svissneska fyrirtækisins, í atvinnurekendasamtökum og viðhorfi, sem mundi skapazt gagnvart verkalýðnum hér á landi, miklum áhrifum erlends fjármagns o. s. frv. Hann fór ekkert nánar inn á þetta, en það er óhætt að segja það alveg strax, að um þetta hefur aldrei verið rætt við þessa aðila. Þegar þeir hafa spurt okkur um það, hvert væri viðhorf okkar til atvinnurekendasamtakanna, hvert væri viðhorf okkar til þess, að þeir tækju þátt í atvinnurekendasamtökunum, annaðhvort landssambandi þeirra eða iðnrekendasamtökunum, og þegar þeir hafa viljað fá upplýsingar hjá okkur um viðhorf verkalýðssamtakanna, Alþýðusambandsins og verkalýðsfélagsins, í þessu tilfelli í Hafnarfirði, þá höfum við sagt: Farið þið og talið við þessa menn. Og mér er kunnugt um, að þeir hafa, eins og eðlilegt er, leitað sér upplýsinga hjá fulltrúum verkalýðssamtakanna, bæði Alþýðusambandsins og einstakra verkalýðsfélaga, og átt sínar viðræður við fulltrúa atvinnurekenda, en þetta hefur ekki verið samningsatriði milli okkar, viðsemjenda ríkisstj. og þessa fyrirtækis.

Mér er alveg ljóst, að á þessu hafa menn sjálfsagt mismunandi skoðanir. Ég held því miður, að það sé ákaflega margt rangt og byggt á misskilningi, sem sagt hefur verið hér um raforkumálin. Reyndar má segja, að það væru margir aðrir miklu hæfari mér til að fjalla um jafn teknisk mál eins og þar er um að ræða, en ég held, að það hafi ekki verið hrakið, hvorki af þeim þm., sem hér hafa talað, né heldur af hv. þm. í umr. í vor, sem fram hefur verið haldið af öllum sérfræðingum á þessu sviði, sem stjórnin hefur haft sér til ráðuneytis, og á ég þar fyrst og fremst við Raforkumálaskrifstofuna, að Búrfellsvirkjun í sambandi við alúmíníumbræðslu, eins og ráðgert er, væri sú langhagkvæmasta virkjun, sem við ættum völ á. Og svo skulum við ekki vera með neinar umbúðir í kringum þetta. Ef þetta er langhagkvæmasta virkjunin, getur bara ómögulega verið, að við séum að leika eitthvað af okkur með því að ráðast í

slíka virkjun. Og þessir menn verða bara að koma og sýna fram á, að þetta sé rangt, sem hér hefur verið haldið fram, að þetta sé hagkvæmasta virkjunin. Um það liggja fyrir áætlanir og greinargerðir frá sérfræðingum á þessu sviði. Þess vegna fær það með engu móti staðizt, að raforkusala til alúmíníumbræðslunnar, vegna þessara fyrirhuguðu framkvæmda, leiði til þess, að Íslendingar sjálfir þurfi að borga meira eða dýrara rafmagn í framtíðinni. Þá væri þetta ekki hagkvæmt fyrir okkur. Nei, það leiðir til þess, að hækkun rafmagns verður væntanlega minni en ella mundi verða, en því orða ég þetta þannig, að við höfum undanfarna daga verið að tala um nauðsynlegar hækkanir á raforku hér innanlands, án hliðsjónar af þessu, en sem yrði að vera allverulega miklu meiri, ef ekki yrði af þessari virkjun, þ. e. a. s. í Þjórsá við Búrfell. Þetta er líka alveg ótvírætt, og hefur verið í öllum viðræðum álit þeirra sérfræðinga í fjármálum, sem Alþjóðabankinn hefur sent hingað og ættu að vera óháðir aðilar í þessu sambandi og eru að líta á það, hvað þeim finnst sjálfum hagkvæmt og eðlilegt að lána Íslendingum til þessara hluta. Ja, við höfum ástæðu til þess að ætla, segja þeirra fyrirsvarsmenn, að þið munið fá lán til Búrfellsvirkjunarinnar, eins og hún er ráðgerð. Okkur er ómögulegt að gefa ykkur nokkra fullvissu um það, að þið fengjuð frá Alþjóðabankanum lán til annarra virkjana, sem okkur hafa verið sýndar, enga fullvissu um það. Og allavega eru þær miklu erfiðari fyrir ykkur í upphafi. Því hefur verið haldið fram, eins og ég sagði, að bræðslan mundi fyllilega standa undir sínum hluta af virkjuninni og hér hefur ekkert komið fram með gildum rökum, sem kemur í bága við það. Það er rétt, að verðhækkanir hafa orðið innanlands, sem hafa áhrif á um 30% af áætluðum stofnkostnaði við virkjunarframkvæmdir, frá þeim tíma, sem þær áætlanir voru gerðar og lagðar voru fyrir skýrslur ríkisstj. í vor, en það er enn álit sérfræðinga á þessu sviði, að fyrri áætlanir hafi verið það rúmar, að reikna megi með sama stofnkostnaði og áður.

Að sjálfsögðu fæst betur úr þessu skorið í janúarmánuði, þegar tilboðin eru komin í þessar framkvæmdir, og það var m. a. ein ástæðan til þess, að ég hélt, að þm. þætti æskilegra, að efnisumr. um málið færu einmitt fram, þegar uppköst að samningum lægju fyrir og við sæjum, hvernig við stæðum í sambandi við tilboð í virkjanirnar. Hins vegar hef ég svo sem ekkert á móti því, að við höfum eina æfingu hér í kvöld eins og ég sagði áðan. Ef reiknað er með þeim tölum, sem liggja fyrir frá fyrri tíma, áætlast rekstrarkostnaður 210 þús. megawatta Búrfellsvirkjunar, miðað við eðlilegar afskriftir og fjármagnskostnað, sem næst 180 millj. kr. á ári, að kostnaði af varastöðvum meðtöldum, og tekjurnar af 60 þús. tonna bræðslu í raforkusölunni einni verða um 108 millj. á ári miðað við 2½ mill eða 60% af árlegum gjöldum, sem er sama hlutfall og orkunotkun bræðslunnar í toppi í hlutfalli við framleiðslugetu virkjunarinnar. Þessar staðreyndir liggja fyrir og hafa ekki verið vefengdar. Bygging alúmíníumbræðslunnar gerir því kleift að ráðast í stóra og hagkvæma virkjun mörgum árum fyrr heldur en ella og það kemur fram í hagstæðara verði á raforku innanlands en annars hefði orðið. Tekjurnar af sölu til bræðslunnar einnar munu standa undir öllum erlendum lánum, sem til Búrfellsvirkjunar þarf að taka. Það hefur verið talað um 25 ára lán til Búrfellsvirkjunar, og þá er bræðslan búin að borga öll erlendu lánin til þessarar virkjunar að þeim tíma liðnum.

Auðvitað má alltaf metast um það, hvort þetta er nægjanlega hátt rafmagnsverð eða ekki. Og það er vitnað til þess, að Norðmenn selji raforku sína á 3 mill í staðinn fyrir 2½ mill eða 20% hærra o. s. frv. Menn sækjast kannske frekar eftir raforku í Noregi heldur en hér nyrzt á hjara veraldar, eins og við tölum stundum um og það hefur auðvitað nokkur áhrif í öðrum kostnaði, svo að ég tali nú ekki um, að það hefur auðvitað sín áhrif líka, þegar verið var að tala um í fyrra og semja við þessa menn um bræðslu fyrir norðan, þegar allt var umlukið af ís. Menn mega ekki alveg loka augunum fyrir svona staðreyndum. Það er ekki víst, að menn vilji alveg koma hingað með jafnglöðu geði og með jafnhægu móti eins og til annarra staða. Hins vegar er ekki um aðra staði að ræða í Evrópu en Noreg nú, þar sem þeir geta fengið raforku með kjörum, sem þeir sætta sig við, og svo hér. Norðmenn leggja mikið kapp á að auka sínar raforkuframkvæmdir með alveg sérstökum hraða og mér er kunnugt um, að það er mjög deilt um það í Noregi, hvort það sé rétt, hvað þeir halda raforkuverðinu uppi eða hvort þeir eigi að lækka það úr þessum 3 mill. Og það kynni kannske svo að fara, áður en við erum búnir að ljúka þessum umr., að eitthvað hefði skeð í því efni og það er vegna þess, að Norðmenn eru hræddir um, að þeir séu að missa af strætisvagninum. Þeir þurfa að flýta sér að virkja fallvötnin, meðan raforkan er ekki orðin ódýrari annars staðar frá kjarnorkuofnum eða einhverjum öðrum orkugjöfum, sem ég kann nú ekki að greina. Og eitt er víst, að Svisslendingarnir eru þegar byrjaðir samninga við þetta sama fyrirtæki, við þýzkt fyrirtæki um að reisa alúmíníumbræðsluna með raforku frá kjarnaofnum nú þegar. Það getur tekið nokkuð langan tíma, en þeir eru byrjaðir þessar viðræður og þeir keyptu á s. l. sumri til helminga á móti 7—8 öðrum áströlskum fyrirtækjum báxítnámur í Ástralíu og þeir ætla sér að flytja báxítið þaðan, þegar búið er að vinna úr því alúmína, hingað til Íslands í bræðsluna, af því að enn sem komið er borgar sig að flytja það alla leið hingað, af því að þeir hafa ekki sambærilega orku í Ástralíu. En þau gerðu alveg grein fyrir því, áströlsku blöðin, sem ég sá í sumar, að þeir mundu áreiðanlega innan skamms tíma setja þarna upp bræðslu, þegar raforka til bræðslunnar frá öðrum orkugjöfum stæðist samanburð við vatnsaflsvirkjanir og sparaði þeim þann mikla kostnað, sem af því leiðir að keyra alla leið norður í Ísahaf frá Ástralíu, kringum hálfan hnöttinn.

Það er náttúrlega ekki hægt að fullyrða um þetta, en sérfræðingar á þessu sviði og alveg sérstaklega norskir hafa varað sínar landsstjórnir við að verða ekki of seinar að hagnýta vatnsaflsvirkjunina og eins hafa sérfræðingar aðvarað okkur, því að um það eru menn sammála, að ef búið er að byggja vatnsaflsvirkjun og tækifæri fæst til þess að afskrifa virkjanirnar á 10—20—25 árum, er engin orka, sem vitað er um í heiminum í dag, ódýrari en frá afskrifuðum vatnsaflsvirkjunum.

Það hefur verið endurtekið hér tvisvar til þrisvar í

umr. að við höfum samið til 55 ára. Samningstíminn er 25 ár, sem talað hefur verið um, frá fyrsta virkjunarstigi, og síðan tveir 10 ára valkostir til viðbótar þar frá af beggja hálfu, til 35 ára og 45 ára. Þetta þýðir sem sagt frá fyrsta stigi 45 ára samningur, en frá því stigi, þegar alúmíníumbræðslan hefur náð fullum afköstum, 39 ára samningstími. Hins vegar er mönnum sennilega kunnugt um, að við höfum rætt um það við þá, að þeir fengju einhvern tíma, þegar samningstíminn væri liðinn, til þess að hagræða sínum hlutum til brottflutnings eða á annan hátt, en vinnsluréttindi hafa þeir engin eftir þennan tíma, 39 eða 45 ár. Þeir hafa viljað semja við okkur um að halda bræðslunni áfram lengur. Það er, held ég, ekkert leyndarmál heldur. Við Íslendingar gætum þá eignazt svo og svo mikið af henni, þriðja part eða helminginn, eftir þann tíma. Það hefur verið okkar skoðun, sem í þessum samningaviðræðum höfum staðið, að aðstaða Íslendinga væri slík þá, að það væri langbezt að tala ekkert um þetta þá, þeir hefðu öll ráð í sinni hendi, gætu þá alveg eins eignazt meira en þriðja part af verksmiðjunni eða helminginn, ef þeir óskuðu að halda áfram alúmíníumbræðslu í einhverri samvinnu við þá og þannig standa þessi mál. Ég vil leiðrétta þennan misskilning um samningstímann.

Ég skal svo ekki þreyta hv. þm. með meiri umr. um þetta núna. Það var alveg af ásettu ráði, sem ég hafði *mína skýrslu stutta, því að ég bjóst ekki við, að menn* óskuðu eftir að endurtaka umr. frá því í vor. Ég gat vel skilið það, ef menn vildu gefa einhverjar sérstakar yfirlýsingar um breytt viðhorf í málinu. Það er skiljanlegt út af fyrir sig, og í mínum huga mundu þá í þeim efnisumr., sem fram fara hér fyrr eða síðar um samningsuppköstin, einstakar greinar margháttaðra og töluvert flókinna samninga koma til athugunar eins og ég sagði í fyrri ræðu minni í marzmánuði. Þm. ættu þá að geta verið búnir að hafa þessi skjöl á milli handa mjög lengi. Menn geta auðvitað alltaf gagnrýnt meðferð svona máls, sem er í eðli sínu samningur, og sagt: Það er lagt fyrir þingið í því formi, að það verður að velja eða hafna. Þetta er alveg rétt. En svona er það um alla samninga. Þess vegna höfum við verið að reyna að gera *okkar ýtrasta til þess að fá fram sjónarmið og viðhorf* þm. áður í þmn. og auðvitað allra þm., eftir að þm. geta haft málið til meðferðar, að vísu í trúnaði, og koma þannig fram aths. sínum við einstakar gr. alllöngu áður en málið yrði opinberlega lagt fram í Alþingi.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Það eru aðeins fáein orð út af því, sem hæstv. ráðh. beindi til mín, en annars mun ég halda mig við að ræða þau atriði, sem fólust í minni fyrri ræðu og ekki færa umræðusviðið út að þessu sinni.

Það er að heyra á hæstv. ráðh., að honum finnist mjög óviðeigandi, að hann hafi verið beðinn um að gefa skýrslu um þetta mál á Alþ. eins og það liggur nú fyrir. En á hinn bóginn er það víst þannig vaxið, að hæstv. ráðh. hefur þótt afar eðlilegt að gefa skýrslu um þetta í Varðarfélaginu og í fulltrúaráði sjálfstæðisfélaganna í Reykjavík. Hitt finnst honum óeðlilegt, að um þetta mál eigi að ræða á Alþingi Íslendinga. Og hæstv. ráðh. óvirðir Alþ. með því að segja annað eins og þetta: „Mér er þó sama, þó að við höfum hérna eina æfingu í kvöld.“ Þetta er óvirðing við Alþ. Ég er alveg sannfærður um, að þm. eru sammála mér um, að þetta sé óvirðing við Alþ. að taka svo stráksleg til orða.

Hæstv. ráðh. þarf ekkert að undra, þó mönnum finnist full ástæða til þess að fá viðbótarskýrslu frá honum um þetta mál hér á Alþ. eftir þær fréttatilkynningar, sem komið hafa fram, og eftir að hann hefur rætt þessi mál við hinn og annan félagsskap úti um borgina, eins og hér hefur verið rakið. Ráðh. hefði því átt að taka því með fullkominni stillingu og á eðlilegan hátt. Hæstv. ráðh. hefur gefið út svo hljóðandi fréttatilkynningu um þetta mál, með leyfi hæstv. forseta:

„Dagana 1.—3. þ. m. hafa farið fram samningaviðræður milli fulltrúa ríkisstj., Swiss Aluminium Limited og Alþjóðabankans um byggingu alúmíníumbræðslu í Straumsvík og er þetta *framhald fyrri umr.* þessara aðila. Eftir þessa fundi er málið komið á það stig, að samkomulag hefur náðst í viðræðunum um öll meginatriði málsins.“

Svo er hæstv. ráðh. alveg steinhissa á því, að þm. skuli óska eftir viðræðum um þetta málefni hér á Alþ. Að það skuli ekki vera nóg fyrir hann að fara með þetta í Varðarfélagið og fulltrúaráð Sjálfstfl. í Reykjavík. Það skuli ekki vera talið nægilegt. Ég skal lesa áfram, með leyfi hæstv. forseta, það er síður en svo ástæða til að draga það undan. Síðan kemur:

„Það, sem næst liggur fyrir, er að ganga frá samningsuppkasti með margháttuðum fskj., og munu lögfræðingar aðila vinna að því í þessum mánuði. Ráðgert er að halda síðan fund um málið eftir áramótin til þess að ganga endanlega frá samningsuppköstunum.“

En þessi setning kom áður: „Eftir þessa fundi er málið komið á það stig, að samkomulag hefur náðst í viðræðunum um öll meginatriði málsins.“ Hvað vilja menn hafa það meira? Og við vitum, að þetta er rétt, og við heyrðum einnig það, sem hv. 5. þm. Vesturl., Benedikt Gröndal, sagði hér áðan, þar sem þetta kom alveg ótvírætt fram, nema bara enn skýrara heldur en hjá hæstv. ráðh., sem virðist vera að draga ofurlítið í land af tilkynningunni.

Hæstv. ráðh. þarf ekki að vera hissa á því, þó að *menn vildu fá viðbótarskýrslu frá honum um þetta mál.* Það var alveg eðlilegt og sjálfsagt. Og það var vitaskuld m. a. gert til þess að vita, hvað hæstv. ráðh. vildi segja Alþ. um það, sem hefði komið nýtt inn í málið frá því, að hann gaf skýrsluna síðast. Beinlínis til þess að fá fram heildarmynd hér á Alþ. um það, sem ráðh. vildi láta uppi á þessu stigi. Hann lét þá uppi æðimörg atriði. Vafalaust hefur eitthvað talsvert gerzt síðan og ýmis efnisatriði bætzt við, en ráðh. kaus það nú að gefa hv. Alþ. og þar með þjóðinni engar upplýsingar um það, hvað hefði bætzt við. Ég tók ekki eftir því, að það væri nokkurt efnisatriði nýtt, sem hann gaf skýrslu um. En vafalaust hefur þó ýmislegt gerzt, og raunar vitum við þm., að ýmislegt hefur gerzt, því að okkur hafa verið gefnar upplýsingar um það sem trúnaðarmál. En hæstv. *ráðh. sér ekki ástæðu til þess að gefa þá skýrslu hér á hv.* Alþ. og það finnst mér mikill galli. Mér finnst, að hann hefði átt að bæta við skýrsluna frá í vor þeim efnisatriðum, sem kynnu að vera ný í því, sem nú hefur verið ráðgert, og þá hefðu menn heildarmyndina, og allir fengju um það að vita, sem gerzt hefur.

Ég vil mjög finna að því, að hæstv. ráðh. skuli leyfa sér að tala í þessum tón um þá sjálfsögðu ósk, að hér færu nú fram umr. og hann gæfi skýrslu.

Þá vil ég einnig taka fram, að það er mjög eðlilegt, að nú komi afstaða manna fram um málið. Nú er búið að athuga það frá öllum hliðum og alveg niður í kjölinn og öll efnisatriðin liggja fyrir samkv. því, sem hæstv. ríkisstj. hefur upplýst, og það er ekki eftir neinu að bíða, að menn gefi upp afstöðu sína eins og hér hefur verið gert. En fram að þessu hefur þetta ekki legið, að því er talið hefur verið, efnislega fyrir til fulls. En nú er ekki eftir neinu að bíða með að gefa afstöðuna upp, enda mjög nauðsynlegt fyrir hæstv. ríkisstj. að vita alveg, hvernig málin standa, áður en hún heldur áfram með málið, ef hún er ekki sjálf endanlega búin að skuldbinda sig neitt, eins og nú er helzt að heyra á hæstv. ráðh., þó að fréttatilkynning ráðun. gæfi fullkomna ástæðu til þess að álíta, að ríkisstj. hefði skuldbundið sig í málinu. Mér finnst sízt ástæða til þess fyrir hæstv. ríkisstj. að finna að því, þó að hún fái nú að vita, hver afstaðan er.

Þá er annað atriði, sem ég þarf að minnast á, og það er varðandi virkjanirnar og samband þeirra við alúmínfyrirætlanirnar. Ég hélt því fram áðan, að það væri mjög vel viðráðanlegt og hagfellt að virkja við Búrfell án alúmíníumverksmiðju. Og ég hygg, að um það verði raunar ekki deilt, ef menn vilja byggja á skýrslum þeirra sérfræðinga, sem um það hafa gefið álit, og á þeim verðum við vitaskuld að byggja.

Og ég er ekki einn um þessa skoðun eða við Framsfl.-menn, því það kom mjög greinilega fram hjá talsmanni hæstv. ríkisstj. í raforkumálum, raforkumálaráðh. Ingólfi Jónssyni, í umr. í vor, að hann var einnig þessarar skoðunar fullkomlega og lagði á það mikla áherzlu. M. a. sagði hann í þingræðu 4. maí í vor, „eftir að við höfum lesið þessa töflu, kemur það í ljós, að Búrfell sé langhagstæðast. Hvort sem við virkjum það án alúmíníumverksmiðju, 70 þús. kw., eða fullvirkjum 210 þús. við Búrfell, verður Búrfellsvirkjun miklu hagstæðari.“ Hann fullyrðir, að það sé langhagstæðasta virkjunin hér, hvort sem virkjað er í sambandi við alúmíníumverksmiðju eða án hennar. Og ráðh. gengur miklu lengra í þessu, því að hann segir einnig um raforkuverðið og um fjárhagsgrundvöllinn, að það sé lítið eitt dýrari raforka fyrstu árin eftir að stórvirkjunin yrði gerð, ef það yrði án alúmíníumverksmiðju, lítið eitt, segir hæstv. raforkumálaráðh., dýrara fyrstu árin, ef það yrði gert án alúmíníumverksmiðju. Og þá reiknar þó hæstv. ráðh. áreiðanlega ekki með inn í það dæmi hugsanlegri áhættu vegna verðlagsbreytinga, sem gætu orðið af því að gera þann samning, sem fyrirhugaður er. Þetta segir félagi hæstv. ráðh. í ríkisstj. um þessi mál og byggir það á þeim sérfræðingum, sem hann hefur látið vinna fyrir sig, sömu mönnunum, sem við byggjum á okkar álit á þessu máli.

Þá var hæstv. ráðh. jafnvel að gefa í skyn, að það væri úr lausu lofti gripið hjá mér, að það væri viðráðanlegt, að Íslendingar gætu virkjað hagkvæmt án þess að hnýta þar við alúmíníummál. Var að gefa í skyn áðan, að Íslendingar hefðu alltaf verið nú upp á síðkastið í sambandi við virkjun, háðir alúmínmálinu. En hvað er um þetta að segja? Ég vil nú lesa hér eina setningu úr skjali frá sjálfri ríkisstj. Það er álit sjálfrar ríkisstj. um þessi efni og þar stendur þetta í upphafi greinarg. fyrir frv. um Landsvirkjun. Það eru orð hæstv. ríkisstj. sjálfrar, sem ég ætla að vitna til í þessu falli og sem hæstv. ráðh. getur svo hugsað um, en þau eru þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Að hefja virkjun í stórám landsins er að vísu mikið átak, en þó tæplega meira en fyrsta virkjun í Sogi var á sínum tíma.“ En hvenær var fyrsta virkjun gerð í Sogi? Hún var gerð á kreppuárunum fyrir stríðið. Og hvaða aðstoð fengum við til þess að gera þá virkjun? Enga, aðeins lán, og hver eyrir borgaður til baka. En nú á allt í einu að fara að halda því fram, að það sé ekki mögulegt fyrir Íslendinga að sjá sínum virkjunarmálum farborða, án þess að setja þau í samband við alúmínmálið.

Við höfum ævinlega haldið því fram, að það hafi komið í ljós skýrt og greinilega, að þessi mál sé mjög vel hægt að aðskilja. Og þetta, sem ég hef nú vitnað til, er álit manna í stjórnarherbúðunum sjálfum, sem þaðan hefur verið gefið út um þessi mál og sem þeir ættu sannarlega að muna eftir.

Ég verð líka að segja, að mér finnst leggjast heldur lítið fyrir hæstv. ríkisstj., ef nú á að fara, eftir allt, sem þeir hafa sagt um bætt lánstraust út á við og annað þar fram eftir götunum og bætta stöðu landsins, — á að fara að bjóða okkur upp á þá röksemd, að Íslendingar hafi ekki verið þess megnugir að fá lán til þess að virkja hagstæðustu virkjun landsins. Því það hefur verið upplýst úr herbúðum ríkisstj., að Búrfell án alúmínvers sé hagstæðasta virkjun landsins. Á svo að fara að telja okkur trú um það hér, að staða Íslands sé þannig, að það geti ekki einu sinni fengið lán eða fyrirgreiðslu erlendis til þess að koma slíkri virkjun í framkvæmd. Ég held, að það þurfi að endurskoða eitthvað þennan málflutning, eins og hann kom fram hjá hæstv. ráðh.

Að lokum vil ég svo aðeins segja örfá orð um vinnuaflsmálið. Ég hélt því fram, að þar væri um nýja stefnu að ræða, þar sem nú væri farið að gera ráð fyrir fullum fetum að flytja inn erlent verkafólk og sem raunar kom greinilega fram hjá hæstv. ráðh. hér áðan, því að vitaskuld bar hann alls ekki á móti því, að það stæði til að flytja inn erlent vinnuafl. Þvert á móti lagði hann kapp á að halda þeirri leið fullkomlega opinni. En ef menn lesa þær skýrslur og grg., sem við höfum fengið um þetta mál fram að þessu, hafa allar ráðagerðir byggzt á því, að innlent vinnuafl yrði notað nema að því, er tæki til fárra sérfræðinga.

Og það er því nýtt, að farið er að ráðgera að byggja hér á erlendu vinnuafli við að koma upp slíkri verksmiðju. Það er ný stefna. Það er ný stefna að flytja inn erlent vinnuafl til þess að byggja erlend fyrirtæki á Íslandi. Það hefur aldrei verið gert, er algerlega nýtt og stendur allt, sem ég sagði um það efni. Og ég vitna svo til þeirra varnaðarorða, sem ég lét falla í kvöld í því sambandi, og sé ekki ástæðu til þess að endurtaka þau.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Ég kvaddi mér aðeins hljóðs út af þeim furðulegu ummælum, sem hér áttu sér stað hjá hv. 1. þm. Austf. í sambandi við þá fréttatilkynningu, sem var gefin út af iðnmrn. Ég er líka alveg sannfærður um, að hefði engin fréttatilkynning verið birt, var áreiðanlega eitthvert

laumuspil, áframhald af laumuspili, ekkert að segja frá því, sem verið er að gera. En þegar fréttatilkynning er birt, er verið að gera mikið úr því og reynt að láta liggja að því, að í henni liggi allt annað heldur en í henni liggur, þó að þessum hv. þm. sé alveg fullkunnugt um, hvernig aðstæður eru við þessar samningaumleitanir. Og það vil ég leggja áherzlu á, að umr. um það er óskað hér í þinginu á því stigi málsins, þegar þm. vita — ekki aðeins þeir, sem eru í þmn., heldur allir þm., stjórnarandstöðunnar líka — að það er dagaspursmál, hvenær þeir fá í hendurnar uppköstin, sem samningamenn ríkisstj. hafa verið í, og þeir vita líka, að ríkisstj. hefur ekki sjálf á þessu stigi málsins tekið afstöðu til þeirra mála. Ég vil þess vegna alveg frábiðja mér, að hv. þm. geri það vísvitandi að reyna að leggja meira inn í og rangtúlka það, sem engin ástæða er til að rangtúlka, og þeir vita miklu betur um heldur en hv. 1. þm. Austf. vill vera láta í þessu sambandi. Og hann er að gera því skóna, að það væri nauðsynlegt fyrir ríkisstj. að fá að vita um hans skoðun núna, af því að hún þyrfti að binda sig. Hún skyldi þá líklega hafa haft frumkvæðið að því sjálf að reyna að fá að vita um hans skoðun, en ekki að þurfa að láta hann hafa vit fyrir sér, hún hefur ekki þurft það fram að þessu að láta þennan hv. þm. hafa vit fyrir sér.

Nei, ég held, að hv. þm. öllum hljóti að vera algerlega ljóst, hvernig í málinu liggur og þm. muni við fyrsta tækifæri fá þessi uppköst af samningunum í hendur og þá munu þeir, eins og hér kom fram í minni ræðu í kvöld, alveg á sama hátt og ríkisstj. — þá munu bæði ríkisstj. og Alþ. — taka sínar ákvarðanir um það, áður en málið er lagt inn í Alþ., hvort undirritaður verði samningur, eins og ævinlega er venja, þegar samningar eru undirritaðir með fyrirvara um samþykki Alþ. síðar.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Hér hafa orðið nokkrar umr. um það, hvað legið muni hafa til grundvallar því, að óskað var eftir, að gefin yrði skýrsla hér að þessu sinni um þetta stórmál. Og hæstv. iðnmrh. fann það helzt út, að við Alþb.-menn mundum hafa óskað eftir skýrslunni til þess að geta gefið einum okkar þm. kost á því að halda ræðu hér, en þeir framsóknarmenn mundu hafa óskað eftir skýrslunni, til þess að þeir gætu nú þegar sagt til um afstöðu sína til málsins. Ég furða mig á því, að hæstv. ráðh. skuli ekki sjá, hversu eðlilegt það er, að óskað var eftir því, að hann gæfi skýrslu um málið nú. Það er engin leið að deila um það, að það hafi orðið þáttaskil í þessu máli nú. Þegar hann skildi síðast við málið hér á Alþ., lá málið fyrir aðeins á viðræðustigi, og eins og ég minntist hér á í minni fyrri ræðu, var það þá undirstrikað, að það væri allsendis óvíst, að um nokkra samninga væri að ræða. Málið var þá ekki komið lengra áleiðis. En nú liggur það hins vegar fyrir samkv. yfirlýsingu frá ríkisstj. sjálfri, að hún telur málið vera komið á lokastig og þegar hafi náðst samkomulag um öll meginatriði þess. Þegar málið var komið á þetta stig, töldum við Alþb.-menn, að það væri sannarlega kominn tími til þess, að umr. yrðu hér á Alþ. um meginefnið í þessu máli, þ. e. a. s. um þá principafstöðu, hvort ætti að gera slíka samninga, sem hér er verið að reyna að ná samkomulagi um. Við höfum ekki óskað eftir því, að nein sérstök samningsuppköst yrðu rædd hér grein fyrir grein. Við gerum okkur fulla grein fyrir því, að málið liggur ekki þannig fyrir nú. En við töldum ekki óeðlilegt, að áður en gengið verður frá samkomulagi milli ríkisstj. og hins erlenda aðila og það jafnvel undirskrifað af hæstv. ráðh., þótt með fyrirvara sé, sé málið rætt hér á Alþ., þannig að skýrt komi í ljós, hvaða ástæður liggja til þess, að okkur þyki rétt að gera slíka samninga sem þessa. Ég tel því, að það, sem eðlilegast hefði verið í þessum umr., sé það, að frekari rökstuðningur hefði komið fram af hálfu ríkisstj. fyrir því, hvers vegna hún leggur áherzlu á það, að þessir samningar séu gerðir.

Hér hafa komið fram sterkar efasemdir um það, að orkusölusamningurinn yrði okkur hagstæður. Þessum efasemdum svaraði hæstv. iðnmrh. nú aðeins þannig, að hann segir: „Það er viðurkennt, að virkjunin við Búrfell er sú hagstæðasta, sem við eigum völ á, og þá get ég ekki á nokkurn hátt skilið, að við getum á nokkurn hátt leikið af okkur með því að ráðast í þá virkjun, þó við gerum samning við hið erlenda fyrirtæki um sölu ⅔ orkunnar til þess.“ Jú, vitanlega veltur það á því, hvort við erum að gera hér skyssu. Hvaða verðgrundvöllur er hér lagður? Stenzt það verð, sem á að semja um á raforkunni? Stenzt það framleiðslukostnað? Við teljum, að það fari ekki milli mála, að með því að gera fyrirfram samning við alúmíníumfyrirtækið til 25 ára um fast raforkuverð, sem aðeins sé 10¾ úr eyri fyrir kwst., sé samið um lægra verð á raforkunni en kostar að framleiða hana á þessu tímabili. Þegar við höldum þessu fram, göngum við út frá sams konar útreikningum og lagðir hafa verið til grundvallar í sambandi við verðákvörðun á rafmagni eða kostnaðarframleiðslu á rafmagni í öðrum orkuverum, sem hér hafa verið gerðar samþykktir um. Það er enginn vafi á því, að verðið 10 ¾ úr eyri fyrir kwst. fær knapplega staðizt miðað við það, að kostnaðaráætlun sú, sem gerð var í febr. 1964, fái staðizt. En það er ómögulegt annað en ríkisstj. hafi gert sér grein fyrir því nú á þessu stigi málsins, að sú kostnaðaráætlun fær ekki lengur staðizt. Á henni eru orðnar stórfelldar breytingar. Það er viðurkennt, að það verður að gera viðbótarframkvæmdir á virkjunarstað, sem kosta 200—300 millj. kr., og það er einnig viðurkennt, að stórfelld hækkun hefur orðið á framleiðslukostnaði, eða framkvæmdakostnaði. Af því er alveg ljóst, að það er ekki æskilegt fyrir okkur að semja um raforkusöluna á þessum grundvelli.

Ég álít, að hæstv. ríkisstj., vilji hún taka efnislega á þessu máli, geti ekki skotið sér undan því að ræða þennan þátt málsins, og þegar hún heldur því fram einnig, að hún sé að leggja út í þessa samninga til þess að reyna að tryggja landsmönnum lægra raforkuverð á komandi árum, verði hún einnig að taka tillit til þess, hvaða þarfir þarf að leysa fyrir landsmenn sjálfa í virkjunarmálum á þessu samningstímabili, þ. e. a. s. á næstu 25 árum, sem samið er um fast verð á rafmagninu. Og ekki dettur mér í hug að búast við því, að ríkisstj. haldi því fram, að við þurfum ekki að ráðast í stórvirkjun á þessu tímabili annars staðar en við Búrfell. Ég undirstrika því það, sem ég hef sagt áður: Það er sannarlega kominn tími til þess, að hér fáist fram á Alþ. efnislegar umr. um þetta mál, og glögg grein verði gerð fyrir því, hvaða ástæður liggja til þess, að rétt þykir að gera slíkan samning sem þennan.

Ég get ekki trúað því, að hæstv. ríkisstj. haldi því enn fram, að það sé hagstætt fyrir okkur að leyfa byggingu þessarar alúmíníumverksmiðju, til þess að við getum haft eitthvað fyrir okkar vinnuafl að gera. Ég trúi því ekki, að hún líti þannig á málið nú í dag, enda tók ég eftir því, að hæstv. iðnmrh. talaði um vinnuaflsvandamálið fyrir ísl. atvinnuvegi, sem upp mundi koma í sambandi við þessar miklu framkvæmdir, og þegar málið liggur orðið þannig, að við höfum ekkert vinnuafl afgangs frá okkar eigin framkvæmdum og frá eigin framleiðslustörfum til þess að selja í byggingarvinnu við alúmíníumverksmiðjuna, er ekki lengur hægt að halda því fram, að við eigum að heimila byggingu á þessari verksmiðju af þeim ástæðum, að við teljum okkur einhvern vinning að því að geta selt þangað vinnuafl.

Ég ætla, að ef ríkisstj. fengist til að ræða á þennan hátt efnislega um málið, þá hljóti hún að viðurkenna, að mikil hætta sé á því, að þessar stórkostlegu framkvæmdir færi margt úr skorðum í okkar efnahagslífi, a. m. k. á meðan á framkvæmdunum stendur. Röksemdir eins og þær, sem ég fann helzt í ræðu hæstv. ráðh., að við hefðum orðið að samþykkja svona lágt verð á raforkunni eða 20% lægra en Norðmenn hafa samið um, af því að það sé ekkert girnilegt fyrir hina erlendu aðila að koma til Íslands og byggja hér alúmíníumverksmiðju og reka hana hér norður á hjara veraldar, það sé miklu fýsilegra fyrir hinn erlenda aðila að leita til annarra staða, slík rök sem þessi ganga út frá því, að okkar staða sé þannig í þessum efnum, að við verðum að lúta lægri og óhagstæðari kjörum en nágrannar okkar verða að búa við. Ég held nú þvert á móti, að okkar staða sé þannig, að við eigum hér yfir að ráða svo hagstæðum virkjunarmöguleikum, að það sé í rauninni keppikefli fyrir erlenda aðila, sem þurfa á mikilli raforku að halda, að eiga viðskipti við okkur í þessum efnum. Ég held, að málið snúi ekki þannig, að við þurfum að lúta því, sem þeir skrifa okkur fyrir í þessum efnum. Og svo hin röksemdin að við verðum eiginlega nú að gera samning sem þennan, af því að annars geti það orðið of seint. Kjarnorkan sé á næsta leiti og þá getum við misst af möguleikum til að gera slíka samninga. Uppsetning dæmisins á þennan hátt gerir auðvitað alla okkar samningsaðstöðu gjörsamlega vonlausa.

Ég tók eftir því, að hæstv. iðnmrh. taldi, að við mundum ekki geta ráðizt í virkjun við Búrfell, án þess að gera einhvern slíkan orkusölusamning sem þann, sem hér er nú rætt um. En þær upplýsingar hafa verið lagðar fram í þessum efnum, hér fyrir alþm., að talið sé eðlilegt, þegar ráðizt er í nýja virkjun, að hafa hana svo stóra, að hún nægi nokkurn veginn fyrir 10 ára notkunartímabil. Slíkur áfangi er talinn mjög eðlilegur í virkjunarmálum, en þetta þýðir það, að eins og nú er komið, þá ættum við skv. þessari reglu að ráðast í virkjunarframkvæmdir upp á um 125 þús. kw. Það mundi vera talið það hagstæðasta. Nú erum við einnig upplýst um það, að það sé hagstætt að ráðast í virkjunina við Búrfell á þeim grundvelli, að fyrst yrði ráðizt í það að kaupa vélar, sem skilað gætu helmingi orkunnar, eða um 105 þús. kw. og síðan sé auðvelt að bæta við vélum fyrir 35 þús. kw. í næsta áfanga og síðan enn öðrum 35 þús. kw. og svo þeim síðustu, þar sem aðeins vélasamstæðu væri bætt við.

Ef við réðumst í framkvæmdirnar við Búrfell á þessum grundvelli, þá mundum við fyrst virkja um 105 þús. kw. Gert er ráð fyrir því, að slík virkjun mundi kosta í kringum 980 millj. kr. Það er vitanlega alveg fráleitt fyrir ríkisstj. að halda því fram, að við séum ekki færir um það að fá nægileg lán til þess að ráðast í slíka virkjun. Sannleikur málsins er sá, að við gætum lánað okkur þá upphæð sjálfir, ef við vildum. Við eigum orðið í kringum 2000 millj. í erlendum gjaldeyri, sem mestmegnis stendur með lágum vöxtum í erlendum bönkum eða í erlendum verðbréfum, og það kemur vitanlega ekki til mála, að við getum ekki fengið eðlilegan hluta af þessari fjárhæð að láni til nægilega langs tíma til þess að gera okkur það kleift að ráðast í slíkt mannvirki sem þetta. Það er því sama, hvernig á málið er litið, við höfum ábyggilega fjárhagslega aðstöðu til þess eftir þeim reglum, sem upp eru settar og talið er eðlilegt að miða við í virkjunarframkvæmdum, og þá væru þessir áfangar við Búrfell einnig hæfilegir fyrir okkur. Af þessum ástæðum er því engin nauðsyn á því að taka upp nýja stefnu í atvinnumálum landsins með því að heimila erlendum aðilum að byggja upp atvinnufyrirtæki í landinu og njóta hér sérstakra forréttinda umfram innlenda atvinnurekendur.

Ég veitti því athygli, að hæstv. ríkisstj. vill hafa þann hátt á, að efnislegar umr. um þetta stórmál fari ekki fram nú. Hún vill bíða eftir því, að þm. komi aftur saman eftir jólafrí. Nú er gert ráð fyrir því að fresta þingi til 7. febr. og miðað við þær tímasetningar, sem fram hafa komið hjá hæstv. iðnmrh. um framhald viðræðna við hina erlendu aðila, þá er beinlínis gert ráð fyrir því, að búið verði þá að gera bráðabirgðasamkomulag og í rauninni að ganga frá málinu á þann hátt, að þá mundu þm., þegar þeir kæmu hér aftur saman eftir jólafrí, raunverulega standa frammi fyrir gerðum hlut. Það má vera, að það tækist eftir það að fá hér einhverjar breytingar á því samkomulagi, sem þá hefði verið gert, en það er ótrúlegt, að það yrði þá horfið frá því að gera þessa samninga. En ef nú fengjust á þessu stigi málsins efnislegar umr. um málið, sú spurning fengist rædd, hvort rétt væri yfirleitt fyrir okkur, eins og málin standa nú, að gera slíka samninga sem þessa, eða hvort hagkvæmara væri fyrir íslenzkt atvinnulíf að láta þessa samninga liggja, þar sem þeir eru nú. Ef umr. fengjust um málið nú, þá væri kannske hægt að spara sér mikið ómak.

En mér sýnist sem sagt, að hæstv. ríkisstj. hafi þegar tekið sína ákvörðun um það að semja á þessum óhagstæða grundvelli, sem ég tel, að lagður hafi verið. Hún virðist hafa tekið ákvörðun um það að taka hér upp nýja stefnu um uppbyggingu atvinnufyrirtækja í okkar landi og í atvinnurekstursmálum, og af því dreg ég þá ályktun, að það verði ekki aðeins um það að ræða að heimila einu erlendu fyrirtæki að byggja hér upp atvinnufyrirtæki og reka það með sérréttindum, það megi fyllilega búast við því, að annað komi á eftir og það fleiri en eitt, því að ef það er sá vinningur að því að gera einn svona samning, sem ríkisstj. vill vera láta, ja, hvers vegna er þá ekki enn þá meiri vinningur að því að gera fleiri slíka samninga?

Ég hef bent á það hér áður í umr. um þetta mál, að ég gæti mjög vel ímyndað mér það, að til okkar kynnu að

leita ýmsir stórir eða efnamiklir erlendir aðilar, sem áhuga hafa á fiskveiðiaðstöðunni við Ísland og á fiskverkun í okkar landi. Hvað yrði sagt við þá, ef þeir leituðu til okkar og óskuðu eftir sams konar samningum eins og nú stendur til að gera við alúmíníumfyrirtækið? Hvað yrði þá sagt við þá? Á þá að ganga inn á það að veita þeim sams konar réttindi hér í okkar fiskiðnaði? Ættum við t. d. að fallast á beiðni Unilever-hringsins brezka, ef hann byðist til þess að koma hér upp lýsisherzlustöð, sem við höfum ekki enn þá ráðizt í að byggja? Ef hann t. d. byðist til þess í leiðinni að kaupa af landsmönnum allt það lýsi, sem við framleiðum í næstu 10 eða 20 ár, og gefa okkur nokkrum % hærra verð heldur en við höfum fengið? Ég efast ekkert um það, að sá hringur gæti vel hugsað sér slíkt með því að fá aðstöðuna í okkar landi, sem það veitti.

Ég hef líka spurt um það, hvernig búast má við, að viðbrögðin yrðu, ef hinn stóri auðhringur í Sviss, Nestlé-hringurinn, sem þegar hefur brotizt inn í sjávarútveg Norðmanna eða fiskiðnað Norðmanna og er einnig nú að byggja upp í Kanada, ef hann leitaði hér til íslenzkra stjórnarvalda og óskaði eftir því að fá að fjárfesta hér á landi nokkur hundruð eða þúsundir milljóna í fiskiðnaðarfyrirtækjum og byðist í upphafi til þess að borga nokkru hærra verð fyrir fiskframleiðslu okkar en við höfum nú í dag, hvað verður þá sagt? Er ástæða til þess að neita þeim aðilum fremur en svissneska alúmíníumhringnum um sérstöðu til atvinnurekstrar í okkar landi? Ætli það sé ekki hætt við því, að þeir, sem ákveða nú þessa stefnubreytingu varðandi uppbyggingu á íslenzku atvinnulífi, að heimila erlendum aðilum hér sérréttindi, héldu lengra áfram á þessari braut og veittu þessum aðilum, sem ég hef nefnt, eða einhverjum slíkum, slík eða sams konar fríðindi hér? Og hvað yrði um okkar efnahagslega sjálfstæði eftir nokkur ár, eftir að slíkt hefði verið gert? Ég er hræddur um, að það yrði lítið úr okkar efnahagslega sjálfstæði. Ég efast ekkert um það, að þeir aðilar mundu spretta upp í okkar landi, þegar slík tilboð kæmu eins og þessi, sem ég hef nefnt, sem sæju einhvern gróðamöguleika við það að veita þessum aðilum svona fríðindi. Það mundu ábyggilega einhverjir innlendir aðilar sjá gróðamöguleika í sambandi við þetta, eins og vissir aðilar sjá gróðamöguleika af viðskiptum sínum við svissneska alúmíníumhringinn. En það, sem þm. verða að gera sér fulla grein fyrir í þessum efnum, er það, að nú er verið að taka ákvörðun um það, hvort á að hverfa frá þeirri gömlu stefnu, sem við höfum haldið við í þessum efnum, og fara hér inn á nýja stefnu, sem ég tel þjóðhættulega stefnu, því að það er ekki hægt að líta einu sinni á þann samning, sem hér er um að ræða við Swiss Aluminium, sem einangrað fyrirbæri út af fyrir sig. Hér er um stefnumarkandi mál að ræða. Við Alþb.-menn höfum látið skýrlega koma fram okkar stefnu í þessum málum, ekki aðeins viðvíkjandi alúmíníumverksmiðjunni, heldur einnig í sambandi við þátttöku erlends fjármagns til atvinnurekstrar í okkar landi yfirleitt, og við vörum við því að taka upp þessa stefnu. Við erum henni algerlega andvígir.

III. Almennur lífeyrissjóður.

Á 29. fundi í Sþ., 2. marz, var tekin á dagskrá:
Skýrsla félmrh. um almennan lífeyrissjóð.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Hinn 31. maí 1957 var samþ. þál. á Alþ. um að skora á ríkisstj. að láta athuga, hvort tiltækilegt sé að stofna lífeyrissjóð fyrir sjómenn, verkamenn, bændur og útvegsmenn og aðra þá, sem ekki njóta lífeyristrygginga hjá sérstökum lífeyrissjóðum. Með bréfi, dags. 20. des. 1958, skipaði þáverandi hæstv. félmrh. 5 manna nefnd til að athuga, hvort tiltækilegt sé að stofna lífeyrissjóð fyrir sjómenn, verkamenn, bændur og útvegsmenn og aðra þá, sem ekki njóta lífeyristrygginga hjá sérstökum lífeyrissjóðum. Í n. áttu sæti þessir menn: Guðmundur J. Guðmundsson, Gunnar J. Möller, Hjálmar Vilhjálmsson, Ólafur Jóhannesson og Sverrir Þorbjörnsson. N. þessi skilaði áliti 22. nóv. 1960. Till. n. voru í höfuðatriðum þessar:

Sett verði löggjöf um almennan lífeyrissjóð, sem allir landsmenn eigi kost á að tryggja sig hjá. Í öðru lagi, slíkur almennur lífeyrissjóður veiti tryggingu, sem aðeins verði viðbótartrygging við almannatryggingarnar. Og í þriðja lagi, að unnið verði að breytingu á núverandi sérsjóðum, svo að þeir allir veiti framvegis aðeins viðbótartryggingu við almannatryggingarnar.

Með l. nr. 40 frá 1963, um almannatryggingar, verður að telja, að 3. liður till. n. hafi verið framkvæmdur, og 1. og 2. liður till. voru síðan alllengi í athugun í ráðuneytinu. Eftir að lokið var síðustu endurskoðun almannatryggingal., þótti tímabært að taka málið á ný til athugunar og meðferðar, og með bréfi, dags. 8. júní 1964, fól félmrh. Haraldi Guðmundssyni fyrrv. ráðh. að semja álitsgerð um, hvort ekki sé tímabært að setja löggjöf um almennan lífeyrissjóð, sem allir landsmenn, sem ekki eru nú þegar aðilar að lífeyrissjóðum, geti átt aðgang að.

Haraldur Guðmundsson skilaði síðan álitsgerð sinni til rn. um mánaðamótin ágúst—september 1965. Álitsgerð þessari hefur nú verið útbýtt hér á hv. Alþ. til allra alþm. og verður send dagblöðunum jafnframt. Niðurstaða Haralds Guðmundssonar í þessari álitsgerð er orðrétt þannig:

„Það er fullkomlega tímabært að setja löggjöf um eftirlaunasjóð og eftirlaunatryggingu fyrir allt vinnandi fólk til viðbótar við gildandi lífeyristryggingar. Eftirlaunin séu miðuð við fyrri vinnutekjur og starfstíma, kaupmáttur þeirra tryggður og upphæð þeirra ákveðin með það fyrir augum, að ellibæturnar, þ. e. lífeyrir og eftirlaun samtals, nægi til þess að afstýra tilfinnanlegri kjaraskerðingu að loknu ævistarfi.

Jafnframt lít ég svo á, að samtímis þessari lagasetningu þurfi að gera breytingar á gildandi lífeyristryggingum, svo að þær verði hæfilegur grundvöllur og undirstaða eftirlaunatryggingarinnar og lágmarksbætur við hæfi."

Svo sem álitsgerð Haralds Guðmundssonar í heild ber með sér, kemst hann að framangreindri niðurstöðu sinni eftir mjög vandlega og nákvæma athugun bæði hér heima og erlendis, sér í lagi á Norðurlöndum, en þar hafa umr. um þessi mál verið ofarlega á dagskrá undanfarin ár. Eftir að Haraldur hefur gert samanburð

á aðstöðu okkar til að hefja undirbúning að samningu frv. um lífeyrissjóð fyrir alla landsmenn, segir hann enn fremur orðrétt í umræddri álitsgerð:

„Framangreindur samanburður virðist mér eindregið benda til þess, að Íslendingar séu þess engu síður megnugir fjárhagslega en margnefndar grannþjóðir að auka eftirlaunatryggingu við gildandi lífeyristryggingar. Efnahagsþróun síðustu ára bendir eindregið í þá átt, og greining þjóðarinnar í aldursflokka virðist mjög hagstæð í þessu tilliti. Miklir möguleikar virðast og vera til áframhaldandi framleiðsluaukningar. Þessir möguleikar mundu enn aukast, ef fyrir hendi væri öflugur sjóður, er veitt gæti undirstöðuatvinnuvegunum aðstoð til að efla framleiðslustarfsemina með bættum vélakosti, aukinni tækni og marghátttaðri vinnuhagræðingu, svo að afköst hvers vinnandi manns fari enn vaxandi. Jafnframt virðist mér ljóst, að óhjákvæmilegt sé að tryggja þeim, sem óvinnufærir verða vegna örorku eða aldurs, betri lífskjör og sambærilegri við kjör almennings en gert er með gildandi löggjöf. Sé það látið ógert, verður hlutskipti þeirra stórum verra hér á landi en hjá grannþjóðum okkar og kjör allra þeirra, sem ekki hafa safnað í kornhlöðu til elliáranna, alls ósambærileg við kjör félaga þeirra á starfsaldri og vinnandi fólks yfirleitt. Enn fremur mundi þá enn aukast hið tilfinnanlega ósamræmi, sem nú er á ellibótum þeirra, sem rétt eiga til eftirlauna úr sérstökum lífeyrissjóðum, og hinna, sem aðeins fá lífeyri almannatrygginganna."

Frá því að umrædd álitsgerð barst félmrh., hefur hún verið til gaumgæfilegrar athugunar hjá ríkisstj. Ríkisstj. telur að athugun sinni lokinni, að málið hafi nú hlotið svo góðan undirbúning og athugun, að unnt sé nú þegar að hefja samningu frv. um lífeyrissjóð fyrir alla landsmenn. Í rökréttu framhaldi af þessari niðurstöðu ríkisstj. og yfirlýsingu forsrh. hér á hv. Alþ. nú við upphaf þess mun nú fram á það farið, að þingflokkarnir tilnefni fulltrúa í 5 manna n. til að vinna að samningu þessa frv. á grundvelli þeirra athugana, er fram hafa farið. Það er skoðun ríkisstj., að hér sé mjög mikilsverðu máli hrundið af stokkunum, máli, er varði alþjóð um ófyrirsjáanlega framtíð, og því nauðsyn á, að vel sé til frumvarpssmíði þessarar vandað. Hin mikla og nákvæma undirbúningsvinna í málinu, sem þegar hefur verið af hendi leyst, greiðir fyrir, að svo verði.

Þegar endanlega hefur verið lokið við samningu frv. um þetta efni og nauðsynleg athugun á því hefur farið fram, mun ríkisstj. leggja málið fyrir Alþ. til afgreiðslu. Þar sem um svo umfangsmikið mál er að ræða og því vandasama lagasetningu, verður þó að telja ólíklegt, að takast megi að koma málinu endanlega fram fyrr en í upphafi næsta kjörtímabils.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að þakka hæstv. félmrh. fyrir þá skýrslu, sem hann hefur hér gefið þingheimi. Um hana má segja það, að hún er ekki gefin vonum fyrr, því að satt að segja hafa býsna margir verið orðnir langeygðir eftir því að heyra eitthvað af þessu máli. Og nú fyrir nokkrum dögum var hér einmitt útbýtt fsp. á þskj. 130 frá 4. þm. Reykn., þar sem spurzt var fyrir, hvað liði framkvæmd þeirrar þál., sem samþ. var hér á Alþ. 13. maí 1964. Og þessi fsp. var lögð inn í síðustu viku, á miðvikudag, að ég ætla. Hvort sú skýrsla, sem hér er gefin, stendur að einhverju leyti í sambandi við þá fsp. eða ekki, skal ég láta ósagt, enda skiptir það í sjálfu sér engu máli. Gerð félmrh. er söm og jafngóðra gjalda verð, hvort sem það er að hans eigin frumkvæði eða að einhverju leyti fyrir þá ábendingu, sem fram hefur komið.

Skýrsla hæstv. félmrh. var að mörgu leyti fróðleg og sjálfsagt að mestu leyti í samræmi við staðreyndir málsins. En þó hefði ekki skaðað að hafa hana fyllri um sum atriði, og ég mun nú leyfa mér að bæta aðeins örfáum sögulegum atriðum við í þá skýrslu.

Það er rétt, sem hæstv. félmrh. sagði, að það var flutt hér á Alþ. árið 1957 till. til þál., og var hún flutt þar af nokkrum framsóknarmönnum, — sem fól í sér áskorun til ríkisstj. um það að athuga, hvort tiltækilegt væri að koma hér á fót lífeyrissjóði fyrir landsmenn alla. Þessi till. var þá samþ., og rétt var skýrt frá af hálfu hæstv. félmrh. um það, að hún hefði verið samþ. Hins vegar held ég, að það hafi fallið niður hjá honum að geta þess, hverjir fluttu hana.

Það er svo rétt, eins og hæstv. félmrh. skýrði frá, að á árinu 1958 skipaði þáv. félmrh. n. 5 manna til þess að sinna því verkefni, sem fólst í þessari þáltill., og í þeirri n. áttu sæti þeir menn, sem hæstv. félmrh. las hér upp. Þessi n. athugaði þetta mál og skilaði allýtarlegu nál. um það í nóvembermánuði 1960. Áður en hún hafði gert það, hafði hún haft samband við ýmis stéttasamtök m. a. og leitað umsagna þeirra um málið. Enn fremur hafði hún fengið tryggingafræðing, Guðjón Hansen, til þess að athuga málið, og hafði hann þá skilað rækilegri grg. um málið, sem einnig mun hafa fylgt með því nál., sem fór til ríkisstj. Og réttilega var skýrt frá um niðurstöður þessarar athugunar. Niðurstöður þessarar n. voru sem sé þær, að hún teldi rétt, að sett væri löggjöf um lífeyrissjóð fyrir landsmenn þá alla, sem ekki ættu aðgang að öðrum lífeyrissjóðum, í öðru lagi, sú lífeyristrygging, sem væri í þessum lífeyrissjóði, skyldi vera viðbótartrygging við almannatryggingarnar, og í þriðja lagi, að sem fyrst skyldi horfið að því ráði að gera hina sérstöku lífeyrissjóði að viðbótartryggingu við almannatryggingakerfið. Þessu áliti var sem sagt skilað inn til hæstv. ríkisstj. í nóv. 1960, en svo leið og beið. Það gerðist ekki neitt. Það varð ekki séð og varð ekki kunnugt um, að af hálfu ríkisstj. væru gerðar neinar ráðstafanir til þess að sinna þeirri till., sem fólst í þessu nál., að láta semja löggjöf um lífeyrissjóð. Og ekki var leitað til þeirrar n., sem starfaði frá 1958—1960, um það, en hún hafði ekki talið það verkefni sitt, heldur hafði hún talið verkefni sínu lokið, þegar hún hafði skilað þessu áliti inn til ríkisstj. Og þegar svo var loks komið, að ekkert — ekki hósti eða stuna — hafði heyrzt frá hæstv. ríkisstj. um þetta mál, var það svo á Alþ. 1963—1964, að enn báru nokkrir framsóknarmenn fram till. til þál. um það, að kosin skyldi á Alþ. 5 manna n. hlutfallskosningu til þess að semja löggjöf um lífeyrissjóð fyrir landsmenn alla. Þrátt fyrir þriggja ára athugun sína á málinu mun þó ríkisstj. þá ekki hafa verið viðbúin því að samþykkja þessa till., því að í meðferð Alþ. og hjá þeirri n., sem hana hafði til meðferðar, var till. breytt á þá lund að fela ríkisstj. að láta kanna til hlítar, hvort tiltækilegt væri að koma á fót

lífeyrissjóði fyrir landsmenn alla og semja löggjöf um það efni.

Nú má náttúrlega alltaf segja það, að ekki saki að athuga mál vel og betur sjái augu en auga. En ég vil nú meina, að a. m. k. 3 af þessum nm., sem sátu í n. 1958—1960, hafi verulegan kunnugleika á tryggingamálum, svo að aðrir hér á landi hafi hann ekki meiri. Og þar til vil ég nefna forstjóra Tryggingastofnunarinnar, Sverri Þorbjörnsson, og í annan stað ráðuneytisstjórann í sjálfu félmrn., Hjálmar Vilhjálmsson, og í þriðja lagi Gunnar J. Möller hæstaréttarlögmann, sem um langt skeið hefur unnið að tryggingarmálum, og sleppi ég þá algerlega okkur Guðmundi J. Guðmundssyni og læt þessa þrjá nægja. En mér finnst það nokkuð hart að taka ekki meira mark á því, sem fram kom af þeirra hálfu, heldur en samþykkt till. frá 13. maí 1964 bar vitni um. Þegar sú till. var til lokaafgreiðslu hér í þinginu, tók ég til máls og lýsti einmitt þessari skoðun minni, að ég teldi þá athugun í sjálfu sér alveg óþarfa, hvort það ætti að setja hér löggjöf um þetta efni, það væri búið þegar að athuga það og það, sem nú þyrfti að gera, væri að vinda sér í það að semja slíka löggjöf. Vitaskuld væri það vandaverk, og öllum er ljóst, sem nokkuð hafa hugsað um þessi mál, að það tekur langan tíma að semja slíka löggjöf, og þá fyrst þegar farið er að semja hana, vakna upp ýmis vandamál, sem menn verða að gera sér grein fyrir. En það var ekki tekið þá undir þessa ábendingu mína, og till. var afgreidd í því formi, sem hún var, 13. maí 1964.

Nú hefði mátt ætla, að hæstv. ríkisstj. hefði verið viðbragðsfljót og unnið skjótt að þessu máli. En þá ályktun mína dreg ég af því, að í eldhúsumr., sem fram fóru á Alþ. nokkrum dögum eftir að þetta skeði, sáu tveir hæstv. ráðh. alveg sérstaklega ástæðu til þess að undirstrika nauðsyn þessa máls, og þar fór fyrir hæstv. menntmrh. og lýsti með stórum orðum því þriðja verkefni, sem Alþfl. ætlaði sér á komandi árum, en það var að setja upp slíkan lífeyrissjóð. Og hann taldi það vera eitt allra stærsta verkefnið, sem fyrir lægi á komandi árum, og er ég honum út af fyrir sig alveg hjartanlega sammála um það. Og á eftir hæstv. menntmrh. kom svo hæstv. landbrh. og sagði með sínum hætti, að það væri vitaskuld alveg rétt, að það þyrfti að stofna lífeyrissjóð fyrir landsmenn alla.

Svo hefur ríkisstj. gert það í þessu máli, að hún hefur skipað ágætan mann, Harald Guðmundsson fyrrv. ráðh. og ambassador, til þess að kanna þetta mál, til þess að kanna til hlítar, hvort það væri tiltækilegt að koma slíkum lífeyrissjóði hér á fót og setja löggjöf um það, — ekki að setja löggjöfina, það er enn þá eftir, — og að þessu verkefni hefur nú verið unnið í nærfellt tvö ár. Og þá kemur þessi skýrsla.

Um þessa skýrslu er það að segja, að ég hef náttúrlega ekki átt þess kost að athuga hana. Ég geri ráð fyrir, að hún sé ágætlega samin og í henni séu margar merkilegar upplýsingar og í henni muni út af fyrir sig vera mikið gagn fyrir framhaldsmeðferð málsins. Og ég vil taka það fram, að ég tel náttúrlega, að Haraldur Guðmundsson hafi verið ágætlega vel fallinn til þessa starfs vegna síns fyrri kunnugleika á þessum málum. En ég tel samt, eins og ég taldi strax 1964 í sambandi við þá þáltill., sem þá var afgreidd, að það hefði verið heppilegra þá strax að fara inn á þá leið að kjósa mþn. til þess að fjalla um þetta mál og til þess í beinu framhaldi af skýrslu og starfi n., sem skilaði af sér í nóv. 1960, að semja löggjöf um þetta mál. Það hefði verið leikur einn. Og ef þannig hefði verið staðið að málinu, gæti frv. að slíkri löggjöf verið til nú og því verið útbýtt í staðinn fyrir þá skýrslu, sem nú er útbýtt og sjálfsagt er merkileg á alla lund.

Ég hef aðeins talið rétt að rifja upp þessi atriði, vegna þess ekki hvað sízt, að mér hefur virzt bera á því að undanförnu, að sumum mönnum hætti dálítið við að gleyma forsögu þessa máls. Ég rak mig t. d. á það í annars ágætri grein eftir ritstjóra Alþýðublaðsins, hv. 5. þm. Vesturl., sem hann skrifaði um þetta mál í Alþýðublaðið 13. febr., að hann virtist vera merkilega ókunnugur forsögu þessa máls. Að vísu var auðsætt á yfirskrift greinarinnar, að hann hafði réttan skilning á því, hvernig í raun og veru hafði verið haldið á þessu máli, því að yfirskriftin var: Aðeins kominn hálfa leið. En í þessari grein sagði hann m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Haraldur Guðmundsson fyrrv. ráðh. fékk það hlutverk að gera fyrstu athugun á því, og hefur hann fyrir nokkru skilað ríkisstj. skýrslu.“

Þegar menn athuga það, sem ég hef hér sagt, og líka það, sem hæstv. félmrh. sagði í sinni skýrslu hér áðan, sjá menn, hve það er fjarri lagi, að þetta sé rétt, að Haraldi Guðmundssyni hafi verið falið að framkvæma fyrstu athugun á þessu máli. Það voru þvert á móti Sverrir Þorbjörnsson, Hjálmar Vilhjálmsson og Gunnar J. Möller ásamt tveim öðrum mönnum, sem framkvæmdu fyrstu athugun í þessu máli og skiluðu áliti um það í nóv. 1960, — mjög jákvæðu áliti. Og ég get ekki neitað því, að í annars mjög skemmtilegu viðtali, sem nokkrir ungir menn áttu við hæstv. núv. utanrrh. í ríkisútvarpinu fyrir skömmu, þá fannst mér brydda á því, að hæstv. fyrrv. félmrh., sem á í raun og veru allt í þessu máli, sem ég hef sagt, en núverandi félmrh. á þar ekki neitt, — hann lét brydda á því, að mér fannst, að Alþfl. hefði verið alveg sérstaklega mikið riðinn við þetta mál frá upphafi og eiginlega hefði ekkert í því gerzt, að mér skildist, fyrr en Haraldi Guðmundssyni hefði verið falið að athuga málið. Það er nú sjálfsagt, að þetta getur stafað af því, að tími hefur verið naumur til útskýringa þar, og mér dettur ekki í hug að vilja væna hæstv. utanrrh. um það, að hann hafi viljað fara þar með rangt mál. En mér virðist sem sagt bera á ofur lítilli tilhneigingu hjá Alþýðuflokknum að vilja eigna sér þetta mál sem einhverja séreign, og það vil ég ekki alveg á fallast, og það má kannske segja, að það sé einhver afbrýðisemi frá minni hálfu. En í annan stað vil ég segja það um Alþfl. í þessu sambandi, að mér finnst hann vel þola það, þegar rætt er um tryggingarmál, að sannleikanum sé algerlega fylgt um þetta mál, því að ég dreg enga dul á þá skoðun mína, að af öllum stjórnmálaflokkunum hér hefur Alþfl. unnið bezt að tryggingarmálum og á í þeim mestan þáttinn, þannig að hann þarf ekki á því að halda að vera að skreyta sig með neinum lánsfjöðrum. Þetta er mér ljúft að segja, um leið og ég tel sjálfsagt að hafa hið sanna í þessu máli, en vera ekki að reyna að brengla staðreyndunum í því. Ég verð hins vegar að segja það, úr því að ég minntist á grein ritstjóra

Alþýðublaðsins, þá gladdi niðurlag hennar mig alveg sérstaklega, þar sem hann segir: „Hin nýja ellitrygging verður á komandi árum það mál, sem flokkurinn mun leggja hvað mesta áherzlu á.“ Þetta er gleðilegt. En sannleikurinn er sá, að það er ekki hægt að segja með sanni, að Alþfl. hafi lagt verulega áherzlu á þetta mál á undanförnum árum, því að það er búið að taka 9 ár að koma því á það stig, sem það þó nú er komið á. Þetta er rétt að komi fram.

Það má svo segja auðvitað út af fyrir sig, að það, sem ég hef hér verið að tala um, séu aukaatriði, en aukaatriði, sem samt er rétt að komi fram. Aðalatriðið er auðvitað að koma á þessum almenna lífeyrissjóði og koma honum á sem fyrst, án þess þar komi nokkur metingur til greina um það, hverjir hafi staðið mest að því að koma þessu máli á framfæri og hverjir hafi verið einna daufastir til framkvæmda þar. Og þá vil ég aðeins segja það í tilefni af þeirri skýrslu, sem hæstv. félmrh. gaf, að ég heyrði það mér til mikillar ánægju, að hann gerði ráð fyrir því, að nú yrði hafizt handa um að semja þá löggjöf, sem til þarf að koma um þennan lífeyrissjóð, og hann gerði enn fremur ráð fyrir því, að sú löggjöf mundi verða samin af nefnd, sem flokkarnir tilnefndu menn í. Þetta er út af fyrir sig mjög ánægjulegt. Hins vegar vildi hann ekki gefa nein sérstök fyrirheit um það, hvenær því löggjafarstarfi og löggjafarundirbúningi gæti verið lokið, og það skil ég út af fyrir sig mjög vel, því að sannleikurinn er sá, að þegar á að fara að semja löggjöf um þetta mál, munu þeir reka sig á það, sem það eiga að gera, að þar koma margar spurningar, sem þeir verða að svara og gera sér grein fyrir. Ég veit ekki, hvort skýrsla Haralds Guðmundssonar geymir svar við þeim spurningum, — má vera að svo sé, dreg það þó í efa. Það þarf t. d. að gera sér grein fyrir því, hvort lífeyrissjóðurinn á að vera allur í einu lagi eða hvort það á að vera deildaskipting og sú deildaskipting að vera þannig, að deildirnar hafi sérskilinn fjárhag o. s. frv. Það verður að gera sér grein fyrir því, hvort þarna á að vera frá upphafi um algera skyldutryggingu að ræða eða hvort það á að greina eitthvað niður og heimila að einhverju leyti frjálsar tryggingar til að byrja með. Og þannig mætti lengi telja. Þau verða mörg atriðin, sem þarna koma til og þarf að athuga.

Ég verð að fagna þeirri yfirlýsingu ráðh., að það skuli vera gert ráð fyrir því, að þetta frv. verði samið af n., sem flokkarnir eiga fulltrúa í, því að þannig álít ég og hef frá upphafi álitið að ætti að vinna að þessu máli. Og það var mín skoðun 1964, þegar þessi þáltill. var fram borin og afgreidd hér. Þá gekk hún í upphafi einmitt út á það, að kjósa skyldi 5 manna n. til þess að semja löggjöf um þetta efni. Það hefði verið miklu króka-minna að samþ. þá till. þá strax og kjósa þá n., í stað þess að eyða þessum tíma, sem síðan er liðinn, ég vil ekki segja til einskis, því að sjálfsagt eru margar gagnlegar upplýsingar í þessari skýrslu, en þeirra upplýsinga hefði sú n., sem kjörin hefði verið til þess að semja frv., hæglega getað aflað sér, eftir því sem á þurfti að halda. Og það hefði í raun og veru verið mjög auðvelt að fylgjast með í þessum málum og mikið efni verið um þau hægt að fá vegna þess, hvernig staðið hefur á hjá grannþjóðum okkar í þessu efni.

Það má náttúrlega segja kannske, að það sé form eitt, hvort n. er stjórnskipuð og með þeim hætti, að flokkarnir tilnefni fulltrúa sína í hana, en eðlilegast hefði ég þó talið, að það hefði verið gengið hreint til verks og þingkjörinni n. beinlínis falið þetta verkefni.

Ég skal svo ekki hafa þessi orð öllu fleiri. Af því, sem ég hef hér sagt, kemur það náttúrlega fram, að ég hef verið mikill fylgjandi þess, að hér væri stofnaður slíkur almennur lífeyrissjóður, og ég tel á því mikla nauðsyn. Ég tel, að það hefði átt að vera búið að gera í raun og veru. Ég tel, að verkefnið hafi orðið og verði því erfiðara, sem fleiri sérsjóðir hafa verið stofnaðir. En það hefur einmitt verið unnið að því af kappi nú á undanförnum árum, að koma á fót ýmsum sérsjóðum. Hver stéttin á fætur annarri hefur stofnað slíka sérsjóði. Og það er í rauninni erfiðara við þetta allt að eiga, þegar þannig er komið, því að sannleikurinn er sá, að þá sitja þeir einir eftir, sem erfiðasta og versta hafa aðstöðuna. Það er náttúrlega ekki rétt, heldur mjög ranglátt. Það er þess vegna réttlætismál að koma þessu máli í höfn og að allir geti setið hér við sama borð og að öllum séu í ellinni tryggð sæmileg lífskjör. En þó að almannatryggingarnar séu út af fyrir sig ákaflega góðra gjalda verðar og þær hafi hjálpað mörgum og verið mörgum ómetanleg stoð, er auðvitað óralangt frá því, eins og allir vita, að fólk geti lifað af þeim ellilífeyri, sem það fær hjá þeim. En þetta er ekki aðeins réttlætismál, að stofna slíkan lífeyrissjóð, almennan lífeyrissjóð. Ég tel, að það sé líka og geti verið mikið þjóðhagslegt atriði að vinna að og stuðla að sjóðstofnun með þvílíkum hætti, og það geti haft sína miklu þýðingu ekki aðeins fyrir þá aðila, sem að slíkum sjóði standa, heldur og fyrir þjóðarbúskapinn í heild, að haldið sé þannig á málunum. Og það hefur sýnt sig og þarf ekki að hafa mörg orð um það, hversu þýðingarmiklir margir þeir sjóðir hafa verið, sem stofnaðir hafa verið. Og það vil ég að lokum taka fram, sem ég þó hljóp yfir og gleymdi áðan, að ég tel þá breytingu, sem gerð var á almannatryggingalögunum síðast, að gera hina sérstöku lífeyrissjóði að viðbótartryggingu við almannatryggingarnar, til mikilla bóta. Og það var einmitt eitt af þeim atriðum, eitt þeirra þriggja atriða, sem n., sem skilaði af sér í nóv. 1960, gerði að sinni till., og það er eina till. hennar, sem hefur þó komizt í framkvæmd enn, en hinar eru, ef dæma má af skýrslu hæstv. félmrh., á góðri leið með að komast í höfn. Og mér er óhætt að segja, að það mun ekki standa á stuðningi framsóknarmanna við þetta mál. Það hafa þeir sýnt með sínum tillöguflutningi í því hér á undanförnum þingum, þar sem þeir hafa orðið að ýta á málið með þeim hætti, sem ég hef hér gert grein fyrir.

Utanrrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Hv. 3. þm. Norðurl. v., sem hér talaði áðan, lýsti sig í öllum aðalatriðum fylgjandi þessu máli og því meðmæltur, að því væri komið í höfn, og ber að fagna því. Hins vegar hafði hann ýmislegt að athuga við það, hvernig unnið hefði verið að málinu, og vítti þann drátt, sem orðið hefði á því að hrinda því í framkvæmd, og sagði, sem sjálfsagt er rétt, að ég ætti þar bróðurpartinn. Það var aðeins eitt, sem hann beindi til núverandi hæstv. félmrh., að hann hefði ekki getið nógu skýrt um það, að það voru framsóknarmenn, sem fluttu till. 1958, og það var náttúrlega mjög stór synd, það skal ég játa.

En ég skal með nokkrum orðum reyna að skýra það, af hverju það dróst, að málið fengi frekari afgreiðslu strax, eftir að n. hafði skilað sínu áliti 1960. Það var af því, að þá var þetta sama mál í deiglunni hjá öllum Norðurlöndunum þremur. Svíþjóð varð fyrst til að ríða á vaðið með þetta mál og setti um það löggjöf nokkru síðar. Norðmenn eru ekki komnir lengra en það í dag, að þeir hafa nýlega lagt fram frv. frá sér í Stórþinginu. Í Danmörku er það ekki komið lengra en það, að það er á umræðugrundvelli og ekkert opinberlega komið fram. Hvers vegna tekur þetta svona langan tíma? Það tekur svona langan tíma vegna þess, að málið er ákaflega vandasamt, og ég taldi 1960 og tel raunar enn, að það hefði verið óforsvaranlegt fyrir okkur að fara af stað með málið, áður en við vissum meira um, hvernig það mundi verða afgreitt hjá þessum nágrönnum okkar. Nú liggur það fyrir, og Haraldi Guðmundssyni var falið það tvöfalda verkefni: Í fyrsta lagi að kynna sér, hvernig þeir hefðu staðið að þessu máli í Svíþjóð, Noregi og Danmörku, og í öðru lagi að leitast við að athuga, hvort sá fjárhagslegi grundvöllur, sem fyrir hendi væri, væri nægilega tryggur til þess að koma þessu á. En einmitt um það urðu heiftarlegar umr. í Svíþjóð, áður en málið var þar afgreitt með tiltölulega naumum meiri hluta. Það var vegna þess, að stjórnarandstaðan í því landi taldi, að það væri ekki, meira að segja ekki hjá þeim ríku Svíum, möguleiki fyrir hendi til að koma þessari viðbótartryggingu á. Nú hefur þetta verið gert þar og skýrsla um það mál mjög greinileg í skýrslu Haralds Guðmundssonar. Þar er líka greint frá því, hvernig málin standa í Noregi og hvernig þeir hafa að því staðið. Þar er enn fremur skýrsla frá Danmörku. Hann fór til þessara landa allra og kynnti sér málið eins náið og hægt var að gera, og hann hefur fengið þær upplýsingar, sem í skýrslunni eru, beint frá þeim mönnum, sem hafa staðið að því að setja þessar tryggingar á í þessum löndum og hafa framkvæmd þeirra með höndum í Svíþjóð. Þessir aðilar hafa allir veitt honum góðfúslega þá fyrirgreiðslu, sem hann hefur óskað eftir, og tel ég það mjög nauðsynlegan undirbúning undir íslenzka lagasetningu.

Ég tel þess vegna, að það hafi verið sízt vanrækt það, sem hér átti að gera, heldur hafi málið verið einmitt tekið í þessari röð af því, hversu vandasamt það er.

Þetta má segja kannske að skeri ekki úr, og ég er þeirrar skoðunar, að það skeri ekki úr, hvort málið kemur til framkvæmda einu ári fyrr eða seinna eða jafnvel tveim eða þremur, heldur miklu frekar hitt, að það sé traustur grundvöllur undir það lagður. Og það tel ég að hafi verið gert. Það var meiningin í upphafi, að þær athuganir, sem Haraldur hefur gert, væru gerðar, áður en n. yrði sett á rökstóla, því að reynslan er sú í öllu nefndarstarfi, að slíka upplýsingasöfnun eins og hér er um að ræða vinnur venjulegast einn maður bezt, en ekki heil n. Þar er ekki tekin bein afstaða til málsins, það er verk þingflokkanna, en gagnasöfnunin er nauðsynleg eigi að síður, og hún hvílir oftast bezt á eins manns herðum. Ég held þess vegna að að þessu máli hafi verið staðið eins og þurfti að gera með því einmitt að fara þá leið, sem hér hefur verið farin.

Um hlut Framsfl. í þessu máli skal ég ekki fjölyrða. Hann hefur sjálfsagt átt þátt í því að flytja og flutt þessar till. 1958, ég skal ekkert vefengja það, og sannast sagna hefur afstaða Framsfl. til tryggingalaga og breytinga á tryggingalögum hér verið slík, að hann má ekki vel við því, flokkurinn sá, að það verði dregið af honum það, sem hann á með réttu.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Ég vil lýsa ánægju minni yfir þeirri skýrslu, sem hæstv. félmrh. hefur gefið hér varðandi þetta mál, og sérstaklega fagna ég því, að ríkisstj. hefur tekið ákvörðun um það að skipa 5 manna n. með fulltrúum frá öllum þingflokkum til þess að semja löggjöf um almennan lífeyrissjóð fyrir landsmenn.

Mál þetta hefur nú verið alllengi til athugunar, eins og hefur komið fram í þessum umr., og ég hygg, að í meginatriðum sé enginn ágreiningur á milli þingflokka um, að það er orðin brýn nauðsyn á því, að löggjöf sé sett um almennan lífeyrissjóð. Það er alkunna, að margar starfsgreinar í okkar þjóðfélagi hafa þegar komið upp sínum lífeyrissjóðum og búa í þeim efnum við miklu betri kjör en fjölmennustu starfsstéttirnar gera, eins og stétt verkamanna, sjómanna og bænda, og sá mikli mismunur, sem af þessu kemur, verður ekki þolaður til lengdar. Því held ég, að það sé orðin mikil nauðsyn á því að reyna að leysa þetta mál á viðunandi hátt með löggjöf um almennan lífeyrissjóð, og ég fagna því, að þessu máli þokar nú áfram. Og ég vil leggja áherzlu á það sem sjónarmið okkar Alþb.-manna, að nú verði reynt að hraða þessu máli eins og tök eru á.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Hæstv. utanrrh. vildi gera grein fyrir þeim drætti, sem hefur orðið í þessu máli, og réttlæta hann með því, að þegar áliti n., sem skipuð var 1958, hefði verið skilað til ríkisstj. í nóv. 1960, hefðu mál þessi mjög verið í deiglunni á Norðurlöndum og því hefði hann talið rétt að láta þetta mál bíða og sjá, hverju fram yndi á Norðurlöndunum í þessu efni, og fylgjast með því, sem þar gerðist. Þetta er að sjálfsögðu út af fyrir sig sjónarmið og út af fyrir sig mjög skynsamlegt sjónarmið. En það kom ekkert fram af hálfu ríkisstj. um það á árunum frá því í nóvember 1960 og þangað til þáltill. var flutt á ný á þingi 1963—1964, að stjórnin hefði þetta mál í athugun. Það kom ekkert fram um það, að hún væri að fylgjast með því, hvað gerðist í þessum efnum á Norðurlöndum. Og það er upplýst nú, að hún skipaði engan sérstakan mann til þess að fylgjast með í þeim efnum og afla gagna á þeim árum. Það var ekki fyrr en eftir að nokkrir framsóknarmenn höfðu á nýjan leik tekið málið upp á Alþ., þegar það var sýnt, að á þremur árum hefði ekkert verið gert af stjórnarinnar hálfu í málinu, og eftir að sú till. hafði verið samþ. á Alþ. 13. maí 1964, að stjórnin skipaði Harald Guðmundsson til þess að kynna sér þessi mál og fylgjast með þeim á Norðurlöndum. Ég hef, eins og þegar hefur komið fram, enga tilhneigingu til þess að gera lítið úr hans starfi og veit það, að hann hefur aflað mikilla gagna. En ég vil hins vegar halda því fram, að það hefði náttúrlega mátt afla allra þeirra gagna án þess að fara til þessara landa, sem um er að tefla, því að um þetta eru fyrir hendi ýtarlegar prentaðar skýrslur og prentuð frv. ognál.meiri og minni hl., bækur upp á mörg hundruð síður, sem hefði verið

auðvelt að fá hingað og nefndinni, sem hefði fengið málið til meðferðar og átt að semja frv., hefði verið mjög auðvelt að fá til meðferðar og lesa. Og það, sem ég er nú hræddur um, er það, að sú n., sem fær málið til meðferðar, verði nú, þegar hún sezt niður við það að semja frv., einmitt að fara að kynna sér þessi efni, þó að vafalaust sé henni léttir að því starfi, sem unnið hefur verið. En staðreyndin er, og fram hjá henni hefur hæstv. utanrrh. ekki komizt, að málið lá í hans skúffu, án þess að nokkuð væri í því gert, frá því í nóv. 1960 og þangað til samþ. hafði verið ný ályktun um það á Alþ. 13. maí 1964. Fram hjá þeirri staðreynd verður ekki komizt, og það er rétt, að hún komi fram, þó að ég efist ekki um áhuga Alþfl.-manna í þessu efni.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Mér þykir rétt, að það komi fram, að skýrsla sú, sem hæstv. félmrh. gaf, var gefin í nafni allrar ríkisstj., eins og raunar ljóst var af hans orðum. En vegna þeirra yfirlýsinga, sem hér hafa komið fram af hálfu annarra flokka, er það rétt, að það sé ótvírætt, að Sjálfstfl. er ekki síður áhugasamur um framgang málsins heldur en aðrir þeir, sem hér hafa gefið yfirlýsingar.

Ég skal ekki fara að deila hér um það, hver hafi verið áhugamestur í þessu máli eða mest rekið á eftir því. Ég vil einungis taka undir það, sem hv. 3. þm. Norðurl. v. lagði á mjög ríka áherzlu, að þetta er ákaflega vandasamt mál, margþætt og erfitt að fá um það yfirlit. Og ég hef ekki öðlazt sannfæringu um það, að það væri eðlilegt, að Íslendingar gætu haft í slíku máli, jafnflóknu og erfiðu, forystu fram yfir þær þjóðir, sem í þessum efnum hafa mun meiri og lengri reynslu en við og miklu fleiri sérfræðingum á að skipa til að vinna að framgangi mála. Ég hygg, að málið hafi verið vakandi hjá ríkisstj. allan tímann, hún hafi fylgzt með því, sem gerðist. Eins og hæstv. utanrrh. tók fram, var málið mjög mikið deilumál í Svíþjóð á sínum tíma, og er ekki ýkjalangt, ég hygg eitthvað um það bil tvö ár, síðan það var leitt þar til lykta, en eftir harðar deilur. Það var fyrst á árinu 1963, sem málið varð mjög svo vakandi í Noregi. Eftir að samsteypustjórnin, sem þá tók við skamman tíma síðla á ári 1963, lýsti yfir áhuga fyrir málinu af sinni hálfu, varð ljóst, að það mundi bráðlega ná fram að ganga með samþykki allra. Þó er það ekki, þrátt fyrir þann undirbúning, sem áður hafði verið gerður, og þær yfirlýsingar, sem gefnar voru á árinu 1963, lengra komið en svo sem hæstv. utanrrh. nú lýsti yfir. Og í Danmörku er málið komið enn skemmra á veg. Eftir skýrslu Haralds Guðmundssonar er það ljóst, að málið mun verða leitt til lykta með nokkuð ólíkum hætti í hverju af þessum þremur Norðurlandaríkjum, sem um margt eru fyrirmyndir okkar í almennri löggjöf og þá ekki sízt í tryggingum. Og ég tel, að það sé síður en svo óeðlilegt eða lýsi sleifarlagi af hálfu ríkisstj., að hún vilji fá yfirlit um þessar mismunandi leiðir, áður en lagt er í svo viðurhlutamikla löggjöf hér á landi.

Nú er ég ekki nákunnugur undirbúningsstarfi því, sem hv. 3. þm. Norðurl. v. lýsti, að unnið hefði verið á árunum 1958—1960, en jafnvel þó að það hafi verið samið af mikilli framsýni, er það ljóst, að þeir góðu menn gátu ekki séð fyrir þá þróun, sem síðan hefur orðið í þessum málum hjá okkar nágrönnum, sem við, eins og ég segi, ekki aðeins í þessu máli, heldur ótalmörgum öðrum, styðjumst mjög við í okkar löggjöf og verðum mjög að styðjast við, einfaldlega vegna þess, að okkur skortir sérfræðinga til að vinna mörg þau verk, sem þeir hafa nægan mannafla til að láta leysa af hendi.

Það er hins vegar enginn vafi á því, að um þetta mál eru mjög margar upplýsingar í þeirri skýrslu, sem Haraldur Guðmundsson nú hefur samið. Þar er lagður öruggur grundvöllur að lausn margra vafamála, sem upp hljóta að koma. Hvort þar eru öll þau vafamál, sem hv. 3. þm. Norðurl. v. hefur gert sér grein fyrir frá þeim tíma, að hann vann að þessum málum sérstaklega, get ég auðvitað ekkert fyllyrt um. Hitt þori ég að fullyrða, að þessi skýrsla, sem hér er lögð fram, er mjög merkilegt heimildarrit, sem verður án efa talið til einnar höfuðstoðar við þá lagasetningu, sem mér skilst að allir séu sammála um að setja eigi.

En ég vildi einungis láta þetta koma fram, að það er ekki hægt að fallast á, að stjórnin hafi hér sóað tíma til einskis og látið sér lítt hugað um málið. Eins og málum er háttað, var ekki eðlilegt — ég vil ekki segja skynsamlegt — að hafa á því hraðari gang en verið hefur. Og það er einnig ljóst eftir yfirlýsingar hinna flokkanna, að þar sem Sjálfstfl. er einnig að meginstefnu til samþykkur því, að slík löggjöf ætti að verða sett, standa vonir til þess, að sú löggjafarsamning gangi greiðlega, þó að hitt sé einnig ljóst, að vegna þess, hversu flókin hún er og hversu þetta varðar mörg efni, hlýtur hún að taka nokkur misseri.

Utanrrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Það eru aðeins nokkur orð út af síðari ræðu hv. 3. þm. Norðurl. v. Niðurstaðan af þeim orðum hans var sú, að fram hjá þeirri staðreynd yrði ekki komizt, að málið hefði legið í skúffu ríkisstj. í 3 ár og hefði ekki verið upp tekið, fyrr en framsóknarmenn á Alþ. hefðu borið fram þá þáltill., sem hér er áður búið að nefna. Nú vil ég á engan hátt gera lítið úr því starfi, sem unnið hafði verið áður, m. a. af þessum hv. þm., né heldur vefengja áhuga Framsfl. á þessu máli. En ég verð samt að hryggja hann með því, að það var ekki þáltill. Framsfl., sem varð til þess, að Haraldur Guðmundsson var skipaður til þess að vinna þetta verk. Það var þróunin í nágrannalöndum okkar, sem ríkisstj. fylgdist með og vissi, hvað þar var að gerast, þó að hún bæri það ekki á torg og auglýsti það hér á Alþ. En það var grannt fylgzt með því, sem þar var að gerast, og við töldum þá, 1964, málin komin á það stig, að nú mætti fara að hefjast handa og hefjast handa á þann hátt að byggja á þeirri reynslu, sem hægt væri að fá í þessum löndum, bæði reynslu af framkvæmdinni í Svíþjóð og af undirbúningsvinnunni, sem var þá komin vel á veg í Noregi. Danmörk hefur aftur ekki komizt eins langt, en þó var mjög gagnlegt að vita, hvað þeir hafa aðhafzt í málinu.

Þetta vildi ég aðeins láta koma fram. Mér þykir leitt að þurfa að segja það, að það hafi ekki verið till. framsóknarmanna, a. m. k. ekki eingöngu - það er bezt, að hver fái sitt,- sem varð til þess, að málinu var hreyft, heldur hafi það verið vegna þróunarinnar, sem varð í nágrannalöndunum.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Hv. 3. þm. Norðurl.

v. hefur nú gefið hér yfirlýsingar af hálfu Framsfl. um stuðning við þetta mál og rifjað upp sögu þess, og þarf ég engu við það að bæta, get undir það tekið að sjálfsögðu. Það var aðeins ein setning, sem hæstv. utanrrh. sagði, sem gaf mér tilefni til þess að segja hér fáein orð og ég vil ekki láta standa athugasemdalaust í Alþingistíðindunum. Hann sagði eitthvað á þá lund, að Framsfl. hefði þannig sögu í tryggingamálunum, að hann mætti ekki vel við því, að það væri dregið af honum, að því er mér skildist, það, sem hann gerði vel.

Ég verð að láta í ljós undrun mína yfir því, að hæstv. ráðh. skuli viðhafa þessi orð, og tel þetta mjög ósanngjarnt, og skal ekki segja hér langa sögu. En ég get ekki stillt mig um að upplýsa það, að í fyrsta lagi voru það Alþfl. og Framsfl., sem settu fyrstu löggjöfina á Íslandi um alþýðutryggingar gegn mjög harðri mótstöðu. Og það er eina tryggingalöggjöfin, sem hér hefur verið sett við verulega mótstöðu. Síðan hefur í raun og veru aldrei nein veruleg mótstaða komið fram í sambandi við endurbætur á alþýðutryggingunum. Og mér finnst satt að segja þetta vera dálítið ósanngjarnt af hæstv. ráðh. með tilliti til þess, sem þessir flokkar gerðu þá vel saman, því að það var ekkert smáræðis átak að koma þessu á þá, við þau skilyrði, sem þá voru, því að þau voru ekki ákjósanleg, þau skilyrði, langt í frá. Það var stórkostlegt átak og eitt það mesta, sem gert hefur verið í okkar þjóðlífi, að drífa alþýðutryggingalöggjöfina á við þau skilyrði, sem þá voru. Að því stóðu þessir flokkar saman tveir, og hefði ekki orðið gert, ef þeir hefðu ekki borið gæfu til að standa saman um það. En þá var hörð andstaða gegn málinu, og menn vita vel, hvaðan sú andstaða kom. Síðan hefur yfirleitt ekki verið um neina andstöðu að ræða við endurbætur á tryggingunum, því að þær hafa unnið sig áfram sjálfar.

Enn fremur vil ég geta þess, að Framsfl. hefur, eftir því sem ég man bezt, ævinlega stutt allar endurbætur, sem síðan hafa verið gerðar á tryggingunum, þ. á m. gengið fram fyrir skjöldu í samvinnu við þennan ráðh. um að setja á atvinnuleysistryggingar. En aðeins í eitt skipti, eftir því sem ég man bezt, hefur Framsfl. lagt til, að veigamiklu frv. um endurbætur á tryggingalöggjöfinni yrði frestað, vegna þess að þá höfðu framsóknarmenn ekki haft neina aðstöðu til þess að fylgast með í undirbúningi þess og töldu, að ýmis atriði þyrftu nánari athugunar við. Þá fylgdi þeirri frestunartill. frá flokksins hendi yfirlýsing um, að hann vildi styðja sem fyrst að fullkomnun tryggingakerfisins. En það var lagt til að vísa málinu frá og fresta því með tilliti til þess að athuga vissa kafla í því betur. En það kom þá í ljós, að einn mikilvægur kafli í þeirri löggjöf, sem okkur fannst með fullmiklum skyndingi sett, hefur aldrei verið framkvæmdur. Við nánari athugun þótti ekki fært að framkvæma hann. Ég verð að segja, að mér þykja þessi ummæli hæstv. ráðh. í mesta máta ósanngjörn, þegar sagan er höfð í huga.

Ólafur Björnsson: Herra forseti. Ég skal ekki lengja að neinu marki þær umr., sem hér hafa farið fram, og þar af leiðandi mun ég ekki blanda mér í þær deilur, sem hér hafa átt sér stað milli forystumanna stjórnmálaflokkanna um það, hver flokkanna eigi gylltasta fortíð í sambandi við tryggingamálin. En ég vil aðeins segja það, að ég fagna því, að þetta mál skuli vera komið á þann rekspöl, sem raun er á, og get tekið undir það með öllum öðrum, sem hér hafa talað, að ég tel æskilegt, að það verði leitt til lykta við fyrsta tækifæri, þó að ekki sé af öðrum ástæðum en þeim, að þetta er réttlætismál með tilliti til þess mikla misræmis, sem nú er orðið á milli kjara þeirra, sem aðeins hafa af ellilífeyri að lifa, og ýmissa annarra, sem njóta sæmilegra eftirlauna. Hitt er fullkomlega rétt, sem hæstv. forsrh. vakti athygli á, að málið er flókið og vandasamt. Það hefur valdið miklum deilum á Norðurlöndum, þó að þar hafi út af fyrir sig ekki verið um það ágreiningur, að æskilegt sé að efla tryggingalöggjöfina. En af hálfu þeirra, sem skemmra hafa viljað ganga í þessu efni, hefur verið bent á tvennt. Í fyrsta lagi, að það mundi leggja viðkomandi þjóðum á herðar of þungar byrðar að safna nauðsynlegum sjóðum til stóraukinnar ellitryggingar, og í öðru lagi mundi hin aukna kaupgeta, sem af tryggingunum leiddi, verða til þess að auka neyzluna verulega.

En það var ekki til að ræða þessa hlið málanna, sem ég stóð hér upp, heldur til þess að vekja athygli á öðru, sem ég hef hreyft áður við svipuð tækifæri hér á hinu háa Alþ., en það er þetta, að í einu efni er aðstaða okkar töluvert önnur og erfiðari í þessu máli heldur en hinna Norðurlandaþjóðanna. En það, sem ég á við í því efni, er hið háa verðbólgustig, sem verið hefur hér á landi miðað við það, sem annars staðar hefur verið. Undanfarinn aldarfjórðung eða frá því að seinni heimsstyrjöldin hófst, mun verðlag hér á landi hafa hækkað um ekki minna en 10% á ári að jafnaði. Samsvarandi tala fyrir hin Norðurlöndin er varla meira en 3—4%. En það er undirstaða allrar eiginlegrar tryggingarstarfsemi, sem byggist á söfnun sjóða, að verðbólgu sé þó haldið nokkuð í skefjum. Að vísu höfum við haft almannatryggingar hér á landi þrátt fyrir þetta, það er vitað, og þær hafa aukizt. En grundvöllur þeirra hefur fyrst og fremst verið sá, að auk framlaga úr sjóðunum eru það fyrst og fremst skattborgararnir, sem undir þessu hafa staðið. Auðvitað var það betri leið en að gera almannatryggingarnar að engu í skjóli verðbólgunnar. En hér er um alveg sérstakt vandamál að ræða, sem verður að leysa, ef á að stórauka tryggingastarfsemi hér á landi.

Ég gat ekki látið hjá líða, að þetta atriði kæmi fram, úr því að þetta mál hefur borið á góma hér í sameinuðu þingi.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að taka undir með þeim þm., sem hér hafa þakkað ríkisstj. fyrir þetta stórmerka spor, sem stigið er í félagsmálum þjóðarinnar. En það er enginn vafi, að á síðustu árum eru fá mál önnur, sem eru stærri fyrir allan almenning heldur en einmitt þetta. Mér fannst hins vegar í umræðum, sem hér hafa verið hafðar í frammi, að það legðist lítið fyrir suma þm. að minnast þess ekki, um leið og þeir hafa haldið því fram, að þetta mál hafi faktískt verið fundið upp með flutningi tveggja þáltill. hér innan veggja Alþ., að þetta mál er komið af stað hér á Íslandi utan veggja Alþ. Ég leyfi mér að minna hv. þm. á það, að á árunum 1953, 1954 og 1955 voru uppi mjög háværar kröfur í hópi margra stórra starfsstétta

hér á landi um lífeyrissjóð fyrir sitt fólk. Á grundvelli þessara almennu krafna, sem ég vildi segja að hafi verið uppi, vil ég líka segja það, að það hefur fáum málum verið meir eða betur fagnað af þeim, sem vinstri stjórnin lét eftir sig, heldur en setningu l. um lífeyrissjóð togarasjómanna. Það fór líka á þann veg skömmu síðar, eftir að þau lög voru samþ., að félagssamtök sjómanna beittu sér fyrir stofnun lífeyrissjóðs fyrir farmenn, sem náðist fram í samningum nokkrum missirum síðar. Og þegar það atriði hafði fengizt í samningum, kom auðvitað strax upp, eins og komið hafði áður og talað var um í umr. um lífeyrissjóð togarasjómanna hér á Alþ. við setningu þeirrar löggjafar, krafan um lífeyrissjóð fyrir alla íslenzka fiskimenn. Þessari kröfu hefur alltaf verið haldið á lofti síðan af samtökum sjómanna og reyndar líka hér af einstökum hv. þm. innan veggja Alþ., og það hafa verið samin lagafrv. um þetta mál, að ég vil halda í a. m. k. tvígang, en m. a. hefur þetta mál stöðvazt vegna kröfu, sem fljótlega kom fram úr röðum útvegsmanna, að rétt væri, að smáútvegsmenn ættu kröfu á því að geta gerzt aðilar að slíkum lífeyrissjóði einnig. Á þessu voru hins vegar við athugun á þeim árum það miklir annmarkar, að talið var, að ekki þætti fært að ganga jafnlangt og nú virðist hugmyndin að ganga. En ég vil minna á það líka, að skref í þessa átt var stigið með setningu löggjafar á Alþ. fyrir nokkrum árum, í tíð núv. hæstv. ríkisstj., um sameiningu lífeyrissjóðanna, annars vegar þess, sem hafði verið myndaður með löggjöf hér frá Alþ. um lífeyrissjóð togarasjómanna, og hins vegar lífeyrissjóðs fyrir farmenn, sem náðst hafði fram í samningum.

Ég vil líka láta það koma fram vegna þeirra umr., sem hér hafa farið fram, að það fór ekki hjá því, að í röðum sjómanna kæmi upp sú skoðun, að þegar þáltill. framsóknarmanna var flutt í fyrra skiptið, hafi þessi till. jafnvel verið flutt til þess að drepa á dreif þeim sterku kröfum og óskum sjómanna um það, að þá þegar fengist lífeyrissjóður fyrir alla fiskimenn. Þetta hins vegar var skoðun, sem forystumenn samtakanna vildu ekki láta heyrast og börðu niður fljótlega, vegna þess að þeir voru frá fyrstu tíð fylgjandi því, að sem flestir landsmanna gætu átt aðild að lífeyrissjóði.

Ég vil svo að lokum aðeins endurtaka þakkir mínar bæði til félmrh. og hæstv. ríkisstj. fyrir þá yfirlýsingu, sem hér var gefin, og ég fullyrði, að þetta mál verður á seinni tímum talið eitt það almerkasta, sem núv. hæstv. ríkisstj. hefur látið frá sér fara.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Það var einungis vegna þess, að hv. l. þm. Austf. vildi gera á því nokkurn mun, þeirri andstöðu, sem hann sagði að hefði verið á móti tryggingunum, þegar þær voru fyrst lögboðnar nokkuð almennt 1936, og svo þeirri andstöðu eða skorti á áhuga, skulum við segja, sem átti sér stað af sumra hálfu við stórbreytingar á þeim síðar. Nú skulum við auðvitað ekki vera að þeim barnaleik að láta svo sem það sé nokkur skömm eða nokkuð óvenjulegt, að flokkar breyti um skoðun og afstöðu til mála á heilum mannsaldri. Það væri mjög óeðlilegt og alveg fráleitt, ef menn breyttu ekki nokkuð sínum viðhorfum með breyttum tímum. En það er rétt að vekja athygli á því, að hv. þm. sagði um endurskoðun á tryggingalöggjöfinni — ég hygg 1964, þegar Páll heitinn Hermannsson gaf sína frægu yfirlýsingu og skar sig frá sínum flokksmönnum og greiddi atkvæði með endurbótunum í Ed., — hann sagði, að það hefði verið af sérstökum ástæðum, sem Framsfl. var þá almennt ekki með þeirri breytingu. Ég hygg, að hann hafi einnig verið mjög áhugalítill um endurbætur, sem gerðar voru á tryggingarlöggjöfinni, eftir að núverandi stjórn tók við, a. m. k. fyrir sumum breytingunum. Látum það vera. Flokkurinn hefur vafalaust getað fært fyrir því sérstakar ástæður, málefnalegar ástæður, sem hann hefur talið fullnægjandi á hverjum tíma. En þá vil ég einnig vekja athygli á því, að hið sama átti sér auðvitað stað af hálfu sjálfstæðismanna árið 1936. Hv. l. þm. Austf. sagði, að það hefði verið nánast kraftaverk að koma tryggingunum þá fram, við þær erfiðu aðstæður, sem voru í þjóðlífinu. Og vitanlega voru það málefnalegar ástæður, sem þá voru fram færðar af hálfu þáverandi þm. Sjálfstfl. Það á enginn þeirra sæti á Alþ. lengur. Hv. l. þm. Austf. sat þá á þingi ásamt hæstv. utanrrh. og nokkrum fleiri þm., sem voru fylgjandi þessari lagasetningu. Allir þeir sjálfstæðismenn, sem þá sátu á þingi, eru nú héðan horfnir, eiga ekki lengur setu á þinginu. Þeir fluttu málefnaleg rök fyrir sinni afstöðu, að því er ég bezt man, fyrst og fremst erfiðleika tímanna og annað það, sem andstæðingar mála oft bera fyrir sig og láta ráða úrslitum í sinni afstöðu. Hitt man ég mjög vel, að fyrir þann tíma höfðu ungir sjálfstæðismenn gert almennar samþykktir um stuðning sinn við víðtækar tryggingar.

Það fer eftir atvikum hverju sinni, hvort flokkur telur, eins og á stendur, vegna sérstakra aðstæðna í þjóðfélaginu, vegna erfiðleika, sem uppi eru, það vera rétt að vera með einhverju máli, þegar það fyrst er fram borið. Alþfl. hefur, alveg eins og hv. 3. þm. Norðurl. v. sagði, eflaust samfelldasta stuðningssögu við framgang tryggingamála. Ég held, að enginn geti efazt um það, það tjái engum þar að bera á móti. Þessu hefur oft verið lýst, a. m. k. af hálfu Sjálfstfl.

Hvort það hefði verið hægt að halda eitthvað örlítið öðruvísi á því máli, sem við ræðum nú, þannig að það hefði gengið eitthvað fyrr fram, eins og hv. þm. framsóknarmanna vilja nú halda fram, sennilega vegna sinnar aðstöðu, má ætíð deila um. Við hinir, sem berum ábyrgð á framgangi málsins, teljum, að við höfum haft allan skynsamlegan hraða á því og haldið þannig á málum, að það væri ekki líklegt, að það gæti gengið hraðar en gert hefur verið. Þannig verður auðvitað að skoða hvert mál út frá aðstæðum hverju sinni, en ekki vitna til aðstöðu og segja í öðru tilfellinu: Það voru erfiðleikar tímanna, sem réðu því, sérstakar aðstæður, að flokkurinn var á móti, en láta ekki sams konar skýringu gilda um andstæðinga, um leið og ég viðurkenni alveg fúslega og dettur ekki í hug annað en viðurkenna, að viðhorf sjálfstæðismanna hefur verulega breytzt til almannatrygginga á síðustu 30 árum.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Það eru aðeins fáein orð út af ræðu hæstv. forsrh. Ég greindi aðeins frá staðreyndum í þessum efnum og lagði engan dóm á þær. Ég skýrði frá því, að Framsfl. hefði ásamt Alþfl.

staðið fyrir fyrstu alþýðutryggingalöggjöfinni gegn mjög harðri mótstöðu, sem er alveg rétt, og síðan hefði Framsfl. stutt, að því að ég bezt vissi, allar endurbætur á alþýðutryggingalöggjöfinni og nýja tryggingalagabálka, eins og atvinnuleysistryggingar og annað slíkt, en aðeins einu sinni lagt til, að frv. um endurbætur á alþýðutryggingalögunum yrði frestað og málið undirbúið betur, en látið fylgja sterka yfirlýsingu frá sér um, að flokkurinn styddi fullkomnun alþýðutrygginganna. Þetta var það, sem ég rakti, og þetta eru staðreyndir. Ég skal ekki fara að ræða hér, af hverju Sjálfstfl. var á móti alþýðutryggingalöggjöfinni fyrst, — ég gerði það ekki í minni fyrri ræðu og skal ekki gera það frekar nú. Ég sagði aðeins frá staðreyndum. Þetta var lögfest af Alþfl. og Framsfl., en andstaða gegn því var mjög sterk af hálfu Sjálfstfl. Ég held því alveg óhikað fram, að þeir, sem unnu að því að koma á fyrstu alþýðutryggingalöggjöfinni við þessi skilyrði, hafi unnið þýðingarmesta og erfiðasta verkið í öllu málinu og það hafi verið miklu auðveldara að byggja ofan á síðan. Og það var ekki sízt þess vegna, sem ég vildi koma á framfæri þessum ummælum mínum í sambandi við það, sem hæstv. utanrrh. sagði.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Ég hlýt að fagna þeim undirtektum, sem mál þetta hefur fengið nú við þessar umr. hér á hv. Alþ. og ættu að vera trygging fyrir því, að málið nái fram að ganga með svo skjótum hætti sem unnt er, þegar farið verður að vinna að lokaskrefinu í þeim efnum.

Það eru aðeins tvö atriði í ræðu hv. 3. þm. Norðurl. v., sem ég vildi skýra nokkru nánar, umfram það, sem þegar hefur verið gert af hæstv. utanrrh. og hæstv. forsrh. Þm. gerði sérstaka fyrirspurn til mín eða a. m. k. tók ég það sem fyrirspurn, hvort tilkoma þessarar álitsgerðar og skýrslu ríkisstj. nú væri að einhverju leyti í tengslum við þá fsp., sem nú var verið að samþ. að leyfa hér á hv. Alþ. í dag. Ég hygg, að það verði ekki vefengt, að hvorki ég né hv. fyrirspyrjandi þeirrar fyrirspurnar vissum hvor um annan. Hugmyndin var, að þessi skýrsla yrði flutt á síðasta fundi Sþ., fyrir viku. Hugmyndin var að prenta álitsgerðina, en vegna anna í prentsmiðju reyndist það ekki unnt, og urðu nokkrar tafir á því, að hægt væri að koma skýrslunni fjölritaðri til þingmanna. Álitsgerðin er því ekki til komin hér á Alþ. nú í neinum tengslum við þessa fsp.

Í öðru lagi lagði hv. þm. mesta áherzlu á það, sem þegar hefur verið svarað, að gengið væri fram hjá sögulegum staðreyndum og þá sérstaklega þeim, hverjir væru flm. þeirrar upphaflegu till. til þál., sem um þetta mál var á sínum tíma samþykkt. Ég lagði áherzlu á það við samningu þessarar skýrslu, að þar kæmi það fram í málinu, sem máli skipti og ekki hefði áður komið fram á Alþ. Forsaga málsins er til hér í þskj. og hverjir fluttu þessa þáltill. og þess vegna alger óþarfi að endurtaka það nú. En það annað, sem fram kom í minni skýrslu, hefur ekki verið rætt áður í sambandi við þetta mál, og ég lagði áherzlu á, að það kæmi fram nú.

Að öðru leyti ítreka ég svo þakklæti mitt fyrir þær góðu undirtektir, sem málið hefur fengið, og vænti, að þessar góðu undirtektir komi fram í góðu og einlægu samstarfi um að gera þessa löggjöf sem haldbezta, alþjóð til heilla.

IV. Framkvæmd vegáætlunar 1965.

Á 17. fundi í Sþ., 8. des., var tekin á dagskrá:
Skýrsla samgmrh. um framkvæmd vegáætlunar 1965.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Eins og kunnugt er, var vegáætlun samþykkt 2. apríl s. l. fyrir árin 1965—1968. Enda þótt sú skýrsla, sem fram hefur verið lögð, taki flest fram, sem framkvæmdirnar snertir, þykir mér rétt að fara nokkrum orðum um skýrsluna og hugleiða nokkuð ýmislegt, sem snertir vegamálin.

Nettótekjur vegasjóðs á árinu námu 263.7 millj. kr. Af framlagi til vegamála á fjárl. ársins 1965 voru dregin frá 20% vegna frestunar á framkvæmdum, samkv. heimild í 22. gr. fjárl. Vegna þess, að það er nú komið fram hjá hv. þm., að vafasamt væri, hvort ríkisstj. hafi haft heimild til þess að fresta framkvæmdum, er rétt að minna á, að í 22. gr. fjárl. er skýlaus heimild til þess að fresta öllum framkvæmdum, sem fé er veitt til á fjárl. 1965. Samkv. þessari heimild var ýmsum framkvæmdum á árinu frestað. Frestunin kom á framkvæmdaliði III-V á vegáætlun og nam 8 millj. 178 þús. kr., framlag til kaupstaða og kauptúna samkv. vegáætlun VIII, 1 millj. 175 þús. kr., og framlag til tilrauna við vega- og gatnagerð, 47 þús. kr. Upphæðin var því samtals 9 millj. 400 þús., en það eru 20% af 47 millj. kr., sem eru á fjárl. ársins 1965.

Rétt þykir að gefa yfirlit yfir það, hvaða framkvæmdir það eru, sem frestað var. Í Reykjaneskjördæmi: Kjósarskarðsvegur; Vesturlandskjördæmi: brú á Örnólfsdalsá; Vestfjarðakjördæmi: brú á Suðurfossá, Svalvogavegur; Norðurl. v.: Heggstaðanesvegur, Þingeyravegur, Reykjabraut, Skagavegur, Kjálkavegur, brú á Svartá hjá Kornsá; Norðurl. e.: Kinnarvegur, Hörgárdalsvegur, Eyjafjarðarbraut, Stafnsvegur, Gilsbakkavegur; Austurl.: brú á Selá, Fagradalsbraut, Dalavegur; Suðurlandskjördæmi: brú á Jökulgili; smábrýr 500 þús., fjallvegir 168 þús.

Þetta eru margar upphæðir, en smáar flestar hverjar og nema, eins og áður er sagt, 8 millj. 178 þús. Framkvæmdum var frestað í hverju kjördæmi í réttu hlutfalli við fjárveitingar til kjördæmanna. Vegamálastjóri hafði haft tal af þm. um þessi mál og innt eftir því, hvaða framkvæmdum þeir vildu fresta, ef til þess kæmi. Ýmsir þm. létu álit sitt í ljós, en aðrir vildu ekki hafa bein afskipti af því. Frestun á framkvæmdum var að athuguðu máli ákveðin í samráði við vegamálastjóra. Gert er ráð fyrir, að þeim framkvæmdum, sem frestað var á þessu ári, verði lokið á árinu 1966. Hafa ofantaldar framkvæmdir því tafizt um eitt ár.

Samkv. vegáætlun var unnið að lagningu hraðbrauta á árinu, eins og kunnugt er. Í Reykjanesbraut var fjárveiting aðeins 6.8 millj. kr. og lán tekin til vegarins 115 millj. kr. Íslenzkir aðalverktakar unnu að undirbyggingu samkv. samningi á Strandaheiði og á afleggjara af Reykjanesbraut í Voga. Steyptir voru 18.3 km frá Kúagerði suður að Fitjum og 3.2 km malbikaðir

á Fitjum og í Ytri-Njarðvík. Vegagerð ríkisins hefur unnið að frágangi á vegköntum og má því segja, að Reykjanesbrautin sé fullgerð að undanskildum kaflanum fyrir ofan Hafnarfjörð.

Fjárveiting til Þrengslavegar var 3.2 millj. samkv. vegáætlun. Var þetta fé notað til að byggja upp og lagfæra vegarkafla á Þrengslaleiðinni um Sandfell.

Að þjóðbrautum var unnið á árinu samkv. vegáætluninni. Lán til þjóðbrauta voru 17.4 millj. kr. og samkv. vegáætlun var gert ráð fyrir fé úr vegasjóði að upphæð 25 millj. 760 þús. Að lagningu landsbrauta var unnið fyrir lánsfé að upphæð 5.2 millj. kr., framlag úr vegasjóði samkv. vegáætlun var 27 millj. 590 þús. kr. Til fjallvega var varið samkv. vegáætlun 880 þús. kr. og reiðvega 180 þús. Ríkisframlag til sýsluvega var á árinu 10 millj. kr. Til brúagerða samkv. vegáætlun 15 millj. 485 þús. kr. Stórbrýr voru byggðar fjórar á árinu, þ.e. brú á Haffjarðará, 46 m löng, brú á Miðfjarðará 84 m, brú á Þverá í Út-Blönduhlíð 55 m og brú á Eldvatn hjá Ásum 55 m löng. Brýr 10 m og lengri voru byggðar samtals 12. Byggðar voru 20 smábrýr, 4—9 m. Lengd brúa, sem byggðar voru á árinu, er samtals 526.4 m. Undirbyggðir vegir á hraðbrautum voru 10.9 km, lagt slitlag á hraðbrautum 20.1 km, undirbyggðir vegir á þjóðbrautum voru 50.3 km, lagt slitlag á þjóðbrautum 33.4 km. Undirbyggðir vegir á landsbrautum voru 79.2 km, lagt slitlag á landsbrautum 120.3 km. Við sýsluvegi var unnið eftir því, sem efni stóðu til. Byggðar voru 5 smábrýr á sýsluvegum, samtals 32 m að lengd. Endanlegt yfirlit liggur ekki fyrir um framkvæmdir á sýsluvegum.

Til vega í kaupstöðum og kauptúnum var varið samkv. vegáætlun 28 millj. 593 þús. kr. Þar af fengu kaupstaðir 23 millj. 684 þús., en kauptún 4 millj. 909 þús. Þetta er hluti af því fé, sem ber að greiða til kaupstaða og kauptúna samkv. 32. gr. vegal. Auk þess var fé til sérstakra framkvæmda í kaupstöðum og kauptúnum, 10% af kaupstaðafénu samkv. 34. gr. vegal., 3 millj. 177 þús. kr. Var veitt til Selfoss á árinu 1 millj. kr. af þessu fé vegna vegagerðar gegnum kauptúnið.

Verði ný hraðbraut gerð gegnum Kópavogskaupstað, en úr því verður fljótlega skorið, mun mestur hluti af 10% framlaginu ganga til Kópavogs næstu árin vegna þeirra framkvæmda, sem munu verða mjög dýrar, ef í verður ráðizt. Til véla- og áhaldakaupa var varið 19.4 millj. kr. Er það að vísu há upphæð, miðað við það, sem lengi hefur verið, en þyrfti þó að vera miklu hærri. Það er kunnugt, að það eru aðeins örfá ár síðan byrjað var á að endurnýja vélakost vegagerðarinnar. Það var látið duga að kaupa gamlar vélar frá varnarliðinu á Keflavíkurflugvelli, en sem betur fer hefur orðið stefnubreyting hvað þetta snertir og með því sparazt mikið fé um leið og afköst við vegagerðina aukast. Þörf er á auknu fjármagni til vélakaupa fyrir vegagerðina.

Til tilrauna við vega- og gatnagerð var varið 2 millj. 415 þús. Má segja, að þörf væri á meiri tilraunastarfsemi vegna vega- og gatnagerðar, því að enginn vafi er á því, að ýmislegt er óunnið á því sviði. Tilraunir með olíumöl hafa verið gerðar í Kópavogi, Hafnarfirði og Garðahreppi. Endanlegt uppgjör um kostnað við þessar tilraunir liggur ekki að fullu fyrir, en áætlað er, að það muni kosta 55 kr. m miðað við 4.5 cm þykkt lag. Sjálfsagt er að fá úr því skorið, hvort það svarar kostnaði að hafa þessa aðferð við vegagerð hér á landi. Til vegaviðhaldsins var varið, eins og vegáætlun gerir ráð fyrir, 92.5 millj. kr. Enda þótt það sé há upphæð miðað við mörg undanfarin ár, er þó augljóst, að þessi upphæð þyrfti að vera mun hærri til þess að vegaviðhaldið gæti verið í því horfi, sem æskilegt er. Það er og augljóst, enda oft verið á það minnzt, að fjölförnustu vegunum verður naumast við haldið með malaríburði. Það verður því sem allra fyrst að koma varanlegu slitlagi á þá vegi, sem hafa mesta umferð.

Lán til einstakra vega, boðin fram af sveitarfélögum, hafa verið tekin, ef það var talið hagkvæmt, svo sem með því að ljúka vissum áföngum. Skilyrði fyrir því er það, að lánið greiddist á næsta ári og framkvæmdin sé í vegáætluninni. Í árslok 1965 eru bráðabirgðalán úr héraði 11 millj. 296 þús., en voru aðeins hærri í árslok 1964, 11 millj. 560 þús. Það hefur verið að því fundið, að ekki skuli vera grg. um skiptingu viðhaldsfjárins til einstakra vega í þeirri skýrslu, sem árlega er lögð fram um vegaframkvæmdir. Það er vitanlega framkvæmdaatriði, hvort slík grg. er lögð fram eða ekki. Tel ég eðlilegt, að athuga það fyrir næsta ár, hvort vegamálastjóri telur nokkra sérstaka erfiðleika á slíkri skýrslugerð. Það er vitanlega ekkert leyndarmál, hversu mikið fé fer í snjómokstur, hversu mikið fé fer til þess að hefla vegi, og hversu mikið fé er notað til ofaníburðar. Þá er það heldur ekkert leyndarmál, hvernig féð skiptist milli einstakra kjördæma eða einstakra vega.

Þess ber að geta, að fyrirfram er ekki hyggilegt að ráðstafa öllu viðhaldsfénu, t. d. snemma á árinu. Snjór fellur misjafnlega niður og snjómokstur getur orðið mikill eitt árið og lítill annað árið. Vatnsflóð og skemmdir geta einnig alltaf komið og þá verður að hafa til fé, sem grípa má til utan þeirrar áætlunar, sem beinlínis er unnið eftir. Unnið hefur verið að vegagerð á Vestfjörðum samkv. Vestfjarðaáætluninni og er ekki þörf á að gera nánari grein fyrir því, þar sem málið hefur áður verið ýtarlega rætt.

Benzínsalan á árinu hefur orðið nokkru meiri heldur en áætlað var og hefur það orðið til þess að mæta verðhækkunum, sem orðið hafa við ýmsar framkvæmdir. Tekjur af gúmmígjaldi og þungaskatti hafa staðizt. Vegáætlun hefur því staðizt á árinu og allt verið framkvæmt, sem ekki var fyrirfram ákveðið að fresta. Hér á hv. Alþ. hefur mikið verið rætt um 47 millj. kr., sem eru á fjárl. þessa árs, en verða ekki teknar upp á næstu fjárlög. Ýmislegt hefur verið sagt í því sambandi og skal ég ekki fara nánar út í það við þetta tækifæri. Aðeins skal á það bent, að séð verður fyrir fé í stað áðurnefndra 47 millj. og staðið verður við vegáætlunina eins og gengið var frá henni á síðasta Alþ. Til viðbótar áðurnefndri fjárlagaupphæð verður séð fyrir fé á árinu 1966 til þess að vinna það, sem frestað var á þessu ári.

Það hefur oft verið á það bent, að benzíngjald og þungaskattur, sem nú er í ráði að lögfesta, hefði eins getað runnið í ríkissjóð og þannig hefðu 47 millj. kr., sem áður eru nefndar, getað áfram verið á útgjaldalið fjárl. Hvort það hefði verið betra fyrir vegamálin, þarf ekki að ræða. Það liggur í augum uppi, að svo hefði ekki verið. En mestu máli skiptir, að vegasjóður fái sem mest fé til framkvæmda, í fyrsta lagi til þess að standa við þá

vegáætlun, sem fyrir liggur, og það má ekki bregðast, í öðru lagi, að vegasjóður fái aukið fjármagn um leið og heimild er til að endurskoða vegáætlunina. Sú heimild er fyrir hendi haustið 1966 og í ráði er að nota þá heimild. Benzíngjald og þungaskattur, sem nú verður lögfestur, mun nema á árunum 1967 og 1968 allt að 70 millj. kr. Auk þess er æskilegt að gera ráðstafanir til að fá enn aukið fjármagn í sambandi við endurskoðunina, til þess að seinni ár áætlunartímabilsins hafi mun rýmri fjárframlög til vegamálanna heldur en tvö þau fyrri. Í þeim tilgangi skipar ríkisstj. n. til að gera till. um aukin fjárframlög til vegamála og með hverjum hætti megi vinna að lagningu hraðbrauta og annarra vega, sem nauðsynlegastir eru, með auknum hraða.

Það er örugglega rétt, sem haldið var fram við umr. um vegal. 1963, að þörf fyrir stóraukið fjármagn til vegamála vex með ári hverju vegna fjölgunar ökutækja og aukinna krafna um betri vegi. Þetta eru allir alþm. sammála um. Þó er oft deilt um þessi mál, rétt eins og það sé uppi ágreiningur um þessar nauðsynlegu framkvæmdir. En þótt tímarnir hafi breytzt til batnaðar og þjóðin geri auknar kröfur, hefur verið þörf fyrir góða vegi í landinu fyrr en nú. Það hefur um langan tíma verið nauðsynlegt að verja meira fjármagni til vegamála en gert hefur verið, en fjárhagsgetan hefur alltaf verið takmörkuð og framkvæmdir á mörgum sviðum atvinnulífsins hafa kallað eftir fjármagni, sem ávallt hefur vantað. Þetta var ekki síður áður en núv. ríkisstj. kom til valda, og er fjarri mér að deila á einn eða annan fyrir það, að áður hafi verið of litlu varið til þessara mála, t.d.1958,þegar aðeins 80 millj. kr. voru notaðar til vegaframkvæmda. Það hefur sjálfsagt verið nauðsynlegt áður eins og nú að takmarka útgjöldin við það fjármagn, sem stjórnarvöldin töldu sig geta aflað. Eðlilegt er, að þetta sé haft í huga, þegar rætt er um framkvæmdir og fjármagn nú, þótt vaxandi tekjur og bættur þjóðarbúskapur standi undir auknum framkvæmdum eins og reynslan sýnir.

Það er rétt að geta þess að lokum, að á árinu 1965 hefur verið unnið að vegaframkvæmdum fyrir um 400 millj. kr. Á þessu ári var lokið við Reykjanesbrautina, sem hefur kostað um 260 millj. kr. Reykjanesbrautin er sýnishorn af því, hvernig fjölförnustu vegirnir eiga að vera og hver munur er á vegum með varanlegu slitlagi og hinum vondu malarvegum. Nú er mönnum ljóst, hvernig vegirnir eiga að verða í framtíðinni. Reykjanesbrautin mun verða hvatning til þess að halda áfram vegagerð með varanlegu slitlagi. Enginn vafi er á því, að almennur skilningur er á að verja vaxandi fjárhæðum til vegamálanna, og þess vegna mun þjóðin leggja til fjármagn, sem gerir mögulegt að vinna að vegagerð hér á landi með líkum hætti og í nágrannalöndunum, þótt hér sé meira strjálbýli og erfiðari skilyrði til vegagerðar en víðast annars staðar.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Ég vil nú þakka hæstv. samgmrh. fyrir þá skýrslu, sem hann hefur flutt Alþ. um framkvæmdir á vegáætluninni á þessu ári. Það er ekki ætlun mín að ræða þessa skýrslu almennt, heldur aðeins ætlaði ég hér að víkja að tveimur til þrem atriðum.

Eins og fram kom í skýrslu hæstv. ráðh., var 47 millj. kr. upphæðin, sem ríkissjóður lagði fram til vegamála, skorin niður eins og aðrir liðir fjárl., þegar til framkvæmdanna kom, um 20% eða í þessu tilfelli skertist 47 millj. kr. upphæðin um 9.4 millj. kr. Þannig hafa vissar vegaframkvæmdir, sem hæstv. ráðh. nefndi í skýrslu sinni, verið teknar til hliðar og látnar bíða. Ætlunin er þá sennilega að geyma fjármagn, sem þessu nemur, og taka til þessara framkvæmda í viðbót við þær framkvæmdir, sem vegáætlun gerir ráð fyrir á næsta ári. Það yrðu þá umframframkvæmdir á næsta ári sennilega. Það má því segja, að þetta sé aðeins tilfærsla á milli ára. En þetta sýnir okkur samt, að í framkvæmdinni getur svo farið, að viss verkefni, sem fjárlög og vegáætlun gera ráð fyrir, að framkvæmd verði, verði samt látin bíða. En ég held, að hæstv. ráðh. hafi svo ekki gert grein fyrir öðrum framkvæmdum, sem ekki var gert ráð fyrir í vegáætlun, en þó framkvæmdar á liðnu ári. Hefði sízt verið ástæða fyrir hæstv. ráðh. að geta ekki slíkra framkvæmda, því að þar væri sem sé gert betur heldur en Alþ. og vegáætlun hefðu ætlazt til. Ég minnist þess t. d., að fyrir síðasta Alþ. lágu frammi till. um það að koma Árneshreppi í Strandasýslu í akvegasamband í einum áfanga, í mesta lagi tveimur, en samkv. vegáætluninni var gert ráð fyrir, að þetta gerðist ekki fyrr en á næstu 3 árum. Till. um þetta voru hins vegar felldar af Alþ. Alþ. lagði bann við því, að þessar framkvæmdir yrðu gerðar, en samt sem áður var í þessa framkvæmd ráðizt á s. l. ári, utan við ákvörðun vegáætlunar og þvert ofan í samþykktir Alþ. Kannske þær framkvæmdir, sem Alþ. fellir, að skuli ráðizt í, fái nú svona forgang fram yfir ýmsar þær framkvæmdir, sem eru á vegáætlun og er skotið til hliðar af ráðh. og vegamálastjóra, því að mér er ekki kunnugt um, að það hafi t. d. verið haft samráð við þm. Vestfjarðakjördæmis um það, hvaða vegir skyldu bíða vegna 20% skerðingarinnar á framlögum til vegamála. Það virðist hafa verið gert að eindæmi ráðh. og vegamálastjóra, a. m. k. var ekki leitað neins samráðs við mig um það. Ekki heldur um það að ráðast í vegaframkvæmdir í Vestfjarðakjördæmi, sem Alþ. hafði fellt, að skyldi gert, og hefði þó áreiðanlega ekki staðið á mínu samþykki í því, þar sem ég var einn af till.-mönnunum, sem fylgdi því fram, að í þá vegaframkvæmd yrði ráðizt og hún fengist tekin á vegáætlun. En sem sé, það er mér mikil gleði, ef þær framkvæmdir, sem Alþ. fæst ekki til að samþykkja, verða öruggari og vissari með framkvæmd heldur en ýmsar þær framkvæmdir, sem fá náð fyrir augum hv. Alþ. og fást teknar inn á vegáætlun.

Ég vil nú spyrja um það, með hvaða hætti þetta gerðist, að vegaframkvæmdir, sem hér var fellt, að ráðizt skyldi í á árinu, voru samt teknar fyrir og framkvæmdar, góðu heilli. En það hefði verið æskilegra, að till. um þessar framkvæmdir hefðu verið samþ. á Alþ. og Alþ. hefði gefið heimildirnar. M. ö. o., ýmislegt, sem hefur verið samþ. samkv. vegáætlun, að skyldi framkvæmt, hefur ekki verið framkvæmt og ýmislegt, sem ekki komst á vegáætlun og Alþ. lagði bann við, að skyldi gert, hefur verið framkvæmt. Þannig er nú rúmt um hendur framkvæmdavaldsins, þrátt fyrir lagasetningar og áætlanir eins og vegáætlun.

Um framkvæmdir við vegi á Vestfjörðum sagði hæstv. ráðh., að þær hefðu farið eftir Vestfjarða-

áætluninni og vil ég eingöngu í því sambandi segja það, að mér finnst nú tími til þess kominn, að a. m. k. þm. Vestfjarða eigi þess kost að sjá hina margumræddu Vestfjarðaáætlun, því að hún hefur ekki fengizt fram í dagsljósið enn. Og þegar gerð var fsp. um þetta fyrir bara nokkrum vikum á hv. Alþ., sagði einn sá hv. þm., sem gerst má um vita: Hver getur séð það, sem ekki er til? En nú vitnar hæstv. samgmrh. til Vestfjarðaáætlunarinnar og segir, að eftir henni hafi verið farið um framkvæmdir vegamála á Vestfjörðum s. l. ár. Ég er svo forvitinn, að mig langar til að fara að sjá þetta plagg, sem svo oft er vitnað til hér í sölum Alþ. Hins vegar hef ég nú heyrt það síðustu vikurnar, að það sé komin nýlega til landsins frumútgáfa af svokallaðri Vestfjarðaáætlun frá Noregi og það sé verið að vinna að þýðingu hennar á íslenzku núna í Efnahagsmálastofnuninni. Mundi þetta vera satt? Mundi þetta vera rétt? Ég gæti vel trúað því, að þetta væri rétt, því að það er sennilega ætlunin að tyggja fyrst upp á íslenzku og láta endurtyggja það upp á norsku og tyggja það svo aftur á íslenzku í hv. alþm. og þá fyrst rennur upp sú stund kannske, að við fáum að sjá hina margrómuðu og margumtöluðu Vestfjarðaáætlun.

Ég var nú dálítið hissa á því, að hæstv. ráðh. skyldi minnast á 47 millj. í fjárl., sem áttu að fara til vegamála. Það hefði vissulega verið langskemmtilegast, að þær 47 millj., sem lofað var á sínum tíma til vegamála frá ríkissjóði, stæðu a. m. k. út tímabil vegáætlunarinnar á fjárl., en að sú upphæð væri ekki látin hverfa og gripið til nýrrar skattlagningar á borgarana til þess að fullnægja þeirri upphæð og þá einhverri umframupphæð til þess að verðgildi 47 millj. héldist nokkurn veginn í framkvæmd. Ég hefði talið, að það hefði verið miklu skemmtilegra, að 47 millj. hefðu verið áfram í fjárl. og þannig fyllilega staðið við gefin loforð, því að það er ekki til þess að efna gefin loforð að láta þessar 47 millj. hverfa og leggja svo nýja skattabyrði á gjaldþegnana, til þess að hægt sé að *fullnægja þeirri upphæð eða riflega* henni. Það er aldrei hægt að sannfæra nokkurn mann um það. Það var án nýrrar skattlagningar á þegnana, sem 47 millj. áttu að koma til skila til framkvæmda í vegamálum.

Ég læt þessum aths. mínum lokið við skýrslugerð hæstv. ráðh., er honum þakklátur fyrir að hafa gefið skýrsluna, því að ég tel, að á fleiri sviðum þurfi að fá skýrslur um það, sem verið er að framkvæma án vitneskju Alþ. T. d. fyndist mér ekki úr vegi, að Raforkuráð ríkisins gæfi árlega skýrslu um framkvæmdir í raforkumálum. Þau mál eru eiginlega sloppin úr höndum Alþ. að öllu leyti og maður heyrir sjaldan orð um framkvæmdirnar á því sviði, auk þess, sem það er bagalegt, að þm. geti ekki fengið að fylgjast með undirbúningi framkvæmdaáætlana á því þýðingarmikla sviði fyrir fólkið í landinu. En það, sem ég vildi sérstaklega fá að vita, er þetta: Hvernig stendur á því, að þær framkvæmdir geta fengið forgang, sem Alþ. samþykkir, að ekki séu framkvæmdar, fellir till. um, en hins vegar geti það orðið örlög ýmissa framkvæmda, sem Alþ. ákveður, að þær séu án samráðs við þm. viðkomandi kjördæma ekki framkvæmdar, látnar bíða ófyrirsjáanlegan tíma?

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að fara út í það að ræða mikið þá skýrslu, sem hæstv. samgmrh. var að lýsa hér og vegamálaskrifstofan hefur samið og er feginn því, að það skuli þó ekki eiga að *draga lengur en til næsta árs að framkvæma verkefni*, sem átti að leysa á yfirstandandi ári. Ég hef áður lýst því yfir, að ég tel, að hæstv. ráðh. eða þeir, sem framkvæmdu vegáætlunina 1965, hafi ekki haft neina heimild til þess að fresta framkvæmdum þeim, sem frestað var, og endurtek það og spyr enn þá um það, hvaðan slík heimild var komin? Það er engin heimild í vegáætlun um það, að frestun væri framkvæmanleg og þess vegna er hana ekki að finna. En ástæðan til þess, að ég kvaddi mér hljóðs var það, sem hæstv. ráðh. vék að, 47 millj., sem hann lét með þingfylgi sínu fella út af fjárl. við atkvgr. nú fyrir nokkrum dögum. Hæstv. ráðh. sagði, að mestu máli skipti, að fé fengist til framkvæmdarinnar, en ekki hvernig það væri fengið. Þá *höfum við það*, að það skiptir ekki máli, þó að skattar og nýjar álögur séu á þjóðina lagðar, aðeins það sé hægt að ná þeim, sé það aðalatriði, en það sé algert aukaatriði, hvort þar sé um hækkaða skatta eða nýjar álögur að ræða eða ekki. En þetta mál er ekki svo einfalt sem hæstv. ráðh. vill vera láta. Þegar vegal. voru afgreidd hér á þingi 1963, var það grundvallaratriði vegal., að þeir tekjustofnar, sem þá voru sérstaklega teknir til vegagerðar í landinu, þ. e. benzínskattur, þungaskattur og gúmmígjaldið, skyldu ganga beint til vegamálanna, og þar voru til möguleikar til þess að auka fjárveitingar til vegagerðar í landinu. Það var ekki ætlazt til þess eða búizt við því þá, að hæstv. ríkisstj. léti sér til hugar koma að taka hækkun á þessum tekjustofnum til ríkissjóðs, eins og ráðh. vék að, að hefði mátt gera og þannig láta þessar 47 millj. kr. standa. Það datt engum hv. þm. það í hug, að inn á það svið yrði horfið að taka þetta upp aftur sem tekjustofn til ríkissjóðs, heldur væri þarna möguleiki til þess að mæta auknum og nýjum verkefnum í vegagerð með því að hækka þessa tekjustofna. Það var það atriði, sem lagt var til grundvallar við samkomulagið um vegalögin frá 1963. Og það er ekki rétt skýring á málavöxtum að halda því nú fram, að það sé sama, þó að þessir möguleikar séu notaðir til þess að *fella niður fjárveitingu, sem þá var ákveðin*, því að það er augljóst, að með þeirri hækkun, sem nú er búið að gera á þessum tekjustofnum, er búið að rýra möguleikana til þess að ná auknu fé til vegagerðar í gegnum þessa tekjustofna. Og það bætir ekki að neinu leyti úr um þetta, þó að hæstv. ráðh. segi frá því aftur og aftur, að hann sé búinn að skipa nefnd til þess að leita nú að nýjum skatti, sem hann gæti notað til framkvæmda í vegamálum. Það staðfestir aðeins það, að með því að nota þennan möguleika, sem þarna var fyrir hendi, til þess að fella niður 47 millj., vantar möguleika til þess að mæta aukinni fjárveitingu vegna vaxandi þarfa í vegaframkvæmdum í landinu. Og ég vil enn á ný leiða fram eitt vitni til þess að sanna, að hæstv. ráðh. hafði ekki þessa skoðun á málinu 17. des. 1963. Þá taldi hann það ekki þýðingarlaust, að fjárveiting væri á fjárl. til vegaframkvæmda, því að í framhaldi af því, sem ég las hér um daginn og vitnaði þá til úr ræðum hæstv. samgmrh., vil ég, með leyfi hæstv. forseta, enn á ný vitna til ræðu hans frá 17. des. og minna á viðhorf hans

þar. En þar segir hæstv. ráðh. þetta m.a., þegar hann er að ræða um till. hv. 5. þm. Austf. um að binda það í vegal., að fjárveiting á fjárl. ríkisins verði aldrei minni en ¼ móti þeim tekjustofnum, sem þá var verið að lögfesta:

„Það mætti vel segja mér það, að þótt hv. 5. þm. Austf. telji það nú vel í lagt að tryggja að ¼ framlag úr ríkissjóði, þá mætti segja mér það, að eftir tiltölulega fá ár þætti ¼ ekki ríflegt framlag, og ég mundi þess vegna segja, að þessi till., og þetta spor, sem þessari till. er ætlað að marka í vegal., gæti orðið miklu frekar til skaða heldur en gagns, vegna þess að með þessu er ætlazt til, að það sé ákveðið, að framlagið skuli a. m. k. vera ¼, vegna þess að það þykir ríflegt. En svo gæti komið í ljós eftir örfá ár, að þetta væri ekki ríflegt framlag, heldur of lítið".

Haldið þið, hv. þm., að hæstv. ráðh., sem þannig talaði fyrir tveim árum, hafi talið það einskis virði að fá fjárveitingu samkv. fjárl., þó að nú sé því haldið fram, að það skipti engu máli, ef það sé hægt að reyta þessar kr. með því að nota þá tekjumöguleika, sem allir hv. þm. vissu, að voru til staðar í þeim tekjustofnum, sem þeir voru að samþykkja með vegal. Þess vegna endurtek ég mótmæli mín. Að fella niður 47 millj. af fjárl. er brot á samkomulagi því, sem gert var við vegal. 1963. Og hæstv. ráðh. er til þess að klóra í bakkann nú að nota þá möguleika, sem hv. alþm. ætluðu sér að nota vegna aukinna verkefna og nýrra verkefna í vegagerð, sem hann lýsti, að væru til staðar. Þess vegna get ég endurtekið það, að mér eru það sár vonbrigði, að hæstv. samgmrh. skuli ekki standa betur við orð sín en svo, að eftir tvö ár skuli hann hverfa frá margendurteknum yfirlýsingum í þessu máli. Og ég verð að segja það, að þó að ég hafi hæfilegt traust á hæstv. ráðh., hafði ég ætlað honum stærri hlut heldur en þann, sem hann hefur nú staðið fyrir í sambandi við afgreiðslu á þessu máli. Og það breytir hér engu um, þó að hæstv. ráðh. viðurkenni, að hann er að nota þá möguleika, sem voru fyrir hendi í vegal., þegar hann er að skipa n. til þess að reyna að finna nú nýja tekjustofna, leggja nýja skatta á þjóðina til þess að mæta þeim 47 millj. kr., sem hann hefur svipt vegamálin í landinu með afstöðu sinni til fjárlagaafgreiðslunnar.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Á síðasta þingi var samþ. vegáætlun fyrir árin 1965—1968. Þar var ákveðin fjárveiting til hverrar einstakrar framkvæmdar við vega- og brúagerðir á því tímabili. Þannig hefur Alþ. ætíð á liðnum árum ákveðið fjárveitingar til einstakra framkvæmda á þessu sviði og svo á þetta að vera samkv. gildandi vegal. En skömmu eftir að Alþ. hafði samþ. vegáætlunina s. l. vor, tók ríkisstj. sér fyrir hendur að umturna því verki Alþ. að verulegu leyti. Hún lækkaði margar fjárveitingar til vega og nokkrum þeirra kippti hún alveg burtu á því ári. Með þessu hrifsaði hún í sínar hendur það vald til skiptingar á vegagerðarfé, sem á að vera í höndum Alþ., og með því að nema algerlega burt fjárveitingar til einstakra vega, misnotaði hún þá heimild til frestunar á framkvæmdum, sem hún hafði í fjárl. fyrir árið 1965. En stjórnin hafði gefið út yfirlýsingu um, að hún mundi nota heimildina þannig að lækka fjárveitingar til verklegra framkvæmda um 20%. Um fjárlagaheimildina er það m. a. að segja, að ég tel ákaflega hæpið, að samkv. henni hafi verið heimilt að fresta greiðslum, sem ákveðnar voru í sérstökum l. eins og vegal., en vegáætlunin er byggð á þeim. Áður var þetta þannig, að skipting á fé til vega- og brúagerða var eingöngu í fjárl. ár hvert, en ekki í sérstökum l. Ríkisstj. er ámælisverð fyrir að fella alveg niður fjárveitingar til einstakra vega, sem Alþ. hafði samþ. Þetta ætti að kenna Alþ. að veita ríkisstj. ekki oftar slíka heimild, sem henni var veitt í fjárl. fyrir árið 1965.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Það er nú leiðinlegt að heyra af vörum svo guðhræddra manns sem hv. 1. þm. Norðurl. v. er, að hann skuli fullyrða eins og hann gerði hér áðan og byggja fullyrðingarnar á jafn hæpnum forsendum og hv. þm. leyfði sér að gera. Hv. þm. tala hér eins og þeir hafi ekki vitað um þá heimild, sem ríkisstj. var gefin af hv. Alþ., þegar fjárlög fyrir árið 1965 voru afgreidd. Þau fjárlög voru afgreidd 22. des. 1964 og í 40. lið, 22. gr., er heimildin orðuð eins og þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Að fresta til ársins 1966 verklegum framkvæmdum ríkisins, sem fé er veitt til í fjárl. fyrir árið 1965. Sama gildir um greiðslu framlaga til annarra aðila, sem ákveðin eru í fjárl. 1965".

Nú sagði hv. 1. þm. Norðurl. v. hér áðan, að það væri ekki hægt með fjárlagaheimild að ákveða að fresta framkvæmdum, sem búið væri að ákveða með öðrum l., og vitnaði þá í vegal. Vegáætlunin er áætlun, er þál., þó að hún sé byggð á vegal., eru ekki einstakar framkvæmdir teknar fram þar eða hversu mikil upphæð sé notuð til hverrar framkvæmdar í vegal., heldur í þeirri þál., sem vegáætlunin er. Það liggur þess vegna í augun uppi, enda margskoðað af færustu mönnum, að hér er um skýlausa heimild að ræða til handa ríkisstj. og ég er alveg undrandi, að hv. alþm. sem hafa reynslu af langri setu á Alþ., skuli vera hér með þann orðaleik, sem þeir eru í sambandi við þetta mál, að það hafi verið misnotað, það vald, sem ríkisstj. var gefið með þessari heimild. Annars vegar er talað um, að henni hafi verið gefið vald, hins vegar að hún hafi ekki haft heimild. Ég átti nú ekki von á því, að það væri sagt, að hér hefði verið um misnotkun að ræða, vegna þess að frestun framkvæmdanna byggðist á sama hundraðshluta í öllum kjördæmum. Og það er víst, að vegamálastjóri talaði við marga þm. úr kjördæmunum og leitaði eftir áliti þeirra um það, hvaða framkvæmdir það væru, sem helzt kæmi til greina að fresta, en eins og ég lýsti áðan, voru sumir þm. þannig, að þeir vildu ekki afskipti hafa af málinu. Aðrir gáfu nokkrar leiðbeiningar, en frestun varð að eiga sér stað. **(HV:** Og ekki voru þó allir spurðir, hæstv. ráðh.). Það tel ég ekki gott. Ég hefði talið æskilegast, að allir hv. þm. hefðu verið spurðir, og ég verð að segja það, að það er ekki viljandi gert, ef hv. 5. þm. Vestf. hefur ekki verið spurður **(SE:** Ég var heldur ekki spurður.) — alls ekki viljandi gert. Og ég hefði talið, að það hefði verið betra, að sem flestir hefðu verið spurðir og helzt allir, og það væri þá helzt það, sem væri ástæða til þess að biðja afsökunar á, en ekki hitt, að hér hafi verið um misnotkun að ræða eða misrétti beitt.

Og svo að ég snúi mér að hv. 5. þm. Vestf., af því að

hann talaði hér áðan, vil ég að sjálfsögðu leitast við að svara því, sem hann spurði um. Hann spyr um það, hvernig stendur á því, að Strandavegur er lagður, eftir að till. um fjárframlög í þann veg voru felldar hér á hv. Alþ. Út af fyrir sig er eðlilegt, að þm. spyrji, úr því að hann ekki vissi um ástæðuna. En ástæðan var einfaldlega sú, að margir Vestfjarðaþm. leituðu fast á um það, enda þótt ekki væri í vegáætluninni framlag til vegarins, að það væri samt gerð undantekning á Strandavegi vegna sérstöðunnar, sem Árneshreppur hefur, og vegna þess aðísinn hafði verið viðstrendurnar langt fram á vor og þetta er einangrað byggðarlag. Og þótt ekki hafi verið samþykki fyrir því, áður en þingi sleit, að ráðast í þessa framkvæmd, verð ég að segja það, að ríkisstj., eftir að hafa kynnt sér málið gaumgæfilega, féllst á það, að í Árneshreppi væri um svo mikla sérstöðu að ræða og svo miklar þrengingar eftir ísinn og einangrunina, að það væri forsvaranlegt að gera undantekningu þarna, og satt að segja hélt ég, að hv. 5. þm. Vestf. hefði verið hafður með í ráðum, þegar leitað var eftir því, að ríkisstj. gripi hér inn í. Og þess vegna var það ákveðið að taka nokkra upphæð inn á fjárhagsáætlun 1966 til þess að reyna að koma Árneshreppi í vegasamband. Ég á alls ekki von á því, að ríkisstj. fái ákúrur fyrir að hafa gert þetta. Ég er alveg viss um, að það verður ekki og a. m. k. þeir, sem stóðu að tillöguflutningi um fjárframlög til vegarins, eru vitanlega sama sinnis og þá, og það er vitanlega gott fyrir málið og var gott fyrir Árneshrepp, að ýmsum af þeim, sem greiddu atkv. á móti fjárframlögum hér á hv. Alþ., snerist hugur eftir að hafa fengið glöggar upplýsingar um málið og voru reiðubúnir til að styðja það. Og ég er alveg sannfærður um það, að þarna var sérstök aðstaða og alveg eðlilegt að grípa þarna inn í og gera undantekningu. Hv. 5. þm. Vestf. hafði ekki sterk orð um það, að nokkrum framkvæmdum var frestað og tel ég, að hann hafi litið.sanngjarnari augum á það heldur en ýmsir aðrir stjórnarandstæðingar, sem hér hafa talað, og þarf ég þá ekki að fara frekar út í það, en hv. þm. var dálítið undrandi á því, að ég hafði minnzt hér á Vestfjarðaáætlun í sambandi við vegaframkvæmdir á þessu ári. Vegaframkvæmdir á Vestfjörðum voru vitanlega byggðar á vegáætluninni og að vissu leyti á Vestfjarðaáætluninni, þeirri áætlun, sem að vísu er ekki enn fullgerð, en þar er í vegagerð, hafnarmálum og flugmálum sérstök áætlun, sem byggist á lántökum frá Viðreisnarsjóði Evrópu og til fróðleiks vil ég gjarnan, með leyfi hæstv. forseta, lesa hér upp, hvaða vegir það eru í Vestfjarðakjördæmi, sem unnið var að á s. l. sumri fyrir fé úr Viðreisnarsjóðnum.

Það er Rauðasandsvegur 0.2 millj., Bíldudalsvegur, þ. e. Patreksfjörður-Bíldudalur, 1.5 millj., Flateyrarvegur 0.5 millj., Djúpvegur, Ísafjörður-Súðavík 1.5 millj., Bolungavíkurvegur 1 millj., Örlygshafnarvegur 0.5 millj. Þetta eru 5.2 millj. og liggur þetta þá alveg ljóst fyrir, og hv. þm. hefur vitanlega áður verið búinn að gera sér grein fyrir því, en ég vil nefna þetta Vestfjarðaáætlun, sem framkvæmd er í sambandi við fé úr Viðreisnarsjóðnum, þó að sú áætlun grípi ekki yfir nema 3 þætti í kjördæminu, þ. e. samgöngumálin. Ég hygg, að eftir atvikum verði nú hv. 5. þm. Vestf. ánægður með þessar upplýsingar.

Hv. 3. þm. Vesturl. verður væntanlega ekki eins ánægður, enda hagaði hann máli sínu á allt annan veg og talaði um 47 millj., og það er eins og þessi hv. þm. trúi því, að ef 47 millj. væru á fjárl., væri vegamálunum miklu betur borgið heldur en ella. Hv. þm. talar um, að það sé lítil afsökun, það sé lítið til þess að stæra sig af, þótt ríkisstj. skipi nefnd til þess að leita að nýjum sköttum. Þessi n. getur nú gert ýmislegt fleira, henni er ætlað að gera ýmislegt fleira. En það veit hv. 3. þm. Vesturl., sem árum saman hefur setið í fjvn. og verið bæði stjórnarstuðningsmaður og stjórnarandstæðingur í þessari n., hann veit það, að það hefur alltaf verið keppt að því að láta útgjöld og tekjur a. m. k. standast á og helzt hafa einhvern tekjuafgang. Og ef það hefur vantað tekjur, hefur verið leitað eftir sköttum. Þetta hefur alltaf gerzt, hverjir sem hafa verið í ríkisstj. Nú gæti vel verið, að þessi n., sem skipuð verður, gæti bent á einhverja tekjustofna, sem annaðhvort rynnu þá í ríkissjóð eða til vegaframkvæmda beint. Við skulum segja, að það þyrfti að finna einhverja nýja tekjustofna til þess að geta látið vegamálin fá nýtt fé og þeir tekjustofnar fyndust. Þá mætti vitanlega alveg eins láta þær tekjur ganga beint til ríkisins og gera hv. 3. þm. Vesturl. það til þægðar að láta vegina fá eitthvað af því, sem hann og fleiri hv. þm. kalla tekjur af umferðinni. Þetta væri allt saman matsatriði og skiptir í sjálfu sér ekki máli, hvernig þetta dæmi er fært upp, hvaða peningur það er, sem fer í ríkissjóðinn, hvaða peningur það er, sem fer í vegina. Hitt verður alltaf aðalatriðið hjá ábyrgri ríkisstj. og ábyrgum þm. að fá jöfnuð á fjárl. Og þess vegna er það vitanlega ekki neinn hagur fyrir vegagerðina, þó að 47 millj. hefðu verið áfram á fjárl., en benzíngjald og þungaskattur, hækkunin, sem af því leiðir, sé látin renna í ríkissjóð. En þá hefði vitanlega hv. 3. þm. Vesturl. ekki verið með ádeilur á mig fyrir það, að 47 millj. hefðu verið teknar út. Þá hefðu ekki verið hér á Alþ. svikabrigzl, þá hefði ég ekki brugðizt trausti þessa hv. þm. Ég hafði haldið, að hv. þm. væru upp úr því vaxnir að vera með slíka orðaleiki, sem hér hafa verið viðhafðir, enda þótt það geti þótt praktískt að reyna að ná taki á pólitískum andstæðingi. Það er þetta, sem ég tel, að hv. þm. ættu, þegar í alvöru er rætt um hagsmunamál eins og samgöngumálin eru, að gera sér grein fyrir, hvað er aðalatriði og hvað er aukaatriði og sannleikurinn er sá, að ég gæti bezt trúað því, að ekki borgaði sig málflutningur af því tagi, sem hv. 3. þm. Vesturl. hefur viðhaft hér í dag um þetta mál og sem hann hefur áður viðhaft hér á hv. Alþ.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Það eru nokkur orð út af ræðu hæstv. samgmrh., sem ég vildi gera aths. við.

Í sambandi við vegáætlunina og frestun á framkvæmdum, sem hér var til umræðu, vil ég benda á það, að vegáætlunin var til meðferðar hér á hv. Alþ. sömu dagana og hæstv. ríkisstj. lét sitja í því að skera niður framkvæmdir, m. a. á henni. Ég vil líka benda á það, að eftir að sá niðurskurður var fram kominn, var vegáætluninni breytt hér á hv. Alþ. viðvíkjandi lántöku í Kefíavíkurveginn, og ég lýsti því yfir þá, að ef rétt ætti að fara að því máli, ætti að breyta einnig fram-

kvæmdaatriðum vegáætlunarinnar, en ekki með því, að ríkisstj. ákvæði, hvaða framkvæmdum skyldi frestað, eins og gert var. Og ég vil geta þess, að það hefur aldrei verið borið undir mig, hvort ætti að hætta við að byggja brú uppi í Mýrasýslu eða ekki. Sú ákvörðun var tekin, án þess að ég væri um það spurður, og það sýnir, hvernig hæstv. ríkisstj. vinnur að málum, að það er borið undir stjórnarstuðningsmenn, hvernig með málið skuli farið, en við okkur andstæðingana er ekki verið að tala um slíkt. En þetta var gert í þessu atriði, það veit hv. 2. þm. Vesturl. eða ætti a. m. k. að vita. En ekki meira um það.

Hæstv. ráðh. er hissa á því, að ég skuli halda ræðu hér á hv. Alþ. og halda uppi umtali um það, að hæstv. ráðh. standi ekki við orð sín. Og hæstv. ráðh. er hissa á því, að ég skuli telja, að það sé verr fyrir vegamálunum séð með því að fella þessar 47 millj. kr. niður af fjárl. ríkisins heldur en áður var. Ég vil enn á ný minna á hneykslið frá 17. des. 1963, þegar var verið að ræða þennan þátt á hv. Alþ. Ég vil, með leyfi hæstv. forseta, endurtaka þetta, sem þá var sagt, og það var ekki sagt af mér, heldur af hæstv. samgmrh., Ingólfi Jónssyni. Hann sagði m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Engin hætta er á því og alveg útilokað, að ríkisframlag til vega verði lækkað, það er alveg útilokað."

Af hverju sagði hæstv. ráðh. þetta 1963? Var hann að blekkja þm.? Ætlaði hann sér þá að láta fella þetta rólega niður eftir tvö ár? Nei, hæstv. ráðh. ætlaði sér það ekki. Það ætla ég honum ekki. Nú er hann hins vegar kominn í vandræði, af því að hann er búinn að láta hafa sig út í þetta, og þá er klórað í bakkann og þá eru það bara andstæðingarnir, sem eru ekki skemmtilegir menn í viðskiptum, að þeir skuli nú ekki sætta sig kalt og rólega við það, þó að yfirlýsing frá ráðh. sé einskis virði. Ég benti á það hér fyrir nokkrum dögum í umræðum, að þegar hæstv. forsrh. komst að raun um það í fyrra, að hans orð voru skilin þannig, að hann hefði lofað því, að ekki yrði lagður á nýr skattur til þess að mæta greiðslu vegna vísitölukostnaðar á árinu 1964, þá sagði hæstv. ráðh.: Ég vil ekki, að það sé hægt að halda því fram, að hér hafi átt sér stað nein svik. Og fyrst mennirnir eru í góðri trú, og það er ég sannfærður um, að þeir eru, þá hef ég lagt til við ríkisstj. að lækka söluskattinn um ½%, er gefi þá upphæð, sem hér var deilt um, 60—70 millj. kr.

Þá gilti ekki reglan, að það þurfi að ná endunum saman á fjárlögum. Það er mér fullkomlega ljóst og veit vel, að það á ekki að vera vandaverk að ná saman endunum á fjárl. í mesta góðæri, sem yfir Ísland hefur gengið, fyrst það hefur tekizt í misjöfnum árum. Það sýnir stjórnleysi hæstv. ríkisstj., en það er önnur saga. En hæstv. ráðh. á ekki að þola það, að hans yfirlýsingar séu svo lítils virtar, að þær séu ekki 47 millj. kr. virði. Þess vegna átti hæstv. ráðh. aldrei að ganga inn á það, að þessi útgjaldaliður fjárl. væri felldur niður, það varð að finna aðrar leiðir til þess að mæta þeirri fjárupphæð. Og hæstv. ríkisstj. hefur nú farið að leita að nýjum tekjustofnum, þó að þessi leið væri valin. Það er alveg rétt hjá hæstv. ráðh., það er orðið rannsóknarefni á Íslandi að finna nýja tekjustofna, því að hæstv. ríkisstj. er búin að þrautleita svo að þeim, að hún verður að skipa n., ef hún á að finna fleiri. Það er alveg orðið vonlaust, því að hún lætur tekjustofn fylgja hverju máli, og það er ekki endalaust hægt að finna þá, og þess vegna skil ég það, að nú er svo komið, að þeir verða að skipa n. til þess að rannsaka, hvort ekki er hægt að finna nýjan tekjustofn, og það er það, sem ég var að halda hér fram áðan, að þeir mundu reyna að gera.

En hitt er aðalatriði málsins, að hæstv. ráðh., hver sem hann er, hvort hann heitir Ingólfur Jónsson eða Bjarni Benediktsson, á hann að standa við orð sín og yfirlýsingar og yfirlýsingarnar frá því í des. 1963 um þetta atriði eru absalútar frá hæstv. ráðh. og þess vegna er það ekki að standa við orð sín, ef út af er brugðið. Þess vegna mun ég í þetta sinn sem framvegis mótmæla því, ef hæstv. ráðh. standa ekki við yfirlýsingar sínar á hæstv. Alþ., eins og hér hefur verið réttilega að vikið.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Hæstv. ráðh. svaraði mér ekki neinu út af því, sem ég minntist á 47 millj., sem oft er búið að tala um, en út af því vil ég - því máli, sem nú hefur orðið tilefni til nokkurra umr. — segja þessi orð.

47 millj. voru teknar inn á fjárlög, þegar samkomulag er gert og orð látin falla um, að það verði aldrei lægra á fjárl., það verði heldur meira. Ef bara þessi upphæð stóð á fjárl. áfram, gat enginn sagt neitt, þá var staðið við það, sem að lágmarki til hafði verið ákveðið, en nú voru þessar 47 millj. teknar út og gripið til nýrrar skattlagningar og sagt: Með því er verið að standa við gefin loforð. En þetta stenzt ekki. Við skulum stækka myndina og segja bara, að hæstv. ráðh. hafi verið stórtækari heldur en með 47 millj., hann hafi kippt í burtu öllum þeim tekjustofnum til framkvæmda í vegamálum, sem fyrir hendi voru, þegar loforðið var gefið og sagt: Þetta skal bætt að fullu, við bara tökum til nýrra tekjustofna, það koma ríflega þær upphæðir, sem við þá reiknuðum með til vegamála. Var þetta að standa við orð sín? Nei, það hefðu áreiðanlega komið mikil svikabrigzl, ef þetta hefði verið gert, því að það var ekki út frá því gengið, að það yrðu felldir niður verandi tekjustofnar og gripið til nýrra, til þess að geta staðið við þær framkvæmdir, sem fyrirhugaðar voru í vegamálum. Þó að þess vegna 47 millj. sé aflað með nýjum tekjustofni og 30 millj. í viðbót, er samt gefið tilefni til nýrra brigzla um svik, og það er það, sem hér hefur gerzt. Þess vegna hafa verið viðhöfð óvarleg og ógætileg vinnubrögð af hendi ráðh., þó að hann haldi í það hálmstrá, að sama upphæð komi eins og lofað hafi verið.

Hæstv. ráðh. svaraði alveg krókalaust spurningu minni um það, hvernig stæði á því, að til framkvæmda hefði komið vegagerð á Strandavegi, sem Alþ. hefði fellt í sambandi við afgreiðslu síðustu fjárl. og vegáætlunar. Hann sagði: Þetta var gert af því, að margir Vestfjarða þm. eða ýmsir Vestfjarða þm. sóttu fast á það, að í þessa framkvæmd yrði farið, af því að þeir höfðu þá kynnt sér, að það hefðu verið ísalög í Strandasýslu og önnur óáran steðjað þar að og neyðarástand, vandræðaástand, ef ekki neyðarástand ríkti þar. Og þegar þeir sannfærðust, komu þeir til sinna yfirboðara, ríkisstj., og sannfærðu hana líka. En hvernig var þetta ástand, þegar till. voru felldar, og hverjir voru það, sem báðu nú um, að þetta yrði gert? Það voru sömu þm. úr hópi

Vestfjarða þm., sem felldu till. á Alþ. um, að Strandavegur fengi fjárveitingu, svo að vegurinn yrði tengdur saman á þessu ári. Og það voru ísalög í Strandasýslu, þegar þeir réttu upp puttana til þess að fella þessa till. Það var sama neyðarástandið þá og það áttu þeir að vita og það vissu þeir. En þeir sannfærðust, þegar þeir komu norður í Strandasýslu nokkrum vikum eða mánuðum seinna. Um hvað voru þeir sannfærðir þá? Ísinn var farinn þá. Það var það, sem sannfærði þá, að það var gengið svo rösklega í skrokk á þeim af þeirra fylgismönnum í Strandasýslu, að þeir þorðu ekki að standa frammi fyrir þeim verknaði sínum að hafa fellt þessar till. og það var þess vegna lýðræðislegur sigur, sem Strandamenn unnu á þm. sínum, þegar þessi nýja ákvörðun var tekin.

Það er alveg rétt hjá hæstv. ráðh., stjórnin sætir ekki ákúrum fyrir að hafa gert þetta. En hvað segir hv. Alþ. um svona framkvæmd? Það er látið vera að framkvæma það, sem Alþ. samþykkir, það liggur skjallega fyrir sannað á þessum fundi, og það er framkvæmt, sem Alþ. hefur fellt að gera. Þetta er ekki rétt meðferð framkvæmdavalds og hlýtur að sæta ámæli. Persónulega er ég samþykkur því, að Strandavegurinn var lagður og hafði lagt það til, að svo yrði gert, en það fékk ekki framgang í þinginu, hvorki stuðning meiri hl. Vestfjarða þm. né ríkisstj. eða meiri hl. Alþ. En þegar þeir urðu varir við ísalögin í Strandasýslu, þegar kom fram á sumar, þá virtu þeir að vettugi framkvæmdavald Alþingis.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Mér skildist á hæstv. samgmrh. áðan, að það hefði verið haft samráð við þm. víða um land viðkomandi þeim niðurskurði á fjárveitingum til vegamála og brúagerða, sem framkvæmdur var á þessu ári, og jafnvel, að það hafi fengizt samþykki þeirra í ýmsum tilfellum. Út af þessu vil ég spyrja hæstv. ráðh. Samþ. einhverjir af þm. Norðurl. v. að fella niður að öllu leyti fjárveitingar til Heggstaðanesvegar og Þingeyravegar í Húnavatnssýslum og ef svo er, hverjir voru þeir þm. úr því kjördæmi, sem samþ. þetta? Samþ. þeir einnig, að það yrði kippt burtu meira en 47% af fjárveitingunni til Kjálkavegar í Skagafirði, þrátt fyrir útgefna yfirlýsingu ríkisstj. um það, að þessi framlög yrðu lækkuð um 20%? Ég vildi óska þess, að hæstv. ráðh. gæfi mér upplýsingar um það, hverjir af þm. úr þessu kjördæmi hafa samþ. þetta, ef þeir eru einhverjir, sem hafa gert það.

Með því að kippa alveg burtu fjárveitingum til einstakra vegaframkvæmda, sem Alþ. var búið að ákveða, og með því svo að veita fé til framkvæmda, sem Alþ. var búið að fella, að skyldi gert á þessu ári, er ríkisstj. að hrifsa til sín löggjafarvaldið, sem ekki á að vera hjá henni, heldur hjá Alþ.

Ég var nú dálítið kunnugur þessu máli Árneshreppsbúa, hvernig það gekk til á síðasta þingi. Ég var í þn., sem fjallaði um till. um það að rjúfa einangrun Árneshrepps. Það er auðvitað alveg rétt, sem hv. 5. þm. Vestf. var að ljúka við að segja, að einangrunin var tilkomin áður heldur en ráðizt var í þessa vegagerð á síðasta sumri og ísinn var búinn að vera þar lengi, þegar þessi till. var felld hér af stjórninni og hennar liði seint á síðasta þingi. En það, sem hér kom til í fyrrasumar, var auðvitað það, að ríkisstj. skammaðist sín fyrir það, sem hún hafði gert, að láta fella þessa till. Og það er út af fyrir sig gott, að hún skyldi í einu tilfelli þó kunna það, það þyrfti hún að gera miklu oftar. Ef hún gerði það eða kynni það yfirleitt, mundi það ekki koma fyrir, að það væri felld niður af fjárl. upphæð, sem ríkisstj. er búin að lofa hátíðlega, að skyldi standa þar og ekki verða lækkuð, hún sé felld alveg burt. Nú er það þannig, að hæstv. samgmrh. segir, að það sé nánast matsatriði, hvort ríkisstj. standi við gefin loforð eða ekki. Ég held, að við þm. þyrftum að fara að athuga það við hæstv. forseta, hvort við mættum ekki fá undanþágu frá þeirri venju að ávarpa ráðh. hæstv., meðan maður, sem þannig kemur fram, situr í ráðherrastóli.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Ég skal ekki verða langorður. En ég vil gera að umtalsefni orð, sem féllu hjá hv. 5. þm. Vestf., því að það mun vera í þriðja skipti, sem hann kvartar hér undan því í ræðustól á Alþ., að hann hafi ekki fengið að sjá Vestfjarðaáætlunina. Mér þykir ákaflega leitt, ef þessi hv. þm. hefur ekki, þrátt fyrir allar þessar kvartanir, fengið að sjá Vestfjarðaáætlunina. Það hefur verið upplýst, að Vestfjarðaáætlun er til í samgöngumálum. Frá henni hefur verið skýrt hér á Alþ. Þm. Vestfirðinga, sem hafa haft áhuga fyrir málinu meira en í orði, hafa sótt öll þau gögn, sem þeir hafa óskað eftir að fá afrit af, til Efnahagsmálastofnunarinnar. Ég get sagt fyrir mitt leyti, að ég óskaði eftir öllum þeim gögnum, sem lúta að framkvæmdaáætlun í samgöngumálum Vestfirðinga, og fékk þau í hendur um leið og ég óskaði eftir því. Ég hafði ekki þann háttinn á að fara hér upp í pontuna á hv. Alþ. og krefjast þess að fá þessi gögn í hendur. Ég veit ekki, hvort þeir, sem þar ráða ríkjum, heyra svo hverja ræðu, sem hér er flutt, og taldi hitt vera miklu svona betra til framgangs málinu að fara bara rétta leið, og ég hef fengið öll þessi gögn og ég trúi ekki öðru en hv. þm. fái þau líka, ef hann biður um það í Efnahagsstofnuninni. Ég vil einnig minna hv. þm. á það, að við síðari umr. vegáætlunarinnar á síðasta ári flutti fjmrh. fyrir hönd ríkisstj. skýrslu um málið og yfirlýsingu ríkisstj. og þar segir hann í sinni ræðu, að í lok febr. s. l. hafi verið gengið frá framkvæmdaáætlun í samgöngumálum Vestfjarða, sem ríkisstj. samþykkti. Áætlunin er um framkvæmdir í vegamálum, flugvallargerðum og hafnarmálum á næstu 4 árum, 1965-1968. Samkv. þessari áætlun er gert ráð fyrir framkvæmdum samtals að upphæð 171.6 millj. kr., sem skiptast þannig, að í hafnir eiga að fara 71.8 millj., í vegi 66.7 millj. og reyndist nú að lokum 68 millj. sléttar og í flugvelli 32.1 millj. kr. Þessu skýrir fjmrh. frá fyrir hönd ríkisstj.Þessar till., sem snerta framkvæmdaliðina í vegamálum, eru teknar inn í vegáætlunina og samþ. hér á hv. Alþ. og prentaðar í þál., sem samþ. var, á bls. 12 og 13. Þessar till. liggja alveg fyrir frá orði til orðs, hér, hvað snertir vegina, og hinar upplýsingarnar liggja fyrir hverjum þm., sem vill sækja þær til þeirra aðila, þar sem upplýsingarnar eru. Út af því, sem fram hefur komið hér varðandi Árneshrepp, vil ég segja það, að það var verið að afgreiða hér mál um lántökuheimildir fyrir ríkisstj. vegna lántöku til vega víðast hvar á land-

inu, sem var afmarkað við þá vegi, sem búið var að ganga frá með samþykkt vegáætlunar. Nú vitum við, að það eru fleiri þm. en þm. Vestf., sem telja, að sinn hlutur sé of smár og þeir hefðu farið af stað með till., ef ein till. hefði verið samþ. af stjórnarliðinu, og ég vil segja fyrir mig persónulega, að ég hafði fullan hug á því, að það væri tekið tillit til sérstöðu Árneshrepps, en ég heyrði það strax hér á ákveðnum þm., þó ekki í ræðustól, að þeir myndu flytja þá till. sömuleiðis. Þá var farið töluvert langt út fyrir þann ramma, sem lántökuheimildin samkv. vegáætluninni gerði ráð fyrir, og þess vegna var um að gera að reyna að vinna að málinu þá eftir öðrum leiðum og fá ríkisstj. til þess að leggja fé í þessa nauðsynlegu vegagerð í Árneshreppi og ég tel, að það þurfi enginn þm. Vestf. að vera óánægður með það, að það fékkst fé til þess. Við höfum allir verið þar sama sinnis, en þennan hátt varð að hafa á og það skilja þeir menn, sem hafa áður verið í stjórnarandstöðu, að það eru fleiri en stjórnarþm., sem vilja þá fá það sama, ef einhverjir stjórnarþm. ætla að ganga út fyrir þann ramma, sem búið er að ganga frá, eins og gert var við samþykkt þál. um vegáætlun.

Ég ætla svo ekki að hafa þessi orð miklu fleiri, en ég vil aðeins endurtaka það, sem ég sagði hér í sambandi við 2. umr. fjárl. út af þessum 47 millj. kr., sem hv. 3. þm. Vesturl. hefur minnzt hér á aftur, sem hann gerði þá mjög ýtarlega, að ég fyrir mitt leyti hefði mjög gjarnan viljað, að þessar 47 millj. kr. væru inni í fjárlagafrv. En við sjáum fram á það, að við náum ekki endum saman með því að hafa það inni í frv., nema þá að leggja á nýja skatta, sem kæmu þá tekjumegin á fjárl. Það getur vel verið, að það sé hægt að fullnægja óskum þessara hv. þm. með því að hafa 47 millj. gjaldamegin inni á fjárl. og með því að afla hins nýja skatts teknamegin eins og hv. 3. þm. Vesturl. vitnaði til, að það væri einhver ákveðinn tekjustofn eða einhver ákveðinn skattaliður í fjárl., sem yrði alltaf varið til þess að greiða þessar 47 millj. kr. til vegamálanna. Mér finnst, að ósæmilegt orðbragð hv. þm. og þá ekki sízt þess þm., sem var að ljúka máli sínu hér, áður en ég steig í ræðustólinn, til hæstv. samgmrh., sé mjög óviðeigandi og ég vil segja það, án þess að ég ætli að lasta fyrrv. ráðh. eða aðra ráðh. eða þm., að ég veit ekki til, að það sé áhugasamari maður til í sínu starfi heldur en núv. hæstv. samgmrh., sem hefur sýnt þessum málefnum eins og framkvæmdum í vegamálum mikinn skilning og aldrei sýnt annað en lipurð og reynt að ganga eins langt og hann hefur frekast getað til móts við þm. og óskir fólksins víðast hvar úti um land.

V. Framkvæmda- og fjáröflunaráætlun 1966.

Á 41. fundi í Sþ., 27. apríl, var tekin á dagskrá:

Skýrsla fjmrh. um framkvæmda- og fjáröflunaráætlun ríkisstjórnarinnar fyrir árið 1966.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Í nútímaþjóðfélagi skiptir það æ meira máli, að stefna í fjármálum ríkisins sé mörkuð með hliðsjón af ástandi efnahagsmála yfirleitt og samræmd öðrum þáttum í stjórn þeirra mála. Ríkisstj. hefur frá upphafi lagt á það ríka áherzlu að haga stjórn fjármálanna í samræmi við þetta. Jafnframt fjárlagaundirbúningi hvers árs hefur síðustu árin verið samin sérstök áætlun um framkvæmdir háðar lánsfjáröflun og um fjáröflun til þeirra. Enda þótt megindrættir þeirrar áætlunar séu ljósir, þegar fjárlög eru afgreidd, hefur ekki verið gengið frá þeirri áætlun fyrr en nokkru síðar, þegar búið hefur verið að gera ráðstafanir til að sjá fyrir nauðsynlegu fjármagni. Starfi ríkisaðila að aukinni og bættri áætlanagerð hefur stöðugt þokað fram á við, allt frá því, er grundvöllurinn var lagður með hinni almennu þjóðhags- og framkvæmdaáætlun fyrir árin 1963—1966. Síðar hefur auk almennra árlegra framkvæmdaáætlana verið unnið bæði að séráætlunum um ákveðna framkvæmdaflokka og sérstökum áætlunum fyrir ákveðna landshluta. Með hinum fyrrgreindu áætlunum um vegagerð, hafnargerð og skólaframkvæmdir er leitazt við að sjá þarfirnar í viðkomandi greinum nógu tímanlega fyrir, jafnframt því sem landshlutaáætlanir eru notaðar til að kanna framkvæmdaþarfir hvers landshluta með hliðsjón af sérstökum aðstæðum þeirra.

Ríkisstj. mun halda áfram að bæta aðstöðu til áætlanagerðar. Nýlega hafa verið stigin nokkur spor að því marki, en það er með lagafrv. um endurskipulagningu fjárfestingarlánasjóða og stofnun atvinnujöfnunarsjóðs, lögfestingu Efnahagsstofnunarinnar og um uppsetningu fjárl. og ríkisreiknings. Loks hefur verið stofnuð sérstök deild í fjmrn. til þess að fjalla um gerð fjárl. og hagræðingu í rekstri ríkisstofnana. Allar eru þessar ráðstafanir til þess fallnar að styrkja aðstöðu ríkisins til raunhæfrar áætlunargerðar og treysta samband milli áætlunar og framkvæmdar.

Líðandi ár er lokaár þjóðhags- og framkvæmdaáætlunarinnar 1963-1966. Fyrir ári gerði þáv. fjmrh. Gunnar Thoroddsen grein fyrir samanburði raunverulegrar þróunar við hina upphaflegu þjóðhags- og framkvæmdaáætlun. Ályktanir þess samanburðar standa enn í öllum aðalatriðum. Þeir þættir þjóðarbúskaparins, sem áætlunin fjallaði um, hafa í flestum greinum farið fram úr áætlun sakir hagstæðara árferðis og meira árangurs í framleiðslustarfseminni og sölu afurðanna en gert var ráð fyrir. Í þessari skýrslu mun gerð frekari grein fyrir þróun undanfarandi ára og gerður samanburður við allt áætlanatímabilið á grundvelli þess, sem nú er bezt vitað um árið 1966. Á yfirstandandi ári verður og stigið annað skref í gerð þjóðhags- og framkvæmdaáætlunar til lengri tíma með samningu slíkrar áætlunar til næstu fjögurra ára, 1967-1970. Með hliðsjón af fenginni reynslu af undanfarandi starfi að áætlunargerð má ætla, að sú áætlun geti orðið fyllri og raunhæfari sem hjálpartæki við stjórn efnahagsmála en hin mjög svo almenna áætlun, sem fært var að leggja fram fyrir þremur árum.

Vöxtur þjóðarframleiðslu og þó einkum þjóðartekna hefur verið mjög ör síðustu árin. Þjóðarframleiðslan jókst um 7% árið 1963, um 5.5% árið 1964 og um 5% árið 1965 eftir því, sem nú verður bezt séð. Aukningin hefur öll árin verið borin uppi af fiskveiðum og fiskvinnslu, sem hafa aukið framleiðslu sína um 8% að jafnaði þessi ár, og af byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð, þar sem aukningin hefur verið geysiör eða að jafnaði um

14% á ári um liðin 3 ár. Vöxtur annarra greina hefur verið nokkuð misjafn frá ári til árs og ekki eins ör til jafnaðar. Þó hafa þessar greinar einnig skilað drjúgum hluta til aukningar framleiðslunnar. Sú aukning þjóðarframleiðslu, sem hér er átt við, er raunveruleg aukning framleiðslu, þ. e. aukning hennar á föstu verðlagi. Þegar rætt er um aukningu framleiðslu, tekna, neyzlu eða fjármunamyndunar í þessari skýrslu er ætíð átt við magn aukningar, þ. e. aukningu í föstu verðlagi, nema annað sé sérstaklega fram tekið.

Viðskiptakjör þjóðarinnar hafa farið hægt batnandi um nokkurra ára bil, ef undan er skilið tímabundið verðfall á mjöli og lýsi árin 1959—1960. Síðustu árin hefur hins vegar orðið mjög mikil og almenn hækkun útflutningsverðlags, en verðlag innflutningsins hefur aðeins hækkað mjög hóflega á sama tíma. Þessi sérstaki og óvænti bati viðskiptakjara hefur aukið þjóðartekjur mjög verulega umfram það, sem þjóðarframleiðslan sjálf hefur aukizt. Að meðtöldum áhrifum viðskiptakjara nam aukning raunverulegra þjóðartekna 7.2% árið 1963, 8.4% 1964 og 8—9% samkv. bráðabirgðaáætlunum árið 1965. Sé árið 1962 tekið með, hafa þjóðartekjur umliðin 4 ár aukizt um 8% að meðaltali á ári eða alls yfir tímabilið um 37%. Það mun nærri einsdæmi meðal þjóða, að svo mikil og samfelld aukning sé til ráðstöfunar á sambærilegu skeiði hagþróunar. Öll þjóðin hefur átt hlutdeild í þessari velgengni. Raunverulegar launatekjur almennings hafa gert betur en að fylgjast með þessari þróun, hvort sem litið er til tekna fyrir eða eftir álagningu skatta og greiðslu fjölskyldubóta. Enn hafa ekki verið tekin reglubundin úrtök um tekjur launþega árið 1965 samkv. skattframtölum né heldur hefur enn verið gert nákvæmt yfirlit um heildarniðurstöður kjarasamninga á síðasta ári. En bráðabirgðaáætlanir, sem styðjast við helztu kjarasamninga ársins, athuganir kjararannsóknarnefndar og fleiri heimildir benda til þess, að raunverulegar atvinnutekjur verka-, sjó- og iðnaðarmanna hafi í fyrra aukizt í kringum 10% frá árinu áður. Ráðstöfunartekjur þessara stétta eftir álagningu beinna skatta og greiðslu fjölskyldubóta hafa þó aukizt enn meira eða nærfellt 12% hjá fjölskyldufólki í ýmsum stéttum. Er þetta mun meira en aukning raunverulegra þjóðartekna á mann, sem er áætluð 6—7%, þannig að afstaðan, miðað við þjóðartekjur, hefur færzt þessum launþegastéttum enn í vil til viðbótar sams konar breytingu árið áður. Alls hafa raunverulegar ráðstöfunartekjur þessara stétta aukizt um 33% á árunum 1960—1965 eða um þriðjung á aðeins 5 ára tímabili. Á sama tíma hafa raunverulegar þjóðartekjur á mann aukizt um 32%.

Í kjölfar velgengninnar hefur fylgt endurmat einkaaðila og opinberra aðila á framkvæmdaþörf og framkvæmdagetu til mikillar aukningar frá því mati, sem áður var lagt á þetta atriði. Vissulega hefur framkvæmdageta þjóðarbúsins aukizt mjög á undanförnum árum, bæði með stóraukinni getu til innflutnings og við það, að framleiðniaukning í öðrum greinum hefur gert það kleift að auka mjög mannafla við verklegar framkvæmdir, en þessi aukning framkvæmdafyrirætlana hefur á hinn bóginn leitt af sér vandamál, sem hafa verið meðal helztu viðfangsefna stjórnarvaldanna og hafa í ríkum mæli sett sitt mark á stefnuna í fjármálum ríkisins og öðrum efnahagsmálum. Við skilyrði síðustu ára hefur hin mikla eftirspurn eftir vinnuafli, einkum til verklegra framkvæmda, skipt mestu máli um jafnvægisstöðu efnahagslífsins.

Samkv. fyrirliggjandi heimildum varð talsverð aukning almenns vinnuálags árið 1962 og 1963, og nam meðalársvinnutími verkamanna í Reykjavík 2926 stundum síðara árið. Athuganir kjararannsóknarnefndar benda til þess, að árið 1964 hafi vinnutími haldizt lítt breyttur og heldur hafi dregið úr lengd vinnutímans í fyrra og einnig á líðandi ári, það jafnvel svo, að gera megi ráð fyrir, að í ár verði vinnutími verkamanna rúmlega 100 stundum styttri en hann var árið 1963 og 1964. Stytting samningsbundins dagvinnutíma mun eiga nokkurn þátt í þessu. Auk þess hefur ör aukning raunverulegra tekna á vinnustund gert það að verkum, að minni áherzla hefur verið lögð á eftirvinnu. Engu að síður hefur eftirspurn eftir vinnuafli haldizt óeðlilega mikil. Hefur því verið nauðsynlegt að viðhafa stranga árvekni og mæta öllum nýjum áhrifum til aukinnar eftirspurnar með aðgerðum á sviði fjármála og peningamála og með sérstöku aðhaldi í fjárfestingu hins opinbera.

Grein hefur verið gerð fyrir skilyrðum til að viðhalda og efla jafnvægi vinnumarkaðarins í sérstakri skýrslu, er dreift var sem fskj. með frv. til fullgildingar samningi um álbræðslu. Kemur þar fram, að áætluð aukning mannafla við verklegar framkvæmdir, um 350 manns.muni nægja til þess að anna auknum verkefnum á yfirstandandi ári. Ástæða er til að ætla, að þessi aukning mannafla í byggingarstarfsemi valdi mun minna álagi en árleg aukning tveggja síðustu ára, þar sem hún er aðeins um helmingur þeirrar aukningar. Á næsta ári mun verða um tímabundinn vanda að ræða vegna frekari aukningar mannafla til stórframkvæmdanna. Það vandamál þarf að hafa í huga í sambandi við undirbúning framkvæmda- og fjáröflunaráætlunar fyrir næsta fjögurra ára tímabil og hinnar sérstöku áætlunar fyrir árið 1967.

Fjármunamyndun og neyzla þjóðarinnar, þ. e. a. s. ráðstöfun hennar á verðmætum, hefur undanfarin fjögur ár vaxið með svipuðum hætti og þjóðartekjurnar. Hinn hagstæði viðskiptajöfnuður, sem náðist á árinu 1961, hefur því haldizt lítið breyttur, sé litið yfir allt fjögurra ára tímabilið 1961—1965. Á hinn bóginn hefur innflutningur skipa og flugvéla verið sérstaklega mikill síðustu tvö árin og þó einkum árið 1964, er hann náði 938 millj. kr. Þessi innflutningur hefur jafnan tekið miklum sveiflum, en af því leiðir, að viðskiptajöfnuður hvers árs sýnir oft brenglaða mynd af niðurstöðu utanríkisviðskiptanna í grundvallaratriðum. Til þess að útiloka áhrif þessara sveiflna, en taka þó tillit til innflutnings skipa og flugvéla í viðskiptajöfnuðinum, er einfaldast að setja jafnan meðaltal nokkurra síðustu ára í stað þessa innflutnings á hverju ári um sig. Sé það gert og reiknað jafnan með hreyfanlegu meðaltali síðustu fjögurra ára, hefur viðskiptajöfnuðurinn verið jákvæður öll árin 1961 til 1965 nema árið 1963. Sé leitað þess viðskiptajafnaðar, er sýni sem raunhæfasta mynd, er einnig ástæða til að gera leiðréttingar fyrir breytingum útflutningsbirgða, þannig að verðmæti útflutningsframleiðslunnar sé sett í stað útflutningsins sjálfs. Sá

jöfnuður, einnig með fyrrgreindri leiðréttingu að því er varðar skip og flugvélar, sýnir athyglisverða þróun allt frá árinu 1960, er hinar almennu efnahagsráðstafanir ríkisstj. tóku gildi. Reiknað á núgildandi gengi sýndi grundvallarjöfnuðurinn það ár 277 millj. kr. halla. En áhrif versnandi viðskiptakjara það ár sökum verðfalls á mjöli og lýsi námu um helmingi þeirrar upphæðar. Síðan hefur jöfnuðurinn verið hagstæður öll árin nema 1963. Árið 1961 um 223 millj. kr., 1962 um 128 millj., 1963 var 344 millj. kr. halli, 1964 aftur jákvæður jöfnuður um 189 millj. kr. og loks 1965 um 575 millj. kr. Þannig hefur grundvallarjafnvægið út á við aðeins farið úr skorðum eitt ár frá því að ráðstafana núv. ríkisstj. tók að gæta, árið 1963, en þá voru gerðar sérstakar ráðstafanir til að stemma stigu við þeirri þróun. Langhagstæðastur varð jöfnuðurinn á síðasta ári. 1963 er breytingin í jákvæða átt, en þó nokkru meiri árið 1964, 533 millj. kr. á móti 386 millj. kr. árið 1965.

Sökum hinnarsérstaklega öru aukningar gjaldeyristekna síðustu árin hefur verið rík ástæða til að halda jákvæðum viðskiptajöfnuði og nýta þann afgang til þess að mynda gjaldeyrisforða. Enn fremur hafa þær ráðstafanir, sem miða að þessu marki, jafnframt áhrif til að draga úr almennri eftirspurnarþenslu. Á þetta einkum við um bindingu sparifjár og aðrar ráðstafanir til að veita aðhald í útlánum. Á hinn bóginn hefur traustur viðskiptajöfnuður og traust gjaldeyrisstaða gert það kleift að rýmka um samkeppni erlendis frá og þar með létta nokkuð á þrýstingi vinnuaflseftirspurnar.

Viðskiptajöfnuðurinn hefur batnað frá árinu 1963, *mestmegnis vegna þess, að tekizt hefur að halda aukningu verðmætaráðstöfunarinnar til neyzlu og fjárfestingar innan hóflegra marka.* Þessi verðmætaráðstöfun jókst samkv. bráðabirgðaáætlun um aðeins 3% 1965 saman borið við 8% árið 1964 og 13% árið 1963. Þróun einkaneyzlunnar hefur átt talsverðan hlut að þessum breytingum. Áætlað er, að hún hafi aukizt um 7% árið 1963, en um rúm 3% 1964 og rúm 4% 1965. Kaup bifreiða til einkanota eiga mikinn þátt í þessari þróun. Bifreiðakaupin jukust mjög ört fram til ársins 1963, er þau námu um 520 millj. kr. á útsöluverði, og höfðu þá meira en fjórfaldazt að föstu verðmæti frá árinu 1960. En síðan 1963 hafa bifreiðakaupin haldizt stöðug, minnkuðu lítils háttar 1964 og jukust síðan aftur 1965. Enda þótt aukning einkaneyzlu hafi þannig verið hófleg, er hún þannig allmiklu meiri en þjóðhagsáætlunin upphaflega gerði ráð fyrir og er þetta í samræmi við hina miklu aukningu þjóðartekna. Sem stendur er unnið að ýtarlegri rannsókn á einkaneyzlu áranna 1962—1965 í framhaldi af fyrri rannsóknum þess efnis. Standa því tölur um einkaneyzlu þessara ára til endurskoðunar innan tíðar.

Samneyzlan, þ. e. rekstrarútgjöld vegna þjónustu hins opinbera við borgarana, en ekki útgjöld vegna fjárfestingar eða styrkja hefur verið tiltölulega stöðugt vaxandi þáttur í verðmætaráðstöfuninni. Séu árin 1963—1965 tekin sem heild, hefur samneyzlan aukizt svo til nákvæmlega jafnmikið og gert var ráð fyrir í þjóðhags- og framkvæmdaáætluninni eða um 5.5% á ári á föstu verðlagi miðað við 5.7% í áætluninni. Hins vegar varð aukningin nokkru meiri en þetta árið 1963, en nokkru minni síðan. Fjármunamyndunin hefur verið hinn mikli breytiþáttur í verðmætaráðstöfuninni og þar með valdið mestu um þróun viðskiptajafnaðar og vinnuaflsjafnvægis. Árið 1963 jókst fjármunamyndunin um 31% og árið 1964 um 18%, en hélzt síðan að heita má óbreytt árið 1965. Heildarupphæð fjármunamyndunar á síðasta ári nam um 5600 millj. kr. á verðlagi þess árs, og svarar þetta til um 27.5% allrar þjóðarframleiðslunnar. Þetta hlutfall er nokkru lægra en síðustu tvö árin á undan, er það var á milli 28 og 29%, en hins vegar nokkru hærra en það mark, 26%, er sett var í þjóðhags- og framkvæmdaáætlunina 1963.

Vergur sparnaður þjóðarbúsins, þ. e. fjármunamyndun að viðbættum breytingum bústofns og útflutningsvörubirgða, og viðskiptajöfnuði út á við, nam á síðasta ári um 6150 millj. kr. eða fullum 30% af þjóðarframleiðslu. Þetta er til muna hæsta sparnaðarhlutfall yfir það tímabil, sem skýrslur ná til, þ. e. frá stríðslokum. Þetta hlutfall hefur áður verið hæst árin 1961—1964 og þá á bilinu 25—27.5%. Sparnaðarhlutfall síðasta árs er með því hæsta, sem nokkurs staðar hefur þekkzt. Að sjálfsögðu stendur þessi mikli sparnaður í nánu sambandi við hina öru aukningu þjóðartekna og ekki er hægt að gera ráð fyrir, að hið háa hlutfall ársins 1965 muni haldast. Eigi að síður er hér um mjög mikilvægan árangur að ræða í viðleitni þjóðarinnar til efnahagslegra framfara og öryggis.

Ríkisstj. hefur lagt áherzlu á að efla skilyrði hins frjálsa sparnaðar jafnframt því, sem kerfisbundinn sparnaður í ýmsu formi hefur verið aukinn. Þátttakan í sparnaðinum er mjög almenn, sparifjáraukningin er þýðingarmikill þáttur hans og sömuleiðis sjóðsmyndun lífeyrissjóða, tryggingakerfisins og sparnaður á vegum ríkis og sveitarfélaga. Hin mikla aukning fjármunamyndunar síðustu árin hefur dreifzt tiltölulega jafnt um allar helztu greinar atvinnulífsins, um opinberar framkvæmdir og íbúðarhúsabyggingar. Þó hefur fjárfesting í hvers konar vélum og tækjum verið sérstaklega mikil og aukning fjárfestingar því orðið mest í þeim atvinnugreinum, sem hagnýta sér hvað mest slíkar vélar og tæki, en það eru fiskveiðar, flutningastarfsemi og byggingarstarfsemi. Mest varð aukningin í svo til öllum greinum árið 1963, þegar fjármunamyndunin í heild jókst um 31%. Síðan hefur dregið úr aukningunni frá ári til árs, og gildir það einnig um svo til allar greinar framkvæmda, enda var fjármunamyndunin, eins og áður er getið, orðin mjög há í hlutfalli við þjóðarframleiðslu á árunum 1963 og 1964.

Á s. l. ári varð ekki aukning á fjármunamynduninni sem heild, vegna þess að skipa- og flugvélakaup minnkuðu. En á hinn bóginn jukust byggingar og önnur mannvirkjagerð enn um 9%. Atvinnuvegirnir hafa haft forystuna í þessari þróun. Hefur fjármunamyndun á þeirra vegum aukizt um 61% milli 1962 og 1965 á móti 52% aukningu íbúðabygginga og 43% aukningu opinberra framkvæmda. Þó var fjármunamyndun atvinnuveganna enn meiri að magni árið 1964, en á því ári voru gerð meiri kaup fiskiskipa en nokkurt ár síðan 1960 og langmestu kaup flutningatækja, sem nokkru sinni hafa verið gerð, eða um 60% meiri en árið 1947, er þau voru mest áður.

Fjármunamyndun í fiskiðnaði hefur verið mjög svipuð frá og með árinu 1962, er miklar framkvæmdir

hófust í síldariðnaði, en þá jókst fjármunamyndun í fiskiðnaði alls um 57% miðað við meðaltal 5 síðustu ára á undan, 1957—1961. Fjármunamyndun í öðrum iðnaði en vinnslu sjávarafurða hefur aukizt mjög mikið eða um 75% frá 1962—1965. Meginhluti þeirrar aukningar féll á árið 1963.

Fjármunamyndun í landbúnaði hefur aukizt jöfnum skrefum, en einnig mjög ört, alls um 50% frá 1962—1965.

Aukningin er hvað fyrirferðarminnst í byggingu verzlunar-, skrifstofu- og gistihúsa, 45% frá 1962—1965. Sé hins vegar farið lengra aftur í tímann til samanburðar er aukningin í þessari grein meiri, þar sem þessum byggingum hafði verið haldið niðri með beitingu fjárfestingarhafta. Rétt er að benda á, að auk húsnæðis fyrir verzlunar-, veitinga- og gistihúsarekstur er hér meðtalið húsnæði fyrir skrifstofur annarra atvinnugreina og að auki leiguhúsnæði opinberra stofnana og enn fremur húsnæði fyrir ýmsa þjónustustarfsemi, þ. á m. allt húsnæði bankanna. Þessi fjárfesting hefur oft sætt gagnrýni, en eðlileg þróun hennar er í raun réttri þýðingarmikið skilyrði aukinna framleiðsluafkasta og bættrar þjónustu við almenning.

Íbúðabyggingar hafa aukizt um 52% frá 1962—1965. Langmest varð aukningin árið 1963, 28%, en 10.5% árið 1964 og um 7% árið 1965. Íbúðabyggingarnar hafa farið talsvert fram úr því, sem þjóðhags- og framkvæmdaáætlunin gerði ráð fyrir, en það var bygging tæplega 1300 íbúða árið 1963 og 1500 íbúða að meðaltali hvert áranna 1964—1966. Raunveruleg framkvæmd íbúðabygginga þessi ár hefur samsvarað eftirtöldum fjölda íbúða af meðalstærð, 1963 1413, 1964 1523, 1965 1625. Áætlaðar framkvæmdir í ár munu einnig svara til um 1600 íbúða. Þannig mun bygging íbúða væntanlega nema um 6150 íbúðum á áætlunartímabilinu, samanborið við 5800 skv. áætluninni. En auk þess hefur meðalstærð íbúða aukizt frá því, sem áður var og áætlunin gerði ráð fyrir. Fjármunamyndun í byggingum og mannvirkjum hins opinbera hefur aukizt alls um 43% frá 1962—1965. Mest varð aukningin fyrsta árið, 1963, 17% og litlu minni árið 1964, 16%, en varð 7.5% samkv. bráðabirgðatöflum fyrir árið 1965. Hér á eftir verður fjallað nánar um þennan þátt fjármunamyndunarinnar.

Skipting fjármunamyndunarinnar eftir tegundum fjármuna er einnig þýðingarmikil. Auðveldara hefur verið að kaupa vélar og tæki en auka byggingar og aðra mannvirkjagerð. Þess vegna hefur fjármunamyndunin aukizt mest í þeim greinum, sem hafa haft bezt færi á að nýta vélar og tæki. Fjármunamyndun af þessu tagi tekur miklum sveiflum frá ári til árs. Fjárfesting í hvers konar vélum og tækjum var þannig 84% hærri árið 1964 en tveimur árum áður, 1962. Árið 1965 var hún hins vegar nokkru minni en 1964, þar sem dregið hafði úr kaupum fiskiskipa og flutningatækja. Mannvirkjagerð, önnur en húsbyggingar, gengur næst vélvæðingunni að magnaukningu, en hún jókst um 59% 1962—1965. Hér er einkum um opinberar framkvæmdir að ræða, gerð og lagningu vega, brúa, hafna og síma og einnig ræktunarframkvæmdir. Húsbyggingar jukust um 47% 1962—1965. Íbúðabyggingar hafa aukizt meira en aðrar húsbyggingar yfir þetta tímabil eða um 52% á móti 43%.

Fjármunamyndun opinberra aðila var sá þáttur hinnar upphaflegu þjóðhags- og framkvæmdaáætlunar, er hvað helzt fól í sér ákveðnar fyrirætlanir um framkvæmdir. Hafa þessar framkvæmdir haldizt í tiltölulega náinni samsvörun við áætlunina. Sökum hinnar almennu þenslu í atvinnulífinu hefur ríkisvaldið orðið að beita ströngu aðhaldi að eigin framkvæmdum og þeim öðrum framkvæmdum, sem það hefur mest áhrif á, en ekki séð sér fært að endurskoða framkvæmdafyrirætlanir til hækkunar með hliðsjón af aukinni velmegun. Þrátt fyrir þetta hefur aukning opinberra framkvæmda orðið mikil á þessum árum, enda ráð fyrir því gert í þjóðhags- og framkvæmdaáætluninni frá 1963. Mest kvað að aukningu í gerð samgöngumannvirkja, er jukust að magni um 50% 1962—1965. Hlutfallsleg aukning milli þessara ára var næstum því eins mikil í opinberum byggingum eða um 47%. Hlutfallsleg aukning hita-veitu- og vatnsveitufram kvæmda var enn meiri eða 67%. Raforkuframkvæmdir hafa haldizt lítt breyttar, þar sem aðeins minni háttar framkvæmdir hafa verið á döfinni. Meiri munur er á aukningu hinna ýmsu undirgreina samgöngumannvirkja og opinberra bygginga. Af samgöngumannvirkjum var mest aukning í gerð gatna og holræsa, sem gerðu betur en tvöfaldast að magni 1962—1965, jukust um 125%. Á sama tíma jókst gerð vega og brúa um 64% og hafnargerð um 47%. Flugvallagerð hefur verið tiltölulega lítill liður, en óx að marki á síðasta ári. Framkvæmdir pósts, síma og útvarps hafa verið mjög miklar um árabil, þar sem saman hafa farið miklar kerfisaukningar, endurnýjanir og framkvæmdir til að koma á sjálfvirkni símans.

Af einstökum flokkum opinberra bygginga hefur bygging sjúkrahúsa aukizt mest eða um 96% 1962—1965. Skólabyggingar jukust um 36% á sama tíma. Í sambandi við skólabyggingar er þess þó sérstaklega að gæta, að þær höfðu aukizt mjög mikið á árunum 1961 og 1962 og hefur því hlutfallsleg aukning þeirra orðið minni síðan. Bygging félagsheimila og kirkna hélzt að heita má óbreytt, en aðrar opinberar byggingar, þ. e. skrifstofuhús, áhaldahús o. fl., jukust um 70%.

Lækkun fjárveitinga til verklegra framkvæmda á fjárlögum 1965 setur að sjálfsögðu mark sitt á suma þætti hinna opinberu framkvæmda á því ári. Þessa gætir þó ekki, að því er varðar vegagerð, bæði sökum sérstakra tekjustofna hennar og einnig vegna steypu á síðari áfanga Reykjanesbrautar. Lækkun fjárveitinga kemur einkum fram í því, að hafnargerð og framkvæmdir Pósts og síma urðu nokkru lægri en árið áður og skólabyggingar stóðu svo að segja í stað.

Misjafn vöxtur hinna ýmsu greina opinberra framkvæmda skýrist að mjög verulegu leyti af hlutdeild sveitarfélaganna í framkvæmdunum. Fjárhagsleg aðstaða sveitarfélaganna til að halda uppi miklum framkvæmdum hefur gjörbreytzt til batnaðar á undanförnum árum. Tekjustofnar sveitarfélaganna hafa verið rýmkaðir og nýjum bætt við. Alls námu álagðar skatttekjur sveitarfélaganna 1430 millj. árið 1965. Er þá

meðtalin hlutdeild þeirra í söluskatti og aðflutningsgjöldum svo og landsútsvar, en hins vegar ekki hlutdeild í vegasjóðsgjaldi frá og með 1964. Þessar tekjur svöruðu til 39% skatttekna ríkisins samkv. fjárlögum að viðbættu vegasjóðsgjaldi, og hafði það hlutfall vaxið úr 35% af ríkistekjum árið 1962. Sem hlutfall af vergri þjóðarframleiðslu og markaðsverði höfðu skatttekjur sveitarfélaganna vaxið úr um það bil 6% í 7% á sama tímabili. Áhrif bættrar fjárhagsaðstöðu sveitarfélaganna hafa einkum orðið þau, að framkvæmdir þeirra hafa aukizt mun örar en framkvæmdir ríkisins. Gerð hefur verið sundurliðun opinberra framkvæmda eftir því, hvort sveitarfélögin eða ríkið eða þessir aðilar í sameiningu standa að þeim. Framkvæmdir sveitarfélaganna einna saman hafa svo til tvöfaldazt að magni frá 1962 til 1965 eða aukizt um 95%. Sameiginlegar framkvæmdir, sem sveitarfélögin eiga oftast frumkvæðið að, enda þótt ríkið kosti þær yfirleitt að jöfnu við þau eða meira, jukust um 49% á sama tíma. Framkvæmdir ríkisins sjálfs jukust langminnst eða um 15% á sama tímabili. Hefur aðhald ríkisins komið mest niður á þessum framkvæmdum, sökum þess að hlutdeild í öðrum framkvæmdum er fastar bundin af lögum og fyrri ákvörðunum. Það er jafnan matsatriði, hvort sé brýnna að sinna frekar þeim þörfum, er sveitarfélögin annast, eða þeim, sem ríkið sér fyrir. Ljóst er, að brýn þörf var á leiðréttingu sveitarfélögunum í vil, en það er engu síður orðið ljóst, að sveitarfélögin verða héðan af að taka vaxandi tillit til almennra viðhorfa í efnahagsmálum. Framkvæmdir ríkisins sjálfs námu um 550 millj. kr. á síðasta ári, en sveitarfélaganna einna um 560 millj. kr. Sameiginlegar framkvæmdir námu um 376 millj. kr. Alls voru sveitarfélögin því beinn frumkvæðis- og ákvörðunaraðili að 926 millj. kr. af 1560 millj. kr. opinberum framkvæmdum alls, eða nærfellt 60% þeirra.

Svo sem áður er vikið að, hafa flestar greinar hinna opinberu framkvæmda fylgt hinni opinberu þjóðhags- og framkvæmdaáætlun frá 1962 allnáið, einkum þær greinar, þar sem ríkið sjálft stendur að framkvæmdum beint eða óbeint. Þar sem nú hefur verið gerð áætlun um framkvæmdir yfirstandandi árs á grundvelli fjárlaga, framkvæmda- og fjáröflunaráætlunar ársins og annarra gagna, má gera samanburð þessara framkvæmda við hina upphaflegu áætlun með þeim fyrirvara, að tölurnar fyrir árið 1966 eru áætlunartölur. Framkvæmdirnar í heild ná ekki alveg áætlun, eru 3.5% fyrir neðan markið. Stafar þetta einvörðungu af því, að Búrfellsvirkjun er um það bil einu ári seinna á ferðinni en áætlunin gerði ráð fyrir, þannig að ársáfangi hennar á árinu 1966 er allmiklu minni en gert var ráð fyrir. Að raforkuframkvæmdum slepptum er ársmeðaltal framkvæmda um 20% hærra en gert var ráð fyrir í áætluninni.

Samgöngumannvirki í heild fara fram úr áætlun um 19%, en opinberar byggingar um 10%. Vega- og brúagerð og framkvæmdir pósts, síma, útvarps og sjónvarps eru 8—9% umfram áætlun. Gerð hafna og flugvalla er fast við áætlunarmarkið, sömuleiðis skólabyggingar. Umferðarframkvæmdir falla mestmegnis á gatna- og holræsagerð, sem fer 70% fram úr áætlun. Hitaveitu- og vatnsveituframkvæmdir fara 66% fram úr áætlun, og sjúkrahús fara 45% fram úr áætlun.

Hér að framan hefur því verið lýst, hversu mikið þjóðarframleiðsla og þjóðartekjur hafa aukizt á undanförnum fjórum árum og hversu mikið það fé hefur þar með aukizt, sem þjóðarbúið hefur haft til ráðstöfunar. Það hefur jafnframt verið rakið, að á árunum 1964 og 1965 hafi aukning neyzlu og fjármunamyndunar haldizt innan þeirra marka, sem vöxtur ráðstöfunarfjárins hefur sett, þannig að jafnvægi þjóðarbúskaparins út á við hefur verið vel tryggt.

Þegar horft er fram á við til ársins 1966, stefnan í efnahagsmálum á því ári mótuð og áætlanir gerðar, verður að gera ráð fyrir, að verulegar breytingar verði frá þróun undanfarinna ára. Ekki má treysta því, að aukning þjóðarframleiðslu verði eins mikil á árinu 1966 og hún hefur verið á undanförnum árum né að viðskiptakjör haldi enn áfram að batna umfram það, sem þegar er orðið, en sá bati er allt að því einsdæmi, eins og áður hefur verið vikið að. Það má því búast við, að ráðstöfunarfé þjóðarinnar aukist allmiklu hægar á árinu 1966 heldur en það hefur gert á undanförnum fjórum árum. Reynslan af aflabrögðum á vetrarvertíð bendir einnig í þessa sömu átt.

Á hinn bóginn verður að gera ráð fyrir því, að einkaneyzla muni aukast verulega á árinu 1966 og að bæði einkaaðilar og opinberir aðilar stefni enn að því að auka framkvæmdir sínar. Meiri aukning raunverulegra tekna átti sér stað á árinu 1965 en hefur orðið á nokkru öðru ári um langt skeið. Eins og grein er gerð fyrir hér að framan, leiddi þetta til mikillar aukningar sparnaðar, en aðeins til hóflegrar aukningar neyzlu. Hér er sennilega að nokkru um tímabundna þróun að ræða, og mun þá tekjuaukningin von bráðar leiða til frekari aukningar neyzlu. Kemur þetta þegar fram í mjög auknum innflutningi á síðustu mánuðum ársins 1965 og fyrstu mánuðum þessa árs. Því hefur þegar verið lýst, að hin mikla velgengni undanfarinna ára hefur leitt til þess, að bæði einkaaðilar og opinberir aðilar telja nú framkvæmdaþörf sína meiri en þeir áður gerðu. Það má því gera ráð fyrir, að framkvæmdaviðleitni bæði einkaaðila og opinberra aðila verði sízt minni á árinu 1966 en á undanförnum árum. Jafnframt munu á árinu 1966 hefjast framkvæmdir við Búrfellsvirkjun, er skapa aukið álag á vinnumarkaðnum, enda þótt þeirra áhrifa gæti ekki að verulegu marki fyrr en á árinu 1967.

Viðhorfin á árinu 1966 eru því þau, að annars vegar má búast við, að nokkuð dragi úr hinni miklu aukningu þjóðartekna, en hins vegar má gera ráð fyrir, að viðleitnin til aukningar neyzlu og fjármunamyndunar verði enn rík. Bendir þetta ótvírætt til mikillar nauðsynjar á aðhaldi í allri stjórn efnahagsmála á árinu. Þetta hefur einnig verið það sjónarmið, sem fylgt hefur verið við undirbúning fjárlagaársins, við mörkun stefnu í peningamálum um s. l. áramót og loks við undirbúning framkvæmda- og fjáröflunaráætlunar ríkisstj. fyrir árið 1966, sem nánari grein mun verða gerð fyrir hér á eftir.

Eins og grein var gerð fyrir hér að framan, fara opinberar framkvæmdir hér á landi að mjög miklu leyti fram að frumkvæði og á ábyrgð sveitarfélaga og stofn-

ana þeirra, enda þótt í flestum greinum komi til fjárhagsstuðningur ríkisins. Þar við bætist, að verulegur hluti hinna eiginlegu ríkisframkvæmda er á vegum stofnana, er hafa eigin tekjur. Það leiðir af þessu, að ríkisvaldið getur ekki samið áætlanir um opinberar framkvæmdir, er feli í sér beinar ákvarðanir eða fyrirmæli um þessar framkvæmdir, nema á takmörkuðu sviði. Þær áætlanir, sem hér á landi hafa verið gerðar um opinberar framkvæmdir, eru því tvenns konar. Annars vegar er þjóðhags- og framkvæmdaáætlunin frá 1963, þar sem kannað var, hver framkvæmdagetan mundi vera og hverjar þarfirnar í hinum ýmsu greinum og leitazt var við að marka á þeim grundvelli almenna stefnu ríkisvaldsins. Hins vegar eru hinar árlegu framkvæmda- og fjáröflunaráætlanir, sem fjalla um þær opinberu framkvæmdir og fjárfestingarlánasjóði, sem þurfa á sérstakri fjáröflun að halda umfram fjárveitingar á fjárl. Þessar áætlanir fela í sér beinar ákvarðanir um framkvæmdir og fjáröflun. Þær ná hins vegar ekki nema til takmarkaðra hluta opinberra framkvæmda, jafnframt því sem þær hafa áhrif á framkvæmdir einkaaðila með fjáröflun til fjárfestingarlánasjóða.

Enda þótt hinar árlegu framkvæmda- og fjáröflunaráætlanir taki þannig ekki nema til takmarkaðs sviðs, er að sjálfsögðu þýðingarmikið, að þær séu unnar á grundvelli sem fyllstra upplýsinga um opinberar framkvæmdir yfirleitt og taki fullt tillit til þróunar þeirra framkvæmda jafnt sem til almennrar þróunar efnahagsmála.

Hér að framan var gerð grein fyrir viðhorfum í efnahagsmálum á árinu 1966. Áður en lýst verður þeirri framkvæmda- og fjáröflunaráætlun ársins, er ríkisstj. hefur nýlega gengið frá, mun hér verða gefið yfirlit um opinberar framkvæmdir ársins í heild, eins og talið er sennilegt, að þær muni verða.

Áætlað er, að opinberar framkvæmdir á árinu 1966 muni nema 1958 millj. kr. Er hér átt við hvers konar opinberar framkvæmdir, hvort sem þær eru á vegum ríkisins og stofnana þess eða á vegum sveitarfélaga og stofnana þeirra. Hér eru einnig meðtaldar framkvæmdir við Búrfellsvirkjun, sem áætlaðar eru 158 millj. kr. á árinu. Séu þær framkvæmdir ekki taldar með og heldur ekki byrjunarframkvæmdir virkjunar á s. l. ári, mundu opinberar framkvæmdir á þessu ári verða um 1800 millj. kr., samanborið við 1665 millj. kr. á s. l. ári. Er þetta hvort tveggja reiknað á verðlagi ársloka 1965, en það er það verðlag, sem áætlun ársins 1966 er byggð á. Mundi því verða um að ræða 8% magnaukningu opinberra framkvæmda og þá jafnframt mestu opinberar framkvæmdir, sem átt hafa sér stað hér á landi, bæði að magni til og í hlutfalli við þjóðartekjur. Þær greinar, þar sem fyrst og fremst er gert ráð fyrir, að aukning eigi sér stað, eru raforkuframkvæmdir, vatnsveitur, hafnir, flugvellir og sími, útvarp og sjónvarp. Þá er einnig gert ráð fyrir nokkurri aukningu sjúkrahúsabygginga. Áætlað er, að framkvæmdir við hitaveitur, gatna- og holræsagerð og skólabyggingar verði svipaðar á árinu 1966 eins og á árinu 1965, en í þessum greinum öllum hafa framkvæmdir verið mjög miklar á undanförnum árum. Loks er gert ráð fyrir, að framkvæmdir við vegagerð verði allmiklu minni á árinu 1966 en á árinu 1965, og stafar það af því, að byggingu Reykjanesbrautar er nú að mestu lokið. Mun nú vikið nánar að einstökum greinum framkvæmdanna.

Áætlað er, að raforkuframkvæmdir muni nema 225 millj. kr. á árinu 1966, samanborið við 189 millj. kr. á árinu 1965. Hér eru ekki taldar með framkvæmdir við Búrfellsvirkjun. Aukningin á raforkuframkvæmdum er að verulegu leyti hjá Rafmagnsveitum ríkisins og er fólgin í aðalorkuveitum, dieselstöðvum og viðbótum við héraðsrafmagnsveitur í rekstri. Er aukningin einna mest á Austfjörðum, og stendur það í nánu samhengi við aukningu síldariðnaðar í þeim landshluta. Framkvæmdir við sveitaveitur munu aukast á árinu samanborið við s. l. ár sem svarar því, að lagningu veitna í Borgarfirði verður flýtt með tilstyrk lánsfjár frá Andakílsvirkjun.

Hitaveituframkvæmdir eru fyrst og fremst við Hitaveitu Reykjavíkur og er gert ráð fyrir, að þær haldist svipaðar og verið hefur á undanförnum árum.

Á hinn bóginn er mikil aukning vatnsveituframkvæmda áætluð bæði hjá Vatnsveitu Reykjavíkur og hjá allmörgum öðrum sveitarfélögum.

Vegaframkvæmdir eru í aðalatriðum tvenns konar. Annars vegar eru almennar vegaframkvæmdir, sem unnar eru skv. vegáætlun og fjár er aflað til eingöngu með þeim sérstöku tekjustofnum, sem til vegamála renna. Hins vegar eru sérstakar framkvæmdir við hraðbrautir og þjóðbrautir, sem ríkisstj. verður að afla lánsfjár til innan framkvæmda- og fjáröflunaráætlunar sinnar. Hinar almennu vegaframkvæmdir munu verða svipaðar á árinu 1966 og á árinu 1965, enda tekjustofnarnir svipaðir. Allmiklar breytingar verða hins vegar á hinum sérstöku vegaframkvæmdum. Byggingu Reykjanesbrautar er nú að heita má lokið. Aftur á móti er enn um mjög miklar skuldagreiðslur að ræða vegna þessarar vegagerðar, sem sjá verður fyrir innan ramma framkvæmda- og fjáröflunaráætlunarinnar. Nokkur aukning verður á öðrum vegaframkvæmdum í þessum flokki. Þannig er gert ráð fyrir framkvæmdum upp að 21 milljón króna við Siglufjarðarveg, sem er nálega helmingi hærri upphæð en á árinu 1965. Framkvæmdir til að ljúka Múlavegi eru áætlaðar 3 millj. kr. og framkvæmdir við Suðurfjarðaveg á Austfjörðum og Heydalsveg samtals 4 millj. kr. Framkvæmdir við Suðurlandsveg eru áætlaðar 9 millj. kr. og við Hafnarfjarðarveg í Kópavogi 10 millj. kr. Eins og ljóst er af þeim tölum, sem hér hafa verið nefndar, eru ekki að svo stöddu fyrirhugaðar meiri háttar framkvæmdir við byggingu hraðbrauta í nágrenni Reykjavíkur í áframhaldi af byggingu Reykjanesbrautar. Ástæðurnar fyrir þessu er tvær. Annars vegar gera hinar miklu framkvæmdir í landinu yfirleitt það að verkum, að óráðlegt er að byrja nú á nýjum meiri háttar vegaframkvæmdum. Hins vegar skortir að mestu fjárhagsgrundvöll til byggingar hraðbrauta, þar sem teljandi fé er ekki ætlað til þeirra í vegáætlun. Meðan svo er, geta hraðbrautirnar ekki staðið undir lánsfé, jafnvel þótt það væri tiltækt, nema því aðeins að sérstök gjaldheimta komi til. Athugunar er þörf á fjárhagsmálum hraðbrautarframkvæmda og vegaframkvæmda almennt, og hefur slík athugun verið hafin á vegum samgmrn. Mun þessu máli einnig verða

gefinn sérstakur gaumur í sambandi við undirbúning framkvæmdaáætlunar fyrir næstu fjögur ár.

Gatna- og holræsagerð, sem er algerlega á vegum sveitarfélaga, eins og kunnugt er, hefur aukizt gífurlega á undanförnum árum og meir en nokkur önnur grein framkvæmda. Á árinu 1965 voru framkvæmdir af þessu tagi helmingi meiri en aðeins tveimur árum áður, árið 1963. Var aukningin úr 133 millj. kr. í 265 millj. kr., hvort tveggja reiknað á verðlagi ársloka 1965. Áætlað er, að gatna- og holræsagerð verði svipuð á árinu 1966 og á árinu 1965.

Allmikil aukning er áætluð í hafnargerðum á árinu 1966 samanborið við árið 1965, eða úr 152 millj. kr. í 195 millj. kr. Stafar þessi aukning annars vegar af því, að framkvæmdir hefjast við byggingu hinnar nýju Sundahafnar í Reykjavík, en hins vegar af kaupum sanddælu á vegum vita- og hafnarmálastjórnarinnar. Gert er ráð fyrir, að almennar hafnarframkvæmdir á vegum einstakra hafnarsjóða og með aðstoð vita- og hafnarmálastjórnar verði svipaðar og á s. l. ári eða rúmar 100 millj. kr., og er gert ráð fyrir, að sama upphæð gangi til þeirra innan framkvæmda- og fjáröflunaráætlunarinnar og á því ári. Þá mun framkvæmdum verða haldið áfram við landshafnirnar í Keflavík-Njarðvík og á Rifi og enn fremur við höfnina í Þorlákshöfn, sem lagt hefur verið til, að gerð verði að landshöfn. Eru heildarframkvæmdir í þessum þremur höfnum áætlaðar mjög svipaðar og á árinu 1965 eða samtals um 28 millj. kr. Fjár til þeirra er að mestu leyti aflað innan ramma framkvæmda- og fjáröflunaráætlunar ríkisstj.

Tiltölulega lítið hefur verið unnið að flugvallagerð á undanförnum árum. Þó varð nokkur aukning þeirra framkvæmda á s. l. ári, einkum í sambandi við byggingu flugvallar á Patreksfirði og byrjun viðgerðar á Reykjavíkurflugvelli. Hér eru hins vegar mjög brýnar þarfir fyrir hendi. Hefur því verið gert ráð fyrir mikilli aukningu framkvæmda við flugvallagerð á árinu 1966, sem fjár verður að miklu leyti aflað til innan vébanda framkvæmda- og fjáröflunaráætlunar ríkisstj. Alls er fjármunamyndun í flugvöllum áætluð 50 millj. kr. á árinu 1966, samanborið við 34 millj. kr. á árinu 1965. Meðal einstakra framkvæmda, sem hér er um að ræða, má nefna flugvallargerð og öryggisþjónustu á Vestfjörðum í samræmi við Vestfjarðaáætlun og malbikun flugvallar og byggingu flugskýlis á Akureyri. Þá er gert ráð fyrir mikilli aukningu tækjakaupa vegna öryggisþjónustu.

Framkvæmdir á vegum pósts, síma, útvarps og sjónvarps munu aukast verulega á árinu eða sem svarar úr 100 millj. kr. á árinu 1965 í 130 millj. kr. á árinu 1966. Stafar þetta að mestu af stofnun íslenzks sjónvarps.

Skólabyggingar og gerð íþróttamannvirkja hafa verið mjög miklar á undanförnum árum. Gert er ráð fyrir, að framkvæmdir haldist svipaðar á árinu 1966 og á tveimur undanförnum árum og verði um 235 millj. kr., samanborið við 235 millj. kr. á árinu 1965, hvort tveggja reiknað á verðlagi ársloka 1965.

Áætlað er, að framkvæmdir við sjúkrahúsabyggingar aukist úr 125 millj. kr. á árinu 1965 í 145 millj. kr. á árinu 1966. Stafar þessi aukning fyrst og fremst af því, að bygging eldhúss og þvottahúss við Landspítalann hefst á árinu. Framkvæmdir við byggingu Borgarsjúkrahúss og viðbyggingu við Landspítala eru þó meginhluti sjúkrahúsframkvæmdanna, og er gert ráð fyrir, að framkvæmdirnar verði svipaðar og á árinu 1965.

Áætlað er, að fjármunamyndun í félagsheimilum, kirkjum og ýmsum opinberum byggingum muni samtals nema 175 millj. kr. á árinu 1966, samanborið við 156 millj. á árinu 1965, hvort tveggja reiknað á verðlagi ársloka 1965. Meðal einstakra þýðingarmikilla framkvæmda í þessari grein er bygging rannsóknarstofnunar landbúnaðarins á Keldnaholti og bygging lögreglustöðvar og slökkvistöðvar í Reykjavík.

Framkvæmda- og fjáröflunaráætlun ríkisstj. fyrir árið 1966 nær eins og á undanförnum árum til þeirra fjárfestingarlánasjóða og opinberra framkvæmda, sem þurfa á sérstakri fyrirgreiðslu ríkisins að halda um fjáröflun umfram fjárveitingar og eigin tekjur. Þá tekur áætlunin einnig til nokkurra einstakra atvinnufyrirtækja, einkum dráttarbrauta, sem á sams konar fyrirgreiðslu þurfa að halda. Þeir fjárfestingarlánasjóðir, sem áætlunin að þessu sinni nær til, eru sex: Stofnlánadeild sjávarútvegsins, Fiskveiðasjóður Íslands, stofnlánadeild landbúnaðarins, iðnlánasjóður, ferðamálasjóður og byggingarsjóður verkamanna. Talið er, að þessir sjóðir þurfi að hafa til ráðstöfunar samtals 450 millj. kr. á árinu 1966, til þess að starfsemi þeirra geti orðið með eðlilegum hætti. Eigið fé, er sjóðirnir hafa til ráðstöfunar, og lánsfé, er þeir afla sér án milligöngu ríkisins, nemur samtals 392 millj. kr. á árinu 1966, þannig að sú fjáröflun, sem áætlunin gerir ráð fyrir, er 58 millj. kr. Til samanburðar má geta þess, að á árinu 1965 var talið, að fjárþörf þessara sömu sjóða næmi 443 millj. og þeir hefðu til ráðstöfunar á því ári 336 millj. kr. af eigin fé og lánsfé, er þeir öfluðu sjálfir. Áætlun þess árs gerði því ráð fyrir fjáröflun að upphæð 107 millj. kr. vegna þessara sjóða. Ástæðan fyrir því, að upphæðin, sem afla þarf á þessu ári, er mun lægri en sú, sem afla þurfti á s. l. ári, er sú, að fjárhagur sjóðanna styrkist ár frá ári og á það alveg sérstaklega við um stofnlánadeild landbúnaðarins.

Eins og kunnugt er, liggja nú fyrir Alþingi frv., er miða að frekari eflingu stofnlánasjóða sjávarútvegsins og iðnlánasjóðs, auk þess sem breyting Framkvæmdabankans í framkvæmdasjóð miðar að því að skapa sjóðunum öllum traustan fjárhagslegan bakhjarl. Auk fjáröflunar til hinna eiginlegu fjárfestingarlánasjóða er gert ráð fyrir, að á árinu 1966 verði 19 millj. kr. lánsfjár aflað til framkvæmda við dráttarbrautir og 15 millj. kr. til framkvæmda við kísilgúrverksmiðju. Þá er einnig gert ráð fyrir 8 millj. kr. fjáröflun vegna veðdeildar Búnaðarbanka Íslands. Samtals er því fjáröflun til fjárfestingarlánasjóða, fyrirtækja og veðdeildar Búnaðarbankans 100 millj. kr. á árinu 1966. Sambærileg tala á árinu 1965 var 142 millj. kr.

Þær opinberu framkvæmdir, sem framkvæmda- og fjáröflunaráætlunin nær til, eru allar raforku- og jarðhitaframkvæmdir á vegum Rafmagnsveitna ríkisins og jarðhitasjóðs, allar hafnarframkvæmdir á vegum vita- og hafnarmálastjórnar og allar flugmálaframkvæmdir á vegum flugmálastjórnar. Á hinn bóginn tekur áætlunin ekki til almennra vegaframkvæmda,

sem fjár er aflað til samkvæmt vegáætlun, en aftur á móti til lagningar meiri háttar hraðbrauta og þjóðbrauta, sem aflað verður lánsfjár til. Á hliðstæðan hátt tekur áætlunin ekki til almennra skóla- og sjúkrahúsabygginga, heldur aðeins til byggingar ríkisskóla og ríkisspítala, sem lánsfjár er aflað til.

Þær heildarframkvæmdir ásamt skuldagreiðslum, sem áætlunin nær til, munu nema samtals 498 millj. kr. á árinu 1966. Á árinu 1965 var sambærileg tala 406 millj. kr. Eigið fé þessara framkvæmda, fjárveitingar til þeirra ásamt því lánsfé, er þær tryggja sér sjálfar, nema samtals 284 millj. kr. Er hin áætlaða fjáröflun því 214 millj. kr. Sambærileg fjáröflun á árinu 1965 var 185 millj. kr. Á því ári var þó einnig aflað 15 millj. kr. vegna rafveituframkvæmda bæjar- og sveitarfélaga, sem ekki hefur reynzt þörf á að þessu sinni, þannig að heildarfjáröflunin var 200 millj. kr. Er þá ekki talin með sérstök fjáröflun í sambandi við steypu Reykjanesbrautar að upphæð 48 millj., er ekki var innifalið í hinni upphaflegu áætlun ársins 1965.

Gert er ráð fyrir, að allmikil aukning verði á fjáröflun til raforku- og jarðhitaframkvæmda frá því á s. l. ári eða úr 30 millj. kr. í 45 millj. Þá er einnig gert ráð fyrir mikilli aukningu fjáröflunar til flugmála eða úr 10 millj. í 26 millj. Til ríkisskóla á nú að afla 15 millj., en var ekkert á s. l. ári. Er hér um að ræða menntaskólana að Laugarvatni og í Hamrahlíð og Hjúkrunarskólann. Til ríkisspítalanna á að afla 10 millj. kr., en var heldur ekkert á s. l. ári. Hér er eingöngu um að ræða viðbygginguna við Landspítalann. Fjáröflun til hafnarframkvæmda er skv. áætluninni aðeins lægri en á s. l. ári. Er hún 55 millj. kr. nú, en var 59 millj. kr. á árinu 1965. Stafar lækkunin af minni skuldagreiðslu vegna landshafna. Hins vegar lækkar fjáröflun til vegaframkvæmda allverulega eða úr 78 millj. í 60 millj. kr. Stafar þetta af því, sem áður er á minnzt, að framkvæmdum við Reykjanesbraut er nú að mestu lokið.

Sú fjáröflun, sem framkvæmda- og fjáröflunaráætlun ársins 1966 gerir ráð fyrir, er því samtals 314 millj. kr., er skiptist þannig, að 100 millj. kr. ganga til fjárfestingarlánasjóða og fyrirtækja, en 214 millj. kr. til opinberra framkvæmda. Á s. l. ári var sambærileg fjáröflun áætluð 342 millj. kr., þar af 142 millj. til fjárfestingarlánasjóða og fyrirtækja, en 200 millj. kr. til opinberra framkvæmda. Gert er ráð fyrir, að fjáröflun ársins 1966 fari fyrst og fremst fram með sölu verðbréfa á innlendum markaði og með því, að bankarnir leggi hluta af innstæðuaukningu ársins til þeirra þarfa, sem í áætluninni felast. Þá mun, eins og á undanförnum árum, andvirði landbúnaðarafurða, sem keyptar eru samkv. sérstökum samningi við Bandaríkin, PI-480, notast til útlána innan áætlunarinnar. Loks mun Atvinnuleysistryggingasjóður leggja fram nokkra upphæð. Gert er ráð fyrir, að á þessu ári verði seld spariskírteini að upphæð 100 millj. kr. Hefur þessi sala gengið það vel undanfarin tvö ár, að full ástæða er til að gera ráð fyrir, að um áframhaldandi aukningu hennar geti orðið að ræða, en salan nam 75 millj. kr. á árinu 1965. Í viðbót við sölu spariskírteina á árinu 1966 koma eftirstöðvar af sölu slíkra skírteina á árinu 1965, að upphæð 7 millj. kr. Þannig er gert ráð fyrir, að samtals leggi spariskírteini til 107 millj. af hinni fyrirhuguðu fjáröflun. Samið hefur verið við viðskiptabankana um það, að 10% af aukningu innlánsfjár þeirra á árinu 1966 gangi til þarfa innan áætlunarinnar og þá fyrst og fremst til fjárfestingarlánasjóða og fyrirtækja. Er gert ráð fyrir, að hér verði um að ræða 90 millj. kr. Þá eru til ráðstöfunar 40 millj. kr. vegna samninga við bankana á árinu 1965, en þá var einnig um það samið, að 10% af aukningu innlánsfjár gengi til áætlunarinnar. Reyndist hin endanlega upphæð allmiklu hærri en búizt hafði verið við vegna hinnar miklu innlánaaukningar á árinu. Atvinnuleysistryggingasjóður hefur samþ. að veita 20 millj. kr. lánsfé til framkvæmda innan áætlunarinnar umfram þau lán, sem sjóðurinn veitir ella til ýmissa framkvæmda. Mun sjóðurinn veita þessi lán beint, 12.5 millj. kr. til hafnargerða og 7.5 millj. til dráttarbrauta á vegum opinberra aðila. Loks er gert ráð fyrir, að lán samkv. nýgerðum vörukaupasamningi við Bandaríkin geti numið 57 millj. kr. á árinu 1966. Samtals nemur þá hin áætlaða fjáröflun 314 millj. kr. Langmestur hluti hennar eða rúmlega 80% er innlend fjáröflun, er byggist að mestu á sölu spariskírteina og samningum við bankana um notkun hluta af aukningu innlánsfjár. Á hinn bóginn er ekki um að ræða neina erlenda lánsfjáröflun til lengri tíma, að bandaríska vörukaupaláninu undanskildu.

Hin hagstæða efnahagsþróun undanfarandi ára og sér í lagi hin mikla sparifjármyndun hefur gert það eðlilegt og þýðingarmikið, að hin sérstaka fjáröflun ríkisstj. byggist fyrst og fremst á innlendum sparnaði. Hefur því þeirri stefnu verið fylgt, bæði árin 1964 og 1965 að miða fjáröflunaráætlunina sem mest við innlenda fjáröflun. Þó var á árinu 1965 aflað erlends lánsfjár til lagningar Reykjanesbrautar. Þessari sömu stefnu hefur enn verið fylgt við undirbúning fjáröflunar fyrir árið 1966, eins og áætlunin ber með sér. Á hinn bóginn verður að sjálfsögðu að hagnýta erlent lánsfé til að greiða erlendan kostnað við þær stórframkvæmdir í raforkumálum, sem nú eru á döfinni.

Í þessari skýrslu hefur í stórum dráttum verið gerð grein fyrir þróun efnahagsmála á undanförnum árum og þó sérstaklega þróun fjármunamyndunar og opinberra framkvæmda. Hefur verið rakið, hversu óvenju hagstæð efnahagsþróunin hefur verið, hversu ört þjóðarframleiðsla og þjóðartekjur hafa vaxið og hvernig þessi vöxtur hefur verið hagnýttur til aukinnar almennrar velmegunar, til að styrkja aðstöðu þjóðarbúsins út á við og til mjög aukinnar fjármunamyndunar í atvinnulífinu, íbúðarhúsabyggingum og opinberum framkvæmdum. Þá hefur sérstaklega verið gerð grein fyrir því, að framkvæmdir í atvinnulífinu hafa á þessum árum orðið miklu meiri en búizt var við í þjóðhags- og framkvæmdaáætlun þeirri, sem ríkisstj. lagði fram fyrir árin 1963—1966, og framkvæmdir í íbúðarhúsabyggingum einnig nokkru meiri. Þrátt fyrir þetta hefur sú mikla aukning opinberra framkvæmda, sem sú áætlun fól í sér, náð fram að ganga og vel það í öllum greinum að heita má, ef undan er skilið, að Búrfellsvirkjunin er um það bil einu ári síðar á ferðinni en upphaflega var gert ráð fyrir.

Þá hefur í þessari skýrslu verið gerð grein fyrir viðhorfunum í efnahagsmálum á árinu 1966. Sérstaklega hefur verið á það bent, að ný viðhorf hafi nú skapazt að

nokkru, þar sem ekki sé hægt að gera ráð fyrir, að þjóðarframleiðsla og þjóðartekjur haldi áfram að aukast með sama hraða og verið hefur. Á hinn bóginn megi búast við, að neyzla aukist verulega og leitazt verði við að auka framkvæmdir, eins og gert hefur verið á undanförnum árum. Jafnframt munu á þessu ári hefjast stórframkvæmdir við Búrfellsvirkjun. Af þessum ástæðum sé nauðsynlegt að gæta aðhalds í stjórn efnahagsmála og hafi þetta sjónarmið mótað stefnu og aðgerðir stjórnarvalda í peningamálum, við afgreiðslu fjárl. og við undirbúning framkvæmda- og fjáröflunaráætlunar fyrir árið 1966. Sérstök grein hefur síðan verið gerð í skýrslunni fyrir áætlun um opinberar framkvæmdir á árinu 1966 og fyrir framkvæmda- og fjáröflunaráætlun ríkisstj. fyrir það ár. Sýnir grg., að þrátt fyrir það aðhald, sem sýnt hefur verið, megi gera ráð fyrir, að opinberar framkvæmdir aukist almennt nokkuð á árinu, enda þótt ekki sé tekið tillit til Búrfellsvirkjunar. Þrátt fyrir þetta og þrátt fyrir það, hversu mikið hefur verið gert á undanförnum árum, eru þarfirnar fyrir framkvæmdir af þessu tagi brýnar og gildir það raunar einnig um þarfir framkvæmda í atvinnulífinu og í íbúðarhúsabyggingum. Í raun inni breytist mat manna á þessum þörfum sífellt eftir því, sem þjóðarframleiðsla vex og velmegun eykst. Er því sízt að undra, þótt mönnum finnist þarfirnar ekki síður brýnar nú en fyrir nokkrum árum síðan, þrátt fyrir þær gífurlegu framkvæmdir, sem verið hafa að undanförnu. Í þessu efni er okkur Íslendingum meiri vandi á höndum en flestum öðrum þjóðum, þar sem við lifum í stóru strjálbýlu landi og þjóðfélag okkar er ungt og ört vaxandi. Skiptir því miklu, að við sýnum fulla ráðdeild og beitum skynsamlegum vinnubrögðum við mótun stefnunnar í efnahagsmálum og í ákvörðunum um framkvæmdir og fjáröflun til þeirra. Ríkisstj. er þeirrar skoðunar, að mikið hafi orðið ágengt á þessu sviði á undanförnum árum og hafi þjóðhags- og framkvæmdaáætlunin frá 1963 og þær árlegu áætlanir, sem síðan hafa verið gerðar, verið þýðingarmikil tæki í því sambandi. Það er ætlun ríkisstj. að halda áfram að starfa á þessum sama grundvelli og efla og bæta þær starfsaðferðir, sem þróazt hafa.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Skýrsla sú, sem hæstv. fjmrh. hefur gefið hér, um stöðuna í efnahagsmálum og þróun efnahagsmála á undanförnum árum, er þess eðlis, að ástæða væri til þess, að hér færu fram nokkrar umr. um þessa skýrslu. Hins vegar kemur hún þannig fram hér, að eðlilegt væri, að umr. gætu farið fram um þessa skýrslu hæstv. ráðh. nokkru síðar heldur en nú á þessum fundi, því að hér er greint frá mörgum tölum og ýmsum upplýsingum, sem ekki er auðvelt að henda reiður á, þegar þær eru lesnar í fyrsta sinn. Og þó að sumt af því, sem sagt hefur verið, sé byggt á gögnum, sem hér hafa verið lögð fram, fer því þó fjarri, að þannig sé um mikinn hluta af þessari skýrslu, sem hér var flutt. Ég vildi því alveg sérstaklega fara fram á það, að aðstaða yrði veitt til þess að ræða þessa skýrslu nokkru nánar hér síðar, ekki sízt vegna þess, að nokkrar ályktanir, sem hér voru dregnar, og fullyrðingar, sem hér voru settar fram, eru þess eðlis, að ég tel, að þær fái ekki staðizt. En sem sagt, ég hefði viljað hafa aðstöðu til þess að hafa hér tölur til þess að sanna þetta álit mitt.

Ég tók sérstaklega eftir því, að hæstv. fjmrh. hóf mál sitt með því að reyna að færa sönnur á það, að hinar miklu og vaxandi þjóðartekjur á liðnum 4 árum hefðu skipzt þannig út meðal landsmanna, að launastéttirnar í landinu mættu una við sinn hlut, því að þær hefðu haldið fullu hlutfalli við vaxandi þjóðartekjur. Þetta tel ég, að sé mjög villandi og fái ekki staðizt. Í fyrsta lagi er það villandi að því leyti til, að það segir mjög lítið í þessum efnum að taka í einn hóp allar launastéttir í landinu, t. d. að taka þar saman raunveruleg laun sjómanna á undanförnum árum, ýmissa iðnaðarmanna, sem mjög hafa verið yfirborgaðir við störf sín, og svo aftur á móti laun almennra verkamanna. Á því er enginn vafi, að laun sjómanna hafa hækkað á síðustu árum mjög verulega vegna hins mikla afla og allra þeirra miklu breytinga, sem þar hafa átt sér stað í sambandi við okkar fiskveiðar, og í hópi sjómanna eru ýmsir þeir, sem nú hafa tiltölulega hæst laun í landinu. En að setja síðan saman meðaltal af kaupi almennra verkamanna og þessara sjómanna, það gefur vitanlega mjög rangar upplýsingar um hið raunverulega í þessum efnum. Ég tel, að það sé enginn vafi á því, að kaup verkamanna í landinu, mælt á þann eina hátt, sem réttmætt er að mæla það, þ. e. a. s. föst greiðsla fyrir hverja unna vinnustund, þar stendur verulega upp á, að hækkun á vinnulaunagreiðslum fyrir hverja unna vinnustund sé í hlutfalli við vaxandi þjóðartekjur hin síðari ár.

Það er auðvitað ekki um það að villast, að þegar á heildina er litið, hefur þjóðarbúskapur okkar Íslendinga gengið vel hin síðari ár. Þjóðarframleiðslan hefur farið ört vaxandi og þjóðartekjurnar þá vaxið enn meira frá ári til árs. En það eru vitanlega engin undur, að slíkt verði, þegar svo vel hagar til eða háttar til, að við verðum fyrir slíku happi eins og við höfum t. d. orðið fyrir á s. l. ári, þegar meðaltalshækkun á útfluttum sjávarafurðum á árinu reyndist vera 12%. Og þegar við stöndum frammi fyrir því, að viðskiptakjör þjóðarinnar batna á einu ári um hvorki meira né minna en 10%. En þetta mun nema því, að það hlaupi raunverulega óvænt á snærið hjá okkur upphæð, sem nemur 600—700 millj. kr. Það er vitanlega full ástæða til þess, þegar þannig hagar til, að það geti orðið um talsverða raunhæfa kauphækkun að ræða hjá vinnandi stéttum í landinu, því að í þessum efnum er um algerlega nettóhagnað fyrir þjóðarbúið að ræða, þar sem viðskiptakjörin batna á þennan hátt. En því fer nú fjarri, að þetta mikla happ hafi komið þeim helzt til gagns, sem það hefði þó átt að koma fyrst og fremst að gagni. Ekki vil ég á neinn hátt, að orð mín séu skilin þannig, að ég dragi úr því, að mér er fyllilega ljóst, að heildarframleiðsla landsins hefur farið mjög vaxandi og heildaraukningin á þjóðartekjum hefur vaxið meir en í nálægum löndum. Ég hef þá trú, öfugt við það, sem kom hér fram hjá hæstv. fjmrh., sem eðlilega hefur hinn gætna fyrirvara á í þeim efnum, ég hef hins vegar þá trú, að við megum enn eiga von á stórauknum afla, frá því, sem áður hefur verið, og styð þar mínar skoðanir þeim upplýsingum, sem liggja fyrir frá okkar færustu mönnum um ástand þeirra fiskstofna, sem við byggjum aðallega á, og þá aðstöðu, sem ég veit, að við höfum nú umfram það, sem

við höfum haft til þess að notfæra okkur þessar auðlindir. Ég er því í þessu efnum mjög bjartsýnn. Vissulega er mér það ljóst, að sitthvað getur á dagana drifið, sem breytt gæti þessu, en ég tel hins vegar að útlitið sé þannig, að allt mæli með því, að reiknað sé með vaxandi framleiðslu enn og auknum verðmætum enn, miðað við þær aðstæður, sem við búum við. Það skiptir svo auðvitað mjög miklu máli, að árferði eins og það, sem við höfum búið við og það, sem ég hygg, að við megum fyllilega í eðlilegri áætlunargerð reikna með á næstunni, að slík árferði séu notfærð á réttan hátt, en þá kemur það til, hvernig haldið er á stjórn efnahagsmála þjóðarinnar, almennt séð.

Það er ekkert um það að villast, að stjórn okkar á efnahagsmálum okkar hefur verið heldur hringlandakennd að undanförnu og tökin hafa verið heldur laus af hálfu ríkisstj. Þær áætlanir, sem gerðar hafa verið um þróun þjóðarbúskaparins, hafa staðizt heldur lítið. Það hefur sem sagt komið í ljós, að þó að gerðar séu áætlanir um tiltekna fjárfestingu í hinum ýmsu greinum, stoðar lítið að gera slíkar áætlanir, ef ekki eru gerðar aðrar ráðstafanir til þess að reyna að sjá um framkvæmd á áætlununum. Af þeim ástæðum hefur þetta farið þannig, að það hefur að vísu verið hægt að halda talsvert niðri fjárfestingum undanfarin ár á vegum ríkisins sjálfs, en hins vegar hafa áætlanir um fjárfestingar einstaklinga reynzt með öllu rangar. Þar hefur fjárfestingin í hinum ýmsu greinum orðið allt önnur en ráð var fyrir gert í þeim áætlunum, sem efnahagssérfræðingar ríkisstj. gerðu. Á meðan þannig er staðið að gerð áætlana og framkvæmdum í sambandi við þessar áætlanir, má segja, að þessar áætlanagerðir séu til harla lítils gagns. Þá er hér nánast um ákveðna spádóma að ræða, sem settir eru upp í töflur og tölur og reynslan kastar þeim svo til fram og til baka eftir því, sem aðstæður leyfa. Ég held, að sú reynsla, sem liggur nú fyrir af gerð þjóðhagsáætlunar fyrir nokkur ár, hafi einmitt staðfest það, að það sé mikil nauðsyn á því að taka þessi mál allt öðrum tökum en þau hafa verið tekin til þessa, og það sé óhjákvæmilegt að stjórnin á efnahagsmálunum verði miklu ákveðnari heldur en hún hefur verið og það verði betur staðið að því að reyna að fylgja áætlunum eftir. Og að sjálfsögðu ber svo að endurskoða áætlanir, sem gerðar eru nokkuð fram í tímann, með tilliti til þess, sem í ljós hefur komið, og gera nýjar áætlanir, ef t. d. tekjur eða ráðstöfunarfé fer stórkostlega fram úr því, sem áætlað hafði verið, gera nýjar áætlanir um það, hvernig því fjármagni skuli varið, en láta ekki hendinguna ráða, hvernig fer t. d. með fjárfestingarmál. (**Forseti:** Ég vildi spyrja hv. ræðumann, hvort hann ætti mikið eftir af ræðu sinni.) Ég er nú rétt að ljúka þessum orðum mínum og get lokið þeim nú, en sem sagt, ég vildi aðeins að lokum segja það, að ég vænti þess, að það gefist kostur á því að ræða þessa áætlun nokkru nánar hér síðar á þessu þingi.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Þessi skýrsla, sem hæstv. fjmrh. hefur flutt, gæti gefið tilefni til þess, að rætt væri um einstaka þætti í þjóðarbúskapnum og þjóðarbúskapinn í heild og stefnu hæstv. ríkisstj. og framkvæmdir hennar, en vegna þess að framundan eru á næstu dögum almennar umr. einmitt um þessi efni, útvarpsumr., sé ég ekki ástæðu til þess að ræða þessa skýrslu hæstv. ráðh. nú hér, enda þótt ég að sjálfsögðu mundi hafa gert aths. við ýmislegt, sem þarna kom fram, ef ekki væri svona ástatt. Ég mun því ekki ræða skýrsluna.

VI. Tilkynning frá ríkisstjórninni.

Á 3. fundi í Sþ., 13. okt., var tekin á dagskrá:
Tilkynning frá ríkisstjórninni.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Á ríkisráðsfundi hinn 31. ágúst s. l. var utanrrh. Guðmundi Í. Guðmundssyni veitt lausn frá embætti samkv. eigin ósk. Í stað hans var ráðh. Emil Jónsson skipaður utanrrh. og alþm. Eggert G. Þorsteinsson skipaður ráðh. til að fara með þau störf, sem Emil Jónsson hafði þangað til haft með höndum. Ég þakka Guðmundi Í. Guðmundssyni ágætt samstarf og öll hans störf í ríkisstj. á undanförnum árum og býð Eggert G. Þorsteinsson velkominn til starfa.

Þrátt fyrir þessi mannaskipti og þau, sem áður hafa orðið, er ríkisstj. enn hin sama og skipuð var 20. nóv. 1959, samsteypustjórn Sjálfstfl. og Alþfl. Þegar sú ríkisstj. var mynduð, gaf þáv. hæstv. forsrh., Ólafur Thors, stefnuyfirlýsingu fyrir stjórnarinnar hönd. Meginstefna ríkisstj. er enn hin sama og þar var lýst, að tryggja heilbrigðan grundvöll efnahagslífsins, svo að framleiðsla aukist sem örast, atvinna haldist almenn og örugg og lífskjör geti farið enn batnandi.

Til þess að þetta náist, þarf að gæta þess, að viðunandi greiðslujöfnuður haldist við útlönd ásamt nægilegum gjaldeyrissjóði, enda er það forsenda frjáls innflutnings og lánstrausts þjóðarinnar erlendis. Enn fremur þarf að tryggja, að framkvæmdir fari ekki fram úr sparnaði þjóðarinnar og notkun erlends lánsfjár til langs tíma og að hækkun kaupgjalds sé í samræmi við framleiðniaukningu og verðhækkanir á íslenzkum útflutningsvörum erlendis. Jafnframt verður að hafa greiðsluhallalausan ríkisbúskap og halda aukningu útlána banka innan hæfilegra takmarka.

Þá mun ríkisstj. og beita sér fyrir, að sett verði lög um verðtryggingu fjárskuldbindinga, þ. e. sparifjár og lána til langs tíma.

Til þess að draga úr hættunni á áframhaldandi kapphlaupi milli kaupgjalds og verðlags, leggur ríkisstj. áherzlu á málefnalegt samstarf við almannasamtök í landinu, jafnt innan einstakra atvinnugreina og við stéttarfélög verkalýðs og vinnuveitenda. Vinna ber að því, að þessi samtök nái sem víðtækustum samningum um ágreiningsmál sín.

Þ. á m. verði reynt að endurvekja samstarf framleiðenda og neytenda um ákvörðun búvöruverðs. Gerð verði gangskör að því að kanna, með hverjum hætti íslenzkur landbúnaður geti bezt séð þjóðinni fyrir landbúnaðarvörum með sem minnstum tilkostnaði, framleitt samkeppnishæfar vörur til útflutnings og tryggt bændum viðunandi lífskjör.

Á meðal skilyrða þess, að friður ríki milli stétta- og hagsmunahópa er, að fyrir hendi séu hlutlausar upplýs-

ingar um ágreiningsefni og mun ríkisstj. stuðla að nauðsynlegum rannsóknum og fræðslu með þeim hætti, að samtök aðila telji sig mega treysta því, að rétt sé með farið.

Þá mun ríkisstj. beita sér fyrir, að stofnað verði hagráð skipað fulltrúum stjórnvalda, þ. á m. samtaka sveitarfélaganna, atvinnuvega, launtaka og vinnuveitenda. Hagráð ræði ástand og horfur efnahagsmála og meginstefnuna í þeim málum og fái til umsagnar þjóðhags- og framkvæmdaáætlanir. Sérstakar áætlanir verði gerðar um framkvæmdir í einstökum landshlutum svipað og unnið er að fyrir Vestfirði nú.

Ríkisstj. leggur áherzlu á, að haldið verði áfram framkvæmdum við þá vinnuhagræðingu, sem hafin er í landinu, til þess með þeim hætti að bæta samkeppnisaðstöðu atvinnuveganna. Í sama tilgangi mun ríkisstj. styðja framkvæmdir og endurbætur, er miða að því að auka afköst og bæta nýtingu íslenzkrar efnivöru.

Ríkisstj. vill stuðla að því, að raunhæf verði sú stytting vinnutímans, sem kaupgjaldssamningar á s. l. sumri stefndu að, og beita sér fyrir nauðsynlegri lagasetningu í því skyni í samráði við aðila. Jafnframt verði athugað að setja reglur um orlof í samræmi við það, sem nú tíðkast á hinum Norðurlöndunum.

Ríkisstj. mun beita sér fyrir endurbótum á löggjöf um aðstoð við húsbyggingar og framkvæmdum í þeim efnum í samræmi við yfirlýsingu sína hinn 9. júlí s. l.

Stefnt verður að því að koma á staðgreiðslukerfi skatta á árinu 1967. Hert verður á tollgæzlu og skatteftirliti, til þess að skatt- og tollheimta gangi jafnt yfir alla. Sett verður á stofn sérstök hagsýsludeild í fjmrn. til þess að tryggja sem bezt hagsýni og ráðdeild í meðferð opinbers fjár.

Ríkisstj. hefur látið semja grg. um möguleika á lífeyrissjóði fyrir alla landsmenn og mun undirbúningi þeirrar réttarbótar haldið ósleitilega áfram.

Fyrirhugað er að leggja Framkvæmdabankann niður, en styrkja um leið stofnlánasjóði atvinnuveganna, koma á hagkvæmari skipun þeirra sjóða og banka, sem fást við veitingu framkvæmdalána, og stofna framkvæmdasjóð strjálbýlisins.

Unnið er að því að koma upp nýjum atvinnugreinum. Kísilgúrvinnslu við Mývatn og alúmíníumvinnslu í sambandi við virkjun Þjórsár. Enn er þó ekki sýnt, hvort samningar takist um þessi mikilsverðu mannvirki og mun Alþ. jafnóðum láta fylgjast með málum, enda er ákvörðunarvaldið um þau í þess höndum.

Ríkisstj. mun beita sér fyrir setningu laga um eignar- og afnotarétt fasteigna.

Ráðgerð er heildarendurskoðun á þeim þáttum skólalöggjafarinnar, sem ekki hafa verið endurskoðaðir á undanförnum árum, í þeim tilgangi að laga námsefni og skipulag skólanna að breyttum þjóðfélagsháttum, setja nýjar og einfaldari reglur um samskipti ríkis og sveitarfélaga, um stofnun og rekstur skóla og endurskipuleggja yfirstjórn fræðslumála. Teknar verði upp skipulegar, vísindalegar rannsóknir í skóla- og uppeldismálum. Samin verður framkvæmdaáætlun um skólabyggingar á næstu árum og verður þar stefnt að því að fullnægja með skipulegum hætti þörf fyrir skólahúsnæði á öllum skólastigum. Gerð verður áætlun um eflingu íslenzkra rannsókna, bæði í raunvísindum og hagvísindum. Sérstök athugun mun fara fram í samráði við háskólaráð á nauðsynlegri eflingu Háskóla Íslands á næstu árum. Ríkisstj. mun beita sér fyrir, að sett verði ný löggjöf um iðnfræðslu.

Ríkisstjórnin mun, eftir því sem frekast gefst færi til, halda áfram að vinna að viðurkenningu annarra ríkja á rétti Íslands til landgrunnsins alls, sbr. ályktun Alþ. 5. maí 1959.

Kannað verður til hlítar, hvort rétt sé, að Ísland gerist aðili að Fríverzlunarbandalagi Evrópu, EFTA, og mun Alþ. látið fylgjast með athugun málsins.

Í utanríkismálum mun ríkisstj. enn sem fyrr taka heilshugar þátt í starfi Sameinuðu þjóðanna, norrænni samvinnu og friðarvörzlu Atlantshafsbandalagsins.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Mér þykir rétt að segja hér örfá orð í tilefni af þessari tilkynningu, sem hæstv. forsrh. las fyrir hönd ríkisstj., en tilefni hennar eru þau mannaskipti, skilst mér, sem átt hafa sér stað í ríkisstj.

Að vísu hafa verið tilkynnt ein mannaskipti áður á þessu ári, þegar Magnús Jónsson tók við starfi fjmrh. af Gunnari Thoroddsen, en þá var það ekki gert með jafnmikilli viðhöfn og nú og fylgdi engin yfirlýsing um það um leið, að stjórnin hefði gengið í endurnýjun lífdaganna með þeim hætti.

En nú, þegar tilkynnt eru önnur mannaskipti í ríkisstj., sem sé að Eggert Þorsteinsson hafi komið í ríkisstj., en Guðmundur Í. Guðmundsson hafi farið úr stjórninni, er það allt gert með meiri viðhöfn. Sannast að segja held ég þó, að þrátt fyrir þessa viðhöfn, sem við er höfð, muni menn yfir höfuð vera þeirrar skoðunar, að lítil breyting verði á ríkisstj. og hennar stefnu við þau mannaskipti, sem orðið hafa.

Á hinn bóginn finnst manni af yfirlýsingu eða tilkynningu hæstv. forsrh., að hann langi mjög til þess að láta líta svo út sem eitthvað alveg nýtt sé nú á ferðinni, og stjórnin hafi kastað ellibelgnum. Eitthvað eigi að breytast. Ég lái hæstv. forsrh. ekki, þótt hann vilji láta líta svona út, og ég vona, að enginn álasi honum fyrir það, og ég býst ekki við, að menn séu neitt hissa á því, þegar þess er gætt, hvernig ástatt er um málefni landsins og hvernig hæstv. ríkisstj. hefur tekizt á undanförnum árum að framkvæma sína stefnu, eins og nú liggur fyrir í mörgum greinum, svo að ekki er um deilt. Þegar svona stendur á, er það ekkert einkennilegt, þó reynt sé að dubba upp á þetta ofurlítið með nýrri, almennri stefnuyfirlýsingu.

En sannleikurinn er sá, að ekkert af því, sem hæstv. ráðh. las hér áðan, sem voru nú almennar, sumt af því frómar hugleiðingar um ýmislegt, sem æskilegt væri að geta gert, boðaði stefnubreytingu. Það vottaði ekki í þeirri yfirlýsingu fyrir breytingu á grundvallarstefnu ríkisstj. eða fráhvarfi frá þeim úrræðum, sem verst hafa gefizt.

Ég skal ekki efna hér til ýtarlegra, almennra umr. um þessi efni, því að við eigum vafalaust eftir að ræða þau oft, en ég get ekki stillt mig um, enda teldi ég óviðeigandi annað, en að minna á ýmislegt, sem mér fannst vanta í grg. eða yfirlýsingu hæstv. forsrh. Og þá einkum ýmis atriði, sem hann felldi niður núna, enda þótt hann

segði með almennri yfirlýsingu, að þau stæðu í fullu gildi, en sem ríkisstj. í upphafi lagði mesta áherzlu á, að hún væri sett til þess að vinna að og taldi gefa sér tilverurétt. Því var haldið mjög á loft að taka ætti upp alveg nýja stefnu í efnahagsmálum landsins, sem kölluð var og heitir enn í dag viðreisn, þó að hún liggi nú á hliðinni, og fólgin var í stefnuyfirlýsingum, sem ég skal minna á í aðeins örstuttu máli.

Ég nefni fyrst aðalatriðið, sem var fyrirheit um stöðvun verðbólgu í landinu. Stöðvun dýrtíðarinnar. Þetta var grundvallarloforð af hendi núv. ríkisstj., þegar hún tók við, og við vitum öll, hvernig farið hefur um þetta þýðingarmikla höfuðatriði. Öll þjóðin veit það. En nú var þetta atriði ekki tekið með í stefnuyfirlýsingu hæstv. ráðh. Máske er það af meðfæddri hógværð, en máske er það líka vegna þess, að hann hafi ekki talið heppilegt að rifja þetta upp, en viljað heldur vísa til þess með þeim almennu orðum, að fyrri stefnuyfirlýsingar ríkisstj. stæðu enn.

Þá vil ég minna á, að hæstv. ríkisstj. lofaði því að afnema uppbótarkerfið í öllum þess myndum. Allir vita, hvernig farið hefur um þetta, sem átti að vera annað meginatriðið í stefnu hæstv. ríkisstj. Þá hét ríkisstj. því að afnema vísitölukerfið, sem hún taldi mjög undirrót stórfelldra vandkvæða í þjóðarbúskapnum. Allir vita, hvernig farið hefur um það. Þá var því yfir lýst, að það ætti að verða stöðugur greiðsluafgangur á ríkisbúskapnum til þess að tryggja jafnvægi í efnahagsmálum, stuðla að því. Menn vita, hvernig þetta hefur farið upp á síðkastið, þrátt fyrir meiri álögur en nokkru sinni fyrr.

Þá var það eitt þýðingarmikið atriði í stefnuyfirlýsingu ríkisstj., viðreisnarstefnunni, að afnema öll afskipti af kjarasamningum verkalýðsfélaga og atvinnurekenda. En við vitum öll, hvernig það hefur farið. Það hefur farið þannig, að það hefur ekki verið hægt að koma á samningum nú um langa hríð milli verkalýðsfélaga og atvinnurekenda nema með því að fá stjórnina í leiðinni til þess að breyta löggjöfinni, sem hún hefur sett, og breyta framkvæmdum sínum í efnahagsmálum. M. ö. o., efnahagsmálastefna ríkisstj. hefur orðið þannig í framkvæmd, að allir kjarasamningar hafa reynzt óframkvæmanlegir, nema hægt hafi verið að fá stjórnina til að semja um breytingar frá því, sem hún hafði lögfest eða framkvæmt.

Þá var því lýst yfir hátíðlega mjög, að það ætti að afnema öll höft, en við vitum, að það hefur verið beitt hinum ströngustu lánahöftum og margs konar þvingunarráðstöfunum, sem hafa átt að vera til stuðnings jafnvægi í þjóðarbúskapnum. Þeim hefur verið beitt, en samt sem áður hefur þenslan og upplausnin orðið meiri en nokkru sinni fyrr, eins og vöxtur dýrtíðarinnar.

Þá var því lýst yfir, að það ætti að afnema alla beina skatta á almennum launatekjum og við vitum, hvernig farið hefur um framkvæmd þess loforðs, en um þetta var ekkert talað í stefnuyfirlýsingu hæstv. ráðh. nú áðan.

Þá var því alveg sérstaklega heitið, að innleidd skyldi ráðdeild í ríkisrekstrinum og þjóðarbúskapnum yfir höfuð og gefinn út langur loforðalisti í því sambandi og framkvæmdur sparnaður í ríkisrekstrinum, en verkin sýna merkin, árangurinn — eða hitt þó heldur — af þessu blasir við augum allra, sem vilja sjá.

Þessi örfáu atriði gefa tilefni til að spyrja: Hefur þessum markmiðum, sem voru grundvöllur hæstv. ríkisstj., verið náð? Enginn mun treysta sér til þess að svara því játandi, ekki einn einasti af ráðh., hvað þá nokkur utan ráðherrastólanna. En því eru þessi kjarnaatriði, þessi undirstöðuatriði þá ekki tekin með beinlínis í stefnuyfirlýsingunni, heldur þess í stað höfð almenn og óskýr yfirlýsing um áframhald af því sama, sem við höfum búið við, og allt hefur gengið í megindráttum í öfuga átt við það, sem átti að verða.

Þegar þetta er haft í huga, sem ég nú hef aðeins örlítið minnt á, held ég sannast að segja, að enginn maður geti með góðri samvizku metið á marga fiska stefnuyfirlýsingar hæstv. ríkisstj. Landsmenn eiga inni hjá hæstv. ríkisstj. reikningsskil um það, hvernig hún hefur framfylgt fyrirheitum sínum og framhjá þeim verður ekki komizt. Þau fara fram að lokum, hvernig sem að verður farið og eftir þeim reikningsskilum verður vafalaust gengið.

Eitthvað var í stefnuyfirlýsingu hæstv. ríkisstj. núna verið að tala um framkvæmdaáætlanir með almennum orðum. Jú, við höfum búið við framkvæmdaáætlanir og framkvæmdaáætlun hæstv. ríkisstj. og framkvæmd hennar af hennar hendi. Og við getum af því dálítið séð, hversu þýðingarmiklar slíkar almennar yfirlýsingar eru, ef ekki á að breyta neitt um stefnu eða starfshætti. Reynslan af framkvæmd framkvæmdaáætlunarinnar er það ömurlega öngþveiti í framkvæmdamálum, sem þjóðin býr nú við. Það hefur sem sé ekkert verið eftir framkvæmdaáætluninni farið eða nokkur tilraun gerð til þess að framkvæma hana, ekki a. m. k. á þann hátt, að það hafi borið árangur, því að væntanlega vill ríkisstj. ekki halda því fram, að hún hafi með áætlun beinlínis efnt til þess öngþveitis, sem nú ríkir í þessum málum. Á þessu getum við aðeins örlítið séð, hvað almennar stefnuyfirlýsingar úr þessum herbúðum hafa að þýða.

Ég geri ráð fyrir, að flestir séu sammála um, að sorglega illa horfi um mörg þýðingarmestu málefni þjóðarinnar, þrátt fyrir óvenjulega góð skilyrði á marga lund, svo sem t. d. um skólamál, húsnæðismál, rannsóknarmálefni, vegamál og önnur samgöngumál ýmis, svo og beinlínis rekstursaðstöðu iðnaðar- og framleiðslutækja, t. d. í sambandi við rekstursfjármöguleika, að ekki sé nú talað um ráðdeild og sparnað.

Ekki vil ég halda því fram, að svona hafi farið og svona illa hafi tekizt til vegna illvilja valdhafanna. Því held ég ekki fram. Heldur kemur hér að mínum dómi mest til, að of mikið tillit er tekið til sérhagsmunanna. Þeir eru látnir ráða of miklu. Og svo kemur til fáránleg fastheldni við stefnu, sem mætti kalla stefnu stórkapítalismans. Fáránleg fastheldni við slíka stefnu, sem er framkvæmd eins og ofsatrúarmenn vilja framkvæma játningarnar. En þessar kenningar eru í stjórnarherbúðunum meðhöndlaðar eins og einhvers konar heilagar kýr, sem ekki má stjaka við, hvað þá heldur leggja að velli. Og meðan þannig er, hygg ég, að lítil sé batavonin.

Hagstjórnaraðferðirnar, sem hæstv. ríkisstj. beitir, geta ekki, það er alveg sannað mál, þær geta ekki við

þjóðfélagsaðstæður hér á landi náð því, sem verður að gera kröfur til í nútímamenningarþjóðfélagi. Þær eru algerlega fullreyndar við beztu skilyrði, sem hægt er að hugsa sér, en það er alger lágmarkskrafa, að stjórnarstefnan við slíkar ástæður leiði til skynsamlegs jafnvægis í framkvæmdum á þjóðarbúinu, bæði almennt og í einstökum greinum þess. En í stað þess búum við nú við kaos í þessum málefnum, sem reynist okkur því hættulegra, því lengur sem það stendur.

Hvaða kröfu er þá eðlilegt að gera til ríkisstjórna? Auðvitað vilja menn svara slíkri spurningu á ýmsa vegu. En hvað sem því líður, ættu þó flestir að geta verið sammála um, að framkvæmd stjórnarstefnu á að miðast við markið í þjóðarbúskapnum og á einnig að vera fólgin í því að finna leiðir til að ná markinu. Landsstjórn á að vera fólgin í því að setja markmið og í framkvæmdum til að ná settu marki.

Pólitísk markmið eru mismunandi að vísu og ýmsar leiðir taldar að markinu, en treystir nokkur sér til að halda því fram í alvöru, að ástandið eins og það er hér núna, hafi verið markmiðið? Vill nokkur rísa upp og segja, að ástandið, eins og það er núna, hafi verið markmiðið? Hann hafi ætlað sér að efna til þessa ástands. Vill t. d. einhver úr hæstv. ríkisstj. rísa hér upp og segja, að ástandið núna sé eins og hann hafi ætlazt til, eða eitthvað nálægt því?

Ef enginn treystir sér til að gera þetta, sem ég veit, að enginn treystir sér til, er bezt að játa, að hér hafa orðið stórfelld mistök. En í raun og veru skiptir engu máli, hvort einhver treystir sér til þess að berja höfðinu við steininn í þessu efni, hvort einhver treystir sér til þess að halda þessu fram eða ekki, það skiptir tæpast nokkru máli. Hitt skiptir auðvitað aðalmáli, að ástandið er þannig, að þjóðin hvorki má né getur sætt sig við það.

Og þá kemur sú stóra spurning, sem ég mun ekki ræða tæmandi hér, en mun verða rædd að sjálfsögðu af og til í vetur á þessari veglegu samkomu. Hvernig á að taka á þessu? Þarf ekki að taka þessi mál nýjum tökum? Er hægt að notast áfram við sömu aðferðir, sem viðhafðar hafa verið og leitt hafa til þessarar niðurstöðu? Í stefnuyfirlýsingu hæstv. ríkisstj. var ekkert um, að það ætti að taka þessi mál nýjum tökum í grundvallaratriðum. Auk þess hygg ég, að núv. hæstv. ríkisstj. hafi, eins og allt er komið í landinu, bæði varðandi ástand einstakra mála og stöðu hennar meðal þjóðarinnar, engin skilyrði til þess að geta gengizt fyrir því að lagfæra þetta ástand eins og þarf. Ég hygg, að hún hafi engin skilyrði til þess, jafnvel þótt hún vildi breyta til.

Hvernig á þá að taka á þessu? Auðvitað verður að finna aðra leið í meginefnum. Í stað þessara úreltu aðferða, sem notaðar hafa verið, verður að koma það, sem við gætum kallað hina leiðina. Það verður að koma önnur leið.

Til þess að reyna að átta sig ofurlítið betur á þessu, er kannske nauðsynlegt að spyrja sjálfa sig örfárra spurninga, ef það gæti orðið til þess að blása þokunni eitthvað frá, ef mönnum finnst þess þurfa. Reyna síðan að svara slíkum spurningum blátt áfram í stað þess að reikna sig og reikna sig æ lengra og lengra út í ófæruna á hringekjunni og þrástagast á því einu, að það vanti meiri skatta og það þurfi að minnka dálítið útlánin, og ef menn sætti sig við það og verði góðu börnin, sætti sig við meiri skatta og minni lán möglunarlaust, sé allt í lagi. En þetta hefur í raun og veru verið eina svarið, sem hæstv. ríkisstj. hefur haft alla tíð við öllum vanda. En þetta er áreiðanlega ekki lausnin. Reynum enn að skýra þetta með fleiri spurningum og mætti t.d. spyrja: Hvernig telja menn skynsamlegt, að þjóðin beiti starfsorku sinni? Hvernig telja menn skynsamlegt, að vinnuafli þjóðarinnar sé beitt og því vélaafli, sem þjóðin ræður yfir? Á að beita þessu afli að lífsnauðsynlegri framleiðslu í landinu eða ekki? Á að efla menntun og gera það, sem þarf til þess, byggja skóla og annað í sömu átt? Á að efla rannsóknir, byggja rannsóknarstöðvar og búa þannig í haginn, að fleiri vísindamenn geti komizt að og unnið nauðsynlega vinnu? Á að efla vélaorku og verja til þess því, sem þarf? Á að bæta samgöngur á sjó og landi og í lofti og láta í té þá þjónustu yfirleitt, sem menningarríki verður að gera, ef lífskjör eiga að batna og kröftugur atvinnurekstur á að þrífast í landinu? Þetta eru áleitnar spurningar, sem menn verða að horfast í augu við. Og það er alveg áreiðanlegt, að eigi að leysa þessi málefni á fullnægjandi hátt, er ekki nóg að standa á gatnamótum og segja: Það þarf aðeins meiri skatta, og ef þið þolið það möglunarlaust, kemst allt í lag, það verður að lána minna út úr bönkunum, ef menn þola það möglunarlaust, leysist vandinn.

Ein spurning enn er áleitin líka: Eiga þær þúsundir fyrirtækja í landinu, sem þjóðfélagið byggist að verulegu leyti á, að hafa rekstrarfé, svo að þau geti notið sín eða ekki?

Verða menn ekki í pólitíkinni að svara þessum spurningum og þar með uppfylla þá frumskyldu að gera sér grein fyrir því, hvert markmiðið er og hve mikla áherzlu verði að leggja á hvern meginþátt, til þess að skaplega fari?

Pólitík á m. a. auðvitað að vera fólgin í því að ákveða, hvað skuli sitja fyrir, hvað þurfi og eigi að sitja fyrir í þágu almenningsheilla, og ekki aðeins því, heldur einnig í því að sjá um, að það hafi raunverulegan forgang, sem þýðingarmest er vegna almannahags.

Þetta er frumskyldan, sem verður að uppfylla í megindráttum. Næst kemur svo að því að ákveða, hvaða aðferðir eigi að nota til þess að ná þessum markmiðum, en fyrst er að horfast í augu við, að hverju menn vilja keppa og að hverju þarf að keppa, til þess að vænta megi viðunandi árangurs.

Þessi mál leysast ekki með því að láta allt dankast og horfa á það aðgerðalaust, að botnlaust eyðsluöngþveiti verðbólgunnar sogi til sín, m. a. í sjálfri fjárfestingunni, sívaxandi hluta af sjálfum þjóðartekjunum, en sum þýðingarmestu þjónustu- og framleiðsluverkefnin sitji á hakanum í vaxandi mæli, eins og nú á sér stað. Hagstjórnaraðferðir, sem til þessa leiða, eru ónothæfar og eiga ekki rétt á sér.

Eins og nú er ástatt, verður tvímælalaust að brjóta í blað og taka upp alveg nýjan hátt. Og fyrsta verkefnið er vitaskuld að horfast í augu við verkefnin sjálf og ákveða markmiðin. Undirstaðan verður að vera áætlun um þjóðarbúskapinn, fjárfestinguna og reksturinn miðað við það vinnu- og vélaafl, sem við ráðum yfir. Það ætti að vera fullreynt nú orðið, að vandamálin

verða hvorki leyst með því að stara sig steinblindan á söluskattstölur og annað slíkt, unz enginn botnar neitt í neinu, né með statistik um saman dregin bankaútlán, sem allan vandann eigi að leysa. Við erum búin að fá nóg af þeirri speki, að þetta leysi allt, þar með innifalið sjálfa verðbólguna.

Þegar menn hafa gert sér grein fyrir markmiðunum og þar með áætluninni í megindráttum, þ. e. hvað menn telja þurfa að gera og hvað hægt er að gera og hvað eigi að sitja fyrir, er að ákveða aðferðirnar, sem nota skal til að ná markinu. Þar koma ýmsar aðferðir til greina, sem oft er erfitt að ákveða nákvæmlega í einstökum atriðum, nema hafa fyrir sér upplýsingar um, hvernig lífsnauðsynlegar framkvæmdir og rekstur kemur heim við vinnuafl og aðra orku, sem þjóðin hefur yfir að ráða, en því má slá föstu, að það eru til aðrar og betri aðferðir í þeim efnum en þær, sem nú eru notaðar og hæstv. ríkisstj. hefur lýst yfir, að hún ætli að halda áfram að nota. En þessar aðferðir hafa leitt til óðaverðbólgu og þeirrar niðurstöðu, að þrátt fyrir óhemjuuppgrip skapast sífellt fleiri og fleiri ný vandamál, sem leggjast eins og mara á framtíðina. Reynsla annarra þjóða sýnir líka, að svona þarf þetta ekki að vera. Hér verður því að koma til grundvallarbreyting, ný viðhorf í stjórnarstefnunni í þessum anda, en ný yfirlýsing jöfn að verðmæti þeirri frægu, sem á sínum tíma var gefin og viðreisn kölluð sællar minningar — hefur ekkert gildi og bjargar engu og borgar ekki einu sinni pappírinn, sem hún er skrifuð á.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Mér þykir rétt að segja hér nokkur orð í tilefni af þeirri yfirlýsingu, sem hæstv. forsrh. gaf hér nú á þessum fundi. Afstaða okkar Alþb.- manna er óbreytt til ríkisstj. Við teljum, að þrátt fyrir nokkur mannaskipti í stjórninni, sé stefna hennar í öllum meginatriðum óbreytt frá því, sem verið hefur. Það teljum við m. a. koma glöggt í ljós með því nýja fjárlagafrv., sem stjórnin nú hefur lagt fyrir þingið. Samkv. því er stefnan áfram sú að viðhalda og auka óþarfa eyðslu á ýmsum sviðum, en halda niðri framlögum til aðkallandi verklegra framkvæmda. Samkv. því frv. er enn haldið áfram á braut nýrra álagna á almenning, sem óhjákvæmilega munu leiða til enn aukinnar dýrtíðar í landinu.

Það er ljóst, að ríkisstj. er enn sem fyrr sama dýrtíðarstjórnin, sem lætur vaða á súðum í verðlagsmálum þjóðarinnar. Stefna stjórnarinnar er enn stjórnleysi í verðlags- og fjárfestingarmálum og afstaðan er augljóslega óbreytt til launþegasamtakanna í landinu. Nýjar yfirlýsingar stjórnarinnar um góðar fyrirætlanir í ýmsum málum eins og t. d. húsnæðismálum, koma að litlu haldi, meðan stefna hennar gagnvart húsaleiguokri, húsasölubraski og okurháum vaxtakjörum af íbúðarlánum er óbreytt. Nýjar yfirlýsingar um góðan vilja ríkisstj. til þess að halda dýrtíðinni í skefjum eru til lítils gagns, meðan stefnan í framkvæmd er sú að hækka verðlag á flestum hlutum, nú t. d. á rafmagni og benzíni, og meðan verið er að leggja smátt og smátt niður allt verðlagseftirlit í landinu.

Það, sem annars vakti mesta athygli mína í sambandi við hina nýju stefnuyfirlýsingu stjórnarinnar, þá sem hæstv. forsrh. las hér upp að þessu sinni, var um allar ráðagerðir stjórnarinnar um áætlanagerð, um nýjan áætlunarbúskap. Nú var gert ráð fyrir því, að gerðar yrðu áætlanir um skólabyggingar í landinu, áætlun um þróun landbúnaðarins, áætlun um uppbyggingu í landshlutunum, stofna á sérstakt hagráð, sem spanna á yfir öll fjárhagsmálefni þjóðarinnar, og gera á sérstaka framkvæmdaáætlun yfir allt það, sem framkvæma á í landinu. Þetta kemur frá þeirri sömu ríkisstj., sem hefur gert það að aðalstefnumáli sínu að boða kenningu um hið frjálsa hagkerfi án afskipta ríkisvaldsins. Það á auðvitað eftir að koma í ljós, hvort ríkisstj. hefur áttað sig á því, að frelsi það, sem hún hefur innleitt á ýmsum sviðum, hefur verið það frelsi, sem hefur verið að auka á öngþveitið í landinu. Og hvort hún er nú að byrja að sjá að sér í þeim efnum og taka hér upp önnur vinnubrögð, reynslan á eftir að skera úr um það. Afstaða okkar Alþb.-manna til stjórnarinnar er því hin sama og áður. Við erum í andstöðu við meginþætti stjórnarinnar, nýjar yfirlýsingar frá henni án breytinga á stefnunni í framkvæmd breyta þar engu um.

Utanrrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Eins og fram kom í ræðu hæstv. forsrh., er þessi yfirlýsing, sem hann gaf hér, flutt á vegum beggja stjórnarflokkanna og Alþfl. stendur að henni, eins og hún nú liggur fyrir, og þarf ég þess vegna litlu við þetta að bæta. Þegar hæstv. fyrrv. forsrh., Ólafur Thors, myndaði hér stjórn í nóv. 1959, var af hans hálfu gefin út yfirlýsing, aðallega um þau mál, sem næst lá fyrir að leysa. Ég þori að fullyrða, þrátt fyrir umsögn hv. 1. þm. Austf., að tekizt hafi að leysa mörg þeirra verkefna, sem sú stjórn lýsti yfir, að hún mundi beita sér að þegar í upphafi.

Nú eru liðin síðan um 6 ár og viðhorf hafa að ýmsu leyti breytzt, og ég tel það þess vegna eðlilegt, að hæstv. forsrh. skuli nú hafa gefið út yfirlýsingu um þau verkefni, sem næst liggja fyrir. Raunar teldi ég það alveg rétt, eins og tíðkast víða annars staðar, t. d. á Norðurlöndum, að í upphafi hvers þings gefi ríkisstj. yfirlýsingu um það, hvaða málefnum hún muni beita sér fyrir og hvaða verkefnum hún muni snúa sér að. Það er hjá þeim venja, að þessar yfirlýsingar séu gefnar í upphafi þings, og ég tel það vel, til þess að bæði hv. alþm. og þjóðin öll viti, að hvaða verkefnum stjórnin muni helzt snúa sér að leysa. Eins og gefur að skilja, er ekki hægt að leysa öll verkefni á auga bragði, og þess vegna verður eitt að ganga fyrir í ár og annað næsta ár, og þess vegna er eðlilegt og rétt, að stjórnin gefi um þetta skýrslu. Verkefnin eru ákaflega mörg og þess vegna ekki eðlilegt, að hægt sé að leysa þau öll í einu lagi. Ég vildi sem sagt aðeins, án þess að fara út í nokkrar umr. við þá hv. alþm., 1. og 5. þm. Austf., sem hér hafa talað, lýsa því yfir, að þessi stefnuyfirlýsing forsrh., sem hann nú hefur lesið, er fullkomlega á vegum beggja stjórnmálaflokkanna og Alþfl. stendur algerlega á bak við hana.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég bjóst nú ekki við neinni traustsyfirlýsingu frá hv. stjórnarandstæðingum og get þess vegna ekki sagt, að ég hafi orðið fyrir neinum vonbrigðum af þeirra ræðum. Miklu heldur verð ég að lýsa aðdáun minni á búhyggindum hv. 1. þm. Austf., því að hann fer auðsjáanlega að eins

og gamlir prestar, sem safna ræðum og hafa í pokahorninu eina fyrir hvern helgidag ársins. Hv. ræðumaður hefur dregið úr pússi sínu fyrirvaralaust langa skrifaða ræðu og flutt. Að vísu er nú efnið nokkuð svipað æ ofan í æ, hvert sem tilefnið er hverju sinni. Við erum nokkuð farnir að kannast við þennan lestur. Ég verð að segja, að í honum gætti nokkurs tvískinnungs vegna þess að annars vegar var látið svo, sem stjórnin væri nú að einhverju leyti að breyta um stefnu, hverfa frá því, sem áður hefði verið yfirlýst, en hins vegar var sagt það, sem satt er, að meginstefnan er enn sú sama. Ég vil til fróðleiks, það tekur mjög skamman tíma, með leyfi hæstv. forseta, lesa upp þá stefnuyfirlýsingu, sem fyrirrennari minn, hæstv. forsrh., Ólafur Thors, las upp hér í Alþ. hinn 20. nóv. 1959. Hún hljóðaði svo:

„Að undanförnu hafa sérfræðingar unnið að ýtarlegri rannsókn á efnahagsmálum þjóðarinnar. Skjótlega eftir að þeirri rannsókn er lokið, mun ríkisstj. leggja fyrir Alþ. till. um lögfestingu þeirra úrræða, er hún telur þörf á. Athuganir hafa þó þegar leitt í ljós, að þjóðin hefur um langt skeið lifað um efni fram, að hættulega mikill halli hefur verið á viðskiptum þjóðarinnar við útlönd, tekin hafa verið lán erlendis til að greiða þennan halla og að erlend lán til stutts tíma eru orðin hærri en heilbrigt verður talið. Munu till. ríkisstj. miðast við að ráðast að þessum kjarna vandamálanna, þar eð það er meginstefna ríkisstj. að vinna að því, að efnahagslíf þjóðarinnar komist á traustan og heilbrigðan grundvöll, þannig að skilyrði skapist fyrir sem örastri framleiðsluaukningu, allir hafi áfram stöðuga atvinnu og lífskjör þjóðarinnar geti í framtíðinni enn farið batnandi. Í því sambandi leggur ríkisstj. áherzlu á, að kapphlaup hefjist ekki á nýjan leik milli verðlags og kaupgjalds og að þannig sé haldið á efnahagsmálum þjóðarinnar, að ekki leiði til verðbólgu.

Til þess að tryggja, að þær heildarráðstafanir, sem gera þarf, verði sem réttlátastar gagnvart öllum almenningi, hefur ríkisstj. ákveðið:

1) að hækka verulega bætur almannatrygginga, einkum fjölskyldubætur, ellilífeyri og örorkulífeyri.

2) að afla aukins lánsfjár til íbúðabygginga almennings.

3) að koma lánasjóðum atvinnuveganna á traustan grundvöll.

4) að endurskoða skattakerfið með það fyrir augum fyrst og fremst að afnema tekjuskatt á almennar launatekjur.

Varðandi verðlag landbúnaðarafurða mun reynt að fá aðila til að semja sín á milli um málið. Ella verður skipuð nefnd sérfræðinga og óhlutdrægra manna, er ráði fram úr því.

Ríkisstj. mun taka upp samningu þjóðhagsáætlana, er verði leiðarvísir stjórnarvalda og banka um markvissa stefnu í efnahagsmálum þjóðarinnar, beita sér fyrir áframhaldandi uppbyggingu atvinnuveganna um land allt og undirbúa nýjar framkvæmdir til hagnýtingar á náttúruauðlindum landsins.

Þá þykir ríkisstj. rétt að taka fram, að stefna hennar í landhelgismálinu er óbreytt, eins og hún kemur fram í samþykkt Alþ. hinn 5. maí 1959".

Þessi var orðrétt yfirlýsing hæstv. forsrh., Ólafs Thors, hinn 20. nóv. 1959, og ég hygg, að engum geti blandazt hugur um, að þegar tekið er tillit til þeirra atvika, sem breytzt hafa í tímans straumi, er rétt með farið það, sem ég sagði áðan, að meginstefnan enn er hin sama og þá var lýst. Sem sé sú, að efnahagslíf þjóðarinnar komist á traustan og heilbrigðan grundvöll, þannig að skilyrði skapist fyrir sem örastri framleiðsluaukningu, allir hafi áfram stöðuga atvinnu og lífskjör þjóðarinnar geti í framtíðinni enn farið batnandi. Þetta er enn meginstefna stjórnarinnar og ég verð að mótmæla því sem algerlega röngu, sem hv. 1. þm. Austf. sagði, að við þessa meginstefnu stjórnarinnar hafi ekki verið staðið, henni hafi ekki verið framfylgt og að öðru vísi hafi til tekizt heldur en menn þá lýstu, að þeir vildu stefna að.

Ég skal ekki fara að rifja upp, hvernig ástatt var, þegar ríkisstj. tók við, en þá voru engir gjaldeyrissjóðir fyrir hendi, þvert á móti skuld á gjaldeyrisreikningnum. Nú eru í gjaldeyrissjóðum 1800—1900 millj. kr. Þá voru miklar skuldir til skamms tíma. Það eru að vísu skuldir til skamms tíma enn, en einungis brot af því, sem gjaldeyrissjóðirnir nú eru, og skuldir til langs tíma hafa ekki aukizt í heild á þessu tímabili. Og vita þó allir, hversu stórkostlega hefur aukizt ýmiss konar eign landsmanna á þessum árum, þegar litið er til ekki einungis margháttaðrar uppbyggingar innanlands, heldur til skipaflota, flugflota, fiskiskipa og ótalmargs annars, sem öllum er kunnugt um.

Þá hefur það einnig tekizt að viðhalda góðri og öruggri vinnu í landinu. Það er að vísu rétt, að á nokkrum stöðum horfir þetta verr en skyldi, og ríkisstj. er fús til og hefur uppi viðleitni til þess að reyna að bæta úr því. En þar eru að verki þau náttúruöfl, sem eru óviðráðanleg, eins og aflaskortur.

Nú veit ég það að vísu og við skulum ekki vera að eyða orðum í deilu um það, að hinar miklu tekjur, sem landsmenn hafa aflað á þessum tíma, eru auðvitað ávöxtur hins mikla afla og góðæris, sem þetta land hefur notið á þessum árum. Mér kemur ekki til hugar að neita því. En það er jafn augljóst, að fullyrðingarnar um, að sigið hafi á ógæfu hlið, og að ríkisstj. hafi mistekizt það, sem hún ætlaði sér, að bæta aðstöðu út á við, tryggja atvinnu inn á við, að þetta hafi mistekizt, þær fullyrðingar fá ekki með neinu móti staðizt. Og eins er það, að framleiðsluaukning og tekjuaukning á landsmenn hefur aldrei orðið hraðari, vöxtur þessa hefur aldrei orðið meiri heldur en einmitt á þessum síðustu árum. Mig minnir, að á árunum 1956—58 hafi sú tala, sem kemur til greina, verið á mann eitthvað kringum 3½%. Nú á þessu síðasta tímabili hefur hún, að því er tölur ná til, verið yfir 6% á mann. Og það er eins öruggt, að í heild hefur hlutdeild verkafólks í landinu, launþega, launtaka, hvernig við viljum orða það, í heild hefur hún haldizt af þjóðartekjum, vaxið nokkurn veginn í réttu hlutfalli við þjóðartekjurnar í heild, svo að ekki hefur verið á almenning hallað á þessum árum. Fullyrðingar um slíkt fá ekki með neinu móti staðizt.

Þá er það einnig algjörlega rangt, þegar því er haldið fram, að núv. ríkisstj. sé harðari í skattheimtu heldur en hér hafi áður tíðkazt. Hv. þm. ætti að bera saman hlutfall af skattheimtu til allra opinberra aðila nú, miðað við það, sem áður fyrri var, t. d. á þeim árum, þegar

hann sjálfur var í ríkisstj. Um þetta er hægt að fá yfirlit. Ég skora á hv. þm. áður en hann kemur næst með fullyrðingar sem þessa að afla sér þess yfirlits og lesa það hér upp. Alveg með sama hætti er það rangt, sem oft er gefið í skyn, að skattar séu hér á landi hærri heldur en með öðrum þjóðum tíðkist. Sannleikurinn er sá, að skattar eru hér að hundraðshluta þjóðartekna mun minni heldur en víða er og lægstir að hundraðshluta þess, sem ég hef yfirleitt séð skýrslur um. Við vitum það, að í okkar þjóðfélagi geta, vegna mismunandi afla og tekna, orðið meiri sveiflur í þessu öllu heldur en víða annarsstaðar, en í heild er þetta rétt mynd, sem ég hef gefið, og skattahlutfallið er sízt óhagstæðara fyrir allan almenning nú heldur en áður hefur verið.

Hv. þm. virtist vilja gera gabb að því, að því er skilja varð, að því hefði verið heitið, að almennar launatekjur skyldu losna við tekjuskatta. Ég fullyrði, að svo sé í raun og veru. Ég fullyrði, að almennar launatekjur séu ákaflega lítið skattaðar með beinum tekjuskatti til ríkisins, þannig að sá skattur sé algerlega smáræði. Og ég minni einnig á það, sem frá var skýrt nú í fréttum fyrir 1—2 dögum, að sú skattalöggjöf, sem samþ. var á síðasta þingi, hafi leitt til þess, að vísitalan af þeim sökum lækki um 2.4%. Það er ekki reikningur, sem ríkisstj. á neinn þátt í, heldur eru það hlutlausir aðilar, fulltrúar verkalýðs og vinnuveitenda ásamt oddamanni, sem hafa komið sér saman um þann útreikning. Mér er meira að segja sagt, að ef fylgt hefði verið sömu reglu og áður var fylgt um þennan skattaútreikning og áhrif hans á vísitölu, hefði vísitalan af þessum sökum lækkað nú um allt að 6 stig, en menn hafi komið sér saman um þennan nýja útreikning, til þess að með engu móti væri hægt að segja, að þarna væri á launþegana hallað.

Við vitum, að það er auðvitað rétt, að ákaflega margt er ógert í okkar landi. Slíkt verður ætíð í mannlegu samfélagi og ekki sízt hjá lítilli þjóð, sem hefur þurft á skömmum tíma að breyta svo mjög um lífshætti eins og Íslendingar hafa þurft að gera. En ég fullyrði, að nú hin síðari ár hafi verið hlutfallslega jafnmikið og oft meira lagt fram til allra þeirra nytjamála, sem hv. þm. talaði hér áðan um, heldur en áður hefur verið gert. Um þetta á í rauninni ekki að þurfa að vera með neinar ágizkanir. Um þetta á að vera hægt að fá viðhlítandi tölur til þess að byggja á, svo að menn þurfi ekki að standa hér og þræta um jafn augljósar staðreyndir.

Það er auðvitað hægt að segja eins og hv. þm.: Hver vill segja, að það hafi verið stefnt að því ástandi, sem nú er hér í landi? Auðvitað er það svo, að öll vildum við að ástandið væri betra en það er. Svo er ætíð meðal frjálshuga manna og þeirra, sem yfirleitt sjá fram á veg. Þeir gagnrýna margt það, sem er, margt tekst ætíð í mannlegri viðleitni verr en skyldi, bæði hjá þessari ríkisstj. eins og öllum öðrum. Hitt þori ég að fullyrða og við vitum það öll, að margt hefur tekizt vonum betur, og einmitt um meginstefnu þessarar ríkisstj. hefur tekizt að ná þeim meginstefnumiðum, sem mörkuð voru 1959, og almenningur hefur aldrei átt við betri kjör að búa í þessu landi heldur en einmitt nú.

Hv. þm. segir: Það hlýtur að fara illa, vegna þess að það er margbúið að prófa og ekki sízt í þjóðfélagi eins og okkar, að einhliða auðhyggjustefna eða kapítalismi á ekki við. Hver deilir um þetta? Kemur nokkrum lifandi manni til hugar, að auðhyggjustefna eða kapítalismi, eins og hann var boðaður á 19. öld, eigi við á Íslandi eða sé framkvæmdur hér nú eða yfirleitt nokkurs staðar á byggðu bóli? Við vitum, að þjóðirnar hafa allar verið og eru stöðugt að læra af reynslunni, að margt af því, sem var fordæmt af öðrum aðilanum fyrir nokkrum árum, hefur hann nú sannfærzt um, eins og hann hefur einnig sannfært hinn um, að margt af því, sem hann hélt fram, var rétt. Auðvitað er sú frjálshyggjustefna, sem hér hefur ráðið frá því 1959, hvorki beinn kapítalismi né hreinn sósíalismi. Í verulegum atriðum er það sama stjórnarstefna eins og fylgt hefur verið og fylgt er á Norðurlöndum, á Stóra-Bretlandi, um vestanverða Evrópu. Þetta vita allir hv. þm. Í einstökum atriðum er hægt að sýna frávik í einstökum löndum. Alltaf breytist eitthvað eftir því, sem stjórnarskipti verða og lögð er misjöfn áherzla á tiltekin atriði. En í stórum dráttum er þessi stjórnarstefna, sem við fylgjum, hin sama sem í hinum löndunum er nú fylgt, ég vil segja nokkurn veginn án tillits til þess, hvaða flokkar þar fara með völd. Hver hefur orðið meginbreyting í Bretlandi við það, að Verkalýðsflokkurinn tók þar við af Íhaldsflokknum? Hver býst við meginbreytingu í Noregi, þó að samsteypustjórn borgaraflokkanna taki þar við af Verkamannaflokknum? Eins og ég segi, það er lögð misjöfn áherzla á ólík atriði, en í stórum dráttum eru stefnumiðin hin sömu. Menn hafa yfirgefið trúna á lögþvingun, sem sósíaldemókratar áður fyrr fylgdu, eins og menn hafa yfirgefið trúna á skefjalausan kapítalisma. Og það kom einnig hér fram, að hv. 5. þm. Austf. taldi, að okkar tal um áætlunarbúskap samræmdist alls ekki því frjálsræði, sem við að öðru leyti boðuðum. Það er rétt, það samræmdist ekki gamaldags kapítalisma. En það samræmist þeim stjórnarháttum, sem nú eru yfirleitt viðhafðir í lýðræðisríkjum, jafnvel í Bandaríkjunum, sem eru þó enn trúrri í fylgd sinni við kapítalismann en engum mundi koma til hugar að segja, að hann væri þar alls ráðandi lengur. Margs konar afskipti ríkisins, sbr. ráðagerð Johnsons forseta um baráttu við fátæktina, um læknishjálp og ótalmargt annað, eru ávöxtur þessarar sömu stjórnmálastefnu, sem ég var hér að reyna að gera grein fyrir. Um þessi efni þurfum við þess vegna alls ekki að deila.

Flest af því góða, sem hv. 1. þm. Austf. sagði á skorta, hafði ég nú talið upp í minni yfirlýsingu, en hv. þm. hafði ekki haft þá upptalningu í huga, þegar hann valdi þessa ræðu úr sínu nytsama ræðusafni, og er það út af fyrir sig skiljanlegt. Þar að auki mundi hann nú vart trúa, að við vildum hrinda því áleiðis, eins og hann sagði, þótt við hefðum talið það upp. Hann um sína vantrú. Við vitnum til okkar verka og munum vitna til okkar verka, þegar þau verða lögð undir dóm kjósenda, og við skelfumst sízt þann dóm.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Það skal nú viðurkennt, að það er ekki tími til þess að fara út í almennar umr. að þessu sinni um þau mál, sem hér hefur aðallega verið rætt um. Það verður að bíða síðari tíma. En ég vildi þó gera örfáar og stuttar aths. við það, sem fram kom hér í ræðu hæstv. forsrh.

Það var þá fyrst, að hæstv. ráðh. sagði hér, að á stjórnartíma núv. ríkisstj., viðreisnarstjórnarinnar svo nefndu, hefðu skuldir þjóðarinnar út á við ekki aukizt, en hins vegar hefðu safnazt fyrir allmyndarlegir gjaldeyrissjóðir á vegum bankanna. Þetta er rangt, sem ég veit, að hæstv. forsrh. getur auðveldlega kynnt sér og getur séð. Ég hef að vísu ekki allar tiltækar tölur í þessum efnum, en leit þó svona rétt í skúffu mína til þess að gæta að því, sem hendi var næst. Samkv. því hefti af Fjármálatíðindum, sem þar var liggjandi, var frá því skýrt, að í árslok 1958 hefðu skuldir þjóðarinnar, fastar skuldir þjóðarinnar út á við verið 1924.5 millj. kr. En í árslok 1963 voru þessar sömu skuldir orðnar 3167.5 millj. kr., í báðum tilfellum reiknað á sama gengi, eða skuldaaukningin er 1243millj.kr. Nú er ég alveg viss um það, að þessar skuldir hafa fremur aukizt á árinu 1964 og það, sem af er 1965. En við þessar tölur má svo einnig bæta hinum stuttu vörukaupalánum verzlunarinnar, sem á þessu tímabili hafa aukizt fram til ágústloka nú á þessu ári um 615 millj. kr. Þessi skuldaaukning miðar aðeins við þessar tölur, sem ég nefndi hér, nemur því 1858 millj. eða álíka upphæð eins og gjaldeyrissjóðirnir nema. Það þýðir auðvitað ekki að neita þeirri staðreynd, að þó að gjaldeyrissjóðir hafi myndazt á þessu tímabili, sem vissulega er rétt, hafa einnig skuldir þjóðarinnar, bæði opinberra aðila og einstaklinga og fyrirtækja, aukizt á sama tíma við útlönd, svo að hér er vitanlega ekki um neinn nettóhagnað að ræða, þar sem eru gjaldeyrissjóðirnir. En hitt mætti svo einnig fylgja með, að auðvitað hafa þessir miklu gjaldeyrissjóðir myndazt á þessum árum, vegna þess að við höfum búið við einstaklega hagstætt árferði fjárhagslega í þessum efnum, þar sem afli á þessu tímabili hefur verið sívaxandi og verðlag á okkar útflutningsvörum síhækkandi. Gjaldeyristekjurnar hafa orðið óvenjulega miklar á þessu tímabili, án þess að hægt sé að þakka það á nokkurn hátt stjórnarstefnunni. Ég skal svo ekki fara frekari orðum um þetta að sinni.

Þá er það annað atriði, sem maður hefur heyrt úr herbúðum stjórnarinnar og oftar heldur en aðeins nú hjá hæstv. forsrh., en það er talað um það, að skattar hafi raunverulega lækkað á þjóðinni og um það, að þeir séu tiltölulega lægri hér, mælt í hundraðshlutum, heldur en hjá ýmsum öðrum þjóðum, miðað við þjóðarframleiðslu, eins og nú er orðin tízka að uppfæra þetta dæmi. En allir slíkir reikningar eru hin argasta fjarstæða. Auðvitað miða menn skatta sína við þær tekjur, sem einstaklingurinn hefur. Ef skattarnir, sem einstaklingar þurfa að borga, eru hærri hundraðshluti af tekjum þeirra, er almennt talað um, að það hafi orðið skattahækkun á þeim. En það þarf ekki að standa í beinu hlutfalli við þjóðarframleiðsluna, engan veginn. Hæstv. forsrh. mætti setja það inn í þetta dæmi sitt að gera grein fyrir því, að t. d. árið 1960, eftir að ríkisstj. hafði gerbreytt skattakerfinu með því að færa það til frá því, sem áður var, og í rauninni það eina, sem er viðmiðandi í þessum efnum, er árið 1960 og það, sem síðan hefur gerzt, vegna þess að sama meginkerfið hefur verið í gildi frá 1960 og fram til þessa tíma, en allt annað kerfi var í gildi áður. Árið 1960 var söluskatturinn 102 millj. kr. Samkv. fjárlagafrv., sem liggur fyrir okkur á borðunum núna, er söluskatturinn 937 millj. Þessi skattur hefur aldeilis bólgnað út. Og samkv. fjárlagafrv. fyrir 1960 var tekju- og eignarskatturinn áætlaður 75 millj., en er núna 406 millj. Hér er alveg sýnilega í sambandi við þessa tvo meginskatta um margföldun að ræða á sama tíma sem augljóst er, að hið skráða kaupgjald í landinu hefur ekki tvöfaldazt. Það er ekki um það að villast, að skattheimtan hefur vaxið miðað við hinar almennu launatekjur flestra launþega í landinu. En útúrkrókaleið, sem nokkrir hagfræðingar hafa farið í sambandi við það að reikna út innheimtu ríkisins í formi skatta, miðað við þjóðarframleiðslu, er í rauninni argasta blekking og væri auðvelt að sýna fram á það í lengra máli.

Þá var það eitt atriði enn, sem hæstv. forsrh. vék hér að. Hann vildi túlka þá stefnu, sem ríkisstj. boðar nú, ja, sem nýmóðins kapítalisma, alveg nýuppfærðan og miklu aðgengilegri og betri en þennan gamaldags, sem er nú liðinn hjá. Og það, sem við fáum nú vitneskju um, er m. a. það, að tilheyrandi þessum nýja sé áætlunarbúskapur að meira eða minna leyti. En mér er enn spurn: Er þessi áætlunarbúskapur t. d. þannig, að það eigi áfram að standa svo, að ríkisstj. segi, að t. d. allir þeir í landinu, sem vilja fjárfesta í byggingu verzlunarhúsnæðis, í byggingu skrifstofuhúsnæðis eða annarra slíkra framkvæmda, að þeir skuli einir um það, hvað mikið þeir fjárfesta hverju sinni, að á þessu skulu engar hömlur vera. Ég er ekki í neinum vafa um það, að áætlunarbúskapur af slíku tagi, að hafa í rauninni enga skaplega stjórn á fjárfestingarmálum í landinu nema aðeins þeim þætti, sem snýr að beinum opinberum framkvæmdum, slíkur áætlunarbúskapur er ekkert nema leikaraskapur eða til þess að villa um fyrir einhverjum, kannske samstarfsmönnum ráðh. í ríkisstj., að þeir séu að fara meira og minna inn á svona vissa tegund af sósíalisma, sem þeir mega vel við una.

En spurningin er auðvitað um það, hvort hæstv. ríkisstj. ætlar sér að breyta um þetta grundvallarstefnumál sitt, um afskiptaleysið af hagkerfinu, a. m. k. hvað við kemur málefnum atvinnurekstrs og gróðamanna, m. a. með því að setja upp áætlanir, sem hún ætlar að sjá um framkvæmd á, eða hvort hún ætlar að hafa þar sama lag og leitt hefur okkur út í öngþveitið að undanförnu. Ég skal svo ekki hafa mín orð fleiri hér að sinni, þar sem ég tel ekki ástæðu til þess að fara út í mjög almennar umræður að sinni um þessi mál.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég vildi einungis taka fram, að það var í meginatriðum rétt, sem hv. 5. þm. Austf. sagði um skuldasöfnunina út á við. Mér varð þar mismæli varðandi föstu skuldirnar og bið afsökunar á því. Mér dettur ekki annað í hug, þegar mér verður mismæli og ég segi rangt, en að leiðrétta það og er í því mjög ólíkur framsóknarmanni. Samkvæmt þeim plöggum, sem ég hef hér um nettóskuldina við útlönd, þá hefur hún lækkað um 174 millj. milli áranna 1959 og 1964, þrátt fyrir geysimikla eignamyndun þjóðarinnar á þeim tíma. Þá er sem sagt tekið tillit til gjaldeyrisstöðu, fastra erlendra lána og stuttra vörukaupalána. Þegar þetta allt er athugað milli 1959 og 1964, þá hefur það lækkað, sem sagt batnað hagurinn út á við á þessu tímabili um 174 millj. Ég miða við það,

þegar þessi ríkisstj. tók við, en þá er ekki tekin með staða á viðskiptareikningum örfárra stórra samgöngu-, trygginga- og viðskiptafyrirtækja, sem erfitt er að fylgjast með. skv. þeim gögnum, sem mér hafa verið gefin upp. Þetta er það, sem rétt er í þessu efni. Ég mun hafa sagt, að föstu lánin hefðu ekki hækkað. Ég tók eftir því um leið og hv. þm. leiðrétti mig, og ég þakka honum fyrir leiðréttinguna.

Eysteinn Jónsson: Það eru fáein orð út af ræðu hæstv. forsrh. Ég sá það, þegar hæstv. forsrh. hóf mál sitt hér í dag, þó að ég hefði ekki orð á því þá, að hann er búmaður og býr sig undir helgidagahald með því að semja prédikun fyrirfram, því ég sá, að hann dró úr pússi sínu ritaða ræðu. Mér fannst þetta raunar ekki neitt tiltökumál, þó hann gerði þetta og hafði ekki orð á því, en vegna þess að hann tók eftir búmennsku minni, að ég hafði ritað hjá mér á blað nokkuð af því, sem ég sagði, sé ég ástæðu til að benda á, að það eru fleiri búmenn en ég hér á hv. Alþingi. Ætti ekki að vera nema gott um það að segja.

Þá fór öðruvísi en ég ætlaði, því hæstv. forsrh. hafði sig í að halda því fram, að viðreisninhefði heppnazt. Það hefði í raun og veru í aðalatriðum farið eins og átt hefði að fara. Verð ég að segja það, að þetta kom mér á óvart. Þetta hélt ég, að enginn mundi taka sér fyrir hendur. Að reyna að halda slíku fram. Hann færði það til, að það hefði batnað gjaldeyrisaðstaðan við útlönd og lausaskuldir væru minni.

Já, við höfum eignazt nokkuð af gjaldeyri, en skuldir hafa vaxið stórkostlega, þannig að jafnvel sjálfur forsrh. varð áðan að upplýsa, að skuldasöfnunin er svo stórkostleg, að hún er aðeins 179 millj. kr. minni heldur en allur gjaldeyrissjóðurinn, sem svo mikið hefur verið talað um, þegar miðað er við árslok 1959. Ávinningurinn á þessum árum, í þessu tilliti, er þá þessar 179 millj., sem hæstv. ráðh. er mjög ánægður með, og kemur dæmið þó allt öðruvísi út, ef miðað er við árslok 1958. Þetta er þá það, sem talið er í aðra hönd af öllu þessu brambolti, eftir sjö mestu góðærisár, sem nokkru sinni hafa yfir þjóðina komið. En dýrar eru þessar 179 millj., þegar þær kosta allt það öngþveiti og alla þá ringulreið og öll þau rangindi, sem stofnað hefur verið til í landinu með ráðstöfunum ríkisstj. Lausaskuldir eru meiri við útlönd en áður var.

Hæstv. ráðh. segir, að menn hafi haft næga vinnu nema á vissum stöðum, og þá sé það náttúruöflunum að kenna. En hverjum skyldi það þá vera að þakka, að menn hafa haft nóga vinnu annars staðar? „Þar kom ég til“, meinar víst hæstv. ríkisstj. Þar sem illa gengur og lítið er um atvinnu, þar eru náttúruöflin að verki, en ef vel gengur, þá er það vegna stefnu hæstv. ríkisstj. En ætli það sé ekki þetta stórkostlega góðæri, sem við höfum lifað, sem hefur bjargað frá þyngsta áfallinu, sem hefði að öðrum kosti stafað af framkvæmd stefnunnar?

Ég benti á það hér áðan, að aðalatriðið í stefnunni átti að vera stöðvun verðbólgu og dýrtíðar, en verðbólguvöxtur og dýrtíðarvöxtur hefur verið meiri en nokkru sinni áður við hliðstæð skilyrði. Ég benti á, að það átti að afnema uppbótarkerfið. Við búum enn við uppbótarkerfi í mörgum myndum. Ég benti á, að það átti að afnema vísitölukerfið. Hæstv. ríkisstj. hefur lögleitt það aftur. Ég benti á sterkar yfirlýsingar um greiðsluafgang á ríkisbúskapnum, en við höfum búið við greiðsluhalla í 2 ár. Ég benti á öll loforðin um ráðdeild og sparnað, sem hafa nálega öll verið svikin, og er það alveg óumdeilt, að það er stórfelldari útþensla í ríkiskerfinu en nokkru sinni fyrr.

Á þessi atriði benti ég og ég geri það aftur, til þess að sýna fram á, hvernig framkvæmdin hefur orðið. Ég benti á loforðið um lækkun beinu skattanna. Fólkið sjálft hefur möguleika til þess að sjá, hvernig við það hefur verið staðið. Ég benti á, hvernig ástatt er um opinberar framkvæmdir og mun gera það nánar í þeim umræðum, sem verða um fjárlögin. Og hliðstætt mætti segja um húsnæðismálin og fleiri mál, sem ég mun ekki vegna tímaskorts fara út í að ræða hér.

En e. t. v. er þó alvarlegast af öllu, að þrátt fyrir allt hið mikla góðæri og aukna þjóðarframleiðslu af þeim sökum, er þó kaupmáttur tímakaupsins í landinu mun minni en hann var, áður en hæstv. ríkisstj. tók við. Þetta er alvarlegasti áfellisdómurinn yfir hæstv. ríkisstj. Hæstv. ráðh. talaði fáein orð um áætlunarbúskapinn. Ég held því fram, að þessar bollaleggingar um nýjar áætlanir séu mestmegnis reykský, og þær muni reynast í framkvæmdinni hliðstætt og sú framkvæmdaáætlun, sem þegar hefur verið gerð og við höfum búið við. Við sjáum, hvernig framkvæmdin á henni hefur farið úr hendi.

Ég held því miður, að það sé ekki mikils bata að vænta, þegar hæstv. forsrh. lítur á málin eins og nú hefur komið fram í þessum umræðum, né undir forystu þess ráðherra, sem gerir sig ánægðan með framkvæmd þeirra stefnumála, sem hér hafa verið rifjuð upp, eins og hún hefur orðið.

Hér hefur svo komið fram af hendi hæstv. forsrh., eins skýrt og verða má, það sem er aðalatriðið, og það er mér alveg nógur árangur af þessum umræðum að hafa fengið það atriði skýrt fram. Hæstv. forsrh. margendurtók sem sé í síðari ræðu sinni, að meginstefnan ætti að vera enn hin sama og, að hann væri ánægður með þann árangur, sem náðst hefði í framkvæmd þeirrar meginstefnu. Því vitum við nú, að hæstv. ríkisstj. er enn við sama heygarðshornið. Ég spái því, að það fari hrollur um marga við þessar yfirlýsingar hæstv. forsrh. Ég held, að það sé ekki sagt út í bláinn. Menn telji sig ekki eiga á góðu von.

Niðurstaðan af þessum umræðum er alveg óumdeilanlega sú, að staðfest er og játað af hæstv. forsrh., að stjórnarstefnan er óbreytt og ekki neinar verulegar breytingar fyrirhugaðar á framkvæmd hennar.

VII. Strandferðaskip.

Á 41. fundi í Sþ., 27. apríl, utan dagskrár, mælti

Vilhjálmur Hjálmarsson: Herra forseti. Ástæðan til þess, að ég hef kvatt mér hljóðs utan dagskrár er sú, að ég hef heyrt því fleygt, að tvö af skipum Skipaútgerðar ríkisins hafi þegar verið sett á söluskrá. Ég hef nokkra

ástæðu til að ætla, að þessar fregnir séu á rökum reistar. Hins vegar hef ég ekki heyrt þess getið, að neinar ákveðnar fyrirætlanir séu uppi um að fylla það skarð, er verða mundi við slíka sölu. Mér er það ljóst, að fólkið á ströndinni og ekki síst Austfirðingar telja þetta hin alvarlegustu tíðindi, ef sönn reynast. Góð og örugg strandferðaþjónusta er þessu fólki brýn nauðsyn og raunar algerlega ómissandi fyrir þjóðfélagið í heild. Nútímatækni og stórkostlegar breytingar í samgöngumálum Íslendinga á síðustu áratugum kalla á endurskipulagningu strandferðanna með nýjum og breyttum skipakosti, en gera þær ekki óþarfar.

Fyrir því vil ég leyfa mér að biðja hæstv. sjútvmrh. að upplýsa, hvað hæft sé í þeim orðrómi, að ákveðið hafi verið að selja tvö af skipunum án þess að gera um leið ráðstafanir til þess að fá önnur og hentugri skip í þeirra stað.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Fsp. þessa ber nú að með dálítið óvenjulegum hætti og ekki með þinglegum hætti, en ég skal samt sem áður, þar sem mér bárust nú rétt fyrir hádegið skilaboð frá hv. fyrirspyrjanda um það, að hann mundi bera fram þessa fsp., reyna að svara henni svo sem kostur er á.

Það er rétt, að ákveðið hefur verið að selja tvö af skipum Skipaútgerðarinnar, þ. e. Skjaldbreið og Esju, ef viðunandi tilboð fást í skipin, og hafa þau með hliðsjón af því verið sett á söluskrá, en það er vitað, að það tekur oft langan tíma að afla viðunandi tilboða og kanna þau. Þess vegna er hér fyrst og fremst um könnun að ræða á þessu atriði. Þessi skip, eins og reyndar flest skip Skipaútgerðarinnar, eru nú orðin gömul og fullnægja á engan hátt þeim kröfum, sem gerðar eru til strandferðaskipa nú á dögum. Um nokkurn tíma hafa verið uppi raddir um að skipuleggja rekstur Skipaútgerðarinnar að nýju, m. a. verið skrifaðar um það langar og ýtarlegar greinar í dagblöðum bæjarins, og endurskipuleggja þar af leiðandi um leið allan rekstur Skipaútgerðarinnar, en verulegur halli hefur verið á rekstrinum á s. l. árum, sem hv. alþm. er kunnugt um frá umr. um fjárlög. Ríkissjóður greiddi t. d. á annað þús. kr. með hverju tonni, sem flutt var með skipum útgerðarinnar á s. l. ári, án þess þó að tekið sé tillit til vaxta og afskrifta.

Fyrir um það bil einu ári var skipuð n. til að gera till. um breytingar á rekstri útgerðarinnar og framtíðarskipan þeirrar þjónustu, sem Skipaútgerðin veitir. Mun álits og till. þessarar n. að vænta mjög bráðlega. Í s.l. mánuði voru 2 menn skipaðir í stjórnarnefnd Skipaútgerðar ríkisins ásamt forstjóra hennar, en þessir menn eru Gunnar Vagnsson fulltrúi í samgmrn. og Höskuldur Jónsson fulltrúi í fjmrn., en þessi tvö rn. hafa mjög náin samskipti við Skipaútgerðina af eðlilegum ástæðum. Stefna ríkisstj. er sú, að framtíðarrekstri Skipaútgerðar ríkisins verði hagað á þann veg, að unnt verði að veita fullnægjandi þjónustu við landsbyggðina með mun minni tilkostnaði en unnt hefur verið hin síðustu ár.

Ég ætla, að með þessum orðum hafi ég svarað fsp. hv. fyrirspyrjanda á þann veg, sem mögulegt er og fullnægjandi yrði að teljast, eins og á stendur.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Ég vil í tilefni af þessu, sem hér hefur verið upplýst, segja, að mér þykja það tíðindi, sem nú kemur fram, að búið sé að ákveða að selja tvö af strandferðaskipum ríkisins. Fyrirspyrjandi spurði um leið, hvort gerðar hefðu verið ráðstafanir til að kaupa önnur skip í staðinn. Hæstv. ráðh. svaraði því ekki, og er því auðlesið, hvernig ástatt er í dag og það er þá sem sé þannig, að það hefur verið ákveðið að selja tvö af strandferðaskipum ríkisins, Esju og Skjaldbreið, en engin ákvörðun tekin um að kaupa skip í staðinn og líklega ekki aðrar ráðstafanir. Ég verð þá að spyrja, hvort það hafi þá verið gerðar aðrar ráðstafanir til þess að setja skip inn á strandferðaúturnar þannig, að ekki verði dregið neitt úr strandferðunum frá því, sem verið hefur.

Við vitum vel, að Esjan og Skjaldbreið henta ekki vel fyrir strandferðirnar og ekki þau strandferðaskip, sem nú eru, og hefði fyrir nokkru þurft að vera búið að skipta um og fá önnur betri skip, en það hefur enga áheyrn fengið, þó að því hafi verið hreyft hér á Alþ., að því yrði hrundið í framkvæmd.

Ég man ekki til þess, að það hafi neinar heimildir verið samþykktar hér á Alþ. til að selja strandferðaskipin, og ég verð að mótmæla því, að gerðar séu ráðstafanir til að selja strandferðaskip nema í samráði við Alþingi. Ég álít, að það sé með öllu óviðeigandi að selja skip úr strandferðaflotanum án samráðs við Alþ. og án þess, að jafnframt séu gerðar ráðstafanir til að fá ný skip, svo að ekki verði neitt lát á strandferðunum.

Ég hygg, að hæstv. ráðh. hljóti að vera það kunnugt, a. m. k. er okkur ýmsum alþm. mjög vel kunnugt, að strandferðir eru nú af svo skornum skammti, einkanlega að því er varðar vöruflutninga yfir sumarið, að það veldur stórerfiðleikum fyrir atvinnurekstur úti á landi, hversu erfitt er að fá vörur fluttar yfir annatímann með skipum Skipaútgerðarinnar. Og þá má nærri geta, hvernig verður, ef dregið er úr strandferðunum frá því, sem nú er. Það verður algert öngþveiti víða í atvinnurekstrinum. Á Austurlandi t. d., þar sem nú er orðinn stórfelldur atvinnurekstur, eins og allir þekkja, veldur það nú þegar stórvandræðum, hversu erfitt er að fá fluttar vörur, hvað þá, ef dregið yrði úr strandferðunum.

Ég vil því leyfa mér að spyrja, og vona, að hæstv. ráðh. svari ljóst, því það er spurning, sem við eigum heimtingu á að fá svarað skýrt: Kemur til greina, að dregið verði úr strandferðunum frá því, sem þær hafa verið — kemur það til greina?

Ég hef heyrt orðróm um, að það gæti komið til greina að leggja annaðhvort Skjaldbreið eða Herðubreið í vor, og ég spyr: Er nokkuð til í þeim orðrómi, að það gæti komið til greina að gera það, jafnvel þó að Skjaldbreið yrði ekki seld? Ég spyr: Getur slíkt komið til greina? Kemur yfirleitt til greina, að það verði dregið úr strandferðunum frá því sem verið hefur? Ef það er ætlunin, eru það einhver alvarlegustu tíðindi fyrir landsbyggðina, sem orðið geta.

Auðvitað er halli á strandferðunum, en sá halli er tiltölulega minni núna en hann var oft áður. Það er tiltölulega minna, sem lagt er í strandferðaþjónustu, en oft hefur verið áður, miðað við peningagildi og ríkisrekstur, og það er hinn mesti misskilningur, ef ríkisstj. heldur, að það sé orðið óhætt að minnka strandferð-

irnar eða kannske leggja þær smátt og smátt nálega niður. Það er stórkostleg þörf fyrir strandferðirnar, engu minni en verið hefur.

Ég vil svo, fyrst ég er kominn hér enn einu sinni, mótmæla því sem fyrr, að það skuli hafa verið sett upp n. til að endurskoða strandferðamál, án þess að þar væri nokkur maður, sem er kunnugur á Austurlandi. Ég vil nota tækifærið til að mótmæla þessu enn einu sinni. En aðalatriðið er nú þetta, að það komi skýrt fram frá hæstv. ráðh., hvort það kemur til greina, að það verði dregið úr strandferðunum frá því, sem verið hefur.

Vilhjálmur Hjálmarsson: Herra forseti. Ég hefði nú frekar kosið, að hæstv. ráðh. hefði verið búinn að svara fyrirspurnum hv. 1. þm. Austf., áður en ég tók til máls, en ég vil eigi að síður leyfa mér að þakka hæstv. ráðh. fyrir þau svör, sem hann hefur nú þegar gefið. Ég tel, að málið hafi, við þau svör, sem hann hefur þegar gefið, skýrzt allverulega og það komið fram, að því miður er sá orðrómur sannur, að ákveðið hafi verið að selja tvö af skipum Skipaútgerðarinnar, án þess að gera samtímis ráðstafanir til þess að fylla skarðið. Það er rétt, sem ráðh. segir, að það tekur oft langan tíma að selja skip, en ég ætla, að það taki þó enn lengri tíma að öllum jafnaði að undirbúa byggingu eða þá kaup á öðrum nýjum.

Ég skal ekki tefja hv. þing frekar á þessu máli, en ég tek undir það, sem hv. 1. þm. Austf. sagði áðan, að fólkið úti á ströndinni og við, sem erum þm. fyrir það hér á hv. Alþ., hljótum að mótmæla því eindregið, ef það kemur til greina að skerða strandferðaþjónustuna í nokkru frá því, sem hún hefur verið. Krafa okkar er vitanlega sú, að starfsemi Skipaútgerðarinnar verði endurskipulögð með hliðsjón af þeim geysilega öru breytingum, sem orðið hafa í samgöngumálum Íslendinga síðustu áratugi.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Það var aðeins út af einu atriði í ræðu hv. 1. þm. Austf., sem ég bað um orðið að nýju, en hann virtist ekki hafa heyrt lok þeirra fáu orða minna, sem ég viðhafði sem svör við fsp. í upphafi, en þar var það skýrt tekið fram, sem ég skal gjarnan endurtaka, að það er stefna ríkisstj., að framtíðarrekstri Skipaútgerðar ríkisins verði hagað á þann veg, að unnt verði að veita fullnægjandi þjónustu við landsbyggðina með mun minni tilkostnaði en unnt hefur verið hin síðari ár.

Í framhaldi af spurningu hans um, hvort það komi til greina að draga úr þeirri þjónustu, sem Skipaútgerðin veitir í dag, vil ég segja það, að ég hef engan mann heyrt gera till. um það, að úr þessari þjónustu yrði dregið. Það er öllum ljóst, hver nauðsyn er á þessari þjónustu, og óþarfi að eyða í það löngu máli hér að útskýra þá nauðsyn. En að því er stefnt, að þó að þessi skip yrðu seld, mundi það ekki skerða þá þjónustu, sem Skipaútgerðin veitir í dag, sem að sjálfsögðu þýðir það, að endurskipulagning og endurhæfing á starfsemi Skipaútgerðarinnar verður nauðsynlega að fara fram, og ég veit ekki til, eins og ég sagði áðan, að nokkrum hafi komið til hugar að draga úr þessari þjónustu.

Eysteinn Jónsson: Já. Hæstv. ráðh. verður að virða mér það til vorkunnar, að ég taldi þá yfirlýsingu ekki mjög mikils virði, þó að hún kæmi fram, að hæstv. ríkisstj. ætlaði sér að veita fullnægjandi þjónustu við landsbyggðina í strandferðunum, þ. e. a. s. fullnægjandi að dómi hæstv. ríkisstj. Ég taldi þá yfirlýsingu ekki mikils virði. En á hinn bóginn vil ég leggja áherzlu á, að nú hefur hæstv. ráðh. lýst því yfir, að það muni ekki verða dregið úr þeirri strandferðaþjónustu, sem verið hefur, og þakka ég honum fyrir þá yfirlýsingu og munum við halda okkur við, að við hana verði staðið, og það vona ég að verði að öllu leyti.

VIII. Minning látinna manna.

Á 7. fundi í Sþ., 26. okt., mælti

forseti (BF): Ég vil leyfa mér að minnast nokkrum orðum Hermanns Þórarinssonar bankaútibússtjóra á Blönduósi, sem varð bráðkvaddur hér í borg s. l. sunnudagskvöld, 24. okt., 52 ára að aldri. Hann var varaþm. Sjálfstfl. í Norðurlandskjördæmi vestra og tók sæti á Alþ. um skeið í þinglok vorið 1964.

Hermann Þórarinsson var fæddur á Hjaltabakka í Torfalækjarhreppi 2. okt. 1913. Foreldrar hans voru Þórarinn bóndi og alþm. Jónsson bónda á Halldórsstöðum á Langholti Þórarinssonar og kona hans, Sigríður Þorvaldsdóttir prests á Hjaltabakka Ásgeirssonar. Hann lauk stúdentsprófi við Menntaskólann í Reykjavík vorið 1934 og stundaði síðan nám í efnafræði í Göttingen í Þýzkalandi 1936—1937. Sumurin 1934—1940 vann hann við efnafræðistörf og bókhald á Hesteyri. Lögregluþjónn á Blönduósi var hann 1941—1947 og vann einnig þau ár að skrifstofustörfum hjá samvinnufélögunum þar. Árið 1947 tók hann við rekstri Sparisjóðs Húnvetninga og annaðist hann fram til ársins 1963. Það ár var hann ráðinn útibússtjóri Búnaðarbanka Íslands á Blönduósi, þegar Sparisjóður Húnvetninga var sameinaður útibúinu, og gegndi hann því starfi til æviloka. Jafnframt þessum aðalstörfum gegndi Hermann Þórarinsson ýmsum sveitarstjórnarstörfum. Hann var hreppstjóri og gjaldkeri Blönduóshrepps frá 1947, oddviti hreppsnefndar frá 1958 og átti sæti í sýslunefnd frá 1961. Einnig sinnti hann um skeið kennslustörfum á Blönduósi.

Hermann Þórarinsson átti skamma stund setu á Alþ., enda mun hann hafa átt lítt heimangengt frá annasömum skyldustörfum heima í héraði. Þar vann hann störf sín af alúð og gætni, naut vinsælda og trausts, svo að honum voru falin trúnaðarstörf í sívaxandi mæli, meðan honum entist aldur. Fráfall slíks manns er harmsefni, en þó sárast þeim, er næstir standa og hafa öðrum fremur notið verka hans og samvista.

Ég vil biðja hv. alþm. að votta minningu Hermanns Þórarinssonar virðingu sína með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

Á 39. fundi í Sþ., 22. apríl, mælti

forseti (BF): Sveinbjörn Högnason fyrrum alþm. og prófastur á Breiðabólstað í Fljótshlíð andaðist í gær-

morgun, 21. apríl, að heimili sínu, Staðarbakka í Fljótshlíð, 68 ára að aldri. Vil ég leyfa mér að minnast þessa mæta manns nokkrum orðum.

Sveinbjörn Högnason var fæddur 6. apríl 1898 í Eystri-Sólheimum í Mýrdal. Foreldrar hans voru Högni bóndi þar Jónsson bónda í Pétursey í Mýrdal Ólafssonar og kona hans, Ragnhildur Sigurðardóttir bónda í Pétursey Eyjólfssonar. Hann lauk stúdentsprófi í Reykjavík vorið 1918 og guðfræðiprófi við háskólann í Kaupmannahöfn 1925. Framhaldsnám í gamla testamentisfræðum og austurlandamálum stundaði hann við háskólann í Leipzig veturinn 1925—1926. Í júnímánuði 1926 varð hann sóknarprestur í Laufási, en var veittur Breiðabólstaður í Fljótshlíð snemma árs 1927 og þjónaði því prestakalli til 1. júní 1963, er honum var veitt lausn frá embætti að eigin ósk. Prófastur í Rangárvallaprófastsdæmi var hann frá 1941—1963.

Auk prestsstarfa í fjölmennum sóknum og stórbúskapar á Breiðabólstað gegndi Sveinbjörn Högnason mörgum trúnaðarstörfum á ýmsum sviðum. Hann stundaði um skeið kennslu og var settur skólastjóri Gagnfræðaskólans í Flensborg skólaárið 1930—1931. Hann átti lengi sæti í hreppsnefnd og skólanefnd. Í mþn. í kirkjumálum starfaði hann 1929—1931 og var formaður mþn. um skipun prestakalla 1951. Í stjórn Prestafélags Íslands átti hann sæti um skeið. Hann var formaður mjólkursölunefndar frá 1934 og formaður stjórnar Mjólkursamsölunnar frá upphafi hennar. Í framleiðsluráði landbúnaðarins átti hann sæti á árunum 1947—1959. Hann var um hríð endurskoðandi reikninga Búnaðarbankans og sat í landsbankanefnd. Á Alþ. átti hann sæti 1931—1933, 1937—1946 og 1956—1959, sat á 19 þingum alls.

Sveinbjörn Högnason var guðfræðingur að menntun, prestur að ævistarfi og stórbóndi. Áhugamál hans voru mörg, en kirkjumál og landbúnaðarmál ber hæst í starfi hans á Alþ. og öðrum vettvangi þjóðmála. Eins og æviágripið að framan ber með sér, var hann víða valinn til forystu og ráðuneytis um þau efni. Hann var að dómi allra, er til hans þekktu, afkastamikill til starfa, gáfaður og fjölfróður, harðsækinn ræðumaður og ötull málafylgjumaður. Með ævistörfum sínum markaði hann þau spor, sem sjá mun stað um langan aldur, og sóknarbörn hans og aðrir áheyrendur munu minnast hans sem góðs kennimanns og mikils ræðuskörungs.

Ég vil biðja hv. alþm. að votta minningu Sveinbjarnar Högnasonar virðingu sína með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

IX. Þingmennskuafsal.

Á 25. fundi í Sþ., 7. febr., mælti

forseti (BF): Svo hljóðandi bréf hefur borizt frá Einari Ingimundarsyni bæjarfógeta á Siglufirði:

„Vegna fyrirsjáanlegra anna við það embætti, sem mér hefur verið falið að gegna og ég mun á næstunni formlega taka við, hef ég ákveðið að segja af mér sem alþm. frá 1. febrúar n.k. Þetta tilkynnist yður hér með.

Siglufirði, 10. janúar 1966.
Virðingarfyllst,
Einar Ingimundarson.

Óskar Levy bóndi, Ósum, Þverárhreppi, er nú 1. varamaður Sjálfstfl. í Norðurl. v. Kjörbréf hans hefur áður verið rannsakað. Ef enginn mælir því í gegn, tekur hann nú sæti á Alþ. sem 4. þm. Norðurl. v. Þm. er mættur, og býð ég hann velkominn til starfa.

X. Varamenn taka þingsæti — rannsókn kjörbréfa.

Á 3. fundi í Sþ., 13. okt., var tekin til meðferðar rannsókn kjörbréfs.

Forseti (BF): Svo hljóðandi bréf hefur borizt:

„Reykjavík, 13. okt. 1965.

Þorv. Garðar Kristjánsson, framkvæmdastjóri Sjálfstfl., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Samkv. beiðni Péturs Sigurðssonar, 8. þm. Reykv., sem nú er erlendis, leyfi ég mér, með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþingis, að óska þess, að varamaður hans, Geir Hallgrímsson borgarstjóri, taki á meðan sæti hans á Alþingi."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um, að þér látið fram fara í sameinuðu þingi rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Sigurður Bjarnason,
forseti Nd.

Til forseta sameinaðs Alþingis."

Kjörbréf Geirs Hallgrímssonar borgarstjóra liggur hér fyrir. Hann hefur ekki áður átt sæti á þingi á þessu kjörtímabili og þarf því að fara fram rannsókn á kjörbréfinu. Vil ég leyfa mér að biðja hv. kjörbréfanefnd að taka kjörbréfið til rannsóknar. Á meðan verður gert hlé á fundinum. — [Fundarhlé.]

Frsm. (Einar Ingimundarson): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur haldið fund til að rannsaka kjörbréf Geirs Hallgrímssonar borgarstjóra, sem er nú 1. varaþm. Sjálfstfl. í Reykjavíkurkjördæmi, en þess hefur verið óskað, að hann tæki nú sæti á Alþ. í fjarveru Péturs Sigurðssonar, hv. 8. þm. Reykv. Kjörbréfanefnd sér ekkert athugavert við kjörbréfið og leggur einróma til, að það verði samþ. og kosning Geirs Hallgrímssonar borgarstjóra verði tekin gild.

ATKVGR.
Till. kjörbréfanefndar samþ. með 44 shlj. atkv.

Á 11. fundi í Sþ., 15. nóv., var tekin á dagskrá rannsókn kjörbréfs.

Forseti (BF): Svo hljóðandi bréf hefur borizt:

„Reykjavík, 13. nóv. 1965.

Mér hefur í dag borizt svo hljóðandi bréf frá Ragnari Arnalds, 5. landsk. þm.:

„Þar sem ég get ekki sinnt þingstörfum næstu vikur vegna anna, leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi, og með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþ. að óska þess, að 2. varamaður landsk. þm. Alþb., Karl Guðjónsson kennari, taki sæti á Alþ. í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um, að þér látið fram fara í Sþ. rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Sigurður Bjarnason,
forseti Nd.

Til forseta sameinaðs Alþingis."

Kjörbréf til handa Karli Guðjónssyni kennara liggur hér fyrir, og vil ég leyfa mér að biðja hv. kjörbréfanefnd að taka það til rannsóknar. Verður á meðan gert hlé á fundinum. — [Fundarhlé.]

Frsm. (Alfreð Gíslason): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur athugað kjörbréf Karls Guðjónssonar kennara, 2. varaþm. Alþb. Mælir n. einróma með því, að kosning hans verði tekin gild og kjörbréfið samþykkt.

ATKVGR.

Till. kjörbréfanefndar samþ. með 35 shlj. atkv.

Á 17. fundi í Sþ., 8. des., var tekin til meðferðar rannsókn kjörbréfs.

Forseti (BF): Svo hljóðandi bréf hefur borizt:

„Reykjavík, 7. des. 1965.

Matthías Á. Mathiesen, 1. þm. Reykn., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og verð fjarverandi næstu vikur, leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi og, með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþ., að óska þess, að 1. varamaður Sjálfstfl. í Reykjaneskjördæmi, Oddur Andrésson bóndi á Neðra-Hálsi í Kjós, taki sæti mitt á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt.

Sigurður Bjarnason,
forseti Nd.

Til forseta sameinaðs Alþingis."

Oddur Andrésson hefur áður tekið sæti á þinginu sem varamaður á þessu kjörtímabili og farið fram rannsókn á kjörbréfi hans. Tekur hann nú sæti á þinginu í forföllum Matthíasar Á. Mathiesen, og býð ég hann velkominn til þingstarfa.

Þá hefur borizt svo hljóðandi bréf:

„Reykjavík, 7. des. 1965.

Emil Jónsson, 2. þm. Reykn., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og verð fjarverandi næstu vikur, leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi og, með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþ., að fara fram á, að 1. varamaður Alþfl. í Reykjaneskjördæmi, Ragnar Guðleifsson kennari, taki sæti mitt á Alþ. í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um, að þér látið fram fara í Sþ. rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Sigurður Bjarnason,
forseti Nd.

Til forseta sameinaðs Alþingis."

Ragnar Guðleifsson hefur áður tekið sæti á Alþ., en ekki á þessu kjörtímabili. Þarf því að fara fram rannsókn á kjörbréfi hans, og leyfi ég mér að biðja hv. kjörbréfanefnd að taka kjörbréfið til rannsóknar. Á meðan verður gert fundarhlé. — [Fundarhlé.]

Frsm. (Friðjón Skarphéðinsson): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur nú rannsakað kjörbréf Ragnars Guðleifssonar, 1. varamanns Alþfl. í Reykjaneskjördæmi, og hefur samþ. einróma að leggja til, að kosning hans verði tekin gild og kjörbréf hans samþ.

ATKVGR.

Till. kjörbréfanefndar samþ. með 37 shlj. atkv.

Á 18. fundi í Sþ., 9. des., var tekin til meðferðar rannsókn kjörbréfs.

Forseti (BF): Svo hljóðandi bréf hefur borizt:

„Reykjavík, 8. des. 1965.

Alfreð Gíslason, 9. þm. Reykv., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda og verð fjarverandi næstu vikur, leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi og, með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþ., að óska þess, að vegna veikinda l. varamanns taki 2. varamaður Alþb. í Reykjavík, Magnús Kjartansson ritstjóri, sæti mitt á Alþ. í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um, að þér látið fram fara í sameinuðu Alþingi rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Sigurður Ó. Ólafsson,
forseti Ed.

Til forseta sameinaðs Alþingis."

Kjörbréf Magnúsar Kjartanssonar ritstjóra liggur hér fyrir, og leyfi ég mér að biðja hv. kjörbréfanefnd um að taka það til rannsóknar. Á meðan verður gert fundarhlé. — [Fundarhlé.]

Frsm. (Auður Auðuns): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur athugað kjörbréf Magnúsar Kjartanssonar, 2. varaþm. Alþb. í Reykjavík, og hefur n. ekki fundið neitt athugavert við kjörbréfið. Það var staðfest í n. af skrifstofustjóra Alþ., að 1. varaþm. Alþb. í Reykjavík lægi veikur í sjúkrahúsi og gæti því ekki tekið sæti á Alþ. Kjörbréfanefnd leggur til, að kjörbréf Magnúsar Kjartanssonar verði samþ. og kosning hans tekin gild.

ATKVGR.

Till. kjörbréfanefndar samþ. með 38 shlj. atkv.

Á 20. fundi í Sþ., 13. des., mælti

forseti (SÁ): Mér hefur borizt svo hljóðandi bréf:

„Reykjavík, 10. des. 1965.

Ingólfur Jónsson, 1. þm. Sunnl., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og verð fjarverandi næstu vikur, leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi og, með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþ., að óska þess, að 1. varamaður Sjálfstfl. í Suðurlandskjördæmi, Ragnar Jónsson skrifstofustjóri, taki sæti mitt á Alþ. í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt.

Sigurður Bjarnason,
forseti Nd.

Til forseta sameinaðs Alþingis."

Hv. þm. hefur áður setið á Alþ. og kjörbréf hans hefur því verið rannsakað áður og samþykkt. Ég býð hann velkominn til starfa hér á Alþingi.

Á 25. fundi í Sþ., 7. febr., mælti

forseti (BF): Svo hljóðandi bréf hefur borizt:

„Reykjavík, 26. jan. 1966.

Sigurður Bjarnason, 2. þm. Vestf., hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og verð fjarverandi næstu vikur, leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi og, með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþingis, að óska þess, að í forföllum varamanns taki 2. varamaður Sjálfstfl. í Vestfjarðakjördæmi, Einar Guðfinnsson útgerðarmaður í Bolungarvík, sæti mitt á Alþ. í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt.

Benedikt Gröndal,
forseti Nd.

Til forseta sameinaðs Alþingis."

1. varamaður Sjálfstfl. í Vestfjarðakjördæmi, Kristján Jónsson, hefur tilkynnt með símskeyti, að hann geti ekki tekið sæti Sigurðar Bjarnasonar á Alþ. í forföllum hans. Símskeytið er dags. 24. þ. m. Kjörbréf Einars Guðfinnssonar hefur áður verið rannsakað, og hann er mættur til þingstarfa og býð ég hann velkominn til þingstarfa.

Þá hefur borizt svo hljóðandi bréf:

„Reykjavík, 5. febr. 1966.

Þórarinn Þórarinsson, 5. þm. Reykv., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég get ekki sinnt þingstörfum næstu vikur vegna sérstakra anna, leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi og, með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþ., að óska þess, að 1. varamaður Framsfl. í Reykjavík, Kristján Thorlacius deildarstjóri, taki sæti á Alþ. í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt.

Benedikt Gröndal,
forseti Nd.

Til forseta sameinaðs Alþingis."

Kristján Thorlacius hefur áður setið á Alþ. sem varamaður og rannsókn farið fram á kjörbréfi hans. Hann er mættur til þingstarfa og býð ég hann velkominn.

Á 27. fundi í Sþ., 16. febr., mælti

forseti (BF): Svo hljóðandi bréf hefur borizt:

„Reykjavík, 15. febr. 1966.

Matthías Bjarnason, 11. landsk. þm., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég get ekki sinnt þingstörfum næstu vikur vegna veikinda, leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi og, með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþ., að óska þess, að 1. varamaður landsk. þm. Sjálfstfl., Ragnar Jónsson skrifstofustjóri, taki sæti á Alþingi í forföllum mínum."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt.

Benedikt Gröndal,
forseti Nd.

Til forseta sameinaðs Alþingis."

Ragnar Jónsson hefur áður tekið sæti á þinginu í forföllum aðalmanna og kjörbréf hans verið rannsakað. Hann er mættur til þingstarfa og býð ég hann velkominn.

Á 31. fundi í Sþ., 16. marz, mælti

forseti (BF): Svo hljóðandi bréf hefur borizt:

„Reykjavík, 15. marz 1966.

Emil Jónsson, 2. þm. Reykn., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og verð fjarverandi næstu vikur, leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi og, með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþ., aðóska þess, að 1. varamaður Alþfl. í Reykjaneskjördæmi, Ragnar Guðleifsson kennari, taki sæti mitt á Alþ. í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt.

Sigurður Bjarnason,
forseti Nd.

Til forseta sameinaðs Alþingis."

Ragnar Guðleifsson kennari hefur áður tekið sæti á Alþ. sem varamaður fyrir Alþfl. í Reykjaneskjördæmi og rannsókn farið fram á kjörbréfi hans. Býð ég hann velkominn til þingstarfa að þessu sinni.

Á 57. fundi í Nd., 21. marz, mælti

forseti (SB): Mér hefur borizt svo hljóðandi bréf:

„Reykjavík, 18. marz 1966.

Þar sem ég get ekki sinnt þingstörfum næstu vikur vegna anna heima fyrir, leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi og, með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþ., að óska þess, að 1. varamaður Framsfl. í Suðurlandskjördæmi, Óskar Jónsson fulltrúi, Selfossi, taki sæti á Alþ. í fjarveru minni.

Ágúst Þorvaldsson,
2. þm. Sunnl.

Til forseta neðri deildar."

Óskar Jónsson hefur áður átt sæti á Alþ. á þessu kjörtímabili, og kjörbréf hans hefur verið rannsakað. Býð ég hann velkominn til setu í hv. þd.

Þá hefur forseta borizt svo hljóðandi bréf:

„Reykjavík, 18. marz 1966.

Þar sem ég get ekki sinnt þingstörfum næstu vikur vegna anna heima fyrir, leyfi ég mér að biðja um fjar-

vistarleyfi og með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþ.„að óska þess, að 1. varamaður Framsfl. í Vesturlandskjördæmi, Daníel Ágústínusson fyrrv. bæjarstjóri, taki sæti á Alþ. í fjarveru minni.

Halldór E. Sigurðsson,
3. þm. Vesturl.

Til forseta neðri deildar."

Daníel Ágústínusson fyrrv. bæjarstjóri hefur áður átt sæti á Alþ. á þessu kjörtímabili og kjörbréf hans verið rannsakað. Ég býð hann því velkominn til setu í hv. þd.

Á 60. fundi í Nd., 28. marz, mælti

forseti (SB): Mér hefur borizt svo hljóðandi bréf:

„Reykjavík, 26. marz 1966.

Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og verð fjarverandi næstu vikur, leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi og, með skírskotun til 136. gr. l. um kosningar til Alþingis, að fara fram á, að 1. varamaður landsk. þm. Sjálfstfl., Ragnar Jónsson skrifstofustjóri, taki sæti mitt á Alþ. í fjarveru minni.

Davíð Ólafsson,
6. landsk. þm.

Til forseta neðri deildar."

Ragnar Jónsson hefur áður átt sæti á Alþ. og hefur kjörbréf hans verið rannsakað. Tekur hann því sæti Davíðs Ólafssonar, hv. 6. landsk. þm., í fjarveru hans.

Á 35. fundi í Sþ., 31. marz, var tekin til meðferðar rannsókn kjörbréfs.

Forseti (BF): Svo hljóðandi bréf hefur borizt:

„Reykjavík, 30. marz 1966.

Hermann Jónasson, 1. þm. Vestf., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég verð fjarverandi næstu vikur, leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi og, með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþ., að óska þess, að 1. varamaður Framsfl. í Vestfjarðakjördæmi, Bjarni Guðbjörnsson bankaútibússtjóri á Ísafirði, taki sæti mitt á Alþ. í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um, að þér látið fram fara í sameinuðu þingi rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Sigurður Ó. Ólafsson,
forseti Ed.

Til forseta sameinaðs Alþingis."

Fyrir liggur kjörbréf Bjarna Guðbjörnssonar bankaútibússtjóra, og leyfi ég mér að biðja hv. kjörbréfanefnd að taka kjörbréfið til rannsóknar. Á meðan verður gert fundarhlé. — [Fundarhlé.]

Frsm. (Björn Fr. Björnsson): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur komið saman á fund og athugað kjörbréf Bjarna Guðbjörnssonar bankaútibússtjóra á Ísafirði, sem er 1. varamaður Framsfl. í Vestfjarðakjördæmi, en þess hefur verið óskað, að hann taki sæti á Alþ. í forföllum hv. 1. þm. Framsfl. í Vestfjarðakjördæmi, Hermanns Jónassonar. N. telur ekkert athugavert við kjörbréfið og leggur til, að það verði samþ. og kosningin metin gild.

ATKVGR.

Till. kjörbréfanefndar samþ. með 35 shlj. atkv.

Á 36. fundi í Sþ., 13. apríl, mælti

forseti (BF): Svo hljóðandi bréf hefur borizt:

„Reykjavík, 13. apríl 1966.

Halldór Ásgrímsson, 2. þm. Austf., hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég get ekki sinnt þingstörfum næstu vikur vegna sérstakra anna heima fyrir, leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi og, með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþ., að fara fram á, að 1. varamaður Framsfl. í Austurlandskjördæmi, Vilhjálmur Hjálmarsson bóndi, Brekku, Mjóafirði, taki sæti mitt á Alþ. í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt.

Sigurður Bjarnason,
forseti Nd.

Til forseta sameinaðs Alþingis."

Vilhjálmur Hjálmarsson bóndi, Brekku, hefur áður átt sæti á þinginu á þessu kjörtímabili og rannsókn farið fram á kjörbréfi hans. Þarf því ekki að skoða það að þessu sinni, og býð ég hann velkominn til þingstarfa.

Á 69. fundi í Nd., 14. apríl, mælti

forseti (SB): Forseta hafa borizt eftirfarandi bréf:

„Reykjavík, 13. apríl 1966.

Þar sem ég get ekki sinnt þingstörfum næstu vikur vegna anna heima fyrir, leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi og, með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþ., að fara fram á, að 2. varamaður Sjálfstfl. í Suðurlandskjördæmi, Sigfús J. Johnsen kennari, Vestmannaeyjum, taki sæti á Alþ. í fjarveru minni.

Guðlaugur Gíslason,
3. þm. Sunnl."

Sigfús J. Johnsen kennari hefur áður átt sæti á Alþ. og hefur undirritað drengskaparheit um að halda stjórnarskrána. Kjörbréf hans hefur verið rannsakað. Ég býð hann því velkominn til setu í hv. þd.

Þá hefur forseta borizt svo hljóðandi bréf:

„Reykjavík, 14. apríl 1966.

Þar sem ég er á förum til útlanda og verð fjarverandi næstu vikur, leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi og, með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþ., að óska þess, að 1. varamaður Framsfl. í Norðurl. v., Jón Kjartansson forstjóri, taki sæti á Alþ. í fjarveru minni.

Skúli Guðmundsson,
1. þm. Norðurl. v."

Jón Kjartansson forstjóri hefur áður átt sæti á Alþ. og kjörbréf hans verið rannsakað. Ég leyfi mér að bjóða hann velkominn til setu í hv. þd.

Á 37. fundi í Sþ., 18. apríl, mælti

forseti (BF): Svo hljóðandi bréf hefur borizt:

„Reykjavík, 18. apríl 1966.

Bjartmar Guðmundsson, 8. landsk. þm., hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég get ekki sinnt þingstörfum næstu vikur vegna anna heima fyrir, leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi og, með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþ., að fara fram á, að 1. varamaður landsk. þm. Sjálfstfl., Ragnar Jónsson skrifstofustjóri, taki sæti mitt á Alþ. í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt.

Sigurður Ó. Ólafsson,
forseti Ed.

Til forseta sameinaðs Alþingis."

Samkv. þessu bréfi tekur Ragnar Jónsson skrifstofustjóri sæti á þinginu í stað 8. landsk. þm. Kjörbréf hans hefur áður verið rannsakað, og þarf því ekki að fara fram rannsókn á því á ný. Býð ég Ragnar Jónsson velkominn til þingstarfa.

Á 39. fundi í Sþ., 22. apríl, mælti

forseti (BF): Svo hljóðandi bréf hefur borizt:

„Reykjavík, 22. apríl 1966.

Gísli Guðmundsson, 3. þm. Norðurl. e., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Vegna starfa utan þings leyfi ég mér hér með að fara þess á leit, að mér verði veitt fjarvistarleyfi næstu vikur frá og með 22. þ. m. og, með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþ., að fara fram á, að 1. varamaður Framsfl. í Norðurl. e., Hjörtur E. Þórarinsson bóndi á Tjörn í Svarfaðardal, taki sæti mitt á Alþ. í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt.

Sigurður Bjarnason,
forseti Nd.

Til forseta sameinaðs Alþingis."

Hjörtur E. Þórarinsson, bóndi á Tjörn í Svarfaðardal, hefur áður átt sæti á Alþ. sem varamaður fyrir Framsfl. í Norðurl. e. Þarf því ekki að þessu sinni að fara fram rannsókn á kjörbréfi hans og býð ég hann velkominn til þingstarfa.

Á 40. fundi í Sþ., 25. apríl, var tekin til meðferðar rannsókn kjörbréfs.

Forseti (BF): Svo hljóðandi bréf hefur borizt:

„Reykjavík, 25. apríl 1966.

Sigurður Ingimundarson, 1. landsk. þm., hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og verð fjarverandi næstu vikur, leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi og, með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþ., að óska þess, að 1. varamaður landsk. þm. Alþfl., Unnar Stefánsson viðskiptafræðingur, taki sæti mitt á Alþ. í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt.

Sigurður Bjarnason,
forseti Nd.

Til forseta sameinaðs Alþingis."

Unnar Stefánsson viðskiptafræðingur hefur áður tekið sæti á þingi á þessu kjörtímabili og kjörbréf hans verið rannsakað. Þarf því ekki að rannsaka það að þessu sinni, og býð ég hann velkominn til þingstarfa.

Þá hefur borizt svo hljóðandi bréf:

„Reykjavík, 25. apríl 1966.

Björn Jónsson, 4. þm. Norðurl. e., hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég get ekki sinnt þingstörfum næstu vikur vegna anna heima fyrir, leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi og með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþ., að óska þess, að vegna forfalla 1. og 2. varamanns taki 3. varamaður Alþb. í Norðurl. e., Hjalti Haraldsson bóndi í Garðshorni í Svarfaðardal, sæti mitt á Alþ. í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um, að þér látið fram fara í sameinuðu þingi rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Sigurður Ó. Ólafsson,
forseti Ed.

Til forseta sameinaðs Alþingis."

Fyrir liggja svo hljóðandi tilkynningar frá 1. og 2. varamanni:

„Ég undirritaður get ekki um sinn mætt á Alþ. í forföllum Björns Jónssonar, 4. þm. Norðurl. e., þar sem ég er rúmliggjandi í sjúkrahúsi.

Reykjavík, 22. apríl 1966
Arnór Sigurjónsson."

Og svo hljóðandi símskeyti:

„Ég undirritaður get ekki mætt á þingi í forföllum Björns Jónssonar vegna skyldustarfa heima.

Páll Kristjánsson."

Það þarf að fara fram rannsókn á kjörbréfi Hjalta Haraldssonar, þar sem hann hefur ekki áður tekið sæti á Alþ. á þessu kjörtímabili, og vil ég biðja hv. kjörbréfanefnd að taka kjörbréfið til rannsóknar. Á meðan verður gert fundarhlé. — [Fundarhlé.]

Frsm. (Alfreð Gíslason): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur athugað kjörbréf Hjalta Haraldssonar bónda, 3. varaþm. Alþb. í Norðurl. e., og ekki fundið neitt athugavert við kjörbréfið. N. leggur til, að kosningin verði tekin gild og kjörbréfið samþykkt.

ATKVGR.

Till. kjörbréfanefndar samþ. með 39 shlj. atkv.

Á 41. fundi í Sþ., 27. apríl, mælti

forseti (BF): Svo hljóðandi bréf hefur borizt:

„Reykjavík, 27. apríl 1966.

Halldór E. Sigurðsson, 3. þm. Vesturl., hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég get ekki sinnt þingstörfum næstu vikur vegna sérstakra anna heima fyrir, leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi og, með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþingis, að óska þess, að vegna forfalla 1. varamanns taki 2. varamaður Framsfl. í Vesturlands-

kjördæmi, Gunnar Guðbjartsson bóndi á Hjarðarfelli, sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt.

Sigurður Bjarnason,
forseti Nd.

Til forseta sameinaðs Alþingis."

Gunnar Guðbjartsson hefur áður tekið sæti á Alþingi á þessu kjörtímabili og þarf því ekki að þessu sinni að fara fram rannsókn á kjörbréfi hans. Býð ég hann velkominn til þingstarfa.

Á 42. fundi í Sþ., 29. apríl, mælti

forseti (BF): Svo hljóðandi bréf hefur borizt:

„Reykjavík, 28. apríl 1966.

Einar Ágústsson, 11. þm. Reykv., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég get ekki sinnt þingstörfum næstu vikur vegna sérstakra anna, leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi og, með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis, að óska þess, að 1. varamaður Framsfl. í Reykjavík, Kristján Thorlacius deildarstjóri, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt.

Sigurður Bjarnason,
forseti Nd.

Til forseta sameinaðs Alþingis."

Kristján Thorlacius deildarstjóri hefur áður tekið sæti á Alþingi á þessu kjörtímabili og rannsókn farið fram á kjörbréfi hans. Þarf því ekki að rannsaka það að þessu sinni, og býð ég hann velkominn til þingstarfa.

Þá hefur borizt svo hljóðandi bréf:

„Reykjavík, 28. apríl 1966.

Friðjón Skarphéðinsson, 9. landsk. þm., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda til þess að sitja ráðgjafarþing Evrópuráðsins í Strasbourg og verð væntanlega fjarverandi um tveggja vikna skeið, mælist ég til þess, að 2. varamaður landsk. þm. Alþfl., Pétur Pétursson forstjóri, Reykjavík, taki sæti mitt á Alþingi í fjarveru minni, og vísa í því sambandi til 138. gr. kosningalaga. Það skal tekið fram, að 1. varamaður landsk. þm. flokksins, Unnar Stefánsson, situr nú á Alþingi í fjarveru Sigurðar Ingimundarsonar."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt.

Sigurður Ó. Ólafsson,
forseti Ed.

Til forseta sameinaðs Alþingis."

Pétur Pétursson forstjóri hefur áður tekið sæti á Alþingi á þessu kjörtímabili og kjörbréf hans verið rannsakað. Þarf því ekki að rannsaka það að þessu sinni, og býð ég hann velkominn til þingstarfa.

Á 78. fundi í Ed., 2. maí, mælti

forseti (SÓÓ): Mér hefur borizt svo hljóðandi bréf:

„Reykjavík, 30. apríl 1966.

Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum, leyfi ég mér að fara fram á fjarvistarleyfi. Vegna forfalla 1. varamanns Sjálfstfl. í Vestfjarðakjördæmi, leyfi ég mér, með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis, að óska þess, að 2. varamaður flokksins í kjördæminu, Einar Guðfinnsson útgerðarmaður, taki sæti mitt á Alþingi í fjarveru minni.

Virðingarfyllst,
Þorv. Garðar Kristjánsson.

Til forseta efri deildar Alþingis."

Þessu fylgir einnig símskeyti frá Hólmavík, svo hljóðandi:

„Hér með tilkynnist, að ég get ekki mætt á þingi sem varamaður Þorvalds Garðars Kristjánssonar vegna skyldustarfa.

Kristján Jónsson."

Samkvæmt þessu tekur Einar Guðfinnsson sæti hér í þessari hv. d. sem varamaður 4. þm. Vestf., og býð ég hann velkominn til starfa í deildinni.

Á 44. fundi í Sþ., 3. maí, var tekin til meðferðar rannsókn kjörbréfs.

Forseti (BF): Svo hljóðandi bréf hefur borizt:

„Reykjavík, 2. maí 1966.

Jón Þorsteinsson, 4. landsk. þm., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Þar eð ég er á förum út á land í brýnum persónulegum erindum og get ekki sinnt störfum á Alþ. næsta hálfan mánuð, óska ég eftir því, að 3. varamaður landsk. þm. Alþfl., Hilmar Hálfdánarson, taki sæti mitt á Alþ., en 1. og 2. varamaður landsk. þm. flokksins sitja nú þegar á Alþ."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um, að þér látið fram fara í sameinuðu þingi rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Sigurður Ó. Ólafsson,
forseti Ed.

Til forseta sameinaðs Alþingis."

Hilmar Hálfdánarson hefur ekki áður átt sæti á Alþ. og þarf að fara fram rannsókn á kjörbréfi hans. Vil ég biðja hv. kjörbréfanefnd að taka kjörbréfið til rannsóknar, en á meðan verður gert fundarhlé. — [Fundarhlé.]

Frsm. (Pétur Pétursson): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur komið saman og athugað kjörbréf 3. varaþm. Alþfl., landsk. þm., Hilmars Hálfdánarsonar verðgæzlumanns, og hefur ekkert fundið athugavert. N. mælir með, að kosningin verði tekin gild og kjörbréfið samþ.

ATKVGR.

Till. kjörbréfanefndar samþ. með 32 shlj. atkv.

XI. Kosningar.

1. Vinnutímanefnd.

Á 6. fundi í Sþ., 20. okt., var tekin til meðferðar **kosning eins manns í vinnutímanefnd í stað Eggerts G. Þorsteinssonar félmrh., sbr. þál. frá 18. des. 1961, um ráðstafanir til að koma á 8 stunda vinnudegi verkafólks.**

Aðeins einn maður var tilnefndur. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörinn væri án atkvgr.:

Þorsteinn Pétursson framkvæmdastjóri.

2. Fulltrúar í Norðurlandaráð.

Á 22. fundi í Sþ., 15. des., var tekin á dagskrá

kosning fimm fulltrúa og jafnmargra varafulltrúa úr hópi þingmanna í Norðurlandaráð, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. þál. samþ. á Alþ. 15. des. 1961. Gildir kosningin þar til ný kosning hefur farið fram á næsta reglulegu Alþingi.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 23. fundi í Sþ., 16. des., var kosningin tekin til meðferðar.

Við kosningu aðalmanna komu fram þrír listar. Á A-lista voru Sigurður Bjarnason, Matthías Á. Mathiesen, Sigurður Ingimundarson; á B-lista Ólafur Jóhannesson, Ásgeir Bjarnason; á C-lista Einar Olgeirsson. — A-listi hlaut 32 atkv., B-listi 19 atkv., C-listi 9 atkv. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru:

Sigurður Bjarnason alþm.,
Ólafur Jóhannesson alþm.,
Matthías Á. Mathiesen alþm.,
Ásgeir Bjarnason alþm.,
Sigurður Ingimundarson alþm.

Við kosningu varamanna komu fram þrír listar. Á A-lista voru Ólafur Björnsson, Jónas G. Rafnar, Birgir Finnsson; á B-lista Helgi Bergs, Jón Skaftason; á C-lista Hannibal Valdimarsson. — A-listi hlaut 32 atkv., B-listi 19 atkv., C-listi 9 atkv. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru:

Ólafur Björnsson alþm.,
Helgi Bergs alþm.,
Jónas G. Rafnar alþm.,
Jón Skaftason alþm.,
Birgir Finnsson alþm.

3. Yfirskoðunarmenn ríkisreikninga.

Á 22. fundi í Sþ., 15. des., var tekin á dagskrá

kosning þriggja yfirskoðunarmanna ríkisreikninganna 1965, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 43. gr. stjórnarskrárinnar.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 23. fundi í Sþ., 16. des., var kosningin tekin til meðferðar.

Fram komu tveir listar, sem á voru jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Sigurður Ó. Ólafsson alþm. (A),
Halldór E. Sigurðsson alþm. (B),
Haraldur Pétursson safnhúsvörður (A).

4. Stjórn fiskimálasjóðs.

Á 22. fundi í Sþ., 15. des., var tekin á dagskrá

kosning stjórnar fiskimálasjóðs, fimm manna og jafnmargra varamanna, allra til þriggja ára, frá 1. jan. 1966 til 31. des. 1968, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 1. gr. l. nr. 89 1947.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 23. fundi í Sþ., 16. des., var kosningin tekin til meðferðar.

Við kosningu aðalmanna komu fram þrír listar. Á A-lista voru Sverrir Júlíusson, Davíð Ólafsson, Jón Axel Pétursson; á B-lista Sigurvin Einarsson, Jón Sigurðsson skipstjóri; á C-lista Björn Jónsson. — A-listi hlaut 31 atkv., B-listi 19 atkv., C-listi 10 atkv. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru:

Sverrir Júlíusson alþm.,
Sigurvin Einarsson alþm.,
Davíð Ólafsson alþm.,
Jón Axel Pétursson bankastjóri,
Björn Jónsson alþm.

Við kosningu varamanna komu fram þrír listar. Á A-lista voru Sigurður Egilsson, Már Elísson, Sigfús Bjarnason; á B-lista Jón Sigurðsson, Þráinn Valdimarsson; á C-lista Konráð Gíslason. — A-listi hlaut 31 atkv., B-listi 19 atkv., C-listi 10 atkv. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru:

Sigurður Egilsson framkvæmdastjóri,
Jón Sigurðsson skipstjóri,
Már Elísson skrifstofustjóri,
Sigfús Bjarnason framkvæmdastjóri,
Konráð Gíslason kompásasmiður.

5. Verðlaunanefnd Gjafar Jóns Sigurðssonar.

Á 22. fundi í Sþ., 15. des., var tekin á dagskrá

kosning verðlaunanefndar Gjafar Jóns Sigurðssonar til tveggja ára, frá 1. jan. 1966 til 31. des. 1967.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 23. fundi í Sþ., 16. des., var kosningin tekin til meðferðar.

Fram komu tveir listar, sem á voru samtals jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Sigurður Jónsson framkvæmdastjóri (A),
Þórður Eyjólfsson hæstaréttardómari (B),
Magnús Már Lárusson prófessor (A).

6. Raforkuráð.

Á 22. fundi í Sþ., 15. des., var tekin á dagskrá

kosning fimm manna í raforkuráð til fjögurra ára, frá 1. jan. 1966 til 31. des. 1969, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 50. gr. raforkul. nr. 12 2. apríl 1956.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 23. fundi í Sþ., 16. des., var kosningin tekin til meðferðar.

Fram komu þrír listar. Á A-lista voru Ingólfur Jónsson, Magnús Jónsson, Bragi Sigurjónsson; á B-lista Daníel Ágústínusson, Skúli Guðmundsson; á C-lista Einar Olgeirsson. — A-listi hlaut 31 atkv., B-listi 19 atkv., C-listi 10 atkv. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru:

Ingólfur Jónsson ráðherra,
Daníel Ágústínusson fyrrv. bæjarstjóri,
Magnús Jónsson ráðherra,
Bragi Sigurjónsson útibússtjóri,
Einar Olgeirsson alþm.

7. Stjórn og endurskoðendur landshafnar í Keflavíkurkaupstað.

Á 22. fundi í Sþ., 15. des., var tekin á dagskrá

kosning þriggja manna í stjórn landshafnar í Keflavíkurkaupstað og tveggja endurskoðenda reikninga hafnarinnar, allra til fjögurra ára, frá 1. jan. 1966 til 31. des. 1969, samkv. 1. gr. l. nr. 42 1962 og 13. gr. l. nr. 23 14. maí 1951.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 23. fundi í Sþ., 16. des., var kosningin tekin til meðferðar.

Við kosningu landshafnarstjórnar komu fram tveir listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Alfreð Gíslason bæjarfógeti (A),
Páll Jónsson, Keflavík (B),
Ólafur Björnsson skipstjóri (A).

Við kosningu endurskoðenda komu fram tveir listar með einu nafni á hvorum. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Guðmundur Guðmundsson sparisjóðsstjóri (A),
Valtýr Guðjónsson forstjóri (B).

8. Úthlutunarnefnd listamannalauna.

Á 22. fundi í Sþ., 15. des., var tekin á dagskrá

kosning sjö manna nefndar samkv. 14. gr. B. XXVI í fjárlögum fyrir árið 1966, að viðhafðri hlutfallskosningu, til þess að skipta fjárveitingu til skálda, rithöfunda og listamanna.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 23. fundi í Sþ., 16. des., var kosningin tekin til meðferðar.

Fram komu þrír listar, sem á voru jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Sigurður Bjarnason ritstjóri (A),
Halldór Kristjánsson bóndi (B),
Bjartmar Guðmundsson alþm. (A),
Þórir Kr. Þórðarson prófessor (A),
Andrés Kristjánsson ritstjóri (B),
Einar Laxness kennari (C),
Helgi Sæmundsson formaður menntamálaráðs (A).

9. Gæzlustjóri Söfnunarsjóðs.

Á 61. fundi í Ed., 5. apríl, var tekin til meðferðar

kosning gæzlustjóra Söfnunarsjóðs Íslands til fjögurra ára, frá 1. jan. 1966 að telja til 31. des. 1969, samkv. l. nr. 2 1888.

Þar sem aðeins einn maður var tilnefndur, lýsti forseti yfir, að kjörinn væri án atkvgr.:

Garðar Jónsson verkstjóri.

10. Álbræðslunefnd.

Á 61. fundi í Ed., 5. apríl, var tekin til meðferðar

kosning sjö manna nefndar til að fjalla um frv. til l. um lagagildi samnings milli ríkisstj. Íslands og Swiss Aluminium Ltd., um álbræðslu í Straumsvík.

Forseti (SÓÓ): Fram er komin í Nd. till. um, að sérstök n. verði kosin þar til að fjalla um frv. til l. um lagagildi samnings milli ríkisstj. Íslands og Swiss Aluminium Ltd., um álbræðslu við Straumsvík. Samkomulag er um það milli þingflokka, að jafnstór n., kosin í Ed., myndi samvinnunefnd um málið með neðrideildarnefndinni. Þar sem gert er ráð fyrir, að málinu verði í dag vísað til nefndar í Nd., er lagt til, að deildin kjósi nú þegar jafnstóra n. samkv. 9. málsgr. 16. gr. þingskapa.

Ef enginn mælir því í gegn, skoðast það samþykkt. Ég vil því biðja um lista.

Fram komu þrír listar með jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kosnir væru án atkvgr.:

Ólafur Björnsson (A),
Ólafur Jóhannesson (B),
Sveinn Guðmundsson (A),
Þorv. Garðar Kristjánsson (A),
Helgi Bergs (B),
Björn Jónsson (C),
Jón Þorsteinsson (A).

11. Húsnæðismálastjórn.

Á 37. fundi í Sþ., 18. apríl, var tekin á dagskrá

kosning fimm manna og jafnmargra varamanna í húsnæðismálastjórn, allra til fjögurra ára, frá 4. apríl 1966 að telja til jafnlengdar 1970, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 1. gr. l. nr. 19 10. maí 1965 um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 38. fundi í Sþ., 20. apríl, var kosningin tekin til meðferðar.

Við kosningu aðalmanna komu fram þrír listar. Á A-lista voru Ragnar Lárusson, Þorv. Garðar Kristjánsson, Óskar Hallgrímsson; á B-lista Hannes Pálsson, Þráinn Valdimarsson; á C-lista Guðmundur Vigfússon. — A-listi hlaut 30 atkv., B-listi 19 atkv., C-listi 10 atkv. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru:

Ragnar Lárusson forstjóri,
Hannes Pálsson fulltrúi,
Þorv. Garðar Kristjánsson alþm.,
Óskar Hallgrímsson rafvirki,
Guðmundur Vigfússon borgarfulltrúi.

Við kosningu varamanna komu fram þrír listar, sem á voru jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Árni Grétar Finnsson lögfræðingur (A),
Þráinn Valdimarsson erindreki (B),
Gunnar Helgason framkvæmdastjóri (A),
Sigurður Guðmundsson skrifstofustjóri (A),
Sigurður Sigmundsson fulltrúi (C).

12. Þjóðhátíðarnefnd.

Á 46. fundi í Sþ., 4. maí, var tekin á dagskrá

kosning sjö manna nefndar til að íhuga og gera tillögur um, með hverjum hætti minnast skuli 1100 ára afmælis byggðar á Íslandi samkv. þál. frá 22. des. 1965.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 47. fundi í Sþ., 5. maí, var kosningin tekin til meðferðar.

Fram komu þrír listar, sem á voru jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:
Matthías Johannessen ritstjóri (A),
Guðlaugur Rósinkranz þjóðleikhússtjóri (B),
Gísli Jónsson menntaskólakennari (A),
Höskuldur Ólafsson bankastjóri (A),
Indriði G. Þorsteinsson rithöfundur (B),
Gils Guðmundsson alþm. (C),
Gunnar Eyjólfsson leikari (A).

13. Nefnd til að athuga lækkun kosningaaldurs.

Á 46. fundi í Sþ., 4. maí, var tekin á dagskrá
kosning sjö manna nefndar til að athuga lækkun kosningaaldurs og endurskoða aldurstakmarkanir laga á réttindum unga fólksins samkv. þáltill. frá 22. apríl 1966, um lækkun kosningaaldurs.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 47. fundi í Sþ., 5. maí, var kosningin tekin til meðferðar.

Fram komu þrír listar með jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:
Hákon Guðmundsson yfirborgardómari (A),
Björn Fr. Björnsson alþm. (B),
Ragnhildur Helgadóttir lögfræðingur (A),
Óli Þ. Guðbjartsson kennari (A),
Örlygur Hálfdánarson skrifstofumaður (B),
Ragnar Arnalds alþm. (C),
Björn Friðfinnsson lögfræðingur (A).

14. Útvarpsráð.

Á 46. fundi í Sþ., 4. maí, var tekin á dagskrá
kosning sjö manna og jafnmargra varamanna í útvarpsráð fyrir tímabilið frá gildistöku nýafgreiddra laga frá 18. apríl 1966 um útvarpsrekstur ríkisins til fyrsta þings eftir næstu alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 1. gr. og ákvæði til bráðabirgða í nefndum lögum.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 47. fundi í Sþ., 5. maí, var kosningin tekin til meðferðar.

Við kosningu aðalmanna komu fram þrír listar, sem á voru samtals jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:
Sigurður Bjarnason alþm. (A),
Þórarinn Þórarinsson alþm. (B),
Þorv. Garðar Kristjánsson alþm. (A),
Kristján Gunnarsson skólastjóri (A),
Þorsteinn Hannesson söngvari (B),
Björn Th. Björnsson listfræðingur (C),
Benedikt Gröndal alþm. (A).

Við kosningu varamanna komu einnig fram þrír listar með sjö nöfnum samtals. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:
Gunnar G. Schram ritstjóri (A),
Rannveig Þorsteinsdóttir lögfræðingur (B),
Valdimar Kristinsson viðskiptafræðingur (A),
Ragnar Kjartansson framkvæmdastjóri (A),
Jónas Jónasson þulur (B),
Magnús T. Ólafsson fulltrúi (C),
Stefán Júlíusson rithöfundur (A).

15. Stjórn Framkvæmdasjóðs.

Á 46. fundi í Sþ., 4. maí, var tekin á dagskrá
kosning sjö manna stjórnar Framkvæmdasjóðs og jafnmargra til vara, að viðhafðri hlutfallskosningu, frá gildistöku nýafgreiddra laga frá 2. maí 1966 til ársloka 1968, samkv. 6. gr. og ákvæði til bráðabirgða í nefndum lögum um Framkvæmdasjóð Íslands, Efnahagsstofnun og Hagráð.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 47. fundi í Sþ., 5. maí, var kosningin tekin til meðferðar.

Við kosningu aðalmanna komu fram þrír listar, sem á voru jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:
Jóhann Hafstein ráðherra (A),
Eysteinn Jónsson alþm. (B),
Davíð Ólafsson alþm. (A),
Jón G. Sólnes bankastjóri (A),
Tómas Árnason lögfræðingur (B),
Lúðvík Jósefsson alþm. (C),
Gylfi Þ. Gíslason ráðherra (A).

Við kosningu varamanna komu einnig fram þrír listar með jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:
Gunnlaugur Pétursson borgarritari (A),
Eiríkur Þorsteinsson framkvæmdastjóri (B),
Guðmundur H. Garðarsson viðskiptafr. (A),
Sigfús J. Johnsen forstjóri (A),
Jón A. Ólafsson dómarafulltrúi (B),
Ingi R. Helgason lögfræðingur (C),
Eggert G. Þorsteinsson ráðherra (A).

16. Stjórn Atvinnujöfnunarsjóðs.

Á 46. fundi í Sþ., 4. maí, var tekin á dagskrá
kosning sjö manna stjórnar Atvinnujöfnunarsjóðs og jafnmargra varamanna til fjögurra ára, frá gildistöku nýafgreiddra laga frá 29. apríl 1966 til jafnlengdar 1970, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 4. gr. nefndra laga um Atvinnujöfnunarsjóð.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 47. fundi í Sþ., 5. maí, var kosningin tekin til meðferðar.

Við kosningu aðalmanna komu fram þrír listar, sem á voru samtals jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:
Magnús Jónsson ráðherra (A),
Halldór E. Sigurðsson alþm. (B),
Sigurður Bjarnason alþm. (A),
Jónas Pétursson alþm. (A),
Ingvar Gíslason alþm. (B),
Björn Jónsson alþm. (C),
Emil Jónsson ráðherra (A).

Við kosningu varamanna komu einnig fram þrír listar með samtals sjö nöfnum. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:
Jón Árnason alþm. (A),

Þráinn Valdimarsson erindreki (B),
Gunnar Gíslason alþm. (A),
Sverrir Hermannsson viðskiptafræðingur (A),
Örlygur Hálfdánarson skrifstofumaður (B),
Hannibal Valdimarsson alþm. (C),
Birgir Finnsson alþm. (A).

17. Milliþinganefnd til að endurskoða lög um þingsköp Alþingis.

Á 46. fundi í Sþ., 4. maí, var tekin á dagskrá

kosning sjö manna milliþinganefndar til að endurskoða gildandi lög um þingsköp Alþingis samkv. þál. frá 29. apríl 1966.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 47. fundi í Sþ., 5. maí, var kosningin tekin til meðferðar.

Fram komu þrír listar, sem á voru samtals jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Sigurður Bjarnason alþm. (A),
Þórarinn Þórarinsson alþm. (B),
Sigurður Ó. Ólafsson alþm. (A),
Jónas G. Rafnar alþm. (A),
Jón Skaftason alþm. (B),
Lúðvík Jósefsson alþm. (C),
Benedikt Gröndal alþm. (A).

18. Stjórn landshafnar í Þorlákshöfn.

Á sama fundi var tekin til meðferðar

kosning sjö manna og jafnmargra varamanna í stjórn landshafnar í Þorlákshöfn, til fjögurra ára frá gildistöku nýafgreiddra laga til jafnlengdar 1970, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 4. gr. nefndra laga um landshöfn í Þorlákshöfn.

Við kosningu aðalmanna komu fram þrír listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Grímur Jósafatsson kaupfélagsstjóri (A),
Matthías Ingibergsson lyfsali (B),
Friðrik Friðriksson skipstjóri (A),
Gunnar Sigurðsson bóndi (A),
Ólafur Ólafsson kaupfélagsstjóri (B),
Rögnvaldur Guðjónsson verkstjóri (C),
Magnús Bjarnason verkstjóri (A).

Við kosningu varamanna komu einnig fram þrír listar með samtals sjö nöfnum. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Jón Þorgilsson fulltrúi (A),
Hjörtur Jóhannsson kennari (B),
Karl Karlsson skipstjóri (A),
Gísli Bjarnason umboðsmaður (A),
Ketill Kristjánsson verkamaður (B),
Hjalti Þorvarðarson rafveitustjóri (C),
Gunnar Markússon skólastjóri (A).

XII. Starfsmenn þingsins.

Þessir voru ráðnir til starfa á þinginu af forsetum öllum í sameiningu:

Skrifstofan og prófarkalestur:

Ása Kristjánsdóttir, Jónas Kristjánsson, Sigurður H. Friðjónsson.

Skjalavarzla og afgreiðsla:

Sigtryggur Jónsson.

Lestrarsalsgæzla:

Halldóra B. Björnsson, Ingunn Jónsdóttir, Svanbjörg Einarsdóttir, Sesselja Sigurðardóttir (frá 1. marz).

Vélræn upptaka á þingræðum:

Starfsmenn frá Radio- og raftækjastofunni, Óðinsgötu 2.

Ræðuritun:

Fastavinna um þingtímann: Jón Ólafsson, Ásgeir B. Friðjónsson, Halldóra Jónsdóttir.

Tímavinna: Guðrún Thorarensen, Þórlaug R. Jónsdóttir, Bryndís Jónsdóttir, Ingigerður Eggertsdóttir.

Dyra- og pallavarzla:

Jakob Jónsson (yfirvörður), Ólafur Þorvaldsson, Einar Eymann, Albert Guðmannsson, Guðjón Sigurjónsson, Jón Sumarliðason, Stefán Ólafsson, Baldur Guðmundsson, Markús Jónsson, Bjarni Einarsson, Jens Eyjólfsson, Ármann Kr. Eyjólfsson, Guðbrandur Benediktsson.

Þingsveinastörf:

Gestur Guðmundsson, Þorvaldur Jónsson (til 31. jan.), Ólafur Arnalds (til 31. marz), Guðmundur Kr. Jóhannsson, Páll Baldvinsson (til 1. febr.), Sigurbjörn Björnsson (til 1. febr.), Grétar Guðmundsson (til 31. jan.), Ólafur B. Guðnason (til 31. des.), Jón Guðmundsson (til 5. nóv.), Ingimar Bjarnason (til 5. nóv.), Einar Sveinn Árnason, Guðmundur Guðjónsson, Jakob Fenger (til 28. febr.), Björn Tryggvason (frá 10. nóv.), Sigurður Páll Rafnarsson (frá 12. nóv.), Guðmundur Ingi Haraldsson (11. febr.—31. marz), Einar Hrafnkell Haraldsson (frá 11. febr.), Loftur Ólafsson (frá 14. febr.), Jakob Gunnarsson (frá 14. febr.), Símon Kristjánsson (frá 23. febr.), Þormar Ingimarsson (23. febr.—20. apríl), Trausti Þór Guðmundsson (frá 1. apríl), Jakob Fr. Magnússon (frá 22. apríl).

Símavarzla:

Ingibjörg Pétursdóttir, Rannveig Haraldsdóttir, Jóhanna Þorsteinsdóttir, Ella Guðmundsdóttir.

Fatagæzla:

Vigdís Torfadóttir, Kristín Ingileifsdóttir, Margrét Þórðardóttir.

Þingfréttamaður í útvarpi:

Bragi Steinarsson.

XIII. Þingfrestun og setning þings að nýju.

Á 34. fundi í Ed., 17. des., mælti

forseti (SÓÓ): Þetta verður síðasti fundur þessarar hv. d. fyrir þinghlé. Ég vil nota tækifærið og þakka öllum hv. þdm. góða og ánægjulega samvinnu það, sem af er þessu þingi. Ég óska utanbæjarþm. góðrar heimferðar og ánægjulegrar heimkomu, öllum ykkur og fjölskyldum ykkar óska ég gleðilegra jóla og farsæls nýs árs. Þessar óskir mínar vil ég einnig flytja öllu starfsfólki Alþ. Megum við svo öll heil hittast að þinghléi loknu.

Karl Kristjánsson: Ég veit, að ég mæli fyrir hönd allra hv. þdm., þegar ég þakka hæstv. forseta fyrir hans hlýju jóla- og nýársóskir, og um leið vil ég líka óska honum gleðilegra jóla og farsæls nýs árs og tjá honum þakkir okkar fyrir góða forsetastjórn. Ég tek einnig undir óskir hans og þakkir til starfsfólks þingsins. Hittumst svo öll heil að þinghléi loknu á nýju, farsælu ári.

Má ég biðja ykkur, hv. þdm., að rísa úr sætum og taka með því undir orð mín. — [Dm. risu úr sætum.]

Forseti (SÓÓ): Ég þakka hv. 1. þm. Norðurl. e. fyrir hans hlýju orð og góðu óskir í minn garð og einnig vil ég þakka hv. þdm. fyrir að taka undir óskir hans og hlýju orð.

Ég vil svo endurtaka óskir mínar til ykkar allra um gleðileg jól og farsælt nýtt ár.

Á 37. fundi í Nd., s. d., mælti

forseti (SB): Þar sem þetta verður væntanlega síðasti fundur hv. þd., áður en þinghlé verður gert, leyfi ég mér að óska öllum hv. þdm. og fjölskyldum þeirra gleðilegra jóla og nýárs. Jafnframt þakka ég hv. þdm. ánægjulega samvinnu við mig sem forseta á þessu ári. Að lokum óska ég utanbæjarþingmönnum góðrar heimferðar og heimkomu og læt í ljós þá von, að vér megum allir heilir hittast á nýju ári.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Ég vil fyrir hönd okkar þdm. þakka hæstv. forseta fyrir hlý orð og góðar óskir í okkar garð. Ég þakka honum fyrir gott samstarf við okkur þm. og góða fundarstjórn. Ég vil jafnframt óska honum og fjölskyldu hans gleðilegrar jólahátíðar og góðs komandi árs. Ég bið hv. þdm. að taka undir óskir mínar til forseta með því að rísa úr sætum. — [Dm. risu úr sætum.]

Forseti (SB): Ég þakka hv. 5. þm. Austf. fyrir hlýleg orð í minn garð og minnar fjölskyldu og öllum hv. þdm. fyrir að hafa tekið undir þau. Endurtek svo árnaðaróskir mínar til hv. þm. og segi fundinum slitið.

Á 24. fundi í Sþ., 17. des., mælti

forseti (BF): Það er nú komið að því, að störfum Alþingis verði frestað um sinn vegna jólahátíðarinnar og áramótanna. Ég óska öllum hv. þm. og fjölskyldum þeirra gleðilegra jóla og velfarnaðar á nýja árinu. Ég þakka þeim öllum samveruna og góða samvinnu á árinu, sem er senn á enda. Utanbæjarþingmönnum óska ég góðrar heimferðar og heimkomu, og ég óska þess, að við megum öll hittast hér heil, þegar þing verður kvatt saman á ný. Skrifstofustjóra og öðru starfsfólki Alþingis vil ég einnig óska gleðilegra jóla og farsæls nýárs og þakka þeim fyrir vel unnin störf og ánægjulega samvinnu.

Eysteinn Jónsson: Ég vil fyrir hönd okkar alþm. þakka hæstv. forseta árnaðaróskir hans í okkar garð. Ég óska honum gleðilegra jóla og hans fjölskyldu og góðrar heimferðar í jólahléinu, og ég óska honum innilega gleðilegs nýs árs og þakka honum fyrir hönd okkar allra fyrir gamla árið og fyrir ágæta samvinnu á fundum sameinaðs Alþingis og við þinghaldið yfir höfuð. Ég bið menn að taka undir þessar óskir með því að rísa úr sætum. — [Þm. risu úr sætum.]

Forseti (BF): Ég þakka hv. 1. þm. Austf. fyrir vingjarnleg orð og hlýjar óskir í minn garð og minnar fjölskyldu, og hv. þm. öllum þakka ég fyrir þeirra undirtektir.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Forseti Íslands hefur gefið út svo hljóðandi bréf:

„Forseti Íslands gjörir kunnugt:

Að ég, að tilskildu samþykki Alþingis, veiti forsrh. umboð til þess að fresta um sinn fundum Alþingis, 86. löggjafarþings, frá 18. des. 1965 eða síðar, ef henta þykir, enda verði þingið kvatt til funda á ný ekki síðar en 7. febrúar 1966.

Gjört í Reykjavík, 15. des. 1965.

Ásgeir Ásgeirsson.

Bjarni Benediktsson.

Forsetabréf um frestun á fundum Alþingis."

Samkv. þessu umboði og með tilvísun til samþykktar Alþingis lýsi ég hér með yfir því, að fundum þessa Alþingis er frestað frá hinum 18. des., enda verði þing kvatt til fundar á ný eigi síðar en hinn 7. febr. 1966.

Leyfi ég mér að árna hv. alþm. og starfsmönnum þingsins og landslýð öllum gleðilegra jóla og farsæls nýárs.

Forseti (BF): Ég leyfi mér fyrir hönd þingheims að þakka hæstv. forsrh. jólaóskir hans til þm. — Það liggur ekki fleira fyrir þessum fundi. Fundi er slitið.

Á 25. fundi í Sþ., 7. febr. mælti

forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Hinn 22. janúar 1966 var gefið út svo hljóðandi forsetabréf:

„Forseti Íslands gjörir kunnugt:

Ég hef ákveðið, samkv. till. forsrh., að Alþingi, 86. löggjafarþing, skuli koma saman til framhaldsfundar mánudaginn 7. febrúar 1966, kl. 14.

Gjört í Reykjavík, 22. janúar 1966.

Ásgeir Ásgeirsson.

Bjarni Benediktsson.

Forsetabréf um, að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfundar."

Samkv. þessu hefjast nú framhaldsfundir Alþingis. Ég leyfi mér að óska hæstv. forseta og hv. alþm. og starfsfólki Alþingis gleðilegs árs og þakka þeim fyrir liðna árið, um leið og ég býð þá velkomna til þingstarfa

á ný og læt í ljós þá ósk og von, að störf okkar megi verða landi og lýð til blessunar.

Forseti (BF): Samkv. forsetabréfi því, sem hæstv. forsrh. hefur nú kunngert, hefjast fundir Alþingis að nýju. Ég vil leyfa mér að þakka hæstv. forsrh. fyrir góðar óskir hans í minn garð og hv. alþm., og ég óska honum og þingheimi öllum velfarnaðar á nýbyrjuðu ári. Verður nú gengið til fundarstarfa.

XIV. Þinghlé.

Á 67. fundi í Nd., 5. apríl, mælti

forseti (SB): Þar sem þetta verður síðasti fundur hv. þd. fyrir páskahelgi, leyfi ég mér að óska öllum hv. þdm. gleðilegrar páskahátíðar. Utanbæjarþm. árna ég góðrar heimferðar og heimkomu. Að lokum vil ég láta þá ósk í ljós, að hv. þdm. megi hér allir heilir hittast að loknu páskafríi.

Lúðvík Jósefsson: Ég vil fyrir hönd okkar þdm. þakka hæstv. forseta fyrir hlý orð og góðar óskir í okkar garð, um leið og ég þakka honum samstarfið við okkur. Þá flyt ég honum óskir okkar um gleðilega páskahátíð honum til handa og hans fjölskyldu. Ég bið hv. þm. að taka undir óskir mínar til hæstv. forseta með því að risa úr sætum. — [Dm. risu úr sætum.]

Forseti (SB): Ég þakka hv. 5. þm. Austf. fyrir vinsamleg orð í minn garð og hv. þdm. fyrir að hafa tekið undir þau og segi fundinum slitið.

XV. Starfslok deilda.

a. Í efri deild.

Á 84. fundi í Ed., 4. maí, mælti

forseti (SÓÓ): Nú þegar fundum deildarinnar lýkur, vil ég nota tækifærið til að þakka ykkur, hv. þdm., öllum fyrir samveruna á þessu þingi, sem nú er að ljúka, samveruna og ánægjulega samvinnu. Ég vil þakka skrifurum deildarinnar fyrir stundvísi og ágætt starf. Þá þakka ég varaforsetum fyrir þá aðstoð, sem þeir hafa veitt mér sem forseta. Skrifstofustjóra Alþingis færi ég beztu þakkir fyrir ágæta samvinnu og einnig fulltrúum hans og öðru starfsliði Alþingis. Nú þegar leiðir skiljast, óska ég öllum utanbæjarþingmönnum góðrar heimferðar og ánægjulegrar heimkomu, ykkur öllum og fjölskyldum ykkar óska ég gleðilegs og ánægjuríks sumars og óska að síðustu, að við megum öll hittast heil á komandi hausti, þegar þing hefst að nýju.

Karl Kristjánsson: Sem elzti maður í þessari hv. d. kvaddi ég mér hljóðs til þess að þakka hæstv. forseta fyrir hönd deildarinnar fyrir hans hlýju óskir og vinsamlegu kveðjur. Um leið vil ég taka undir þakklæti hans og óskir til skrifstofustjóra Alþingis og starfsfólksins hér á Alþingi, sem með honum vinnur. Ég vil tjá hæstv. forseta beztu þakkir fyrir samvinnu á þessu þingi, sem hefur af hans hálfu, eins og jafnan áður, einkennzt af lipurmennsku og sanngirni. Ég óska honum og fjölskyldu hans gleðilegs sumars og allra heilla. Njótum svo vel þessa sumars og hittumst heil til starfa á næsta þingi. Ég bið ykkur, hv. þdm., að rísa úr sætum og taka með því undir þessi orð mín. — [Dm. risu úr sætum.]

Forseti (SÓÓ): Ég vil þakka hv. 1. þm. Norðurl. e. fyrir hans hlýju orð í minn garð og minnar fjölskyldu og ég vil einnig þakka hv. þdm. fyrir að taka undir þær hlýju óskir hans og góðu orð. Ég vil endurtaka óskir mínar til ykkar allra um gleðilegt sumar og að við megum öll hittast heil að hausti, þegar þing hefst að nýju. — Fundinum er slitið.

b. Í neðri deild.

Á 89. fundi í Nd., 4. maí, mælti

forseti (SB): Þar sem þetta verður væntanlega síðasti fundur hv. þd. að þessu sinni, leyfi ég mér að þakka öllum hv. þdm. góða og ánægjulega samvinnu og umburðarlyndi við mig sem forseta á liðnum vetri. Sérstaklega þakka ég hv. þdm. samvinnulipurð þeirra og þolgæði síðustu vikur, sem hafa verið óvenjulegir annatímar, er lagt hafa mikla vinnu á hv. þdm. Jafnframt leyfi ég mér að óska hv. þdm. og fjölskyldum þeirra alls velfarnaðar. Utanbæjarþm. óska ég góðrar heimferðar og heimkomu. Að lokum vil ég láta þá ósk í ljós, að vér megum allir heilir hittast á nýju þingi.

Lúðvík Jósefsson: Ég vil þakka hæstv. forseta fyrir vinsamleg orð og góðar óskir í garð okkar þdm. Ég vil þakka honum samstarfið við okkur í vetur og góða og röggsamlega fundarstjórn. Ég vil óska honum og fjölskyldu hans gleðilegs sumars og bið hv. alþm. að taka undir óskir mínar til hæstv. forseta með því að rísa úr sætum. — [Dm. risu úr sætum.]

Forseti (SB): Ég þakka hv. 5. þm. Austf. fyrir hlýleg orð í minn garð og öllum hv. þdm. fyrir að hafa tekið undir þau, endurtek svo árnaðaróskir mínar til hv. þdm. og segi fundinum slitið.

XVI. Þinglausnir.

Á 48. fundi í Sþ., 5. maí, las forseti svofellt yfirlit um störf þingsins:

Þingið hefur staðið frá 8. okt. til 17. des. 1965 og frá 7. febr. til 5. maí 1966, alls 159 daga.

Þingfundir hafa verið haldnir:

Í neðri deild	89
- efri deild	84
- sameinuðu þingi	48
Alls	221

Þingmál og úrslit þeirra:

I. Lagafrumvörp:

1. Stjórnarfrumvörp:
   a. Lögð fyrir neðri deild 29
   b. — — efri deild 35
   c. — — sameinað þing 2
   ——— 66
2. Þingmannafrumvörp:
   a. Borin fram í neðri deild 48
   b. Borin fram í efri deild 26
   ——— 74
   ——— 140

Í flokki þingmannafrumvarpa eru talin 7 frumvörp, sem nefndir fluttu að beiðni einstakra ráðherra.

Úrslit urðu þessi:

Lagafrumvörp:

a. Afgreidd sem lög:
   Stjórnarfrumvörp 60
   Þingmannafrumvörp 22
   ——— 82
b. Felld:
   Þingmannafrumvörp 3
c. Vísað til ríkisstjórnarinnar:
   Þingmannafrumvörpum 5
d. Ekki útrædd:
   Stjórnarfrumvörp 6
   Þingmannafrumvörp 44
   ——— 50
   ——— 140

II. Þingsályktunartillögur:

1. Bornar fram í sameinuðu þingi ... 46
2. Borin fram í efri deild 1
   ——— 47

Þar af:

a. Ályktanir Alþingis 11
b. Felld 1
c. Vísað til ríkisstjórnarinnar 1
d. Ekki útræddar 34
   ——— 47

III. Fyrirspurnir:

Allar bornar fram í sameinuðu þingi, 22, en sumar eru fleiri saman á þingskjali, svo að málatala þeirra er ekki nema 15

Allar voru fyrirspurnir þessar ræddar nema ein og önnur, sem var tekin aftur

Mál til meðferðar í þinginu alls 202

Tala prentaðra þingskjala 724

Síðan mælti

forseti (BF): Þetta yfirlit sýnir, að mörg mál hafa legið fyrir þessu þingi, og eru sum þeirra stórmál á okkar vísu og um deild. Kemur nú að því, að á það reyni, hvernig til tekst um framkvæmd þeirra l., sem sett hafa verið, og veit ég, að þrátt fyrir skoðanamun um einstök mál, er það einlæg ósk og von allra þm., að störf þau, sem Alþ. hefur innt af hendi, megi verða þjóðinni til gagns og blessunar.

Síðustu vikur þessa þings hafa verið mjög annasamar fyrir alþm. eins og oft vill verða í þinglok, og leyfi ég mér, fyrir hönd þingforsetanna, að þakka hv. alþm. hið ágæta samstarf, sem hefur leitt til þess, að unnt er að ljúka þinginu í dag. Einnig þakka ég hæstv. ríkisstj. og öllum hv. alþm. ágætt samstarf í hvívetna á þingtímanum. Ég þakka það traust, sem mér var sýnt með því að trúa mér fyrir forsetastörfum. Einnig þakka ég þingheimi fyrir það umburðarlyndi og þá hjálpsemi, sem ég hef orðið aðnjótandi við störf mín í þessu sæti. Sérstakar þakkir færi ég varaforsetum, sem jafnan hafa fúslega veitt mér hina ágætustu aðstoð. Ég þakka skrifurum þingsins eljusemi og kostgæfni í störfum, og skrifstofustjóra og öllu starfsfólki Alþ. þakka ég fyrir mikið og gott starf og ánægjulega samvinnu. Öllum hv. þm. óska ég góðrar heimferðar og góðrar heimkomu. Einnig óska ég þeim og fjölskyldum þeirra gæfu og gengis. Skrifstofustjóra og starfsfólki Alþingis færi ég sömu óskir. Fyrir hönd Alþingis bið ég öllum Íslendingum árs og friðar.

Eysteinn Jónsson: Ég vil leyfa mér að þakka hæstv. forseta fyrir árnaðaróskir hans í garð alþm. Ég tel mig muni mæla þar fyrir munn allra hv. alþm., þegar ég þakka hæstv. forseta fyrir mjög góða samvinnu um störf sameinaðs Alþingis. Ég leyfi mér að færa hæstv. forseta heillaóskir og hans fjölskyldu og láta í ljós þá von, að við eigum eftir að sjá hann hér heilan á húfi, þegar við komum saman aftur næsta haust. Og ég bið þingheim að gera þessi orð mín að sínum með því að rísa úr sætum. — [Þm. risu úr sætum.]

Forseti (BF): Ég þakka hv. 1. þm. Austf., Eysteini Jónssyni, fyrir hlý orð og vinsamleg í minn garð og minnar fjölskyldu. Einnig þakka ég hv. alþm. undirtektir þeirra, og endurtek óskir mínar um gæfu og gengi þeim til handa og ég vona, að við hittumst hér öll heil að hausti.

Forseti Íslands (Ásgeir Ásgeirsson): Ég hef í dag gefið út svofellt forsetabréf um þinglausnir:

„Forseti Íslands gjörir kunnugt:

Alþingi, 86. löggjafarþing, hefur lokið störfum. Mun ég því slíta Alþingi í dag, fimmtudaginn 5. maí 1966.

Gjört í Reykjavík, 5. maí 1966.

Ásgeir Ásgeirsson,

Bjarni Benediktsson.

Forsetabréf um þinglausnir."

Samkv. þessu bréfi, sem ég hef nú lesið, lýsi ég yfir því, að þessu þingi, sem nú hefur lokið störfum, er slitið.

Ég óska þm. velfarnaðar, þjóðinni allra heilla og bið alþm. að minnast fósturjarðarinnar, Íslands, með því að rísa úr sætum.

Þingheimur stóð upp, og **forsrh., Bjarni Benediktsson,** mælti: „Heill forseta vorum og fósturjörð. Ísland lifi." Tóku þm. undir þau orð með ferföldu húrrahrópi.

Var síðan af þingi gengið.